




1920-2020

EF KALLINU ER EKKI SVARAÐ ÞEGAR NEYÐIN ER MEST

HVENÆR ÞÁ?

AÐGERÐIR STRAX



4 MILLJ ARÐAR

SHÍ

Stúdentaráð Háskóla Íslands

SKAMMTÍMA LAUSNIR

FAÐ PARE AÐ LEIÐRÉTTA LAGAMHVERFIÐ

ÁRSSKÝRSLA

2020-2021

VIÐHÖLDUM GÆÐI NÁMS

ÞVÍTA KRINGUR

BETT GERHEILBRIGÐIS-ÞJÓNUSTA

HÆKKUM GRUNNFRA-
MFÆRSLUNA

ATVINNULEYSISBÆTUR FYRIR STÚDENTA

RAFRENAR LAUSNIR





Stúdentaráð Háskóla Íslands

Efnisyfirlit

Ávarp forseta Stúdentaráðs.....	7
1 Stúdentaráð Háskóla Íslands 2020-2021	9
1.1 Niðurstöður kosninga 2020	9
1.2 Fulltrúar í sviðsráðum Stúdentaráðs.....	9
1.3 Fulltrúar á Háskólaþingi	11
1.4 Fulltrúar Stúdentaráðs í ráðum og nefndum	12
1.4.1 Fulltrúar í stjórn Menntasjóðs námsmanna	12
1.4.2 Fulltrúar í stjórn Félagsstofnunar stúdenta	12
1.4.3 Fulltrúar í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta	13
1.4.4 Fulltrúar í fulltrúaráði Byggingafélagi námsmanna	14
2 Fulltrúar stúdenta í háskólaráði.....	15
2.1 Fulltrúar stúdenta í nefndum háskólaráðs	15
3 Fastanefndir Stúdentaráðs.....	17
3.1 Alþjóðanefnd.....	17
3.2 Félagslífs- og menningarnefnd	17
3.3 Fjármála- og atvinnulífsnefnd	23
3.4 Fjölskyldunefnd	27
3.5 Jafnréttisnefnd.....	29
3.6 Kennslumálanefnd	31
3.7 Lagabreytinganefnd	33
3.8 Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd	34
3.9 Umhverfis- og samgöngunefnd	39
4 Stjórn Stúdentaráðs.....	42
5 Skrifstofa Stúdentaráðs	44
5.1 Ársskýrsla forseta.....	44



Stúdentaráð Háskóla Íslands

5.2	Ársskýrsla varaforseta	48
5.3	Ársskýrsla hagsmunafulltrúa	51
5.4	Ársskýrsla lánasjóðsfulltrúa	52
5.5	Ársskýrsla framkvæmdastýru	54
5.6	Ársskýrsla alþjóðafulltrúa	58
5.7	Ársskýrsla ritstjóra	67
6	Starfsemi Stúdentaráðs	70
6.1	Stefnumótun Stúdentaráðs	70
6.2	Kórónuveirufaraldurinn	77
6.2.1	Kannanir Stúdentaráðs	79
6.2.2	Fjárhagslegt öryggi stúdenta: Menntasjóður námsmanna og atvinnuleysistryggingakerfið	83
6.2.3	Sumarnám	92
6.2.4	Sumarstörf	93
6.2.5	Menntasjóður námsmanna	96
6.2.6	Skrásetningargjöld	99
6.2.7	Neyðarstjórn Háskóla Íslands	99
6.2.8	Skólahald og starfsemi Háskóla Íslands	100
6.2.9	Geðheilbrigðismál	111
6.2.10	Úrræði félagsstofnunar stúdenta	112
6.2.11	Sjóður Háskóla Íslands, Stúdentaráðs og Félagsstofnunar stúdenta	113
6.3	Menntasjóður námsmanna - nýtt námslánakerfi	114
6.4	Geðheilbrigðishópur Háskóla Íslands	119
6.5	Skrásetningargjald við Háskóla Íslands	120
6.6	Húsnæðismál	124
6.7	Samgöngu-, umhverfis og loftslagsmál	125
6.7.1	Loftslagsverkfall	125
6.7.2	Samgöngu- og bílastæðamál við HÍ	126
6.8	Happdrætti Háskóla Íslands	127



6.9 Herferð	129
6.10 Aldarafmæli Stúdentaráðs	133
6.10.1 Afmælishátíð	133
6.10.2 Heimildapáttasería	134
6.10.2 Ný heimasíða	136
7 Stúdentaráðsfundir	137
7.1 Kjölfundur Stúdentaráðs 20. apríl 2020	137
7.2 Skiptafundur Stúdentaráðs 14. maí 2020	137
7.3 Stúdentaráðsfundur 24. júní 2020	138
7.4 Stúdentaráðsfundur 27. júlí 2020	138
7.5 Stúdentaráðsfundur 24. ágúst 2020	139
7.6 Stúdentaráðsfundur 16. september 2020	139
7.7 Stúdentaráðsfundur 21. október 2020	139
7.8 Stúdentaráðsfundur 25. nóvember 2020	140
7.9 Stúdentaráðsfundur 16. desember 2020	140
7.10 Stúdentaráðsfundur 20. janúar 2021	141
7.11 Stúdentaráðsfundur 17. febrúar 2021	141
7.12 Stúdentaráðsfundur 10. mars 2021	141
7.13 Stúdentaráðsfundur 8. apríl 2021	142
7.14 Kjölfundur Stúdentaráðs 21. apríl 2021	142
7.15 Skiptafundur Stúdentaráðs 11. maí 2021	143
8 Útgefið efni Stúdentaráðs	144
8.1 Akademían 2020	144
8.2 Stúdentablaðið 2020-2021	144
8.3 Upplýsingabæklingur um kosningar til Stúdentaráðs	145
8.4 Ályktanir Stúdentaráðs	146



Stúdentaráð Háskóla Íslands

8.5 Yfirlýsingar Stúdentaráðs	158
8.6 Umsagnir Stúdentaráðs til Alþingis	165
8.7 Erindi til stjórnvalda	185
8.8 Erindi til Háskóla Íslands	209
9 Sjóðir Stúdentaráðs	220
9.1 Hrafnkelssjóður	220
9.2 Stúdentasjóður	220
10 Samstarfsaðilar Stúdentaráðs	222
10.1 Rektorsskrifstofa	222
10.2 Stjórnýsla Háskóla Íslands	223
10.3 Landssamtök íslenskra stúdenta	224
10.4 Landssamband ungmennafélaga	224
10.5 Félagsstofnun stúdenta	225
10.5 Nemenda- og hagsmunafélög innan Háskóla Íslands	225
10.6 Hugrún geðfræðslufélag	226
10.7 Fyrirtæki	227
11 Kjörstjórn og kosningar 2021	228
11.1 Skýrsla kjörstjórnar	228
VIÐAUKI A - ÁRSSKÝRSLUR SVIÐSRÁÐA	240
SVIÐSRÁÐ FÉLAGSVÍSINDASVIÐS 2020-2021	240
SVIÐSRÁÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS 2020-2021	245
SVIÐSRÁÐ HUGVÍSINDASVIÐS 2020-2021	256
SVIÐSRÁÐ MENNTAVÍSINDASVIÐS 2020-2021	260
SVIÐSRÁÐ VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS 2020-2021	263
VIÐAUKI B - TILLÖGUR SAMÞYKKTAR AF STÚDENTARÁÐI	273



VIÐAUKI C - LAGABREYTINGARTILLÖGUR.....	299
VIÐAUKI D - VERKLAGSREGLUR STÚDENTARÁÐS, STJÓRNAR OG SKRIFSTOFU.....	312
Stúdentaráð	312
Sviðsráð	313
Stjórn Stúdentaráðs	315
Skrifstofa Stúdentaráðs	318
Fastanefndir Stúdentaráðs	332
Siða- og jafnréttisreglur	334
Fundir Stúdentaráðs	337
Kjörfundur og skiptafundur	341
Stefnur Stúdentaráðs	342
Fjármál	343
Verklag vegna ráðstefna og funda erlendis	343
Breytingar á verklagsreglum	345
VIÐAUKI E - FRAMKVÆMDAÁÆTLANIR OG STEFNUR STÚDENTARÁÐS.....	346
Framkvæmdaáætlun alþjóðanefndar 2020-2021	346
Framkvæmdaáætlun félagslífs- og menningarnefndar 2020-2021	357
Framkvæmdaáætlun fjármála- og atvinnulífsnefndar 2020-2021	361
Framkvæmdaáætlun fjölskyldunefndar 2020-2021	363
Framkvæmdaáætlun jafnréttisnefndar 2020-2021	369
Framkvæmdaáætlun kennslumálanefndar 2020-2021	376
Framkvæmdaáætlun lagabreytingarnefndar 2020-2021	381
Framkvæmdaáætlun nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar 2020-2021	384
Framkvæmdaáætlun umhverfis- og samgöngunefndar 2020-2021	388

ÁVARP FORSETA STÚDENTARÁÐS



Kæru Stúdentaráðsliðar, stúdentar, samstarfsaðilar og aðrir lesendur.

Stúdentaráð á að baki hundrað ára sögu af því að tjá sig um fjölbreytt hagsmunamál stúdenta og af mikilli sannfæringu má halda því fram að ráðið hafi blómstrað í kröftugt hagsmunaafli, sem beitir sér fyrir stúdentum af mikilli seiglu innan og utan háskólasamfélagsins. Það eru einkunnarorð Stúdentaráðs sem jafnframt gefa okkur sérstöðu.

Baráttuandinn hefur ráðið ferðinni á starfsárinu 2020 - 2021 enda hefur það hvað eftir annað sýnt sig

að aðkoma stúdenta á fullan rétt á sér, einkum í málum sem þá snertir með beinum hætti. Stúdentaráð hefur verið ákveðið og málefnalegt í störfum og ekki veigrað sér frá því að tala máli stúdenta undir neinum kringumstæðum. Áherslurnar að þessu sinni hafa helst verið á þau vandamál sem kórónuveirufaraldurinn hefur haft í för með sér. Það er löngu vitað að stúdentum skortir fjárhagslegt öryggi en segja má að faraldurinn hafi uppljóstrað hversu erfiðar aðstæðurnar raunverulega eru fyrir fólk sem kys að stunda nám. Stúdentaráð missir ekki móðinn þrátt fyrir að tala fyrir daufum eyrum stjórnvalda því baráttan fyrir bættum lífskjörum stúdenta verður að halda áfram þangað til að stuðningur er sýndur í verki og staða stúdenta leiðrétt. Viðhorfið til starfskrafta framtíðarinnar verður að taka breytingum og ber að tryggja stúdentum sömu félagsleg réttindi til jafns við aðra hópa samfélagsins. Því stúdentar eiga betra skilið.

Á þessum tímamótum er hlutverk Stúdentaráðs áriðandi, en ekki síður þátttaka stúdenta sjálfra í hagsmunabaráttunni. Í tímana rás hafa stúdentar spurt sig hvort viðfangsefni Stúdentaráðs einskorðist við vegg háskólans. Svárið við því er mjög einfalt. Það gerir það að



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sjálfsögðu ekki því hagsmunabarátta stúdenta er í eðli sínu pólitísk og verður forystufólk hennar að þora að taka af skarið, framkvæma og vera róttækt. Stúdentaráð er sameiginlegur vettvangur stúdenta sem brenna fyrir málefnum, hag stúdenta og samfélagslegum breytingum í átt að réttlátara samfélagi fyrir öll. Hagsmunabaráttan krefur okkur um að sýna ábyrgð sem einstaklingar og þarf því varla að taka fram að Stúdentaráð stefni á hundruði ára til viðbótar. Með stúdenta í fremstu röð er framtíðin björt og við skulum hafa það hugfast að okkur eru allir vegir færir.

Stúdentaráð í heild sinni á mikið lof skilið fyrir þrotlausa vinnu í þágu stúdenta á ári sem var óhefðbundið og frábrugðið fyrri árum. Við tókum við á ögurstundu, í miðjum heimsfaraldi, þegar fyrsta bylgja var nýafstaðin og málsvarar stúdenta á tánnum. Margt hefur raunar áorkast og framfarir orðið á tímum sem leyfðu mjög fátt. Við höfum átt þungar og erfiðar stundir en líka ánægjulegar og erum við fyrst og fremst gríðarlega þakklát fyrir allar þær upplifanir. Reynslan og þekkingin sem við höfum öðlast á þessum tíma, bæði í námi og í hagsmunagæslunni, eru gríðarlega dýrmæt tól fyrir okkur sem bæði einstaklingar og virkir þátttakendur samfélagsins. Stúdentaráð er einnig einstaklega þakklátt stúdentahreyfingunum við hina háskóla landsins fyrir góða samvinnu og nauðsynlegan stuðning.

Það hefur verið mín mesta gæfa að starfa á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs á aldarafmæli þess. Fékk ég þann heiður að vinna með vinnusamri réttindaskrifstofu, kröftugri stjórn Stúdentaráðs og verðugum fulltrúum stúdenta sem sitja í Stúdentaráði, sviðsráðum og nefndum. Af einlægni þakka ég fyrir mikla baráttugleði og faglegheit allra þeirra sem komu að starfinu síðastliðið ár. Þetta var teymisvinna sem er engri annarri lík.

Isabel Alejandra Díaz

*Isabel Alejandra Díaz
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2020 - 2021*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

1 STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS 2020-2021

1.1 NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA 2020

Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2020-2021 fóru fram rafrænt á Uglu, innri vef Háskóla Íslands, 25. og 26. mars 2020. Á kjörskrá voru alls 13.595 stúdentar og var heildarkjörsókn 28,23% sem gera 3.838 einstaklinga sem nýttu kosningarétt sinn.

- Á Félagsvísindasviði kusu 1.148 af 3.763 á kjörskrá, eða 30,51%
- Á Heilbrigðisvísindasviði kusu 883 af 2.774 á kjörskrá, eða 31,83%
- Á Hugvísindasviði kusu 594 af 2.175 á kjörskrá, eða 27,31%
- Á Menntavísindasviði kusu 462 af 2.518 á kjörskrá eða 18,35%
- Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði kusu 751 af 2.028 á kjörskrá eða 37,03%

Röskva samtök félagshyggjufólks fékk alls 13 fulltrúa kjörna en Vaka hagsmunafélag stúdenta fékk 4 fulltrúa kjörna.

1.2 FULLTRÚAR Í SVIÐSRÁÐUM STÚDENTARÁÐS

Sviðsráð Stúdentaráðs eru fimm talsins og í hverju ráði sitja fjórir fulltrúar sem Stúdentaráð tilnefnir og kýs á kjörfundi í hlutfalli við kosninganiðurstöður, auk forseta sviðsráðs sem er kjörinn af Stúdentaráðsliðum innan hvers sviðs.

Sviðsráðin vinna sjálfstætt innan sinna fræðaviða og er meginhlutverk þeirra að gæta hagsmuna stúdenta á viðkomandi sviði. Forseti sérhvers sviðsráðs situr í stjórn fræðasviðsins fyrir hönd stúdenta ásamt deildarforsetum og fræðasviðsforseta. Forsetar sviðsráða sitja einnig í stjórn Stúdentaráðs ásamt forseta og varaforseta ráðsins.

Ársskýrslur sviðsráðana 2020-2021 eru að finna í viðauka A.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Sviðsráð Félagsvísindasviðs

- Arnaldur Starri Stefánsson, forseti (Röskva)
- Lenya Rún Taha Karim (Vaka)
- Hólmfríður M. Böðvarsdóttir Howard (Vaka)
- Una Magnea Stefánsdóttir (Röskva)
- Sigurhjörtur Pálmason (Röskva)

Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs

- Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, forseti (Röskva)
- Salóme Sirapat Friðriksdóttir (Röskva)
- Þórhildur Hlín Oddgeirsdóttir (Röskva)
- Jökull Sindri Gunnarsson Breiðfjörð (Röskva)
- Ingi Pétursson (Vaka)

Sviðsráð Hugvísindasviðs

- Katla Ársælsdóttir, forseti (Röskva)
- Ingibjörg Iða Auðunardóttir (Röskva)
- Erlingur Sigvaldason (Röskva)
- Jórunn Rögnvaldsdóttir (Röskva)
- Gunndís Eva Baldursdóttir (Vaka)

Sviðsráð Menntavísindasviðs

- Magdalena Katrín Sveinsdóttir, forseti (Röskva)
- Gabríela Sól Magnúsdóttir (Röskva)
- Regína Ösp Guðmundsdóttir (Röskva)

◆ Regína sagði af sér á vormisseri 2021 og Eva Baldursdóttir tók við frá Röskvu

- Gréta Sóley Arngrímsdóttir (Röskva)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

→ Sóley Arna Friðriksdóttir (Vaka)

Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

→ Herdís Hanna Yngvadóttir, forseti (Röskva)

→ Mars M. Proppé (Röskva)

→ Alec Elías Sigurðarson (Röskva)

→ Haukur Friðriksson (Röskva)

→ Kristín Helga Jónsdóttir (Vaka)

1.3 FULLTRÚAR Á HÁSKÓLAÞINGI

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs skipar ráðið tíu fulltrúa á Háskólaþingi. Á kjörfundi skipar Stúdentaráð sjö aðalfulltrúa úr hópi Stúdentaráðsliða og fjóra varafulltrúa í hlutfalli við kosninganiðurstöður. Þá eru þrjú fulltrúar skipaðir af skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks. Fulltrúar stúdenta 2020-2021 eru sem hér segir:

Aðalfulltrúar stúdenta á Háskólaþingi

→ Isabel Alejandra Díaz (skrifstofa)

→ Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir (skrifstofa)

→ Sara Þöll Finnbogadóttir (skrifstofa)

→ Lenya Rún Taha Karim (Vaka)

→ Hólmfríður M. Böðvarsdóttir Howard (Vaka)

→ Arnaldur Starri Stefánsson (Röskva)

→ Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir (Röskva)

→ Katla Ársælsdóttir (Röskva)

→ Magdalena Katrín Sveinsdóttir (Röskva)

→ Herdís Hanna Yngvadóttir (Röskva)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Varafulltrúar stúdenta á Háskólaþingi

- Sóley Arna Friðriksdóttir (Vaka)
- Ingibjörg Iða Auðunardóttir (Röskva)
- Salóme Sirapat Friðriksdóttir (Röskva)
- Vífill Harðarson (Röskva)

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði sátu einnig Háskólaþing.

1.4 FULLTRÚAR STÚDENTARÁÐS Í RÁÐUM OG NEFNDUM

1.4.1 FULLTRÚAR Í STJÓRN MENNTASJÓÐS NÁMSMANNA

Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs sem kjörinn er á kjörfundi situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs. Hann tekur við af fyrri fulltrúa þegar samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Varafulltrúi Stúdentaráðs í stjórn Menntasjóðsins er skipaður úr hópi starfsfólks og skal ekki vera af sama kyni með tilliti til jafnréttissjónarmiða og lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Fulltrúar Stúdentaráðs í stjórn Menntasjóðs námsmanna 2020-2021

- Sara Þöll Finnbogadóttir, aðalfulltrúi og lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs
- Mikael Berg Steingrímsson, varafulltrúi

1.4.2 FULLTRÚAR Í STJÓRN FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs eru fulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta kjörnir sérstaklega og gert er svo á Stúdentaráðsfundi þegar skipunartímabilið fer að líða undir lok. Samkvæmt reglugerð fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands er stjórnin skipuð fimm einstaklingum til tveggja ára; Menntamálaráðuneytið skipar einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa, háskólaráð kys einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa ásamt því að Stúdentaráð



Stúdentaráð Háskóla Íslands

kýs þrjá aðalfulltrúa og þrjá varafulltrúa. Stúdentaráð skipaði síðast í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta vorið 2019 til tveggja ára.

Aðalfulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta 2019-2021

- Elísabet Brynjarsdóttir
- Brynhildur Bolladóttir
- Pétur Marteinn Urbancic

Varafulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta 2019-2021

- Jónas Már Torfason fyrir Elísabetu Brynjarsdóttur
- Linda Karlsdóttir fyrir Brynhildi Bolladóttur
- Auður Tinna Aðalbjarnardóttir fyrir Pétur Martein Urbancic

1.4.3 FULLTRÚAR Í FULLTRÚARÁÐI LANDSSAMTAKA ÍSLENSKRA STÚDENTA

Samkvæmt lögum Landssamtaka íslenskra stúdenta er fulltrúaráð þess skipað tveimur fulltrúum frá hverju aðildarfélagi sem eru tilnefndir á landsþingi. Hvert aðildarfélag tilnefnir árlega fulltrúa sem situr í fulltrúaráði í tvö ár ásamt tveimur varafulltrúum til eins árs.

Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráðinu samkvæmt lögum Stúdentaráðs. Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár og varafulltrúa til eins árs.

Aðalfulltrúar stúdenta í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta 2020-2021/22

- Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs 2020-2021, skipuð til 2022
- Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs 2019-2020, skipuð til 2021

Varafulltrúar stúdenta í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta 2020-2021

- Ingveldur Anna Sigurðardóttir fyrir Isabel Alejöndru Díaz (Vaka)
- Vífill Harðarson fyrir Jónu Þóreyju Pétursdóttur (Röskva)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

1.4.4 FULLTRÚAR Í FULLTRÚARÁÐI BYGGINGAFÉLAGI NÁMSMANNA

Byggingafélag námsmanna ses, er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag. Aðildarfélög þess eru stúdenta- og nemendafélög Háskólans í Reykjavík, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Tækniskólans. Stúdenta- og nemendafélögin sem eru með aðild eiga rétt til fulltrúa á fulltrúaráðsfundum félagsins. Stúdentaráð Háskóla Íslands á rétt á 4 fulltrúum af 10 fulltrúum alls.

Fulltrúar Stúdentaráðs í fulltrúaráði Byggingafélags námsmanna skólaárið 2020-2021

- Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs 2019-2020
- Benedikt Traustason, varaforseti Stúdentaráðs 2019-2020
- Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs 2020-2021
- Mikael Berg Steingrímsson, hagsmunafulltrúi 2020-2021



Stúdentaráð Háskóla Íslands

2 FULLTRÚAR STÚDENTA Í HÁSKÓLARÁÐI

Háskólaráð er æðsta stjórnvald Háskóla Íslands og er rektor formaður þess. Í ráðinu sitja 11 einstaklingar og þar af 2 fulltrúar sem eru skiptaðir í tvö ár í senn. Fulltrúar stúdenta eru kjörnir í allsherjarkosningum meðal stúdenta Háskóla Íslands.

Kosið var til háskólaráðs samhliða kosningum til Stúdentaráðs 25. og 26. mars 2020. Kjörsókn var 25,56% og voru það því 3.339 sem nýttu kosningarrétt sinn af 13.596. Röskva fékk báða fulltrúa sína kjörna inn í ráðið.

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði 2020-2022

- Isabel Alejandra Días (Röskva)
- Jessý Rún Jónsdóttir (Röskva)

Varafultrúar stúdenta í háskólaráði 2020-2022

- Þórhallur Valur Benónýsson fyrir Isabel Alejöndru Días (Vaka)
- Marinó Örn Ólafsson fyrir Jessý Rún Jónsdóttur (Röskva)

2.1 FULLTRÚAR STÚDENTA Í NEFNDUM HÁSKÓLARÁÐS

Stúdentar eiga fulltrúa í meirihluta nefnda háskólaráðs. Allir stúdentar við Háskóla Íslands geta boðið sig fram í nefndir á nýju skipunartímabili og er það Stúdentaráð sem síðan kýr um þær umsóknir sem berast. Alla jafna er skipunartímabil nefndanna til þriggja ára.

- Í gæðanefnd var skipað frá 2018 til 2021 og átti þar sæti Pétur Marteinn Urbancic Tómasson en haustið 2020 tók við Sandra Kristín Jónasdóttir.
- Í skipulagsnefnd var endurskipað frá 2020 til 2023 og á þar sæti Ari Guðni Hauksson
- Í vísindanefnd situr Auður Magnús Auðardóttir sem fulltrúi FEDON félag doktorsnema og nýrannsækenda.

Fulltrúar stúdenta í nefndir háskólaráðs 2020-2021 samkvæmt lögum Stúdentaráðs



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Í jafnréttisnefnd sat Mars M. Proppé sem forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs.
- Í kennslumálanefnd sat Rebekka Karlsdóttir sem forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs.
- Í sjálfbærni- og umhverfisnefnd sat Urður Einarsdóttir sem forseti umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs.

Fulltrúar stúdenta í öðrum nefndum háskólaráðs

- Í ráði um málefni fatlaðs fólks er skipað 2020 til 2023 og eiga þar sæti Margrét Lilja Arnheiðardóttir og Hossein Asadollahi.
- Málnefnd var skipuð frá 2018 til 2021 og situr þar Atli Jasonarson.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

3 FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS

3.1 ALÞJÓÐANEFND

Í alþjóðanefnd Stúdentaráðs 2020-2021 sátu:

- Emily Reise, forseti
- Marcello Milanezi
- Lísa Margrét Gunnarsdóttir
- Jasmín Kristjánsdóttir (frá október 2020)
- Urður Helga Gísladóttir (til janúar 2021)
- Björk Jónsdóttir (til janúar 2021)

Starf alþjóðanefndar og alþjóðafulltrúa má finna í kafla um skrifstofu Stúdentaráðs undir ársskýrslu alþjóðafulltrúa.

3.2 FÉLAGSLÍFS- OG MENNINGARNEFND

Í félagslífs- og menningarnefnd Stúdentaráðs sátu:

- Erna Lea Bergsteinsdóttir (forseti)
 - Lea Birna Lárusdóttir (forseti til júlí 2020)
- Ástráður Stefánsson
- Hilmar Adam Jóhannsson
- Magnús Orri Magnússon
- Sindri Freyr Ásgeirsson



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Skipulag nefndar:

Fyrsti fundur nefndarinnar var þann 7. ágúst 2020 og var Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti Stúdentaráðs á þeim fundi. Fundurinn var svona seint um sumarið vegna þess að skipti urðu á forseta nefndarinnar um miðjan júlí. Á fundinum var farið yfir þá viðburði sem nefndin hafði haldið undanfarin ár en ásamt því fór Guðný yfir nokkur gagnleg atriði fyrir nefndina. Fundir voru vikulegir hjá nefndinni eða eftir þörfum út skólaárið, þá sjaldnar þegar engir viðburðir voru á dagskrá eins og yfir prófatíma en oftast þegar nær dró viðburðum. Fundirnir fóru að miklu leyti fram rafrænt í ár en þó hittumst við þegar við gátum og áttum gott samtal í gegnum spjall á Facebook. Um haustið var auglýst eftir fimmta meðlim nefndarinnar, heldur seint en vanalega vegna Covid-19, en þrír sóttu um. Eftir að hafa tekið Zoom viðtöl við alla umsækjendur var nefndin sammála um að taka Sindra Frey Ásgeirsson inn í nefndina. Forseti sá um að boða og stjórna fundum, gætti þess að allt yrði gert sem þyrfti og útteildi verkefnum. Nefndarmeðlimir skiptu með sér verkum eftir því sem hentaði að hverju sinni.

Viðburðir

Viðburðir nefndarinnar voru aðeins tveir þetta skólaárið vegna samkomubanns sem var ríkjandi yfir meirihluta ársins. Nefndin var óviss í byrjun hvernig öllu yrði háttað og hvernig árið myndi líta út svo ekki var hægt að setja upp neitt skipulag í upphafi árs eins og stóð til ef árið hefði verið fyrirsjáanlegra. Fyrstu vikurnar fór mikil hugmyndavinna af stað varðandi hvað væri hægt að gera fyrir svo stóran fjölda fólks þar sem tilmæli stjórnvalda og háskólans væru virt. Nefndin ákvað að hafa viðburði ekki með þeim hætti að aðeins takmarkaður fjöldi gæti sótt þá heldur vildi frekar finna nýjar leiðir til þess að útfæra viðburði sem væru þá aðgengilegir öllum nemendum skólans, hvernig sem aðstæður þeirra voru. Ákveðið var að halda viðburðina í streymi og heppnaðist það gífurlega vel. Á þann hátt jókst þátttaka nemenda á viðburði nefndarinnar svo það er útfærsla sem má halda áfram til þess að auka aðgengi allra nemenda að viðburðum. Báðir viðburðirnir voru haldnir í samstarfi við Landsbankann og var samstarfið við bankann afar gott. Viðburðirnir voru auglýstir bæði á



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Facebook og Instagram en einnig á Facebook hóp fyrir forsvara nemendafélaga við HÍ og búinn var til viðburður á Facebook fyrir þá báða. Þá er mikilvægt að gæta þess að upplýsingar koma fram bæði á íslensku og ensku til þess að tryggja að fólk sem er ekki íslenskumælandi geti einnig sótt viðburina. Á skrifstofu Stúdentaráðs má finna nokkur gagnleg skjöl frá nefndinni.

Fjarbingó Stúdentaráðs og Landsbankans

Undir lok september fór nefndin að skipuleggja fjarbingó fyrir nemendur háskólans. Byrjað var á því að taka saman fyrirtæki til þess að senda á varðandi að fá vinninga en alls sendi nefndin á um 350 fyrirtæki fyrirspurn. Það gekk því vel að fá vinninga þar sem að við sendum á svo mörg fyrirtæki. Einnig lagði háskólinn okkur lið og fékk vinninga frá Félagsstofnun Stúdenta. Ástráður og Erna sáu um samskipti við fyrirtækin og höfðu gott yfirlit yfir þá vinninga sem höfðu borist og hvert þyrfti að sækja þá. Einnig fórum við snemma í þá vinnu að fá bingóstjóra. Við sendum á nokkra skemmtikrafta og athafnafólk sem okkur fannst flott, þar á meðal Kára Stefánsson (eftir langa leit að netfangi hans). Eftir að hafa fengið nokkur svör og tilboð ákváðum við að fá Jón Gnarr, okkur fannst hann höfða til fólks á öllum aldri og var hann á hagstæðu verði. Erna sá um öll samskipti við hann. Eftir að við vorum komin aðeins af stað með skipulagið höfðum við samband við Símann og Landsbankann sem eru í samstarfi við SHÍ. Síminn var tilbúinn að gefa okkur veglega vinninga. Landsbankinn var tilbúinn til þess að styrkja okkur með fjármagni í staðinn fyrir að við auglýstum bankann á viðburðnum og nefndum við einnig viðburðinn Fjarbingó SHÍ og Landsbankans. Á meðan nefndin var á fullu við skipulagningu bingósins var fimmti meðlimur tekinn inn. Nefndarinnar til mikillar lukku var Sindri, sem er fimmti meðlimur, með mikla reynslu af því að streyma viðburðum og hefur tengsl við streymisfyrirtækið Skjáskot. Þá fékk Sindri Skjáskot til þess að sjá um streymið á mjög góðu verði. Ástráður sá um að auglýsa á Facebook en hann stofnaði viðburð sem var deildur víða. Einnig deildi Erna viðburðnum inn í fyrirnefndan Facebook hóp fyrir nemendafélögin í skólanum og hvatti þau til þess að gera gott úr kvöldinu með sínum nemendum og horfa saman.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Nefndin var heldur sein í að skipuleggja hvernig nákvæmlega bingóið ætti að fara fram en Ástráður fann síðu með þægilega útfærslu sem SHÍ samþykkti að kaupa og á enn því borga þarf aðeins einu sinni fyrir hana. Þegar nær dró bingóinu fór nefndin að sækja vinninga. Erna útbjóg skjál yfir hvað og hvert þyrfti að sækja þar sem meðlimir skráðu sig á hvern stað og hvenær þeir ætluðu að sækja vinninginn en allir meðlimir sóttur einhvern vinning. Í sömu viku og bingóið var fékk Erna Instagramsíðu SHÍ og sýndi frá vinningum sem hún sótti ásamt því að setja myndir frá því sem aðrir meðlimir nefndarinnar höfðu sótt. Sindri bjó til flotta grafík fyrir bingóið þar sem helstu tölur komu fram og auglýst voru fyrirtæki sem höfðu styrkt bingóið. Rétt fyrir bingóið kom fjölskyldunefnd SHÍ með þá hugmynd að efna til góðgerðaviðburðar og lagði þá Erna til að nota bingóið til þess að styrkja góðgerðarmál og hafa happdrætti. Fjölskyldunefnd samþykkti það og bauðst til þess að aðstoða en þar sem það kom upp svo stuttu fyrir viðburðinn var búið að gera flest allt sem þyrfti. Fjölskyldunefnd ákvað í samvinnu við nefndina að styrkja myndi Bjarkarhlíð og sá um samskipti við þau. Ákveðið var að hafa happdrætti fyrir þau sem vildu styrkja Bjarkarhlíð þar sem airpods frá Símanum voru í vinning.

Þegar kom að viðburðnum sjálfum hafði Sindri mætt fyrr um daginn að setja upp stúdíóið og gera allt klárt. Seinna mætti svo restin af nefndinni með alla vinninga. Það var afar þægilegt að fá Skjáskot til þess að sjá um streymið það er sem þau sáu alfarið um tæknilegu hliðarnar. Þó rétt áður en útsending hófst fór rafmagnið af húsnæðinu sem olli tæknilegum örðuleikum en allt fór svo vel. Jón Gnarr stóð sig mjög vel sem bingóstjóri og hélt uppi góðri skemmtun þrátt fyrir að vera einn með myndavél. Ástráður vaktaði bingóspjöldin í gegnum síðuna en Erna bingó-netfangið þar sem fólk sendi mynd af spjaldinu sínu hafði það fengið bingó en einnig mynd til staðfestingar á greiðslu til Bjarkarhlíðar ef það vildi taka þátt í happdrættinu. Hátt í 600 manns tóku þátt og voru þrjú bingóspjöld í boði á mann að gjaldlausu. Þar sem svo stór fjöldi tók þátt var oftast fleiri en einn með bingó en þá var notuð vél á netinu til þess að draga, einnig var það gert fyrir happdrættið. Góður ágóði fór til Bjarkarhlíðar eða 189.189 kr. Viðburðurinn gekk vel fyrir sig og mikil ánægja ríkti meðal nemenda með hann. Miðað við að þetta var frumraun nefndarinnar í að halda viðburð í streymi gekk hann mjög vel þrátt fyrir



Stúdentaráð Háskóla Íslands

nokkra hnökra. Þá hefði verið gott að byrja undirbúning fyrir og halda betur utan um skipulagið á streyminu sjálfu.

Fyndnasti Háskólaneminn

Eftir áramót fór nefndin að huga að Fyndnasta háskólanemanum sem er árlegur viðburður hjá nefndinni og Landsbankanum en það er keppni nema við Háskóla Íslands í uppistandi. Í ár þurftum við þó að endurhugsa keppnina og útfæra hana á öðruvísi hátt en áður. Við ákváðum að hafa hana í streymi þar sem bingóið hefði gengið vel og að undankeppnin færi fram með þeim hætti að keppendur sendu inn myndband af sér sem var mjög frjálst hvernig væri, hvort sem það væri uppistand, skets eða annað. Svo átti dómnefnd að velja fjögur af þeim myndböndum og svo átti eitt myndband að komast áfram sem fékk flest like á Facebook. Þó var það svo, líkt og fyrri ár, að erfitt var að fá keppendur til þess að taka þátt. Í ár var það enn meiri áskorun þar sem færri voru tilbúin til þess að fara með uppistand fyrir framan myndavél enda er það gífurleg áskorun. Aðeins fjögur myndbönd bárust svo það var óþarfi að hafa undankeppni. Við fengum uppistandið VHS til þess að dæma og var samstarfið með þeim afar gott. Landsbankinn var okkur innan handar og sá um auglýsingaefnið. Við vorum í góðum samskiptum við auglýsingastofuna og sáum um að hafa samband við skólann varðandi að fá leyfi að taka upp, það gekk brösulega þar sem háskólinn var ekki opinn fyrir því en samþykkti það á endanum. Svo vorum við tökuliðinu og VHS til taks á tökudegi, fengum stadista og vorum einnig í því hlutverki sjálf. Myndefnið var mjög flott, það hefði þó verið gott að byrja fyrir en þetta slapp alveg. Myndefnið komst í góða dreifingu á Facebook og Instagram en við gerðum viðburð á Facebook þar sem við settum myndböndin inn. Við fengum einnig SHÍ og Háskóla Íslands Instagram aðgangana til þess að deila myndböndunum og fékk Erna bæði Instagrömin þegar keppnin fór fram. Við fengum aftur Skjáskot til þess að sjá um streymið þar sem við höfðum góða reynslu frá þeim úr bingóinu. Landsbankinn útbjó stórt skilti fyrir vinninginn í fyrsta sætið sem voru 100.000 kr. en fyrir annað sæti var 20.000 kr. og 15.000 kr. í boði fyrir þriðja sæti. Sindri sá um að setja upp stúdíóið og notuðum við hluti sem voru til hjá Skjáskot. Við keyptum mat og drykki fyrir dómnefnd, keppendur og tæknimenn. Í vikunni áður höfðum



Stúdentaráð Háskóla Íslands

við tekið upp efni til þess að sýna frá í hléum en eftir bingóið lærðum við mikilvægi þess. Sindri og Ástráður sáu um vinnslu þeirra. Þá viðtöl við keppendur sem við fengum að taka upp í Setbergi, ávarp frá rektor og auglýsingar sem við fengum frá Landsbankanum. Erna var í góðum samskiptum við keppendur og dómara svo allt gekk vel fyrir sig og öll voru mætt tímanlega. Sindri hafði haft samband við Stúdentakjallarann og var keppninni streymt þangað með góðum viðtökum en fullt var á Kjallaranum þetta kvöld. Sindri og Ástráður sáu um tæknileg mál í streyminu en Erna var keppendum innan handar og sá til þess að stýra hvenær keppendur ættu að stíga á svið og svoleiðis. Í heildina gekk viðburðurinn mjög vel og var nefndin mjög stolt af því hversu vel heppnaðist.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Þetta ár var að sjálfsögðu frábrugðið öðrum árum og var nefndin í fyrsta skipti að útfæra viðburði rafrænt í fyrsta skiptið. Það gekk vel að hafa fasta fundi í hverri viku á tíma sem hentar öllum. Viðburðirnir heppnuðust vel þrátt fyrir frumraun nefndarinnar í að hafa þá í streymi. Þá hefði verið gott að byrja fyrr að skipuleggja þá en það var einnig erfitt því árið í ár var svo ófyrirsjáanlegt og erfitt að skipuleggja mjög langt fram í tímann vegna óvissu á tilmælum að hverju sinni. Sýnileiki nefndarinnar á Facebook var mjög góður í ár en mætti bæta töluvert á Instagram. Þó gæti verið gott að nýta Instagram aðgang SHÍ í stað þess að nefndin sé með sinn eigin, þá gæti fólki fundist of mikið að vera fylgja bæði SHÍ Instagraminu og nefndunum. Í skýrslunni í fyrra er nefnd sú hugmynd að fjölga meðlimum nefndarinnar en nefndin í ár tekur undir það. Þá kom svo stundum fyrir að tveir til þrír forfölluðust og þá standa aðeins tveir eftir að skipuleggja stóra viðburði sem eru ætlaðir öllum háskólanum. Nefndin á stórt hrós skilið fyrir að hafa haldið uppi félagslífi nemenda í háskólanum þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Á sama tíma vonum við að á komandi starfsári sé hægt að færa viðburði nefndarinnar í hefðbundnari snið þó má gjarnan nýta þá reynslu sem liðið starfsár hefur gefið.

Fjármunum varið



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Báðir viðburðir voru styrktir fjárhagslega af Landsbankanum en þess vegna kemur þetta út frekar slétt en einnig notaði nefndin fjármuni frá SHÍ sem er þá mismunurinn.

Gjöld: 238.600 kr.

Tekjur: 223.600 kr.

= -15.000 kr.

Niðurlag

Nefndin þakkar innilega fyrir liðið starfsár. Það hefur verið dýrmæt reynsla að takast á við liðið ár og útfæra viðburði nefndarinnar á nýjan máta. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður lét nefndin ekki deigan síga og hélt tvo vel heppnaða viðburði sem voru aðgengilegir öllum háskólanum. Einnig sýndi liðið ár mikilvægi nefndarinnar og hversu mikilvægt það er að háskólanemendur hafi gott aðgengi að félagslífi innan skólans óháð námi sem þeir stunda.

Erna Lea Bergsteinsdóttir

Forseti Félagslífs- og menningarnefndar Stúdentaráðs

3.3 FJÁRMÁLA- OG ATVINNULÍFSNEFND

Í fjármála- og atvinnulífsnefnd Stúdentaráðs 2020-2021 sátu:

- Sindri Snær A. van Kasteren (forseti)
- Ásrún Sara Kristjánsdóttir
- Berglind María Sigurbjörnsdóttir
- Kristín Helga Jónsdóttir
- Mikael Jóhann Karlsson

Hlutverk nefndar



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Nefndin tekur til meðferðar fjármál stúdenta auk tengsla þeirra við atvinnulífið. Markmið nefndarinnar er að skapa mikilvæga tengingu stúdenta við atvinnulífið, tengingu sem helst til framtíðar. Að minnka bilið milli stúdenta og atvinnulífs.

Verkefni

Stefnumótunarferð Stúdentaráðs. Forseti nefndarinnar var borðastjóri í stefnumótunarferð SHÍ. Á því borði var rætt um starfsnám innan Háskólans, Atvinnudaga og tengslamyndun við atvinnumarkaðinn. Markmið umræðunnar um starfsnám var að fá tilfinningu fyrir afstöðu Stúdentaráðsliða gagnvart starfsnámi og hvernig væri hægt að auka framboð af starfsnámi. Á meðan umræðan um Atvinnudaga var nýtt til að fá hugmyndir um viðburði og fræðslu sem gott væri að bjóða uppá. Umræðan að tengslamyndun stúdenta við atvinnumarkaðinn snérist að því hvernig mætti brúa bilið milli skóla og vinnu, hvernig væri hægt að mynd tengsl fyrr við atvinnulífið og fyrirtækin þar. Niðurstöður stefnumótunarferðarinnar varðandi starfsnámið var sú að allir stúdentaliðar sem tóku þátt í umræðunni voru sammála um að það væri skortur á starfsnámi og mætti auka það á öllum sviðum skólans. Niðurstöðurnar varðandi Atvinnudaga snérist helst að því hvernig væri hægt að halda þá þannig þeir næðu til sem flestra útaf Covid. Þar kom fram að best yrði að halda þær rafrænar og auglýsa þær á Facebook. Niðurstöðurnar varðandi tengslamyndunina, var að hafa samband við fyrirtæki og bjóða upp á heimsóknir og fræðslu í fyrirtækjum og hafa þetta einungis sem ferð til tengslamyndunar.

Atvinnudagar. Stærsta verkefni nefndarinnar, voru haldnir 1.-4. febrúar 2021 og voru vika líkt og árið áður. Vinna og undirbúningur byrjaði strax í september. Í október hafði Sindri forseti nefndarinnar samband við Jónínu hjá NSHÍ til að fá aðstoð og upplýsingar um hvernig þetta hafði verið árið áður. Jónína hefur verið virk í því að plana Atvinnudaga síðan þeir hófust og því gott að fá upplýsingar og hjálp frá henni. Sindri fóru á nokkuð marga fundi með henni frá október og fram í janúar, ásamt því að taka þrjá fundi með allri nefndinni. Planið var að hafa nóg af viðburðum alla Atvinnudagan. Atvinnudagar fóru alfarið fram á netinu þetta árið þar



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sem fjöldatakmörkanir vegna Covid gerðu það að verkum að ekki var hægt að hittast og hlusta á fyrirlestra eða fá aðstoð. Atvinnudagar byrjuðu með fyrsta viðburða eftir hádegi á mánudeginum, var þá fengið Sigrúnu Gunnarsdóttir prófessor með fyrirlestur: Hvernig leiðtogar gera gagn? Eftir það var annar fyrirlestur frá Aðalbjörgu Guðmundsdóttur hjá NSHÍ sem fór yfir ferilskrágerð og hvernig skyldi undirbúa sig fyrir atvinnuviðtal bæði á íslensku og ensku. Sá fyrirlestur var einn af þeim vinsælustu og vel sótt.

Þriðjudagurinn byrjaði á CV klíník hjá NSHÍ og fylltist það námskeið nánast samstundis eftir að hent var inn auglýsingu á Facebook. Eftir það voru tveir fyrirlestrar annarsvegar um tengslatorg og hinsvegar um Nordjobb sem talaði um starfsmöguleika á Norðurlöndunum. Þriðjudagurinn endaði síðan á háu nótnum með fyrirlestur og pepp frá Pálmari Ragnarssyni fyrirlesar, þar sem hann talaði um að vera sjálfstætt starfandi og hvernig ætti að koma sér á framfæri. Sá fyrirlestur var mest sótti viðburður daganna þar sem yfir 60 manns mættu.

Þar sem CV klíníkin var svona vinsæl daginn áður var ákveðið að bjóða upp á hana aftur á miðvikudeginum. Í framhaldin að því var kynning frá Elísabet Sveinsdóttur um ræktun tengsla. Seinna um daginn var fengið Ingva Hrannar Ómarsson frumkvöðul til að halda fyrirlestur. Sá fyrirlestur bar nafnið „Þín eigin endurmenntun – Úr einangrun í starfi í tengslanet um allan heim“.

Atvinnudagar enduðu síðan á fimmtudeginum. Fimmtudagurinn byrjaði líkt og þriðjudagurinn og miðvikudagurinn á hinni geysi vinsælu CV klíník sem var uppbókuð alla dagana. Seinasti fyrirlestur Atvinnudagana var frá Hildi Ýr Þráinsdóttur og Gunnari Bjarka frá atvinnuleitarsíðunni Alfreð þar sem þau töluðu um hvernig ætti að finna draumastarfið og hvernig ætti að undirbúa sig fyrir atvinnuviðtal í gegnum netið. Atvinnudagar enduðu síðan á fimmtudagskvöldinu með Kahooti þar sem það voru vinningar í boði frá ýmsum fyrirtækjum sem Ásrún og Berglind græjuðu.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Kannanir varðandi starfsnám og könnun til mannauðsstjóra. Hugmyndin var að leggja fram tvær kannanir. Annarsvegar könnun sem átti að fara á alla nemendur skólans til þess að kynna þeim fyrir starfsnámi og gá hvort það væri áhugi fyrir því, hvernig ætti það að vera metið ásamt fleiri spurningum. Sindri ætlaði að sjá um þetta. Byrjað var of seint á að setja upp könnuna sem endaði á að vera meiri en hann bjóst við og því var hætt við hana. Mikael fékk hugmynd seinna á önninni að senda spurningalista til mannauðsstjóra ýmsra fyrirtækja til að geta séð hvað það er sem þeir eru að skoða þegar þeir eru að ráða inn fólk. Hvort það sé reynsla, nám, félagsstörf eða eitthvað annað. Kom hugmyndin seint og líkt og hin könnun töluvert meiri vinna en búist var við og lenti á prófatíð þannig hún frestaðist og að lokum var sleppt því að gera hana.

Ferðir í fyrirtæki. Planið var að hafa samband við fyrirtæki og fá að koma og kynnst fyrirtækjunum betur. Haft var samband við Landsbankann, ON og fleiri fyrirtæki. Flestum fyrirtækjunum leyst vel á þetta en vegna Covid þá gátu þau ekki boðið uppá kynningu og heimsókn í fyrirtækin.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Atvinnudagar fóru fram úr öllum væntingum og var vel sótt þá þrátt fyrir að allir viðburðir færu fram á netinu. Nefndin vann vel saman við að finna viðburði og fræðslu sem væri gaman að hafa á dögnum. Það sem gekk ekki jafn vel voru kannanirnar sem nefndin ætlaði sér að gera. Það hafði þurft að byrja fyrr á því að undirbúa þær. Covid setti einnig strik í reikninginn, nefndinn var með töluvert af plönnum sem snérist að fyrirlestrum á kjallaranum, ferðir í fyrirtæki og fleira. Ekki tókst að gera neitt af því.

Fjármunum varið

Ekki var nýtt neina fjármuni hjá nefndinni. Einungis fengust styrkir í formi gjafa fyrir vinninga í Kahoot viðburði sem nefndin hélt.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Niðurlag

Mættu halda áfram og taka við af þessum könnunum, en kannanirnar sem ekki náði að gerast snúast einmitt að því sem er mikið talað um hjá stúdentum, þ.e.a.s starfsnám og hvað maður þarf að hafa til að skera sig frá öðrum þegar að kemur að sækja um vinnu. Atvinnudagar sýndu hvernig stúdentar hafa mikinn áhuga á stækkun tengslanet og hvernig á að koma sér á framfæri. Því mætti nefndin færa sig meira í þá átt og fókusa aðallega á hvernig er hægt að minnka þetta bil sem getur myndast á milli stúdenta og atvinnulífsins.

Sindri Snær A. van Kasteren

Forseti fjármála- og atvinnulífsnefnd

3.4 FJÖLSKYLDUNEFND

Í fjölskyldunefnd Stúdentaráðs 2020-2021 sátu:

- Gunnþís Eva Baldursdóttir, forseti
- Gréta Dögg Þórisdóttir
- Sigríður Ása Sigurðardóttir
- Thelma Rut Jóhannsdóttir
- Jóna Guðbjörg Ágústsdóttir

Hlutverk

Fjölskyldunefnd fer með hagsmunamál fjölskyldufólks og þeirra stúdenta sem eru foreldrar við Háskóla Íslands. Nefndin sér einnig um skipulag ýmissa námskeiða og uppákoma fyrir börn og foreldra.

Starfsárið

Nefndin byrjaði á því að móta og útfæra stefni SHÍ í fjölskyldumálum. Farið var yfir þá hluti



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sem ekki lengur áttu við og mátti fjarlægja eða útfæra með öðrum hætti, engar grundvallarbreytingar voru gerðar á stefnu nefndarinnar. Stefnan var einróma samþykkt á stúdentaráðsfundi haustið 2020.

Viðburðir

Í ljósi þess ástands sem var í heiminum var lítið um viðburði þetta starfsár, nefndin stóð þó fyrir söfnun fyrir Bjarkarhlíð á bingókvöldi sem félags-og menningalífsnefnd stóð fyrir með góðum undirtektum, en annað var ekki gert.

Hagsmunamál

Í janúar 2021 var stefna nefndarinnar endurskoðuð, sú endurskoðun var síðan uppfærð aftur í mars sama ár og fylgir afrit af þeirri endurskoðun í skjölum nefndarinnar. Þar má einnig sjá betur hvaða mál voru skoðuð og hver úrlausn þeirra var. Í grundvallar atriðum þá kannaði forseti nefndarinnar hver staðan væri á sveigjanlegum vistunnartíma fyrir börn í leikskólum FS, aðgengis-og öryggismál í húsnæði stúdentagarða og fékk þau svör að hvort tveggja væri í bígerð, þó er mikilvægt að fylgja þessu eftir. Einnig fór forseti nefndarinnar yfir verðskrár leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og gerði samanburð, athugaði með bættar aðstæður ofl.

Annað

Því miður gafst nefndinni ekki mörg tækifæri til að láta til sín taka þetta árið, ekki var unnt að vera í byggingum háskólans stærsta hluta ársins vegna Covid. Opnaður var Instagram aðgangur fyrir nefndina sem mun fylgja til næstu nefndar í þeirri von að hægt verði að auka umsvif nefndarinnar á samfélagsmiðlum. Þó er ekki hægt að kenna ástandinu í heiminum einungis um hve lítið nefndin náði að afreka þetta árið, en almennt séð var hún óvirk og almennt lítill eldmóður í meðlimum, sem mögulega má skrifa að einhverjum hluta á almennt þróttleysi vegna C-19.

Upp til hópa var starfsárið þó lærdómsríkt og miðla ég því áfram til næstu nefndar að setja sér skýr og markviss markmið fyrir hvern mánuð. Meðlimir taki að sér aðeins þau verkefni sem



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Þeir sjái sér fært um að sinna að fullu og ef þeir sjá sér ekki fært um að sinna þeim þá vera heiðarlegir með það og láta vita. Nefndin hittist sjaldan, stór ástæða þess var hve erfitt var að fá meðlimi til að melda sig á fundi. Þó legg ég til að hún hittist að minnsta kosti tvisvar í mánuði svo hægt sé að vinna markvissa vinnu.

Gunnðís Eva Baldursdóttir

Forseti fjölskyldunefndar

3.5 JAFNRÉTTISNEFND

Í jafnréttisnefnd Stúdentaráðs 2020-2021 sátu:

- Mars M. Proppé
 - Bryndís Ólafsdóttir (forseti fyrra misseri)
- Lenya Rún
- Tinna Alicia Kemp
- Katrín Rut Möller Magnúsdóttir
- Kris Labarda

Hlutverk nefndar

Hlutverk jafnréttisnefndarinnar er að standa vörð um jafnrétti innan háskólans. Nefndin sér um það að jafnréttismál innan háskólans séu jafnframt tekin til kynna þegar kemur að skipulags- og starfs breytingum og stuðlar að allir innan háskólans fái jafna og virðingarfulla þjónustu. Með því að þrýsta á framfylgd stefnuskránnar og jafnréttisáætlun HÍ, reynir nefndin að bæta starfsemi skólans og vinna að því markmiði að gera háskólann að opnu og öruggu svæði fyrir alla.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundir voru haldnir reglulega yfir fyrsta misserið, en fyrstu vikurnar gátu meðlimir fundað í persónu, þó með þróun Covid-19 og auknum sóttavarnaraðgerðum þá urðu fundir okkar fjarfundir. Á fundum unnu meðlimir að því að uppfæra stefnuskránnu, skoða stöðu jafnréttismála innan Háskólans, skipuleggja viðburði og undirbúa komandi verkefni. Nefndin vann að því að reyna samfélagsmiðla til þess að miðla upplýsingum og gera starf nefndarinnar aðgengilegt á tímum Covid-19. Einnig vann nefndin með nýsköpunarnefnd að því að koma af stað herferð um jafnrétti innan háskólans. Þá vann nefndin einnig að því að funda með öðrum nefndum og fulltrúum varðandi komandi störf.

Stefna Stúdentaráðs Háskóla Íslands var uppfærð í byrjun starfsárs og samþykkt á stúdentaráðsfundi þann 21. október 2020. Farið var yfir alla þætti stefnuskránnar og voru liðirnir uppfærðir aðlagðir að komandi starfsári. Þá voru liðirnir um málefni hinsegin fólks, jafnrétti óháð uppruna og upptökur á fyrirlestrum uppfærðir. Í liðnum um málefni hinsegin fólks var stuðlað að því að reyna að fá inn þriðja kyn valmöguleikann. Í liðnum um jafnrétti óháð uppruna var bætt við kröfunni um aðgengi alþjóðlegra nemenda að orðabókum og túlkum og að lokum var farið fram á það að upptaka fyrirlestra verði stöðluð í þættinum um upptökur á fyrirlestrum. Þá var einnig farið frá á að upptökunum verði bætt í kjölfar fjarkennslu að sökum Covid-19 en þá vildi nefndin fara fram á að upptökurnar væru enn aðgengilegar að faraldrinum loknum.

Jafnréttisnefnd Háskólaráðs

Bryndís þáverandi forseti jafnréttisnefndar SHÍ sat fundi jafnréttisnefndar Háskólaráðs fyrra misseri starfsársins. Mars tók við fundarsetu fyrir seinna misserið.

Megin þorri þessara funda fóru í að fara yfir jafnréttisáætlun háskólans og að sjá til þess að öll svið veiru meðvituð um uppfærslu hennar. Einnig var tekið á móti erlendu gæðaráði í lok annar og rætt um jafnréttismál skólans, ekki hefur hins vegar komið dómur frá því ráði á þeim tíma sem þessi skýrsla er rituð.

Mars M. Proppé



Stúdentaráð Háskóla Íslands

3.6 KENNSLUMÁLANEFND

Í kennslumálanefnd Stúdentaráðs 2020-2021 sátu:

- Rebekka Karlsdóttir (forseti)
- Bjarnveig Björk Birkisdóttir
- Harpa Stefánsdóttir
- Hrafnhildur Arna Erlendsdóttir
- Jessý Jónsdóttir

Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk kennslumálanefndar er í grunninn að tryggja að raddir og kröfur stúdenta heyrist í viðeigandi ákvörðunartökuferlum sem koma að málum um gæði náms og kennslu. Er þar um stórt hlutverk að ræða sem teygir anga sína víða, en innan nefndarinnar fer það starf að stóru leyti fram á fundum kennslumálanefndar Háskólaráðs þar sem forseti nefndarinnar á sæti. Starfsár þeirrar nefndar litaðist af ástandinu vegna COVID-19 og hvernig bregðast skyldi við þeim áskorunum sem því fylgdi. Er þar helst að nefna útfærslu lokaprófa og fjarkennslu. Gríðarlega mikilvægt er að sá vettvangur sé nýttur vel til að koma að rödd og sýn stúdenta.

Starfsemi nefndarinnar

Starfsár kennslumálanefndar þetta árið litaðist eins og svo margt annað, af heimsfaraldrinum og fóru allir fundir nefndarinnar nema einn fram í gegnum Teams, en fundirnir voru 9 talsins, ásamt því fóru samskipti á milli funda fram á messenger. Í upphafi árs fór fram stefnumótun og verkaskipting milli nefndarmeðlima og var niðurstaðan úr þeirri vinnu framkvæmdaáætlun nefndarinnar, sem var kynnt fyrir Stúdentaráði og samþykkt þann 21. október. Unnið var eftir henni í gegnum starfsárið en tímaviðmið og ábyrgðaraðilar verkefna voru í stöðugri endurskoðun eftir því hvernig verkefnið þróuðust. Mikil áhersla var lögð á að halda vel utan um öll gögn og vinnu nefndarinnar þar sem lítið var til um slíkt frá fyrri árum. Var því búinn til tölvupóstur fyrir nefndina, kennslumálanefnd.shi@gmail.com og í framhaldi af því drif sem



Stúdentaráð Háskóla Íslands

var mikið notað. Allar helstu upplýsingar um starfsárið er því að finna þar inni og þá helst í fundargerðum nefndarinnar sem meðlimir skiptust á að skrifa.

Ráðist var í lagabreytinguna um skipan í kennslumálanefnd sem lögð voru drög að á seinasta starfsári nefndarinnar og hún samþykkt á lagabreytingarfundi Stúdentaráðs í febrúar. Tillagan var svo útfærð nánar af skrifstofu Stúdentaráðs og var niðurstaðan sú að sviðsráðin skipa nú fulltrúa úr sínum röðum í nefndina og skulu þeir fulltrúar vera kosnir af sviðsráði á milli kjörfundar og skiptafundar Stúdentaráðs. Þessi fulltrúar skulu jafnframt vera fulltrúar stúdenta í kennslunefndum sviðanna. Teljum við þarna um mikilvæga breytingu að ræða sem sé til þess fallin að styrkja nefndina og gera hana að þeirri miðlægu tengingu kennslumála sem henni er ætlað að vera.

Viðburðir

Kennslumálanefnd stóð ekki fyrir neinum viðburðum þetta skólaárið, en þó voru uppi hugmyndir um að viðburð í samstarfi við nýsköpunarnefnd SHÍ. Við teljum ekki endilega þörf eða eftirspurn á því að kennslunefndin sem slík standi fyrir viðburðum en samstarf við aðrar nefndir eða þá við kennslusvið skólans og kennslunefndir sviðanna gæti verið spennandi, enda oft skortur á aðkomu stúdenta að slíkum viðburðum.

Samfélagsmiðlar og sýnileiki

Ýmsar þælingar voru uppi með það hvort kennslumálanefnd ætti heima á samfélagsmiðlum, og hvaða miðill væri þá bestur. Ákveðið var að búa til [Facebook-síðu](#) fyrir nefndina og var hún fyrst og fremst hugsuð til þess að koma frá okkur upplýsingum um kennslumál svo sem áminningum um kennslukannanir og réttindi í prófatíð, ásamt því að auðvelda nemendum að koma ábendingum til okkar í gegnum [google-form](#). Þarna eru möguleikar á sýnileika og upplýsingamiðlun sem mætti nýta betur.

Niðurlag



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Nú er ljóst að kennslumálanefnd mun ekki starfa með sama móti og síðastliðin ár, en vonandi er ný skipan til þess fallin að auka skilvirkni nefndarinnar og gera hana að þeirri miðlægu tengingu kennslumála sem henni er ætlað að vera. Viljum við hvetja fulltrúa sviðanna í nefndinni til að virkja þennan vettvang enn betur og nýta hann vel til þess að koma rödd stúdenta að, enda eru kennslumál svo ótrúlega stór og mikilvægur partur af lífi stúdenta. Kennslumálanefnd hefur mikla burði til að vaxa og stækka, og með því verður rödd stúdenta enn öflugri og þeir eigi greiðari leið til að koma að áherslum stúdenta í ákvarðanatöku innan Háskólans.

*F.h. kennslumálanefndar,
Rebekka Karlsdóttir*

3.7 LAGABREYTINGANEFND

Í lagabreytinganefnd Stúdentaráðs 2020-2021 sátu:

- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir (forseti)
- Egill Örn Richter Ingibergsson
- Ingveldur Anna Sigurðardóttir
- Ragnar Þór Baldursson Snæland
- Clothaire Paul Jean Bocquet.

Hlutverk nefndarinnar

2020-2021 var þriðja starfsár lagabreytinganefndar. Þar sem störf lagabreytinganefndar eru mjög sérhæfð og nefndin starfar ekki eftir ákveðinni stefnu eru nefndarstörf hverju sinni mismunandi mikil. Nefndin er þó til staðar fyrir Stúdentaráðsliða til að veita ráðgjöf og starfaði Stúdentaráð þannig starfsárin 2018-2019, 2019-2020 og 2020-2021 að allar lagabreytingatillögur sem Stúdentaráðsliðar höfðu voru lagðar fyrir nefndina til að gæta samræmis í lögum. Þetta fyrirkomulag gekk vel fyrir sig.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Starfsárið

Verkefni lagabreytinganefndar voru mjög sértæk þetta árið þar sem nefndin fór yfir verklag Stúdentaráðs (nánar tiltekið; verklag SHÍ, verklag stjórnar SHÍ og verklag skrifstofu SHÍ) ásamt því að fara yfir handbók Stúdentaráðs. Stærsta verkefni nefndarinnar þetta árið var að þýða lög SHÍ og allt verklagið. Þessi vinna dreifðist yfir starfsárið þar sem að fyrsta verk var yfirferð verklags, þar á eftir þýðing verklags og að lokum þýðing laganna. Á mars fundi stúdentaráðs voru teknar fyrir lagabreytingar og fór lagabreytinganefnd yfir allar þær tillögur er bárust. Einnig kom lagabreytinganefnd að lagabreytingum á apríl fundi Stúdentaráðs.

Fundir nefndarinnar

Vegna COVID hittist nefndin aldrei í persónu, heldur fóru allir hennar fundir fram í gegnum fjarskiptabúnað. Nefndin fundaði jafnt yfir sumarið og haustönnina þar sem að hún fór yfir verklagsreglur SHÍ og handbók SHÍ. Á vorönn fundaði nefndin einungis einu sinni en taldi það nóg vegna eðli þeirra verkefna er hún vann að, en það voru þýðingar á lögum SHÍ og var ekki talið þarft að funda vegna þeirra. Nefndin hélt góðu sambandi yfir starfsárið í gegnum samskiptamiðla.

Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir

Forseti lagabreytinganefndar

3.8 NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLANEFND

Í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Stúdentaráðs 2020-2021 sátu:

- Ingvar Þóroddsson (forseti)
- Hólmfríður María Böðvarsdóttir Howard
- Clara Anne Thérèse Jegousse
- Axel Fannar Sveinsson



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Lea Felicitas Müller
- Joanna Katarzyna Kraciuk

Hlutverk

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Stúdentaráðs hefur það hlutverk að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal nemenda Háskóla Íslands. Nefndin vinnur náið með Icelandic Startups og kemur verkefnum þeirra á framfæri meðal háskólanema auk þess sem meðlimir nefndarinnar taka sæti í verkefnastjórn Gulleggsins, árlegri frumkvöðlakeppni Icelandic Startups.

Starfsárið

Störf nefndarinnar hófust seint þar sem forsetaskipti urðu í lok sumars en auglýst var eftir fulltrúum nemenda í ágúst og bárust alls 12 umsóknir. Í kjölfarið voru skipulögð viðtöl við umsækjandur í samstarfi við Icelandic Startups og nefndin fullskipuð. Fyrsta verkefni hennar var að taka þátt í skipulagningu Gulleggsins sem meðlimir verkefnastjórnar keppinnar, ásamt fulltrúum Nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar HR. Vegna heimsfaraldursins féllu því miður margir af þeim viðburðum niður sem eru hluti af Gullegginu undir venjulegum kringumstæðum og fóru allar vinnustofur og lokahófið fram rafrænt sem hafði það í för með sér að umfang þeirra verkefna sem voru í höndum nemenda í verkefnastjórninni var minna en venjulega.

Nýsköpunarvikan 2020 fór fram í byrjun október en hún átti upphaflega að vera um vorið 2020 og var seinkað vegna COVID-19. Nýsköpunarvikan er árleg nýsköpunar- og frumkvöðlahátíð og er samstarfsverkefni margra fyrirtækja og stofnanna, þar á meðal HÍ, HR, Reykjavíkurborgar og Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytisins. Ákvað nefndin að taka þátt í henni með að halda viðburðinn Up to start! sem fór fram á netinu og á ensku til að hafa hann sem aðgengilegastan. Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri á Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ hélt þar fyrirlestur um störf Háskólans á sviði nýsköpunar og þau úrræði sem standa



Stúdentaráð Háskóla Íslands

nemendum til boða sem til dæmis ætla sér að stofna fyrirtæki. Sunna Halla Einarsdóttir kynnti starfsemi Icelandic Startups og fjallaði almennt um íslensku sprotasenuna. Að lokum fjallaði Kjartan Þórsson læknir um sprotafyrirtækið sitt Nordverse auk annarra verkefna sem hann hefur komið að. Eftir fyrirlestrana áttu sér stað svokölluð mentorsamtöl sem nemendur gátu skráð sig á, þar sem þeim gafst tækifæri á að ræða við fyrirlesarana um sína viðskiptahugmynd, fá uppbyggilegar athugasemdir og ábendingar um hvernig best væri að gera hana að veruleika. Fyrirmyndin að slíkum mentorspjöllum er fengin úr viðskiptahröðlum og frumkvöðlakeppnum á við Gulleggið og er kjörin leið fyrir nemendur sem liggja á viðskiptahugmyndum að stíga sín fyrstu skref. Viðburðurinn var að mati nefndarinnar vel heppnaður og mentorspjöllin voru vel sótt. Skipuleggjendur Nýsköpunarvikan voru einnig spennt fyrir því að halda pub-quiz á Stúdentakjallaranum með nýsköpunarþema í samstarfi við nefndina en það var mat okkar að slíkur viðburður myndi ekki virka vel í gegnum fjarfundarbúnað. Nýsköpunarvikan 2021 mun fara fram um mánaðarmótin júní-júlí 2021 og er farin af stað vinna við að skipuleggja slíkan viðburð í samstarfi við nýja nefnd, ef samkomutakmarkanir leyfa.

Eftir að Gullegginu lauk í október hafði nefndin samband við þau þrjú teymi sem lentu í efstu sætunum í keppninni og skipulagði rafrænar pallborðsumræður þar sem þeim gafst kostur á að segja frá sínum hugmyndum og reynslu af því að taka þátt og vinna Gulleggið. Viðburðurinn fór fram í seinni hluta nóvember í samstarfi við Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd HR og var vel heppnaður en mætingin þó ekki jafn góð og við hefðum viljað sjá.

Til tals kom hjá nefndinni að halda svokallað Fuckup Night eða Klúðurkvöld á stúdentakjallaranum fyrir jól, en um er að ræða viðburð þar sem einstaklingar úr atvinnulífinu koma fram og segja á hnyttinn hátt frá sínum störsu mistökum, fyrir aðra til að læra af og sömuleiðis til að minna á að þeir aðilar sem hafa náð mestum árangri sem frumkvöðlar eru oftast en ekki þeir aðilar sem hafa gert stærstu mistökin. Slíkan viðburð teljum við að væri mjög



Stúdentaráð Háskóla Íslands

skemmtilegt að halda innan veggja skólans en að það verði að bíða betri tíma þegar samkomutakmörkunum hefur verið aflétt.

Á vorönn 2021 tók til starfa Sprotta- og frumkvöðlasetur Vísindagarða sem staðsett er í Grósku, nýjstu viðbótinni við byggingarflóru Vatnsmýrinnar. Um er að ræða myndarlegt rými á fyrstu hæð bygginarinnar þar sem Icelandic Startups, Auðna Tæknitorg og aðrir stuðningsaðilar nýsköpunar verða til húsa og sprotafyrirtæki af ýmsum stærðum og gerðum geta leigt aðstöðu. Þar að auki er hluti rýmisins frátekinn fyrir Háskóla Íslands til að úthluta til starfsmanna og nemenda sér að kostnaðarlausu, til hálfis árs í senn. Þessari opnun tók nefndin fagnandi enda er um að ræða nýja þungamiðju nýsköpunar á Íslandi, þar sem nemendum gefst kost að fá aðstöðu til að vinna verkefnum sínum brautargengi í frjóu umhverfi og mynda sterkt tengslanet í íslensku sprotasenuinni. Tók nefndin þátt í því að fara yfir umsóknir sem bárust frá nemendum og taka ákvörðun um úthlutun í samstarfi við Vísinda- og nýsköpunarsvið háskólans og er stefnt að því að halda því fyrirkomulagi áfram til að tryggja aðkomu nemenda að rekstri vinnuaðstöðunnar.

Alþjóðlegu samtökin StudentTalks voru lögð niður á starfsárinu en Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd hafði áður tekið þátt í þeim með því að halda viðburð á vorönn með fyrirlesara úr hópi nemenda. Í stað þess ákváð nefndin að skipuleggja vísindaferðir í Grósku á vorönn þar sem starfsemi Vísindagarða, Icelandic Startups og Sprotta- og frumkvöðlasetrið yrði kynnt fyrir nemendum. Fór nefndin á fund með framkvæmdastjóra Vísindagarða þar sem lýst var yfir miklum vilja til að taka þátt í skipulagningu þeirra enda markmið Vísindagarða að auka sýnileika sinn meðal nemenda. Var í kjölfarið heyrt í Icelandic Startups, sprotafyrirtækjum í Grósku sem væri skemmtilegt að fá kynningu frá sem og nemendafélögum til að bjóða um leið og samkomutakmörkunum yrði aflétt. Áhrif heimsfaraldursins fylgdu okkur þó lengra inn í árið 2021 en við höfðum leyft okkur að vona, og hafa vísindaferðirnar því enn ekki orðið að veruleika. Við í nefndinni teljum okkur þó hafa lagt grunninn að þessum vísindaferðum með samtali við þá aðila sem æskilegt væri að fá með okkur í lið, og er því í raun ekkert því til



Stúdentaráð Háskóla Íslands

fyrirstöðu fyrir nýja nefnd að halda þær um leið og heimsfaraldurinn leyfir. Vísindaferðir af þessu tagi hafa verið fastur liður í HR og er langtímamarkmið okkar að þær verði það einnig hjá Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHÍ þar sem öll nemendafélög háskólans myndu fá boð að koma í Grósku einu sinni á ári.

Samfélagsmiðlar og sýnileiki

Nefndin lagði upp með það frá upphafi að leggja sig fram við að vera sýnilegri á samfélagsmiðlum, vera duglegri við að vekja athygli á viðburðum sem gætu þótt áhugaverðir fyrir frumkvöðlasinnaða stúdenta. Var til að mynda einn meðlimur nefndarinnar sem setti sig í samband við ritstjórn Stúdentablaðsins og skrifaði grein um Gulleggið sem birtist í fyrsta tölublaði skólaársins. Halda þyrfti áfram þessu starfi hjá nefndinni að stuðla að því að nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi verði gert hátt undir höfði í birtu efni frá Stúdentaráði og háskólanum sem og á samfélagsmiðlum nefndarinnar.

Niðurlag

Í upphafi skólaársins litum við á starfsemi Nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar að miklu leyti sem óskrifað blað en síðan hún var stofnuð hefur starfsemi hennar innan háskólans verið frekar takmörkuð og fyrst og fremst snúist um þáttöku í Gullegginu á haustmisseri. Settum við okkur það markmið að gera starfsemi nefndarinnar umfangsmeiri og leggja okkur fram við að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf innan Háskólans, á öllum sviðum og námsstigum, með þær vonir á bakvið eyrað að viðburðarhald yrði mögulegt þegar liði á skólaárið. Þar sem faraldurinn og áhrif hans drógust lengur en mörg þjuggust við náðum við því miður ekki að koma mörgu af því sem við hefðum viljað gera í verk. Við teljum þó að með því að koma af stað hugmyndavinnu og samtali við ýmsa aðila sem væri hægt að halda viðburði með höfum við að hluta til lagt grunninn að einhverju sem næstu nefndir geta byggt ofan á. Við hefðum einnig viljað koma á meira samstarfi við Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd HR, þá sérstaklega með til dæmis sameiginlega viðburði í huga til að efla tengslamyndun frumkvöðla og



Stúdentaráð Háskóla Íslands

nýsköpunarþenkjandi nemenda í skólunum tveim, en þeirra starfsemi lá einnig að miklu leyti niðri vegna faraldursins.

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd hefur lykhillutverki að gegna þegar kemur að því að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf í Háskóla Íslands og auka sýnileika þeirra úrræða sem nemendum standa til boða í þeim efnum. Við óskum næstu nefnd alls hins besta við að halda þeirri vegferð áfram.

Ingvar Þóroddsson

Forseti nýsköpunar- og frumkvöðlanefnda

3.9 UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUNEFND

Í umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs 2020-2021 sátu:

- Urður Einarsdóttir (forseti)
- Guðrún Fríða Snorradóttir Wium
- Gunndís Eva Baldursdóttir
- Þórólfur Sigurðsson
- Egill Ö. Hermannson
- Sigurður Ragnarsson (nefndarmeðlimur fyrri hluta haustmissers)

Upphaflega var nefndin skipuð Urði Einarsdóttur, Guðrúnu Fríðu Snorradóttur Wium, Gunndísi Evu Baldursdóttur og Sigurði Ragnarssyni. Síðan komu upp þau vandkvæði að Sigurður þurfti að láta af störfum með nefndinni og var Þórólfur Sigurðsson skipaður í hans stað. Egill Ö. Hermannsson kom inn í nefndina sem 5. meðlimur nefndarinnar í október. Undir lok starfsárs neyddist Þórólfur hins vegar einnig til að láta af störfum með nefndinni.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Starfsárið

Nefndarmeðlimir gengu inn í starfsárið með vonir um að farið væri að léttu á heimsfaraldri og stefnt var á að halda ýmsa viðburði, svo sem skiptimarkaði, myndakvöld o.fl. Síðar varð hins vegar ljóst að staðarviðburðir gengu ekki upp vegna sóttvarnaaðgerða og einkenndist því starfsárið nokkuð af rafrænum lausnum.

Fundir voru að öllu jöfnu haldnir tvisvar í mánuði með settum fundardegi og -tíma, en rafrænt vegna heimsfaraldurs. Unnið var að markmiðum tengdum stefnu SHÍ samvinnuðum markmiðum fyrir Grænfánaverkefnið, og mikil áhersla lögð á fræðslu í netheimum á sviði umhverfis- og samgöngumála. Nefndin stofnaði Instagramsíðu, @umsamshi, og fór stór hluti fræðslu og viðburða fram á henni.

Tillaga um gönguþveranir og skipulag göngustíga á Sæmundar- og Sturlugötu var samþykkt á stúdentaráðsfundi 21. október og var tillagan áframsend á viðeigandi aðila og henni fylgt eftir.

Í upphafi starfsárs var tekin sú ákvörðun að ekki yrðu skipaðir starfshópar, eins og gert hafði verið á fyrra starfsári, en í ljósi mikils álags á nefndina vegna annars vegar viðburða og fræðslu og hins vegar Grænfánaverkefnisins telja nefndarmeðlimir að farsælla yrði að stofna einn starfshóp tileinkaðan Grænfánaverkefninu á næsta starfsári.

Viðburðir

Nokkrir viðburðir voru haldnir rafrænt á starfsárinu.

- Loftslagsvika var haldin vikuna 9.-13. Nóvember, þar sem áhersla var lögð á fræðslu um loftslagsbreytingar og áhrif hennar. Í samfloti við umhverfisviku var haldin ljóðakeppnin Loftslagsljóð þar sem stúdentar voru hvattir til þess að senda inn eigin skáldskap sem tengdist efni vikunnar. Sigurvegari keppinnar hlaut ýmsa vinninga frá vistvænum fyrirtækjum ásamt því að ljóðið var lesið upp af Boga Ágústssyni, og hlaut myndbandið miklar vinsældir í netheimum.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Flokkunarhelgi var haldin helgina 18.-20. desember og var fjallað um flokkun, endurnýtingu, einnota plast o.fl. Áhersla var lögð á flokkun og nýtingu umhverfisvænna vara á jólatímabilinu.
- Veganfræðsla var haldin í lok janúar þar sem nefndarmeðlimir fræddu stúdenta um málefni veganisma og landnýtingar.
- Samgönguvika var haldin vikuna 15. - 19. febrúar þar sem áhersla var lögð á að hvetja stúdenta til að nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta. Þá var bíllaus dagur haldinn fimmtudaginn 18. febrúar þar sem stúdentar voru hvattir til þess að nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta og senda inn myndir af sínum samgöngumátum, og einn heppinn þátttakandi hlaut ýmsa vinninga frá fyrirtækjum tengd umhverfisvænum samgöngumátum. Bíllausi dagurinn hlaut ágætar viðtektir en í ljósi heimsfaraldurs var lítil ferð á fólki.
- Umhverfisvika var haldin 6.-9. apríl þar sem stúdentar fengu fræðslu um áhrif manns á umhverfið ásamt kynningum frá Landvernd og um störf landvarða.
- Nefndin kom einnig að skipulagningu Grænna Daga í samstarfi við Gaiu, nemendafélag mastersnema í Umhverfis- og Auðlindafræði.

Grænfáninn

Unnið var hart að umsókn um grænfánann til að tryggja HÍ Grænfánann í annað sinn. Umsókn hefur verið skilað fyrir grænfánann og áætluð afhendingardagsetning er 20. Júní 2021. Markmið nefndarinnar í ár má finna í viðauka E.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

4 STJÓRN STÚDENTARÁÐS

Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. Stjórnin annast þannig framkvæmd þeirra ályktana og þau verkefni sem ráðið felur henni. Hún getur einnig tekið ákvarðanir og afgreitt mál á fundum innan þeirra marka sem ráðið ákveður hverju sinni.

Stjórnin er samkvæmt lögum Stúdentaráðs skipuð forsetum sviðsráðanna fimm ásamt forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Forseti Stúdentaráðs stjórnar fundum stjórnar en í fjarveru hans fellur það undir varaforseta. Þá kýs stjórnin sér ritara og gjaldkera.

Stjórn Stúdentaráðs 2020-2021

- Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs og forseti stjórnar
- Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti Stúdentaráðs og varaforseti stjórnar
- Arnaldur Starri Stefánsson, forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs
- Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs
- Katla Ársælsdóttir, forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs
- Magdalena Katrín Sveinsdóttir, forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs
- Herdís Hanna Yngvadóttir, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

Áheyrnafulltrúar í stjórn 2020-2021

- Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku
- Vífill Harðarson, oddviti Röskvu
- Hjördís Sveinsdóttir, framkvæmdastýra Stúdentaráðs og ritari stjórnar
Helga Lind Mar var með áheyrnarrétt sem framkvæmdastýra til áramóta 2020
- Pontus Erik Gunnar Jarvstad, fulltrúi FEDON



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Yfirferð starfa stjórnar á starfsárinu

Líkt og fyrri ár sá stjórn um ráðningar starfsfólks réttindaskrifstofu Stúdentaráðs, samþykkja uppfærðar verklagsreglur stjórnar og fara yfir verklagsreglur skrifstofu og Stúdentaráðs, yfirfara málefnalegan undirbúning stefnumótunarferðarinnar, miðla upplýsingum til forseta og skrifstofu Stúdentaráðs og sömuleiðis fá upplýsingar frá forseta um málefni svo voru ýmist í farvegi eða á döfinni.

Stjórn tók þá einnig til umfjöllunar tillögur, ályktanir, tilkynningar og umsagnir í umboði Stúdentaráðs, kaus um tilnefningar Stúdentaráðs til ungmennafulltrúa Sameinuðu þjóðana í umboði ráðsins á sviði kynjajafnréttis og mannréttinda, gekk frá skipun í Stúdentasjóð, hafði góða innsýn inn í skipulagningu aldarafmælis Stúdentaráðs 4. desember og heimildabáttanna, yfirfór fjármál og herferð Stúdentaráðs.

Stjórn fundaði ávallt í vikunni fyrir Stúdentaráðsfundi og var fastur liður að fara yfir efni næsta Stúdentaráðsfundar með það að markmiði að vera vel upplýst, miðla upplýsingunum áfram til sviðsráðsmeðlimum og fylkinganna, og stuðla þannig að gagnsæi sem og málefnalegra umræðna. Í ár átti stjórnin nokkra aukafundi og stöðufundi vegna skólahalds á haustmisseri 2020 sem var stórt hagsmunamál og krafði stjórnina um að vera á tánum, miðla upplýsingum jafn og þétt, vera samstíga og geta kortlagt aðstæður innan ólíka deilda og fræðasviða. Stjórnin kom þannig sameiginlega að könnunum sem ráðið lagði fyrir stúdenta og bréfum sem ráðið sendi á stjórnvöld og skólayfirvöld.

Verklagsreglur stjórnar Stúdentaráðs má finna í viðauka D.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

5 SKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS

5.1 ÁRSSKÝRSLA FORSETA

Starfsemi Stúdentaráðs einkenndist óhjákvæmilega mjög af ástandinu í samfélaginu og krafðist útsjónarsemis, þolinmæðis og mikils baráttuanda. Hlutverk forseta var, eins og svo oft áður, mjög fjölbætt því hann stýrir ekki bara Stúdentaráði, heldur einnig stjórn Stúdentaráðs og daglegum störfum skrifstofunnar. Forseti hélt einnig áfram áheyrnarrétti sínum í stjórn Félagsstofnunar stúdenta, sæti sínu í geðheilbrigðishópi Háskóla Íslands og í fulltrúaráði LÍS, formennsku í stjórn Hrafnkelssjóðs og átti áfram reglulega fundi með rektor.

Stúdentaráð var mikið í sviðsljósinu og var ábyrgð forseta sem talsmaður ráðsins út á við mjög mikil og reyndi einna helst á það ábyrgðahlutverk á haustmisseri vegna fyrirkomulag lokaprófa við Háskóla Íslands og nýafstöðnu atvinnulausu sumri meðal stúdenta. Umsagnar-, yfirlýsingar- og ályktunarskrif voru ansi mörg á árinu sem ráðið nýttu mjög vel til að koma rödd stúdenta á framfæri.

Skrifstofa Stúdentaráðs

Í byrjun starfsársins átti starfsfólk skrifstofunnar fund þar sem farið var yfir starfshlutfall hvers og eins og vinnutímar ákveðnir. Skrifstofan var þá opin frá 9:00 til 17:00 eins og hefur áður tíðkast. Þegar leið að sumrinu tók það vissum breytingum í ljósi hertra samkomutakmarkana, og í stað þess að loka skrifstofunni og færa vinnuna heim, var ákveðið að halda henni opinni fyrir starfsfólki en þjónusta stúdenta með rafrænum lausnum. Skrifstofa Stúdentaráðs á 3. hæð háskólatorgs stóð því aldrei auð.

Forseti var í fullu starfi allt starfsárið en öll skrifstofan sá til þess að starfsemin héldist gangandi og var gjörn á að skipta með sér hlutverkum. Það var lykilatriði að öllum liði vel og að hægt væri að eiga í hreinskilnum og hispurlausum samskiptum, enda allir undir miklu utanaðkomandi álagi. Skrifstofan lagði upp með að hafa stöðufundi fyrsta mánudaginn í



Stúdentaráð Háskóla Íslands

nýjum mánuði til að ræða framvindu verkefna og það sem væri á döfinni. Inn á milli átti forseti fundi með með hverjum og einum starfsmanni. Eftir þörfum voru fundir færðir til en það kom ekki oft til þess. Vormisserið var aðeins meira púsluspil en haustmisserið en allir unnu á eigin hraða og skiluðu af sér. Mikið var um samvinnu og þá einna helst við málefnavinnuna en lánasjóðsfulltrúi átti t.a.m. stóran þátt í skrifum á útgefnu efni Stúdentaráðs og tók við hagsmunamálunum um tíma þegar hagsmunafulltrúi fór í barneignarleyfi.

Á starfsárinu tók forseti sæti í samhæfingarhópi stjórnvalda um atvinnu- og menntaúrræði, samráðshópi um móttöku og stuðning við nýnema Háskóla Íslands, starfshópi vegna COVID úrræða stúdenta með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins, neyðarstjórn Háskóla Íslands, skipulagshópi Loftslagsverkfallsins og nú síðast starshópi rektors um álitæfni í tengslum við tekjuöflun Happraættis Háskóla Íslands.

Stúdentaráð í samfélagslegri umræðu

Hagsmunabaráttan var mjög sýnileg á árinu og náði inn í samfélagslega umræðu. Margsinnis var vísað í efni Stúdentaráðs í pontu Alþingis og ráðinu sýndur stuðningur með kröfur sínar. Viðburðir voru ekki tíðir eins og gefur að skilja en þegar skrifstofunni bauðst þátttaka var tækifærið að sjálfsögðu gripið. Forseti og framkvæmdastýra mættu á akkerisfund Háskóla Íslands þar sem innleiðing HÍ21, stefnu Háskólans 2016-2021, var til umfjöllunar. Þar hélt forseti erindi um framtíðarsýn stúdenta eftir fimm ár og nýtti tækifærið til að tala um kennsluhætti, umhverfis- og loftslagsmál og nýsköpun- og frumkvöðlastarf. Forseti hélt einnig ræðu á seinni brautskráningarathöfninni í júní. Alþjóðafulltrúi fór með stórleik í Orientation Days og hefur raunar staðið sig með þryði í skipulagningu á rafrænum viðburðum fyrir alþjóðanema. Nóvember var annasamur mánuður en þá gafst forseta tækifæri til að taka þátt í pallborði um stöðu ungs fólks í námi og á vinnumarkaði, var gestur í Silfrinu að ræða lokapróf og áherslur stúdenta í þeim efnum, fékk að koma inn á fund Öryrkjabandalagsins að ræða skólalald og sótti ráðstefnuna *Ég er hér* á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytinu og fór þar með kynningu. Þá var Háskólaping í byrjun nóvember og mættu tíu fulltrúar stúdenta



Stúdentaráð Háskóla Íslands

kjörnir á kjörfundi og úr röðum starfsfólk skrifstofunnar. Forseti umhverfis- og samgöngunefndar sótti einni pallborð á vegum norrænu ráðherranefndarinnar fyrir hönd Stúdentaráðs og ræddi stöðu norðurlandana í loftslagsmálum, þar sem COP26 var frestað til 2021.

Stúdentaráð tók þátt í greinaskrif fyrir sameiginlega útgáfu Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) og Flóru í febrúar á nýju ári og var forseti einnig gestur í hlaðvarpsþætti LÍÍ ásamt forseta Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, og seinna í hlaðvarpsþætti Stúdentafréttanna ásamt varaforseta Stúdentaráðs. Háskóladagurinn var á sínum stað, þó með breyttu sniði, og fékk Stúdentaráð að kynna ráðið og hlutverk þess ásamt því að vera í beinu streymi með rektor úr Hátíðarsal Aðalbyggingarinnar. Skrifstofunni og stúdentaráðsliðum til mikillar ánægju fór landsþing LÍÍ fram í raunheimum í Háskólanum á Bifröst og fóru þangað þrettán fulltrúar Stúdentaráðs og lögðu sitt af mörkum í umræðuna um hagsmuni stúdenta á landsvísu. Í apríl fékk Stúdentaráð svo boð um að taka þátt í pallborði á vegum Samtaka um kennsluþróun á háskólastigi sem varaforseti þáði og flutti erindi um háskólakennslu eftir kórónuveirufaraldurinn.

Því miður féllu einhverjir viðburðir niður, svo sem Fundur fólksins en Stúdentaráð hafði þegar byrjað skipulagningu á eigin viðburði innan um hátíðina sem átti að vera í tengslum við aldarafmælið. Hugmyndin var að fá fyrrverandi forseta ráðsins til að ræða ólíkar áherslur þess í gegnum árin. Þá var Októberfest einnig aflýst sem var mjög erfið ákvörðun að taka en á sama tíma sjálfsögð.

Starfsemin í grófum dráttum

Nýtt Stúdentaráð hélt kröfum stúdenta gagnvart atvinnuleysistryggingakerfinu og námslánakerfinu til streitu. Með fyrstu verkefnum nýrrar skrifstofu var að kanna stöðu stúdenta í þriðja skiptið og demba sér í umsagnarskrif vegna breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar. Brugðið var einnig á það ráð að vekja stjórnvöld til umhugsunar með



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Því að birta reikning upp á 3.9 milljarða króna sem voru reiknuð atvinnuþryggingagjöld stúdenta síðustu 10 árin. Það vakti athygli fjölmiðla sem fjölluðu margir hverjir um uppákomuna.

Stúdentaráð var ekki síst að standa vörð um öryggi og heilsu stúdenta á haustmisserinu. Stúdentar voru réttilega áhyggjufullir yfir ófyrirsjáanlegri þróun faraldursins og hvernig hún kynni að hafa áhrif á námið. Í þeim efnum var nauðsynlegt fyrir skrifstofu Stúdentaráðs og sviðsráðin að vera samstíga og halda uppi góðu upplýsingaflæði sem tókst vel enda unnu sviðsráðsforsetarnir hörðum höndum á sínum vettvöngum innan fræðasviðanna.

Loftslagsverkfallið var auðvitað á sínum stað alla föstudaga kl 12:00, í raunheimum eða netheimum eftir því sem við átti. Háskóli Íslands brást við beiðni okkar um að koma til móts við fjárhagsvanda stúdenta með því að ráðstafa fjármagni í sérstakan sjóð fyrir stúdenta á stúdentagörðunum sem voru í greiðsluvanda. Stúdentaráð fór í stefnumótunarferð yfir helgi þar sem lagðar voru línurnar að framkvæmdaáætlunum fastanefnda ráðsins en einnig hugað að aldarafmælinu, nýrri herferð og háskólalífið undir áhrif faraldursins. Vatnstjónið í skólanum kom starfseminni úr jafnvægi á nýju ári en sleitulaust hefur verið unnið að því að takmarka áhrifin. Mikið kapp var lagt í geðheilbrigðismál stúdenta sem skilaði sér í því að stjórnvöld ráðstöfuðu viðbótarfjármagni í málaflokkinn á háskólastiginu. Lengi mætti svo áfram telja en farið er betur yfir einstök verkefni í kaflanum *Starfsemi Stúdentaráðs*, en einnig er að finna ársskýrslur starfsfólks skrifstofunnar og starfsemi sviðsráða og fastanefnda Stúdentaráðs.

Hugleiðingar

Þrátt fyrir ýmsar hindranir á árinu var rödd stúdenta mjög áberandi og hefur það verið ekkert nema sannur heiður að fara fyrir Stúdentaráði. Stúdentaráð markaði stór tímamót í sögunni með aldarafmæli sínu og heimildaþáttaröð sem er komin til að vera. Ný skrifstofa tók við á flóknum og erfiðum tíma en af mikilli þrautseigju stóð hún sameiginlega vörð um hagsmuni stúdenta ásamt stjórn Stúdentaráðs og Stúdentaráðsliðum. Það er ótrúlega margt annað sem



Stúdentaráð Háskóla Íslands

við hefðum viljað snerta á eða halda áfram með en við getum gengið sátt frá borði. Ég vil af öllu hjarta þakka samstarfsfólki mínu á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs fyrir samveruna, hlátursköstin, tárin, drifkraftinn, kærleikann, traustið og óþreytandi dugnaðinn á starfsárinu. Þið hafið verið mitt annað heimili og mun ég ætíð vera ykkur þakklát. Ég mun spennt bíða eftir næsta Deig-degi!

Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs 2020 – 2021

5.2 ÁRSSKÝRSLA VARAFORSETA

Staða varaforseta er án efa sú staða sem er hvað mest mótanleg að hverju sinni á Réttindaskrifstofu Stúdentaráðs. Í raun er erfitt að finna skýra lýsingu af starfinu þegar gruggað er í starfsemi skrifstofunnar í gegnum árin. Það sem er þó skýrt er að varaforsetinn á að starfa sem hægri hönd forseta ráðsins og sinna störfum hans ef ske kynni að forsetinn forfallist, sem gerðist í raun einungis tvisvar á árinu sem leið þá þegar að varaforseti sá um ráðningarferli fyrir ritstjóra og alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs í fjarveru forseta og þegar að varaforseti stýrði einum Stúdentaráðsfundi þegar að forseti átti fund með umhverfis- og auðlindaráðherra. Ásamt því á varaforseti að sjá almennt um kynningarmál Stúdentaráðs, svo sem samfélagsmiðla og heimasíðu og heldur utan um nefndir Stúdentaráðs og er tengiliður á milli nemendafélaga skólans og Stúdentaráð. Annað má segja að sé tilfallandi. Þess vegna verður skýrslu varaforseta skipt upp í fjóra flokka hér.

Skrifstofustörf á réttindaskrifstofunni

Varaforseti sinnir ýmsum daglegum skrifstofustörfum m.a. fela þau í sér að svara tölvupóstum, að sjá um skirteinisviðauka fyrir stúdentaráðsliða og nefndarmeðlimi og að sjá um heimasíðuna, þar þarf að fylla inn ný nemendafélög, uppfæra afslættina og sjá almennt um heimasíðuna. Stúdentaráð heldur uppi fjórum samfélagsmiðlum. Í röð eftir vinsældum eru það *Facebook*, *Instagram*, *Twitter* og *TikTok*. Stúdentaráð er með öflugna nærveru á samfélagsmiðlum og er engin ástæða til þess að slaka á þar. Stúdentaráð nær góðri dekkun á



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Facebook og *Instagram* en það mætti eflaust gefa í á *Twitter* og á *TikTok*. Stúdentaráð hefur verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni síðustu ár og sést árangur m.a. með því að Stúdentaráð hefur fengið boð í Silfrið og birtumst í ræðum þingmanna á Alþingi og er því að mínu mati margt á réttri leið í kynningarmálum Stúdentaráðs og engin ástæða til að áætla að það muni ekki halda áfram ef góða starfið heldur áfram. Varaforseti ber einnig ábyrgð á því að skrá niður mætingu á öllum Stúdentaráðsfundum og að halda utan um mælendaskrá. Þá á varaforseti einnig sæti í stjórn Stúdentaráðs en hefur ekki atkvæðisrétt, líkt og forseti ráðsins.

Nefndir Stúdentaráðs

Eitt af fyrstu verkefnum varaforseta er að koma nefndunum af stað í byrjun starfsársins. Þá byrjaði varaforseti á því að setja sig í samband við fyrrum forseta nefndanna, gaf þeim upplýsingar um nýja forseta og hvatti þá til að deila áfram upplýsingunum til þeirra eða á varaforsetann sem gat þá komið þeim áfram. Eftir það var útbúið spjall á *Facebook* með öllum nefndarforsetunum þar sem byrjað var vinnuna á að bóka fyrsta fund nefndanna. Tækifæri voru í ár þar sem fólk hafði öðlast mikla kunnáttu á fjarfundarbúnað. Varaforseti hafði heyrt frá forverum sínum að það væri erfitt að finna stað og stund þar sem allir kæmust svo fjarfundarbúnaður var nýttur óspart og náðist að halda flesta fyrstu fundina í byrjun sumarsins. Á fyrsta fundi var aðallega miðlað áfram upplýsingum frá forverum þeirra, farið yfir störf varaforseti sem tengiliður og þeim gert ljóst að þau gætu alltaf leitað til varaforseta með spurningar. Það er gott að minna nefndirnar reglulega á sig og að varaforseti starfi við að aðstoða þær. Það mætti reyna að hvetja til virkari samstarfs á milli nefnda og stöðugt þarf að minna þau á að vera óhrædd við að nýta sér skrifstofu Stúdentaráðs. Varaforseti á að hvetja áfram nefndirnar en varaforseti þarf einnig að geta minnt sig á að innan nefndanna starfar fullorðið fólk sem bauð sig fram í embættið og þarf að treysta á að þau sinni því samviskusamlega.

Nemenda- og hagsmunafélög



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Varaforseti þarf að uppfæra nemendafélaga listann á student.is á hverju ári og með því er nýtt tækifærið til þess að smala í nýjann *Facebook* hóp með nemendafélögunum fyrir það árið. Það mætti hugsa um hvort að slík samskipti ættu frekar heima á *Teams* núna þar sem það er sífellt að verða vinsælla í háskólanum en þó þar sem þetta eru gjarnan nokkuð óformleg samskipti í eina áttina (aðallega Stúdentaráð að senda tilkynningar áfram) þá mætti spyrja sig hvort það myndi tynast á *Teams* heimasvæði. Mörg af nemendafélögum skólans eru með lögheimili hjá Stúdentaráði og fá þau því póst þangað sem varaforseti sér um að koma til skila. Í ár gekk mjög illa að koma póstinum út til nemendafélaganna þar sem Háskólinn var meira og minna lokaður. Varaforseti þarf að muna eftir nemendafélögunum þegar miðla þarf upplýsingum áfram til stúdenta, þar sem má segja að nemendafélagin standi oft nær hinum almenna stúdent en Stúdentaráðið sjálft og getur sú nálægð reynst ráðinu dýrmæt.

Tilfallandi verkefni

Fyrsta stóra verkefnið sem varaforseti tók að sér þetta árið var ráðningaferlið á nýjum ritstjóra og alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs. Þá í samráði við ráðninganefndina sem samanstóð af oddvitum beggja fylkinga, fulltrúa frá starfsmannasviði Háskóla Íslands og fulltrúa frá Alþjóðaskrifstofunni í ferli alþjóðafulltrúans. Gekk vel til og vorum við öll hæst ánægð með ráðningarnar þetta árið. Varaforseti skipulagði svo stefnumótunarferð í samráði við skrifstofuna og bara ábyrgð á því að bóka húsnæði, skipuleggja matarinnkaup og finna styrki fyrir ferðinni. Eitt stærsta verkefni ársins var án efa herferð Stúdentaráðs „*Eiga stúdentar ekki betra skilið?*“ þar sá varaforseti mikið um hugmyndavinnu og var tengiliður við auglýsingastofuna í samráði við skrifstofunni. Það sem var óvenjulegt þetta árið var að við tókum upp myndbönd og sá þá varaforseti einnig um eftirvinnslna á þeim. Það hefur skapast óskrifuð regla í gegnum árin að varaforseti sitji í leiðtogaráði LUF og var það eins í ár. Varaforseti sá svo um að skipuleggja stefnumótunarferðina í samráði við aðra á skrifstofunni, þá bar hann ábyrgð á því að bóka gistingu, gera viðburð á Facebook og skrá fólk í ferðina. Það hafði lengi legið í umræðunni að fá myndmerki SHÍ sett í glugga skrifstofunnar til að auka sýnileika og aðgengi að skrifstofunni og var loksins látið verða af því í ár. Varaforseti fór á



Stúdentaráð Háskóla Íslands

skrifstofu FS og ræddi við þau þar og það um styrk, sem hann fékk, hringdi svo í nokkur félög sem sérhæfa sig í að prenta út og setja slíkar merkingar upp og pantaði tíma. Eigi síður en tveimur dögum síðan var myndmerkið komið upp. Fyrir mér kjarnar þetta litla dæmi að miklu leiti stöðu varaforseta. Hann þarf að geta sett sig inn í stöðu mála, átt frumkvæði og látið hlutina gerast.

Stúdentaráð hefur verið að standa sig með þrýði sem málsvari stúdenta og hef ég engar áhyggjur á að það góða starf muni ekki halda áfram á næstu árum. Að fá að vinna við það að sinna hagsmunum stúdenta getur oft verið strembið þegar á tekur, en það eru líka algjör forréttindi og það má ekki gleymast. Varaforseti hefur öll þau tól og það svigrúm til að geta aðstoðað samstarfsfólk sitt á Réttindaskrifstofunni og ætti hann ávallt að reyna að vera til taks hvort sem það er að taka að sér ný verkefni, hjálpa til við stefnumótun eða einfaldlega bara vera einstaklingur sem tekur á móti hugmyndum annarra og býður endurgjöf og aðra sýn á hlutina. Einnig þarf varaforseti að vera óhræddur við það að nýta sína styrkleika til að ljá starfinu þau mismunandi einkenni sem það þarfnast að hverju sinni. Því eins og við vitum flest sem höfum starfað við þetta, þá er ekkert eitt ár í hagsmunabaráttunni eins.

Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti Stúdentaráðs 2020 - 2021

5.3 ÁRSSKÝRSLA HAGSMUNAFULLTRÚA

Verkefni Hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs snýr fyrst og fremst að því að þjónusta nemendur sem telja hafa verið brotið á sínum réttindum. Felst það einna helst í ráðgjöf og leiðsögn við ferli kvartana.

Í heild bárust 100 mál frá því að skipti áttu sér stað í upphafi maí 2020 og þar til í maí 2021. Það er eilítil lækkun frá fyrra starfsári, en þá voru málin 134. Á haustönn 2020 bárust að meðaltali 11,5 mál á mánuði en heldur minna á vorönn 2021 eða 6 að meðaltali.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Á sumarönn 2020 barst 1 mál, en sumarönn var liður í úrræðum ríkisstjórnar vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Málaskrá sem Sigmar Aron Ómarsson, hagsmunafulltrúi SHÍ 2017-2018, setti á laggirnar hefur veitt möguleikann á að skoða samanburð milli ára. Þá gerir það einnig kleift næsta hagsmunafulltrúa á frekari greiningu á tíðni og þemum mála eftir deildum og sviðum.

Covid-19 setti svip sinn all hressilega á starfsárið og sneri stór hluti mála að vandamálum tengdum faraldrinum. Þá var megin þorri annara mála auðleysanlegar fyrirspurnir um réttindi nemenda, t.d. réttindi til að sjá gömul próf eða hvenær kennari skuli skila einkunn. Þá bar mikið á fyrirspurnum og kvörtunum varðandi háttalag desember prófa. Hagsmunafulltrúi sendi formlegt erindi á rektor ásamt sviðsforsetum varðandi staðpróf í heimsfaraldri og gerði athugasemdir við framkvæmd prófanna.

Einnig komu nokkrar fyrirspurnir varðandi fæðingarstyrk námsmanna, en voru námsmenn að lenda í vandræðum að uppfylla einingakröfur Fæðingarorlofssjóðs vegna faraldursins.

Hagsmunafulltrúi fór í fæðingarorlof frá 21.mars til 21.apríl og tók Sara Þöll, lánasjóðsfulltrúi, því við og starfaði sem Hagsmunafulltrúi á því tímabili.

Mikael Berg Steingrímsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs

5.4 ÁRSSKÝRSLA LÁNASJÓÐSFULLTRÚA

Sara Þöll Finnbogadóttir gegndi stöðu lánasjóðsfulltrúa SHÍ starfsárið 2020-2021. Lánasjóðsfulltrúi vinnur að hagsmunum stúdenta er varða Menntasjóð námsmanna og heldur úti ráðgjafabjónustu fyrir stúdenta við Háskóla Íslands og Háskólann á Akueyri varðandi mál er snúa að Menntasjóðnum. Samstarf lánasjóðsfulltrúa við SHA (Stúdentaráð Háskólans á



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Akureyri) var komið á fót starfsárið 2017-2018 og var þetta því fjórða árið þar sem lánasjóðsfulltrúi þjónustar stúdenta við HA. Vegna kórónuveirufaraldursins gafst ekki færi á að veita staðbundna þjónustu í húsakynnum HA eins og gert er ráð fyrir. Til að komast til móts við þessa breytingu, var þjónusta og samstarf í gegnum netið eflid.

Þar að auki eru verkefni lánasjóðsfulltrúa að sjá til þess að þjónustusamningi við Menntasjóðinn sé fylgt og halda upplýsingaflæði milli sjóðsins og SHÍ virku. Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Menntasjóðsins og talar þar fyrir hagsmunum stúdenta við opinberra háskóla. Yfir árið hélt lánasjóðsfulltrúi nokkrar kynningar, bæði fyrir stúdenta innan Háskóla Íslands og utan hans, um nýja lánasjóðskerfið í fræðslutilgangi.

Í byrjun starfsársins hélt vinna og þrýstingur fyrir breytingum á frumvarpi um Menntasjóðinn áfram. Í þeirri vinnu fólust skrif á á umsögnum, ályktunum og yfirlýsingum sem hægt er að finna í kaflanum með öllu útgefnu efni Stúdentaráðs. Frumvarp um Menntasjóð námsmanna var samþykkt á Alþingi 9. júní 2020 og tók formlega til starfa 1. júlí 2020. Lánasjóðsfulltrúi sat stjórnarfundi á tímabilinu júlí 2020 - maí 2020 samhliða því að sitja, tímabundið, fundi undirnefndar stjórnar um endurgreiðslumál. Seinna á starfsárinu tók lánasjóðsfulltrúi sæti í undirnefnd stjórnar um endurskoðun á úthlutunarreglum fyrir skólaárið 2021-2022. Lánasjóðsfulltrúi setti mesta þunga á að grunnframfærsla framfærslulána Menntasjóðsins tæki breytingum og myndi, að lágmarki, samsvara dæmigerðu neysluiðmiði félagsmálaráðuneytisins. Samstarf milli fulltrúa stúdenta í stjórn Menntasjóðsins gekk vel á starfsárinu ásamt samstarfinu við Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS). Vegna breytinga á lögum sem snúa að skipun fulltrúa stúdenta í stjórn sjóðsins, var efnt til starfshóps innan LIÍ. Markmið hópsins var að mynda verklag um skipun þriggja fulltrúa í stjórn sjóðsins. Lánasjóðsfulltrúi sat í starfshópnum fyrir hönd Stúdentaráðs. Niðurstöður starfshópsins voru að lánasjóðsfulltrúi SHÍ situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd stúdenta við opinberra háskóla, með því stækkaði þjónustuskylda Stúdentaráðs og nær nú til stúdenta við Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Að mati lánasjóðsfulltrúa þarf að útbúa þjónustuáætlun við þjónustuskólana til að tryggja áframhaldandi samstarf og gott upplýsingaflæði.

Sara Þöll Finnbogadóttir, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs

5.5 ÁRSSKÝRSLA FRAMKVÆMDASTÝRU

Starf framkvæmdastjóra er fjölbreytt og viðfangsmikið. Undirrituð tók við störfum á seinni hluta þessa starfsárs, í byrjun janúar 2021, og á þeim stutta tíma sem undirrituð hefur starfað hafa ýmis málefni komið inn á borð framkvæmdastjóra. Hér á eftir verður fyrst fjallað um þau föstu verkefni sem eru liður í starfi framkvæmdastjóra. Því næst verður farið yfir samninga Stúdentaráðs. Að lokum verður gert grein fyrir fjárhagsstöðu Stúdentaráðs í grófum dráttum.

Föst verkefni

Bókhald, ársreikningur og reikningar

DK er notað fyrir bókhald SHÍ, en skrifstofan fær afnot af kerfinu í gegnum Félagsstofnun Stúdenta gjaldfrjálst. Fyrir launagreiðslur, VSK skýrslur og ársreikningagerð er SHÍ í viðskiptum við KPMG, en töluverð fjárhæð fer í það. Undirrituð vill skoða þann möguleika á að minnka þjónustu sem KPMG sér um og að færa launagreiðslur og VSK skýrslur innanhúss, enda er hægt að gera þetta í DK. Borgi þetta sig, vill undirrituð benda á að það sé sniðugt að framkvæmdastjóri sitji námskeið sem DK heldur.

Fundarritun

Framkvæmdastjóri situr Stúdentaráðsfundi og fundi stjórnar Stúdentaráðs og ritar niður hvað fór þar fram. Sú stefna sem undirrituð hefur markað sér í fundarritun er sú að fundargerðirnar nái vel utan um þau málefni sem rædd voru og umræðurnar í kringum þau, án þess að þurfa endilega að horfa á upptökur. Stúdentaráðsfundir eru þó teknir upp, og hefur undirrituð vísað



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Í upptökur ef umræður eru það umfangsmiklar að samantekt gerir þeim ekki nógu vel skil. Teams hefur að mestu verið notað fyrir fundi á þessu ári vegna Covid-19, og því hefur verið auðvelt að taka fundina upp, en það þarf enn að finna leið til að taka upp fundi sem fara fram í persónu. Helst þyrfti að kaupa hljóðnema til að nota eftir að hægt verður að halda fundi í persónu aftur.

Auglýsingasöfnun Stúdentablaðsins

Ein stærsta tekjulind Stúdentaráðs, að undanskildum greiðslum vegna samninga, eru auglýsingatekjur fyrir útgáfu Stúdentaráðs. Stúdentablaðið er gefið út fjórum sinnum á ári og kom sitjandi framkvæmdastjóri að auglýsingaöflun fyrir tvö seinni blöðin. Öll blöðin hafa náð að koma út í hagnaði. Mikilvægt er að framkvæmdastjóri sé í góðu sambandi við ritstjóra um auglýsingaöflun, en beri þó ábyrgð á öfluninni sjálfri. Oft er innan samninga við fyrirtækin ákvæði um auglýsingar í blöðunum og þetta komi í veg fyrir tvíverknað. Það sé líka mikilvægt upp á að reikningar komist til skila á réttan stað.

Stúdentasjóður

Stúdentaráð hlýtur samtals 9.825.000 krónur frá Háskóla Íslands til að halda úti Stúdentasjóð. Stúdentasjóður veitir styrki til einstakra stúdenta og nemendafélaga innan HÍ og styður við menningar- og félagslíf stúdenta, alþjóðasamstarf og stúdenta sem fara í greiningu vegna sértækra námsörðugleika. Úthlutun fer fram fjórum sinnum á ári og sér framkvæmdastýra um að greiða út styrkina samkvæmt ákvörðunum stjórnar sjóðsins. Sjóðurinn tæmdist ekki í ár.

Íþróttaskóli

Vegna takmarkana af völdum Covid-19 hefur íþróttaskólinn ekki verið haldinn þetta starfsárið. Fóru forseti og framkvæmdastjóri að skoða þann möguleika á að halda íþróttaskólann snemma á vorönn, en það var ekki talið tímabært þar sem að smit voru enn að greinast í samfélaginu og bólusetning ekki komin langt. Ákveðið var, öryggisins vegna, að bíða með að skoða möguleikann á að halda íþróttaskólann á ný fram á haustönn 2021, í fyrsta lagi.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fyrrum framkvæmdastýra fór þess á leið við Íþróttá- og heilsufræðideild að skólinn yrði samstarfsverkefni SHÍ og deildarinnar og er hægt að halda því samtali áfram þegar hægt verður að halda skólann að nýju.

Samningar

Samningur við Háskóla Íslands

Stúdentaráð er með samning við Háskóla Íslands um fjármagn fyrir launum og launatengdum gjöldum. Samningurinn miðaði við þá launataxta sem tóku gildi 1. janúar 2021, en þá varð nokkur hækkun á töxtunum. Sér samningur var fyrir alþjóðafulltrúa, en þetta er í fyrsta sinn sem að alþjóðafulltrúi sinnir bæði skyldum Aurora fulltrúa og alþjóðafulltrúi. Samningurinn var upp á 50% starfshlutfall fyrir alþjóðafulltrúa.

Samningar við fyrirtæki

Vegna Covid hafa margir samningar við fyrirtæki gengið illa. Forsendur hafa breyst, bæði hvað varðar fjárhagsstöðu fyrirtækja og ákvæði innan samninganna. Samningur við Landsbankann hefur gengið vel og telur undirrituð að halda skuli þessu samstarfi áfram. Ekki tókst að ná formlegum samningi við Símann, en samstarfið hefur þó haldið áfram þó að undirritaður samningur liggji ekki fyrir. Undirritun samnings Orkusölnunar og Stúdentaráðs náðist á vormánuðunum, en sá gildir til maíloka. Eitt fyrsta verkefni framkvæmdastjóra með nýrri skrifstofu skal vera að endurskoða samninga og leita að nýjum samstarfsaðilum og gott væri ef því væri að mestu lokið fyrir sumarið, áður en tengiliðir okkar innan fyrirtækjanna fara í sumarfrí.

Samningur við Menntasjóð námsmanna

Stúdentaráð Háskóla Íslands er með þjónusamning við Menntasjóð námsmanna (hér eftir MSNM), sem gengur út á það að MSNM veitir ráðinu fjármagn í staðinn fyrir að aðstoða stúdenta HÍ og HA sem leita til ráðsins vegna umsóknar eða lántökufurli þeirra hjá sjóðnum. Fjármagn þetta hefur farið í laun og launatengd gjöld lánasjóðsfulltrúa SHÍ. Ljóst er að þetta



Stúdentaráð Háskóla Íslands

fjármagn dugir ekki til að dekkja öll þau gjöld, og hefur Stúdentaráð greitt með lánasjóðsfulltrúa á árinu. Endurskoðun á þjónusamningnum og því fjármagni sem SHÍ fær samkvæmt honum er mikilvæg, þar sem nú er ljóst að þjónusta lánasjóðsfulltrúa mun ná yfir stúdenta tveggja íslenskra háskóla til viðbótar.

Fjárhagsstaða Stúdentaráðs

Hér verður farið yfir nokkra liði sem hafa haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu SHÍ á starfsárinu, sem og almenna fjárhagsstöðu.

Heimildabættir

Baráttan - saga Stúdentaráðs eru heimildabættir sem gefnir voru út í tilefni af 100 ára afmæli Stúdentaráðs. Bættirnir voru framleiddir á starfsárinu og komu út á fyrri helming vormisseris. Greiddi Stúdentaráð RÚV samtals 2.450.000 kr. fyrir framleiðslu á efninu. Styrkur frá MRN, sem fjallað verður um hér að neðan, kemur upp í þann kostnað, sem og styrkur frá Háskólanum upp á 1.950.000 krónur. Samtals er þó tapið af þessum þáttum 200.000 kr.

Styrkur frá MRN

Forseti og framkvæmdastjóri sóttu um styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna áhrifs heimsfaraldurs kórónuveiru á starfsemi æskulýðs- og tómstundafélaga í lok janúar. Hlaut Stúdentaráð 300.000 krónur í styrk vegna tekjutaps. Styrkur þessi er Ráðinu mjög mikilvægur þar sem ekki tókst að halda marga viðburði sem í gegnum árin hafa verið mikil tekjuöflun fyrir Stúdentaráð, eins og til dæmis íþróttaskólinn og Októberfest.

Almennt

Það hefur reynst erfitt að halda stóra viðburði í heimsfaraldri og eins og er talað um hér að ofan tókst ekki að halda Októberfest né íþróttaskólann. Októberfest hefur verið stór fjáröflunarleið SHÍ í gegnum árin, og það hefur óhjákvæmilega haft áhrif á fjárhagsstöðu Stúdentaráðs að ekki tókst að halda hana þetta starfsár. Eins náðist ekki samningur við Símann



Stúdentaráð Háskóla Íslands

í tæka tíð og það hefur sömuleiðis haft einhver áhrif. Þrátt fyrir þessi fjárhagslegu áföll eru vonandi bjartari tímar framundan og undirrituð bindur miklar vonir við það að hægt verði að halda Októberfest og íþróttaskólann á nýju ári, og að Stúdentaráð njóti góðs af því að nú sjái fyrir endann á heimsfaraldrinum.

Hjördís Sveinsdóttir, framkvæmdastýra Stúdentaráðs

5.6 ÁRSSKÝRSLA ALPJÓÐAFULLTRÚA

The second term of an International Officer hired to the Student Rights Office is ending. Although it is the second academic year with an International Officer, it is the first time the position encompasses both the chair position of the International Committee, as well as the position as Aurora Student Representative, resulting in a half-time position at the office of the Student Council.

i. Appointment of Committee Members

The following members were nominated for positions in the International Committee 2020-2021: Marcello Milanezi, Lís Margrét Gunnarsdóttir, Urður Helga Gísladóttir (until January 2021), Björk Jónsdóttir (until January 2021), and Jasmín Kristjánsdóttir (from October 2020). The committee was chaired by the International Officer hired to the Student Rights Office, Emily Helga Nielsdóttir Reise.

ii. Mentor System

The mentor system underwent some changes during the summer 2020, before the start of the fall semester 2020. The International Officer and members from the International Division at the University of Iceland worked closely on improving the conditions and working processes surrounding the mentor system for incoming international students. First, local students were given the option to apply in mentor-pairs. These groups had up to ten mentees per mentor-



Stúdentaráð Háskóla Íslands

pair. Single mentors were not given more than five mentees in a group. This facilitated communication and social opportunities within each mentor group. Second, the upkeep with mentor applicants was followed up more closely than before. Those mentor applicants who did not respond to any emails regarding information sessions towards the end of summer, just before Orientation Days, were automatically excluded from the pairing process of mentors and mentees. This was to ensure that students who then became mentors were motivated and communicative with their mentees.

Together with an external programmer, the International Officer grouped mentors with mentees, based on variables such as: age, length of stay in Iceland, and the school or faculty that they attend. Since all mentors and mentees apply electronically it only makes sense to optimize the electronical pairing process. Thus, it would be wise to recruit a fifth member to the International Committee through Nörd - Félag tölvunarfræði- og hugbúnaðarverkfræðinema if none of the nominated members by the student parties has programming experience.

Before the semester starts mentors are invited to an information meeting with the International Officer, members of the committee, and International Division. There, they discuss the main tasks and responsibilities of mentors, as well as where they can turn for assistance. To break the ice and for team building, mentors and mentees meet up and explore the campus and city centre during the Mentor Mingle, which is part of Orientation Days. Mentors receive the contact details of their mentees in time before the Mentor Mingle so they can connect beforehand.

Mentors are also invited to a private facebook group where they can connect with other mentors and join forces on activities outside the university. It is important to support mentor groups with events, activities and ideas for their mentor groups, especially in the beginning of the semester, but they all seem to appreciate regular events for all mentor groups to come together over the course of the semester.

iii. *Orientation Days*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

More than 700 international students joined the University of Iceland in the fall of 2020 – 174 exchange students and 543 degree seeking students, which is a significant increase in international applicants who are not exchange students. With many exchange programmes being cancelled due to COVID, the trend was even more apparent this academic year.

Twice a year, in the beginning of each semester, the International Committee and International Division of the university organise Orientation Days for new international students. In the fall of 2021, the school welcome meetings were held both in person and online. The International Officer and representatives of the International Division were present for all school welcome meetings and introduced themselves. This proved to be an improvement to previous years, where there was simply one welcome meeting by the International Committee. But, considering the growing group of incoming international students, it seems more sensible to keep any information sessions within the separate school meetings. Due to the COVID gathering restrictions it was not possible to hold a big BBQ for all international students, but we managed to host a Mentor Mingle (28th of August) by the end of Orientation Days in order for groups to get to know each other. In the spring semester, school welcome meetings were kept strictly online and the International Committee offered an informal welcome zoom to make up for the postponed Mentor Mingle, which took place a few weeks later once restrictions had eased. On both Mentor Mingle occasions, the International Committee was sponsored by Eldgos, Einstök, Ölgerðin and Omnom Chocolate that was given out to mentors prior to the mingle to share with their groups.

Looking ahead, it would make sense to receive support from markaðs- og samskiptasvið for the preparations of Orientation Days, similarly to Nýnemadagar (Orientation Days for local students). In previous years, it has mostly been the responsibility of the International Committee and Division to plan and execute everything surrounding Orientation Days, but considering the growing group of international students at the university, it would be sensible to give international events the same professional status and treatment internally as any other 'local' event. The aim is to transform Háskólatorg into an



Stúdentaráð Háskóla Íslands

information centre with booths representing all important parts of Icelandic society - strætó, sund, grocery stores, library services, sports, and cultural services and so forth.

iv. *Alþjóðadagar / International Days*

International Days stretch over two to three days in the beginning of November. It is a great way to merge the otherwise quite separate groups of international and local students at HÍ. Local students explore their exchange opportunities, and international students and student associations often show traditions from their own cultures. Again, due to COVID-19 International Days were held entirely online but were still a success! On two occasions, former outgoing exchange students spoke of their experiences and answered questions by students curious to go on exchange themselves. Each meeting a representative of both the International Committee and Division was present to answer any administrative questions that would arise. The International Officer also gave a presentation for both staff and students about the opportunities within Aurora. This was simply to raise awareness about the Aurora Network and Alliance.

The International Officer and International Division also organised an exchange-themed photo competition for both incoming and outgoing students. What initially should have been an in-person exhibition of the favourite 10-20 pictures turned into an online exhibition of all submissions. The International Committee also hosted an online kahoot/pubquiz on zoom for all participants – near and far.

v. *Aurora University Network and Alliance*

The Aurora Alliance was chosen by the European Commission in the summer of 2020 to be granted support from Erasmus+ to promote the vision of European Universities. As of spring 2021, Jón Atli Benediktsson is the President of the Aurora University Network. The International Officer is automatically a student representative for HÍ in the Aurora Student Council (ASC). There are two seats for each member university, so usually the Student Council



Stúdentaráð Háskóla Íslands

President (Forseti SHÍ) takes the second seat as student representative in the ASC. Previously, there was a separate Aurora representative from the International Officer within SHÍ, but these two positions have now merged into one, which this International Officer thought to be a wise decision. The International Officer was appointed secretary of the ASC, thereby becoming an ASC board member. The ASC holds monthly meetings, but each member also has the opportunity to act as student representative of at least one Aurora working group.

During the International Days at the University of Iceland, the International Officer gave a presentation about opportunities within the Aurora Network and Alliance. The presentation was mostly audited by academic staff, and it showed the importance of informing and engaging both staff and students in a bottom-up approach within each member institution in addition to the top-down approach of the Aurora board.

To promote student engagement in Aurora, the ASC started a few projects for students, such as the Student Champions Scheme and Student Ambassadors, as well as more events aimed at students (Aurora Student Conference / Care and Compassion Even). The ASC started a plan of monthly student blogs, with submissions from all member universities to be published on the main website of Aurora.

These projects will hopefully grow stronger in the following years, raising awareness for the Aurora Network and Alliance, and the opportunities for both students and academic staff. What stood out during the Aurora Student Conference, was the potential for shared educational resources within the Aurora Network and Alliance. After the session on Open Educational Resources by academic staff at VU Amsterdam and Duisburg-Essen, it was evident that student involvement in the production of study material is part of future academic processes. Since the Aurora Alliance is still in the beginning stages, it is important to emphasize *cocreation* among staff and students and the many opportunities that open to driven participants!



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Since spring 2020, SHÍ has been in frequent contact with the board of ESN Reykjavík, with the aim to incorporate the association within the International Committee. However, a transfer of power never occurred. It was not until the spring of 2021, after the President of ESN directly asked members of the university to help revive the local section of ESN in Iceland, that recruitment started within the student community. The ESN head office oversees all information and onboarding sessions with new recruits. Sessions with newly recruited volunteers at the University of Iceland will proceed at the end of May 2021. The election of new board members for the academic year 2021-22 is scheduled for June 2021. After the new ESN members have elected a new board, they must contact the sole remaining board member from 2019-20 to get access to all existing accounts and local websites/social media.

It is our great interest to welcome ESN Iceland back into the community of student associations at the University of Iceland, with the possibility of expanding to other higher education institutions in Iceland. This was local and incoming international students have a platform to get to know each other, which will hopefully help mix the larger community of students and promote cross-cultural exchange.

vii. *Dictionaries for students with Icelandic as a second language*

According to the Equal Rights Policy of the University of Iceland, studies should be more accessible to students with immigrant backgrounds. Since many immigrant students speak Icelandic as a second language, they are often intimidated by the higher level of academic language used at the university. Therefore, it should be a standard practice to offer immigrant students the use of bilingual dictionaries and extra time during exams.

While the supporting services for new Icelandic speakers of the Center for Writing are improving by the minute, it is important that all schools and faculties do their part. By adhering to the inclusive policy of permitting new Icelandic speakers to use bilingual



Stúdentaráð Háskóla Íslands

dictionaries and start their studies by submitting coursework in English, the rate of immigrant students dropping out of their studies prematurely may decrease significantly.

Until now, only a few departments have included official forms to enlist for the use of dictionaries in their services. By offering a standard application procedure, students do not have to deal with the stress anxiety that comes with asking every single one of their teachers for permission, and the ignorance of exam supervisors to these resources.

After discussing the issue with the head of the division of academic affairs, it was clear that this is nothing that will be handled centrally, for instant by NSHÍ (Student and Career Counselling), but that each department would have to oversee their own resources for immigrant students. This International Officer hopes for the next person in office to continue to push on all department heads to make this a standard resource for students.

viii. Mentor Teams for Immigrant Students

This International Officer was part of the group chaired by Rakel Ósk Reynisdóttir discussing a new mentor system for immigrant or refugee students that will pilot in the fall of 2021. The aim of this new mentor system is to support students who are predominantly studying programmes in Icelandic. Compared to already existing mentor systems, this one is more focused on social and academic support during study times, whereas mentors for incoming exchange students only give social support that is not necessarily study related.

It is important to distinguish immigrant students from international students, as immigrant students often have lived in Iceland for some time before attending the university and/or intend to stay here for long, and pursue studies taught in Icelandic. International students, on the other hand, either come here on exchange or pursue degrees in English, where the group of students resembles an international community. Immigrant students studying in Icelandic do not have the same social network and support system that local students might have, both at home and in the classroom, which is why further support is needed.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

The main issue remaining with this new system is how to reach the students that might need extra support. Since the application portal is currently not allowed to ask applicants further about their status but simply their nationality, it is hard to spot and uplift marginalised groups within the student community. At the same time it can easily come to misunderstandings when s.c. “innlendingar” (immigrants who have lived here for a long time and consider themselves nationals) are treated as new international students.

An idea was to simply state within the application procedure the various kinds of support systems that exist for new students and let students show interest in extra support instead of having to identify themselves as first or second generation immigrants, or refugees. The mentor system for immigrant students will start in the fall semester 2021 and refined for spring 2022 with the experiences gained from the piloting of the project.

Again, the current status is that NSHÍ will not oversee the project as part of their student services, which leaves the question whether an International Officer should also be incorporated in such a central part of student support services.

ix. *COVID-19*

COVID-19 has affected international students gravely, both those who decided to stay in Iceland, as well as those travelling to their home countries. Social isolation, lack of information and financial difficulties have been some of the main consequences following the onset of COVID-19 in Iceland. Especially in the beginning of COVID-19, FS and the University of Iceland opened a sort of “hardship fund” for students who could not see themselves paying rent. Many international students had trouble with work due to their student visa and/or lay-offs.

x. *Christmas in Iceland*

The Christmas in Iceland initiative was aimed at international students staying in Iceland over the winter holidays, and those not having any friends or family to spend Christmas with. The Student Council took it upon itself to share sign-up sheets for both stranded students and



Stúdentaráð Háskóla Íslands

volunteer hosts and pairing them together. Although the COVID-19 situation made it difficult for larger groups to form, all students who were looking for a host got to spend Christmas with either an Icelandic family, or with other lonely students at the 'Bike Cave' where a Christmas buffet was offered by the generous owner Hjördís.

This pairing of international students with local Christmas hosts had been done many years ago, and we would love to see this tradition to be continued in the future!

xi. Looking ahead

There are some fundamental changes that need to happen in the future, in terms of how international students, immigrant students, and working processes surrounding these groups are viewed within the university. The International Division is responsible for all incoming and outgoing exchange students, as well as international degree seeking students at the university. All other services concerning immigrant students should be centralized, as these students should count as part of the general student community.

The University of Iceland is shortlisted as a leading higher education institution worldwide. Now, as a leading member of the Aurora Alliance it is important to promote transparency to students, encouraging participation and uplifting international opportunities to all students. This International Officer would like to emphasize the importance of compensating students for any volunteering activities and advertising such activities to all students. Otherwise, such extra-curricular opportunities will mostly be offered to and realised by the group of students that has the financial and social ability to participate without compensation – which is not representative of all students.

Emily Reise, International officer of the Student Council



Stúdentaráð Háskóla Íslands

5.7 ÁRSSKÝRSLA RITSTJÓRA

Hólmfríður María Bjarnardóttir sinnti starfi ritstjóra Stúdentablaðsins skólaárið 2020-2021 frá byrjun júní 2020 út maí 2021. Stúdentablaðið er gefið út fjórum sinnum á ári, tvisvar á hvoru misseri. Blaðið er upplýsinga- og afþreyingarmiðill nemenda við HÍ, auk þess að vera mál gagn þeirra en það er skrifað af stúdentum.

Starf ritstjóra er margþætt og krefjandi. Ritstjóri heldur utan um efni hvers blaðs, fundar með ritstjórn og blaðamönnum, skrifar eigin greinar, les oft yfir allt efni blaðsins, ber ábyrgð á vef blaðsins og samfélagsmiðlum og á í samskiptum við prentsmiðju, grafískan hönnuð, prófarkalesara, ljósmyndara og yfirþýðanda. Ritstjóri hefur yfirsýn yfir öllum þáttum blaðsins og þá einnig dreifingu þess. Ritstjóri vinnur einnig að auglýsingaöflun og fjárhagsáætlunum í samstarfi við framkvæmdastýru Stúdentaráðs.

Fyrsta verkefni ritstjóra er útgáfa Akademíunnar, handbókar um allt sem viðkemur námi við Háskóla Íslands. Efnið í henni er að stórum hluta svipað frá ári til árs og ritstjóri fer yfir efnið sem birtist árið á undan, uppfærir, staðfestir staðreyndir og græjar nýtt efni á borð við ávarp ritstjóra, ávarp forseta SHÍ, upplýsingar um stúdendaráðsliða og starfsfólk á réttindaskrifstofu SHÍ auk þess sem ritstjóri tekur ákvörðun um að bæta við efni. Að þessu sinni var bætt við korti af háskólasvæðinu. Akademían kom út í seinni hluta ágúst 2020.

Það er mat hvers og eins ritstjóra hvort hann ráði í ritstjórn fyrir Akademíuna. Líkt og síðustu tveir ritstjórar gerði ég það ekki en fékk til liðs við mig Þórdísi Dröfn Andrésdóttur, prófarkalesara, Julie Summers, þýðanda og Margrėti Aðalheiði Önnu Þorgeirsdóttur, grafískan hönnuð, sem allar fengu greitt fyrir sína vinnu og héldu áfram að vinna fyrir blaðið út skólaárið, þá ýmist launað eða í sjálfboðastarfi. Akademíunni var dreift á háskólasvæðinu og var gefin út á rafrænu formi líkt og annað efni á vegum Stúdentablaðsins. Sökum faraldurins voru nýnemadagar einungis á netinu og því var meiri afgangur af Akademíunni en upphaflega talið var, hún hefur þó verið mikið lesin á netinu.

Í upphafi skólaársins auglýsti ritstjóri eftir blaðamönnum, ritstjórnarmeðlimum, þýðendum, prófarkalesurum og ljósmyndara. Talsverður fjöldi stúdenta sýndi auglýsingunni áhuga og vildi taka þátt í starfsemi Stúdentablaðsins. Eftir að hafa skipað í stöður innan



Stúdentaráð Háskóla Íslands

blaðsins hélt ritstjóri fundi með ritstjórn og blaðamönnum, skipaði í stöðu samfélagsmiðlafulltrúa og bjó til viðburðarnefnd. Þá sátu enskumælandi nemendur bæði í ritstjórn og blaðamannahópi Stúdentablaðsins, en það var dýrmæt viðbót og mikilvægur liður í að gera starfsemi Stúdentablaðsins sem aðgengilegasta. Fundir með ritstjórn voru nánast vikulega en ritstjóri hélt fund fyrir hverja útgáfu með blaðamönnum. Allir fundir fóru fram á ensku og meiri hluti þeirra á Zoom vegna aðstæðna og samkomutakmarkanna. Margrét Aðalheiður hélt áfram sem hönnuður blaðsins og var góð samvinna milli hennar og ritstjóra.

Í upphafi skólaársins bjó ritstjóri til nýja stöðu í samráði við Helgu Lind Mar, þáverandi framkvæmdastýru SHÍ. Stefna blaðsins að þessu sinni var að setja meiri áherslu á þýðingar til þess að gera blaðið aðgengilegra fyrir alla nemendur skólans. Því var búin til formleg greidd staða yfirþýðanda þar sem starfið var orðið yfirgripsmeira og meiri ábyrgð á bak við það. Julie Summers hafði áður sinnt starfi yfirþýðanda í sjálfböðastarfi og hafði ritstjóri sérstaklega samband við hana til þess að bjóða henni stöðuna. Ritstjóri og yfirþýðandi fóru saman yfir umsóknir í stöður þýðenda og enskra prófarkalesara. Yfirþýðandi hafði yfirumsjón með starfi þeirra en ritstjóri fylgdist með og aðstoðaði við þýðingar þegar það þurfti. Á seinni önn blaðsins var farið að fækka í hópnum sökum andlegrar þreytu vegna faraldursins og því þurfti ritstjóri að aðstoða meira en búist var við í byrjun.

Þetta skólaár var öðruvísi en búist var við, því fylgdu miklar breytingar og óvissa sökum faraldurins. Stúdentablaðið, líkt og allt annað, þurfti að aðlagast og koma til móts við aðstæður hverju sinni. Öllum tölublöðum var dreift vel á háskólasvæðinu og einnig inn um lúgur á stúdentagörðunum þar sem minni umgangur var í byggingum háskólans. Passað var upp á sóttvarnir og þau sem dreifðu blaðinu voru með hanska og grímur.

Fyrsta tölublað skólaársins kom út 23. október og þema þess var óvissa. Mér fannst við þurfa að ávarpa faraldurinn og það óvissuástand sem ríkti í samfélaginu. 2. tölublað kom út 4. desember og þema þess var 100 ára afmæli Stúdentaráðs og hliðarþema þess jólin. 3. tölublað kom út 26. febrúar og þema þess var framtíðin. 4. tölublað kom út 23. apríl og þema þess var umhverfis- og loftslagsmál.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Til þess að fylgja blaðinu eftir og auka sýnileika Stúdentablaðsins blés viðburðarnefndin til útgáfuhófs 23. apríl sem var jafnframt lokahóf blaðsins. Upphaflega átti að halda útgáfuhóf fyrir 1. tbl. en vegna aðstæðna í samfélaginu var það ekki hægt. Útgáfuhófið var haldið í Tjarnarbíó en þaðan var skemmtidagskrá streymt en í salnum voru tuttugu manns í samræmi við þáverandi samkomutakmarkanir. Aðalviðburður streymisins var barsvar með glæsilegum vinningum sem viðburðarnefnd blaðsins safnaði saman. Viðburðurinn var mjög vel heppnaður og mælt er til þess að SHÍ geri slíkt útgáfuhóf að árlegum viðburði.

Akademían og Stúdentablaðið koma út rafrænt á vefnum issuu.com. Stúdentablaðið heldur auk þess úti heimasíðunni studentabladid.is þar sem greinar hvers tölublaðs eru birtar en nokkrar greinar birtust einungis á vefsíðu blaðsins. Ritstjóri hefur yfirumsjón með því að setja efni inn á vefinn en nýtti sér nokkra meðlimi úr ritstjórninni sem aðstoðuðu við þá vinnu. Samfélagsmiðlastjóri blaðsins hætti eftir fyrsta tölublað. Þá hljóp ljósmyndari blaðsins, Sædis Harpa Stefánsdóttir, undir bagga og varð smám saman einnig að samfélagsmiðlastjóra með aðstoð ritstjóra. Mælt er með að hafa sérstakan samfélagsmiðlafulltrúa sem hefur yfirumsjón með miðlum blaðsins.

Að mati fráfarandi ritstjóra gekk starfsemi Stúdentablaðsins á skólaárinu 2020-2021 glimrandi vel og þá sérstaklega miðað við aðstæður. Ákveðið var að þýða sem mest af blaðinu og efni á samfélagsmiðlum og tókst það prýðilega. Einnig hélt blaðið sig við kynhlutlaust tungumál. Blaðið er mál gagn allra stúdenta og því er mikilvægt að rödd sem flestra heyrist og að blaðinu sé miðlað á aðgengilegan máta. Ritstjóri þakkar öllum sem komu að starfsemi Stúdentablaðsins á skólaárinu fyrir óeigingjarna og vel heppnaða vinnu.

Hólmfríður María Bjarnardóttir, ritstjóri Stúdentablaðsins



6 STARFSEMI STÚDENTARÁÐS

6.1 STEFNUMÓTUN STÚDENTARÁÐS

Stefnumótunarferð Stúdentaráðs Háskóla Íslands fór fram helgina 18. og 19. júlí 2020 í Lyngbrekku í Borgarfirði. Var þetta í fjórða skipti sem Stúdentaráð efndi til slíkrar ferðar til að stilla saman strengi fyrir starfsárið. Líkt og nafnið gefur til kynna var markmiðið að endurskoða framkvæmdaáætlanir fastanefnda Stúdentaráðs og móta betur stefnu Stúdentaráðs í stórum málum sem á borði þess voru. Hópefli var einnig mikilvægur liður í ferðinni til að skapa gott og traust andrúmsloft fyrir meðlimi Stúdentaráðs til að kynnast betur. Skrifstofa Stúdentaráðs kom sameiginlega að skipulagningu ferðarinnar og voru það einna helst forseti, varaforseti, hagsmunafulltrúi og lánasjóðsfulltrúi sem stóðu að undirbúningi.

Undirbúningur

Í kjölfar kjörfundar Stúdentaráðs boðaði nýr forseti til rafrænnar atkvæðagreiðslu um dagsetningar stefnumótunarferðarinnar. Var það til að geta ákveðið í sameiningu hvenær hentaði best að fara með tilliti til samfélagsaðstæðna. Það voru því Stúdentaráðsliðar sem kusu helgina 18. og 19. júlí sem skrifstofa Stúdentaráðs lagði til. Forseti minnti reglulega á dagsetninguna þannig að meðlimir gætu tekið daginn frá auk þess að varaforseti útbjó viðburð á heimasvæði ráðsins á Facebook. Þar var auglýst skráning, verð, mat og gistingu með, dagskráin og annað tilfallandi. Til viðbótar var útbúið bílaskjal þannig að fólk gæti verið samferða í færri bílum. Tekið var ítrekað fram að ferðin væri fyrir öll sem tilheyrðu Stúdentaráði, þ.e.a.s. fyrir Stúdentaráðsliða, varafulltrúa, nefndarmeðlimi og sviðsráðsmeðlimi. Brýnt var mikilvægi þess að taka þátt og skrá sig tímanlega.

Undirbúningurinn hófst í maí og var ákveðið að halda ferðina utan höfuðborgarsvæðisins til þess að reyna að fá sem flesta til að mæta og skapa gott umhverfi fyrir málefnavinnu. Mörg húsnæði voru könnuð en að lokum hentaði Lyngbrekka best vegna bæði nálægðar og verðs. Forseti og lánasjóðsfulltrúi sáu um skipulag málefnavinnunar sem átti að fara fram og ásamt



Stúdentaráð Háskóla Íslands

varaforseta rissuðu upp dagskrá fyrir helgina. Varaforseti og lánasjóðsfulltrúi sáu svo um matarinnkaup og aðstöðuna.

Hagsmunafulltrúi og forseti voru ábyrgð fyrir húsnæðinu og öllum frágangi. Með í ferðina komu einnig ritstjóri sem var með hugmyndaborð vegna Stúdentablaðsins og alþjóðafulltrúi sem hélt kynningu á Aurora háskólasamstarfsnetinu.

Dagskrá

Laugardagurinn byrjaði á að fara yfir dagskrána og koma sér fyrir. Klukkan 11:30 byrjaði hópefli, þar sem þátttakendur kynntust og brutu ísinn. Síðan var fyrsta kynning dagsins, lánasjóðsfulltrúi SHÍ kynnti Menntasjóð námsmanna - nýja námslánakerfið. Þátttakendum var gefið færi á að spyrja spurninga og læra meira um

Menntasjóðinn. Klukkan 12:30 var gert hlé á vinnunni og boðið upp á hádegismat. Eftir hádegismat kynnti alþjóðafulltrúi SHÍ Aurora háskólasamstarfsnetið ásamt verkefnum sem voru á dagskrá. Eftir kynninguna tók við tveggja klukkustunda málefnavinna þar sem þátttakendum var skipt upp eftir nefndum SHÍ og unnið var að framkvæmdaáætlun fyrir hverja nefnd. Klukkan 15:30 var boðið upp á kaffihlé áður en haldið var í að kynna niðurstöður málefnavinnunnar og mynda tímalínu fyrir vinnu starfsársins. Einnig var stutt hópefli til að hrista upp í fólki og viðhalda orkustiginu. Síðan var hugmyndavinna sem skipt var eftir fjórum málefnum þar sem safnað var hugmyndum. Einnig var eitt leikjaborð til að viðhalda orkustiginu. Klukkan 18:00 var stutt hlé áður en síðustu kynningar dagsins áttu sér stað. Hver

STEFNUMÓTUNARFERÐ

18. - 19. júlí



LAUGARDAGUR
11:00 **mæting**

Spurningakassi opnar

11:30 **hópefli 1.0**

Nafnaleikur til að hrista okkur saman

12:00 **kynning #1 MSN**

Sara Þóll lánasjóðsfulltrúi fer yfir stöðu menntasjóðs námsmanna

12:30 **hádegismatur**

12:45 **kynning #2 alþjóðamál**

Emily Reise alþjóðafulltrúi fer yfir stöðu Stúdentaráðs í alþjóðamálum

13:30 **málefnaþorð**

Umhverfis- og samgöngumál
Ejrnáms- og atvinnulífsmál
Alþjóðamál
Jafnréttismál
Fjölskyldunefnd

Ræðum og byrjum að móta framkvæmdaáætlun nefnda en 20 mín á hverju borði

15:30 **kaffi!**

Kaffipása

15:45 **niðurstöður málefnaþorða**

Ræðum niðurstöður málefnaþorðanna og myndum tímalínu.

Eftir það er leikur til að koma biðinu á hreyfingu

16:45 **brainstorm borðaumræða**

Heimferð SHÍ - ábyrgð VÍBÍL
Háskólinn eftir COVID-19 - ábyrgð: Lenya
Leikjaborð - ábyrgð: Guðný
Suprise borð - ábyrgð: Mikael

18:00 **hlé!**

18:15 **kynning #3 frá sviðsráðum**

Sviðsráðsforsetar frá
FVS, HVS, VON, MVS & HUGS

19:15 **kvöldmatur**

Skrifstofa SHÍ úthýr kvöldmat
Ísabel forseti fer yfir spurningar úr spurningakassanum yfir kvöldmatum

20:15 **kvöldskemmtun**

SUNNUDAGUR

10:00 **morgunmatur**

Morgunmatur og treo.

Sameiginleg tiltek
Leigjum af stað í heiminu ei síður en 12:00



Stúdentaráð Háskóla Íslands

og einn sviðsráðsforsetar hélt kynningu um sitt svið. Þegar því var lokið, var haldið í kvöldmat og síðan endað kvöldið á kvöldskemmtun. Þátttakendum var boðið að gista á staðnum. Dagskránni lauk á sunnudeginum kl. 10:00 þegar snætt var morgunverð og tekið til eftir ferðina.

Málefnavinna

Málefnavinna ferðarinnar var skipt upp í tvo hluta. Fyrri hlutinn snéri einungis að nefndum SHÍ. Þátttakendum var skipt upp eftir nefndunum sínum og fékk hver nefnd sér borð. Stúdentaráðsliðar sem ekki voru hluti af ákveðinni nefnd fengu að skipta sér upp eftir áhugasviði sínu. Hvert borð var með borðstjóra sem leiddi vinnuna. Fengu allir borðstjórar sömu verklýsinguna til að tryggja samræmdar vinnuaðferðir. Hér má sjá verklýsinguna:

1. Borðstjórinn dregur fram framkvæmdaáætlun sinnar nefndar og kynnir hana létt (ef borðmeðlimir hafa ekki nú þegar farið yfir hana). Ef allir borðmeðlimir hafa áður farið yfir framkvæmdaáætlunina þá má sleppa þessu stigi.
2. Eftir að hafa farið yfir framkvæmdaáætlunina mun allt borðið ræða sín á milli og 'tikka við/stroka yfir' þær aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar á síðastliðnu ári. Ef búið er að tikka við/stroka yfir aðgerðirnar þá má sleppa þessu stigi og fara beint í næsta.
3. Borðstjórinn dregur fram flettitöflublað merkt sinni nefnd. Borðstjóri dreifir post-it miðum á hvern og einn borðmeðlim (ásamt því að taka nokkra fyrir sig). Borðstjórinn dregur fram annað blað með nokkrum litakóðuðum spurningum á:
 - a. Hvað getur þessi nefnd stefnt að á komandi ári?
 - b. Er hægt að bæta aðgerðirnar sem standa eftir svo þær verði framkvæmdar á komandi ári?
 - c. Er eitthvað sem er á framkvæmdaáætlun þessarar nefndar sem á ekki lengur við?

Nú tekur við einstaklingshugmyndavinna. Hver og einn borðmeðlimur á að svara spurningunum á post-it miðana (ath! passa þarf að hafa ekki of langar setningar á post-



it miðunum). Þegar fólk er búíð að skrifa sínar hugmyndir á post-it miðana má setja þá á flettistöflublaðið.

4. Þegar hver og einn hópmeðlimur er búinn að svara spurningunni, biður hópstjórinn alla um að deila sínum hugmyndum svo umræða skapist. Hópurinn getur þá farið að bæta við post-it miðum (*t.d. ef einhver möguleg aðgerð poppar upp í samræðunum*) eða tekið post-it miða af flettistöflublaðinu (*t.d. ef hópurinn heldur að einhver aðgerð sé ekki geranleg eða að það sé ókostur að fjarlægja ákveðna aðgerð af framkvæmdaáætlun nefndarinnar*).
5. Ef það er eitthvað sem er óskiljanlegt, þarf hópurinn að leiðrétta það svo allar hinar nefndirnar skilji hvaða þælingar hópurinn er að setja fram.
6. Hver og einn hópur raðar sínu flettistöflublaði á borðið sitt ásamt framkvæmdaáætluninni. Látið leiðandann (aðilinn sem er með yfirumsjón með málefnavinnunni) vita að borðið sé tilbúið. Nú tekur við silent debate.

„Silent debate-ið“ var með eftirfarandi verklýsingu:

1. Hvert borð á nú að hafa myndað „nýja“ framkvæmdaáætlun og raðað henni á sitt borð.
2. Hver og einn þátttakandi (óháð nefnd) fer um salinn og skoðar allar framkvæmdaáætlunirnar. Þátttakendur fá tækifæri til að bæta við athugasemdum við allar framkvæmdaáætlunir. Þátttakendur fá nokkra post-it miða og penna og setja sínar athugasemdir ofan á flettistöflublaðið. Í miðjunni á salnum eru síðan auka post-it miðar eða pennar. (ath. hér er engin röðun á hvert fólk fer, fólk fer um og skrifar niður athugasemdir eða ekki).
3. Það er hægt að kasta eftirfarandi spurningum fram svo fólk fái hugmyndir að athugasemdum.
 - a. Hvað getur þessi nefnd stefnt að á komandi ári?
 - b. Er eitthvað sem er á framkvæmdaáætlun þessarar nefndar sem á ekki lengur við?



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- c. Hvernig er mögulega hægt að vinna að þessu málefni?
- d. Hverju myndir þú breyta/bæta?
- e. Getur þessi nefnd unnið að einhverju hér í samstarfi við þig/þína nefnd/önnur samtök/aðra hópa?

Þegar þessu skrefi var lokið, fóru þátttakendur aftur á sitt borð og unnu inn athugasemdirnar sem þeir fengu frá „silent debate-inu.“ Einnig vann hvert borð að tímalínu fyrir árið. Tímalínan átti að svara eftirfarandi spurningum: 1. Hvenær ætlar nefndin að vinna að ákveðnum atriðum? og 2. Er eitthvað sem spannar yfir allt árið?

Seinni hluti málefnavinnunnar snéri að fjórum málefnum; Herferð SHÍ, Háskólinn eftir COVID-19, 100 ára afmæli SHÍ og Stúdentablaðið. Þátttakendum var skipt upp í fjórar stöðvar þar sem hvert og eitt málefni var með sérstöð nema 100 ára afmæli SHÍ og Stúdentablaðið var saman. Ein stöð var einungis fyrir leiki til að viðhalda orkustiginu og brjóta upp vinnuna. Hver og einn hópur kom við á hverri stöð til að tryggja aðkomu allra að hugmyndavinnunni. Verklýsing var útbúin fyrir hverja og eina stöð, nema leikjaborðið. Verklýsingarnar voru mjög svipaðar þeirri og í fyrri hluta málefnavinnunnar.

Matur og gisting

Stúdentaráð sá um máltíðirnar yfir helgina og fóru eftir fæðuvali hvers og eins sem var tilgreint í skráningaskjalinu. Þannig var tekið tillit til þeirra sem kusu grænmetisfæði, veganfæði og þeirra sem voru með óþol eða ofnæmi. Skrifstofan keypti aðallega í kvöldmáltíðina sem var vegan pasta ásamt baguette sem kokkarnir gerðu hvítlauksbrauð úr. Það var ákveðið sérstaklega þar sem það parast vel með brauði og fyrri ár hefur alltaf fengist mikið af gefin brauðhleifum. Bakkelsi fékkst einmitt gefins frá Brauð & Co aðallega og keypti skrifstofa álegg og kaffi til að bjóða upp á í kaffipásam og í morgunmat á sunnudeginum. Þá útbjó varaforseti sérstaklega kjúklingabauna-túnfisksalat sem féll vel í kramið hjá gestum. Því til viðbótar hafði Mekka áhuga á að gefa drykki en ekki var boðið upp á það allt.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Þátttakendur voru 28 talsins auk 6 frá skrifstofunni. Það reyndist erfiðara að fá þátttakendur til að gista en áætlað var. Margir keyrðu heim um kvöldið og ræddi skrifstofan það á milli sín hvort ráð væri að prófa að halda stefnumótunina á höfuðborgarsvæðinu næst, en það væri undir nýju Stúdentaráði að ákveða.

Kostnaður

Þáttökugjaldið í ferðina var 1.200 kr. í ár sem samþykkt var af stjórn Stúdentaráðs í kjölfar umræðna á skrifstofunni og á stjórnarfundi. Eðlilegt var að halda verðinu í lágmarki en verðið hækkaði lítillega frá árinu á undan til að ná utan um matarinnkaupin og leigunni á aðstöðunni.

Kostnaðarliður	Upphæð	Innkoma	Upphæð
Matur	- 18.813	Þáttökugjald	33.600 kr.
Húsnæði	- 50.000 kr.		
Samtals	68.813 kr		

Úrvinnsla

Hópstjórar tóku saman vinnu sína eftir á og skiluðu inn til skrifstofunnar. Því næst var vinnan kynnt fyrir Stúdentaráði á fundum 24. ágúst, 16. september og 21. október 2020. Í ágúst kynnti forseti niðurstöður úr sérstöku málefnaþingunum um háskólann eftir kórónuveirufaraldurinn og 100 ára afmæli Stúdentaráðs. Í september kynntu fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjármála- og atvinnulífsnefnd og lagabreytinganefnd framkvæmdaáætlanir sínar út frá niðurstöðunum. Loks í október kynntu kennslumálanefnd, alþjóðanefnd, jafnréttisnefnd og nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd framkvæmdaáætlanir sínar einnig út frá vinnunni í stefnumótunarferðinni.

Ferlið var því eftirfarandi:



Stúdentaráð Háskóla Íslands

1. Vinna í stefnumótunarferð í júlí 2020
2. Samantekt hópstjóra í kjölfar ferðarinnar
3. Nefndir/skrifstofa vinna með niðurstöður/samantekt í júlí og ágúst 2020
4. Nefndaforsetar skrifa upp stefnuna/aðgerðaáætlunina í júlí og ágúst 2020
5. Nefndaforsetar kynna drög fyrir Stúdentaráði í september og október 2020
6. Drög lögð fyrir Stúdentaráð til samþykktar í september og október 2020

Athugasemdir

Þátttakendur voru beðnir um að svara könnun eftir ferðina til að kortleggja betur hvernig þeim hefði fundist ganga, hvað hefði farið vel og hvað mætti bæta í framhaldinu. Hér er samantekt á þeim svörum sem bárust:

1. Hvernig fannst þér ferðin ganga heilt yfir? / How do you think the trip went?

Svarendur voru þrír Stúdentaráðsliðar og tveir nefndarmeðlimir. Fjórir af fimm sögðu hana hafa gengið mjög vel. Einn sagði hana hafa gengið vel.

2. Voru einhver sérstök atriði sem þér fannst ganga vel? Ef svo er hver? / Was there anything special that you think went well? If so, what was it?

- a. Vinnan við borðin með nefnundum gekk mjög vel fyrir sig
- b. Skipulagið var frábært og vel fylgt. Dagskráin ekki of umfangsmikil eins og getur komið fyrir. Maturinn mjög góður.
- c. Umræðuborðin
- d. Prógrammið og skipulagið var mjög gott og leikirnir hristu aðeins upp í hópnum.

3. Voru einhver sérstök atriði sem þér fannst ganga illa? Ef svo er hver? / Was there anything that you think went bad? If so, what was it?

- a. Hefði mátt sleppa gistingu og halda frekar í bænum miðað við hve margir fóru hvort eð er. Ýtir kannski líka undir betri þátttöku og fólk mætir á réttum tíma



Stúdentaráð Háskóla Íslands

4. Ertu með einhverjar hugmyndir fyrir komandi ár? / Do you have any ideas for next year's trip?

- a. Halda í bænum næst, getur aukið þátttöku ef hún var ekki 100%. Hægt að redda hlutum sem fara á mis á skotstundu eins og kannski potti með handföngum.
- b. Meira hópefli, fleiri leikir um kvöldið.

6.2 KÓRÓNUVEIRUFARALDURINN

Ný réttindaskrifstofa Stúdentaráðs tók við á ögurstundu og sökkta sér í umfangsmiklu vinnuna sem fráfarandi skrifstofa var búin að vinna. Stúdentaráð hafði á þessum tíma þegar unnið og sent út tvær kannanir til að kortleggja stöðu stúdenta á vinnumarkaði og í námi við Háskóla Íslands. Á grundvelli þeirra niðurstaðna hafði ráðið jafnframt lagt fram kröfur til stjórnvalda sem og háskólayfirvalda vegna stöðu háskólastigsins og stúdenta á tímum kórónuveirufaraldurs, fyrst 23. mars og síðan 11. apríl 2020. Bar þar hæst krafa Stúdentaráðs um um rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta. Stúdentaráð fór fram á að stúdentum yrði tryggt öryggisnet fyrir sumarið enda var orðið ljóst að fjárhagsstaða námsfólks væri slæm og var viðbúið að hún færi versnandi ef ekki yrði gripið til langtímalausna. Stúdentaráð lagði einnig til endurskoðunnar á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna til að gera sumarnám að raunhæfum kosti sem og niðurfellingu á skrásetningargjaldi við opinbera háskóla.

Nýja ráðið hélt staðfast áfram að krefjast betri og sanngjarnari kjara fyrir stúdenta. Ráðið kom til með að leggja fyrir fjórar kannanir til viðbótar um líðan og stöðu stúdenta á vinnumarkaði að eigin frumkvæði. Tvær þeirra í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) og ein þeirra í samstarfi við Amalíu Björnsdóttur og Þuríði Jóhannsdóttur, prófessorar á Menntavísindasviði. Að auki hafði ráðið aðkomu að einni annarri könnun í gegnum LÍs sem var unnin með Mennta – og menningarmálaráðuneytinu.

Stúdentaráð hefur því til viðbótar skilað inn fimm umsögnum til Alþingis frá því að nýtt ráð tók við er varða breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og aðgerðir til að draga úr tjóni kórónuveirufaraldursins. Þá skilaði ráðið inn einni umsögn til Reykjavíkurborgar vegna breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá borginni. Umsagnir Stúdentaráðs taka fyrst og fremst mið af stöðu stúdenta innan atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins sem og atvinnuleysi stúdenta.

Stúdentaráð hefur fundið mikinn meðbyr með kröfu sinni í samfélaginu. LÍS stóð fyrir undirskriftasöfnun þar sem kallað var eftir stuðningi við kröfu stúdenta til atvinnuleysisbóta sem 2.814 manns skrifuðu undir. Samstarfsnefnd háskólastigsins, sem samanstendur af öllum rektorum háskóla á Íslandi, studdi kröfu stúdenta um rétt okkar til atvinnuleysisbóta. Var það rektor Háskóla Íslands sem skrifaði undir yfirlýsinguna fyrir hönd nefndarinnar. Á Alþingi hefur verið umræðan oft og tíðum beinst að stúdentum og Stúdentaráði sýndur stuðningur. Þá tók Alþýðusamband Íslands undir atvinnuleysisbótakröfu stúdenta og 84.2% stúdenta sögðust styðja þá kröfu stúdenta yfir sumartímenn. Á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar í desember 2020 lögðu fulltrúar þriggja flokka fram bókun þar sem þau skoruðu á ríkið að koma til móts við stúdenta með því að veita þeim rétt á fjárhagsaðstoð úr atvinnuleysistryggingasjóði.

Í þessum kafla verður gert grein fyrir viðbrögðum og gagnaöflun ráðsins í tengslum við stöðu stúdenta á tímum kórónuveirufaraldursins. Farið verður m.a. yfir kröfur Stúdentaráðs gagnvart stjórnvöldum, vinnumarkaðs- og menntaúrræði stjórnvalda, skólahald og starfsemi Háskóla Íslands, geðheilbrigðisþjónustu fyrir stúdenta, úrræði Háskóla Íslands, Félagsstofnunar stúdenta og Menntasjóðs námsmanna vegna faraldursins.





6.2.1 KANNANIR STÚDENTARÁÐS

Hér verður farið yfir kannanir Stúdentaráðs en samantekt á þeim öllum má finna í heild sinni á heimasíðu ráðsins, student.is undir Útgefið efni.

6.2.1.1 ATVINNUMÁL OG AÐSTÆÐUR NÁMSMANNA VEGNA COVID-19 - MAÍ 2020

Þriðja könnunin var unnin af Stúdentaráði og lögð fyrir stúdenta 14. maí 2020 þvert á háskóla landsins, ólíkt hinum tveimur. Könnun var send út í samstarfi við Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Áfram var spurt út í andlega líðan en spurt var sérstaklega út í fjárhagsáhyggjur stúdenta til að undirstrika enn frekar atvinnuleysisbótakröfu Stúdentaráðs. Þátttakendur voru 2453 talsins. Eftirfarandi atriði voru mikilvæg:

- 38,9% sögðust ekki vera komin með öruggt sumarstarf en að þau væru í atvinnuleit. Voru þessar tölur í samræmi við könnun Stúdentaráðs frá 6. apríl, þar sem 40% stúdenta horfðu fram á atvinnuleysi yfir sumartímann.
- 70,5% sögðust hafa verið í sumarstarfi á þessum tíma árið á undan. Það var því meiri en helmingurinn af þeim sem voru í vinnu 2019 sem voru atvinnulausir 2020.
- Spurt var hvort sumarstörf svarenda hefðu breyst vegna COVID-19 og 20,8% sögðust ekki hafa fengið neitt sumarstarf á neinum tímamarki og 19,8% sögðust hafa misst það starf sem þau höfðu þegar fengið. Saman voru það því 40,6% stúdenta sem ekki höfðu fengið sumarstarf eða misst það.
- Skrásetningargjaldið þótti íþyngjandi fyrir 45,6% stúdenta.
- 84,2% studdu atvinnuleysisbótakröfu stúdenta yfir sumartímann.
- 54,9% sögðust munu eiga erfitt eða ekki getað mætt útgjöldum sínum um sumarið.
- 52,7% stúdenta merktu fjárhagsáhyggjur á bilinu 6-10, á skalanum 1 – 10. 0 verandi ekki neitt og 10 verandi það mesta.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- 64,5% stúdenta unnu samhliða námi og 88,7% stúdenta komust ekki af fjárhagslega án hlutastarfs eða myndu eiga erfitt með það.
- 53,2% merktu andlega líðan sína við 6 eða yfir á skalanum 1-10. 0 verandi ekki neitt og 10 það mesta, þ.e.a.s. að líða mjög illa.

Af þessum tölum mátti draga þá ályktun að staða stúdenta á vinnumarkaði væri enn fremur slæm. Jafnvel þó að fleiri stúdentar væru komnir með starf frá því í apríl, var enn stórt hlutfall atvinnulausra sem að mati Stúdentaráðs undirstrikaði atvinnuleysisbótakröfu stúdenta.

6.2.1.2 HÁSKÓLANEMAR OG SUMARSTÖRF - JÚNÍ 2020

Fjórða könnunin var unnin af Stúdentaráði Háskóla Íslands í samstarfi við Landssamtök íslenskra stúdenta og mennta- og menningarmálaráðuneytinu en framkvæmd af Maskínu. Könnunin fór á nemendur við sjö háskóla á landinu þann 29. maí 2020 og var markmiðið að kanna áfram líðan og stöðu stúdenta á vinnumarkaði í tengslum við kórónuveirufaraldurinn.

Stúdentaráð, LÍS og ráðuneytið hafa verið ósammála um framkvæmd og túlkun niðurstaðna þessarar könnunar, en hún var gerð í kjölfar fyrstu samstarfskönnunar þessara þriggja aðila sem að mati Stúdentaráðs var ekki litin alvarlegum augum og því ákvað mennta- og menningarmálaráðuneytið að senda út fjórðu könnunina til að fá *raunverulegar tölur* og fékk óháðan aðila, Maskínu til að framkvæma hana. Þátttakendur voru 2640 talsins og voru niðurstöðurnar fyrst birtar af Stúdentaráði þann 16. mars 2021. Eftirfarandi atriði voru mikilvæg:

- Atvinnuleysi meðal stúdenta var enn 16,2% í júní 2020.
- 43,6% af þeim sem voru atvinnulausir sáu fyrir sér að fara í sumarnám og 17,6% aðeins ef þau yrðu ennþá atvinnulaus.

- 69,4% af þeim sem voru atvinnulausir höfðu ekki fengið boð um sumarstarf í júní og 25,4% voru komin með sumarstarf en misst það.
- 67,4% þeirra sem ekki voru komin með starf sögðust myndu eiga erfitt með að mæta útgjöldum sínum í sumar og 23,8% sögðu það verða í meðallagi. Sömuleiðis sögðust 64,3% þeirra sem voru komin með starf eiga auðvelt með að mæta útgjöldum sínum.
- Af þeim sem sögðust ætla að skrá sig í sumarnámskeið, sögðust flestir svarenda eða 65,8%, ekki ætla að sækja um námslán jafnvel þó þau yrðu atvinnulaus.
- 45% þótti skrásetningargjöld við opinbera háskóla vera lítið og ekki íþyngjandi og 30% þótti það fremur og mjög íþyngjandi.
- Á skalanum 0-10 sögðust 5,7% vera mjög hamingjusamur/söm og 0,3% sögðust vera mjög óhamingjusamur/söm. 0 verandi mjög óhamingjusamur/söm og 10 verandi mjög hamingjusamur/söm. Flestir svarendur, eða 29,3%, staðsettu sig á 8 á skalanum.
- Á skalanum 0-10 sögðust 14,8% svarenda upplifa alls engar fjárhagsáhyggjur í þeim aðstæðum sem eru vegna Covid-19. 0 verandi mjög miklar áhyggjur og 10 verandi alls engar áhyggjur. 5,1% svarenda sögðust upplifa miklar fjárhagsáhyggjur.

Þegar á heildina er lítið var jákvætt að sjá minnkað hlutfall atvinnulausra og betri líðan. Hins vegar var enn 16,2% atvinnuleysi meðal stúdenta og þótti Stúdentaráði réttast að athuga betur hvers vegna það væri og sömuleiðis hvað væri hægt að gera betur. Í samskiptum Stúdentaráðs við stjórnvöld gagnrýndi ráðið framsetningu á niðurstöðum könnunarinnar þar sem af þessum 16,2% voru dregin af 6,5%, sem voru þau sem ætluðu í sumarnám, og svo önnur 0,5% sem höfðu þegar fengið boð um starf. Þannig var meiningin að sýna fram á að aðeins 9,2% stúdenta væru atvinnulausir.

Það var með öllu óttækt þar sem það að fara í sumarnám er með engu móti það sama og að eiga starf sér til framfærslu. Af þessum sem ætluðu í sumarnám voru líka 10,5% sem sögðust ætla að vera á námslánum samhliða, sem er beinlínis skuldsetning. Ekki tókst að fara af stað með aðra könnun á haustmisseri til að kortleggja stöðu stúdenta yfir sumarið betur og



sömuleiðis haustið þrátt fyrir mikinn vilja Stúdentaráðs til þess. Í kaflanum um fjárhagslegt öryggi stúdenta verður farið betur yfir samstarf Stúdentaráðs og mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna þessarar könnunar.

6.2.1.3 LÍÐAN OG STAÐA NEMENDA Í NÁMI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS VEGNA COVID-19 - OKTÓBER 2020

Fimmta könnun Stúdentaráðs fór út 9. október 2020 og var lögð fyrir stúdenta við Háskóla Íslands í kjölfar þess að hertar aðgerðir voru boðaðar vegna fjölda smita í samfélaginu og ljóst var að stúdentar hefðu áhyggjur af námi sínu. Markmiðið var þannig að kortleggja stöðuna betur. Þátttakendur voru 2.208 talsins. Eftirfarandi atriði voru mikilvæg:

- 62,88% umgangast mjög reglulega fólk í áhættuhóp og 78,04% hafa haft miklar eða frekar miklar áhyggjur af því að nákominn smitist. Þá eiga 32,32% einhvern nákominn sem hafa veikst af COVID.
- Aðeins 2,04% höfðu veikst af COVID, hins vegar höfðu 27,99% þurft að fara í sóttkví.
- Frá því að misserið hófst höfðu 64,32% haft miklar og frekar áhyggjur af því að smitast á móti 19,22% sem höfðu frekar litlar og mjög litlar áhyggjur.
- 67,45% leið frekar illa og mjög illa í þeim aðstæðum sem voru sökum COVID og 11,67% leið frekar vel og mjög vel.
- 72,99% upplifa frekar mikið og mjög mikið álag sökum COVID sem þau töldu hafa áhrif á námsframvindu sína.
- 30,7% sáu fram á að klára misserið með þeim markmiðum sem þau settu sér í byrjun misserisins og 55,92% sáu fram á að klára misserið en ekki með jafn góðum árangri og þau ætluðu sér.
- 63,87% leist mjög illa og frekar illa á að lokaprófin á haustmisseri væru staðpróf á móti 14,8% sem leist mjög vel og frekar vel á það.
- 75,58% leist mjög vel og frekar vel á að lokaprófin á haustmisserinu yrðu heimapróf á móti 6,64% sem leist frekar illa og mjög illa á það.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

→ 60,71% hefðu viljað ljúka námsmatinu með verkefnaskilum í stað lokaprófs og 48,18% hefðu nýtt sér „staðið/fallið“ úrræðið ef það hefði verið í boði.

Niðurstöðurnar voru til marks um að aðstæðurnar væru að leggja þungt á stúdenta og að mikill meirihluti þeirra væri að upplifa álag sem þau töldu að hefði áhrif á námið sitt. Þá mátti sjá að stúdentar voru bæði áhyggjufullir um að smitast og að einhver nákominn þeim myndi smitast af COVID. Það var jafnframt ljóst að ákjósanlegasta leiðin fyrir stúdenta til að ljúka misserinu væri með heimaprófum eða verkefnaskilum. Af skriflegu athugasemdunum að dæma áttu stúdentar mjög erfitt með fjarnámið, t.a.m. ósamræmið milli kennsluaðferða, einhæfa kennsluhætti og ójafnræðið sem skapaðist milli deilda og fræðasviða.

6.2.1.4 REYNSLA STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS AF NÁMI Á TÍMUM COVID-19 SKÓLAÁRIÐ 2020–2021

Í samstarfi við Amalíu Björnsdóttur og Þuríði Jóhannsdóttur, próffessorar á Menntavísindasviði, lagði Stúdentaráð fyrir könnun um reynslu stúdenta við Háskóla Íslands af námi skólaárið 2020–2021. Spurt var hvernig faraldurinn og breytt fyrirkomulag kennslu hefur haft áhrif á námið, fjárhag og líðan, ásamt því að spyrja út í sumarstörf og sumarnám fyrir sumarið 2021. Þegar þetta er skrifað hefur könnuninni ekki lokað og niðurstöður því ekki fengist.

Síðastliðið voru Amalía og Þuríður út sambærilega könnun til allra stúdenta Háskóla Íslands í samstarfi við kennslusvið til að kanna viðhorf stúdenta af vormisseri 2020 á COVID-19 tímum. Niðurstöður þeirrar könnunar hafa verið birtar í skýrslu og í Tímariti Kennslumiðstöðvar HÍ.

6.2.2 FJÁRHAGSLEGT ÖRYGGI STÚDENTA: MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA OG ATVINNULEYSISTRYGGINGAKERFIÐ



Stúdentaráð hefur farið fram á að stúdentum sé að nýju tryggður réttur að atvinnuleysistryggingakerfinu og sömuleiðis bættum kjörum í námslánakerfinu. Atvinnuleysisbótakrafan var upphaflega lögð fram 23. mars 2020 í kjölfar umsagnar Stúdentaráðs til velferðarnefndar Alþingis 17. mars 2020 vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Krafan sneri þá að því að stúdentum yrði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta yfir sumarið 2020, þar sem við blasti mikið atvinnuleysi meðal stúdentahópsins strax í mars og ljóst að ekkert annað öryggisnet stæði stóra stúdentahópnum til boða fyrir utan námslánakerfið. Atvinnuleysisbætur voru það úrræði sem myndi grípa allt námsfólk sem ekki gæti leitað annað að fjárhagslegu öryggi.

6.2.2.1 ATVINNULEYSISBÆTUR FYRIR STÚDENTA

Í júlí 2020 samþykkti Stúdentaráð að halda áfram að beita sér fyrir því að stúdentum yrði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta og einskorðaðist það ei lengur við sumarið 2020 eða kórónuveirufaraldurinn. Enda byggir atvinnuleysisbótakrafan á tveimur mikilvægum staðreyndum.

Í fyrsta lagi rennur atvinnutryggingagjald af launum stúdenta í atvinnuleysistryggingasjóð eins og hjá öllu öðru vinnandi fólki, sem ólíkt stúdentum eiga rétt á fjárhagsaðstoð úr sjóðnum. Það er samkvæmt 3. gr. laga um tryggingagjald sem tekjur ríkisins renna af atvinnutryggingagjaldi til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem launagreiðandi greiðir af launum starfsfólks. Í dag er atvinnutryggingagjaldið 1,35%. Ef miðað er við að 70% stúdenta Háskóla Íslands vinni samhliða námi, í hálfu starfi að vetri og fullu starfi að sumri á lágmarkslaunum, nema atvinnutryggingagjöld þess hóps yfir 4 milljarða króna frá 2010, eða 4.043.326.613. Hér er miðað við hlutföll vinnandi stúdenta sem fengin eru úr EUROSTUDENT IV og lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Samkvæmt EUROSTUDENT VI vinna stúdentar þó að meðaltali 26 klst. á viku með námi sem er nær 70% starfshlutfalli og því er talan í raun töluvert hærra en 4 milljarðar sem stúdentar hafa greitt í sjóðinn. Þá má þess geta



Stúdentaráð Háskóla Íslands

að fyrstu tölur úr sjöundu umferð EUROSTUDENT VII er að vænta í ár en fyrstu tölur voru birtar í október 2020.

Í öðru lagi áttu stúdentar rétt á atvinnuleysisbótum, í námshléum, fram að 1. janúar 2010 þegar sá réttur var tekinn af þeim með lögum nr. 134/2009 um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi í nóvember 2009 og fór 3. umræða og samþykki frumvarpsins fram þann 18. desember 2009. Sumarið eftir hrun stóð því réttur námsmanna til atvinnuleysisbóta óhaggaður. Á þeim tíma lét Stúdentaráð sig málið sig varða ásamt Stúdentafélagi Háskólans í Reykjavík, Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Nemendafélagi á Bifröst og Sambandi íslenskra námsmanna erlendis.

Námslánakerfið er það kerfi sem á að grípa stúdenta og eru það ein rökin gegn atvinnuleysisbótakröfu stúdenta. Um er að ræða tvö aðskilin kerfi sem ekki hefur tekist að breyta þannig að þau gangi upp saman. Í þessu samhengi má einnig geta að skörun atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins er þannig að stúdent er ekki heimilt að vera í meira en 12 einingum, samhliða vinnu, til að eiga rétt á stuðningi úr atvinnuleysistryggingakerfinu missi hann vinnuna en verður stúdent að standast 22 einingar til að eiga kost á námslánum. Það skiptir engu máli hvort stúdent sé í námi og hlutastarfi eða í 100% vinnu, jafnvel til margra ára, og námi með, því stúdent sem missir vinnuna hefur engan rétt á fjárhagsaðstoð úr atvinnuleysistryggingakerfinu aðeins vegna þess að hann stundar nám. Það er því stór hluti námsfólks sem fellur milli kerfa. Námslánakerfið á að sjá námsmönnum fyrir framfærslu á skólaárinu en ekkert kerfi er til staðar sem grípur fólk á sumrin sé það án atvinnu og ekki í skóla. Krafa Stúdentaráðs snýst því einfaldlega um að vinnandi námsfólk geti sótt sér þann rétt sem þeir hafa áunnið sér með greiðslu atvinnutryggingagjalds af launum sínum. Það er fráleitt að stúdentar hafi verið án réttinda úr sjóðnum í áratug og eiga stúdentar að hafa kost á því til jafns við aðra vinnandi landsmenn að sækja sér fjárhagsaðstoðar sökum atvinnuleysis.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráð hefur eins og fyrr segir skrifað fimm umsagnir við frumvörp er varða breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og aðgerðir til að draga úr efnahagslegum áhrifum faraldursins. Þær umsagnir er hægt að finna í þessari skýrslu undir kaflanum *Útgefið efni* og á heimasíðu Stúdentaráðs. Frá upphafi faraldursins eru þær þó alls sjö talsins. Í öllum umsögnunum hefur ráðið krafist þess að stúdentum sé tryggður réttur til atvinnuleysisbóta með mjög skýrum rökstuðningi. Þann 25. janúar 2021 áréttaði Stúdentaráð kröfur sínar og sendi erindi þess efnis á forsætisráðuneytið, efnahags- og fjármálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið. Sama dag áréttaði lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs, sem jafnframt er fulltrúi stúdenta í stjórn Menntasjóðs námsmanna, kröfu ráðsins um hækkun grunnframfærslunnar sem hafði verið til umfjöllunar í úthlutunarreglunefnd í tengslum við endurskoðun reglnanna. Það er nefnilega þannig að stjórn sjóðsins leggur tillögur að nýjum reglum fyrir ráðherra og ráðherra setur þær síðan eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Bæði erindin voru mikilvægur liður í herferð Stúdentaráðs vikuna 25. til 29. janúar 2021.

6.2.2.2 SAMSTARF VIÐ STJÓRNVÖLD

Samstarf Stúdentaráðs, LÍS og mennta- og menningarmálaráðuneytisins má auðvitað rekja til samfélagsástandsins en kom formlega til vegna þeirrar gagnaöflunar sem Stúdentaráð stóð fyrir með eigin könnunum. Lá það beinast við að forysta stúdentahreyfingana og ráðuneytið væri í góðum samskiptum í gegnum faraldurinn, og tókst það vel. Fráfarandi forseti hafði setið í samhæfingarhópi stjórnvalda um aðgerðir í mennta- og vinnumarkaðsmálum og átt samráðsfundi með ráðherra og fulltrúm ráðuneytisins. Þeir fundir héldu áfram þegar nýr forseti Stúdentaráðs tók við og sat forseti þá ásamt forseta LÍS á fundum með fulltrúum ráðuneytisins. Fundirnir hafa verið með reglulegu millibili út starfsárið og voru til að byrja með vettvangur til að ræða fjárhagsstöðu stúdenta, enda höfðu stjórnvöld boðað sumarstörf og sumarnám fyrir sumarið 2020 sem stúdentahreyfingarnar fylgdust grannt með.



Í kjölfar fyrstu samstarfskönnunarinnar sem sýndi enn hátt hlutfall atvinnulausra stúdenta, ákvað ráðuneytið að fá óháðan aðila til að framkvæma nýja könnun í júní 2020. Þegar niðurstöðurnar lágu fyrir 12. júní var það sameiginlegur skilningur að þær yrðu birtar opinberlega á vef stjórnarráðsins sem og að fréttatilkynning yrði send út. Þann 16. júní barst skrifstofu Stúdentaráðs skýrslu um könnunina gerða af Maskínu og í kjölfarið átti sér stað fundur með fulltrúa ráðuneytisins 19. júní, ásamt forseta LÍS. Á þeim fundi bentu stúdentahreyfinnar að atvinnuleysi væri enn að mælast í 16,2%, sem væri vissulega lægra hlutfall en í apríl og maí þegar það mældist í rúmum 40%, en að enn væri þörf á að kanna betur hvað væri að valda því. Sömuleiðis lýstu stúdentahreyfingarnar óánægju sína yfir túlkun gagnana, þ.e.a.s. að af þessum 16,2% væri dregið af 6,5%, sem voru þau sem ætluðu í sumarnám, og svo önnur 0,5% sem höfðu þegar fengið boð um starf. Gátu hreyfingarnar ekki stutt túlkunina um að aðeins 9,2% stúdenta væru atvinnulausir. Hlustað var á athugasemdirnar og fullvissað um að framsetningin yrði ekki með þessum hætti. Þá var einnig sameiginlegur skilningur um að um trúnaðargögn væri að ræða, eftir bestu vitund forseta Stúdentaráðs og LÍS.

Þar sem gögnin voru ekki birt þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir Stúdentaráðs til ráðuneytisins, t.a.m. 7., 9. og 21. júlí 2020, kærði forseti Stúdentaráðs fyrir hönd ráðsins til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Kom það til vegna tillögu á fundi Stúdentaráðs 24. ágúst sem var lögð fram af sviðsráðsforsetum og var samþykkt. Forseti kærði til úrskurðarnefndar þann 3. september 2020 og fékk að tækifæri til að koma á framfæri frekari athugasemdum sem forseti skilaði 15. september. Úrskurðurinn barst 25. janúar 2021 og var að mati úrskurðarnefndar ekki unnt að leggja annað til grundvallar en að umbeðin gögn hafi verið afhent í samræmi við ákvæði upplýsingalaga og því vísað frá úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Úrskurðurinn kom Stúdentaráði ekki að óvörum í ljósi þess að um leið leið og skýrslan var afhent ráðinu þann 16. júní voru gögnin orðin opinber og til notkunar. Hins vegar var margsinnis talið stúdentahreyfingunum trú um að þær væru bundnar trúnaðar- og þagnarskyldu og að það væri grundvöllur farsæls samstarfs. Því taldi Stúdentaráð það ráð að fara þessa leið að því að



Stúdentaráð Háskóla Íslands

endurheimta gögnin og vera fær um að birta þau sjálf. Ráðið leit fyrst og fremst svo á að stjórnvöldum væri skylt að upplýsa stúdenta um niðurstöðurnar, samhliða því að boða markvissar aðgerðir, og í öðru lagi að það yrði að huga að öllum stúdentum og ganga úr skugga um að enginn væri skilinn eftir.

Haustið 2020 voru stúdentahreyfingarnar að stefna á að fara af stað með aðra könnun til að fá einhverja yfirsýn yfir nýafstaðið sumar sem og haustmisserið. Ákveðið var að reyna að fá þriðja aðilann til að framkvæma hana og var skoðað að gera það með Félagsvísindastofnun. Þau áform strönduðu hins vegar á fjármagni sem hreyfingarnar náðu ekki að útvega. Þar með fór af stað samtal við mennta- og menningarmálaráðuneytið um að fá styrk til að geta gert könnunina og þróaðist það út í annað samstarf. Stúdentaráð lét það í ljós að það væri ekki hlynnt því að LÍS og aðildarfélögin tækju boðinu um samstarf vegna erfiðra samskipta um sumarið, sem önnur aðildarfélög tóku undir, en Stúdentaráð kom ekki til með að setja sig upp á móti vinnslu annarar könnunar svo lengi sem hún væri raunverulega til þess fallin að greina sumarið 2020. Vinnan við þessa tilteknu könnun dróst hins vegar töluvert og gerði Stúdentaráð gerði ákveðnar athugasemdir við spurningalistann sem leit ekki út eins og hann var upphaflega hugsaður, þannig að lykilspurningar um stöðu stúdenta á vinnumarkaði vantaði. LÍS og ráðuneytið stóðu í einskönar viðræðum í þennan tíma og á meðan beðið var eftir framvindu mála voru stúdentahreyfingarnar ekki með nein gögn. Stúdentaráð óttaðist það verulega enda hafði það frumkvæði sem ráðið sýndi í upphafi faraldurins, með því að leggja fyrir þessarar kannanir allar, verulega borgað sig. Þær höfðu verið stoð okkar og stytta og erfitt að vantreysta, þó einhverjir reyndu, því engin önnur upplýsingaöflun hafði eða var að eiga sér stað af hálfu stjórnvalda.

Könnunin var loks lögð fyrir stúdenta í mars 2021 og er á áætlun að leggja fyrir aðra undir lok vormisseris, þar sem samið var um tvær kannanir við Maskínu. Skrifstofa Stúdentaráðs er enn ekki mjög sannfærð um þetta samstarf og hvernig framsetning niðurstaðna var úr þessari síðustu könnun. Það er nefnilega eitt og sér merkilegt að í fyrrasumar hafi fyrsta



Stúdentaráð Háskóla Íslands

samstarfskönnunin um *háskólanema og sumarstörf* sýnt 16,2% atvinnuleysi meðal stúdenta þvert á háskóla, en aldrei verið birtar formlegar af ráðuneytunum. Hins vegar voru þessar umræddu niðurstöður birtar strax sem sýndu ögn betri niðurstöður fyrir hagaðila eða 4% atvinnuleysi sumarið 2020. Ef miðað er við hefðbundna mælikvarða á atvinnuleysi benda útreikningar þó til þess að atvinnuleysið hafi verið töluvert meira eða 13%, samkvæmt útreikningi hagfræðings og mastersnema.

Samskiptin við mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa eins og fyrr segir einkennst mikið af reglulegum fundum. Í þeim skilningi hefur Stúdentaráð haft beinan aðgang að mennta- og menningarmálaráðherra og öðrum fulltrúum ráðuneytisins. Aftur á móti er ekki laust við að Stúdentaráð og ráðuneytið séu ósammála um ýmis hagsmunamál, svo sem varðandi skrásetningargjöld við opinbera háskóla, atvinnuleysi stúdenta og kjör stúdenta í námslánakerfinu. Skrifstofu Stúdentaráðs hefur þótt skortur á þekkingu á starfsemi stúdentahreyfinganna og sérstaklega á að hlutverk Stúdentaráðs sé fyrst og fremst að standa vörð um hagsmuni stúdenta. Til þess að sinna slíkri hagsmunagæslu verður Stúdentaráð að geta treyst á sjálfstæði sitt og nýtt sér þá vettvanga sem sér standa til boða til að koma málefnum stúdenta á framfæri. Hlutverk þess er að benda á vankanta og vera gagnrýnin en líka að sýna frumkvæði og útsjónarsemi. Í starfi sem þessu verður gagnkvæmur skilningur og virðing að vera í forgrunni.

Hvað félagsmálaráðuneytið varðar óskuðu forsetar Stúdentaráðs og LÍS eftir fundi með félags- og barnamálaráðherra seinni hluta 2020 til að ræða mismunandi nálganir og sjónarhorn á atvinnuleysi meðal stúdenta og störfina sem voru í boði sumarið 2020. Var það sérstaklega þarft vegna ummæla ráðherra í Silfrinu í maí sama ár um að hann væri ekki „hvatamaður þess að hvorki náms-menn né aðrir á at-vinnu-leys-is-bót-um fái fjár-magn úr rík-is-sjóði fyr-ir að gera ekki neitt.“ Sömu leiðis vegna tilkynningar frá ráðuneytinu þann 16. júní 2020 sem sagði að „staða námsmanna á vinnumarkaði er umtalsvert betri en forystufólk námsmanna hefur



Stúdentaráð Háskóla Íslands

talið hingað til“. Það fékkst ekkert svar við fundarbeiðninni en félagsmálaráðuneytið var hins vegar eina ráðuneytið sem svaraði erindi Stúdentaráðs frá 25. janúar 2021.

Stúdentaráð og LÍS hafa verið mjög samstíga í gegnum kórónuveirufaraldurinn og þetta ferli, sem samstarfsfélagar vegna spurningakannanana, sem fulltrúar stúdenta í samhæfingarhópi stjórnvalda og í starfshópi vegna sumarúrræða fyrir stúdenta sumarið 2021. Það skal engan undra enda er Stúdentaráð eitt aðildarfélag LÍS og á tvo fulltrúa í fulltrúaráði samtakanna. Hreyfingarnar hafa þó ekki alltaf verið sammála um nálgun og túlkun á skort á raunverulegu samráði stjórnvalda gagnvart stúdentum. Það hefur ekki komið að sök enda hefur forystufólk beggja hreyfinga lagt mikið upp úr því að eiga í hreinskilnum samskiptum og sýna hvort öðru skilning. Það hefur reynst Stúdentaráði nauðsynlegt sem róttækt hagsmunaafli fyrir afar stóran hóp stúdenta á landsvísu.

6.2.2.3 SAMHÆFINGARHÓPUR STJÓRNVALDA

Forseti Stúdentaráðs tók við af fráfarandi forseta í samhæfingarhópi stjórnvalda um aðgerðir í mennta- og vinnumarkaðsmálum. Það eru LÍS sem eiga tvö sæti í hópnum og á forseti Stúdentaráðs eitt sætið og forseti LÍS hitt. Hópurinn hafði þegar skilað af sér tillögum mennta- og vinnumarkaðsmál en ný vinna var að hefjast í júní og bauðst forseti að sitja í undirhópi númer sex af átta um *framfærslu, skörun milli stoðkerfa og fjármögnun úrræða*. Þegar Menntasjóður námsmanna var samþykktur urðu sjónir hópmeðlima að beinast frá því að huga að námslánakerfinu í að huga að annars konar lausnum, t.d. í atvinnuleysistryggingakerfinu. Forseta var þó fljótlega ljóst að ekki væri mikill vilji til að ræða atvinnuleysisbótakröfu stúdenta enda var oft vísað í að sú umræða hefði nú þegar átt sér stað með forverum forystu stúdentahreyfinganna.

Meðal tillagna sem unnar voru í hópnum var hækkan einingaviðmiðsins hjá Vinnumálastofnun úr 10 í 12 og þróun námsátaksins *Nám er tækifæri*. Fyrir hönd Stúdentaráðs skilaði forseti inn athugasemdum þann 21. júní 2020 vegna tillagnanna sem sneru að hlutabótaleiðinni,



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sumarstörfunum og sumarnáminu, fjármögnum háskólastigsins, stýringu náms og starfa og skörun atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins. Stúdentaráð var hlynnt þeirri tillögu að hækka einingafjöldan upp í 12 einingar hjá Vinnumálastofnun en benti á að sú breyting tæki einungis mið af einstakling sem er í vinnu og námi með en ekki einstakling sem er í námi og hlutastarfi með. Það væri ekki hægt að miða við að námskeið væru oftast 6 einingar, eins og hópurinn vildi, enda allur gangur á einingafjölda námskeiða og lokaritgerða. Því væri svigrúmið enn of þröngt og stór hópur enn undanskilinn. Með *Nám er tækifæri* áttakinu var svo verið að heimila einstaklingi að vera á atvinnuleysisbótum í 6 mánuði og námi samhliða. Þegar 6 mánuðum er lokið þarf viðkomandi að snúa sér að Menntasjóði námsmanna eftir fjárhagsaðstoð sé hann ekki kominn með öruggt starf. Vegna þessa leit Stúdentaráð svo á að átakið muni á endanum leiða til vítahringsins í námslánakerfinu sem er valið á milli náms og vinnu, ef hana er að fá, eða hreinlega til gjárinnar sem stúdentar falla í vegna fjárhagslegs óöryggis. Þetta gat því aðeins talist sem skammtímaúrræði fyrir langtímaatvinnulausa.

Á fundi hópsins 22. júní 2020 mættu bæði mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra til að fara sameiginlega yfir tillögur hópsins. Þar kom til skoðanaskipta og þurftu fulltrúar stúdenta að ítreka að hlutverk stúdentahreyfingana sé að standa vörð um hag stúdenta og það sé gert með því að bregðast við aðstæðum hverju sinni samkvæmt eigin sannfæringu og samvisku, sem og áherslum og stefnu hreyfinganna. Mátti túlka samtalið þannig að aðkoma stúdenta í hópnum væri ekki mikils metin.

Þann 1. september 2020 bókuðu fulltrúar stúdenta saman á fundi hópsins og gerðu athugasemdir við að minnisblað hefði verið borið undir ríkisstjórn án vitundar fulltrúanna og að tillögur hópsins, og frumvarp sem byggði á þeim, hafi út á við verið sagðar unnar í fullu samráði við stúdentana. Hvorki athugasemdir Stúdentaráðs eða LÍS, eða bókun forvera þeirra frá því í vor, voru látnar fylgja tillögunum eða minnisblaðinu sem minnihlutaálit og hörmuðu fulltrúar stúdenta það mjög. Fulltrúum stúdenta var tjáð að ef það væru nýjar hugmyndir eða



tillögur um bótarétt stúdenta væri hægt að boða fund, en að það væri ekki tilgangur í því að funda yfir mál sem búið væri að ræða oft áður. Fulltrúar stúdenta höfðu beint samband við mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra vegna þessa og fengu svar þess efnis að athugasemdum ætti að beina að samhæfingarhópnum, sem fulltrúar stúdenta höfðu þegar gert og héldu áfram að gera án árangurs.

Samhæfingarhópurinn hélt áfram að funda út haustið og skilaði af sér skýrslu vegna vinnu sinnar undir lokinn. Forseti Stúdentaráðs hefur reglulega spurst fyrir um hvort hópurinn sé ennþá starfandi án aðkomu stúdenta, þar sem m.a. hefur verið vísað í hann í tilkynningum frá ráðuneytunum tveimur, en það hafa ekki fengist áreiðanleg svör.

6.2.3 SUMARNÁM

Sumarið 2020 var 500 milljónum ráðstafað í sumarnám á háskólastiginu, þar af 250 milljónir til Háskóla Íslands. Sumarnámið fór fram á tímabilinu 25. maí til 15. ágúst 2020. Það voru alls 260 námskeið boði þvert á skóla og nýttu sér það alls 4.913 einstaklingar. 32,5% þátttakenda voru karlar og 67,5% voru konur.

Í Háskóla Íslands voru 123 námskeið í boði sem 2.186 einstaklingar nýttu sér. Þess má þó geta að margir skráðu sig á fleiri en eitt námskeið og því var heildarskráning 6.664. Við Háskóla Íslands tók stór hópur íslensku sem annað mál eða 516 einstaklingar. Einnig var boðið upp á 38 edX námskeið auk þess að Keilir og Endurmenntun stóðu fyrir framboði.

Sumarnámið þótti takast vel þrátt fyrir stuttan fyrirvara. Efnt var til svipað átaks árið 2009, sumarið eftir hrun, sem heppnaðist ekki eins og vonast var til. Það má því segja að það hafi komið á óvart hve margir nýttu sér átakið 11 árum síðar. Námsframboðið við Háskóla Íslands var frekar mikið og voru stúdentar almennt sáttir með það, þó einnig hefði verið bent á að fjöldi einingabæra námskeiða væri breytilegur eftir fræðasviðum. Ljóst var að ef átakið yrði endurtekið að nýju þyrfti að huga að því með betra fyrirvara þannig að skólarnir gætu skipulagt sig betur.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Vert er að taka fram að Lánasjóður íslenskra námsmanna veitti svigrúm, sem Stúdentaráð hafði kallað eftir, og var lágmarks framvindukrafa vegna náms yfir sumarið 2020 ein ECTS eining. Sjóðurinn lánaði að hámarki til 20 eininga. Loknar einingar komu ekki til með að dragast frá einingarrétti í námsferli stúdenta enda þurftu námskeiðin ekki að tilheyra námsferlinum. Einingarnar dragast hins vegar frá heildarrétti námsmanns til námslána hjá sjóðnum. Þessar aðgerðir nýttust einhverjum hóp stúdenta en Stúdentaráð vill halda því haga að upphæð lánsins var háð fjölda eininga sem stúdentinn kláraði þó að lágmarks framvindukrafan hafi verið ein eining. Sumarnámið þurfti því að vera einingabært og námsframboð einnig nægilegt svo stúdent gæti náð viðunandi framfærslu. Fáir stúdentar líta á námslán sem lausn við fjárhagsvanda sínum og veigra sér frekar frá skuldsetningu, sérstaklega á tímum sem þessum. Það er vegna þessa ógerlegt að halda því fram að sumarnám sé lausn við atvinnuleysi. Það er skammtímalausn sem veitir fólki tækifæri á að spreyta sig í námi en veitir þeim ekki fjárhagslegt öryggi til lengri tíma.

Í ár hefur það þegar verið tilkynnt að ráðstafað verði að nýju 500 milljónum í sumarátak á háskólastiginu. Segir í tilkynningu ráðuneytisins að áhersla verði á að bjóða upp á stutt hagnýtt námskeið, sérsniðin verkleg námskeið og sérsniðin íslenskunámskeið fyrir einstaklinga með annað móðurmál en íslensku. Hugað hefur verið að átakinu rúnum einum mánuði fyrr en í fyrra en þó er það mat Stúdentaráðs að ráðstafanir hefðu getað verið gerðar mun fyrr og meiri áhersla á einingabær námskeið, þó allt nám komi til með að nýtast með einum eða öðrum hætti. Menntasjóður námsmanna ætlar einnig að veita svipað svigrúm og sumarið 2020 þannig að stúdentar geti sótt um lán yfir sumarið.

6.2.4 SUMARSTÖRF

Sumarið 2020 var 2,2 milljörðum varið í 3400 sumarstörf fyrir bæði framhaldsskólanema og háskólanema sem samanlagt eru rúmlega 30 þúsund námsmenn. Stúdentaráð gat með engu móti tekið undir skilgreiningu stjórnvalda á lengd sumarsins, þar sem hvert starf var til tveggja



Stúdentaráð Háskóla Íslands

mánaða í stað þriggja og voru þau þar með í rauninni færri en lagt var upp með í byrjun. Með hefðbundnum skilning á sumarlengd var í kringum 2000 störf að ræða, samkvæmt því sem fram kom í frumvarpi til fjárukalaga. Þeir stúdentar sem fengu starf í gegnum þetta átak voru þannig alltaf án framfærslu hluta sumars. Stúdentaráð benti ítrekað á að stúdentar væru búnir að tala fyrir atvinnuskapandi úrræðum samhliða fjárhagslegu öryggisneti og að fjöldi starfana myndi að öllum líkindum ekki ná að grípa þennan stóra hóp námsfólks. Stúdentar sem ekki eiga bakland eða eru verr staddir félagslega voru að fara að lenda undir. Stúdentar sem sáu ekki fram á að komast af fjárhagslega um sumarið eða haustið.

Hæfniskröfur starfanna voru oftast en ekki mjög þröngar, t.a.m. voru þau miðuð að fólki í rann-sókn-ar-tengdum verkefnum í Háskóla Íslands og þurftu umsækjendur að hafa lokið ákveðnum árangri í námi. Þau voru þar með ekki hönnuð fyrir allt námsfólk; bóknámsnema, iðnnema, listnema o.s.frv.. Eins og með sumarnámið voru störfin einnig kynnt mjög seint. Fyrsti hlutinn var kynntur 26. maí 2020 en ekki var byrjað að ráða í þau störf fyrr en um miðjan júní og voru margir að hefja störf vikuna 15. til 19. júní. Flestir stúdentar höfðu hins vegar lokið prófunum 8. maí og undir venjulegum kringumstæðum væri sá hópur byrjaður að vinna til að nýta sumarið vel og eiga fyrir bæði sumrinu sjálfu og næsta skólaári.

Áhersla mennta- og menningarmálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins var að á að skapa störf og finna aðrar leiðir sem fælu í sér „virkni“ áður en stúdentum yrði tryggð viðráðanleg framfærsla. Það virtist vera misskilningur eða hreinlega skortur á skilningi á kröfum stúdenta, einna helst varðandi ákall stúdenta um rétt þeirra til atvinnuleysisbóta og áhyggjur Stúdentaráðs vegna sumarsins. Eins og fyrr hefur komið fram sendi félagsmálaráðuneytið frá sér tilkynningu 16. júní 2020 þar sem því var haldið fram að ekki væri þörf á að skapa fleiri störf fyrir stúdentar þar sem störfin hefðu ekki gengið út. Jafnframt var tekið sérstaklega fram að forysta stúdentahreyfinganna hefði haft rangt fyrir sér varðandi stöðu stúdenta á vinnumarkaði. Á þessum tíma lágu hins vegar fyrir upplýsingar hjá stjórnvöldum um 16,2% atvinnuleysi meðal stúdenta, vegna fjórðu könnunarinnar frá júní.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Vanda-málið var því ekki að skortur væri á námsfólki til að manna sumarstörfin, heldur var fram-boðið ekki nægi-legt í þeim skiln-ingi að það hent-aði þeim stóra hópi sem náms-fólk af framhaldsskólastiginu og háskólastiginu myndar. Af fjölda skrán-inga í sum-ar-nám mátti að auki draga þá ályktun að stúd-entar hafi frekar kosið að fara í nám í eitt miss-eri til við-bótar heldur en að bíða þar til um miðjan júní eftir starfi. Hafi bæði ráðuneytin verið viss um að ekki hafi náðst að manna sumarstörfin vegna þess að allt námsfólk væri komið með vinnu, hefði mátt sýna fram á það með því að birta niðurstöður könnunarinnar.

Í mars 2021 var settur á fót einskona starfshópur til að ræða sumarstörfin og sumarnámið, en fulltrúum stúdenta einnig sagt að fjallað yrði um atvinnuleysisbótakröfuna. Í hópnum eru fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins, forseti Stúdentaráðs, formaður Stúdentafélags Háskólans á Akureyri og forseti LÍS. Þar gátu stúdentar komið með athugasemdir en sérstök áhersla var lögð á að ráðningartímabilið yrði að vera þrjú mánuðir. Í apríl var tilkynnt að 2,4 milljörðum yrði varið í 2.500 sumarstörf fyrir framhaldsskólanema og háskólanema í tvo og hálfan mánuð, en ekki þrjá. Línan er sú að störfunum varð að fækka í 2.500 til að geta tryggt hærri laun samkvæmt nýjum kjarasamningum og lengra ráðningartímabil auk þess að reynslan frá því í fyrra, þegar störfin gengu ekki út, hefði ekki leyft annað. Stóra spurning hér er þó einmitt hvernig standi á því að fjárfestingin og stuðningurinn við stúdenta sé ekki meiri. Stjórnvöld eru í algjörrri mótsögn við sjálfa sig þegar þau segjast leggja ríka áherslu á menntun og að hún sé lausnin til framtíðar. Það er þó ítrekað að sumarstörf séu gott úrræði ef framkvæmdin er góð, líkt og Stúdentaráð hefur áður tjáð:

„Í ljósi samfélagsástandsins og ákveðinnar óvissu sem því fylgir, leggur Stúdentaráð til að úrræðið sé endurtekið með mun betri útfærslu og framkvæmd svo það nýtist sem flestum. Alla jafna er vandasamt fyrir stúdenta að finna störf sem samræmast þeirra námi og áhugasviði. Með því að skapa svoleiðis tækifæri til frambúðar geta stúdentar nýtt þá þekkingu sem þeir búa yfir og fengið frekari



Stúdentaráð Háskóla Íslands

þjálfun á því sviði, sem skilar sér inn í samfélagið. Hér er um að ræða úrræði fyrir núverandi og framtíðar námsfólk og því lykilatriði að skipulagning og framkvæmd sé með bestu móti. Stúdentaráð býður fram krafta sína í það verkefni.“

Þegar þetta er skrifað hefur verið tilkynnt að störf in í gegnum Vinnumálastofnun verði kynnt eigi síðar en 11. maí næstkomandi, 15 dögum fyrr en á síðasta ári. Sé úrræðið endurtekið verða störf in að vera kynnt mun fyrr og ráðningartímabilið lengra þannig að stúdentar geti hafið störf sem fyrst.

6.2.5 MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) og síðar Menntasjóður námsmanna tilkynntu úrræði vegna faraldursins nokkrum sinnum á þessu starfsári. Áður en Menntasjóðurinn var lögfestur 9. júní 2020, þá starfaði LÍN.

12. mars 2020 tilkynnti LÍN að heimilt væri að taka til greina annars konar staðfestingar skóla á ástundun nemenda en vottorðum um loknar einingar. Námsmenn gátu óskað eftir því að sjóðurinn tæki mið af umsóttum einingafjölda fyrir önnina. Sjóðurinn myndi einnig veita námsmönnum sem veiktust af veirunni svigrúm og námsmönnum erlendis svigrúm til að sækja um aukaferðalán vegna aðstæðna sem komu upp vegna veirunnar.

19. mars 2020 tilkynnti LÍN að heimilt væri að rýmka tímabundið heimildir sjóðsins við mat á umsóknum um undanþágu frá afborgun. Litið yrði til tekna greiðanda síðustu tvo mánuðina fyrir gjalddaga til að komast til móts við greiðendur sem urðu fyrir tekjumissi vegna kórónaveirunnar. Innheimtuaðgerðum var seinkað vegna tímabundinna vanskila á greiðslu námslána þannig að greiðendur fengu tækifæri til að greiða gjalddagann næsta mánuð á eftir án dráttarvaxta. Greiðendum var heimilt að óska eftir undanþágu frá afborgun fyrir alla gjalddaga ársins 2020. Umsóknarfrestur vegna námslána á vormisseri 2020 var framlengdur til 1. maí 2020.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

13. maí 2020 tilkynnti LÍN að lágmarks námsframvindukröfur vegna náms á sumarmisseri 2020 yrði 1 ECTS-eining og 29. október 2020 var tilkynnt að umsóknarfrestur vegna námslána á haustmisseri 2020 hefði verið framlengdur til 1. desember 2020. Fresturinn átti upprunalega að vera til 1. september en vegna tæknilegra örðugleika var hann framlengdur til 15. september og svo til 1. desember vegna faraldursins. Lánasjóðsfulltrúi SHÍ hafði fylgt eftir kröfu stúdenta til að opna aftur fyrir umsóknir vegna faraldursins og vegna breytingar á frítekjumarkinu sem sjóðurinn hefði verið að framkvæma án þess að upplýsa stúdenta um það - sjá kafla „Menntasjóður námsmanna - nýtt námslánakerfi“ þar sem fjallað er nánar um breytinguna. Í sömu tilkynningu kom fram að tekjur sem lántakar myndu afla sér á árinu 2020 vegna vinnu í bakvarðarsveitum heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar og bakvarðarsveit lögreglunnar yrðu undanskildar og kæmu ekki til frádráttar við útreikning á framfærslu námsmanns skólaárið 2020-2021. Sömuleiðis var tilkynnt að lántakar sem myndu fá greiddan út séreignarsparnað á árinu 2020 gætu óskað eftir því að hann verði undanþeginn við útreikning á námsláni skólaárið 2020-2021.

4. desember 2020 sendi Menntasjóðurinn frá sér eftirfarandi samantekt á aðgerðum sjóðsins vegna COVID-19:

„Á vormánuðum voru kynntar ívilnanir fyrir bæði nemendur og greiðendur til að koma til móts við bæði sérstakar og erfiðar aðstæður fjölda viðskiptavina sjóðsins á tímum kórónuveirufaraldursins. Þær ívilnanir eru enn til staðar og ber þar helst að nefna:

Ef námsmanni hefur ekki tekist að sinna námi sínu vegna röskunar á hefðbundnu skólastarfi vegna kórónuveirunnar getur nemandi skilað inn staðfestingu skóla á ástundun sinni og óskað í kjölfarið eftir því að fá greitt í samræmi við lánsáætlun sína fyrir önnina.

- Ef skipulag skóla breytist og námskeið færast á milli anna og/eða skólaára getur nemandi óskað eftir því að tekið verði tillit til þess við mat á námsárangri.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Ef námsmaður veikist af veirunni og getur ekki sótt skóla eða þreytt próf getur hann óskað eftir að tillit verði tekið til þess við útborgun námsláns.
- Námsmaður gat sótt um aukaferðalán á vormisseri vegna sérstakra aðstæðna vegna kórónuveirunnar.
- Umsóknarfrestur á vorönn 2020 var framlengdur frá 15. apríl til 1. maí og umsóknarfrestur haustannar 2020 framlengdur frá 1. september til 1. desember.
- Þeir sem sækja um námslán eftir námshlé eða hafa ekki verið á námslánnum á síðasta skólaári fá fimmfalt frítekjumark.
- Hægt er að óska eftir því að tekjur námsmanna vegna vinnu þeirra við bakvarðasveitir heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar og bakvarðarsveit lögreglunnar verði dregnar frá við útreikning á framfærslu námsmanns skólaárið 2020-2021.
- Námsmenn sem fá greiddan út séreignarsparnað á árinu 2020 geta óskað eftir því að hann verði undanþeginn við útreikning á námsláni skólaárið 2020-2021.
- Við mat á umsóknum greiðenda um undanþágu frá afborgun vegna verulegra fjárhagsörðugleika er heimilt að horfa til tekjumissis á þann veg að nú verði heimilt að horfa til tekna greiðanda síðustu tveggja mánaða fyrir gjalddaga og annarra sérstakra aðstæðna sem skapast hafa hjá greiðendum vegna kórónaveirunnar.
- Eindaga námslána var frestað um 30 daga og þar með var öllum innheimtuaðgerðum einnig seinkað eins og t.d. sendingu í milli- og löginnheimtu.“

11. mars 2021 tilkynnti sjóðurinn að umsóknarfrestur vegna námslána á vormisseri 2021, sem rann út 11. janúar, hefði verið framlengdur til 31. mars 2021.

Þann 30. apríl 2021 var tímabundin hækkun fyrir afmarkaðan hóp lántaka tilkynnt samhliða aðgerðapakka stjórnvalda vegna COVID-19 úrræða. Stjórnvöld boðuðu tímabundna hækkun á grunnframfærslunni sem myndi eingöngu ná til þeirra lántaka sem þéna minna en frítekjumarkið (1.410.000 kr.) á ári. Þessi tímabundna hækkun er fyrir skólaárið 2021-2022. Stúdentaráð fagnaði því að Menntasjóðurinn væri að veita lántökum sveigjanleika til að kljást við síbreytilegar aðstæður. Hins vegar var ekki öllu kröfum ráðsins mætt. Ráðið krafðist þess



Stúdentaráð Háskóla Íslands

að grunnframfærsla framfærslulána yrði hækkuð, fríekjumarkið yrði fimmfaldað fyrir alla lántakendur og að úthlutunarreglurnar yrðu leiðréttar. Stúdentaráð hefur lengi undirstrikað að námslánakerfið þjónar ekki tilgangi sínum sem jöfnunartæki og öryggisventill fyrir stúdenta ef kröfum stúdenta er ekki mætt.

6.2.6 SKRÁSETNINGARGJÖLD

Meðal fyrstu viðbragða Stúdentaráðs í upphafi faraldursins var að leggja til niðurfellingu á skrásetningargjaldi við opinbera háskóla fyrir skólaárið 2020-2021. Þar áður hafði ráðið lagst alfarið á móti hækkun skrásetningargjalda við Háskóla Íslands sem hafði verið í umræðunni í febrúar 2020, en frekar verður sagt frá því í sér kafla hér á eftir. Stúdentaráð var þeirrar skoðunar að ríkið yrði að koma til móts við námsmenn í ljósi þeirrar fjárhagslegrar neyðar sem faraldurinn hafði skapað.

Í staðinn boðaði mennta- og menningarmálaráðherra greiðsludreifingu á gjaldinu á blaðamannafundi í maí. Hins vegar voru það skilaboð sem virtust ekki hafa skilað sér í skólana en vegna góðs samstarfs réttindaskrifstofunnar og rektorsskrifstofu tókst að láta rætast úr því og stóð til boða að dreifa gjaldið yfir á fjóra gjalddaga og greiðslufresturinn var framlengdur til 11. ágúst 2020. Betur er farið yfir skrásetningargjaldamálið í kaflanum *Skrásetningargjald við Háskóla Íslands* ögn neðar.

6.2.7 NEYÐARSTJÓRN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í ágúst kom neyðarstjórnin aftur saman eftir sumarið en forseti Stúdentaráðs hafði fengið þar sæti um vorið, í upphafi faraldursins. Til að byrja með fundaði hún reglulega, nær einu sinni í viku. Á fundum var tryggt að hlutaðeigandi fengju orðið og kæmu sínum áhyggjum eða skoðunum á framfæri. Það var því mikilvægt að stúdentar fengju rödd þar inni enda kjörinn vettvangur til að fara fyrir þeirra hag í þeim aðstæðum sem höfðu skapast.



Fyrirséð var að neyðarstjórnin myndi halda áfram að funda ótímabundið eftir þörfum. Hún kom saman þegar umfangsmiklar breytingar áttu sér stað og var einskonar samráðsvettvangur miðlægu stjórnsýslunnar. Það kom til að umræðan hélt áfram þar sem hún átti við, t.d. ef hún snerist um kennslu þá hélt Stúdentaráð áfram samtalinu við kennsluvið. Til viðbótar er Öryggisnefnd starfandi sem heyrir undir háskólaráð og þar er fagfólk sem alla jafna sér um útfærslur í samráði við viðeigandi svið, til að tryggja öryggi stúdenta og starfsfólks eins vel og unnt er.

Aðkoma forseta var að tala máli stúdenta, koma áleiðis áhyggjum, ábendingum og öðrum athugasemdum. Það var sérstaklega mikilvægt á haustmisseri þegar samkomutakmarkanir voru hertar 5. október og stúdentar verulega áhyggjufullir yfir lokaprófunum í desember. Þar lagði forseti áherslu á að nám og kennsla stæðust breyttar aðstæður, námsmat yrði endurskoðað með tilliti til allra stúdenta og að fræðasviðin yrðu samstíga í því.

6.2.8 SKÓLAHALD OG STARFSEMI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Þann 15. mars var samkomubann sett á eftir að fyrstu innanlandssmit voru greind og varð Háskóli Íslands að loka öllum byggingum skólans. Kennsla færðist alfarið yfir á netið og prófum var breytt í rafræn próf/heimapróf. Í einhverjum tilvikum voru skilafrestir fyrir lokaritgerðir og lokaverkefni framlengdir, en átti þó alls ekki við hjá öllum. Það var á þessum tíma sem forseti Stúdentaráðs fékk sæti í neyðarstjórn Háskólans.

Til að geta gætt hag stúdenta brá Stúdentaráð á það ráð að leggja fyrir stúdentum könnun og sýndu niðurstöður hennar að meirihluti stúdenta væri undir miklu álagi, og að upplifa mikla streitu og vanlíðan vegna ástandsins. Óvissan var gríðarleg bæði varðandi námsframvindu og framfærslu. Stúdentaráð sendi fyrstu niðurstöður könnunarinnar til háskólayfirvalda til að gera þeim grein fyrir líðan stúdenta, koma á framfæri ábendingar um hvað mætti betur fara og afstöðu stúdenta til breytts námsmats. Áhyggjurnar snérust fyrst og fremst um fyrirkomulag kennslu á síðustu lokametrinum, þ.e.a.s framkvæmd lokaprófa, skil lokaritgerða



Stúdentaráð Háskóla Íslands

og/eða lokaverkefna, og útskrift. Í samræmi við þessar áherslur kallaði Stúdentaráð eftir staðið/fallið úrræði, að öðru nafni staðið án einkunna, og aukinni samræmingu deilda. Fallist var á hið fyrra, eins og Háskólinn í Reykjavík hafði þegar gert, en útfært þannig að stúdentar yrðu alltaf að ná 5 í einkunn til að geta valið að fá staðið.

Stúdentar voru almennt sáttir með viðbrögð Háskólans þegar leið á lok misserisins, en í skriflegum svörum úr könnuninni frá 6. Apríl 2020 komu fram skýrar vísbendingar um að þau úrræði sem boðið hefði verið upp á hentuðu foreldrum illa auk þess að meistaranemar óskuðu eftir frekari aðgerðum. Stúdentaráð var bjartsýnt á sú reynsla og færni sem skólinn í heild sinni hafði öðlast á vormisseri yrði nýtt fyrir komandi skólaár, enda engin ástæða til að ætlast annars.

6.2.8.1 HAUSTMISSERI 2021

Yfir sumarið fundaði forseti reglulega með rektor og lagði áherslu á að það þyrfti að gera ráðstafanir fyrir haustmisserið, enda líkur á að staðan í samfélaginu yrði ennþá óstöðug og algjörlega ófyrirsjáanlegt hvernig faraldurinn myndi þróast. Lagði forseti áherslu á að það yrði tekin strax ákvörðun um prófahald og að jafnræðis yrði gætt auk þess að *staðið án einkunna* yrði á borðinu ef til þess kæmi að loka skólanum til lengri tíma. Samt sem áður voru allir sammála um að það þyrfti að sjá til hvernig aðstæður yrðu um haustið, til að geta tekið góðar ákvarðanir. Háskólinn lagði mikið upp úr því að bjóða nýnema velkomna og fékk Stúdentaráð að vera hluti af því. Útbúin voru t.a.m. tvö stór myndbönd sem fóru í dreifingu og voru kynningarefni skólans, auk þess að í sameiningu var stofnaður facebook hópur fyrir nýnema til að miðla inn upplýsingum. Þá var settur á fót hópur sem kallaðist *móttaka og stuðningur við nýnema* sem samanstóð af kennslustjórum og kennsluþróunarstjórum fræðasviðana, stjórnarformanni kennslumiðstöðvarinnar, sviðsstjóra kennslusviðs -og forseta Stúdentaráðs. Hópurinn var ætlaður til að stilla saman strengi í tengslum við móttöku nýnema á fræðasviðunum en markmiðið þróaðist í að tryggja gott upplýsingaflæði og skiptast á hugmyndum út misserið.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Háskóli Íslands lagði línurnar í upphafi haustmíssisins um að kennslan yrði rafræn með möguleika á staðkennslu. Þannig skapaðist ákveðið ójafnvægi og ósamræmi milli námskeiða sem að mati Stúdentaráðs kom til með að hafa áhrif nám og ráðstafanir, þar sem í einhverjum námskeiðum var ákveðið að færa kennsluna alfarið á netið á meðan að heimildin til staðkennslu var nýtt í öðrum. Óöryggi nemenda fólkst einna helst í námsmatinu, sérstaklega vegna þess að þó að kennsla færi fram í miklum mæli á netinu var lögð mikil áhersla á að prófin færu fram í byggingum háskólans.

Í september fór smitum að fjölga, einnig innanhús, grímuskylda var sett á og hafði hún raunar öfug áhrif en við mátti búast. Stúdentar virtust frekar kjósa að vera heima fyrir heldur en að mæta í tíma og var það að vissu leyti áhyggjuefni. Forseti Stúdentaráðs talaði fyrir því að fyrirkomulag og framkvæmd lokaprófa yrði endurskoðað og að sömuleiðis yrði svipuð úrræði og á vormísseri 2020 skoðun, t.a.m. *staðið án einkunna*. Um miðjan september fjölgaði fyrirspurnum til skrifstofunnar frá stúdentum vegna námsmats og þá einna helst tilhögun lokaprófa. Fram að 4. október fundaði neyðarstjórn nokkuð oft og forseti Stúdentaráðs átti einnig fundi með rektor, kennslusviði og kennslustjórum og kennsluþróunarstjórum í áðurnefndum hóp. Helgina 2. - 4. október var tilkynnt að aðgerðir yrðu hertar vegna fjölda smita og í kjölfarið fór af stað mikil vinna af hálfu skrifstofu Stúdentaráðs.

Sunnudagskvöldið 4. október sendi stjórn Stúdentaráðs erindi á rektor, forseta fræðasviða og sviðsstjóra kennslumála. Í því var farið vandlega yfir ólíkar aðstæður stúdenta og ítrekað að það þyrfti að hafa öryggi þeirra í fyrirrúmi. Áherslur Stúdentaráðs voru eftirfarandi:

- Sóttkví: Nemendur sem voru í sóttkví máttu ekki undir neinum kringumstæðum brjóta sóttvarnareglur, sem þýddi að þeim væri ekki heimilt að mæta í skólann hvort sem það var í tíma eða í próf. Úrræðið sem þeim stóð til boða skv. yfirstjórn skólans var að fá vottorð frá lækni og geta þannig tekið sjúkrapróf. Hins vegar, gátu þau í mörgum tilfellum misst rétt sinn til að taka endurtektarpróf. Þá þurfti að huga að ráðstöfunum

ef nemendur lentu í sóttkví seinna á misserinu og gætu ekki tekið endurtektarprófið eða sjúkraprófið.

- Áhættuhóp: Nemendur í áhættuhópi gátu ekki nýtt sér að taka sjúkrapróf því aðstæður þeirra breyttust ekki úr því að vera í áhættuhópi með tímanum, þ.e.a.s. þegar sjúkraprófið yrði haldið. Huga þurfti einnig að nemendum sem bjuggu með einstaklingi/um sem voru með undirliggjandi sjúkdóma. Það var ekki skýrt hvort þeir nemendur hefðu einhvern rétt á vottorði, þar sem þeir sjálfir voru ekki í áhættuhópi. Óttinn við að geta verið smitberi í slíkum aðstæðum var eflaust yfirþyrmandi og það var ekki skólans að setja spurningamerki við það með því að skipa nemendur í staðpróf. Þá varð að huga að nemendum sem unnu með viðkvæmustu hópunum í samfélaginu, t.a.m. hjúkrunarfræðinemar og félagsráðgjafanemar. Töluverð áhætta fólst í því að mæta í próf fyrir slíka nemendur.
- Nemendur erlendis eða utan af landi: Vænlegasti kosturinn fyrir nemendur sem eru í fjarnámi við HÍ og eru fastir erlendis er að geta tekið rafræn próf. Það eru þó fordæmi fyrir því að nemendur geti tekið próf í sendiráðum Íslands í því landi sem þeir eru búsettir. Sá valkostur ætti að vera stjórnendum deilda skýr svo nemendur sem hafa samband fái réttar upplýsingar og þurfi ekki að bíða vikum saman eftir svari. Þá ættu nemendur utan höfuðborgarsvæðisins að geta tekið lokapróf í viðeigandi menntastofnunum í þeim landshluta sem þeir eru búsettir. Þó vænlegasti kosturinn fyrir þau einnig væri að geta tekið rafrænt próf.
- Aðstaða í HÍ: Háskólinn leitaði leiða til að hafa prófin í skólanum með því að tryggja tveggja metra regluna og grímuskyldu í kennslustofum. Til viðbótar voru fleiri stofur útvegaðar undir próf svo hægt væri að taka á móti öllum nemendum, einkum í stórum námskeiðum eins og lögfræði, hjúkrunarfræði og viðskiptafræði. Vandamálið var hins vegar að þarna var verið að safna saman stórum hópi fólks sem hafði ekki verið að umgangast hvort annað. Ákveðið hlutfall hópanna hafði ekki einu sinni verið að mæta í staðkennslu á misserinu eða gert það takmarkað. Það fólst óhjákvæmilega stór áhætta í því að safna saman einstaklingum sem höfðu almennt ekki verið í



skólanum fram að prófi. Það voru miklu fleiri einstaklingar að fara að koma inn um dyrnar en höfðu yfir misserið, og í ljósi nýrra fjöldatakmarkanna var órökrétt að halda sig við núverandi fyrirkomulag. Nemendur eiga til að hópast saman á göngum, fyrir utan stofur, meiri umgangur við innganga skapast o.s.frv.. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir slíkt þegar um er að ræða tugi nemenda. Allar sóttvarnarráðstafanir ná þannig ekki að þjóna tilgangi sínum.

- Staðið án einkunna: Stjórn óskaði eftir því að téð úrræði yrði tekið til skoðunar að nýju. Um vorið kom það til með að nýttast stúdentum, færði þeim ákveðið öryggi og léttu úr álagi varðandi námsframvindu. Stjórn gerði sér grein fyrir því að vandasamt væri að finna rétta lausn, það sem hentaði á einu fræðasviði gat hentað illa á öðru. Aðstæðurnar kölluðu þó á að umræða ætti sér stað með tilliti til allra nemenda. Ráðstafanirnar á misserinu höfðu verið sæmilegar með tilliti til hins almenna nemenda en það var lítið sem ekkert verið tekið mið af nemendum í áhættuhópi eða sóttkví.

Stjórn Stúdentaráðs fékk skjótt svar þann 5. október og henni tjáð að hægt yrði að tryggja öryggi nemenda í prófum með því að hafa 2 metra á milli og grímuskyldu. Stjórn og yfirstjórn Háskólans héldu áfram að eiga tölvupóstsamskipti auk þess að sviðsráðsforsetar beittu sér fyrir áherslum stúdenta á stjórnarfundum fræðasviðana. Þann 9. október sendi Stúdentaráð út könnun til allra nemenda við Háskóla Íslands, hafði hún verið borin undir m.a. kennslustjóra á öllum fræðasviðum. Þann 19. október sendi skrifstofan samantekt á niðurstöðum könnunarinnar á rektor, forseta fræðasviða og sviðsstjóra kennslusviðs, og sviðsráðsforsetar sendu á stjórnir fræðasviðana. Þá voru niðurstöðurnar birtar á miðlum Stúdentaráðs. Samtalið við rektor og kennslusvið hélt áfram út október, þar sem rætt var um könnunina, tilhögun samkeppnisprófa og breytt námsmat. Þann 22. október var samráðsfundur með mennta- og menningarmálaráðherra og kom forseti þar á framfæri niðurstöður könnunarinnar, áhyggjur varðandi lokaprófin og sjúkra- og endurtektarpróf á Félagsvísindasviði, skort á samræmi og aðgerðaleyfi. Ráðherra gat engu svarað þar sem hún var að bíða eftir minnisblaði og ný reglugerð ekki litið dagsins ljós. Stúdentaráð ákvað að senda



Stúdentaráð Háskóla Íslands

frá sér einhvers konar tilkynningu til stuðnings stúdenta þar sem tölvupóstarnir hrönnuðust inn. Lendingin var að gefa út stutt myndband og ítreka hlutverk ráðsins og skrifstofunnar. Stjórn Stúdentaráðs ítrekaði áherslur sínar í bréfi til rektors, sviðsforseta og sviðsstjóra kennslumála þann 29. október.

Í Silfrinu 1. nóvember var mennta- og menningarmálaráðherra gestur í Silfrinu þar sem hún mistúlkaði niðurstöður könnunar bæði Stúdentaráðs og sömuleiðis Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Forsetar tóku því höndum saman og skrifuðu grein þar sem rangfærslurnar voru leiðréttar og ný reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna hertra sóttvarnaaðgerða gagnrýnd.

- Niðurstöður könnunar Stúdentaráðs sýndu að 67.45% stúdenta liði ekki vel og að 72.99% væru upplifa álag sem þau töldu hafa áhrif á námsframvindu. Niðurstöður könnunar Stúdentafélags Háskólans á Akureyri gáfu einnig til kynna að 78.3% stúdenta væru að upplifa aukið álag og streitu og að stór hluti þeirra væri að upplifa depurð sem rekja má til samfélagsástandsins.
- Niðurstöðurnar voru til marks um að ástandið væri að leggjast þungt á stúdenta og að þeir ættu erfitt með að aðlagast breyttu námsfyrirkomulagi, t.a.m. ósamræmið milli kennsluaðferða og úrræða milli námsleiða. Óöryggið hafði aukist gríðarlega í október þegar smitum fór fjölgandi og sóttvarnaraðgerðir hertar tvívegis.
- Báðar hreyfingar fóru fram á að námsmatið yrði endurskoðað, því þó kennslan væri í auknum mæli rafræn hafði megináhersla verið á að miðmísserispróf og lokapróf færu fram í byggingum háskólanna. Hreyfingarnar bentu á að námsmatið stuðlaði ekki að jafnræði gagnvart stúdentum sem voru í áhættuhópi eða áttu nákominn sem væri það. Heldur ekki gagnvart stúdentum sem lentu í sóttkví eða unnu með viðkvæmum hópum samfélagsins, eða þeim sem höfðu almennt miklar áhyggjur af því að mæta í skólann og smitast eða vera smitberar.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

→ Ráðherra hafði lagt mikla áherslu á að halda skólunum opnum og „menntakerfinu“ gangandi, og vísaði oft í aðstæðurnar í framhaldsskólum þar sem áhyggjurnar voru fyrst og fremst vegna þeirra áhrifa sem lokun skólana hafði á andlega heilsu nemenda. Kringumstæðurnar á háskólastiginu voru hins vegar öfugar við framhaldsskólastigið. Þó svo að stúdentum hefði verulega skort félagslega þáttinn og alla jafna leitast eftir því að geta mætt í skólann, þá settu þeir öryggi og heilsu í forgang. Niðurstöður kannana bentu ekki til þess að stúdentar vildu hafa háskólana sérstaklega opna en sýndu að $\frac{3}{4}$ stúdenta við Háskóla Íslands og stór hluti stúdenta við Háskólann á Akureyri vildu að lokaprófin yrðu að heimaprófum.

Í framhaldinu fékk Stúdentaráð formlega höfnun á *staðið án einkunna* úrræðið 4. nóvember frá miðlægu stjórnarsýslunni. Daginn eftir átti forseti fund með kennslustjórum fræðasviða þar sem áður nefnt úrræði kom til tals og undirstrikaði forseti að þvð væri það eina sem kæmi til með að grípa alla stúdenta, og um væri að ræða öryggisnet fyrir þá en ekki tilslakanir á námi eins og skólayfirvöld vildu meina. Stúdentaráð taldi að aðstæðurnar á haustmisserinu væru ekki svo frábrugðnar aðstæðunum á vormisseri, í þeim skilningi að úrræðið myndi koma til með að draga úr áhyggjum stúdenta sem hafði gengið illa að fóta sig á haustmisseri. Röskun í skólastarfi var löngu búð að eiga sér stað núna, eins mikið og skólinn reyndi að fylgja upprunarlegri áætlun. Þennan sama dag var samráðsfundur með ráðherra, þar töluðu forseti og varafulltrúi í fulltrúaráði LÍS og Stúdentaráðsliði um sjúkra- og endurtektarprófin og *staðið án einkunna*. Ráðherra tók ekki vel í *staðið án einkunna* og ítrekaði að stefnan væri að halda skólum opnum sem og að staðnám væri markmiðið fyrir 2021. Viðbrögð ráðherra á fundinum var í engu samræmi við það sem stúdentahreyfingarnar höfðu verið að tala um.

Stúdentaráð lýsti yfir vonbrigði með tilhögun lokaprófana og höfnun á *staðið án einkunna* sem náði athygli fjölmiðla og fór forseti t.a.m. í viðtal í [hádegisfréttir RÚV](#). LUF var líka gestur á upplýsingafundi almannavarna 11. nóvember og nýttu það tækifæri til að brýna fyrir stjórnvöldum og skólayfirvöldum að sýna námsfólki skilning og stuðning og 13. nóvember



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sendi ÖBÍ frá sér stuðningsyfirlýsingu við kröfur Stúdentaráðs. Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs óskaði 12. nóvember eftir rökstuðning frá mennta- og menningarmálaráðherra og Háskóla Íslands á því hvers vegna þau lokapróf sem áttu að vera haldin í húsakynnum háskólans féllu undir undantekningarákvæðið úr reglugerð ráðherra frá 1. nóvember Reglugerðin heimilaði Háskólanum að halda samkeppnispróf og „þýðingarmikil próf“, án þess að skilgreina frekar hvað þýðingarmikil próf væru. Það gaf háskólanum svigrúm til að ákveða sjálfir hvers konar próf það væru. Það var ekki í samræmi við ákall stúdenta og samtöl Stúdentaráðs við annars vegar ráðherra og hins vegar skólayfirvöld. Þó svo að Háskóli Íslands sé opinber og sjálfstæð stofnun þá var það reglugerðin sem gaf þeim viðbótar forsendur og undanþágu til að heimila staðpróf. Skilningsleysið gagnvart stúdentum þótti algjört og fráleitt af stjórnvöldum að yfirfæra áherslur og markmið í framhaldsskólum yfir á háskóla. Skrifstofa Stúdentaráðs fékk ekki frekari svör við fyrirspurninni til viðbótar við að það væri engin fyrirséð hættu á smitum því stúdentum yrði dreift í margar stofur í mörgum byggingum og Háskólinn myndi einnig gæta ítrustu sóttvarna.

Forseti Stúdentaráðs var gestur í Silfrinu 15. nóvember ræddi tilhögun prófa, fyrirkomulag kennslu, geðheilsu stúdenta og samráð við stjórnvöld og skólayfirvöld. Tilhögun kennslu var undir fræðasviðum og deildum komið að ákveða, þannig að bæði kennslan og námsmatið var ólíkt eftir námsleiðum og óöryggi stúdenta var því varðandi námsmatið. Próftafla Háskóla Íslands hafði verði kynnt fyrr í vikunni og í samræmi við reglugerð ráðherra um takmörkun á skólastarfi vegna hertra sóttvarnaraðgerða, áttu svokölluð samkeppnispróf að vera í húsakynnum skólans, sem og próf er falla undir „þýðingarmikil próf“. Á þessum tímapunkti voru þetta próf í alls 146 námskeiðum, þar af 3 óákveðin. Það leit út fyrir að þann 11. desember væru flestir stúdenta skráðir í staðpróf eða 1.734 talsins, og svo 1.331 2. desember og því næst 1.209 þann 7. desember. Próftaflan tók þó nokkrum breytingum, sums staðar bættust við próf en önnur féllu niður eftir samtal við kennara. Kjarni málsins var að það gátu ekki allir tekið staðpróf og þar með var verið að hindra jafnrétti allra stúdenta til náms. Fyrirkomulagið reyndist erfitt, andlega og félagslega, og það sem hefur hvað mest áhrif á



Stúdentaráð Háskóla Íslands

einmitt þá þætti er óvissa vegna síbreytilegs ástands. Stundum er hún óumflýjanleg en háskólinn gat og getur dregið úr áhyggjum með því að taka skýra stefnu. Vorið 2020 þurfti skólinn að loka skyndilega og kennsluna varð að færa yfir á rafrænt form. Haustið 2021 var aftur á móti rík áhersla á að halda skólum opnum og á eins mikið staðnám og mögulegt væri. Staðreyndin var samt sú að samfélagsástandið kallaði á aðrar ráðstafanir.

Eftir mörg fundarhöld, samtöl og rökræður var skrifstofu Stúdentaráðs ljóst að Háskólinn væri ekki að fara að breyta fyrirkomulaginu og að stuðningurinn frá stjórnvöldum yrði enginn. Því var ákveðið í samráði við stjórn að beina kröftum skrifstofunnar að framkvæmd prófana. Stúdentaráð sendi frá sér tilkynningu þess efnis 26. nóvember og hélt áfram að taka við athugasemdum frá stúdentum og gæta hag þeirra eins vel og unnt var. Skrifstofan fór fram á að sértæk úrræði í prófi, sem átti nú að veita stúdentum í áhættuhópi, stæði einnig til boða þeim stúdentum sem átti fjölskyldumeðlimi í áhættuhóp. Ítrekaði skrifstofan að það að bjóða upp á sama úrræða fyrir þennan hóp væri það allra minnsta sem skólinn gæti gert í ljósi þess að hann hefði ekki breytt fyrirkomulaginu á prófunum. Skrifstofan hélt áfram samskiptum við kennsluvið en ýmis önnur mál sem varða t.d. gömul próf, prófsýningar og breytt námsmat voru einnig í forgrunni. Nánar má lesa um sjúkra- og endurtektarprófin í ársskýrslu sviðsráðs Félagsvísindasviðs í viðauka E.

6.2.8.2 VORMISSERI 2021

Ekkert smit hafði komið upp í lokaprófunum í desember 2020 og m.a. þess vegna var línan aftur *rafræn kennsla með möguleika á staðnámi* í upphafi misserisins. Stefnt var á að geta verið með aukna staðkennslu en vatnstjónið í janúar kom í veg fyrir það. Byggingar skólans voru samt sem áður mun opnari, rými voru opnuð fyrir stúdenta til að nýta undir lærdóm og fleiri stúdentar byrjuðu að nýta sér aðstöðuna. Fyrirkomulag lokaprófa átti að haldast eins, þ.e.a.s. stefnt á að hafa staðpróf í maí enda komin „reynsla á að halda staðpróf í faraldri“. Ný reglugerð tók gildi 24. febrúar og var stærsta breytingin sú að það máttu koma saman 150 manns í stað 50, sem gaf skólanum miklu meira rými til að hafa staðkennslu. Sammælst var



Stúdentaráð Háskóla Íslands

um að það væri enn í höndum deilda hvernig kennslunni yrði háttað en að á sama tíma yrði að hafa í huga að kennsla væri í miklum mæli rafræn. Vegna þessa yrði ekki lögð áhersla á að hópa saman fólki í skólann, þær deildir sem vildu hins vegar nýta sér aðstöðuna máttu gera svo. Flestir virtust þó halda sama skipulagi.

Á vormisseri hafa stúdentar ekki verið að setja sig í samband við skrifstofuna í jafn miklum mæli á haustmisseri. Það var raunar ekki fyrr en 24. mars, þegar aðgerðir voru hertar að nýju, að tölvupóstur byrjuðu að koma inn enda ákveðin óvissa með framhaldið. Þennan sama dag boðaði mennta- og menningarmálaráðherra stúdentahreyfingarnar á fund til að útskýra stöðu mála. Innlegg Stúdentaráðs á fundinn snerist aðallega um geðheilbrigðismál stúdenta, skjótar rafrænar lausnum í kennslu og námsmati, aukið svigrúm í námi og sömuleiðis hjá Menntasjóði námsmanna. Fulltrúar allra stúdentahreyfinga voru sammála um að aðstæðurnar kölluðu á samræmingu þvert á háskóla þannig að allir stúdentar gætu lokið skólaárinu með besta móti. Starfandi hagsmunafulltrúi hafði einnig þegar haft samband við kennslusvið Háskóla Íslands og óskað eftir að næstu skref yrðu rædd sem fyrst og í sameiningu. Hagsmunafulltrúi tók saman öll prófin á öllum sviðum og var sú samantekt deild með stjórn Stúdentaráðs til halds og trausts. Forseti og hagsmunafulltrúi funduðu með kennslusviði 13. apríl til fá frekari upplýsingar um fyrirkomulag lokaprófa á misserinu og aðrar ráðstafanir sem höfðu verið gerðar eða yrðu gerðar. Samtalið var gott þó það væri greinilegt að skoðanir væru misjafnar og sjónarhornin ólík. Ekki var fyrirhugað að gera breytingar á fyrirkomulagi prófa en í staðinn voru útbúnar leiðbeiningar fyrir stúdenta á innri vef skólans; samskiptasvæði vaktað af starfsfólki prófaskrifstofu, persónubundin aðstoð fyrir nemendur, viðbrögð og aðstoð ef upp kæmu tæknilegir örðugleikar í prófi, ráðstafanir vegna veikinda ásamt öðrum erindum.

Aftur var það mat skrifstofu að kröftum þyrfti að beina að framkvæmd prófanna og ákvað stjórn að senda bréf á sviðsforseta og kennslustjóra fræðasviðanna 21. apríl. Í því voru sviðin beðin um að stúdentum yrði sýndur skilningur í krefjandi aðstæðum með því að aðlaga kennslu og námsmat, nýta heimaprófsúrræði og draga þannig úr óvissunni í kringum



Stúdentaráð Háskóla Íslands

lokaprófin. Tekið var fram að í þriðja skipti á sl. ári væri samfélagið að upplifa óstöðugleika rétt fyrir lokapróf því það væri ófyrirsjáanlegt hver þróunin gæti orðið í framhaldinu. Það hlaut að teljast ákjósanlegast að draga úr áhyggjum innan háskólasamfélagsins þannig að framkvæmd lokaprófana yrði sem farsælust. Undirstrikað var einnig að stúdentar í áhættuhópi, eða sem umgangast einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma, væru jafn útsettir fyrir veirunni á þessu misseri og á síðasta misseri. Það þyrfti því að nýta heimaprófsúrræði, vera opin fyrir auknu svigrúmi á skilafrestum á lokaritgerðum og lokaverkefnum, í samráði við alla hlutaðeigandi. Skrifstofan sendi aðeins ítarlegra bréf með raundæmum á kennslusvið sem fullvissaði hagsmunafulltrúa um að kennarar hefðu nú aðgang að fleiri stofum kæmi til hertra aðgerða, og að kennslusvið hefði í samvinnu við kennara og deildir skólans skipulagt staðpróf allt skólaárið, því öðlast umtalsverða reynslu af því að framkvæma staðpróf í gegnum faraldurinn og ekki vitað um neitt tilvik þar sem einstaklingur hefur smitast eða þurft að fara í sóttkví vegna prófahalds.

Forseti vill taka það sérstaklega fram að grundvallaratriðið, sem ráðið barðist fyrir, var að stúdentum yrði sýndur skilningur og þeim hlíft fyrir óörygginu sem fylgir því að stunda óhefðbundið nám á óhefðbundnum tíma. Tillit þurfti að taka til nýnema sem ekki höfðu haft tækifæri til að mæta í skólann og ekki þekkt til, stúdenta í áhættuhópum eða umkringd fólk í áhættuhópi, fjölskyldufólki, stúdenta í vinnu með viðkvæmum og útsettum hópum og stúdenta sem almennt óttuðust um að veikjast af veirunni. Öll sjónarhornin áttu rétt á sér og ekki hlutverk stjórnvalda eða skólayfirvalda að efast um réttmæti þeirra. Það er vægast sagt ánægjulegt að ekkert alvarlegt hafi komið upp á haustmisseri og að útlit sé fyrir að prófin gangi vel fyrir sig á vormisseri, en höfum það hugfast að taka mið af áhyggjum og þörfum stúdenta við ákvarðanatakanir sem þeim viðkemur.

Í lokinn er vert að taka fram að á janúar fundi Stúdentaráðs var lögð fram tillaga um þak á gildi prófa sem var samþykkt og í kjölfarið fóru sviðsráðsforsetar með málið inn á fundi stjórnar fræðasviðanna og forseti kennslumálanefndar inn á fund kennslumálanefndar háskólaráðs.



Undirtektirnar hafa verið misgóðar og brýnt er að fylgja málinu eftir á nýju starfsári. Nánar má lesa um tillöguna í kaflanum *Útgefið efni Stúdentaráðs*.

6.2.9 GEÐHEILBRIGÐISMÁL

Í kjölfar fyrstu könnunar Stúdentaráðs í fyrra vor sem sýndi fram á slæma líðan stúdenta, voru úrræði í geðheilbrigðismálum skólann aukin. Það voru tímabundið fengnir til starfa tveir verktakar sem hafa séð um að halda námskeið um hugræna atferlismeðferð við kvíða og þunglyndi og sjálfstyrkingarnámskeið. Námskeiðin hafa öll orðið fullbókuð skömmu eftir að þau hafa verið auglýst fyrir stúdentum og töluverðir biðlistar myndast þeim sömuleiðis. Sálfræðiráðgjöf háskólanema hélt úti fullu starfi og færði vinnu annars árs meistaranema í klínískri sálfræði yfir í fjarmeðferð. Um er að ræða þjálfunarstöð meistaranema í klínískri sálfræði, starfrækt frá 2013, sem býður háskólanemum upp á sálfræðiþjónustu. Til viðbótar var virkjað var fleiri nema og fjölgað handleiðurum þannig að hægt væri að taka við fleiri málum. Sálræktin hélt einnig áfram starfi, sem er hópmeðferð fyrir stúdenta sem vilja leysa úr sálrænum vanda eða bæta geðheilsu sína eða samskipti.

Stúdentaráð leitaði einnig leiða til að koma til móts við stúdenta, t.a.m. með því að fara í samstarf við Hugrónu geðfræðslufélag við Háskóla Íslands og efna til geðheilbrigðisátaks þar sem þjargráðum var miðlað áfram til stúdenta á miðlum Hugróunar, Stúdentaráðs og Háskóla Íslands. Hugrún hefur frá því að félagið var stofnað verið með opin fræðslukvöld sem geðheilbrigðishópur Háskólans hefur stutt við. Þá hélt Stúdentaráð áfram með Down Dog Yoga samstarfið, en fyrrum skrifstofa hafði tryggt stúdentum við Háskóla Íslands frían aðgang til 1. júní 2020.

Strax í september 2020 voru biðlistarnir eftir sálfræðiþjónustu orðnir töluvert lengri samanborið við önnur ár. Stúdentum hafði einnig vel að merkja fjölgað um tæplega 1.700, eða upp í 14.992 talsins. Rúmlega 220 beiðnir bárust í viðtalsmeðferð hjá sálfræðingum skólans á haustmisseri og af þeim þurfti að vísa 80 einstaklingum frá, þar sem ekki var svigrúm



til að þjónusta allan hópinn. Slíkt hefur aldrei áður gerst í rúmlega 30 ára sögu sálfræðiþjónustu Háskóla Íslands. Á vormisseri bárust 144 beiðnir. Yfirleitt er 4 vikna bið milli viðtala og hafa stúdentar kost á að fá 5 til 6 viðtöl á hverju misseri ef þess er talið þörf. Fjöldinn hefur hins vegar verið takmarkaður við 3 til þess að geta yfir höfuð þjónustað stúdenta. Vert er að nefna að til viðbótar við þessar beiðnir eru stúdentar sem hafa þegar komist að í ráðgjöf, þannig að sálfræðingar skólans eru alltaf með einhverja bókaða frá síðasta misseri eða skólaári og plássin því ekki mörg fyrir nýja skjólstæðinga.

Eftirspurnin hefur verið gríðarleg allt skólaárið og umfram getu til að koma til móts við hana. Á samráðsfundi með mennta- og menningarmálaráðherra 24. mars 2021, í kjölfar hertra aðgerða, lýstu forseti og starfandi hagsmunafulltrúi yfir áhyggjum varðandi líðan stúdenta og óskuðu eftir því að stjórnvöld myndu bregðast skjótt við beiðni ráðsins um aðgerðir í geðheilbrigðismálum stúdenta. Ráðherra tók undir áhyggjurnar og í kjölfarið átti sér stað fundur með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytis þann 21. apríl. Þar fór forseti yfir stöðu mála innan Háskóla Íslands og benti á að þó svo að Háskólinn væri ágætlega í stakk búinn til að takast á við aukinni eftirspurn þá þyrfti aukið fjármagn eyrnamerkt málaflokknum, til að styðja við stúdenta. Eftir fundinn sendi forseti formlegt erindi á ráðuneytin vegna þessa, sem tekið var tillit til en þann 31. apríl var tilkynnt að allt að 100 milljónum yrði ráðstafað til málaflokksins á háskólastiginu. Á þeim tíma sem þetta er skrifað hefur forseti óskað eftir því að geðheilbrigðishópurinn fundi um leið og komið er á hreint hversu mikið fjármagn verði ráðstafað til Háskóla Íslands þannig að hægt sé að hefja skipulagningu á nýja skólaárinu.

6.2.10 ÚRRÆÐI FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA

Fyrri aðgerðir Félagsstofnunar stúdenta voru að a)telja ekki vormisserið inn í hámarksdvalartíma og stúdentum því ekki vísað úr húsnæði sínu þó þau hafi verið að klára hámarksvaldann, b)verða við því að 25% leigu yrði dreift fyrir apríl, maí og júní en stúdentar



Stúdentaráð Háskóla Íslands

þyrftu að hafa greitt upp þann 30. júní til að geta endurnýjað samning sinn við FS og c)stúdentar þyrftu einungis að ná 20 einingum yfir skólaárið en ekki 40.

Á haustmisseri 2020 voru einingakröfur lækkaðar niður í 15 einingar og í febrúar 2021 var ákveðið að fara ekki yfir einingaskil eftir haustmisseri 2020. Einingakröfur fyrir skólaárið 2020-2021 voru því ekki hærrí en 30 talsins. Þá verður ekki farið yfir hámarksdvöl fyrir árið 2021. Vegna samfélagsástandsins dró úr biðlistum á Stúdentagarðanna og því var opnað á umsóknir fyrir öll á garðana, einstaklingur þurfa því ekki að vera skráðir í nám við Háskóla Íslands til að geta sótt um húsnæði. Aftur á móti helst forgangs röðunin sem er að finna í úthlutunarreglum Stúdentagarða. Einnig var opnað fyrir nýjum umsóknum mun fyrr, eða frá og með 1. maí í stað 1. júní.

6.2.11 SJÓÐUR HÁSKÓLA ÍSLANDS, STÚDENTARÁÐS OG FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA

Í júlí 2020 brást Háskóli Íslands við beiðni stúdenta um að koma til móts við stúdenta á Stúdentagörðunum í fjárhagsvanda með því að ráðstafa 10 milljónum í sérstakan sjóð. Stúdentaráð, Háskóli Íslands og Félagstofnun Stúdenta settu þannig á fót stuðningssjóð sem starfar tímabundið. Fimm milljónir króna voru úr fjárveitingu háskólans og fimm milljónir úr háskólasjóði sem rektor sér um, samþykkt af háskólaráði. Markmiðið var að aðstoða stúdenta sem voru bæði í vanskilum og á uppsagnarfresti.

Í fyrsta fasanum gátu stúdentar sem voru komnir í vanskil með leigusamninga á uppsagnarfresti á Stúdentagörðunum sótt um í sjóðinn. Í seinni fasa gátu stúdentar sem höfðu ekki greitt leigu frá apríl og fram í maí sótt um styrk. Þriðji fasinn var til að koma til móts við stúdenta sem þurftu að fara í sóttkví við komuna til landsins og dvelja á sóttvarnarhótelum eða leigja húsnæði á öðrum stað á meðan beðið var eftir niðurstöðu seinni skimunar. Fjórdi fasinn var sá sambærilegur og fyrstu tveir fasarnir, þ.e.a.s. aðstoð við þau sem áttu í miklum greiðsluvanda og voru í vanskilum yfir þrjá síðustu mánuðina.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Í sjóðnum sitja Erla Guðrún Ingimundardóttir fyrir Háskóla Íslands, Isabel Alejandra Díaz fyrir Stúdentaráð og Heiður Anna Helgadóttir fyrir Félagsstofnun stúdenta. Sjóðurinn mun halda störfum áfram um óákveðinn tíma.

6.3 MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA - NÝTT NÁMSLÁNAKERFI

Vinna að bættum kjörum stúdenta innan námslánakerfisins hélt áfram með nýju starfsári. Þegar ný réttindaskrifstofa tók við var verið að fjalla um frumvarp að lögum um Menntasjóð námsmanna (MSNM) á Alþingi. Helsta baráttumál stúdenta, ásamt öðru, var að koma á vaxtaþaki en í frumvarpinu var ekki gert ráð fyrir vaxtaþaki, því myndu stúdentar standa frammi fyrir mikilli óvissu tækju þeir námslán. Þá voru boðaðir breytilegir vextir án hámarks sem tækju mið af vaxtakjörum ríkisskuldabréfa. Stúdentaráð mótmælti þessari breytingu harðlega.

Þann 22. maí 2020 var nefndarálit og breytingartillögur, sem snéru að frumvarpinu, meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis birtar. Var ljóst að með breytingartillögum meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar væri komið á vaxtaþaki, 4% fyrir verðtryggð lán og 9% á óverðtryggð lán. Stúdentaráð fagnaði viðleitni meiri hlutans að koma til móts við kröfu stúdenta um vaxtaþak en tók undir athugasemdir 2. minni hluta um að vaxtaþakið hefði mátt vera lægra enda voru þau háværk sem mælt var fyrir um í breytingartillögu meiri hlutans langt umfram það sem stúdentar og stjórnvöld höfðu áður sætt sig við. Til að bregðast við nefndarálitinu og breytingartillögunum ritaði skrifstofa SHÍ ályktun og yfirlýsingu, sem má finna undir kaflanum *Útgefið efni Stúdentaráðs* í þessari skýrslu, sem náði m.a. til framfærslulána, lánaþjóns, endurgreiðslu námslána og sjálfbærnisjónarmiðs kerfisins.

Menntasjóður námsmanna var lögfestur 9. júní 2020 og þann 10. júní sendi Stúdentaráð frá sér yfirlýsingu, sem má finna í kaflanum *Útgefið efni Stúdentaráðs*, sem snéri að tilhögun grunnframfærslu framfærslulána og sjálfbærnisjónarmiði sjóðsins. Í kjölfar lögfestingarinnar, voru fyrstu úthlutunarreglur Menntasjóðsins samþykktar 24. júlí, rúmlega þremur og hálfum mánuði eftir að þær á að samþykkja samkvæmt. lögum sjóðsins. Í úthlutunarreglunum stóð



grunnframfærsla framfærslulána óbreytt, 112.312 kr. á mánuði, og var frítekjumarkið 1.364.000 kr.. Vegna sérstakra aðstæðna var heimilt að fimmfalda frítekjumark lántaka. Frítekjumarkið fimmfaldaðist úr 1.364.000 kr. í 6.820.000 kr., áður en 45% af umframtekjum yrðu til frádráttar á námsláninu. Stúdentaráð sendi frá sér tilkynningu samdægurs og fordæmdi að frítekjumarkið væri hækkað fyrir afmarkaðan hóp fólks, þ.e.a.s. fyrir þau sem voru snúa til baka í nám af vinnumarkaðnum, ekki fyrir núverandi stúdenta. Að auki var það ekki tryggt að sú aðgerð væri til frambúðar. Ráðið gagnrýndi einnig harðlega að grunnframfærslan hefði ekki verið hækkuð og benti á að fyrri ábendingar ráðsins, um að setja stjórninni fyrimæli eða skorður vegna framfærslunnar, hefði komið í veg fyrir aðgerðaleysi.

Í október 2020 kom í ljós að Menntasjóðurinn hefði keyrt í gegn breytingu á frítekjumarkinu án þess að auglýsa hana meðal stúdenta eða breyta úthlutunarreglunum. Eins og fyrr segir átti fimmföldunin eingöngu að gilda fyrir lántaka sem voru að snúa til baka í nám af vinnumarkaðnum. Breytingin var hins vegar sú að frítekjumarkið var sjálfkrafa fimmfaldað fyrir lántaka sem höfðu ekki verið á lánum hjá sjóðnum sl. 6 mánuðina fyrir lántöku. Þarna var fimmföldunin að ná, aftur, til einungis ákveðins hóps. Stúdentaráð gagnrýndi að breytingin hefði ekki verið kynnt fyrir stúdentum og að hætta væri á að stúdentar slepptu því að taka námslán af ótta við að fá skert námslán. Stúdentar hefðu þá ekki getað tekið upplýsta ákvörðun um að taka námslán eða ekki þar sem umsóknarfrestur fyrir námslán á haustmisseri 2020 var til 15. september og þessi breyting uppgötvaðist ekki fyrr en eftir frestinn. Sama mánuð geysaði ný bylgja af COVID-19 á Íslandi og voru stúdentar ýmist að stunda nám samhliða því að vinna í bakvarðarsveitum. Ákall meðal stúdenta í bakvarðarsveitum fór af stað vegna þess að tekjur þeirra í bakvarðarsveitunum olli því að námslánin þeirra skertust. Mennta- og menningarmálaráðherra lýsti því þá yfir að úthlutunarreglurnar tækju breytingum að nýju til að ná til stúdenta í bakvarðarsveitum. 21. október sendi Stúdentaráð frá sér yfirlýsingu vegna þessa og undirstrikaði að stjórnvöld hefðu tækifæri til að gera þarfar breytingar á úthlutunarreglunum; tryggja fimmföldun fyrir alla, hækka grunnframfærsluna og opna aftur fyrir umsóknir um námslán. 29. október tilkynnti Menntasjóðurinn að umsóknarfrestur um námslán á haustmisseri 2020 hefði verið framlengdur til 1. desember



Stúdentaráð Háskóla Íslands

2020. Samhliða því upplýsti sjóðurinn stúdenta um breytinguna á fimmföldun frítekjumarkansins og að tekjur sem aflað hefði verið vegna vinnu í bakvarðarsveitum heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar og bakvarðarsveit lögreglunnar yrðu undanskildar og kæmu ekki til frádráttar við útreikning á framfærslu námsmanns skólaárið 2020-2021.

Í janúar 2021 sendi Menntasjóðurinn póst til stúdenta, með lán með tilliti til húsnæðis, um að samkvæmt úthlutunarreglum þyrftu lántakar að sanna leigugreiðslur með framvísun á þinglýstum leigusamningi eða staðfestingu á íbúðareign með vottorði frá Þjóðskrá (þinglýsingarvottorði). Áður fyrr gátu lántakar sannað leigugreiðslur með staðfestingu með afriti af greiðslumiða til skattfyrvalda, kom þetta því mörgum á óvart þegar Menntasjóðurinn óskaði eftir þinglýstum leigusamningum. Stúdentar höfðu samband við skrifstofu SHÍ í von um aðstoð. Skrifstofan sá strax að yfirlýsingin, sem stúdentar skrifa undir við lántöku, fyrir haustmisseri 2020, um að ákveðnar upplýsingar yrðu sóttar frá þriðja aðila í tengslum við námslánaumsóknina hafi ekki kveðið á um þinglýsta leigusamninga heldur einungis um að Menntasjóðurinn myndi leita staðfestingar frá Ríkisskattstjóra um að umsækjandi hafi gefið upp leigugreiðslur á skattframtali. Lántakar voru ekki upplýstir um kröfuna um þinglýsta leigusamninga fyrr en í byrjun 2021 þegar pósturinn barst. Aldrei höfðu þau fengið áminningu eða neitt slíkt. 15. janúar sendi Stúdentaráð frá sér tilkynningu sem var til þess fallin að láta stúdenta vita að skrifstofa SHÍ væri að aðhafast í málinu. Í kjölfarið fundaði skrifstofan með fulltrúum námsmanna í stjórn Menntasjóðsins og formanni og varaformanni sjóðsins þann 16. janúar. Á fundinum var ákveðið að fulltrúar stúdenta í stjórn sjóðsins myndu skrifa erindi og leggja fyrir stjórn. Þeir gerðu það og óskuðu eftir því að það yrði vikið frá kröfunni um þinglýsta samninga. 27. janúar sendi Menntasjóðurinn upplýsingapóst til stúdenta þess efnis að þeim yrði veitt svigrúm en ekki yrði fallist frá kröfunni um þinglýsta leigusamninga í úthlutunarreglunum.

Úthlutunarreglur námslánakerfisins eru endurskoðaðar árlega af endurskoðunarnefnd sjóðsins sem samanstendur af nokkrum starfsmönnum og stjórnarmeðlimum Menntasjóðsins. Lánasjóðsfulltrúi SHÍ sat í endurskoðunarnefndinni og lagði mesta áherslu á hækkun á



Stúdentaráð Háskóla Íslands

grunnframfærslu framfærslulána. Stúdentaráð batt miklar vonir við að grunnframfærslan yrði hækkuð fyrir skólaárið 2021-2022, þar sem samtöl við stjórnvöld gáfu í skyn að svo yrði. Því biðu stúdentar vongóðir eftir úthlutunarreglunum sem áttu að birtast fyrir 1. apríl 2021. Þann 31. mars 2021 voru úthlutunarreglurnar fyrir skólaárið 2021-2022 samþykktar af ráðherra og var tilkynnt að hópur ráðuneytisstjóra hefði verið falið að vinna tillögur að hækkun á grunnframfærslunni - með öðrum orðum var grunnframfærslan ekki hækkuð og starfshópur/nefnd sett á fót til að vinna tillögur að hækkun. Skila átti þessum tillögum fyrir 1. maí 2021. Kom þessi niðurstaða skrifstofu SHÍ á óvart, einna helst vegna þess að fulltrúar stúdenta í stjórn sjóðsins voru ekki upplýstir um þessa lendingu fyrr en hún var birt á netinu og vegna þess að samtöl skrifstofunnar við stjórnvöld gáfu ekki til kynna að þetta yrði niðurstaðan. 1. apríl sendi skrifstofan frá sér viðbrögð við úthlutunarreglunum þar sem þessi niðurstaða var gagnrýnd ásamt því að farið var yfir helstu breytingar á reglunum. Áfram var mikil bjartsýni í að hópur ráðuneytisstjóra myndi skila af sér tillögum að veglegri hækkun á grunnframfærslunni. Hins vegar þann 30. apríl var tímabundin hækkun fyrir afmarkaðan hóp lántaka tilkynnt samhliða aðgerðapakka stjórnvalda vegna COVID-19 úrræða. Stjórnvöld boðuðu tímabundna hækkun á grunnframfærslunni sem myndi eingöngu ná til þeirra lántaka sem þéna minna en frítekjumarkið (1.410.000 kr.) á ári. Samdægurs funduðu lánasjóðsfulltrúi og forseti SHÍ með mennta- og menningarmálaráðherra til að ræða þessa niðurstöðu. Skrifstofan lýsti yfir verulegum vonbrigðum að enn og aftur væru stjórnvöld að kynna úrræði sem væri til skemmri tíma og fyrir afmarkaðan hóp innan stúdentahópsins. Síðar um daginn birti Stúdentaráð yfirlýsingu. Í kjölfar fundarins með ráðherra, var ákveðið að funda aftur þann 3. maí með aðstoðarmanni ráðherra, forseta og varaforseta LÍS og forsvarsfólki SÍNE. Rætt var um trúnaðargögn og fyrirhugað er að það verði annar fundur með aðstoðarmanni mennta- og menningarmálaráðherra og fjármálaráðherra í vikunni 10. - 14. maí 2021, í þeirri von um að fá frekari útskýringu á málinu.

Ein helsta breyting sem fylgdi nýju námslánakerfi var skipun fulltrúa háskólastúdenta í stjórn Menntasjóðsins. Með nýju námslánakerfi, Menntasjóði námsmanna, eru fulltrúar háskólastúdenta í stjórn sjóðsins tilnefningar LÍS - SHÍ hefur því ekki lengur lögbundinn rétt til



Stúdentaráð Háskóla Íslands

stjórnarsetu. Var þessi breyting ein af þeim sem SHÍ gagnrýndi hvað mest í umsögnum sínum um Menntasjóðsfrumvarpið. Þó er enn haldið í svokallaða þrískiptingu, LÍS tilnefnir einn fulltrúa fyrir hönd ríkisrekinnna háskóla, einn fulltrúa fyrir hönd einkarekinnna háskóla og einn fulltrúa fyrir stúdenta erlendis. Í byrjun starfsársins 2020-2021 var settur á fót starfshópur innan LÍS um tilnefningu í stjórn Menntasjóðsins sem vann að því að koma upp verklagi milli aðildarfélaganna. Verklagið sem ríkisreknu háskólarnir komust að samkomulagi um má finna á skrifstofu Stúdentaráðs. Í umræddu verklagi er sátt um að Lánasjóðsfulltrúi SHÍ haldi áfram að vera fulltrúi ríkisrekinnna háskóla. Verklagið verður endurskoðað að fjórum árum liðnum frá nýju starfsári vorið 2021.

Á landsþingi LÍS dagana 5. - 7. mars 2021 lagði LÍS fram lagabreytingartillögu vegna tilnefningar í stjórn Menntasjóðsins sem tók ekki nógu mikið tillit til verklagsins milli ríkisrekinnna háskóla eða áður gert samkomulag milli forystu SHÍ og LÍS um aðkomu SHÍ að stjórn Menntasjóðsins. Í þeirri lagabreytingartillögu kom fram að fulltrúar LÍS í stjórn Menntasjóðsins ættu að vera tilnefndir á landsþingi. Það er hins vegar ljóst að SHÍ getur ekki gert svo því kjörfundur hjá ráðinu er í apríl. ár hvert. Einnig kom fram að kosið yrði um tilnefningar og að meirihluti atkvæða þingfulltrúa myndi ráða úrslitum. Ef aðildarfélögin hafa þegar komist að samkomulagi um það hvernig þau ætla að skipa í þessu þrjú sæti þá á ekki að vera hægt að hafna þeim fulltrúum og allra síst á landsþingi. Til viðbótar fólst í tillögunni að fulltrúaráð LÍS hefði valdið til að skipa annan fulltrúa ef einn þessara fulltrúa segir af sér. Það fór á mis við verklagið sem sum aðildarfélög höfðu gert með sér. Vegna þessa lagði Stúdentaráð fram lagabreytingartillögu, sem kom í staðinn fyrir lagabreytingartillögu LÍS. Sú tillaga var samþykkt. Sneri tillagan að því að tilkynna skuli um nýja fulltrúa LÍS í stjórn Menntasjóðsins á skiptafundi LÍS. Þá skuli fulltrúi ríkisrekinnna háskóla vera áfram lánasjóðsfulltrúi SHÍ í samræmi við verklag sem ríkisreknu háskólarnir komust að samkomulagi um og gildir til fjögurra ára. Ef fulltrúi hættir áður en skipunartímabilinu lýkur skulu viðeigandi félög skipa nýjan fulltrúa og tilkynna fulltrúaráði LÍS, þannig er það ekki undir fulltrúaráði að skipa nýjan fulltrúa. Vegna þess að tillaga ráðsins var samþykkt á landsþinginu, heldur Stúdentaráð sínu sæti næstu fjögur árin og



mun með þessu móti beita sér betur fyrir því að þjónusta Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands.

6.4 GEÐHEILBRIGÐISHÓPUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Við Háskóla Íslands áttu sér stað veruleg framför í geðheilbrigðismálum þegar sérstakur geðheilbrigðishópur var stofnaður árið 2018 til að þess að sjá um skipulag og útfærslu geðheilbrigðisþjónustunnar. Í honum sitja þrír sálfræðingar við Háskólann, deildarstjóri náms- og starfsráðgjafar, sviðsstjóri kennsluviðs, prófessor í geðlæknisfræði, forstöðumaður Sálfræðiráðgjafar háskólanema, klínískur sálfræðingur og fyrrum forstöðumaður ráðgjafarinnar og forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Líkt og segir í undirkaflanum *Geðheilbrigðismál* undir kaflanum um *Kórónuveirufaraldurinn* í þessari skýrslu, hefur eftirspurnin í geðheilbrigðisþjónustu við Háskóla Íslands aldrei verið jafn mikil og á þessu ári, í 30 ára sögu þess. Rúmlega 364 beiðnir bárust á haustmisseri 2020 og vormisseri 2021 í sálfræðiþjónustu og u.þ.b. 35 manns á biðlista í Sálræktina og sömuleiðis mikil eftirspurn í hópmeðferðirnar.

Fyrsti fundur geðheilbrigðishópsins var 3. september 2020 og var þar ákveðið að þær hópmeðferðir sem höfðu farið fram á vormisseri 2020 myndu halda áfram rafrænt. Leitast var eftir því að Sálræktin héldi einnig áfram og höfuðið lagt í bleyti við að finna lausnir við aukinni eftirspurn í sálfræðiþjónustuna. Forseti spurðist einnig fyrir um áform, ef til væru, um að ráða inn félagsráðgjafa inn til náms- og starfsráðgjafar til að víkka þjónustuna, enda taka félagsráðgjafar við annars konar málum sem er ábótavant. Það voru engin áform um slíkt og sammælt um að félagsráðgjafardeild gæti farið af stað með nemendapjónustu eins og er í sálfræðideildinni, sambærilegt ráðgjöfinni eða Sálræktinni sem hófst sem tilraunaverkefni. Hópurinn fundaði aftur í október 2020 í ljósi erfiðrar stöðu hjá sálfræðiþjónustunni, biðlistar höfðu lengst í u.þ.b. 6 vikur úr 4 vikum frá því að fundað var síðast. Leitast var eftir því að fá verktaka inn til að veita viðtalsmeðferðir en þrátt fyrir góðar tilraunir náðist það ekki á skólaárinu en það strandaði helst á fjármagni. Þess í stað var bætt við námskeiðum í



Stúdentaráð Háskóla Íslands

hópmeðferðirnar og héldu þær áfram á vormisseri. Hópurinn kom saman í byrjun janúar 2021 til að skipuleggja misserið og ræða framtíð geðheilbrigðismála. Staðan var enn mjög svipuð, bliðlistarnir voru langir í bæði sálfræðiþjónustuna og námskeiðin.

Það var frekar skýrt að lykillinn að bættri þjónustu væri aukið fjármagn og beitti Stúdentaráð sér fyrir því við stjórnvöld, ásamt Háskólanum sem talaði fyrir auknum stuðningi. Stjórnvöld mættu beiðni ráðsins með því að lýsa yfir 100 milljóna ráðstöfun til málaflokksins á háskólastiginu. Forseti hefur í kjölfarið óskað eftir því að geðheilbrigðishópurinn fundi fljótlega til að ræða framtíð geðheilbrigðismála og skipulag fyrir komandi skólaár.

6.5 SKRÁSETNINGARGJALD VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Skrásetningargjaldamálið kom síðast upp þegar gjaldið var hækkað árið 2014. Stúdentaráð lagðist þá gegn gjaldinu og sendi inn kvörtun til háskólaráðs Háskóla Íslands. Háskólaráð vísaði hins vegar kvörtuninni frá og beindi ráðið kvörtuninni því kvörtuninni til umboðsmanns Alþingis vorið 2014. Kvörtunin var aftur á móti dregin til baka haustið 2014 af þáverandi formanni Stúdentaráðs og aðhafðist umboðsmaður því ekki frekar í málinu. Á fundi sínum 6. febrúar 2020 fól háskólaráð rektor að taka upp hækkun skrásetningargjaldsins við rektora annarra opinberra háskóla sem og mennta- og menningarmálaráðherra. Þá hafði komið fram í minnisblaði sem háskólaráð fékk að gjaldið ætti að vera 104.000kr árið 2020 og hækka í 107.000 árið 2021, ef miðað væri við forsendur þáverandi fjárlaga um verðhækkanir auk 3% hækkun verðlags milli ára.

Í grófum dráttum efast Stúdentaráð um að hluti þeirra töluliða sem eru tilgreindir í viðauka B við reglur nr. 244/2014 um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl., falli undir kostnað sem felur í sér þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknarstarfsemi í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla er segir:

„Háskóla er heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög skv. 1. mgr. með: a.) skrásetningargjöldum sem nemendur greiða við skráningu í nám, allt að 75.000 kr. fyrir hvern



Stúdentaráð Háskóla Íslands

nemanda á ársgrundvelli; álögð gjöld samkvæmt þessum lið skulu eigi skila háskóla hærri tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum háskólans vegna nemendaskráningar og þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknarstarfsemi.

Viðauki B telur upp m.a. þjónustu umfram nemendaskráningu, svo sem próf sem hluti námsmats og rekstur kennslusviðs, bókasafns og tölvuvers sem eru eðlilegir þættir kennslu og rannsóknarstarfsemis og er lögmælt þjónusta sem Háskóla Íslands ber að veita. Þannig rúmast umræddir kostnaðarliðir ekki innan lagarammans og dregur Stúdentaráð í efa að ströng lagaáskilnaðarregla um innheimtu gjalda heimili svo víðtæka túlkun á því sem teljist til kostnaðar umfram lögbundið hlutverk skólans við kennslu og rannsóknarstarfsemi.

Skrifstofa Stúdentaráðs ráðfærði sig við sérfræðinga í stjórnsýslurétti og fundaði með aðstoðarmanni umboðsmanns Alþingis til frekari upplýsinga um ferli málsins 2014 og hver næstu skref gætu verið. Stúdentaráð sendi frá sér yfirlýsingu þess efnis að ráðið legðist afdráttarlaust gegn hækkun gjaldsins og 6. mars fór af stað herferð til að vekja athygli á umræðunni sem og þrýsta á skólayfirvöld og stjórnvöld. Kannað var hvernig og hvort skrásetningargjöld tíðkuðust í nágrannaríkjunum og var m.a. talað við Nordisk Ordförande Möte (NOM) sem er samstarfs- og samskiptavettvangur landssamtaka Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja. Í ljós kom að almennt tíðkast hvorki að innheimta skrásetningar- né skólagjöld af stúdentum í opinberum háskólum á Norðurlöndunum en helsta undantekningin er Noregur þar sem nemendur greiða gjöld á bilinu 4.100 - 22.000 kr í opinbera háskóla, samkvæmt landssamtökum stúdenta þarlendis. Skrifstofan fundaði með mennta- og menningarmálaráðherra þann 24. febrúar 2020 og var þar fullvissuð um að skrásetningargjaldið yrði ekki hækkað skólaárið 2020-2021. Þann 2. mars 2020 var kvörtun send á umboðsmanns Alþingis í nafni þáverandi framkvæmdastýru Stúdentaráðs þar sem fyrir séð var að umboðsmaður myndi ekki ljúka afgreiðslu málsins fyrir lok starfsárs og framkvæmdastýra ætlaði að halda áfram störfum hjá skrifstofu Stúdentaráðs. Þegar kórónuveirufaraldurinn skall á hérlendis fór Stúdentaráð fram á að gjaldið yrði afnumið fyrir skólaárið 2020-2021 en stjórnvöld mættu ekki þeirri beiðni.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Þann 29. Apríl átti nýr forseti Stúdentaráðs 2020-2021 fund með mennta- og menningarmálaráðherra og spurðist fyrir um starfshóp vegna skrásetningargjaldsins sem ráðherra hafði talað um að setja á fót við fráfarandi skrifstofu. Þar endurtók ráðherra að gjaldið yrði ekki hækkað á komandi skólaári og virtist viljug til að skoða gjaldið nánar, það hefur þó verið sett ítrekað á ís vegna annarra mála sem ekki hafa þolað bið í tengslum við úrræði stjórnvalda vegna faraldursins.

Á september fundi háskólaráðs 2020 lögðu fulltrúar til að skrásetningargjaldið yrði sett í starfsáætlun háskólaráðs, í því skyni að endurskoða það til lækkunar eða afnáms. Það væri bersýnilega fordæmi fyrir því að háskólaráð tæki ákvörðun um slíkt og fela rektor að taka málið upp við mennta- og menningarmálaráðherra og aðra rektora, þannig mætti túlka að hægt yrði að taka málið til umræðu innan háskólaráðs. Fallist var á þá beiðni og upptaka gjaldsins fór inn í starfsáætlun. Á svipuðum tíma barst framkvæmdastýru svar frá umboðsmanni þess efnis að kvörtunina yrði að beina til háskólaráðs, sem framkvæmdastýra gerði 16. september 2020 og óskaði eftir því að fá úr því skorið hvort skrásetningargjöld við Háskóla Íslands væru réttmæt og rúmuðust innan lagarammans. Á fundi sínum 1. október 2020 tók háskólaráð ákvörðun um að hafna erindinu en fulltrúar stúdenta kusu á móti því og lögðu fram bókun sem sagði m.a.:

„Við teljum umræðuna um skrásetningargjöldin villandi þar sem þeim er m.a. ætlað að standa straum af kostnaði við próftöku nemenda og minnir það helst á skólagjöld. Vegna þessa fögnum við því að skrásetningargjaldið sé í starfsáætlun háskólaráðs og að umræða um það muni eiga sér stað. Sú umræða er réttmæt en skrásetningargjöldin draga úr jöfnu aðgengi fólks til náms. Um er að ræða gríðarlega stórt hagsmunamál fyrir stúdenta enda hefur gjaldið árleg áhrif á stúdent sem sækir sér menntun við Háskóla Íslands.“

Til stóð að halda málinu áfram af framkvæmdastýru en í lok ársins 2020 lét hún af störfum og því varð að leita að öðrum farveg fyrir það hjá skrifstofu Stúdentaráðs. Þann. 25. janúar 2021 sendi Stúdentaráð kröfur á stjórnvöld, sem var upphafið að herferð ráðsins um fjárhagslegt öryggi stúdenta. Í IV. kafla er tímalína gjaldsins rakin og óskað eftir því að starfshópurinn verði að veruleika með það að markmiði að endurskoða gjaldið til lækkunar eða afnáms. Ekki barst



svar við erindinu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, eða hinum þremur ráðuneytum sem það var sent á. Á samráðsfundi í febrúar 2021 var forseta tjáð að erindið hefði e.t.v. lent í tölvupóstaflóði en sammælast um að ræða það betur, þó ekki fyrr en búið væri að leysa úr öðrum aðkallandi málum, svo sem sumarstörfum og sumarnámið fyrir sumarið 2021. Á háskólaráðsfundi 4. mars 2021 var skrásetningargjaldið á dagskrá háskólaráðs eftir að hafa verið í vinnslu miðlægt, sbr. starfsáætlun háskólaráðs. Á fundinum kom lögfræðingur frá rektorsskrifstofu og gerði grein fyrir minnisblaði um skrásetningargjaldið. Fulltrúar stúdenta bókuðu ítarlega vegna málsins:

„[...]Ljóst er að það sé matskennt hvað fellur undir skrásetningargjald og er það í minnisblaðinu túlkað vítt sbr. m.a. „stendur undir hluta kostnaðar“ og „tekur að stærstum hluta mið af þeirri upptalningu“. Þegar opinber gjöld eru lögð á, sem eru íþyngjandi fyrir þá sem þau greiða, skal ávallt beita þrengjandi skýringu og túlka vafa greiðandanum í hag. Þar af leiðandi ætti til dæmis kennsla skv. a-lið 2. mgr 24. gr laga um opinbera háskóla, ekki að vera túlkuð þannig að hún nái eingöngu til þess að vera sá tími sem kennari stendur fyrir framan nemendur, eða „formlegar kennslustundir“ líkt og minnisblaðið orðar það. Í því samhengi veltum við upp hvort að prófahald hljóti ekki að vera partur af kennslu, enda er námsmat óaðskiljanlegur hluti hennar og þreyting lokaprófs til að ljúka námskeiði oft geðþóttaákvörðun kennara um hvers konar námsmat skuli fara fram, ekki nýta allir sér slíkt námsmat. Þegar upptalning í dæmaskyni kemur fram í lögum hafa stjórnvöld vissulega svigrúm til að meta hvað falli þar undir hverju sinni. Engu að síður verður að hafa í huga að um gjalddöku er að ræða sem er íþyngjandi fyrir þann sem gjaldið greiðir og því ætti að beita þrengjandi túlkun.

Jafnframt teljum við undirorpið vafa, svo dæmi sé tekið, að undir gjalddökuheimild háskólans falli kostnaður við rekstur á tölvum og prenturum þar sem það er seint talin starfsemi sem fellur undir skrásetningu stúdenta við skólann, heldur almennur rekstrarkostnaður sem ekki rúmast fyrir í gjalddökuheimild háskólans skv. a-lið 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla.

Þá setjum við spurningamerki við það að gefið sé í skyn, m.a. með framreiknuðum útreikningum, að skrásetningargjald þurfi í eðli sínu að standa straum af öllum þeim kostnaði sem undir það



Stúdentaráð Háskóla Íslands

fellur. [...] Þykir okkur eðlilegt vinnulag að umræða um skrásetningargjaldið sé tekið fyrir árlega, áður en farið er fram á að stúdentar inni það af hendi, til að ganga úr skugga um réttmæti þeirra og hvort kostnaðarliðir hafi breyst frá árinu á undan[...]"

Á samráðsfundi 3. maí 2021 ítrekaði forseti þessa beiðni og honum tjáð að þetta væru næstu mál á dagskrá. Miðað við að sá fundur snerist um að fá svör við ósnerta grunnframfærslu hjá Menntasjóði námsmanna, sem í grunninn snýst um fjármagn, þá er ekki mikil bjartsýni á að það náist að ræða skrásetningargjöldin við ráðuneytið fyrir alþingiskosningar. Forseti vill ítreka mikilvægi þess að málið dagi ekki upp og það sé á ábyrgð ríkisins að styðja við menntun og þekkingarsköpun í landinu með því að m.a. leggja gjaldið af. Krafa Stúdentaráðs Háskóla Íslands stendur óhöggud og bindur forseti vonir við að framvinda verði í málinu á næsta starfsári í samstarfi við fulltrúa stúdenta í háskólaráði, sérstaklega í ljósi kosninga til Alþingis.

6.6 HÚSNÆÐISMÁL

Félagsstofnun stúdenta (FS) hefur það að markmiði að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er og er stefnan að geta mætt 15% stúdenta með húsnæði á viðráðanlegu verði í grennd við Háskóla Íslands. Á síðasta skólaári voru stærstu stúdentagarðar á landinu með alls 250 íbúðir teknir í notkun og styttist óðum í opnun stúdentaíbúða við Gamla garð, sem er eins og við þekkjum flest löngu tímabært. Í ársskýrslum 2017-2018 og 2018-2019 er betur farið yfir það langdregna og mikilvæga mál.

Þessu til viðbótar eru önnur verkefni á döfinni hjá FS á borð við möguleika á stúdentaíbúðum í nýjum Skerjafirði og fyrirhuguð kaup á Hótel Sögu sem er raunar til skoðunar hjá FS og Háskóla Íslands sameiginlega. Það eru þá áform um að nýta hluta byggingarinnar undir starfsemi m.a. Menntavísindasviðs og hinn hlutann undir stúdentaíbúðir. Viðræður við eigendur Hótel Sögu er enn í gangi þegar þetta er skrifað og lítið annað hægt að segja en að ýmsir þættir þurfi að ganga upp til að kaupin verði að veruleika. Hlutverk Stúdentaráðs í þessu verkefni er mjög mikilvægt, ráðið þarf að vera á tánnum og hafa auga með því að áformin



Stúdentaráð Háskóla Íslands

breytist ekki varðandi íbúðir fyrir stúdenta og að hugað sé að því að FS fái þar svæði til að starfrækja kaffistofu Hámu fyrir stúdenta Menntavísindasviðs og starfsfólk.

Gangi kaupin í gegn er heildarmyndin um háskólasamfélag í praktík að færast nær raunveruleikanum sem og að FS færist nær sínu markmiði um leiguíbúðir handa stúdentum. Ekki nóg með það að hinum megin við Suðurgötuna myndist sterkari kjarni, heldur getur það einnig orðið til þess að Stapi fari aftur í eigu FS og verði þannig beintengdur við Gamla garð og nýju stúdentaíbúðirnar sem eru að rísa, þannig að leigubjónusta FS vex og úr verða heildstæðari Stúdentagarðar. Samtalið við FS og Háskól Íslands vegna Hótel Sögu hefur gengið vel og ræður jákvæði förum í þeirri von um að úr áformunum rætist.

Ítrekað er þó að það verði að halda vel á spöðunum þegar kemur að húsnæðismálum stúdenta til að geta orðið við þjónustunni í takt við eftirspurn og þarfir stúdenta.

6.7 SAMGÖNGU-, UMHVERFIS OG LOFTSLAGSMÁL

Draumsýn stúdenta er mjög skýr hvað varðar græna samgöngumáta, fjölgun grænna svæða, fleiri stúdentaíbúðir, þéttingu háskólasamfélagsins, þjónustukjarna í Vatnsmýrinni, „campus“ tilfinningu og sjálfbæra þróun. Vinna við nýtt rammaskipulag háskólasvæðisins miðar einmitt að þeim áherslum og stefnu Reykjavíkurborgar. Með breyttu skipulagi verða að fylgja áreiðanlegar almenningssamgöngur og samgöngukort fyrir stúdenta á viðráðanlegu verði. Stúdentaráð hefur lagt sitt af mörkum við að stuðla að háskólasamfélagi í praktík með því að m.a. tryggja stúdentum afslátt í nýja heilsuræktarstöð í Vatnsmýrinni á vormisseri og leitað áfram leiða á haustmisseri til að fá lágvöruverðsverslun á háskólasvæðið. Margt smátt hlýtur að gera eitt stórt.

6.7.1 LOFTSLAGSVERK FALL

Stúdentaráð hélt áfram að vera einn skipuleggjandi á skólaárinu Loftslagsverkfallanna ásamt Ungum umhverfissinum, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og Landssamtaka íslenskra stúdenta. Sökum aðstæðna var ekki hægt að halda í mótmælin á Austurvelli í



Stúdentaráð Háskóla Íslands

hádeginu á föstudögum bróðurpart sumarsins 2020 og stóran hluta haustmisseris. Ungir umhverfissinnar voru þó virkilega áberandi og kröftug á samfélagsmiðlum.

Loftslagsverkfallið hlaut jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs í desember 2020 og tók fyrirverandi forseti umhverfis- og samgöngunefndar á móti gripnum fyrir hönd Stúdentaráðs. Um miðjan febrúar 2021 var farið í átakið *Aðgerðir strax!* til þess að vekja athygli á hve brýnt það er að grípa til róttækari loftslagsaðgerða af hálfu íslenskra stjórnvalda. Átakið samanstóð af myndböndum, greinaskrifum og einskonar upplýsingafundum að fyrirmynd upplýsingafunda almannavarna, sem fyrirhugað er að halda áfram. Stór verkföll voru 12, 19, 26. feb og 5. mars og lokaði áttakinu með tónleikum fyrir loftslagið á föstudeginum 5. mars 2021. Föstudaginn 19. mars var svo allsherjarverkföll þegar Fridays for Future hreyfingar um allan heim tóku sig saman í að mótmæla fyrir loftslagið. Ungir umhverfissinnar eiga mikið hrós skilið fyrir vinnu sína í baráttunni gegn loftslagsvánni og fyrir að gera verkfallið aðgengileg í gegnum streymi á samfélagsmiðlum á tímum faraldurs.

Fráfarandi skrifstofa Stúdentaráðs telur að aðkoma umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs að skipulagningu Loftslagsverkfallanna verði að vera miklu meiri í framhaldinu. Hingað til hefur þátttaka ráðsins einna helst verið í höndum skrifstofunnar og forseta umhverfis- og samgöngunefndar, skiljanlega þar sem forseti Stúdentaráðs kom að því að stofna verkfallið, ásamt fleirum, og tók sæti í skipulagshópnum. Á liðnu ári reyndist það skrifstofunni vandasamt að koma að skipulagningu eins og hún hefði viljað vegna aðstæðna sem reyndu mikið á starfsemi og hlutverk Stúdentaráðs. Það verður því að skapa betri ramma í kringum skipulagið hjá Stúdentaráði og skilgreina betur hlutverk skrifstofunnar og nefndarinnar fyrir næsta starfsár.

6.7.2 SAMGÖNGU- OG BÍLASTÆÐAMÁL VIÐ HÍ

Stúdentaráð skilaði inn umsögn við tillögudrögum starfshóps um framtíðarskipan samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu í febrúar 2020. Tillögurnar fólu í sér að taka upp bílastæðagjöld á lóðir skólans og samhliða bjóða upp á samgöngukort fyrir stúdenta, að



Stúdentaráð Háskóla Íslands

nafninu H-passi eða háskólapassi, í 12 mánuði á 5.000kr. Slíkt samgöngukort hefur einmitt verið í stefnu Stúdentaráðs í rúmlega tvö ár. Til viðbótar við umsagnarskrifin stóð Stúdentaráð fyrir opnum stúdentafundi þar sem tillögurnar voru kynntar af formanni starfshópsins og þáverandi sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs.

Eins og gefur að skilja staðnaði málið í nokkurn tíma vegna faraldursins en haustið 2020 var farið aftur af stað og í október fékk háskólaráð kynningu á stöðu mála framtíðarskipan samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu, með hliðsjón af umsögnunum sem höfðu borist frá hagaðilum. Það voru sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, sem á þeim tímapunkti var að láta af störfum hjá Háskólanum, og framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnsýslu sem mættu á þann fund.

Staða málsins var að öðru leyti sú sama; viðræður við Strætó og enn í kortunum að hafa H-passa á 5.000 krónur fyrir stúdenta. Óvíst er hvenær það færi í útfærslu, en eins og fyrr segir hafa orðið skipti á framkvæmda- og tæknisviði og þurfti að leyfa málinu að þróast náttúrulega, ef svo mætti að orði komast. Forseti Stúdentaráðs hefur þó verið í samskiptum við fulltrúa stúdenta í skipulagsnefnd háskólaráðs, vegna þessa máls og sömuleiðis vegna nýs rammaskipulags fyrir háskólasvæðið. Nýtt rammaskipulag var kynnt á fundi háskólaráðs 4. febrúar 2021 og í kjölfarið óskaði forseti eftir því að fá inn á fund Stúdentaráðs Hrunn Ólöfu Andradóttór, formann skipulagsnefndar háskólaráðs, og Orra Steinarsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, sem höfðu kynnt rammaskipulagsdrögin fyrir háskólaráði. Þau tóku mjög vel í það og héldu kynningu fyrir ráðinu þann 10. mars 2021 við góðar undirtektir. Þá áttu forseti og fulltrúi stúdenta í skipulagsnefnd fund með nýjum sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs um miðjan mars sem gekk mjög vel enda öll sammála um að endurvekja yrði málið með það í huga að koma því í ferli sem fyrst og að hagsmunir stúdenta yrðu hafðir að leiðarljósi.

6.8 HAPPDRETTI HÁSKÓLA ÍSLANDS



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Í desember hóf skrifstofa Stúdentaráðs að afla sér upplýsinga um aðkomu Háskóla Íslands að rekstri spilakassa í gegnum Happpdrætti Háskóla Íslands (HHÍ). Óskaði skrifstofan eftir frekari útskýringu á afstöðu Háskólans ásamt tölulegum gögnum frá miðlægu stjórnsýslunni. Upplýsingarnar voru ófullnægjandi og var skrifstofunni bent á að hafa samband við HHÍ til að geta kortlag umfangið betur. Forseti Stúdentaráðs upplýsti stjórn á fundi sínum 14. desember 2020 um málið og var þá sammælt um að upplýsinga yrði aflað vandlega þar sem um viðkvæmt mál væri að ræða. Forseti átti í góðum samskiptum við rektorsskrifstofu vegna málsins, sem var tekið alvarlega og Háskólinn sýndi vilja til að taka það föstum tókum.

Á Stúdentaráðsfundi 10. mars 2021 var borin upp tillaga á fundinum um að Stúdentaráð beitti þrýstingi á stjórnendur skólans um að hætta rekstri spilakassa. Tillagan fól einnig í sér að taka afstöðu til rekstursins. Forseti tjáði Stúdentaráði að skrifstofa ráðsins hafi þegar verið að afla sér upplýsinga um starfsemina, m.a. með því að setja sig í samband við rektorsskrifstofu og óska eftir tölulegum gögnum, og að það hafi verið mat stjórnar Stúdentaráðs að ákjósanlegast væri að bíða fregna áður en frekari skref yrði tekin miðlægt hjá Stúdentaráði, og var það þess vegna sem málið var inni á borði skrifstofunnar. Hvað varðaði að taka afstöðu til málsins var ljóst að um væri að ræða mál sem þyrfti að vera vel unnið, að Stúdentaráð fengi kynningu um efni þess frá fagaðilum og viðeigandi gögn og upplýsingar áður en ákvarðanir væru teknar, þar sem Stúdentaráð er ekki vel að sér í málum sem þessum. Á fundinum var einróma samþykkt að fresta tillögunni og halda auka Stúdentaráðsfund og fá kynningar á fjárhættuspilum og spilafíkn frá viðeigandi fagaðilum og öðrum hagaðilum. Það þurfti til aukafund þar sem næstu fundir voru kjörfundur og skiptafundur. Á grundvelli þeirrar fræðslu sem Stúdentaráð fengi þar væri svo hægt að meta næstu skref.

Þann 8. apríl barst forseta Stúdentaráðs skipunarbréf í starfshóp rektors um álitafni í tengslum við tekjuöflun Happpdrættis Háskóla Íslands. Verkefni hópsins eru að „greina málefni, vinna út frá fyrirliggjandi gögnum um þau, rannsóknum sem gerðar hafa verið frá 1993, bæði um viðhorf í samfélaginu og eins um spilafíkn, ásamt staðreyndum sem tengjast húsbyggingum og lagaramma“. Það voru ánægjuleg tíðindi að fulltrúa stúdenta hafi verið



tryggð aðkoma að vinnunni. Ákveðið var að halda auka fundinn 8. apríl og komu þar fulltrúar Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, mastersnemi í fíknifræðum, fulltrúi Samtaka áhugafólks um spilafíkn og fulltrúar Happpdrættis Háskóla Íslands. Undir lokinn var áðurnefnd tillaga borin upp aftur og hafði Skrifstofa Stúdentaráðs sent með fundargögnum fyrirfram lagða breytingartillögu á tillögunum, sem sneri að því að ráðið ályktaði um málið á grundvelli þeirra upplýsinga sem Stúdentaráð fékk á fundinum sjálfum, þeirrar vinnu sem ráðið hefur lagst í, sem og vitneskju um nýskipaðan starfshóp rektors og starfshóps dómsmálaráðherra. Tillögurnar voru samþykktar og hóf skrifstofan að kynna sér ítarefni, svo sem niðurstöður faraldsfræðilegra rannsókna frá 2005, 2007, 2011 og 2017, opinn fundur velferðarnefndar Alþingis um spilafíkn og áhrif á líf og fjölskyldu, meðferðarúræði og stefnu stjórnvalda, ársreikningar HHÍ og fræðirit um spilavanda og spilafíkn sem fram höfðu komið á fundinum. Fyrirliggjandi gögn voru mörg og umfangsmikil og því fór skrifstofan vandlega yfir þau og vann upp úr þeim með faglegum hætti, til að tryggja Stúdentaráði málefnalega afstöðu. Að lokinni vinnu var ályktunin lögð fyrir Stúdentaráði til athugasemda og var í kjölfarið lögð fyrir rafræna atkvæðagreiðslu, líkt og var sammælt um á fundinum 8. apríl. Ályktunin var birt mánudaginn 10. maí.

Þegar þetta er skrifað er starfshópur rektors og starfshópur dómsmálaráðherra enn að störfum og því ekki fyrir séð hvert framhaldið verður í málinu. Þó er fyrir séð að nýtt Stúdentaráð muni þurfa að taka afstöðu til málsins, líkt og er gert með öllum málum sem færast yfir á nýtt starfstímabil. Stúdentaráð er einlægt þeirrar skoðunar að Háskóli Íslands eigi ekki að hafa aðkomu að rekstri spilakassa og að það sé á ábyrgð stjórnvalda að fjárframlögin til Háskólans séu viðunandi þannig að hann þurfi ekki að reiða sig á happpdrættisfé.

6.9 HERFERÐ

Á Stúdentaráðsfundi 25. nóvember 2020 lagði skrifstofa Stúdentaráðs til að herferð Stúdentaráðs yrði um fjárhagslega stöðu stúdenta á tímum COVID-19, í takt við áherslurnar á árinu. Forseti Stúdentaráðs hóf strax vinnu í kjölfar þess að tillagan var samþykkt og fór mest allur desember í skipulagningu. Stúdentaráð, stjórn og oddvitar beggja fylkinga voru upplýst um stöðu þess reglulega á fundum og í pistlum frá forseta. Í janúar fór vinnan á fullt og tók skrifstofan vinnufund til að kjarna herferðina betur. Úr kom yfirskriftin „Eiga stúdentar ekki betra skilið?“ og undirtitillinn „Fjárhagslegt öryggi fyrir stúdenta“. Ákveðið að það yrðu myndbönd í forgrunni í stað plakata eða eins og fyrri ár. Vegna þessa var haft samband við deild rafrænna kennsluhátta í Setbergi og óskað eftir því að fá að nota stúdío aðstöðuna þar til að taka upp myndböndin sem tekið var mjög vel í. Varaforseti vann myndböndin og var útkoman með einsdæmum gríðarlega flott. Þá var einnig haft samband við Landsbankann sem hefur undanfarin ár gefið Stúdentaráði tíma með auglýsingastofunni þeirra Aton.JL. Þau unnu samfélagsmiðlaefnið á mjög stuttum tíma, um miðjan janúar, sem kom vel út.



Á áætlun fyrst var að fara af stað með herferðina 18. - 22. janúar 2021 en eftir að hafa talað við auglýsingastofuna þurfti bæði að kjarna skilaboð herferðarinnar meira og gefa þeim meiri tíma til að vinna efnið. Þess vegna var hún færð til 25. - 29. janúar 2021. Kjörnun herferðarinnar fólst í því að skilgreina hverju Stúdentaráð vildi áorka, við hverja ráðið væri að tala við og hver væru lykilskilaboðin. Markaðsaðgerðir voru einnig kjarnaðar en það voru fyrst og fremst myndböndin sem voru undirstaðan, greinaskrif, miðlun efnisins á samfélagsmiðlum, heimasíðunni og í gegnum tölvupóst. Svo var skilgreint enn frekar hvað fólst í hverjum lið fyrir sig og hvernig þá skildi áorka.

Myndböndin voru þrjú talsins og skiptust þannig:

- „Eiga stúdentar ekki skilið hærra grunnframfærslu?\": Fyrsta myndbandið fjallaði um erfiðar fjárhagsstöðu stúdenta og stuðst við umsagnir Stúdentaráðs, einna helst EUROSTUDENT kannanirnar sem Stúdentaráð vísaði mikið í og atvinnuleysistöflur Vinnumálastofnunar. Þá var komið inn á stöðu stúdenta í námslánakerfinu og áhersla lögð á hækkun grunnframfærslu framfærslulána hjá Menntasjóðnum.
- „Eiga stúdentar ekki skilið atvinnuleysisbætur?\": Seinna myndbandið fjallaði alfarið um atvinnuleysisbótakröfu Stúdentaráðs. Útskýrt var hvað krafan snerist um, á hvaða staðreyndum hún byggði og einna helst lagt áherslu á atvinnuþryggingagjaldið sem rennur af launum stúdenta. Kröfunni til stuðnings var vísað í Stjórnarskrá Íslands og alþjóðasamninga sem kveða á um réttindi allra til fjárhagsaðstoðar.
- „Stúdentar eiga betra skilið\": Þriðja og síðasta myndbandið var einskonar ákall eftir raunverulegu samráði við stjórnvöld og markvissar aðgerðir til frambúðar. Áréttað var kröfur Stúdentaráðs um réttindi stúdenta til atvinnuleysisbóta og hækkun grunnframfærslunnar, því stúdenta eiga betra skilið.



Það var búin til sérstök lendingarsíða fyrir herferðina á heimasíðu Stúdentaráðs og voru myndböndin sett þar inn, en það var hlaðið upp á Vimeo til að geta gert svo. Annars voru þau einnig sett beint á facebook síðu Stúdentaráðs og Instagram, og deilt frá Vimeo á Twitter. Á lendingarsíðunni var einnig útdráttur úr bréfi sem Stúdentaráð sendi á stjórnvöld á fyrsta degi herferðarinnar, 25. janúar, til að vekja athygli á henni. Nánar tiltekið var sent bréf á forsætisráðuneytið, efnahags- og fjármálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið. Í bréfinu var rakið allar umsagnir og kannanir Stúdentaráðs sem og

aðra gagnaöflun, stöðu studenta yfir höfuð og loks kröfur ráðsins. Bréfið var einnig birt undir Útgefið efni á heimasíðunni fyrir áhugasama. Þá voru stúdentar látnir vita af herferðinni í gegnum HÍ-netfangið og fréttatilkynning send á fjölmiðla.

Myndböndin fóru út á mánudeginum 25. janúar, miðvikudeginum 27. janúar og föstudeginum 29. janúar. Greinar komu út inn á milli á þriðjudeginum, fimmtudeginum og loks laugardeginum. Uppfærður reikningur frá Stúdentaráði til ríkissjóðs fyrir 4 milljörðum kom einnig út á fimmtudeginum, en líkt og í vor var markmiðið að vekja fólk til umhugsunar og kynna það myndrænt hvað atvinnuþryggingagjöld stúdentana nema mikið á síðustu 10 árum, frá því að þau



voru svipt réttinum til atvinnuleysisbóta. Samfélagsmiðlaefnið var dreift á Twitter og Instagram og náði það eyrum og augum margra. Þar var áhersla lögð á að sýna hve miklu meira stúdentar á Íslandi vinna með námi í samanburði við norðurlöndin og einnig raunveruleikann um þá 4 milljarða sem af launum þeirra hefur verið greitt í atvinnuleysisstryggingasjóð án þess að þau eigi rétt á fjárhagsaðstoð úr sjóðnum. Greinarnar sem voru upp úr myndböndunum en mun hnitmiðaðar birtast svo á Vísi.

Fréttablaðið fjallaði um herferðina á fyrsta deginum og vísað var í hana á þingi 27. janúar þegar Guðmundur Ingi þingmaður Flokks fólksins spurði forsætisráðherra beint út stöðu stúdentana og krafðist svara við henni. Andrés Ingi furðaði sig einnig á dræmum svörum forsætisráðherra og tók undir með Stúdentaráði í pontu Alþingis. Kjarninn og MBL fjölluðu um orðaskiptin milli Guðmundar og Katrínar og í kjölfarið fann Stúdentaráð sig knúið til að leiðrétta þær rangfærslur sem forsætisráðherra lét falla í andsvari sínu við Guðmund Inga. Því



miður sáu áður nefndir fjölmiðlar sér ekki fært um að hafa samband við skrifstofu Stúdentaráðs vegna þessa.

Heilt yfir má með sannri segja að herferðin hafi tekist einkum vel. Skrifstofan gat fylgt með heimsóknum á lendingarsíðuna sem voru mjög góðar út alla vikuna. Myndböndin fóru í töluverða dreifingu og stúdentar tóku undir ákallið. Ákveðið var að halda lendingarsíðunni við þar sem um er að ræða stórt hagsmunamál stúdenta sem enn bíður viðbragða stjórnvalda.

6.10 ALDARAFMÆLI STÚDENTARÁÐS

Á þessu starfsári fagnaði Stúdentaráð aldarafmæli sínu með glæsilegri afmælishátíð í Hátíðarsal Aðalbyggingar Háskóla Íslands og gerð heimildapáttaröðar sem frumsýnd í línulegri dagskrá Ríkisútvarpsins (RÚV). Afmælið eru stór tímamót í sögu hagsmunabaráttu stúdenta sem varð að gera skil á svona líka óhefðbundnum tíma. Frá stofnun Stúdentaráðs hefur mikið vatn runnið til sjávar, eins og kemur skýrt fram í heimildapáttaröðinni. Það færir okkur ánægju, kraft og von til að halda hagsmunagæslunni áfram um ókomna tíð.

6.10.1 AFMÆLISHÁTÍÐ

Stúdentaráð fagnaði aldarafmæli sínu þann 4. desember 2020, á sjálfum afmælisdeginum, í Hátíðarsal Aðalbyggingar ásamt góðum gestum. Í upphafi stóð til að bjóða fyrrverandi forsetum, Stúdentaráðsliðum, allri skrifstofunni, ríkisstjórninni, háskólaráði og rektorsskrifstofu. Vegna aðstæðna var ákveðið að vera með beint streymi úr Hátíðarsalnum fyrir gesti heima í stofu sem deild rafrænna kennsluhátta í Setbergi sá um og gekk það ótrúlega vel. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands opnaði hátíðina ásamt því að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra fluttu ávarp. Isabel Alejandra Díaz forseti Stúdentaráðs og Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands

ávörpuðu einnig gesti og söngkonan GDRN steig á svið og Vigdís Hafliðadóttir fyrrverandi Stúdentaráðsliði flutti uppistand.

Afmælinu var streymt á heimasíðu Háskóla Íslands og einnig á Vísi. Háskóli Íslands gaf Stúdentaráði að gjöf nýtingu Hátíðarsalsins, tónlistaratriðið og streymið sem skrifstofan er hjartanlega þakklát fyrir. Félagsstofnun stúdenta gaf Stúdentaráði að gjöf veitingar fyrir gesti til mikillar ánægju viðstaddra og þakkar skrifstofa kærlega fyrir gjöfina. Stúdentaráð greiddi svo fyrir uppistandið. Undirbúningur var í höndum skrifstofunnar en í góðu samstarfi við rektorsskrifstofu sem aðstoðuðu við að hafa til salinn og tryggja sóttvarnir til hins ítrasta í samráði við framkvæmda- og tæknisvið. Markaðs- og samskiptasvið vöktu einnig athygli á afmælinu og veislunni víða á miðlum Háskóla Íslands og Kristinn Ingvarsson tók ljósmyndir í veislunni. Stúdentaráð fékk ómetanlega aðstoð við að láta fögnuðinn verða að veruleika með breyttu sniði en upphaflega var ætlað og þakkar kærlega fyrir sig.



MYND EFTIR KRISTINN INGVARSSON

6.10.2 HEIMILDAPÁTTASERÍA

Unnið var að fjögurra þátta seríu í tilefni af aldarafmæli Stúdentaráðs sem stiklaði á stóru yfir 100 ára söguna, sem eins og segir í lýsingunni „[...] sögu vonar og baráttuanda sem ekki á sér hliðstæðu“. Mismunandi áherslur Stúdentaráðs í gegnum tíðina fengu að njóta sín, oftast en ekki snerust þær um hvers eðlis stúdentahreyfingin ætti að vera, pólitísk eður ei. Viðmælendur voru starfsfólk skrifstofunnar, stjórnmalafólk og aðrir þjóðþekktir einstaklingar í menningu og listum. Heimildapáttaröðin fékk heitið „Baráttan - 100 ára saga Stúdentaráðs“.



Þættirnir voru unnir í samstarfi við RÚV og Háskóla Íslands, sem var megin styrktaraðli verkefnisins. Fráfarandi skrifstofa hafði nálgast RÚV Núll með hugmynd að heimildarþætti þar sem góðar líkur var á að RÚV gæti átt

fréttaefni sem tengdist hagsmunabaráttu stúdenta er gæti nýst í yfirgripsmikla umfjöllun. Auk þess þótt það liggja beinast við að þættirnir yrðu sýndir í sjónvarpi allra landsmanna. Það var tekið vel í hugmyndina og fór þáverandi forseti af stað í að skipuleggja utan um verkefnið ramma og var t.a.m. búið að hafa samband við tvær dagskrárgerðakonur til að taka sér dagskrárgerð og þáttastjórn. Þá hafði rektor Háskóla Íslands lýst yfir miklum vilja til að styðja við verkefnið fjárhagslega. Verkefnið vannst ekki fyrir skipti í Stúdentaráði og tók ný skrifstofa því við keflinu.

Sumarið 2020 sagði RÚV Núll sig úr verkefninu skrifstofunni til mikillar ama en forseti leitaðist eftir því að verkefnið fengi hljómgrunn á öðrum vettvangi innan RÚV og hafði því samband við dagskrárstjóra. Samtalið hófst í byrjun september milli RÚV, Háskóla Íslands og Stúdentaráðs og fór mjög hratt af stað. Forseti lagði fram tillögu að verkefni til RÚV þess efnis að það yrði unnið að einum heimildarþætti sem yrði sýndur í línulegri dagskrá og að Stúdentaráð fengi að koma að vali um dagskrárgerðamann en samskiptum yrði haldið uppi við skrifstofu ráðsins eftir þörfum við vinnslu verksins. Óskað var eftir því að RÚV sæi um framleiðslu, kvikmyndatöku og eftirvinnslu sem og að veittur yrði dagskrárgerðarmanni aðgangur að gagnasafni RÚV. Samtalið gekk vel og þó sá skrifstofan hefði fremur viljað á þeim tíma að RÚV tæki að sér áður nefnda þætti, var ákveðið að framlag RÚV yrði aðgangur að safnefni auk þess að sýna þáttinn í línulegri dagskrá. Með rausnarlegum stuðning Háskóla Íslands var því samkomulagi



Stúdentaráð Háskóla Íslands

náð og setti skrifstofan sig í samband við Ingileif Friðriksdóttur til að taka að sér dagskrárgerð og þáttastjórn og einnig Guðmund Einar til að sjá um framleiðslu, kvikmyndatöku og eftirvinnslu.

Handritið var í höndum Ingileifar, Guðmundar og Helgu Lind Mar í samráði við skrifstofu Stúdentaráðs. Ljósmyndir voru fengnar úr einkasafni Stúdentaráðs og Bjarkar Vilhelmsdóttur og blaðaúrklippur birtar með góðfúslegu leyfi Stundarinnar, Vísis, MBL, DV, Fréttablaðsins og Stúdentablaðsins. Ákveðið var að framleiða fjóra þætti sem voru í kringum 14 mínútur. Hver og einn þáttur var með þema, sá fyrsti tók fyrir róttækni, annar þáttur tók fyrir stóra sigra og stór töp, sá þriðji fjallaði um menningu og sá fjórði um framtíðina. Fyrsti þátturinn var frumsýndur á RÚV fimmtudaginn 4. febrúar 2021 og voru svo sýndir út fimmtudagana í febrúar mánuði. Stúdentaráð er fullt þakklætis fyrir veittan stuðnings við þetta mikilvæga verkefni sem gerði afmælinu góð skil og mun um ókomna tíð koma til með að nýttast stofnanaminninu. Þáttaröðin markaði einskonar lok á afmælisfögnuði Stúdentaráðs og það með miklum glæsibrag.

6.10.2 NÝ HEIMASÍÐA

Ný og endurgerð heimasíða Stúdentaráðs fór í loftið 4. desember 2020, samhliða 2. tölublaði Stúdentablaðsins með afmælisþema og afmælisfögnuði Stúdentaráðs. Sú vinna hófst á síðasta starfsári undir umsjón þáverandi varaforseta Stúdentaráðs. Hafði þáverandi skrifstofa komist að samkomulagi við Landsbankann um að heimasíðan yrði afmælisgjöf frá þeim til Stúdentaráðs. Þá styrkti Félagsstofnun stúdenta einnig fyrir því sem vantaði upp á. Heimasíðan var unnin af auglýsingastofu Landsbankans Aton.JL sem skrifstofan var og hefur verið í miklum samskiptum við.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

7 STÚDENTARÁÐSFUNDIR

Á starfsárinu 2020-2021 hafa verið haldnir alls 11 löglegir fundir Stúdentaráðs, að undanskildum kjörfundi og skiptafundi. Fundargerðir frá fundum ráðsins eru aðgengilegar á heimasíðu þess, student.is. Flestir fundirnir fóru fram með rafrænum hætti á Teams vegna aðstæðna í samfélaginu.

7.1 KJÖRFUNDUR STÚDENTARÁÐS 20. APRÍL 2020

Kjörfundur Stúdentaráðs fór fram 20. apríl 2020 í kjölfar kosninga til Stúdentaráðs. Á fundinum kaus nýtt Stúdentaráð forseta, varaforseta, lánasjóðsfulltrúa og hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs til starfa á réttindaskrifstofu ráðsins starfsárið 2020-2021. Eftirfarandi einstaklingar hlutu kjör:

- Isabel Alejandra Díaz, forseti
- Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti
- Mikael Berg Steingrímsson, hagsmunafulltrúi
- Sara Þöll Finnbogadóttir, lánasjóðsfulltrúi

Þá var einnig kosið um tilnefningar fylkinga í sviðsráð, fastanefndir Stúdentaráðs og til Háskólaþings ásamt því að kjósa varafulltrúa Stúdentaráðs og varafulltrúa Stúdentaráðs í fulltrúaráð Landssamtaka íslenskra stúdenta. Til viðbótar var lögð fram tillaga um kjör Stúdentaráðs í nefndir háskólaráðs.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.2 SKIPTAFUNDUR STÚDENTARÁÐS 14. MAÍ 2020

Skiptafundur Stúdentaráðs fór fram 14. maí 2020. Á fundinum kynnti fráfarandi forseti ársskýrslu fyrir starfsárið 2019-2020. Nýtt Stúdentaráð tók við og nýkjörinn forseti tók við



fundarstjórn. Farið var yfir ýmis praktísk atriði fyrir nýja Stúdentaráðsliða, tímalínu stórra mála síðasta starfsárs og endað á almennum fyrirspurnum til nýrrar skrifstofu.

7.3 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 24. JÚNÍ 2020

Fyrstu fundur Stúdentaráðs fór fram 24. júní 2020. Varaforseti sá um fundarstjórn fram að hlé þar sem forseti sótti fund með umhverfis- og auðlindaráðherra. Á fundinum var kynning á námsumsjónarkerfinu Canvas frá deildarstjóra rafrænna kennsluhátta og verkefnastjóra Canvas. Þá var kynning á breyttum lögum Stúdentasjóðs og kosninga laganna, sem ekki hafði náðst að taka fyrir af fráfarandi Stúdentaráði.

Að lokum voru tvær tillögur lagðar fram, annars vegar um stuðningsyfirlýsingu við umsögn Rauða krossins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, og hins vegar um aukin úrræði stúdenta með íslensku sem annað mál. Báðar tillögur voru samþykktar.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.4 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 27. JÚLÍ 2020

Annar fundur Stúdentaráðs fór fram 27. júlí 2020. Á fundinum voru verklagsreglur Stúdentaráðs teknar fyrir og þær samþykktar. Þá voru tvær tillögur lagðar fram, annars vegar um atvinnuleysisbótakröfu Stúdentaráðs og hins vegar um þátttöku Stúdentaráðs í Gleðigöngunni.

Ein tillaga barst undir önnur mál, sem náði ekki á dagskrá, og var hún um leiðarvísi fyrir kennara Háskóla Íslands sem snúa að fjarnemum. Samþykkt var að fresta afgreiðslu fyrstu tillögunnar ásamt tillögunnar undir önnur mál og afgreiða þær rafrænt, en sú seinni var samþykkt. Tillagan um atvinnuleysisbótakröfu Stúdentaráðs var samþykkt en tillagan um leiðarvísirinn var það ekki.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

7.5 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 24. ÁGÚST 2020

Þriðji fundur Stúdentaráðs fór fram 24. ágúst 2020. Á fundinum var kynning á verkefninu Sprett frá verkefnastjóra þess. Fyrstu niðurstöður stefnumótunarferðarinnar sem var farin í júlí mánuði voru einnig kynntar. Tvær tillögur voru lagðar fram, annars vegar um úrræði fyrir stúdenta á haustmisseri vegna Covid-19 og hins vegar um að skrifstofa Stúdentaráðs óskaði eftir því við Mennta- og menningarmálaráðuneytið að niðurstöður fjórðu Covid könnunarinnar yrðu opinberlega birtar á grundvelli upplýsingalaga. Báðar tillögur voru samþykktar.

Til viðbótar voru tvö bókfærð mál, annars vegar um skipti í jafnréttisnefnd Stúdentaráðs og hins vegar um vísindaferð í Stúdentaráð

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.6 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 16. SEPTEMBER 2020

Fjórði fundur Stúdentaráðs fór fram 16. september 2020. Á fundinum átti að vera kynning frá Félagsstofnun stúdenta en hún féll niður vegna aðstæðna sökum faraldursins. Því voru gerðar breytingar á dagskrá sem Stúdentaráð samþykkti í byrjun fundarins. Fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjármála- og atvinnulífsnefnd og lagabreytinganefnd komu inn á fund og kynntu framkvæmdaáætlanir sínar út frá niðurstöðum stefnumótunarferðarinnar í júlí.

Tvær tillögur voru lagðar fram, annars vegar um stuðning við stofnun sjúkráþjálfunardeildar og hins vegar um upptöku Stúdentaráðsfunda. Báðar tillögur voru samþykktar.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.7 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 21. OKTÓBER 2020



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fimmti fundur Stúdentaráðs fór fram 21. október 2020. Á fundinn komu fulltrúar stúdenta í háskólaráði að kynna háskólaráð. Kennslumálanefnd, alþjóðanefnd, jafnréttisnefnd og nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd kynntu framkvæmdaáætlanir sínar út frá niðurstöðum stefnumótunarferðarinnar í júlí. Þá var kosið um fulltrúa stúdenta í gæðanefnd háskólaráðs. Ein tillaga var lögð fram sem sneri að því að umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs beitti sér fyrir öruggum gönguþverunum og leiðum á háskólasvæðinu. Tillagan var samþykkt.

Til viðbótar var eitt bókfært mál um skipti í umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.8 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 25. NÓVEMBER 2020

Sjötti fundur Stúdentaráðs fór fram 25. nóvember 2020. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands kom inn á fundinn og hélt kynningu um gerð nýrrar heildarstefnu háskólans, ásamt stýrihópi stefnumótunarinnar. Þá var einnig kynning á fjárhagsáætlun Stúdentaráðs. Lagabreytingartillaga vegna skipun kjörstjórnar var á dagskrá og er hún var samþykkt var kosið um tilnefningar fylkingana í kjörstjórn fyrir næstu Stúdentaráðskosningar.

Ein tillaga var lögð fram af starfsfólki skrifstofunnar sem sneri að nýrri herferð Stúdentaráðs og var hún samþykkt.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B. Lagabreytingartillögur lagðar fram á fundinum má finna í viðauka C.

7.9 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 16. DESEMBER 2020

Sjöundi fundur Stúdentaráðs fór fram 16. desember 2020. Á fundinn komu Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir, prófessorar á Menntavísindasviði, og kynntu niðurstöður á spurningakönnun um *viðhorf stúdenta til breytinga á námi og kennslu í HÍ vegna COVID-19-farsóttar á vormisseri 2020*.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

7.10 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 20. JANÚAR 2021

Áttundi fundur Stúdentaráðs fór fram 20. janúar 2021. Sigurður Magnús Garðarsson forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stjórnarformaður Vísindagarða Háskóla Íslands kom inn á fund að kynna hlutverk og starfsemi Vísindagarða. Forseti og varaforseti kynntu málefnavinnu og skipulag herferðarinnar sem var á döfinni.

Ein tillaga var lögð fram sem var um þak á gildi prófa og var hún samþykkt.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.11 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 17. FEBRÚAR 2021

Níundi fundur Stúdentaráðs fór fram 17. febrúar 2021. Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta, kom inn á fundinn að kynna hlutverk og starfsemi stofnunarinnar. Þá kynnti Jóhanna Ásgeirsdóttir, forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS), samtökin og Landsþing LÍs. Því næst var kosið um skipan þingfulltrúa Stúdentaráðs á Landsþingið ásamt því að lagabreytingartillögur frá Stúdentaráði á lög LÍs og breytingartillögur á stefnur LÍs voru ræddar.

Ein tillaga barst undir önnur mál sem náði ekki að dagskrá og var hún um aðkomu Stúdentaráðs að námsumsjónarkerfi Háskóla Íslands. Tillagan var samþykkt. Til viðbótar voru þrenn bókfærð mál um skipti í jafnréttisnefnd Stúdentaráðs, skipti í sviðsráði Menntavísindasviðs og tilnefning Stúdentaráðs til ungmennafulltrúa Sameinuðu þjóðana á sviði mannréttinda.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.12 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 10. MARS 2021

Tíundi fundur Stúdentaráðs fór fram 10. mars 2021. Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor og formaður skipulagsnefndar háskólaráðs, og Orri Steinarsson, arkitekt og skipulagsfræðingur,



Stúdentaráð Háskóla Íslands

komu inn á fund að kynna vinnu við nýtt rammaskipulag fyrir háskólasvæðið. Þá var farið yfir stöðunni á skrásetningargjaldamálinu og stöðu stúdenta á vinnumarkaði og í námslánakerfinu. Fundurinn var einnig til að afgreiða lagabreytingartillögur sem voru sjö talsins.

Ein tillaga barst undir önnur mál sem náði ekki á dagskrá og var um aðkomu Háskóla Íslands að rekstri spilakassa í gegnum Hoppdrætti Háskóla Íslands. Tillagan var frestuð og ákveðið að halda auka Stúdentaráðsfund með hagaðilum málsins.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B. Lagabreytingartillögur lagðar fram á fundinum má finna í viðauka C.

7.13 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 8. APRÍL 2021

Ellefti fundur Stúdentaráðs fór fram 8. apríl 2021. Markmið fundarins var að fá fagaðila til að fjalla um áhættuspil og spilafíkn. Á fundinn komu fulltrúar frá Hoppdrætti Háskóla Íslands, Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Samtök áhugafólks um spilafíkn og meistaranemi í Fíknifræðum. Forseti var einnig með yfirferð á aðkomu skrifstofu Stúdentaráðs að málinu sem hófst þegar henni barst ábending í desember 2020.

Ein tillaga var lögð fram um aðkomu Háskóla Íslands að rekstri spilakassa í gegnum Hoppdrætti Háskóla Íslands, sama tillagan og var frestuð á fundinum 10. mars. Breytingartillaga frá skrifstofu Stúdentaráðs var lögð á tillöguna fyrirfram og barst því með fundargögnum.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B

7.14 KJÖRFUNDUR STÚDENTARÁÐS 21. APRÍL 2021

Kjörfundur Stúdentaráðs fór fram 21. apríl 2021 í kjölfar kosninga til Stúdentaráðs 24. og 25. mars. Á fundinum kaus nýtt Stúdentaráð forseta, varaforseta, lánasjóðsfulltrúa og



Stúdentaráð Háskóla Íslands

hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs til starfa á réttindaskrifstofu ráðsins starfsárið 2021-2020.

Eftirfarandi einstaklingar hlutu kjör:

- Isabel Alejandra Díaz, forseti
- Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti
- Jessý Rún Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi
- Vífill Harðarson, lánasjóðsfulltrúi

Einnig var kosið um tilnefningar fylkinga í sviðsráð, fastanefndir Stúdentaráðs og til Háskólaþings ásamt því að kjósa varafulltrúa Stúdentaráðs og varafulltrúa Stúdentaráðs í fulltrúaráð Landssamtaka íslenskra stúdenta. Ein lagabreytingartillaga var lögð fram vegna skipan í kennslumálanefnd Stúdentaráðs sem mun nú fara fram með öðrum hætti en í hinar fastanefndir ráðsins.

Lagabreytingartillögur lagðar fram á fundinum má finna í viðauka C.

7.15 SKIPTAFUNDUR STÚDENTARÁÐS 11. MAÍ 2021


Skiptafundur Stúdentaráðs fer fram 11. maí 2021. Fundurinn verður svipaður þeim í fyrra og mun forseti m.a. kynna ársskýrslu fyrir starfsárið 2020-2021, fara var yfir ýmis praktísk atriði fyrir nýja Stúdentaráðsliða og stór mál síðasta starfsárs.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

8 ÚTGEFIÐ EFNI STÚDENTARÁÐS


8.1 AKADEMÍAN 2020



Ritstjóri Stúdentaráðs hefur yfirumsjón með útgáfu Akademíunnar og Stúdentablaðsins. Akademían er gefin út í upphafi haustmisseris og miðar að því að kynna hlutverk og starfsemi Stúdentaráðs og Háskóla Íslands fyrir nýnemum.

8.2 STÚDENTABLAÐIÐ 2020-2021

Stúdentablaðið fjallar um málefni stúdenta og líðandi stunda og er gefið út reglulega yfir skólaárið, eða yfirleitt tvisvar á hverju misseri. Ritstjóri ber ábyrgð á efni blaðanna samkvæmt lögum Stúdentaráðs.



8.3 UPPLÝSINGABÆKLINGUR UM KOSNINGAR TIL STÚDENTARÁÐS



Stúdentaráð gaf frá sér upplýsingabækling vegna kosninga til Stúdentaráðs en hann byggði á uppsetningu sambærilegra bæklinga frá 2018 og 2020. Forseti Stúdentaráðs var með yfirumsjón með textanum og upplýsingum sem þurfti að uppfæra. Í bæklingnum var að finna upplýsingar um fyrirkomulag kosninga, hlutverk og starfsemi Stúdentaráðs og uppbygging kerfisins. Þá var farið yfir fulltrúa stúdenta í Stúdentaráði, nefndum þess og skrifstofu, sem og háskólaráði. Farið var stuttlega yfir starfsemi Stúdentaráðs í gegnum árin og ítarlegar yfir starfsemina á síðastliðnu ári auk þess að fjalla sérstaklega um aldarafmæli ráðsins.

Bæklingurinn var þýddur yfir á ensku af alþjóðafulltrúa og voru báðar útgáfur birtar á Issuu og þeim jafnframt dreift á alla samfélagsmiðla Stúdentaráðs. Eintök voru ekki prentuð.



8.4 ÁLYKTANIR STÚDENTARÁÐS

Ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um Menntasjóð námsmanna í kjölfar umfjöllunar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

28. maí 2020

Ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um Menntasjóð námsmanna (MSN) í kjölfar umfjöllunar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis byggir á umsögnum ráðsins við frumvarpsdrög frá 23. júlí og 5. nóvember 2019. Þó breytingar hafi orðið á frumvarpsdrögunum, og sum atriði betrubætt, telur Stúdentaráð að mikilvæg atriði standi eftir óbreytt. Á fundi Stúdentaráðs með allsherjar- og menntamálanefnd þann 6. desember 2019, óskaði Stúdentaráð eftir því að koma aftur á fund nefndarinnar til að ljúka við að fara yfir helstu athugasemdir ráðsins. Þann 9. mars fylgdi Stúdentaráð eftir þeirri beiðni en ráðið fékk ekki tækifæri til að koma aftur á fund nefndarinnar til að ljúka sínu máli. Að mati Stúdentaráðs nær sjóðurinn ekki að uppfylla sitt ætlunarverk ef breytingar sem Stúdentaráð og aðrar stúdentahreyfingar hafa lagt til verði ekki að veruleika.

Framfærslulán og skólagjaldalán (2. gr.)

Í frumvarpinu kemur fram að það sé undir stjórn Menntasjóðsins komið að ákvarða grunnframfærslu framfærslulána með úthlutunarreglum ár hvert. Í nefndaráliti meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar kemur fram að nefndin telur að ekki sé þörf á að breyta því fyrirkomulagi. Rök meirihlutans eru að þetta fyrirkomulag tryggi svigrúm til að geta endurskoðað framfærsluna með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni án þess að það þurfi lagabreytingu til. Stúdentaráð telur að hægt sé að útfæra fyrirmæli að endurskoða framfærslu án þess að til lagabreytinga þurfi að koma. Stúdentaráð hefur gagnrýnt fyrirkomulagið áður og stendur sú gagnrýni óhöggud. Ráðið telur að ákvörðun framfærslu sé veigamikil og harmar að frumvarpinu fylgi ekki frekari fyrirmæli til stjórnar um að tryggja stúdentum viðunandi framfærslu. Stúdentaráð telur að aukinn sveigjanleiki merki ekki aukna skilvirkni. Ef stjórn sjóðsins er ekki bundin nánari og ítarlegri fyrirmælum þá er ekkert sem krefur hana til þess að grípa til aðgerða þegar þörf er á.

Í nefndarálitinu kemur einnig fram að stjórn skuli haga ákvörðun sinni þannig að skilyrði 2. mgr. 2. gr. sé uppfyllt, sem kveður á um að framfærslulán eigi að ná að tryggja öllum stúdentum almennum



framfærslukostnaði meðan á námi stendur.¹ Stúdentaráð ítrekar að til þess að öruggt sé að stjórn nýti sér þann sveigjanleika sem verið er að bjóða upp á með tilliti til 2. mgr. 2. gr. sé þörf á skýrari fyrirsmáli þess efnis. Þetta fyrirkomulag hefur ávallt verið til staðar hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) og ekki reynst stúdentum vel í gegnum tíðina.

Framfærslulánin duga stúdentum ekki og neyðast þeir þess vegna til að vinna samhliða námi til að framfleyta sér. Aftur á móti skerðast lánin þeni þeir tekna umfram frítekjumarkið. Þá skapast vítahringur þar sem stúdentar neyðast til að vinna meira til geta framfleytt sér. Við búum við kerfi sem refsar stúdentum sem vinna samhliða námi með skerðingum, á sama tíma og lág framfærsla gerir það að verkum að margir stúdentar verða að vinna með námi. Með innleiðingu niðurfellingarfyrirkomulagsins skapast enn sterkari hvati til að vinna minna með náminu, svo öruggt sé að stúdent eigi fyrir framfærslu sinni og geti klárað námið á tilsettum tíma, án þess þó að framfærslufyrirkomulaginu sé breytt. Þar af leiðandi furðar ráðið sig á því að með þeirri þörfu heildarendurskoðun sem farið hefur verið í á námslánakerfinu, sé tilhögun framfærslána ekki breytt.

Lánsréttur (4. gr.)

Í frumvarpsdrögum um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna (SÍN) kom fram að í úthlutunarreglum yrði mælt fyrir um lánsrétt stúdents og að lágmarksréttur yrði 420 ECTS og færi ekki neðar en það. Stjórn sjóðsins gæti hins vegar hækkað viðmiðið. Í núverandi frumvarpi er lánsréttur námsmanna festur í 420 ECTS eða ígildi þeirra. Stúdentaráð gerir sér grein fyrir að einingarfjöldinn sé í samræmi við lánsrétt annars staðar á Norðurlöndunum, en telur það ekki tilefni til þess að lánsrétturinn verði festur í 420 ECTS hérlendis. Stúdentaráð telur að vænlegra sé að haldið verði í lágmarkið úr frumvarpsdrögum, enda þyrfti þá ekki lagabreytingu til að bregðast við breyttum aðstæðum til framtíðar.

Niðurfelling á hluta námslána við námslok (4. mgr. 14. gr.)

Stúdentaráð lýsir yfir miklum vonbrigðum með að meirihlutinn hafi ekki skýrt undanþágur á niðurfellingu námslána við námslok eftir að ráðið hafi óskað eftir því í umsögn sinni frá 5. nóvember.

¹ Frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 1.



Um er að ræða mikilvægan þátt er snertir réttindi lántaka gagnvart lánasjóðnum og er það með öllu óskiljanlegt að svo virðist sem nefndin hafi ekki kannað þessar athugasemdir sérstaklega.

Lántakar eiga möguleika á 30% niðurfellingu lánsins við námslok uppfylli þeir sett skilyrði, til að mynda klára námið á tilsettum tíma eins og kveður á um í 3. mgr. 14. gr. Ákvarðanir um undanþágur þess að stúdent hljóti niðurfellingu við námslok velta hins vegar á úthlutunarreglunum. Það þýðir að skilyrðin geta breyst á milli ára og á meðan náminu stendur sem skapar gríðarlega mikla óvissu fyrir lántakann. Stúdentaráð ítrekar að kveða þurfi skýrar á um undanþágur vegna niðurfellingar á hluta námslána við námslok svo forsendur fyrir lántökunni séu ekki brostnar þegar að námslokum kemur.

Ef fyrirkomulagið helst óbreytt þá krefst Stúdentaráð þess að ákvörðun stjórnar sjóðsins skuli ávallt vera tekin með hliðsjón af því sem lántakanum er hagstæðast.

Styrkur vegna framfærslu barna (15. gr.)

Boðaðir eru barnastyrkir með nýja frumvarpinu sem Stúdentaráð telur vera skref í rétta átt eins og áður hefur komið fram. Það er svo að hámarksstyrkur vegna framfærslu barns er afnumin og með því móti hafa foreldrar jafnari aðgang að námi. Aftur á móti býðst barnastyrkur aðeins þeim foreldrum sem í námi eru og taka lán hjá sjóðnum. Stúdentaráð bendir enn og aftur á að foreldrar í námi verða fyrir auknum útgjöldum eins og gefur að skilja. Stúdentaráð þykir miður að meirihlutinn hafi ekki séð sér fært um að taka athugasemdir ráðsins fyrir og lagt til breytingartillögu þess efnis að foreldri þurfi ekki að vera lántaki til þess að fá téðan styrk .

Lánakjör (16.–18. gr.).

Verðtryggð lán (3. mgr. 16. gr)

Við námslok mun lántökum standa til boða að breyta láni sínu úr verðtryggðu láni í óverðtryggt lán. Stúdentaráð lítur jákvæðum augum á það þar sem verðtryggð lán eru alla jafna síður íþyngjandi fyrir lántaka. Athugasemd ráðsins frá 5. nóvember sneri að því að það ætti að veita lántaka ráðgjöf við námslok vegna þessa, svo þeir gætu tekið upplýsta ákvörðun er þeir velja á milli verðtryggða og óverðtryggða skilmála lánsins.

Stúdentaráð lítur jákvæðum augum á að mælt sé með því að endurgjaldslaus ráðgjöf bjóðist lántökum. Ráðið vill þó leggja áherslu á að það ætti að vera sjálfsagt mál að slík ráðgjöf sé endurgjaldslaus þá



sérstaklega vegna þess að sjóðurinn mun að eigin frumkvæði bjóða upp á þessar tvær leiðir. Þá leggur Stúdentaráð áherslu á að ráðgjöfin ætti að vera í formi ítarlegra upplýsinga og leiðbeininga sem væru aðgengilegar á vefsvæðinu, í síma og í aðsetri sjóðsins. Jafnframt óskar Stúdentaráð eftir nánari útfærslu á framkvæmdinni.

Vextir (17. - 18. gr.)

Forsenda þess að nýja lánakerfið gangi upp er að það standi undir sér samkvæmt drögum frumvarpsins.² Þá voru boðaðir breytilegir vextir án hámarks sem tækju mið af vaxtakjörum ríkisskuldabréfa. Stúdentaráð mótmælti þessari breytingu harðlega. Einnig þótti Stúdentaráði það ófullnægjandi að nefnd, með óskýrar valdheimildir, kæmi saman til að leita lausna við of háu vaxtastigi.³

Í nefndarálitinu er lagt til að í stað þess að kveðið sé á um að nefnd komi saman og leiti úrbóta verði skýrt kveðið á um vaxtaþak. Þá skuli vaxtaþak verðtryggða lána ekki vera hærra en 4% og óverðtryggða ekki hærra en 9%. Stúdentaráð fagnar þeirri viðleitni meirihlutans að koma til móts við kröfu stúdenta um vaxtaþak. Ráðið tekur hins vegar undir þær athugasemdir sem fram koma í nefndaráliti 2. minni hluta um að vaxtaþakið hefði gjarnan mátt vera lægra enda eru þau háværk sem mælt er fyrir um í breytingartillögu meirihlutans langt umfram það sem stúdentar og stjórnvöld hafa áður sætt sig við.

Stúdentaráð hefur einnig bent á að samkvæmt útreikningum Summu ráðgjafar ehf í minnisblaði sem unnið var fyrir ráðuneytið mun nýja lánasjóðskerfið skila skatttekjum og sparnaði í skólakerfinu upp á 1-3 milljarða króna árlega. Ráðið vitnaði í minnisblaðið í umsögn sinni 5. nóvember 2019 og það má finna [hér](#). Stúdentaráð ítrekar að það fjármagn eigi að renna aftur til sjóðsins en hugsjónin sem liggur að baki frumvarpinu um að lánasjóðurinn eigi að geta staðið undir sér er að mati ráðsins óréttmæt og er síður en svo í takt við upphaflega grunnhugsjón sjóðsins um að vera félagslegt jöfnunartæki fyrir námsmenn. Lánasjóðskerfið á ekki að verða fyrirbæri sem útvegar ríkissjóði milljarða meðan stúdentar berjast í bökkum við að framfleyta sér, í ófyrirsjáanlegu kerfi þar sem áhættunni er varpað á herðar námsmanna. Með því að víkja frá sjálfbærnis hugsjóninni og leggja þennan pening í sjóðinn væri verið að fjárfesta í menntun og starfskröftum framtíðarinnar.

² Frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 16.

³ Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna, 5. Nóvember 2019, bls. 4.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráð telur að enn sé ósvarað hversu hátt álag vegna affalla gæti komið til með að leggjast á vaxtakjör hjá lánasjóðnum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að álagið hefur verið metið sem 0,6-0,8% árlega en óljóst er hvaða forsendur liggja að baki þeim útreikningum og hvort öruggt sé að styðjast við þær tölur.

Endurgreiðslur námslána (16., 19. gr. og 21. gr.)

Tekjutengdar afborganir (21. gr.)

Í núverandi mynd frumvarpsins kemur fram að námsmenn sem hafa náð 35 ára aldri hafi ekki kost á því að velja að endurgreiða námslán sín með tekjutengingu (að undanskildu bráðabirgðaákvæði í tillögu meirihlutans um að námsmenn sem ljúka námi áður eða á því ári þegar 40 ára aldri er náð hafi kost á því að velja að endurgreiða með tekjutengingu)⁴. Í álit meirihlutans kemur fram að mikið hafi verið fjallað um þetta fyrirkomulag, m.a. vegna þess að þetta ákvæði bjóði upp á mismunun á þeim sem hefðu ekki tók á að fara í nám fyrir á lífsleiðinni. Stúdentaráð er sammála því að þetta ákvæði skerði aðgengi að námi og að þeim félagslegu sjónarmiðum sem að baki sjóðnum liggja sé gefið minna vægi en áður.

Í umsögn Stúdentaráðs frá 5. nóvember er gert athugasemd við kostnaðarmat frumvarpsins þar sem ráðið vonaðist eftir því að fullnægjandi röksemdir væri þar að finna fyrir takmörkun tekjutengdra endurgreiðslna. Ráðið undirstrikar það að því finnst ekki ljóst hvers vegna nauðsynlegt er að takmarka tekjutengdar afborganir við 35 ára aldur. Stúdentaráði þykir óheppilegt að sú greiningarvinna sem ráðuneytið lagðist í vegna þessa ákvæðis hafi ekki verið gerð aðgengileg hagaðilum til skoðunar.

Stúdentaráð furðar sig á mati meirihlutans að æskilegt sé að takmarka heimild til tekjutengdra endurgreiðslna vegna þess að valkosturinn sé til staðar fyrir þá sem eru 35 ára og yngri. Samkvæmt greiningarvinnu sem Stúdentaráð fór í fyrir umsögnina 23. júlí vegna frumvarps um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna er greiðslubyrði tekjutengdra afborgana mun lægri fyrir meirihluta lántakenda og kemur það einnig fram í álit meirihlutans. Því finnst ráðinu skjóta í skökku við að koma í veg fyrir að lántakar hagi sínum endurgreiðslum á hátt sem ekki er efnahagslega íþyngjandi fyrir þá á sama tíma og markmið frumvarpsins er að veita lántökum tækifæri til náms án tillits til efnahags.

⁴ Nefndarálit frá meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar, Ákvæði til bráðabirgða 2.gr. (Tekjutengd endurgreiðsla námslána).



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Varðandi kynjaáhrif tekjutengdra afborgana þá fagnar Stúdentaráð því að kannað verði stöðu kvenna við endurskoðun laganna. Stúdentaráð hvetur Mennta- og menningarmálaráðuneytið til að kanna einnig stöðu annarra hópa, sem munu finna fyrir hækkaðri endurgreiðslubyrði, við endurskoðun laganna.

Gjaldfelling námslána (20. gr.)

Stúdentaráð telur að breytingartillaga meirihlutans, um að stjórn sjóðsins verði heimilt að gera tímabundna samninga við lántaka um greiðslu eftirstöðva námsláns, sé til bóta. Ráðið vill þó undirstrika mikilvægi þess að markmið sjóðsins leiði ekki til þess að lán séu gjaldfelld þrátt fyrir vilja og getu lántaka til að greiða þau til baka.

Skipan stjórnar sjóðsins (30. gr.)

Stúdentaráð ítrekar að breytingin á skipan stjórnar sjóðsins er þvert á vilja ráðsins. Enn er ekki tryggt að fulltrúi 70% stúdenta landsins sitji í stjórn sjóðsins og er það grundvallaratriði að skipan fulltrúa stúdenta í stjórn MSN endurspegli meirihluta stúdenta. Vegna þessa harmar Stúdentaráð að ekki hafi verið lögð til breytingartillaga þess efnis að tryggja með lögum að ráðið eigi sæti í stjórn sjóðsins.

Aðrar athugasemdir

Að mati Stúdentaráðs er undarlegt að breytingar á LÍN, sem samþykktar voru samhliða kjarasamningum við BHM, séu háðar samþykki frumvarpsins. Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins skapa misvægi milli MSN og LÍN, þar sem létt er undir vöxtum og endurgreiðslu í gamla kerfinu en ekki því nýja. Að mati Stúdentaráðs er nauðsynlegt að fram komi mat ráðuneytisins á því hvaða áhrif þær breytingar, sem samþykkt hefur verið að ráðast í vegna kjarasamninga BHM, hafa á samanburð milli kerfanna tveggja, þar sem ætla má að heildarendurgreiðslur og greiðslubyrði lækki á sama tíma og endurgreiðslutími er óbreyttur. Því krefst Stúdentaráð þess að fram fari mat á áhrifum breytinganna á samanburð milli kerfa á sama hátt og áður hefur farið fram í minnisblaði um samanburð á gömlu og nýju kerfi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og samantekt lykiltríða um MSN. Ef mat hefur farið fram þá óskar Stúdentaráð eftir þeim gögnum sem fyrst.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna reksturs spilakassa Happpdrættis Háskóla Íslands til fjármögnunar Háskóla Íslands

10. maí 2021

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur staðið að upplýsingaöflun um rekstur spilakassa í gegnum Happpdrætti Háskóla Íslands (HHÍ). Óskaði réttindaskrifstofa ráðsins eftir frekari útskýringu ásamt tölulegum gögnum frá Háskóla Íslands sem og HHÍ til að geta kortlagt umfangið betur, frá því rétt fyrir áramót. Þann 8. apríl sl. fór fram auka fundur Stúdentaráðs þar sem ráðið fékk til sín viðeigandi fagaðila til að fjalla um fjárhættuspil og spilafíkn.

Á grundvelli þeirra yfirgripsmikla upplýsinga sem Stúdentaráð fékk á áðurnefndum fundi, þeirrar vinnu sem ráðið hefur lagst í, sem og vitneskju um nýskipaðan starfshóp rektors og starfshóps dómsmálaráðherra, telur Stúdentaráð það vonbrigði að Háskóli Íslands skuli þurfa að fjármagna háskólabyggingar, viðhaldskostnað og greiða rannsóknar- og kennslutæki með fjármagni frá HHÍ. Stúdentaráð álitur að Háskóli Íslands eigi ekki að hafa aðkomu að rekstri spilakassa og skuli fara fram á að stofnunin sé fjármögnuð af ríkisvaldinu þannig að hann þurfi ekki að reiða sig á happpdrættisfé. Stúdentaráð telur það jafnframt ótækt að stjórnvöld skuli ekki standa fyrir fjármögnun á ofangreindum þáttum og líti þess í stað svo á að rekstur HHÍ sé meginleiðin til að fjármagna húsnæðismál Háskólans. Þó sjálfstæð eining sé þá er Háskóli Íslands ríkisrekin stofnun og er það beinlínis á ábyrgð stjórnvalda að fjárfrahlögin til Háskólans séu viðunandi.

I. Starfsemi Happpdrættis Háskóla Íslands

HHÍ var stofnað árið 1933 og starfar eftir [lögum nr. 13/1973](#) um Happpdrætti Háskóla Íslands. Lögin kveða á um að ráðherra sé heimilt að veita Háskóla Íslands leyfi til rekstrar peningahapppdrættis með ákveðnum skilyrðum. Þá skuli ágóðanum vera varið í að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands, til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til að koma á fót og efla rannsóknarstofur við deildir Háskólans, og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem eru nauðsynleg fyrir Háskólann. HHÍ hefur þannig leyfi til að reka flokkahapppdrætti, skyndihapppdrætti og skjávélahapppdrætti, að öðru nafni spilakassa. Með þessu fjármagni hefur Háskóli Íslands getað reist 24 byggingar sem stúdentar eiga leiðir sínar í gegnum daglega.⁵

⁵ Happpdrætti Háskóla Íslands. *Ábyrg spilun: áherslur og verkefni*. Reykjavík: Happpdrætti Háskóla Íslands, 2020.



Aðkoma Háskólans að rekstri spilakassa er að mati Stúdentaráðs vandasöm, einna helst vegna þess að slík starfsemi er ekki áhættulaus og hefur víðtækar og alvarlegar afleiðingar fyrir þau sem peningaleiki stunda sem og aðstandendur þeirra. HHÍ hefur mótað sér stefnu gagnvart ábyrgri spilun og sett sér það markmið að vera leiðandi í þeim efnum. HHÍ hefur til að mynda lagt áherslu á að efla lögbundið eftirlit með happdrættismarkaðinum, efla skilningu og þekkingu á eðli spilavanda og fíknar og eflt stuðning við rannsóknir og framlög til meðferðarúrræða. Þá er til skoðunar að fyrirframgreidd spilakort sem eiga að hjálpa notendum að stýra spilun sinni og þeim fjárhæðum sem spilað er fyrir. Með þessum hætti getur viðkomandi fylgst með eigin spilun og sett sér mörk. Aðgerð sem þessi er ákveðið framfaraskref þar sem hún getur dregið úr notkun og áhættu en þó talin ófullnægjandi af fagaðilum og styður Stúdentaráð það mat.

II. Rannsóknir á spilavanda og viðhorf almennings

Kerfisbundnar rannsóknir á spilavanda hófust árið 2002 hérlendis, innan sálfræðideildar Háskóla Íslands, sem doktor Daníel Þór Ólason prófessor við Háskólann hefur stýrt. Fjórar faraldsfræðilegar rannsóknir hafa verið gerðar á þátttöku fullorðinna einstaklinga í peningaspilum. Rannsóknirnar voru gerðar árin 2005, 2007, 2011 og loks 2017. Niðurstöðurnar eru til marks um að spilavandi fari sívaxandi og sé algengara vandamál meðal ungs fólks á aldrinum 18-25 ára, karlar séu líklegri en konur til að glíma við spilavanda, flestir séu einungis með grunnskólapróf, einhleypir og í lágtekjuhóp.⁶

Árið 2017 sýndu niðurstöður að rúmlega 77,3% landsmanna spiluðu peningaspil að lágmarki einu sinni á síðastliðnu 12 mánuðum fyrir könnunina, samanborið við 76% frá árinu 2011 og 70% frá 2005 og 2007. Þá voru 18% sem spiluðu vikulega eða oftar árið 2017, samanborið við 14,9% frá árinu 2011. Algengi spilafíknar 2017 reyndist vera 0,3% sem var mun lægri en árið 2007 þegar hún mældist í 9,3%, og í 0,8% árið 2011 og í 0,5% árið 2005. Algengi spilavanda árið 2017 var hins vegar 2,3% sem reyndist ekki frábrugðið árinu 2011 en árin 2005 og 2006 þegar spilavandi mældist í 1,6%. Þessa þróun má rekja til frekari þátttöku landsmanna í lottó, bingó, póker, íþróttaleikjaveðmálum og aukinni þátttöku ungra karla í peningaspilum á erlendum netsíðum.⁷ Þá mátti sjá að árið 2017 hafi töluvert fleiri verið að spila

⁶ Daníel Þór Ólason. *Spilahegðun og algengi spilavanda meðan fullorðinna Íslendinga árið 2017*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið, 2018.

⁷ Daníel Þór Ólason. *Spilahegðun og algengi spilavanda meðan fullorðinna Íslendinga árið 2011*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið, 2012.



peningaspil reglulega eða einu sinni í viku eða oftar, og að spila-kass-ar sé sú teg-und pen-inga-spila sem flest-ir spila. Vert er að nefna að gögnin benda til þess að það hafi ekki dregið úr heildarþátttöku í peningaspilum árið 2017 frá árinu 2011, sem fer á mis við þróunina erlendis í þessum efnunum.

Eiginleikar spilakassa stuðla hvað mest til ákefðrar spilamennsku samanborið við aðrar tegundir fjárhættuspila. Það að t.d. notast við spilapeninga, kort eða aðrar rafrænar lausnir til að greiða fyrir þátttöku veldur því að spilarar vanmeta hversu mikið fjármagn þeir setja í spilin. Þá er algengt að þeir telji að þeir geti bætt upp fyrir tap með því að halda áfram að spila. Hraði leiks, smáir vinningar, lýsing, hljóð og kringumstæður er stjórnað með kerfisbundnum hætti sem ýtir undir meiri spilun. Þannig eru spilin oft byggð upp með þeim hætti að spilarar missa stjórn á aðstæðum og gera sér ekki grein fyrir því að fjárhættuspilið er tilviljunum háð. Rannsóknir hafa leitt það í ljós að spilavandi er algengari á meðal þeirra sem tilheyra viðkvæmum hópum samfélagsins og helst í hendur við annars konar vanda. Fjárhagsörðugleikar eru ein algengasta afleiðing spilafíknar sem kemur til með að hafa áhrif á lífskjör þessara einstaklinga og aðstandendur.⁸

Spilakössum HHÍ og Íslandsspila var lokað í mars 2020 þegar samkomubann tók fyrst gildi en opnuðu þegar slakað var á takmörkunum og standa opnir í dag. Niðurstöður viðhorfskönnunar sem SÁS lét framkvæma af Gallup árið 2020 sýnir að 85,8% svarenda myndu vilja hafa spilakassanna lokaða til frambúðar eftir kórónuveirufaraldurinn en 42% þeirra sem myndu ekki vilja hafa spilakassana lokaða er ungt fólk á aldrinum 18-34 ára. 93,6% svarenda höfðu aldrei spilað í spilakössum sl. 12 mánuði en 5,5% höfðu spilað einu sinni til tvisvar, og af þeim voru 22% ungt fólk á aldrinum 18-35 ára. Þá voru 47,6% svarenda sem töldu helstu ástæðu fyrir því að fólk spilaði í spilakössum héraðskysi spilakassa vera af því að það væri haldið spilafíkn og 46,4% töldu það vera í von um vinning. Spurt var um afstöðu svarenda gagnvart því að fjármagna starfsemi í almannabágu með spilakössum og voru 71,3% frekar og mjög neikvæð og aðeins 9% voru jákvæð gagnvart því. Þá var ungt fólk líklegra til að vera jákvætt.⁹

Það skýtur skökku við að til séu áreiðanleg gögn er varpa ljósi á alvarleika peningaspila og afleiðingar þeirra, beinlínis lögð fyrir dómsmálaráðuneytið, en að á þessu árabili hafi lagaramminn í kringum

⁸ Sulkunen, P., Babor, T. F., Örnberg, J. C., Egerer, M., Hellman, M., Livingstone, C., Marionneau, V., Nikkinen, J., Orford, J., Room, R., and Rossow, I. „Setting Limits: Gambling, science and public policy.“ *Addiction*, 116 (2019): 32 - 40. Sótt 28. apríl 2021. doi: <https://doi.org/10.1111/add.15241>.

⁹ Gallup. *Viðhorf til spilakassa og spilasala á Íslandi*. Reykjavík: Gallup, 2020.



happdrættismál staðið í stað. HHÍ og Landsbjörg, sem starfrækir spilakassa í gegnum Íslandsspil ásamt Rauða krossinum á Íslandi, hafa bæði áður lýst yfir áhyggjum vegna skorts á viðbrögðum stjórnvalda. Þær ábendingar hafa e.t.v. að mestu snúist um að kanna úrbætur í regluverki í happdrættismálum frekar en að leggja af rekstur peningaspila. Þó hefur það óumdeilanlega gefið til kynna skort á pólitískum vilja af hálfu stjórnvalda í gegnum árin til að taka málið föstum tókum.

III. Ábyrgð stjórnvalda

Dómsmálaráðherra hefur nýlega skipað starfshóp um happdrætti og fjárhættuspil sem hefur það hlutverk að: „kanna mögulegar réttarbætur á sviði happdrættismála. Er hópnum ætlað að gera tillögur til ráðherra um breytingar á lögum og reglugerðum um happdrætti, teljist þær nauðsynlegar, og eftir atvikum að greina fjárþörf til þess að tryggja að mögulegar breytingar geti átt sér stað.”¹⁰

Á opnum fundi velferðanefndar Alþingis um spilafíkn og áhrif á líf og fjölskyldu, meðferðarúrræði og stefnu stjórnvalda þann 10. mars sl., sátu heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra fyrir svörum nefndarmeðlima. Heilbrigðismálaráðherra sagði það sína skoðun sem stjórnmalamaður vera að draga þyrfti úr algengi spilakassa og undirstrikaði að spilavandi væri heilbrigðisvandi. Dómsmálaráðherra taldi það ekki óeðlilegt að nýji starfshópurinn skoðaði heimild til að úthýsa spilakassa er spurð en var þó þeirrar skoðunnar að boð og bönn virkuðu fremur illa. Þannig væri lausn frekar að finna í forvörnum og góðu regluverki. Þá sagði hún engin áform vera um að leita leiða með Háskólanum til að ná sambærilegri fjármögnun öðruvísi en að starfshópurinn gæti skoðað það betur. Þá sagði mennta- og menningarmálaráðherra að það væri undir Alþingi komið að auka fjárveitingar til Háskólans þannig að hann þyrfti ekki að fjármagna sig með þessum hætti. Sagði ráðherra það ekki réttlætanlegt að Háskólinn fjármagnaði sig svona er spurð og að hún myndi ekki leggja gegn úrbótum í málaflokknum og sömuleiðis styðja auknar fjárveitingar til Háskóla Íslands.

Ljóst er að málið sé umfangsmikið, umræðna þörf sem og vandlegar meðferðar af ráðuneytunum þremur. Jafnvel þó stjórnvöld séu að horfa fram á ábyrga spilamennsku sem úrbætur á sviði happdrættismála þá er sannleikurinn sá, sem m.a. má lesa úr ofangreindum gögnum, að spilavandi þróast í þráláta fíkn á svipaðan hátt og vímuefna- og áfengisfíkn samkvæmt DSM greiningarkerfinu,

¹⁰ Stjórnarráð Íslands. „Starfshópur um happdrætti og fjárhættuspil.“ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/04/28/Starfshopur-um-happdraetti-og-fjarhaettuspil/> (sótt 30. apríl 2021).



Stúdentaráð Háskóla Íslands

hefur tengingu við aðra geðvanda, með hærri tíðni í yngri aldurshópum og meðal jaðarsettra sem eru útsettari fyrir neikvæðum afleiðingum. Það að ágóðanum sé veitt til mennta- og menningarmála er heldur viðkvæmt og raunar óeðlilegt að sá málaflokkur sé erfiður að fjármagna með öðrum hætti, þegar hann er uppspretta þekkingar, nýsköpunar og framfara samfélaginu til hagsbóta. Í því felst togstreitan um aðkomu Háskóla Íslands. Fjárveitingar til Háskólans yrðu að hækka umtalsvert úr ríkissjóði til þess að Háskólinn stæði undir rekstri. Það er því ekki óeðlilegt að mennta- og menningarmálaráðherra, sem fer með og ber ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum á sviði mennta- og menningarmála og er þar með æðsti yfirmaður Háskóla Íslands, þurfi að geta svarað fyrir umdeildum rekstri stærstu menntastofnunar landsins. Staðreyndin er sú að það er á ábyrgð stjórnvalda að ákveða framtíð happdrættismarkaðarins.

IV. Ábyrgð Háskóla Íslands

Í apríl skipaði Rektor Háskóla Íslands starfshóp um álitaeftni í tengslum við tekjuöflun Happdrættis Háskóla Íslands. Verkefni hópsins eru að „greina málefnið, vinna út frá fyrirbyggjandi gögnum um þau, rannsóknum sem gerðar hafa verið frá 1993, bæði um viðhorf í samfélaginu og eins um spilafíkn, ásamt staðreyndum sem tengjast húsbyggingum og lagaramma“.¹¹ Samskipti réttindaskrifstofu Stúdentaráðs við rektorsskrifstofu um þetta mál hafa verið mjög góð og tekin alvarlega. Því þykir ráðinu ánægjulegt að fulltrúa stúdenta hafi verið tryggð aðkoma að ofangreindri vinnu með skipun forseta Stúdentaráðs í hópinn og að yfirlýstur vilji sé til að skoða málið vandlega. Það er nefnilega innan valdsviðs Háskóla Íslands sem sjálfstæð stofnun að taka afstöðu gegn og með gildin sín að leiðarljósi.

Það eru vonbrigði að yfirvöld líti svo á að það hvíli endanleg ábyrgð á HHÍ á að sinna húsnaðismálum Háskólans og telur Stúdentaráð að það sé löngum kominn tími á að það viðhorf breytist. Án HHÍ hefði þörf og mikilvæg uppbygging Háskóla Íslands ekki raungerst og er það eitt og sér næg ástæða fyrir stúdenta til að setja spurningamerki við starfsemina og afstöðu bæði Háskólans og stjórnvalda. Samkvæmt ársreikningi HHÍ frá árinu 2019 voru 580 milljónir greiddar til Háskóla Íslands og 150 milljónir í leyfisgjald sem rennur til Rannís, af 1.618 milljarða króna hagnaði.¹² Það er ekki svo fjarstæðukennt að draga ályktun um að hér sé um hagsmunaárekstur að ræða þar sem Háskólinn er háður þessu fjármagni og verði breytingar gerðar er fyrirséð að Háskólinn standi ekki undir rekstri.

¹¹ Fundargerð háskólaráðs 15. apríl 2021. Háskóli Íslands, Reykjavík.

¹² Happdrætti Háskóla Íslands. *Samandreginn ársreikningur*. Reykjavík: Happdrætti Háskóla Íslands, 2019.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Háskóli Íslands á hins vegar ekki einn og sér að þurfa að finna aðra leið til að fjármagna starfsemi sína, stjórnvöld eru ekki minna undanskilin því að axla ábyrgð.

Háskóli Íslands er fyrst og fremst menntastofnun sem hefur það hlutverk að þjóna íslensku samfélagi og skila af sér þá þekkingu sem það þarfnast hverju sinni, þannig er eitt gildi hans akademískt frelsi. Háskólinn á að vera okkar allra enda samanstendur hann af nemendum ásamt starfsfólki sem mynda eitt stórt samfélag og er jafnrétti haft að leiðarljósi til að stuðla að gagnkvæmri virðingu. Þá starfar Háskólinn af mikilli faglegheit sem hann telur vera ein forsenda þess traust sem hann nýtur meðal almennings. Með þessi gildi í forgrunni þarf Háskóli Íslands að spyrja sig hvort honum sé raunverulega fært að hafa aðkomu að þess konar starfsemi sem getur haft hamlandi áhrif á lífs fólks og fjölskyldur þeirra. Óháð því hver meðhöndlun stjórnvalda á happdrættismálum hefur verið hingað til eða viðbragða þeirra í framhaldinu þá er Háskóli Íslands fær um að ákveða að vera mótfallinn því að fjármagnið sem honum er ætlað sé aflað með þessum hætti. Slík afstaða væri þungbær en þó auðtekin með tilliti til eðli starfseminnar.

V. Niðurlag

Hlutverk Háskóla Íslands sem þekkingarstofnun er nýtur virðingar hefur gríðarlega mikla samfélagslega þýðingu. Af öllu framangreindu telur Stúdentaráð það ekki standast skoðun að Háskóli Íslands hafi aðkomu að rekstri spilakassa. Stúdentaráð hvetur Háskólann til að taka skýra afstöðu, segja skilið við umræddan rekstur og setja gott fordæmi fyrir aðrar stofnanir sem hafa aðkomu að samskonar starfsemi.

Jafnframt krefur Stúdentaráð stjórnvöld um að endurskoða af miklum þunga fjármögnum til Háskóla Íslands, sem og háskólastigsins í heild sinni, og hafa það hugfast að það sé óboðlegt að núverandi fyrirkomulag sé forsenda uppbyggingar og styrkingu innviða æðstu menntastofnunar landsins.



8.5 YFIRLÝSINGAR STÚDENTARÁÐS

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna Menntasjóðs námsmanna

10. júní 2020

Menntasjóður námsmanna varð að lögum í gær. Stúdentaráð telur að heildarendurskoðun námslánakerfisins sé mikilvægt og tímabært skref til að auka fjárhagslegt aðgengi að námi en undirstrikar að slík vinna er umfangsmikil og má ekki vera gerð í flýti.

Á síðustu vikum hefur frumvarpið flogið í gegnum Alþingi. Stúdentaráð telur að afgreiðsla frumvarpsins, á lokametrum þess, hafi verið fljótfær og ekki gafst tækifæri á að meta frumvarpið eftir nýlega samþykktar breytingar. Þó að þær hafi jákvæð áhrif er margt enn ábótavant í frumvarpinu sem var samþykkt á þingi í dag.

Fyrir tólf dögum gaf Stúdentaráð út ályktun, í kjölfar afgreiðslu frumvarpsins í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Í ályktuninni krafðist Stúdentaráð að mat færi fram á áhrifum breytinga, sem samþykkt var að ráðast í vegna kjarasamninga BHM, á samanburð milli kerfanna. Stúdentaráði hefur enn ekki borist samanburðurinn sem ráðið óskaði eftir.

Stúdentaráð harmar að tilhögun grunnframfærslu framfærslulána er falið sjóðstjórn án skýrra fyrirsmæla um endurskoðun milli ára. Ráðið hefur ítrekað bent á að með þessu móti sé engin krafa gerð til stjórnarinnar um að grípa til aðgerða sé þess þörf. Þetta fyrirkomulag hefur ekki verið stúdentum í hag til margra ára og því hafa þeir verið neyddir til að vinna með námi þó þeir séu á námslánnum, því framfærslan dugar ekki fyrir útgjöldum. Ráðist er í breytingar til þess að betrubæta og því furðar ráðið sig á því að tilhögun framfærslulána sé óbreytt, þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar ráðsins.

Stúdentaráð getur ekki tekið undir með sjálfbærnis hugsjóninni sem einkennir Menntasjóð námsmanna. Ráðið hefur sýnt fram á að nýja námslánakerfið muni skila skatttekjum og sparnaði í skólakerfinu upp á 1-3 milljarða króna árlega, fari það svo að markmið kerfisins um að stúdentar klári nám sitt á tilsettum tíma náist. Þetta fjármagn ætti að renna aftur til sjóðsins. Það er raunveruleg fjárfesting í menntun, annað á ekki rétt á sér.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Lánasjóðskerfið er helsta tól hins opinbera þegar kemur að jöfnun aðgengis að háskólanámi. Í rúmt ár hefur Stúdentaráð ítrekað gert athugasemdir við frumvarpið og telur að margt þurfi að bæta svo sjóðurinn nái að uppfylla ætlunarverk sitt sem félagslegt jöfnunartæki. Stjórnvöldum gafst gullið tækifæri til að byggja upp nýtt námslánakerfi í þágu námsfólks en þess í stað var frumvarpinu flýtt í gegn og ljóst er að ekki verður gefið færi á að betrumbæta Menntasjóðinn fyrr en önnur heildarendurskoðun á sér stað fyrir haustþing 2023. Stúdentaráð undirstrikar að þegar ráðist er í endurskoðun á kerfi þar sem helstu hagsmunaaðilar þess er námsfólks, ber að gera breytingar í samráði við námsfólk.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stuðningsyfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands við umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísunartilskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi)

26. júní 2020

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur einróma undir umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Rauði krossinn leggur fram alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og takmarkanir á grundvallarmannréttindum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Rauði krossinn fjallar ítarlega um ákvæði 11. gr. frumvarpsins sem fjallar um umsækjendur sem hafa þegar hlotið alþjóðlega vernd í öðru ríki og túlkun stjórnvalda um að slíkir umsækjendur þurfi því ekki vernd hér á landi. Í tengslum við téða grein segir m.a. í umsögninni:

„Rauði krossinn ítrekar að einstaklingar með alþjóðlega vernd eru eðli máls samkvæmt búnir að vera á flótta frá heimaríki, stundum í bið eftir afgreiðslu umsóknar sinnar um vernd svo árum skiptir, oft við bágbornar aðstæður, hafa sætt varðhaldi og gjarnan ofbeldi, með takmörkuð réttindi og tilheyrandi óvissu um framtíð sína. Í ofanálag er andleg heilsa þeirra oft á tíðum slæm sem krefst aðstoðar sérfræðinga til þess að vinna úr erfiðum áföllum eftir flóttann. Þau Evrópuríki sem hafa þurft að bera þungann af straumi flóttafólks, svo sem Grikkland og Ítalía, hafa ekki verið í stakk búin til þess að mæta og anna þessum fjölda. Einstaklingur getur því einn daginn verið heimilis- og bjargarlaus sem umsækjandi um alþjóðlega vernd og næsta dag verið áfram heimilis- og bjargarlaus, en handhafi alþjóðlegrar verndar.“

Það eru mikil vonbrigði að á Alþingi sé yfir höfuð umræða um herðingar á útlendingalögum þar sem okkur ber að tryggja réttindi allra einstaklinga, sýna mannúð, skilning og virðingu. Ísland á að opna enn frekar faðminn og styðja betur við innflytjendur og aðra hópa sem eru í viðkvæmri stöðu. Í umsögninni er einnig fjallað um 2. gr. frumvarpsins um hraðari málaferli umsækjenda. Það er mikil hætta á að aukin skilvirkni í málaferli einstaklinga grafi undan mannréttindum þeirra.

Stúdentaráð stendur fyrir jafnrétti og er alfarið mótfallið frumvarpi sem boðar óréttlæti og óvissu fyrir fólk sem óskar eftir því að setjast að á Íslandi. Í hópi þeirra eru ungmenni og börn sem hér geta stundað nám. Við Háskóla Íslands er til að mynda fjölbreyttur hópur nemenda og starfsfólks sem auðga samfélagið okkar svo um munar.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Rauði krossinn býr yfir afgerandi sérfræðipækkingu á málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd og krefur því Stúdentaráð stjórnvöld um að fylgja ábendingum hreyfingarinnar. Þinglok eru á næsta leyti en það er brýnt að sýna samstöðu með fólki af erlendum uppruna. Þá bindur ráðið miklar vonir við að frumvarpið verði ekki að lögum og skorar á dómsmálaráðherra að draga það til baka



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna

21. október 2020

Stúdentaráð fagnar því að breytingar verði gerðar á úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna en verður að undirstrika nokkur atriði í tilefni þessa. Í sumar var ákveðið að fimmfalda frítekjumarkið vegna aðstæðna sökum faraldursins. Fimmföldun frítekjumarksins tryggir að lánið skerðist ekki vinni stúdent umfram frítekjumarkið sem er 1.364.000. Heildartekjur stúdents geta þá að hámarki verið 6.820.000 áður en 45% af umframtekjum verða til frádráttar á námsláni. Stúdentaráð leit jákvæðum augum á breytinguna en benti þó á að úrræðið stæði einungis til boða þeim sem ekki hefðu verið í námi sl. 6 mánuði. Úrræðið myndi því ekki nýtast stúdentum sem þegar voru í námi.

Nýlega hefur komið í ljós að Menntasjóðurinn keyrði í gegn breytingu á frítekjumarkinu án þess að auglýsa hana meðal stúdenta eða breyta úthlutunarreglunum. Stúdentar sem hafa verið í námi sl. 6 mánuði en ekki á lánum yfir þann tíma fengu þannig sjálfkrafa fimmföldun frítekjumarksins. Hér er um að ræða verulega hindrun að námi þar sem rýmkunin nær ekki til allra stúdenta, s.í.l. þeirra sem hafa verið á lánum áður. Þá hafa einhverjir stúdentar eflaust ekki sótt um námslán vegna skerðingar sem frítekjumarkið myndi hafa í för með sér. Stúdentaráð furðar sig á því að gert sé upp á milli námsfólks með þessum hætti og að ekki sé upplýst stúdenta um þessa breytingu.

Nú er til skoðunar að tekjur stúdenta í bakvarðasveit komi ekki til skerðingar á námslánum. Það er mjög mikilvæg breyting á úthlutunarreglunum en hún mun gera fólki kleift að halda í námið og leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn veirunni. Stúdentaráð telur hins vegar að frítekjumarkið verði að endurskoða m.t.t. allra stúdenta. Þá er full ástæða til þess að hækka grunnframfærslu framfærslulána, sem ekki var gert í sumar þrátt fyrir fjölda umsagna stúdentahreyfinga. Lág grunnframfærsla og skerðingar á borð við frítekjumarkið eru ástæður þess að stúdentar neyðast til að vinna með námi. Störf eru hins vegar af skornum skammti í dag og því ljóst að stúdentar þarfnast frekari úrræða.

Stjórnvöld hafa ítrekað bent á að námslánakerfið eigi að grípa stúdenta og er það ein ástæðan fyrir því að ekki hefur verið mætt öðrum kröfum þeirra, um m.a. rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta. Nú er gullið tækifæri til að gera nauðsynlegar breytingar þannig að námslánakerfið taki mið af öllum stúdentum og tryggi þeim viðunandi framfærslu á krefjandi tímum. Stúdentaráð fer fram á að Menntasjóðurinn leiðrétti úthlutunarreglurnar með hliðsjón af öllu framangreindu og opni aftur fyrir umsóknir um námslán.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna nýrra úrræða stjórnvalda vegna COVID-19

30. apríl 2021

Í dag tilkynntu stjórnvöld ný úrræði vegna COVID-19 sem ná m.a. til geðheilbrigðismála, grunnframfærslu framfærslulána, sumarlána og frítekjumarksins hjá Menntasjóði námsmanna. Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar auknu fjármagni eyrnamerkt geðheilbrigðismálum en lýsir yfir verulegum vonbrigðum með tímabundna hækkun grunnframfærslunnar. Stúdentaráð hefur ítrekað bent á að aðgerðirnar sem boðaðar eru fyrir stúdenta hafi raunar einungis verið miðaðar að ákveðnum stúdentahópum og verið til skemmri tíma. Enn og aftur eru kjör stúdenta látin sitja á hakanum og engar langtímalausnir til frambúðar sjáanlegar, sem lýsir skilningsleysi á stöðu stúdenta og skort á pólitískum vilja. [Eiga stúdentar ekki betra skilið?](#)

Menntasjóður námsmanna

Stúdentar hafa kallað eftir að lágmarki 17% hækkun á grunnframfærslu framfærslulána hjá Menntasjóði námsmanna, til að samsvara dæmigerðu neysluviðmiði félagsmálaráðuneytisins. Stjórnvöld hafa aftur á móti boðað tímabundna hækkun á grunnframfærslunni sem nær einungis til þeirra stúdenta sem þéna minna en frítekjumarkið (1.410.000 kr.) á ári. Stúdentaráð er vonsvikið að hækkunin hafi ekki verið hærrí og að hún nái einungis til ákveðins hóps stúdenta en ekki til allra þeirra sem taka framfærslulán. Þykir ráðinu það sérstaklega athugavert að eftir að Menntasjóður námsmanna varð settur á fót hafi nú í þrígang verið litið framhjá erfiðri fjárhagsstöðu stúdenta. Ráðið minnir á að á meðan endurskoðun kerfisins stóð á, þá lagði ráðið gríðarlega áherslu á að skýr fyrirmæli til stjórnar Menntasjóðsins væru í lögum sjóðsins um endurskoðun grunnframfærslunar milli ára, til þess að krafa yrði gerð um að stjórn gripi til aðgerða þegar þess væri þörf. Ekki var orðið við þeirri beiðni.

Því til viðbótar stendur það óbreytt að frítekjumarkið fimmfaldast fyrir þau sem af vinnumarkaði koma eða hafa ekki verið á námslánnum síðustu sex mánuði. Stúdentaráð er ennþá þeirrar skoðunar að fimmföldun frítekjumarksins eigi að ná til allra. Þá bendir ráðið á að þó að lágmarks námsframvindukrafa vegna náms yfir sumarið sé ein ECTS-eining þá er upphæð lánsins háð fjölda eininga sem stúdent klárar. Fáir stúdentar líta á námslán sem lausn við fjárhagsvanda sínum og veigra sér frá frekari skuldsetningu.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Geðheilbrigðismál

600 milljónum verður ráðstafað til geðheilbrigðismála fyrir börn og ungmenni til að mæta aukinni eftirspurn vegna faraldursins. Liður í því er að efla þjónustuna á háskólastiginu sem Stúdentaráð fagnar mjög enda er ráðinu annt um líðan stúdenta í námi og hafa Stúdentaráð og skólastjórnendur Háskóla Íslands verið samstíga í að tala fyrir auknum stuðningi í málaflokkinn.

Í kjölfar hertra aðgerða þann 24. mars sl. áttu fulltrúar Stúdentaráðs fund með mennta- og menningarmálaráðherra, lýstu þar yfir áhyggjum varðandi líðan stúdenta og óskuðu eftir aðgerðum. Á fundi með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins þann 21. apríl sl. gerði forseti Stúdentaráðs grein fyrir stöðunni í Háskóla Íslands, sem er sú að eftirspurnin eftir viðtalsmeðferðum í sálfræðiþjónustu og í hópmeðferðir hefur orðið töluvert meiri samanborið við fyrri ár og umfram getu til að koma til móts við hana. Slíkar aðstæður hafa aldrei orðið áður í rúmlega 30 ára sögu sálfræðiþjónustu Háskóla Íslands.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

8.6 UMSAGNIR STÚDENTARÁÐS TIL ALÞINGIS

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa (framlenging hlutabótaleiðar)

*150. löggjafarþing 2019-2020
Þingskjal 1427 - 813. mál
26. maí 2020*

Stúdentaráð Háskóla Íslands ítrekar kröfu sína um að stúdentum verði að tryggja rétt til atvinnuleysisbóta yfir sumartímamann. Stúdentaráð hefur haldið kröfum sínum á lofti í allan þann tíma sem óvissa hefur ríkt meðal stúdenta vegna áhrifa samkomubannsins og COVID-19 og hefur helstu kröfu ráðsins um fjárhagsöryggi með atvinnuleysisbótum ekki verið svarað. Stúdentaráð lýsir enn og aftur yfir vonbrigðum vegna þessa og hvetur ríkisstjórnina til þess að tryggja stúdentum fjárhagslegt öryggi sem allra fyrst.

Staða stúdenta

Þann 16. mars var samkomubann sett á eftir að fyrstu innanlandssmitin voru greind og lokaði Háskóli Íslands öllum byggingum skólans. Í kjölfarið sendi Stúdentaráð út könnun 23. mars og aftur 6. apríl til allra nemenda við Háskóla Íslands um líðan og stöðu stúdenta á tímum COVID-19. Niðurstöður beggja kannana voru sláandi en þær sýndu að stúdentar voru undir miklu álagi og upplifðu mikla streitu og vanlíðan vegna óvissuástandsins, bæði í tengslum við námsframvindu og framfærslu. 52% íslenskra stúdenta og 42% alþjóðalegra nema töldu sig upplifa mikla streitu vegna aðstæðna í samfélaginu. 43% stúdenta töldu sig vera í erfiðri fjárhagsstöðu og 45% horfðu fram á erfitt sumar fjárhagslega. Áfram mætti svo sannarlega telja.

Stúdentaráð hefur áður sent frá sér umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall). Í því frumvarpi var ekki gert ráð fyrir stúdentum þar sem einstaklingur þurfti að hafa lækkað um a.m.k. 20% starfshlutfall og halda að lágmarki 50% starfshlutfalli, til þess að eiga rétt á hlutabótum vegna þess tekjutaps sem hann varð fyrir vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitenda útaf samkomubanninu og COVID-19. Stúdentaráð tók sérstaklega fram að samkvæmt EUROSTUDENT VI vinna stúdentar að meðaltali 26 klukkustundir á viku af þeim 49,5% sem eru í vinnu allt skólaárið. Af því má draga þá ályktun að um



Stúdentaráð Háskóla Íslands

hlutastörf sé að ræða hjá þessum hópi og þar af leiðandi er 50% viðmiðunar starfshlutfall of hátt fyrir meginþorra stúdenta og gagnaðist úrræðið þeim því ekki.

Vegna þessa lagði Stúdentaráð fram hugmyndir að úrbótum og varð velferðanefnd Alþingis við þeim athugasemdum. Viðmiðunar starfshlutfall varð þannig 25% í stað 50% eins og stóð fyrst til og var bætt við sérstakri málsgrein um að úrræðið skyldi ná til námsmanna. Þannig var um sérstaka undanþágu fyrir námsmenn að ræða þar sem stúdentar eru almennt útilokaðir frá atvinnuleysistryggingakerfinu, samkvæmt 6. mgr. 14. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, sem er ein helsta gagnrýni Stúdentaráðs.

1.gr. a. (XIII)

Í nýju frumvarpi er lagt til að viðmiðunar starfshlutfallið hækki í 50% frá og með 1. júlí 2020. Stúdentaráð ítrekar að krafan um að einstaklingur skuli vera í 50% starfshlutfalli henti ekki stúdentum þar sem meirihluti þeirra sem eru í hlutastarfi ná ekki upp í áður nefnt starfshlutfall. Þá er sú krafa afar íþyngjandi vegna mikils atvinnuleysis og er ólíklegt að þetta úrræði nýtist stúdentum.

Aðstæður stúdenta hafa ekki batnað frá því að fyrri umsögn Stúdentaráðs var send inn og frumvarpið um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa (minnkað starfshlutfall) var lögfest 21. mars 2020. Samkvæmt niðurstöðum seinni könnunar Stúdentaráðs frá 6. - 8. apríl voru 40% stúdenta að horfa fram á atvinnuleysi yfir sumartímann sem eru rúmlega 5.200 stúdentar við Háskóla Íslands. Þá má benda á tölur yfir atvinnuleysi frá Listaháskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík, en samkvæmt könnun Nemendaráðs Listaháskóla Íslands voru 65,8% stúdenta óörugg með sumarvinnu og 50% stúdenta við Háskólann í Reykjavík voru í sömu stöðu. Við blasir að rúmlega 7.000 námsmenn verða atvinnulausir í sumar.

Stúdentaráð telur það afturför að hækka viðmiðunar starfshlutfallið úr 25% í 50% og skerða þannig enn frekar aðgengi stúdenta að atvinnuleysisbótakerfinu. Ráðið furðar sig á þessari breytingu, þá sérstaklega í ljósi þess að stúdentar hafa vikum saman kallað eftir fjárhagsöryggi til þess að eiga fyrir útgjöldum sínum á vægast sagt krefjandi tímum. Þess má geta að tölur yfir atvinnuleysi stúdenta sem Stúdentaráð hefur undir höndum sýna atvinnuleysi áður en fjöldi uppsagna varð raunin á vinnumarkaðinum.



Aðrar athugasemdir vegna greinagerðar

Í greinagerðinni er tekið fram að aðstæðurnar í samfélaginu séu að komast í eðlilegt horf að nýju í kjölfar hertra aðgerða til að sporna gegn útbreiðslu kórónuveirunnar, þar með talið starfsemi vinnustaða og því launfólk mætt aftur til vinnu. Þar að auki er talað um að þær hamlanir sem urðu á vinnumarkaðinum gætu verið til lengri tíma en búist var við. Eru það rökin fyrir því að framlengja hlutabótaleiðina.

Stúdentaráð lítur jákvæðum augum á framlengingu hlutabótaleiðarinnar og tekur undir að þó svo að aðstæðurnar í samfélaginu fari batnandi þá munu áhrif samkomubannsins vara lengur. Áhrif á bæði andlega líðan og fjárhagsstöðu stúdenta eru þar engin undantekning. Vegna þessa þykir ráðinu gagnrýnisvert að viðmiðunar starfshlutfallið verði hækkað um 25% og að stúdentar verði með því móti undanskildir á ný. Stúdentaráð ítrekar að um 69% stúdenta vinna samhliða námi og í 86% tilvika er það til þess eins að geta framfleytt sér. Þá eru 71% stúdenta sem vinna svo þeir eigi efni á því að stunda nám og 87% vinna á sumrin.

Önnur atriði

Ríkisstjórnin hefur þegar lofað 3.400 sumarstörfum sem samanborið við tölur um atvinnuleysi meðal stúdenta í háskólum landsins, rúmlega 7000 námsmenn, munu ekki duga. Þá bendir ráðið á að þau störf sem hafa verið boðuð eru ætluð bæði framhaldsskólanemum og háskólanemum sem samanlagt eru um 30 þúsund námsmenn.¹³ Það er útlit fyrir að framboðið muni ekki duga og geta stúdentar ekki stólað á að stjórnvöld sjái til hvernig störfin ganga fyrir sig og í framhaldinu tekið ákvörðun um að skapa fleiri. Sumarið er komið og við þurfum öryggi strax.

Auk þess má setja stórt spurningamerki við skilgreiningu stjórnvalda á lengd sumarsins. Hvert starf hefur verið skilgreint sem tveir mánuðir í stað þriggja¹⁴ og eru störfin þá í rauninni færri en 3.400, samkvæmt frumvarpi til fjárukalaga. Þeir stúdentar sem fá starf verða þannig alltaf án framfærslu hluta sumars.

¹³ Fjöldi framhaldsskólanema 18 ára og eldri árið 2018 frá Hagstofu Íslands.

¹⁴ Ráðningavefur Hafnafjarðarbæjar gerir sem dæmi ráð fyrir að hámarki tveimur mánuðum.

Tafla 1:

Laun á mánuði ¹⁵	316.000 kr
Fjöldi starfa	3.400
	$316.000 * 3.400 = 1.074.400.000$ kr
Heildarfjárveiting í sumarstarfaátak ¹⁶	2.200.000.000 kr
Mánaðafjöldi per einstakling	$2.200.000.000 \text{ kr} / 1.074.400.000 \text{ kr} = 2,05$ mánuðir

Fjárhagsstaða stúdenta er í miklu uppnámi vegna áhrifa samkomubannsins og COVID-19. Nauðsynlegt er að tryggja stúdentum rétt til atvinnuleysisbóta, sé það fyrir þau sem hafa misst hlutastörf, eru í hlutastarfi eða eru atvinnulausir. Stúdentaráð undirstrikar að stúdentar áttu rétt til atvinnuleysisbóta í námshléum til 1. janúar 2010 þegar sá réttur var afnuminn með lögum nr. 134/2009. Samt sem áður hefur 1,35% atvinnuþryggingagjald af launum stúdenta runnið í atvinnuleysistryggingasjóð, samkvæmt lögum nr. 113/1990, en þrátt fyrir það eiga stúdentar ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Stúdentaráð telur það sjálfsagt réttlætismál að námsmenn séu ekki undanskildir aðgengi að fjárhagslegu öryggisneti sem vinnandi fólk og að stjórnvöld sýni samfélagslega ábyrgð með því að koma til móts við stúdentana á tímum COVID-19.

¹⁵ Sjá blaðsíðu 32, þskj. 1253, 724. mál, 150 löggjafarþingi 2019-2020.

¹⁶ Sjá blaðsíðu 32, þskj. 1253, 724. mál, 150 löggjafarþingi 2019-2020.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar)

150. löggjafarþing 2020-2021
Þingskjal 2037 - 972. mál
31. ágúst 2020

Krafa Stúdentaráðs Háskóla Íslands um að stúdentum skuli tryggja rétt til atvinnuleysisbóta, eins og þeir áttu í námshléum til ársins 2010, stendur og einskorðast ei lengur einungis við sumarið 2020. Það var í desember 2009 sem sú breyting var samþykkt á atvinnuleysistryggingarkerfinu að námsmenn geta ekki talist tryggðir innan þess, með lögum nr. 134/2009.

Þrátt fyrir úrræði stjórnvalda til að koma til móts við stúdenta hefur helstu kröfu ráðsins um fjárhagsöryggi með atvinnuleysisbótum ekki verið svarað. Stúdentaráð lýsir yfir vonbrigðum vegna þessa enda er engin langtímalausn boðuð við atvinnuleysi meðal stúdenta, verði sem dæmi bakslag vegna faraldursins eða aðrar sambærilegar áskoranir í framtíðinni.

Umsögn varðandi 6. gr. b.

Einstaklingi er ekki heimilt að vera í meira en 10 ECTS einingum samhliða vinnu til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum, missi hann vinnuna. Hér er lagt til að hækka téð hámark úr 10 einingum í 12 einingar og er sú tillaga byggð á því námsfólk á háskólastigi sé almennt í 6 eininga námskeiðum. Það er hins vegar allur gangur á einingafjölda eftir fræðasviðum, deildum og loks námsleiðum. Námskeið í grunnámi við lagadeild í Háskóla Íslands eru til að mynda allt frá 5 einingum upp í 18 einingar og námskeið við íslensku- og menningardeild eru öll 10 einingar. Þá ber að nefna að fullt nám miðast við 30 einingar og þessi breyting veitir stúdent ekki frekara svigrúm en fyrir 1-2 námskeiðum.

Hækkun hámarksins mun því einungis gagnast námsfólki sem ekki stundar fullt nám og þar með er stór hópur námsfólks enn undanskilinn atvinnuleysistryggingakerfinu. Stúdent í fullu námi og hlutastarfi með hefur engan rétt á að sækja sér fjárhagsaðstoðar verði hann án atvinnu. Með þessu móti er ekki verið að koma í veg fyrir að erfiðar aðstæður stúdenta frá því í vor og sumar endurtaki sig.



Umsögn varðandi 9. gr.

Lagt er til að einstaklingi á atvinnuleysisbótum sé heimilt að stunda nám án þess að réttur hans innan atvinnuleysistryggingakerfisins skerðist. Er þetta áttak kallað *Nám er tækifæri*. Hér er lögð áhersla á möguleika fólks til að stunda nám samhliða vinnu og aftur gengið framhjá möguleika fólks til að vinna samhliða námi. Þetta úrræði gagnast ekki núverandi stúdentum, en staða stúdenta á Íslandi í íslensku menntakerfi er þannig að yfirgnæfandi meirihluti stúdenta vinnur með námi nú þegar. Stúdentaráð ítrekar að um 69% stúdenta vinna samhliða námi og í 86% tilvika er það til þess eins að geta framfleytt sér. Þá eru 71% stúdenta sem vinna svo þeir eigi efni á því að stunda nám og 87% vinna á sumrin.

Stúdentaráð undirstrikar að það sé að sjálfsögðu mikilvægt að komið sé til móts við þau sem eru að horfa fram á langtímaatvinnuleysi og tekur ráðið því ávallt fagnandi að fólk geti stundað nám, það er það sem jafnrétti allra til náms snýst um. Á sama tíma vekur undrun að krafa stúdenta, sem hefur verið skýr frá fyrsta degi, hefur alltaf mætt lokuðum dyrum því það er talið of vandasamt að fara í stórar kerfisbreytingar. Þetta nýja úrræði sýnir okkur þó að það sé gerlegt. Það má til að benda að ef gildistaka ákvæðisins er 1. janúar 2021 kann það að hafa takmörkuð áhrif á hversu vel er hægt að nýta úrræðið, þar sem skipulag náms er alla jafna frá og með haustönn en ekki vorönn.

Aðrar athugasemdir vegna greinagerðar

Fram kemur að heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar sé í undirbúningi og að endurskoðunin muni fara fram í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Það er fagnaðarefni að von sé á slíkri endurskoðun á lögnum enda vísar það til þess að kerfisbreytingar séu raunar framkvæmanlegar, og því er greinilegt að tækifæri sé til að taka til umræðu atvinnuleysisbótakröfu stúdenta. Vegna þessa óskum við eftir því að endurskoðunin taki mið af kröfu stúdenta og eigi sér stað í samvinnu við þá, sem viðeigandi hagsmunaaðilar.

Það er mjög mikilvægt að námsfólk sé haft með í ráðunum og erum við sem fulltrúar þeirra að sjálfsögðu gríðarlega þakklát fyrir að óskað sé eftir álit okkar. Við eigum hins vegar erfitt með að tala um samráð þegar við fáum aðeins að sitja við borðið en ekki er tekið mark á því sem við leggjum fram. Stúdentaráð lagði til að mynda athugasemdir við seinni tillögur Samhæfingarhópsins um atvinnu- og menntaúrræði, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra, og óskaði sömuleiðis eftir frekari viðræðum en ekki hefur orðið við þá beiðni ráðsins. Þá lögðu fulltrúar



Stúdentaráð Háskóla Íslands

stúdenta fram bókun í vor sem gerði grein fyrir skorti á því að þörfum stúdenta sé mætt, og átti hún að fylgja fyrstu tillögum hópsins frá því í maí. Forseti Stúdentaráðs situr í samhæfingarhópnum sem fulltrúi Landssamtaka íslenskra stúdenta.

Önnur atriði

Ein helstu mótrökin gegn atvinnuleysisbótakröfu stúdenta eru að námslánakerfið eigi að grípa námsfólkið. Stúdentaráð hefur haldið því til haga að það fagni heildarendurskoðun námslánakerfisins og að góð atriði séu að finna í því, en harmar tilhögun grunnframfærslu framfærslulána sem og sjálfbærnishugsjón Menntasjóðsins. Framfærslulánin duga stúdentum ekki og neyðast þeir þess vegna til að vinna samhliða námi til að framfleyta sér. Aftur á móti skerðast lánin þéni þeir tekna umfram frítekjumarkið. Þá verður til vítahringur þar sem stúdentar neyðast til að vinna meira til geta framfleytt sér. Stúdentum sem vinna samhliða námi er þannig refsað með skerðingum, á sama tíma og lág framfærsla gerir það að verkum að margir stúdentar verða að vinna. Nýjar úthlutunarreglur Menntasjóðsins fyrir skólaárið 2020-2021 tóku ekki á þessu vandamáli.

Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs hefur ekki undir neinum kringumstæðum snúist um að stúdent sem ekki hefur þörf á að sækja sér fjárhagsaðstoðar geti gert svo frjálsglega. Ef við myndum snúa aftur til kerfisins sem var við lýði fyrir 2010 myndu vinnandi námsmenn einfaldlega geta sótt sér í þann rétt sem þeir hafa áunnið sér með greiðslu atvinnuþryggingagjalds af launum þeirra. Atvinnuleysisbæturnar sjálfar væru því í samræmi við hve mikið einstaklingur hefur unnið síðastliðna 36 mánuði rétt eins og hjá öðrum sem missa vinnuna.

Ef miðað er við að 70% námsfólks við Háskóla Íslands vinni samhliða námi, í 50% starfi og fullu starfi að sumri á lágmarkslaunum, skv. kjarasamningi SGS og SA frá 2010, nema atvinnuþryggingagjöld þess hóps yfir 3,5 milljarða króna frá árinu 2010. Samkvæmt Eurostudent vinna stúdentar þó að meðaltali 26 klst. á viku með námi sem er nær 70% starfshlutfalli og því er talan í raun töluvert hærri en 3,5 milljarðar sem stúdentar hafa greitt í sjóðinn. Það er staðreynd að stúdentar leggja atvinnuleysistryggingasjóði lið með þeirra vinnuframlagi og því fráleitt að þeir hafi verið án réttinda úr sjóðnum í áratug. Það er ljóst að það er ekkert traust öryggisnet til staðar fyrir þennan þjóðfélagshóp.



Þá má réttilega bæta því við að samkvæmt 76. gr. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skal öllum, sem þess þurfa, tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna atvinnuleysis. Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar í 65. gr. segir að allir skulu vera jafnir fyrir lögum. Vinnandi einstaklingur í námi nýtur ekki jafns réttar og vinnandi einstaklingur sem er ekki skráður í nám. Það er staðreynd, enda hafa vinnandi námsmenn eingöngu rétt á lánum, sem þeim ber að greiða til baka að námi loknu, í 9 mánuði ársins og engan rétt á fjárhagsaðstoð frá ríkinu hina 3 mánuði ársins. Meðan vinnandi fólk sem ekki er skráð í nám hefur sama öryggisnet sem grípur þá allan ársins hring, atvinnuleysisbætur.

Alþjóðasamningar sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða kveða einnig á um réttindi allra til atvinnuleysistryggingakerfis og réttar til fjárhagsaðstoðar ef einstaklingur er án atvinnu. Námsmenn eru þó án úrræða um tímabundin fjárhagslegan stuðning þrátt fyrir atvinnuleysi í 3 mánuði ársins. Til að tryggja viðunandi lífsafkomu líkt og 11. gr. ESCR (Economic, Social and Cultural rights) og 25. gr. MRYSGB (mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna), 11. gr. EFMR (samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg og félagsleg mannréttindi) kveða á um, þarf að breyta þessu.

Samkvæmt 16 málsgrein general comment no 19 efnahags og félagslega ráðs Sameinuðu þjóðanna:
The right to social security; *“The social security system should also cover other workers, including part-time workers, casual workers, seasonal workers, and the self-employed, and those working in atypical forms of work in the informal economy”*. Námsmenn eru án efa „seasonal workers“ enda flykkjast þúsundir þeirra á vinnumarkaðinn á sumrin.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Réttur stúdenta til atvinnuleysisbóta í námshléum til 1. janúar 2010
viðbótargögn við 972. mál

31. ágúst 2020

Með þskj. 314 — 273. mál, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, sem lagt var fyrir Alþingi í nóvember 2009, á 138. löggjafarþingi 2009–2010, var sú breyting lögð til að námsmenn geta ekki talist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Samkvæmt ferli málsins á þingvefnum fór 3. umræða og samþykki frumvarpsins fram þann 18. desember 2009. Því er ljóst að sumarið 2009 stóð réttur námsmanna til atvinnuleysisbóta óhaggaður, eða sumarið eftir hrun, eins og við höfum haldið fram frá upphafi. Stúdentaráð lét málið sig varða á þeim tíma líka eins og sjá má hér.

Samkvæmt 3. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 renna tekjur ríkisins af atvinnutryggingagjaldi, sem greitt er af launum starfsfólks, til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í dag er gjaldið 1,35% af launum alls vinnandi fólks, þar á meðal stúdenta.

Ef miðað er við að 70% námsfólks við Háskóla Íslands vinni samhliða námi, í 50% starfi og fullu starfi að sumri á lágmarkslaunum, skv. kjarasamningi SGS og SA frá 2010, nema atvinnutryggingagjöld þess hóps yfir 3,5 milljarða króna frá árinu 2010. Samkvæmt Eurostudent vinna stúdentar þó að meðaltali 26 klst. á viku með námi sem er nær 70% starfshlutfalli og því er talan í raun töluvert hærri en 3,5 milljarðar sem stúdentar hafa greitt í sjóðinn.

Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur)

151. löggjafarþing 2020-2021
Þingskjal 335 - 300. mál
25. nóvember 2020

Athugasemdir vegna greinagerðar

Í inngangi greinagerðar er tekið fram að heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar sé í undirbúningi og að hún muni fara fram í samvinnu við aðila atvinnumarkaðarins. Stúdentaráð óskar eftir því að endurskoðunin verði einnig unnin í samvinnu við stúdenta og telur að hér sé skýrt tilefni til að taka kröfur stúdenta til umræðu.

Samkvæmt greinagerðinni er tilefni frumvarpsins að draga úr tjóni vegna faraldursins með það að markmiði að neikvæðu áhrif hans á atvinnulíf, efnahagslíf og samfélagið í heild sinni séu sem minnst. Þá er verið að leggja fram breytingar til þess að tryggja að hópur fólks geti nýtt sér til fulls það öryggisnet sem stendur þeim til boða, þ.e.a.s. framlengdur réttur til tekjutengdra atvinnuleysisbóta vegna vinnutaps, sökum samdráttar á vinnumarkaði. Hér má sjá að það er mögulegt að ráðast í breytingar til að lágmarka fjárhagslega erfiðleika einstaklinga. Við óskum eftir því að stúdentum sé einnig veittur réttur til fjárhagslegs stuðningsnets, annað en Menntasjóðinn, og að þeirra stöðu sem námsfólk sé sýndur skilningur.

Atvinnuleysi meðal stúdenta

Fyrstu tölur úr sjöundu umferð alþjóðlegu EUROSTUDENT VII könnunarinnar sýna að 72% íslenskra stúdenta vinna til að sjá fyrir sér og er það 3% aukning frá því að könnunin var lögð fyrir síðast 2016-2018. Má þess einnig geta að íslenskir stúdentar skora hér hæst af þeim 26 þjóðum sem tóku þátt. Fyrstu tölur sýna jafnframt að 31% íslenskra stúdenta eiga í fjárhagslegum erfiðleikum og 25% telja að vinnan hafi áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Hér er vert að nefna að könnunin var lögð fyrir vorið 2019, fyrir kórónuveirufaraldurinn og því má draga þá ályktun að staða stúdenta sé verri nú um stundir. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur til viðbótar greint frá því að ungu fólki, á aldrinum 18-24 ára, fari fækkandi á leigumarkaði sem megi rekja til faraldursins en hlutfall þeirra sem búa í foreldrahúsum hefur aukist gríðarlega, eða úr 42% í 70% frá því í lok seinasta árs. Það er jafnframt bent á að atvinnuleysi meðal þess aldurshóps hefur rúmlega tvöfaldast og fjöldi starfandi einstaklinga



Stúdentaráð Háskóla Íslands

dregist saman um 14.5%. Samkvæmt nýjustu atvinnuleysistöllum Vinnumálastofnunnar eru rúm 46% atvinnulausra ungt fólk, á aldrinum 18-34 ára og því er spáð að atvinnuleysi aukist á næstu mánuðum vegna aukins samdráttar á vinnumarkaði. Stúdentar eru vel að merkja ekki allir meðtaldir í þessum tölum enda eru þeir ekki á atvinnuleysisskrá þar sem þeir eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Það er ljóst að við stöndum á krossgötum. Störf eru af skornum skammti og atvinnuleysi fer hækkandi. Þau störf sem stúdentar leita tíðast í meðfram námi, í t.d. ferðapjónustunni og veitingageiranum, eru ekki lengur til staðar. Leita þarf lausna strax við þessu viðvarandi vandamáli með markvissum aðgerðum þannig að þær nái til allra stúdenta, sem hafa verið í námi og þau sem eru að koma í nám. Hafa verður að markmiði að sporna gegn atvinnuleysi þeirra til lengri tíma, með því að t.d. brúa bilið á milli atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins og veita stúdentum að nýju rétt til atvinnuleysisbóta.

Gjá milli kerfa

Stúdent er ekki heimilt að vera í meira en 12 einingum samhliða vinnu til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum missi hann vinnuna. Í staðinn á námslánakerfið að vera bakland stúdenta. Hins vegar verður stúdent að standast 22 einingar til að geta fengið greidd námslán hjá Menntasjóði námsmanna. Það skiptir engu máli hvort stúdent sé í námi og hlutastarfi eða í 100% vinnu, jafnvel til margra ára, og námi með, því stúdent sem missir vinnuna hefur engan rétt á fjárhagsaðstoð úr atvinnuleysistryggingakerfinu aðeins vegna þess að hann stundar nám.

Vert er að taka fram að einingaviðmiðið hjá Vinnumálastofnun hefur nýlega verið hækkað úr 10 í 12 með lögum nr. 112/220 um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar). Stúdentaráð gagnrýndi hins vegar ófullnægjandi hækkun í umsögn sinni vegna frumvarpsdraga enda gagnast hún ekki stúdentum sem stunda fullt nám og vinna samhliða. Þarna var tækifæri til þess að brúa bilið milli kerfana með almennilegum hætti og stuðla að fjárhagsöryggi stúdenta, en það var ekki gripið. Stúdentaráð hefur einnig ítrekað gagnrýnt tilhögun grunnframfærslu framfærslulána hjá Menntasjóðnum og þá staðreynd að grunnframfærslan var ekki hækkuð í sumar með samþykktum úthlutunarreglum fyrir skólaárið 2020-2021, þó tilefni væri til. Stúdentum er þannig refsað með lágri framfærslu sem gerir það að verkum að margir þeirra verði að vinna og í ofanálág eiga þeir í hættu á að námslánin skerðist



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Þéni þeir umfram frítekjumarkið. Það er auðséð að valmöguleikar stúdenta eru afskaplega fáir og á tímum sem þessum eru þeir raunar engir. Margir falla milli kerfa og til þess að komast upp úr gjánni verða þau að sæta ströngum skilyrðum, og í samræmi við það annars vegar minnka við sig í námi til að eiga rétt á fjárhagslegri aðstoð og hins vegar bæta við sig til að geta sótt um lán. Hvoru tveggja eykur álagið svo um munar og má því segja að áhyggjur stúdenta séu ekki óþarfar.

Atvinnuleysisbótakrafa

Stúdentar hafa kallað eftir því að þeim sé veittur réttur til atvinnuleysisbóta, réttur sem tekinn var af þeim 1. janúar 2010, með lögum nr. 134/2009 um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs snýst um að allir stúdentar sem þurfa að sækja sér fjárhagsaðstoðar, sökum atvinnuleysis, hafi kost á því til jafns við aðra vinnandi landsmenn. Samkvæmt 3. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 renna tekjur ríkisins af atvinnutryggingagjaldi, sem greitt er af launum starfsfólks, til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í dag er gjaldið 1,35% af launum alls vinnandi fólks og þar á meðal stúdenta. Ef snúið yrði aftur til kerfisins sem var til staðar til ársins 2010 myndu vinnandi stúdentar geta sótt sér þann rétt sem þeir hafa áunnið sér með greiðslu atvinnutryggingagjalds af launum þeirra. Það er réttmæt og sjálfsögð krafa.

Stúdentaráði þykir viðmótið sem stúdentar hafa fengið í gegnum faraldurinn mikil vonbrigði og furðar sig á því að ekki sé útlit fyrir að stjórnvöld bregðist við með sanngjörnum hætti. Stjórnvöld leggja mikla áherslu á að menntun sé leiðin út úr kreppunni og boða vegna þessa til aðgerða sem hvetur og styður fólk í að snúa aftur í menntastofnanir í nám. Með þessu móti hafa hins vegar núverandi stúdentar gleymst. Það sem meira er, þá eru engar langtímalausnir boðaðar fyrir núverandi stúdenta, verðandi stúdenta og útskrifað námsfólk, og þar með engar ráðstafanir skyldu aðstæður á vinnumarkaðinum endurtaka sig af sömu eða öðrum ástæðum.

Það hefur gengið alltof lengi að stúdentar búi við lakari kjör en aðrir þjóðfélagshópar og er nú kominn tími á að fylla upp í þá gjá og styðja stúdenta í verki.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining)

151. löggjafarþing 2020-2021
Þingskjal 233 - 230. mál
1. desember 2020

Stúdentaráð fagnar frumvarpi þessu og þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir beiðni um umsögn ráðsins. Stúdentaráð hefur áður veitt umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining með heildstæðu mati) og vill ráðið undirstrika afstöðu sína enn fremur.

Stúdentaráð er fylgjandi markmiði frumvarpsins um að það skuli breyta framkvæmd aldursgreininga þannig að framkvæmdin fari fram með heildstæðu mati í stað líkamsrannsóknar út frá tannþroska. Slíkar rannsóknir eru mjög umdeildar í fræðasamfélaginu, eins og farið verður nánar út í hér að neðan vegna nýrra tilmæla Evrópuráðsins, og þá sérstaklega vegna ónákvæmni niðurstaðna sem og siðferði þeirra. Þá telur ráðið það brýnt að mælt verði fyrir um í lögum að það sé óheimilt með öllu að beita skoðun á þroska kynfæra sem aðra aðferð við aldursgreiningu, eins og hefur tíðkast í Danmörku.

Velferð og hagsmunir barna skulu vera höfð að leiðarljósi og tryggja verður að þau fái viðeigandi stuðning. Þá þarf það einnig að vera öruggt að barn og/eða þau sem gæta hagsmunum þess séu vel upplýst og þeim leiðbeint á sem skýrastan hátt um það hvers vegna og hvernig viðkomandi skuli gangast undir aldursmat og þá aðferð sem beitt verður.

Stúdentaráð tekur undir að líkamsrannsókn skuli vera allra síðasta úrræðið sem notast er við og að það þurfi að liggja fyrir haldbær rök fyrir því að grípa til þeirra. Það skal tryggja réttindi barna og ungmenna í leit að hæli, sýna mannúð, skilning og virðingu.

Árétting vegna málþings 29. mars 2019 sem vísað er til í greinargerð:

Í greinargerð frumvarpsins er vísað til málþings um framkvæmd aldursgreiningar á flóttabörnum sem fór fram þann 29. mars 2019. Vísað er í Tomáš Boček, sérstakan fulltrúa Evrópuráðsins í málefnum flóttamanna, sem á málþinginu fordæmdi íþyngjandi aðferðir við aldursgreiningar sem hefðu þungbær og margvísleg áhrif á börn og ungmenni.



Í umsögn réttartannlækna nr. 573 vegna frumvarpsins er þvertekið fyrir að það hafi átt sér stað og sérstaklega tekið fram að fulltrúi stúdenta hafi einn séð um fordæmingar á fundinum. Stúdentaráð furðar sig verulega á þessari staðhæfingu, vísar henni á bug og telur nauðsynlegt að leiðrétta hana. Í umræddri umsögn kemur eftirfarandi fram:

„Í greinargerð er vísað í málþing hér á landi um framkvæmd aldursgreininga á flóttabörnum 29. mars 2019. Meðal framsögumanna var Tomáš Boček. Það er rangt að hann hafi á fundinum „fordæmt íþyngjandi aðferðir við aldursgreiningar sem geti haft þungbær áhrif á líkamlegan, tilfinningalegan og sálrænan þroska barna“. Fulltrúi stúdenta sá einn um fordæmingar á fundinum. (...)“

Þetta er í besta falli villandi og í versta falli rangt. Því til stuðnings vísar Stúdentaráð í málþingið en upptaka þess er aðgengileg hér og hvetur ráðið nefndarmenn til þess að horfa á fundinn, sem var upplýsandi og mikilvægur. Stúdentaráð bendir sérstaklega á eftirfarandi tímapunkta fundarins og ummæli annarra framsögumanna sem ráðið telur varpa ljósi á hve sérkennilegt það er hjá umsagnaraðilum umsagnar nr. 573 að mála þessa mynd af fundinum. Einnig vekur Stúdentaráð athygli á eftirfarandi atriðum fundarins til stuðnings afstöðu sinni gegn tanngreiningum á fylgdarlausum börnum og ungmennum:

1. Framsaga Tomáš Boček, sérstakur fulltrúi Evrópuráðsins í málefnum flóttamanna:

- a. 28:50: Boček tekur fram að aldursmat sé notað til að ákvarða *aldursbil*, en ekki nákvæman aldur, vegna nákvæmni þess.
- b. 29:35 - 30:30: Boček tekur fram að læknisfræðilegt mat á aðgerðum hafi verið gagnrýnt vegna skorts á vísindalegum grundvelli og áreiðanleika vegna tilheyrandi áhættu á tilviljunarkenndum niðurstöðum. Enn fremur nefnir hann að rannsóknirnar séu ágengar og geti valdið líkamlegum og andlegum skaða, og nefnir sérstaklega skoðun á þroska kynfæra.
- c. 34:30: Boček tekur fram að mælt sé með því að ríki noti fyrst og fremst heildrænt mat með áherslu á viðtöl og aðrar aðferðir sem eru ekki eins ágengar og líkamlegar rannsóknir.
- d. 36:18: Boček segist viss um að aðgerðaáætlun og útlistun mannréttindareglanna sem hann nefndi „muni hvetja og leiðbeina Íslandi við að koma á og taka upp málsmeðferð sem byggir á réttum forsendum, sé barnvæn og upplýst af þekkingu og gögnum.



2. Framsaga Önnu Finnbogadóttur, lögfræðingur í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd hjá Rauða krossinum á Íslandi:

- a. 01:04:30 – 01:05:57 Rauði krossinn á Íslandi hefur gert alvarlegar athugasemdir varðandi aldursmat sem fela í sér skort á heildstæðu mati á aðstæðum einstaklingana sem gangast undir rannsóknirnar. Anna segir þau hafa gagnrýnt notkun tanngreininga við aldursmat. Þá hafi Rauði krossinn á Íslandi bent á, með vísan til alþjóðastofnana eins og Evrópuráðið og sérfræðinga, að tanngreiningar séu ónákvæmar, óreiðanlegar og jafnvel siðferðilega vafasamar.
- b. Til viðbótar hafi Rauði krossinn á Íslandi gagnrýnt skort á úrræðum í tengslum við málsmeðferð aldursgreininganna sem og úrræði til að véfengja niðurstöðu aldursgreiningarinnar sjálfar.

3. Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2019-2020:

- a. 01:17:19 - 01:23:54: Erindi Jónu Þóreyjar sneri í meginatriðum að vanköntum við aðkomu Háskóla Íslands að rannsóknunum. Nánar tiltekið þeirri staðreynd að jafnréttisnefnd háskólaráðs hafi ályktað gegn framkvæmd samninganna og að rannsóknirnar hafi farið fram án fullnægjandi regluverks og samninga við Háskóla Íslands. Einnig þeirri staðreynd að vísindasiðanefnd skólans hafi talið að ef málið myndi falla undir valdsvið nefndarinnar væri óvíst að rannsóknirnar stæðust vísindasiðareglur skólans. Lagði hún áherslu á að fræðilegar vísindarannsóknir innan Háskóla Íslands eigi að fara fram undir miklu strangari siðferðisreglum, en svokallaðar þjónusturannsóknir sem fullyrt hafði verið að tanngreiningar væru, og í því samhengi benti hún á að niðurstöður tanngreininga hafi verið birtar sem fræðirannsókn í Tannlæknaþlaðinu.¹⁷
- b. Þá ræddi hún þversögnina í því að rannsakendur og starfsfólk við Háskóla Íslands á öðrum sviðum, t.d. Hugvísindasviði, Menntavísindasviði og Félagsvísindasviði, rannsaki stöðu flóttafólks og hælisleitenda, oftast með það að markmiði að varpa betur ljósi á stöðu þeirra svo hægt sé að gera betur í málefnum þess fólks, á sama tíma og Háskóli Íslands hafði þessu tanngreiningar hlutverki að gegna í umsóknarferli þeirra. Starfsfólk og doktorsnemar á þessum sviðum mótmæltu opinberlega þátttöku

¹⁷ Tannlæknaþlaðið, 1. tbl. 2013, bls. 14-21.



Háskóla Íslands í rannsóknunum. Rétt er að taka fram að síðan þá hefur Háskóli Íslands ekki endurnýjað samning við Útlendingastofnun um framkvæmd rannsókna og því hætt framkvæmd þeirra.

- c. Að öðru leyti byggði erindi Jónu Þóreyjar á gögnum og afstöðu alþjóðlegra stofnana sem hafa gagnrýnt rannsóknirnar, rétt eins og gert var í öðrum erindum, t.a.m. erindi Tomáš Boček.

4. Að öðru leyti vekur Stúdentaráð athygli nefndarmanna aftur á erindi Önnu Finnbogadóttur og erindi Olga Kostenko, verkefnisstjóra *Parliamentary Campaign to End Immigration Detention of Children* og ráðherra *PACE Committee on Migration, Refugees and Displaced Persons* hjá Evrópuráðinu:

- a. 12:20 Kostenko tekur skýrt fram að sumar aðferðir við aldursgreiningar brjóti gegn réttindum barna.
- b. 14:14 – 14:55 Kostenko segir PACE nefndina vera fylgjandi frumvarpinu sem er til umræðu á málþinginu og segir að með samþykki þess verði nálgunin heildræn og fari ekki í bága við réttindi barna.
- c. 01:10:54 - 01:11:05 Anna segir það vera álit Rauða krossins á Íslandi að það sé ekki verið að beita heildrænni nálgun þegar kemur að aldursgreiningum hérlendis.

Málþingið var mikilvægt og gott framtak af hálfu flutningsmanns frumvarpsins og ítrekar Stúdentaráð þá vinsamlegu ábendingu að nefndarmenn horfi á fundinn, sbr. streymið hér að ofan.

Lokaorð

Stúdentaráð stendur fyrir jafnrétti og er alfarið mótfallið aðgerðum, sem þessum, sem boða óréttlæti og óvissu fyrir fólk sem óskar eftir því að setjast að á Íslandi. Í hópi þeirra eru ungmenni og börn sem hér geta stundað nám og auðgað samfélagið okkar. Ráðið undirstrikar að Ísland eigi að opna enn frekar faðminn og styðja betur við innflytjendur og aðra hópa sem eru í viðkvæmri stöðu. Þá vill ráðið hvetja allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis til að taka skýra afstöðu með mannúð og gegn núverandi framkvæmd á aldursgreiningum á fylgdarlausum börnum og ungmennum sem hefur viðgengist alltof lengi.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg

18. janúar 2021

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur ítrekað kallað eftir því að stúdentum sé tryggður réttur til fjárhagsaðstoðar verði þeir án atvinnu og tekjutapi. Rík áhersla hefur því verið lögð á að það þurfi að breyta lagaumhverfinu þannig að stúdentar hafi aðgang að atvinnuleysistryggingasjóði til jafns við aðra vinnandi landsmenn. Stúdentaráð lítur svo á að það verkefni sé aðkallandi og að það sé á ábyrgð stjórnvalda, þannig skuli forðast að byrðin lendi á velferðarþjónustu sveitarfélaganna, sem ekki eru ábyrgðaaðilar þessa máls.

Á sama tíma og ráðið krefur stjórnvöld um markvissar aðgerðir í þágu stúdenta til lengri tíma, vill ráðið hvetja velferðarsvið Reykjavíkurborgar til að huga að stúdentum við breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð.

Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð

Í núverandi drögum er kveðið á um almenn skilyrði og rétt til fjárhagsaðstoðar en í 15. gr. í IV. kafla, um heimildir vegna sérstaka aðstæðna, er m.a. kveðið á um framfærslu í námi á framhaldsskólastigi. Það er hins vegar ekki minnst á framfærslu námsfólks á háskólastigi í reglunum en það er ekki útilokað að stúdentar kjósi að leita réttar síns hjá sveitarfélaginu er þau mæta lokuðum dyrum á öðrum vettvöngum. Þá er mikilvægt að þeir stúdentar sem leita til Reykjavíkurborgar fái skýr og aðgengileg svör um sína réttarstöðu hjá sveitarfélaginu.

Stúdentar eru undanskildir atvinnuleysistryggingakerfinu þar sem eitt skilyrði þess að launamaður eigi rétt á atvinnuleysisbótum er að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006, sem stúdentar teljast ekki vera því þeir stunda nám. Þá gildir einu hvort um er að ræða atvinnuleysi á meðan námi stendur eða námshléum. Það er hins vegar staðreynd að stúdentar leggja atvinnuleysistryggingasjóði lið með þeirra vinnuframlagi, en af launum þeirra rennur atvinnutryggingagjald til tvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, skv. 3. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990. Það eitt og sér er næg ástæða til að ráðast í breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu. Þá má þess einnig geta að stúdentar áttu rétt til atvinnuleysisbóta í



námshléum fram að 1. janúar 2010, þegar sá réttur var tekinn af þeim með lögum nr. 134/2009 um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Varðandi Menntasjóð námsmanna er ljóst að sjóðurinn er ekki að þjóna hlutverki sínu sem jöfnunartól hins opinbera. Fyrir utan að ekki allir stúdentar uppfylla skilyrði til að sækja um lán hjá sjóðnum eða kjósa að gera það ekki vegna bágra kjara og vinna í staðinn, þá er grunnframfærsla framfærslulána óásættanleg. Stúdent á námslánnum neyðist til þess að vinna samhliða þar sem útgjöldin eru töluvert meiri en grunnframfærslan tryggir þeim. Í ofanálag skerðist lánið ef stúdentar vinna umfram frítekjumarkið, sem í mörgum tilfellum er jafnvægisleikur sem stúdentinn tapar. Stúdent sem verður fyrir vinnutapi stendur þar með höllum fæti og skuli það henta viðkomandi yfir sumartímam þá getur hann ekki einu sinni reitt sig á grunnframfærsluna því Menntasjóðurinn lánar einungis fyrir níu mánuði ársins.

Aðstæður stúdenta eru afskaplega fjölbreyttar; sumir fórna námi fyrir vinnu til að verða við kröfum námslánakerfisins, aðrir þora ekki að taka áhættuna og stóla einungis á vinnu sína og enn fleiri falla á milli atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins. Stúdentum er nefnilega ekki heimilt að vera í meira en 12 einingum samhliða vinnu til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum og verður jafnframt að standast 22 einingar til að geta fengið greidd námslán hjá Menntasjóði námsmanna.

Af þessu má ætla að stúdentar snúi sér að sveitarfélaginu sínu því aðrir valkostir eru fáir sem engir. Þá er nauðsynlegt að ráðstafanir séu til staðar og í þessu tilfelli raunar réttlætismál að fyrir liggja að þau eigi rétt á fjárhagsaðstoð.

Staða stúdenta á vinnumarkaði

Störf eru af skornum skammti um þessar mundir en þau störf sem stúdentar sækja almennt í meðfram námi, í t.d. ferðaþjónustunni og veitingageiranum, eru ekki lengur til staðar og virðist enn vera ófyrirsjáanlegt hvenær og hvort þau snúi aftur.

Fyrstu tölur úr sjöundu umferð EUROSTUDENT VII sýna að 72% íslenskra stúdenta vinna því annars hefðu þeir ekki efni á því að stunda nám. Íslenskir stúdentar skora hér hæst af þeim 26 þjóðum sem



tóku þátt. Jafnframt sýna fyrstu tölur að 31% íslenskra stúdenta eigi í fjárhagslegum erfiðleikum og 25% telja að vinnan hafi áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Hér ber að nefna að könnunin var lögð fyrir vorið 2019, fyrir kórónuveirufaraldurinn og því má draga þá ályktun að staða stúdenta hafi versnað síðan.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur til viðbótar greint frá því að ungu fólki, á aldrinum 18-24 ára, fari fækkandi á leigumarkaði sem megi rekja til faraldursins en hlutfall þeirra sem búa í foreldrahúsum hefur aukist gríðarlega, eða úr 42% í 70% frá því í lok seinasta árs. Það er jafnframt bent á að atvinnuleysi meðal þessa aldurshóps hefur rúmlega tvöfaldast og fjöldi starfandi einstaklinga dregist saman um 14.5%. Til viðbótar eru rúm 46% atvinnulausra ungt fólk, á aldrinum 18-34 ára, samkvæmt nýjustu atvinnuleysistöllum Vinnumálastofnunnar. Vert er að nefna að stúdentar eru ekki allir meðtaldir í þessum tölum þar sem þeir eru ekki á atvinnuleysisskrá, því þeir eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Gagnaöflun er ófullnægjandi af hálfu stjórnvalda.

Að lokum

Stúdentaráð undirstrikar að það sé nauðsynlegt að ráðast í breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar með tilliti til stúdenta, þannig að aðstæðurnar sem raungerðust í mars 2020, þegar hundruðir stúdenta urðu atvinnulausir sökum samdráttar á vinnumarkaði, endurtaki sig ekki. Þá undirstrikar ráðið sömuleiðis að Reykjavíkurborg, eða önnur sveitarfélög, séu ekki ábyrgðaaðilar atvinnuleysistryggingakerfisins en óskar þó eftir því að tekið sé tillit til stúdenta í breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar.

Það er öruggt að segja að Stúdentaráð og Reykjavíkurborg séu sammála um að það þurfi yfirgripsmiklar aðgerðir á vegum ríkisins til að leiðrétta stöðu stúdenta á vinnumarkaði. Vegna þessa vill Stúdentaráð hvetja Reykjavíkurborg til að standa með stúdentum og taka undir atvinnuleysisbótakröfu Stúdentaráðs.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (kosningaaldur)

151. löggjafarþing 2020-2021
Þingskjal 189 - 188. mál
15. mars 2021

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir umsögn Landssambands ungmennafélaga (LUF) er snýr að ofangreindu frumvarpi.

Það er tímabært fyrir Ísland að taka skref í átt að virkri lýðræðislegri þróun og tryggja að 16 og 17 ára einstaklingar hafi aðgang að réttindum sínum til þátttöku í lýðræðissamfélagi, samhliða því að tryggja aukna lýðræðisfræðslu. Líkt og LUF nefnir í umsögn sinni þá er nauðsyn að tryggja slíka fræðslu samhliða lækkun kosningaaldurs.

Stúdentaráð hvarf að umfjöllunin er varðar frumvarpið, bæði á Alþingi og utan þess, hafi ekki verið upplýst og upp til hópa fordómafull í garð ungs fólks. Stúdentaráð undirstrikar eftirfarandi úr umsögn LUF:

„...rannsóknir sýna að enginn marktækur munur er á vitrænni getu 16 ára ungmenna og fullorðinna. Ljóst er að 16 ára ungmenni hafa náð sama stigi siðferðislegrar rökhusunar og fullorðnir.“

Ungt fólk á rétt á að hlustað sé á það og að aðgangur þeirra að ákvarðanatöku sé tryggður. Stúdentaráð skorar á Alþingi til að samþykkja frumvarpið.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

8.7 ERINDI TIL STJÓRNVALDA

Erindi til forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis. Ósk um viðbrögð stjórnvalda við fjárhagsstöðu stúdenta.

25. janúar 2021

Stúdentaráð Háskóla Íslands lagði fyrst fram kröfur vegna stöðu háskólastigsins og stúdenta á tímum kórónuveirufaraldurs þann 23. Mars og aftur 11. Apríl 2020 og hefur ein helsta krafa ráðsins frá því í byrjun verið um réttindi stúdenta til atvinnuleysisbóta. Í tilefni nýs árs þykir Stúdentaráði réttast að fara yfir hið liðna en frá því að faraldurinn hófst hefur Stúdentaráð staðið vaktina og beitt sér í samræmi við óskir og þarfir stúdenta. Hér verður því gerð grein fyrir viðbrögðum og gagnaöflun ráðsins í tengslum við stöðu stúdenta á vinnumarkaði og í námslánakerfinu. Þá áréttar ráðið kröfur sínar og önnur mikilvæg atriði er varða fjárhagsstöðu stúdenta.

I. Umsagnir Stúdentaráðs

- Stúdentaráð hefur skilað inn sjö umsögnum við neðangreind frumvörp er varða breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og aðgerðir til að draga úr tjóni kórónuveirufaraldursins. Umsagnir Stúdentaráðs taka fyrst og fremst mið af stöðu stúdenta innan atvinnuleysistryggingakerfisins og lánasjóðskerfisins sem og atvinnuleysi stúdenta, og voru skrifaðar í von um að úrræði stjórnvalda næðu einnig til þeirra.
- Þann 17. Mars 2020: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall). Stúdentaráð benti réttilega á að stúdentar væru undanskildir hlutabótaleiðinni þar sem lagt var til að launþegi yrði að hafa lækkað um að minnsta kosti 20% og halda 50% starfshlutfalli. Það var því ljóst að launþegi átti að hafa verið í minnst 70% starfshlutfalli til að eiga rétt á úrræðinu. EUROSTUDENT VI sýnir hins vegar að flestir stúdentar eru í hlutastarfi og ná ekki upp í téð viðmið. Velferðarnefnd Alþingis varð við athugasemd Stúdentaráðs og bætti sérstakri málsgrein við frumvarpið sem gerði ráð fyrir 25% viðmiðunar starfshlutfalli og tók þannig mið af stúdentum. Um sérstaka undanþágu fyrir námsfólk var að ræða vegna hlutabótaleiðarinnar,



Stúdentaráð Háskóla Íslands

þar sem stúdentar eiga almennt ekki kost á atvinnuleysisbótum.

- Þann 22. Apríl 2020: Umsögn vegna frumvarps til laga um frekari aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Stúdentaráð harmaði í þessari umsögn að stúdentum væri ekki veittur réttur til atvinnuleysisbóta fyrir sumarið 2020 með öðrum aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar. Þá fór ráðið yfir forsendur kröfu sinnar um atvinnuleysisbætur, könnun ráðsins um atvinnuástand stúdenta og atvinnuleysistöður Vinnumálastofnunnar. Áhersla var lögð á að tryggja fjárhagslegt öryggi stúdenta með afgerandi hætti, samhliða sumarstarfaúrræðinu.
- Þann 24. Apríl 2020: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19 heimsfaraldurs. Stúdentaráð hvatti Alþingi til að samþykkja 4. Tl. Tillögu til þingsályktunar um að námsmönnum yrði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta yfir sumarið 2020.
- Þann 4. Maí 2020: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19. Stúdentaráð hvatti Alþingi til að samþykkja 1. Ml. 1. Tl. Tillögu til þingsályktunar þess efnis að tryggja námsmönnum rétt til atvinnuleysisbóta. Í umsögninni var aftur farið yfir niðurstöður könnunar ráðsins frá 6. Apríl og nýjustu atvinnuleysistöður. Þá var Stúdentaráð hlynnt því að geðheilbrigðisþjónusta stúdenta yrði bætt sem og efling rannsóknarsjóða.
- Þann 26. Maí 2020: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa (framlenging hlutabótaleiðar). Þessi umsögn var mjög mikilvæg enda var hér verið að hækka viðmiðunar starfshlutfallið í hlutabótaleiðinni úr 25% í 50% eins og upphaflega var áætlað. Leit Stúdentaráð á þessa breytingu sem mikla afturför og enn frekari skerðingu á aðgengi stúdenta að atvinnuleysistryggingakerfinu. Ekki var tekið mið af áhyggjum stúdenta.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Þann 31. Ágúst 2020: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar). Í frumvarpinu var verið að leggja til að hækka einingaviðmiðið hjá Vinnuálastofnun úr 10 ECTS í 12 ECTS sem var einungis að fara að gagnast námsfólki sem ekki stundar fullt nám. Það sem þurfti var raunveruleg brú milli kerfanna. Stúdent er nefnilega ekki heimilt að vera í meira en 12 einingum samhliða vinnu til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum missi hann vinnuna. Í staðinn á námslánakerfið að vera bakland stúdenta. Hins vegar verður stúdent að standast 22 einingar til að geta fengið greidd námslán hjá Menntasjóði námsmanna. Það skiptir engu máli hvort stúdent sé í námi og hlutastarfi eða í 100% vinnu og námi með, því stúdent sem missir vinnuna hefur engan rétt á fjárhagsaðstoð úr atvinnuleysistryggingakerfinu aðeins vegna þess að hann stundar nám.

- Þá var úrræðið *Nám er tækifæri* kynnt til leiks en það veitir einstaklingi rétt á að vera á atvinnuleysisbótum samhliða námi í 6 mánuði og tók gildi 1. Janúar 2021. Stúdentaráð gagnrýndi aðgerðaleyfi gagnvart stúdentum og ítrekaði kröfu sína um atvinnuleysisbætur fyrir stúdentum, og mælti fyrir umsögninni á fundi velferðarnefndar Alþingis. Viðbótargögnum var skilað inn. Ekki var tekið mið af áhyggjum stúdenta.

- Þann 25. Nóvember 2020: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur). Í frumvarpinu voru lagðarfram breytingar til að framlengja rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta vegna vinnutaps sökum samdráttar á vinnumarkaði. Stúdentaráð benti á að það væri greinilega hægt að ráðast í breytingar til að lágmarka fjárhagslega erfiðleika einstaklinga og því hægt að taka til umræðu rétt stúdenta til fjárhagslegs öryggisnets. Í umsögninni var farið vandlega yfir stöðu stúdenta í faraldrinum.

II. Gagnaöflun Stúdentaráðs



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Sér til stuðnings hefur Stúdentaráð vísað í alþjóðlegu EUROSTUDENT VI og VII kannanirnar. EUROSTUDENT VI¹⁸, frá 2016–2018, sýndi að 49,5% stúdenta unnu allt skólaárið með námi og að 18,7% stúdenta unnu stöku sinnum með námi, sem saman gera 68,2%. Þá voru ástæður þess að stúdentar vinna með námi í 86% tilvika til að eiga fyrir reglulegum útgjöldum og sögðu 71% námsmanna að án launaðs starfs hefðu þeir ekki efni á að vera í námi. Fyrstu tölur úr sjöundu umferð EUROSTUDENT VII, sem voru birtar í október 2020, sýna að 72% íslenskra stúdenta vinna því annars hefðu þeir ekki efni á því að stunda nám. Íslenskir stúdentar skora hér hæst af þeim 26 þjóðum sem tóku þátt. Jafnframt sýna fyrstu tölur að 31% íslenskra stúdenta eigi í fjárhagslegum erfiðleikum og 25% telja að vinnan hafi áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Hér ber að nefna að könnunin var lögð fyrir vorið 2019, fyrir kórónuveirufaraldurinn og því má draga þá ályktun að staða stúdenta hafi versnað síðan.

Stúdentaráð hefur einnig vísað í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem greindi frá því í lok nóvember 2020 að ungu fólki, á aldrinum 18-24 ára, fari fækkandi á leigumarkaði sem megi rekja til faraldursins en hlutfall þeirra sem búa í foreldrahúsum hefur aukist gríðarlega, úr 42% í 70% frá því í lok 2019. Það er jafnframt bent á að atvinnuleysi meðal þessa aldurshóps hefur rúmlega tvöfaldast og fjöldi starfandi einstaklinga dregist saman um 14.5%. Til viðbótar eru rúm 46% atvinnulausra ungt fólk, á aldrinum 18-34 ára, samkvæmt nýjustu atvinnuleysistöllum Vinnumálastofnunnar. Vert er að nefna að stúdentar eru ekki allir meðtaldir í þessum tölum þar sem þeir eru ekki á atvinnuleysisskrá, því þeir eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Vegna þessa hefur Stúdentaráð farið í gagnaöflun meðal stúdenta við Háskóla Íslands og sent út alls fimm kannanir sem allar spurðu út í líðan stúdenta og fjórar þeirra út í fjárhagsstöðu stúdenta. Markmiðið með þessum könnunum var að fá vísbendingar um aðstæður stúdenta og geta kortlagt stöðu mála betur svo hægt væri að grípa til viðeigandi aðgerða.

- Fyrsta könnunin er frá 22. mars. Niðurstöðurnar sýndu að 50,5% nemenda merktu líðan sína á bilinu 3 – 5 á skalanum 1-10 (1 verandi að líða mjög illa og 10 verandi að líða mjög vel) og 63% nemenda merktu líðan sína 5 eða undir. Þá voru 52,9% nemenda sem töldu sig upplifa *mikla* streitu sem hefði áhrif á námsframvindu sína og 30% töldu sig upplifa streitu en *ekki svo*

¹⁸ Ath. þetta er skýrslan í heild sinni, gagnabankinn liggur niðri um þessar mundir.



mikla. Þá töldu 56% nemenda sig upplifa kvíða á stigi 7 eða hærra, á skalanum 0-10. 44% nemenda töldu sig upplifa depurð á stigi 7 eða hærra.

Það kom einnig í ljós að 378, svarenda væru í minna en 50% vinnu sem þýddi að þeir gætu ólíklega nýtt sér hlutabótaleiðina, en úrræðið kom til með að nýtast þeim sem misstu 20% starfshlutfall en héldu 25% hlutfalli og fengu atvinnuleysisbætur á móti tapaða starfshlutfallinu.

- Seinni könnunin er frá 6. apríl. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að fjárhagsstaða stúdenta væri orðin slæm og að óvissan um framhaldið væri mikið áhyggjuefni. Rúm 11% stúdenta töldu sig ekki geta mætt útgjöldum sínum næstu mánaðamót og sögðu 32% stúdenta sig eiga erfitt með það. Þannig mátti álykta að 43% stúdenta væru í erfiðri stöðu fjárhagslega strax mánaðarmótin apríl-maí. Tæp 18% töldu sig ekki geta mætt útgjöldum sínum um sumarið og tæp 27% sögðust eiga erfitt með að ná því. Af þessu mátti álykta að 45% stúdenta væru að horfa fram á erfiða tíma fjárhagslega um sumarið. Þá höfðu 40% stúdenta við HÍ ekki fengið vinnu um sumarið og sögðu aðeins tæp 6% hafa nýtt sér úrræði stjórnvalda.

Hvað varðar líðan stúdenta voru 53% þeirra með fjárhagsáhyggjur á stigi 6 eða yfir, á skalanum 1-10 (1 verandi mjög illa og 10 verandi mjög vel). Um $\frac{3}{5}$ stúdenta merkja líðan sína 5 eða lægri á skalanum 1-10. Sama hlutfall stúdenta upplifði kvíða á stigi 7 eða hærra á skalanum 0-10.

- Þriðja könnunin er frá 14. maí og var framkvæmd þvert á háskóla landsins í samstarfi við Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS) og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Niðurstöður þeirrar könnunar voru í takt við áhyggjur stúdenta og niðurstöður könnunar Stúdentaráðs frá 6. apríl. 38,9% stúdenta sögðust ekki vera komnir með öruggt sumarstarf en að þeir væru í atvinnuleit.

54,9% stúdenta sögðust munu eiga erfitt með að mæta útgjöldum sínum um sumarið eða ekki getað það og 52,7% stúdenta merktu fjárhagsáhyggjur á bilinu 6-10. 64,5% stúdenta sögðust vinna samhliða námi og 88,7% stúdenta sögðust ekki komast af fjárhagslega án hlutastarfs eða myndu eiga erfitt með það.

Skrásetningargjald þótti íþyngjandi fyrir 45,6% stúdenta og 84,2% stúdenta studdu atvinnuleysisbótakröfu stúdenta yfir sumartímenn.



→ Fjórdða könnunin er frá 4. júní og var aftur unnin þvert á háskóla landsins og gerð í samstarfi við LÍS og Mennta- og menningarmálaráðuneytið en framkvæmd af Maskínu. Atvinnuleysi stúdenta mældist 16,2% á tímabilinu 29. maí til 11. júní. Vinnumálastofnun hafði opnað fyrir umsóknir í sumarstörf 26. maí þannig að það var viðbúið að niðurstöðurnar myndu sýna að staða stúdenta væri skárri en í maí. Þá voru 0.5% stúdenta sem höfðu fengið boð um starf fyrir sumarið. Af þeim sem höfðu þegar fengið sumarstarf voru 15,6% stúdenta sem sögðu að starfshlutfall þeirra hefði verið lækkað vegna faraldursins og 3% sögðu laun sín hafa lækkað af sömu ástæðu. Niðurstöðurnar voru ekki birtar opinberlega.

Þegar á heildina er litið var jákvætt að sjá minnkað hlutfall atvinnulausra og betri líðan. Hins vegar var enn atvinnuleysi meðal stúdenta og þótti Stúdentaráði ráð að athuga betur hvers vegna það væri og sömuleiðis hvað væri hægt að gera betur. Þau sumarstörf sem voru boðuð fyrir stúdenta voru ætluð bæði framhaldsskólanemum og háskólanemum sem samanlagt eru rúmlega 30 þúsund talsins. Flest störfín voru hins vegar miðuð að fólki í rannsóknartengdum verkefnum í Háskóla Íslands, hjá opinberum stofnunum, og kröfðu umsækjendur oft og tíðum um að hafa lokið 1-2 árum í ákveðnu fagi í háskóla. Þau voru ekki hönnuð fyrir allt námsfólk, svo sem framhaldsskólanema 18 ára og eldri, listnema og fleiri hópa. Af fjölda skráninga í sumarnám mátti að auki draga þá ályktun að stúdentar hafi frekar kosið að fara í nám í eitt misseri til viðbótar heldur en að bíða þar til um miðjan júní eftir starfi.

Ekki tókst að fara af stað með aðra könnun á haustmisseri til að kortleggja stöðu stúdenta yfir sumarið betur og sömuleiðis haustið. Stefnt er á að framkvæma aðra könnun sem fyrst.

→ Fimmta könnunin er frá 9. október og var send út í kjölfar þess að aðgerðir voru hertar að nýju 5. Október vegna fjölda kórónuveirusmita í samfélaginu og ljóst var að stúdentar hefðu áhyggjur af námi sínu. Spurt var um persónuhagi, líðan og kennslumál. Niðurstöður voru til marks um að aðstæðurnar sökum COVID-19 væru að leggja þungt á stúdenta en 72,99% sögðust upplifa mikið álag sem hefði áhrif á námið sitt.

Þá má sjá að 67,45% stúdenta leið frekar illa eða mjög illa í þeim aðstæðum sem þeir voru sökum faraldursins.



III. Kröfur Stúdentaráðs

Rúmfríu mánuðir eru liðnir síðan kórónuveirufaraldurinn hófst hér á landi og á þeim tíma hefur verið gripið til skammtímalausna á borð við sumarstarfa og sumarnáms ásamt öðrum úrræðum sem taka lítið sem ekkert tillit til núverandi stúdenta, t.d. Nám er tækifæri og framlenging hlutabótaleiðarinnar. Þannig hefur ítrekað verið horft framhjá stúdentum í faraldrinum á sama tíma og unnið er hörðum höndum við að mæta efnahagslegum áhrifum hans á öðrum sviðum samfélagsins.

Stúdentaráð vill á rétta eftirfarandi kröfur er varða fjárhagslegt öryggi stúdenta til frambúðar.

a. Atvinnuleysisbætur fyrir stúdenta

Stúdentaráð stendur við kröfu sína um réttindi stúdenta til atvinnuleysisbóta og telur nauðsynlegt að tryggja þann rétt í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Almenn skilyrði þess að launamaður eigi rétt á atvinnuleysisbótum má finna í 13. gr. Laganna og er þar eitt skilyrðið að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr. Laganna en stúdentar teljast ekki vera í virkri atvinnuleit og eiga almennt ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Stúdentar áttu hins vegar rétt til atvinnuleysisbóta í námshléum fram að 1. Janúar 2010, þegar sá réttur var tekinn af þeim með lögum nr. 134/2009 um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Atvinnuleysisbótakrafan var upphaflega lögð fram af Stúdentaráði 23. mars 2020 í kjölfar þess að ráðið sendi umsögn til velferðarnefndar Alþingis 17. mars, vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall). Strax í mars var orðið ljóst að meginþorri stúdenta væri að upplifa mikla vanlíðan vegna óvissuástandsins og í apríl var ljóst að stúdentar væru komnir í erfiða fjárhagsstöðu en margir urðu atvinnulausir yfir sumarið, samkvæmt könnunum Stúdentaráðs. Atvinnuleysisbætur voru eina úrræðið sem myndi grípa allt námsfólk sem ekki kæmist að í vinnu. Í júlí 2020 samþykkti Stúdentaráð að halda áfram að beita sér fyrir því að stúdentum yrði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta, krafa sem einskorðast ei lengur einungis við sumarið 2020.



Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs snýst um að allir stúdentar sem þurfa að sækja sér fjárhagsaðstoðar sökum atvinnuleysis hafi kost á því til jafns við aðra vinnandi landsmenn. Krafan er ekki lögð fram í tómarúmi. Samkvæmt 3. gr. Laga um tryggingagjald nr. 113/1990 renna tekjur ríkisins af atvinnutryggingagjaldi, sem greitt er af launum starfsfólks, til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í dag er gjaldið 1,35% af launum alls vinnandi fólks og þar á meðal stúdenta. Stúdentar eru samt sem áður undanskildir atvinnuleysistryggingakerfinu. Ef miðað er við að 70% stúdenta Háskóla Íslands vinni samhliða námi, í hálfu starfi að vetri og fullu starfi að sumri á lágmarkslaunum, nema atvinnutryggingagjöld þess hóps yfir 4 milljarða króna frá 2010, eða 4.043.326.613.19 Samkvæmt EUROSTUDENT VI vinna stúdentar þó að meðaltali 26 klst. Á viku með námi sem er nær 70% starfshlutfalli og því er talan í raun töluvert hærra en 4 milljarðar sem stúdentar hafa greitt í sjóðinn. Það er því fráleitt að stúdentar hafi verið án réttinda úr sjóðnum í áratug. Ef við myndum snúa aftur til kerfisins sem var við lýði fyrir 2010 myndi vinnandi námsfólk einfaldlega geta sótt sér þann rétt sem þeir hafa áunnið sér með greiðslu atvinnutryggingagjalds af launum sínum. Atvinnuleysisbæturnar sjálfar væru því í samræmi við hve mikið einstaklingur hefur unnið síðastliðna 36 mánuði rétt eins og hjá öðrum sem missa vinnuna.

Námslánakerfið er það kerfi sem á að grípa stúdenta og eru það ein rökin gegn atvinnuleysisbótakröfu stúdenta, þar sem ekki er hægt að samtvinna námslánakerfið við atvinnuleysisbótakerfið. Þetta eru aðskilin kerfi sem ekki hefur tekist að breyta þannig að þau gangi upp saman. Menntasjóðurinn á að sjá námsmönnum fyrir framfærslu á skólaárinu, en ekkert kerfi er til staðar sem grípur fólk á sumrin sé það án atvinnu og ekki í skóla. Vegna þessa var settur á fót samhæfingarhópur stjórnvalda, um aðgerðir í mennta- og vinnumarkaðsmálum, með alls átta undirhópum. LÍS eiga tvo fulltrúa í þeim hópi og situr undirrituð, forseti Stúdentaráðs, í hópi númer sex fyrir hönd LÍS, um framfærslu, skörun milli stoðkerfa og fjármögnun úrræða. Þegar Menntasjóður námsmanna var samþykktur flækti það

¹⁹ Hlutföll vinnandi stúdenta eru fengin úr könnun Eurostudent IV. Útreikningar Stúdentaráðs Háskóla Íslands, m.v. lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

vinnuna í þeim skilningi að sjónir urðu að beinast frá því að breyta námslánakerfinu í að huga að annars konar lausnum, t.d. í atvinnuleysistryggingakerfinu.

Meðal tillagna sem unnið var að í fyrrnefndum undirhóp var hækkun einingaviðmiðsins hjá Vinnumálastofnun úr 10 í 12 og þróun námsátaksins Nám er tækifæri. Stúdentaráð skilaði inn athugasemdum þann 21. júní 2020 vegna tillagnanna og þann 1. september 2020 bókuðu báðir fulltrúar LÍS á fundi hópsins og gerðu athugasemdir við það að tillögurnar, og frumvarpið sem byggði á þeim og hafði litið dagsins ljós, hafi verið sagðar unnar í fullu samráði við stúdenta. Fulltrúar stúdenta höfðu einnig beint samband við mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra vegna þessa og fengu svar þess efnis að athugasemdum ætti að beina að samhæfingarhópnum, sem fulltrúar stúdenta gerðu án árangurs. Þá sendi Stúdentaráð inn umsögn vegna frumvarpsins, eins og tilgreint var í I. kafla, og gerði ráðið m.a. athugasemdir við áður nefnt námsátak. Einstaklingur sem ákveður að nýta sér Nám er tækifæri úrræðið getur verið á atvinnuleysisbótum í 6 mánuði og námi samhliða. Þegar þessum 6 mánuðum er lokið þarf viðkomandi að snúa sér að Menntasjóði námsmanna eftir fjárhagsaðstoð sé hann ekki kominn með öruggt starf. Námslánakerfið hefur aftur á móti ekki náð að þjóna tilgangi sínum sem jöfnunartæki þrátt fyrir heildarendurskoðun á því, sem má réttilega furða sig á og gagnrýna í miðjum heimsfaraldri. Vegna þessa má segja að átakið muni á endanum leiða til vítahringisins sem er valið á milli náms og vinnu, ef hana er að fá, eða hreinlega til gjárinnar sem stúdentar falla í vegna fjárhagslegs óöryggis.

Atvinnuleysisbætur eru ætlaðar þeim sem missa vinnuna sökum samdráttar á vinnumarkaði eða uppsagna eða annarra sambærilega ástæðna og neyðast þar með til að leita sér fjárhagsaðstoðar. Það raungerðist í mars þegar hundruðir stúdenta urðu atvinnulausir sökum samdráttar á vinnumarkaði vegna kórónuveirufaraldursins og höfðu þeir ekkert öryggi að sækja í. Það er aðkallandi að tryggja að aðstæðurnar endurtaki sig ekki, verði sem dæmi bakslag vegna faraldursins eða aðrar sambærilegar áskoranir í framtíðinni. Breyta þarf lagaumhverfinu þannig að stúdentar hafi aðgang að atvinnuleysistryggingasjóði og forðast að byrðin lendi á velferðaðþjónustu sveitarfélaganna. Þau eru ekki ábyrgðaaðilar í þessu tilfalli, einfaldlega vegna þess að af launum stúdenta er greitt atvinnutryggingagjald í atvinnuleysistryggingasjóð ríkisins.



Stúdentaráð hefur fundið mikinn meðbyr með kröfu sinni í samfélaginu. LÍS stóð fyrir undirskriftasöfnun þar sem kallað var eftir stuðningi við kröfu stúdenta til atvinnuleysisbóta sem 2.814 manns skrifuðu undir. Samstarfsnefnd háskólastigsins, sem samanstendur af öllum rektorum háskóla á Íslandi, studdi kröfu stúdenta um rétt okkar til atvinnuleysisbóta. Var það rektor Háskóla Íslands, Jón Atli Benediktsson sem skrifaði undir yfirlýsinguna fyrir hönd nefndarinnar. Í pontu Alþingis hefur verið vitnað í okkur og við studd, jafnvel vitnað í okkur af forsætisráðherra. Á þingi var lögð fram ályktunartillaga um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19 og var ein þeirra um að tryggja námsmönnum rétt til atvinnuleysisbóta sumarið 2020. Þá tók Alþýðusamband Íslands undir kröfu stúdenta á blaðamannafundi í maí og 84,2% stúdenta sagði sig styðja atvinnuleysisbótakröfu stúdenta yfir sumartímann. Á fundi velferðaráðs Reykjavíkurborgar í desember 2020 lögðu fulltrúar þriggja flokka fram bókun þar sem þau skoruðu á ríkið að koma til móts við stúdenta með því að veita þeim rétt á fjárhagsaðstoð úr atvinnuleysistryggingasjóði.

Stuðningurinn sem Stúdentaráð hefur fengið á síðustu mánuðum færir stoðir undir málflutning stúdenta. Um er að ræða mjög réttmæta kröfu sem ráðið og stúdentar gera til stjórnvalda, þar sem óskað er eftir því að jafnræðis sé gætt meðal vinnandi landsmanna og sömuleiðis að stúdentar séu ekki sviptir fjárhagslegu öryggi fyrir það eitt að stunda nám. Það er staðreynd að stúdentar leggja atvinnuleysistryggingasjóði lið með þeirra vinnuframlagi og er það eitt og sér næg ástæða til að ráðast í breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur lýst yfir vilja við stúdentahreyfingarnar til að skoða þetta mál og viljum við hvetja til þess að það sé gert sem allra fyrst og að stúdentar séu hafðir með í ráðum. Heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar liggur fyrir og óskar Stúdentaráð eftir því að endurskoðunin verði unnin í samráði við stúdenta.

b. Menntasjóður námsmanna

Líkt og áður hefur komið fram á námslánakerfið að vera stuðningur við stúdenta. Stúdentaráð hefur ávallt haldið því til haga að það fagni heildarendurskoðun námslánakerfisins og að góðar úrbætur séu að finna í Menntasjóði námsmanna. Hins vegar er ljóst að sjálfbærnishugsjón sjóðsins og tilhögun grunnframfærslu framfærslulána séu tvö mikilvæg atriði sem liggja þungt



Stúdentaráð Háskóla Íslands

á stúdentum. Framfærslulánin gera stúdentum ekki kleift að mæta öllum sínum útgjöldum og þurfa þeir að leita að öðrum úrræðum samhliða láninu. Stúdentar neyðast einnig til að vinna samhliða námi en þurfa þó að þéna innan ákveðinna marka því námslánin skerðast þéni þeir tekna umfram frítekjumarkið. Stúdentum er þannig refsað með skerðingum á sama tíma og lág framfærsla gerir það að verkum að margir þeirra verði að vinna. Þennan vítahring og vana sem stúdentar á Íslandi búa við þarf að brjóta.

Stúdentaráð vísar í ályktun sína vegna frumvarps til laga um Menntasjóð námsmanna í kjölfar umfjöllunar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Til þess að tryggja stúdentum fjárhagslegt öryggi og svigrúm til að mæta öllum þeim útgjöldum sem þeir þurfa að mæta, krefst Stúdentaráð að grunnframfærsla framfærslulána séu hækkuð tafarlaust svo hún samsvari að lágmarki dæmigerðu neysluviðmiði félagsmálaráðuneytisins. Hægt er að lesa nánar um grunnframfærslukröfu Stúdentaráðs hér.

IV. Önnur atriði

Stúdentaráð vill jafnframt leggja áherslu á eftirfarandi atriði er varða sumarstörfin sem í boði voru sumarið 2020 og skrásetningargjald við Háskóla Íslands.

a. Sumarstörf

Sumarið 2020 stóðu til boða sumarstörf fyrir atvinnulausa stúdenta. Mörg þeirra voru bundin afar ströngum skilyrðum sem kröfðu stúdenta um ákveðna náms- eða starfsreynslu að baki sem samræmdist í raun ekki tilgangi starfanna. Þau voru nefnilega sköpuð til að grípa háskólanema og framhaldsskólanema en voru þess í stað miðuð að fólki í rannsóknartengdum verkefnum, hjá opinberum stofnunum og ráðuneytum, og því ekki hönnuð fyrir allt námsfólk. Vanda-málið var því ekki skortur á náms-fólki til að manna sumarstörfin, heldur var framboðið ekki nægilegt í þeim skilningi að það hentaði ekki þeim stóra hópi sem námsfólk myndar, bóknemar, iðnnemar, list-nemar o.s.frv.

Stúdentaráð setti auk þess stórt spurningamerki við skilgreiningu á lengd sumarsins, vegna þess að hvert starf var til tveggja mánuða í stað þriggja²⁰ og voru störfin þá í rauninni færri en lagt var upp með í byrjun. Það er reiknað samkvæmt frumvarpi til fjárukalaga, þar sem gert var ráð fyrir „... 2.200 m.kr. til sérstaks átaks til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn 18 ára og eldri...“. Þeir stúdentar sem fengu starf í gegnum þetta átak voru þannig alltaf án framfærslu hluta sumars. Hluti starfanna voru kynnt 26. maí en ekki var byrjað að ráða fyrr en um miðjan júní, þegar stúdentar eru yfirleitt byrjaðir að vinna til að nýta sumarið vel, til að eiga fyrir bæði sumrinu sjálfu og skólaárinu því námslánakerfið lánar einungis fyrir 9 mánuði ársins. Stúdentar voru þá að hefja störf 15. júní en höfðu flest lokið prófum 8. Maí.

Tafla 1:

Laun á mánuði ²¹	316.000 kr
Fjöldi starfa	3.400
	$316.000 * 3.400 = 1.074.400.000$ kr
Heildarfjárveiting í sumarstarfaátak ²²	2.200.000.000 kr
Mánaðafjöldi per einstakling	$2.200.000.000$ kr / $1.074.400.000$ kr = 2,05 mánuðir

Átakið var í grunninn gott og er hægt að endurtaka en þó með breyttum áherslum. Í ljósi samfélagsástandsins og ákveðinnar óvissu sem því fylgir, leggur Stúdentaráð til að úrræðið sé endurtekið með mun betri útfærslu og framkvæmd svo það nýtist sem flestum. Alla jafna er

²⁰ Ráðningavefur Hafnafjarðarbæjar gerir sem dæmi ráð fyrir að hámarki tveimur mánuðum.

²¹ Sjá blaðsíðu 32, þskj. 1253, 724. mál, 150 löggjafarþingi 2019-2020.

²² Sjá blaðsíðu 32, þskj. 1253, 724. mál, 150 löggjafarþingi 2019-2020.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

vandasamt fyrir stúdenta að finna störf sem samræmast þeirra námi og áhugasviði. Með því að skapa svoleiðis tækifæri til frambúðar geta stúdentar nýtt þá þekkingu sem þeir búa yfir og fengið frekari þjálfun á því sviði, sem skilar sér inn í samfélagið. Hér er um að ræða úrræði fyrir núverandi og framtíðar námsfólk og því lykilatíðni að skipulagning og framkvæmd sé með bestu móti. Stúdentaráð býður fram krafta sína í það verkefni.

b. Skrásetningargjald við Háskóla Íslands

Í upphafi síðasta árs sendi Stúdentaráð bréf til mennta- og menningarmálaráðherra í kjölfar þess að á háskólaráði Háskóla Íslands samþykkti á fundi sínum þann 6. febrúar 2020, að fela rektor að taka upp hækkun skrásetningargjalds í opinbera háskóla við rektora annarra opinberra háskóla og við mennta- og menningarmálaráðherra. Fulltrúar stúdenta í háskólaráði höfðu greitt á móti því í háskólaráði og taldi Stúdentaráð þá réttast að gera grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli. Mennta- og menningarmálaráðherra tjáði ráðinu að skrásetningargjaldið myndi ekki hækka á skólaárinu 2020-2021 og var viljug til að skoða gjaldið nánar í mögulegum starfshópi. Að þessu tilefni vill Stúdentaráð undirstrika afstöðu sína gegn skrásetningagjaldinu og óska eftir því að starfshópur verði að veruleika með það að markmiði að endurskoða gjaldið, til lækkunar eða afnáms.

Það tíðkast almennt hvorki að innheimta skrásetningar- né skólagjöld af stúdentum í opinberum háskólum á Norðurlöndunum. Helsta undantekningin er Noregur þar sem nemendur greiða gjöld á bilinu 4.100 – 22.000 kr, samkvæmt landssamtökum stúdenta í Noregi. Þá tíðkast almennt í Svíþjóð stakt umsóknargjald þannig að þegar viðkomandi sækir um í háskóla í fyrsta sinn greiðir hann gjald fyrir að umsóknin sé móttækin og hún sé komin í kerfið. Viðkomandi þarf ekki að greiða neitt frekar út háskólagöngu sína. Stúdentar við Háskóla Íslands greiða í dag 75.000 krónur á ári sem er um fimmfalt meira en í sambærilegum opinberum háskólum í Noregi, eða 473% meira. Háskóli Íslands er opinber stofnun og sem slík ættu stúdentar ekki að vera ábyrgir fyrir því að fjármagna þjónustu háskólans við nemendur sína.

Í 2. mgr., 24. gr. laga um opinbera háskóla segir: „Háskóla er heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög skv. 1. mgr. með: a.) skrásetningargjöldum sem nemendur greiða við



Stúdentaráð Háskóla Íslands

skráningu í nám, allt að 75.000 kr. Fyrir hvern nemanda á ársgrundvelli; úlögð gjöld samkvæmt þessum lið skulu eigi skila háskóla hærri tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum háskólans vegna nemendaskráningar og þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknarstarfsemi.

Innheimta þjónustugjalda í formi skrásetningargjalds fyrir opinbera háskóla er þannig bundin tveimur skilyrðum. Annars vegar að gjöldin skuli ekki skila háskóla hærri tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum vegna nemendaskráningar og ákveðinnar þjónustu. Hins vegar að þjónustan sem rukkað er fyrir megi ekki teljast til kostnaðar við kennslu og rannsóknarstarfsemi.

Í viðauka B við reglur nr. 244/2014 um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur, innheimtu og ráðstöfum skrásetningargjalds er tekinn til kostnaður vegna skrásetningargjaldsins, sem fer í bága við 2. mgr., 24. gr. Laga um opinbera háskóla, vegna þess að í dag fara skrásetningargjöldin í eftirfarandi kostnaðarliði:

- 1. Tl. Skrásetning stúdenta í námskeið, próf og undir þeim lið eru bókfærð gjöld nemendaskrár og þjónustuborðs ásamt öðrum gjöldum (reiknuð) 25% af rekstri sviðs-/deildarskrifstofa
- 4 tl. Skipulag kennslu og prófa og undir þeim lið eru bókfærð gjöld, prófgæsla
- tl. Skrifstofa kennsluviðs og undir þeim lið reiknuð gjöld (20% af rekstri skrifstofu kennsluviðs)
- 9. Tl. Aðgangur að tölvum, prenturum o.fl. þar sem bókfærð gjöld, rekstur tölvuvera og önnur gjöld reiknuð (50%) af alm. Rekstri Reiknistofnunar eru tiltekin
- 10. Tl. Þar sem Aðstaða og stjórnun er tilgreind og reiknuð gjöld af liðum 1.-9..

Stúdentaráð efast um að umræddir kostnaðarliðir feli í sér þjónustu umfram nemendaskráningu, svo sem próf sem hluti námsmats og rekstur kennsluviðs, bókasafns og tölvuvers. Þetta eru allt eðlilegir þættir kennslu, sem og rannsóknarstarfsemis, sem er lögmælt þjónusta sem Háskóla Íslands ber að veita. Það falli því undir kostnað við kennslu og rannsóknarstarfsemi sem skrásetningsgjald má ekki standa undir sbr. 2. mgr. 24. gr. Laga um opinbera háskóla. Stúdentaráð efast um að ströng lagaáskilnaðarregla um innheimtu



Stúdentaráð Háskóla Íslands

gjalda, heimili svo víðtæka túlkun á því sem teljist til kostnaðar umfram lögbundið hlutverk skólans við kennslu og rannsóknarstarfsemi. Sé óskað eftir frekari gögnum eða upplýsingum á þessu getur ráðið að sjálfsgöðu orðið við því.

Vorið 2020 fór Stúdentaráð fram á að skrásetningargjaldið yrði afnumið fyrir skólaárið 2020-2021, þar sem fjárhagsstaða stúdenta hafði tekið skell vegna aukins samdráttar á vinnumarkaði sökum faraldursins. Stúdentaráð er þeirrar skoðunar að skrásetningargjaldið séu auknar álögur á stúdenta sem nú þegar vinna í miklum mæli meðfram námi, eða 72% íslenskra stúdenta samkvæmt EUROSTUDENT VII. Skrásetningargjaldið takmarkar þannig aðgengi að háskólamenntun og skerðir þar með jafnrétti allra til náms. Vegna þessa verður að endurskoða það vandlega.

V. Lokaorð

Stúdentum við Háskóla Íslands fjölgaði um rúmlega 2.000 haustið 2020 samkvæmt tölum háskólans og barst skólanum tvöfalt fleiri umsóknir í framhaldsnám á þessu vormisseri samanborið við síðasta ár. Þessi fjölgun var viðbúin en hana má rekja til samfélagsástandsins og áherslu stjórnvalda á að menntun eigi að leiða þjóðina út úr þessari kreppu. Aðgerðir í þágu stúdenta sem hafa hingað til verið boðaðar í gegnum kórónuveirufaraldurinn eru gerðar í því skyni að hvetja og styðja fólk í að snúa aftur í nám. Þær ganga hins vegar ekki upp nema að aðrar ráðstafanir séu til staðar, þannig að núverandi stúdentar og aðrir sem nú íhuga að snúa aftur í nám séu örugg og hafi tækifæri að námi loknu. Það er þörf á yfirgripsmiklum breytingum í atvinnuleysistryggingakerfinu sem og námslánakerfinu til þess að styrkja og efla stúdenta landsins.

Það verður að vera til staðar pólitískur vilji ríkisstjórnarinnar til þess að tryggja námsmönnum fjárhagslegt öryggi sem þeir hafa kallað eftir til frambúðar. Stúdentar eiga að geta stundað nám án þess að þurfa að klóra sig í gegnum fjárhagsörðugleika og áhyggjur.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Krafa stúdenta um hækkun grunnframfærslu framfærslulána Menntasjóðs námsmanna

25. janúar 2021

Menntasjóður námsmanna á að veita fólki tækifæri til náms í formi námslána og styrkja. Stúdentaráð telur tímabært að endurskoða og hækka grunnframfærslu framfærslulána til muna, til að tryggja að stúdentar geti stundað námið sitt sem skyldi. Grunnframfærslan þarf að samsvara, að lágmarki, dæmigerðu neysluviðmiði félagsmálaráðuneytisins.

Stúdentar hafa lengi kallað eftir bættum kjörum, þá einna helst þeim sem þeim býðst hjá Menntasjóði námsmanna og hér áður fyrr, Lánasjóði íslenskra námsmanna. Vissulega hafa umbætur átt sér stað, bæði kerfislegar með tilkomu endurskoðunar námslánakerfisins og í úthlutunarreglum. Umbætur síðustu ára duga hins vegar skammt. En vert er að benda á framfærslulán eru gjald en ekki gjöf, stúdentar greiða til baka námslánin og því eru þau ekki styrkur fyrir utan 30% niðurfærsluna. Samfélagið og aðstæður þess eru síbreytileg og þurfa markmið og reglur sjóðsins að vera í takt við þær. Grunnframfærsla framfærslulána Menntasjóðs námsmanna er ófullnægjandi.

Tökum dæmi um einhleypan og barnslausan stúdent við Háskóla Íslands sem býr í herbergi með sameiginlegri aðstöðu á Stúdentagörðunum. Viðkomandi er á námslánum hjá Menntasjóðm²³ þar sem grunnframfærslan er 112.312 kr. og viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar er 77.188 kr., sem gera samtals 189.500 kr. Á mánuði. Í byrjun skólaársins þarf viðkomandi að greiða 75 þúsund kr. í skrásetningargjöld og kaupa fjórar námsbækur sem eru sirka átta þúsund kr. hver sem gera 32 þúsund kr.. Mánaðarleg húsnæðisleiga er 98.508 kr.²⁴ Viðkomandi þarf að kaupa mat, og ef við miðum við dæmigert neysluviðmið félagsmálaráðuneytisins²⁵ fyrir mánaðarlegum matartengdum útgjöldum fyrir einn bíllausan fullorðinn höfuðborgarbúa gera það 37.493 kr. á mánuði. Án þess að taka saman húsnæðisbætur og útgjöld vegna heilsu, þjónustu, samgangna eða tómsunda þarf viðkomandi að greiða rúmar 243 þúsund kr. í byrjun skólaársins sem gera 53.501 kr. umfram námslánið. Stúdent greiðir ekki mánaðarlega skrásetningargjöld og námsbækur, svo sá liður er ekki alltaf til staðar. Hins vegar er hægt að bæta við þeim útgjöldum sem við tókum ekki inn í dæmið í upphafi, þ.e.a.s. gjöld

²³ <https://menntasjodur.is/um-menntasjodinn/log-og-reglur/uthlutunarreglur-2020-2021/>

²⁴ <https://studentagardar.is/ibudir/einstaklingar/einstaklingar/?gal=S5-GAL-0007SN&cat=111>

²⁵ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/neysluvidmid/reiknival-fyrir-neysluvidmid/>



Stúdentaráð Háskóla Íslands

vegna heilsu, þjónustu, samgangna eða tómstunda. Stúdentaráð undirstrikar að stúdentar hafa framfærsluþörf í samræmi við aðra hópa samfélagsins hvað varðar húsnæði og önnur útgjöld.

Stúdentar ná ekki að mæta útgjöldum sínum og þurfa, oftast en ekki, að vinna samhliða námi til að ná að framfleyta sér. Með námslánakerfinu, eins og það er nú, er því verið að bjóða stúdentum upp á að koma sér í vítahring sem einkennist af því að þurfa að vinna fyrir sér þrátt fyrir að vera á framfærslulánum. Það kemur síðan í bakið á stúdentum, því frítekjumarkið refsar þeim sem hafa tekjur umfram 1.364.000 kr. Á ári. 45% þeirra árlegu tekna sem eru umfram koma til frádráttar á námsláni. Lánsupphæðin, 189.500 kr., lækkar í takt við skerðinguna. Vegna skerðingarinnar þurfa stúdentar að vinna enn meira – vítahringurinn heldur áfram. Stúdentar á Íslandi eru einmitt í þeirri stöðu að það að vinna samhliða námi er venjan.

Árið 2020 var óhefðbundið ár og hafði veruleg áhrif á daglegt líf stúdenta. Samkvæmt atvinnuleysistöllum Vinnuálastofnunar eru 46% atvinnulausra ungt fólk á aldrinum 16-34 ára²⁶ og er því spáð að atvinnuleysi aukist á næstu mánuðum.²⁷ Þess má geta að stúdentar eru ekki allir meðtaldir í þessum tölum þar sem þeir ekki á atvinnuleysisrá, enda eiga þeir ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Stúdentar geta sótt um fimmföldun frítekjumarksins ef þeir eru að snúa til baka í nám af atvinnumarkaðnum eða hafa ekki verið á námslánum sl. 6 mánuði, en þetta úrræði grípur ekki alla. Samkvæmt fyrstu tölum EUROSTUDENT VII²⁸ telja 72% íslenskra stúdenta að án vinnunar sinnar ættu þeir ekki efni á að vera í námi. Þeir vinna yfirleitt allt árið um kring og nýta sumarið til þess að vinna sér inn pening fyrir þá þrjá mánuði sumarsins sem þeir eiga ekki rétt á námslánum og einnig komandi skólaári. Samkvæmt EUROSTUDENT VII, telja 25% íslenskra stúdenta vinnuna sína hafa áhrif á námsframvindu, 31% glíma við fjárhagslega erfiðleika og 43% eyða 40% eða meira af sínum mánaðarlegum tekjum í húsnæði. Fjárhagsörðugleikar og fjárhagsáhyggjur stúdenta eru hindranir sem koma í veg fyrir að stúdentar geti stundað nám sitt sem skyldi, sem getur jafnvel leitt til þess að stúdentar flosna upp úr námi, andlegri heilsu þeirra hraki og að stúdentar keyri sig út og missi móðinn.

²⁶ <https://www.vinnumalastofnun.is/media/2735/nov-2020-toflur-1-9.pdf>

²⁷ <https://www.vinnumalastofnun.is/media/2734/nov-2020-skyrsla.pdf>

²⁸ https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Mennta- og menningarmálaráðherra sagði 6. október 2020 þegar rætt var um fjármálaáætlun 2021-2025:

„... Það er alveg ljóst að við þurfum að passa upp á að allir geti lifað af þeim styrkjum og námslánum sem í boði eru. Við vitum að það þarf líklega til framtíðar að gera betur hvað það varðar, ég tek undir það. [...] ég er algerlega sammála, að í þessu efnahagsáfalli hafa möguleikar námsmanna til þess að afla sér tekna minnkað verulega. En það eru líka tækifæri hvað það varðar. Við höfum séð að íslenskir námsmenn hafa unnið gríðarlega mikið með námi og þeir hafa verið lengur í námi og útskrifast seinna vegna þess. Ég held að við eigum líka að huga að því núna á hinu háa Alþingi hvernig við getum styrkt enn frekar umgjörð íslenskra námsmanna.“²⁹

Einnig hefur ráðherra setið fundi með fulltrúum stúdentahreyfinga síðan fyrr í vetur og hefur þar gefið fram að hún, ásamt stjórn Menntasjóðsins, hefur verið að skoða grunnframfærsluna. Nú er verið að endurskoða úthlutunarreglur Menntasjóðsins og mun stjórn sjóðsins leggja tillögu sína að reglum fyrir ráðherra. Ráðherra setur síðan nýjar úthlutunarreglur eigi síðar en 1. apríl.

Stúdentaráð leggst gegn því að stúdentar þurfi að leita til vinnumarkaðarins þegar þeir eru á námslánnum. Grunnframfærslan á að duga stúdentum til að framfleyta sér og veita þeim tækifæri til að stunda nám óáreitt og án fjárhagsörðugleika. Stúdentar horfa nú til ráðherra og krefjast að grunnframfærsla framfærslulána verði hækkuð í úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2021-2022.

²⁹ <https://www.althingi.is/alttext/raeda/151/rad20201006T203134.html>



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Erindi til mennta- og menningarmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Yfirlit yfir stöðu geðheilbrigðisþjónustu við Háskóla Íslands og ósk um viðbrögð stjórnvalda.

23. apríl 2021

Samfélagsástandið hefur verið stúdentum erfitt viðureignar en skiljanlega kunna námserfiðleikar að aukast og geðheilsa þeirra farið hrakandi. Í kjölfar hertra aðgerða þann 24. mars sl. Áttu fulltrúar Stúdentaráðs Háskóla Íslands fund með mennta- og menningarmálaráðherra þar sem farið var yfir aðstæðurnar á háskólastiginu. Fulltrúarnir lýstu yfir áhyggjum varðandi líðan stúdenta og óskuðu eftir því að stjórnvöld myndu bregðast skjótt við beiðni ráðsins um aðgerðir í geðheilbrigðismálum stúdenta. Fulltrúar Stúdentaráðs hafa átt í frekari og góðum samskiptum við fulltrúa ráðuneytisins síðan.

Stúdentaráði er mjög annt um öryggi og vellíðan stúdenta og hefur í gegnum faraldurinn staðið fyrir könnunum til að geta kortlagt betur líðan og stöðu stúdenta í námi og á vinnumarkaði. Farið verður hér yfir helstu niðurstöður ásamt því að gera grein fyrir aðstæðum í geðheilbrigðisþjónustu við Háskóla Íslands.

I. Líðan stúdenta kortlögð

Stúdentaráð hefur staðið fyrir gagnaöflun meðal stúdenta við Háskóla Íslands og sent út alls fimm kannanir. Markmiðið hefur verið að fá betri innsýn í aðstæður stúdenta til að geta gripið til viðeigandi aðgerða hverju sinni. Tvær þeirra voru í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Landssamtök íslenskra stúdenta. Í samstarfi við Amalíu Björnsdóttur og Þuríði Jóhannsdóttur, prófessorar á Menntavísindasviði, hefur Stúdentaráð einnig lagt fyrir stúdenta við Háskóla Íslands sjöttu könnunina og munu fyrstu niðurstöður liggja fyrir í lok apríl 2021. Þess má geta að Amalía og Þuríður lögðu fyrir sambærilega könnun á vormisseri 2020. Farið verður stuttlega yfir niðurstöður þessara kannana, hvað líðan stúdenta varðar, en flestar þeirra spyrja einnig út í stöðu stúdenta á vinnumarkaði sem ekki er þörf á að rekja hér nánar.

Landssamtök íslenskra stúdenta, sem Stúdentaráð er aðildarfélag að, og mennta- og menningarmálaráðuneytið lögðu einnig fyrir könnun í mars sl. Þvert á háskóla og verður einnig greint stuttlega frá niðurstöðum þeirrar könnunar hér.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fyrsta könnunin er frá 22. mars 2020 og voru niðurstöðurnar sem hér segir:

- Niðurstöðurnar sýndu að 50,5% nemenda merktu líðan sína á bilinu 3 – 5 á skalanum 1-10, 1 verandi að líða mjög illa og 10 verandi að líða mjög vel. Rúmlega 63% nemenda merktu líðan sína 5 eða undir.
- 54,6% nemenda töldu sig upplifa mjög mikla streitu sem hafði áhrif á námsframvindu sína og 30% töldu sig upplifa streitu en ekki svo mikla.
- 56% nemenda töldu sig upplifa kvíða á stigi 7 eða hærra, á skalanum 0-10. 0 verandi engin upplifun á kvíða og 10 verandi mikil upplifun á kvíða.
- 44% nemenda töldu sig upplifa depurð á stigi 7 eða hærra, á skalanum 1-10. 0 verandi engin upplifun á depurð og 10 verandi mikil upplifun á depurð.
- 20.1% stúdenta töldu sig upplifa einkenni þunglyndis. 27.2% töldu sig gera það að einhverju leyti og 18.4% töldu sig gera það að litlu leyti.

Seinni könnunin er frá 6. apríl 2020 og voru niðurstöðurnar sem hér segir:

- 55,7% nemenda merktu líðan sína á bilinu 3 – 5 á skalanum 1- 0. 1 verandi að líða mjög illa og 10 verandi að líða mjög vel. Rúmlega 66,4% nemenda merktu líðan sína 5 eða lægri.
- 48,6% nemenda sögðust upplifa mjög mikla streitu og/eða álag sem hafði áhrif á námsframvindu sína. 33,3% sögðust upplifa streitu en ekki svo mikla.
- 64% nemenda töldu sig upplifa kvíða á stigi 7 eða hærra, á skalanum 0-10. 0 verandi engin upplifun á kvíða og 10 verandi mikil upplifun á kvíða.
- 38,9% töldu sig upplifa meiri kvíða en fyrir tveimur vikum, á stigi 5 á skalanum 1-5. 1 verandi mun minni kvíði og 5 verandi mun meiri kvíði.
- 53% stúdenta með fjárhagsáhyggjur á stigi 6 eða yfir, á skalanum 1 – 10. 0 verandi ekki neitt og 10 verandi það mesta

Þriðja könnunin er frá 14. maí 2020 og var framkvæmd þvert á háskóla landsins í samstarfi við Landssamtök íslenskra stúdenta og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Lögð var meiri áhersla á stöðu stúdenta á vinnumarkaði. Niðurstöðurnar voru sem hér segir:

- 53,2% merktu líðan sína við 6 og yfir, á skalanum 1 – 10. 0 verandi ekki neitt og 10 það mesta.

- 52,7% stúdenta merktu fjárhagsáhyggjur á bilinu 6-10, á skalanum 1 – 10. 0 verandi ekki neitt og 10 verandi það mesta.

Fjóórða könnunin er frá 4. júní 2020 og var aftur unnin þvert á háskóla landsins og gerð í samstarfi við Landsamtök íslenskra stúdenta og Mennta- og menningarmálaráðuneytið en framkvæmd af Maskínu.

Niðurstöðurnar voru sem hér segir:

- Á skalanum 0-10 sögðust 5,7% vera mjög hamingjusamur/söm og 0,3 sögðust vera mjög óhamingjusamur/söm. 0 verandi mjög óhamingjusamur/söm og 10 verandi mjög hamingjusamur/söm. Flestir svarendur, eða 29,3%, staðsettu sig á 8 á skalanum.
- Á skalanum 0-10 sögðust 14,8% svarenda upplifa alls engar fjárhagsáhyggjur í þeim aðstæðum sem eru vegna Covid-19. 0 verandi mjög miklar áhyggjur og 10 verandi alls engar áhyggjur. 5,1% svarenda sögðust upplifa miklar fjárhagsáhyggjur.

Fimmta könnunin er frá 9. október 2020 og var send út í kjölfar þess að aðgerðir voru hertar að nýju 5. október vegna fjölda kórónuveirusmita í samfélaginu og ljóst var að stúdentar hefðu áhyggjur af námi sínu. Niðurstöðurnar voru sem hér segir:

- 58% sögðu fjarnám hafa mjög mikil og frekar mikil áhrif á andlega líðan, á skalanum mjög mikil til mjög lítið.
- 64% sögðust hafa haft miklar og frekar miklar áhyggjur af því að smitast af COVID-19 síðustu þrjá mánuðina.
- 78% sögðust hafa haft mjög miklar og frekar miklar áhyggjur af því að einhver nákominn sér smitaðist af COVID-10 síðustu þrjá mánuðina.
- 67% leið frekar illa eða mjög illa í þeim aðstæðum sem voru sökum COVID.
- 72,99% upplifðu frekar mikið eða mjög mikið álag sökum COVID sem þau töldu hafa áhrif á námsframvindu sína.

Samstarfskönnun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Landsamtaka íslenskra stúdenta á vormisseri, 25. febrúar til 26. mars 2021. Niðurstöðurnar eru sem hér segir:

- 22,2% líður almennt séð mjög illa og fremur illa og 33,2% merkja líðan sína í meðallagi, á skalanum mjög illa til mjög vel. Þá eru 44,6% sem líður fremur vel og mjög vel.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- 54,4 meta andlega heilsu sína sem góða og mjög góða en 45,6% meta andlegu heilsu sína lélega og sæmilega.
- 51,9% hafa mjög litlar og frekar litlar áhyggjur af því að smitast af COVID og 31,7% merkja áhyggjur sínar í meðallagi, á skalanum mjög litlar til frekar litlar. Þá eru 16,4% sem hafa frekar miklar og mjög miklar áhyggjur af því að smitast.

Könnun um viðhorf stúdenta til breytinga á námi og kennslu í HÍ vegna COVID-19 farsóttar á vormisseri 2020

- 30% þátttakenda höfðu áhyggjur af fjárhagslegri getu sinni til að stunda nám.
- 43% sögðu fjárhagsáhyggjurnar hafa aukist mjög eða frekar mikið vegna COVID
- 5% töldu að COVID gæti orðið til þess að þeir hættu í námi og um fimmtungur taldi að breyttar aðstæður gætu leitt til seinkunar á námi.

Þessar niðurstöður hafa gefið stúdentahreyfingunum og skólastjórnendum til kynna að aðstæðurnar sökum faraldurins reynist stúdentum erfiðar og að mikill meirihluti þeirra upplifi álag sem þau telja að hafi áhrif á námsframvindu sína. Einnig má sjá að áhyggjurnar snúa ekki einungis að náminu sjálfu heldur einnig að því að smitast af veirunni og sömuleiðis að einhver nákominn smitist. Niðurstöðurnar eru einnig til marks um að jafnvægið milli námsins og alls þessa sem stjórnast af framvindu þess, svo sem námslán, atvinna og búseta, hafi ýtt undir frekara álag. Af svörum við opnum spurningum, í þeim könnunum sem hafa boðið upp á þær, má sjá að aðstæður stúdenta hafa verið mjög fjölbreyttar og upplifanir sömuleiðis ólíkar.

II. Aðstæður við Háskóla Íslands

Við Háskóla Íslands hafa framfarir átt sér stað í geðheilbrigðismálum. Sérstakur geðheilbrigðishópur var stofnaður fyrir rúmlega þremur árum en hann sér um skipulag og útfærslu þjónustunnar. Í honum sitja Ásta Rún Valgerðardóttir, Guðlaug Friðgeirsdóttir og Katrín Sverrisdóttir sálfræðingar við Háskóla Íslands, María Dóra Björnsdóttir deildarstjóri náms- og starfsráðgjafar, Róbert H. Haraldsson sviðsstjóri kennslusviðs, Engilbert Sigurðsson prófessor í geðlæknisfræði og yfirlæknir á Landsspítalanum, Þórður Örn Arnarson forstöðumaður Sálfræðiráðgjafar háskólanema, Gunnar Hrafn Birgisson klínískur sálfræðingur og Isabel Alejandra Díaz forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands.



Þriðji sálfræðingur skólans var ráðinn í ársbyrjun 2020 og eru allir þeir í samtals 1,5 stöðugildi og þjónusta tæplega 16.000 stúdenta. Á haustmisseri 2020 voru biðlistarnir eftir sálfræðiþjónustu töluvert lengri samanborið við önnur ár og stúdentum hafði einnig fjölgað um tæplega 1.700, upp í 14.992. Það bárust rúmlega 220 beiðnir og af þeim þurfti að vísa 80 einstaklingum frá, þar sem ekki var svigrúm til að þjónusta allan hópinn. Slíkt hefur aldrei gerst áður í rúmlega 30 ára sögu sálfræðiþjónustu Háskóla Íslands.

Eftirspurnin hefur verið gríðarleg allt skólaárið og umfram getu til að koma til móts við hana. Yfirleitt hefur verið 4 vikna bið milli viðtala og hafa stúdentar kost á að fá 5 til 6 viðtöl á hverju misseri, kjósi þeir svo og ef þess er talið þörf. Á þessu misseri var fjöldi viðtala hins vegar takmarkaður við 3 til þess að geta yfir höfuð boðið stúdentum upp á fullnægjandi þjónustu, þar sem það hafa borist 144 beiðnir. Það dugar sumum stúdentum en það er samt sem áður ljóst að þörf sé á frekari þjónustu fyrir stærri hóp. Þess má geta að til viðbótar við þessar beiðnir eru stúdentar sem hafa þegar komist að í ráðgjöf. Sálfræðingar skólans eru þannig alltaf með einhverja bókaða frá síðasta misseri eða skólaári og plássin því ekki mörg fyrir nýja skjólstæðinga.

Í kjölfar fyrstu könnunar Stúdentaráðs í fyrra vor sem sýndi fram á slæma líðan stúdenta, voru úrræði í geðheilbrigðismálum við Háskóla Íslands aukin. Til að koma til móts við þessa auknu eftirspurn voru tímabundið fengnir til starfa tveir verktakar sem hafa séð um að halda námskeið um hugræna atferlismeðferð við kvíða og þunglyndi annars vegar og sjálfstyrkingarnámskeið hins vegar. Námskeiðin hafa öll orðið fullbókuð skömmu eftir að auglýsingar hafa verið sendar út. Auk þess hafa töluverðir biðlistar myndast eftir námskeiðunum. Sálfræðiráðgjöf háskólanema hélt úti fullu starfi og færði vinnu annars árs meistaranema í klínískri sálfræði yfir í fjarmeðferð. Um er að ræða þjálfunarstöð meistaranema í klínískri sálfræði, starfrækt frá 2013, sem býður háskólanemum upp á sálfræðiþjónustu. Virkjaði var fleiri nema og fjölgað handleiðurum þannig að þau gátu tekið við fleiri málum. Á vegum ráðgjafarinnar er einnig Sálræktin sem er hópmeðferð fyrir stúdenta sem vilja leysa úr sálrænum vanda eða bæta geðheilsu sína eða samskipti. Þá hefur Stúdentaráð leitað leiða til að koma til móts við stúdenta, t.a.m. með því að fara í samstarf við Hugrónu geðfræðslufélag við Háskóla Íslands og efna til geðheilbrigðisátaks þar sem bjargráðum var miðlað áfram til stúdenta. Hugrún hefur frá því að félagið var stofnað verið með opin fræðslukvöld sem geðheilbrigðishópur Háskólans hefur stutt við.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Þrátt fyrir að Háskóli Íslands sé ágætlega í stakk búinn til að takast á við þessa viðamiklu áskorun, þá stendur hann ekki undir eftirspurninni þegar stúdentum við skólann hefur fjölgað með þessum hætti og sálfræðiþjónustunni ekki unnt að taka við fleiri beiðnum í einstaklingaviðtöl. Stúdentaráð og skólastjórnendur hafa vegna þessa verið mjög samstíga í að tala fyrir auknum stuðning í geðheilbrigðismál stúdenta.

III. Lokaorð

Stúdentaráð hefur talað fyrir bættri geðheilbrigðisþjónustu í gegnum faraldurinn og brýnt fyrir stjórnvöldum og skólayfirvöldum mikilvægi þess að hugað sé að velferð stúdenta. Segja má að aðstæðurnar sökum faraldursins séu síbreytilegar en þó viðvarandi, því á sama tíma og við drögum lærdóm af faraldrinum munum við halda áfram að takast á við áhrif hans. Grundvallaratriðið hér er að það verður að vera hægt að þjónusta þennan stóra hóp stúdenta eins vel og unnt er, og er trygg fjármögnun í málaflokkinn þar lykilatriði. Stúdentaráð metur mikils þau samskipti sem það hefur átt með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins vegna þessa máls.



8.8 ERINDI TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS

Athugasemdir Stúdentaráðs vegna kennslu og námsmats á haustmisseri

4. október 2020

Stúdentaráðs Háskóla Íslands leggur hér fram athugasemdir vegna kennslu og námsmats á haustmisseri 2020. Stúdentaráð á í miklum samskiptum við stúdenta sem hafa í auknum mæli leitað til réttindaskrifstofu ráðsins vegna kórónuveirufaraldursins og eru athugasemdir þessar í samræmi við áhyggjur þeirra.

Háskóli Íslands hefur frá upphafi misserisins talað um að kennslan verði rafræn með möguleika á staðkennslu. Þannig hefur skapast ójafnvægi og ósamræmi milli námskeiða sem kemur til með að hafa áhrif á stúdenta, þar sem í einhverjum námskeiðum hefur verið ákveðið að færa kennsluna alfarið á netið á meðan að heimildin til staðkennslu er nýtt í öðrum. Námið hefur eins og gefur að skilja litast af óvissu fyrir nemendur og liggur óöryggið einna helst í námsmatinu. Jafnvel þó að kennsla fari fram í miklum mæli á netinu er lögð áhersla á að prófin fari fram í byggingum háskólans.

Aðgerðirnar sem háskólinn hefur þurft að grípa til hafa verið ófár í samræmi við aðgerðir stjórnvalda, en stefnan hefur ávallt verið að miðmisserisprófin og lokaprófin verði í húsakynnum skólans. Í ljósi fjölda smita og hertra aðgerða sem taka gildi núna mánudaginn 5. október, telur Stúdentaráð að Háskóli Íslands verði að endurskoða prófahald haustmisserisins og taka skýra ákvörðun með tilliti til stúdenta í ólíkum aðstæðum, sbr. eftirfarandi:

I. Prófahald

- Sóttkví: Nemendur sem eru í sóttkví eru „fastir“ heima og mega ekki undir neinum kringumstæðum brjóta sóttvarnareglur, sem þýðir að þeim sé ekki heimilt að mæta í skólann hvort sem það er í tíma eða í próf. Úrræðið sem þeim stendur til boða skv. yfirstjórn skólans er að fá vottorð frá lækni og geta þannig tekið sjúkrapróf. Hins vegar, um leið og þau gera slíkt missa þau í mörgum tilfellum rétt sinn til að taka endurtektarpróf ef þeim skyldi ganga illa í fyrsta prófinu.
 - Þá þarf að huga að ráðstöfunum ef nemendur lenda í sóttkví seinna á misserinu og geta ekki tekið endurtektarprófið eða sjúkraprófið.



- Áhættuhóp: Nemendum í áhættuhópi stendur ekki til boða að taka sjúkrapróf því þeir eru jafn mikið í áhættuhópi í dag og þegar sjúkraprófið er haldið. Það sem gæti unnið með þessum hópi er að veiran láti sig hverfa en það er ekki raunhæft að ætla að hún geri það, þá sérstaklega núna í ljósi fjölda smita sem hefur orðið til þess að stjórnvöld hafa gripið til frekari aðgerða.
 - Huga þarf einnig að nemendum sem búa með einstaklingi/um sem eru í áhættuhópi. Nú hefur það ekki verið skýrt hvort þeir nemendur hafi einhvern rétt á vottorði, þar sem þeir sjálfir eru ekki í áhættuhópi. Óttinn við að geta verið smitberi í slíkum aðstæðum er eflaust yfirþyrmandi og ekki okkar að setja spurningamerki við með því að skipa nemendur í staðpróf.
- Nemendur erlendis eða utan af landi: Vænlegast kosturinn fyrir nemendur sem eru í fjarnámi við HÍ og eru fastir erlendis er að geta tekið rafrænt próf. Það eru þó fordæmi fyrir því að nemendur geti tekið próf í sendiráðum Íslands í því landi sem þeir eru búsettir. Sá valkostur ætti að vera stjórnendum deilda skýr svo nemendur sem hafa samband fái réttar upplýsingar og þurfi ekki að bíða vikum saman eftir svari.
 - Þá ættu nemendur utan höfuðborgarsvæðisins að geta tekið lokapróf í viðeigandi menntastofnunum í þeim landshluta sem þeir eru búsettir. Þó vænlegasti kosturinn fyrir þau einnig væri að geta tekið rafrænt próf.
- Aðstaða í HÍ: Háskólinn hefur leitað leiða til að hafa prófin í skólanum með því að tryggja tveggja metra regluna og grímuskyldu í kennslustofum. Til viðbótar eru fleiri stofur útvegaðar undir próf svo hægt sé að taka á móti öllum nemendunum, einkum í stórum námskeiðum eins og lögfræði, hjúkrunarfræði og viðskiptafræði.
 - Vandamálið er hins vegar að þarna er verið að safna saman stórum hópi fólks sem hefur ekki verið að umgangast hvort annað. Ákveðið hlutfall hópanna hefur ekki einu sinni verið að mæta í staðkennslu á misserinu eða gert það takmarkað. Það felst óhjákvæmilega stór áhætta í því að safna saman einstaklingum sem hafa almennt ekki verið í skólanum fram að prófi.
 - Það eru miklu fleiri að koma inn um dyrnar en hafa yfir misserið og í ljósi nýrra fjöldatakmarkanna er órökrétt að halda sig við núverandi fyrirkomulag.
 - Nemendur eiga til að hópast saman á göngum, fyrir utan stofur, meiri umgangur við innganga skapast o.s.frv.. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir slíkt þegar um er að



Stúdentaráð Háskóla Íslands

ræða tugi nemenda. Allar sóttvarnarráðstafanir ná þannig ekki að þjóna tilgangi sínum.

- Þá ber að horfa á nemendur í námsleiðum sem vinna með viðkvæmustu hópunum í samfélaginu, t.a.m. hjúkrunarfræðinemar og félagsráðgjafanemar. Töluverð áhætta felst í því að mæta í próf fyrir slíka nemendur.

II. Önnur úrræði

Á þessum tímamarki teljum við það sanngjart að óska eftir því að úrræðið „staðið án einkunna“ sé tekið til skoðunar að nýju, eins og gert var í vor. Það kom til með að nýtast stúdentum, færði þeim ákveðið öryggi og léttu úr álagi varðandi námsframvindu. Við gerum okkur grein fyrir því að vandasamt sé að finna rétta lausn, það sem hentar á einu fræðasviði gæti hentað illa á öðru. Aðstæðurnar kalla þó á að umræða eigi sér stað með tilliti til nemenda. Við teljum að ráðstafanirnar á misserinu hafi verið sæmilegar með tilliti til hins almenna nemenda en það hefur lítið sem ekkert verið tekið mið af nemendum í áhættuhópi eða sóttkví. Ástandið er að breytast með hverjum deginum sem líður og við gætum jafnvel staðið frammi fyrir þeim möguleika að allt loki í samfélaginu aftur eins og í vor. Þá þurfum við að hafa hugsað til enda og hafa gert ráðstafanir, þetta eru því miður ekki lengur fordæmalausir tímar. Það er mun betra að fara rétt að núna frekar en að sjá eftir því seinna.

Markmiðið er það sama hjá okkur öllum; að hafa öryggi starfsfólks og nemenda í fyrirrúmi og gera allt hvað við getum til að koma í veg fyrir hópsmit og fleiri smit í samfélaginu. Þess vegna er til að mynda rík áhersla lögð á að fundir séu haldnir rafrænt og að viðburðir séu í algjöru lágmarki. Það er þess vegna sem við teljum núverandi útfærslu prófahalds ekki standast og óskum eftir því að námsmatið sé endurskoðað.

Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Arnaldur Starri Stefánsson, sviðsráðsforseti Félagsvísindasviðs

Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs

Katla Ársælsdóttir, sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs

Magdalena Katrín Sveinsdóttir, sviðsráðsforseti Menntavísindasviðs

Herdís Hanna Yngvadóttir, sviðsráðsforseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna nýrrar stefnu Háskóla Íslands 2021-2026

30. apríl 2021

Þann 25. nóvember 2020 fékk Stúdentaráð kynningu á mótun nýrrar stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021 til 2026 frá Jóni Atla Benediktssyni rektor Háskóla Íslands og stýrihóp stefnumótunarinnar. Sú kynning gekk mjög vel fyrir sig og fengu stúdentaráðsliðar tækifæri til að koma hagsmunamálum stúdenta á framfæri. Þann 29. mars 2021 var Stúdentaráð boðað á fund með stýrihópnum og fékk þar kynningu á drögum að stefnunni. Þar kynntu rektor og Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektor kennslumála og þróunar drögin.

Stúdentaráð þakkar kærlega fyrir það samráð sem hefur átt sér stað og samstarfsvilja Háskólans. Vonast ráðið til þess að samskiptin haldi áfram með þessu móti. Í þessari umsögn er samantekt á þeim athugasemdum auk sérstakra athugasemda sem Stúdentaráð gerir út frá samráðsfundunum og stefnu ráðsins.

Háskóli Íslands sem samfélag

Markmið okkar allra er að skapa hér einn öflugan háskóla, sameinaðan í Vatnsmýrinni, sem er leiðandi í íslensku samfélagi sem og á alþjóðavísu. Í því samhengi þarf háskólinn að ákveða hvernig hann vill skilgreina sig og hvaða áherslur séu í forgrunni. Stúdentaráð telur að einkenni háskólasvæðisins verði að vera samfélag í praktík en ekki bara hugmyndafræðilega. Stúdentaráð vill að lögð sé áhersla á að kynna Háskóla Íslands sem miklu öflugra samfélag og undirstrika þau gæði og aðföng sem við eigum; námsframboðið, kennslu- og rannsóknarstarfsemina en líka þá umfangsmiklu þjónustu sem stúdentum og starfsfólki er veitt t.a.m. á vegum Félagsstofnunar stúdenta sem og að meiri þungi sé settur í að gefa alþjóðastarfinu frekara vægi og ráðrúm.

Einkenni háskólasvæðisins okkar allra á að vera þessi svokallaða „campus“ tilfinning þar sem stúdentar upplifa sig sem hluti af einhverju stærra fyrirbæri. Það gerum við fyrst og fremst með því að tryggja aðgengi allra á námi óháð félagslegum eða efnahagslegum bakgrunn. Háskóli Íslands þarf að vera menntastofnun fyrir þjóðfélagið, höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina, og til þess þarf öll nauðsynleg þjónusta að standa til boða. Hafa þannig sérstöðu og stuðla að því að einstaklingsr leiti í Vatnsmýrina



Stúdentaráð Háskóla Íslands

en ekki í aðrar stofnanir eða erlendis. Í því felst að opna faðm sinn fyrir öll þau sem þegar eru partur af háskólanum og enn frekar fyrir þau sem vilja vera það.

Sjálfbært háskólasvæði

Grænir samgöngumáttar og fjölgun grænna svæða, fleiri stúdentaíbúðir, samofin kjarnastarfsemi og þétting háskólasamfélagsins þar sem hjólandi og gangandi vegfarendur hljóta forgang er framtíðin. Háskóli Íslands er í hjarta Reykjavíkurborgar við friðlandið og á milli miðbæjarins og tilvonandi nýs Skerjafjarðar. Það er vegna þessa sem háskólinn getur ekki fríað sig ábyrgð gagnvart umhverfinu og loftslaginu sem fylgir því að vera í Vatnsmýrinni. Nýtt rammaskipulag háskólasvæðisins miðar þar með að samþættingu svæðisins við borgarlínuna, bíllausri borg innan um borg, frekari tengingu við nærumhverfið, samþjöppunar starfsemi háskólans og sjálfbærri þróun með áherslu á öflugar grænar tengingar og opin svæði. Slíkt er í takt við áherslur Reykjavíkurborgar, Háskólans og Stúdentaráðs, sem ráðið fagnar mjög og undirstrikar áskorun sína til Háskóla Íslands um að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og aðgerðaáætlunina sem Stúdentaráð lagði fyrir.

Stúdentaráð hefur verið skýrt í áherslum sínum varðandi samgöngu og skipulagsmál svæðisins og var mjög hlynnt tilkomu strætópassa fyrir stúdenta, svokallaði U-passinn, og aukið aðgengi stúdenta að almenningssamgöngum. Lét ráðið það í ljós að það teldi Háskólann verða að hætta að borga undir óumhverfisvæna fararmáta og byrja að greiða með umhverfisvænum samgöngum á móti. Sagði ráðið í umsögn sinni vegna tillögu að fyrirkomulagi gjaldtöku á bílastæðum Háskóla Íslands frá starfshópi um framtíðarskipan samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu, frá febrúar 2020: „Það að Háskólinn taki jafn róttæka og afdrifaríka ákvörðun til þess að sporna gegn loftslagsbreytingum er mjög í takt við vilja Stúdentaráðs og fagna stúdentar því að Háskólinn ákveði að vera leiðandi í baráttunni.“ Stúdentaráð stendur við þessa afstöðu og bindur miklar vonir við að málið komist aftur á dagskrá af fullum krafti.

Með aukinni áherslu á nýsköpunar- og rannsóknarstarfsemi fylgja endalausir möguleikar til að nýta þekkingu okkar í að finna lausnir við aðsetjandi vandamálum frá mörgum og jafnvel ófyrirsjáanlegum sjónarhornum, til vitundarvakningar og ekki síst til þess að sporna gegn því hættuástandi sem loftslagsváin er. Með það að leiðarljósi þarf öll ákvarðanatataka um framtíð háskólans og svæðisins sem hann umlykur að byggja á umhverfisvernd og sjálfbærni.



Nýsköpun- og frumkvöðlastarfsemi

Stúdentaráði þykir afar ánægjulegt að sjá áherslu á nýsköpun og framfarir í stefnuþrógunum og telur að það sé mikilvægt að HÍ verði sterkari á þessu sviði. Á síðustu árum höfum við séð auknar áherslur á nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi innan háskólans sem og nemendadrifin verkefni en slík starfsemi gerir ungu fólki kleift að spreyta sig á raunverulegum verkefnum. Námskeið þar sem nemendur eru að vinna saman að því að leita lausna og stuðla þannig að sjálfstæðum vinnubrögðum, undir leiðsögn kennara. Kveikja verkefnið var t.a.m. til þess fallið að stuðla að skarpari sýn á eigin styrkleika og aukna færni í að nýta þekkingu og koma þannig hugmyndum í framkvæmd. Stúdentaráð vill undirstrika að starfsemi sem þessa þarf að efla á öllum námsstigum. Það er ekki nóg að styðja einungis við nýsköpunar og frumkvöðlastarf hjá nemendum sem eru langt komin í sínu námi og eru að vinna í rannsóknum og verkefnum sem úr geta sprottið spennandi nýsköpunarverkefni og fyrirtæki úti í samfélaginu. Það er mikilvægt að grunnnemar upplifi strax á fyrsta degi að Háskólinn sé gróðurmold fyrir nýjar hugmyndir og að skólinn styðji við frumkvöðlastarf nemenda á öllum stigum. Sem dæmi væri ráð að bjóða upp á fleiri þverfagleg valnámskeið í grunnnámi á öllum sviðum þar sem áhersla er lögð á nýsköpun, rannsóknir, frumkvöðlastarfsemi og stofnun fyrirtækja. Með Vísindagörðum sem sameiginlegan vettvang höfum við nær óheft tækifæri til að örva þverfræðilegt samstarf og þjóna öllu samfélaginu í takt við það sem það þarfnast.

Gæði náms í fyrirrúmi

Áhersla er lögð á þróun rafrænna kennsluhátta og fjarnáms. Á seinni samráðsfundi bentu fulltrúar stúdenta á að hér þyrfti markmiðið að vera nokkuð ljósara, hvort væri verið að fjölga námsleiðum sem boðið verður upp á í fjarnámi eða að tryggja að í sem flestum af námsleiðum skólans verði námsefnið að einhverju leyti aðgengilegt á rafrænu formi. Hvoru tveggja er raunar grundvallaratriði með tilliti til þeirra hópa sem geta ekki verið í staðnámi eða sjá sér ekki fært að mæta í raunheimum vegna veikinda, búsetu, barneigna o.s.frv.. Stúdentaráð telur rétt að áréttu að krafa stúdenta um tæknivæddri kennsluhætti og aukið framboð rafrænnar kennslu feli ekki í sér að Háskóli Íslands eigi ekki að vera staðnámskóli, heldur frekar að hann taki mið af þeim stóra hópi sem hann er að þjónusta, fræða og styrkja. Takmarkað aðgengi er hvorki stúdentum eða skólanum til framdráttar og verður hér að huga að því að fara ekki í sama horf og fyrir kórónuveirufaraldurinn, heldur þess í stað byggja ofan á framfarirnar og úrræðin sem við þegar eigum og þróa þau áfram.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráð vill hér nýta tækifærið og koma tveimur áhersluatriðum á framfæri. Hið fyrsta varðar ósamræmið milli fræðasviða í tengslum við sjúkra- og endurtektarprófin. Stúdentar hafa undanfarin ár ítrekað vakið athygli á mikilvægi þess að færa bæði sjúkra- og endurtektarpróf vegna haustmísserisprófa fram í janúar og sömuleiðis að slík próf séu yfir höfuð í boði á öllum fræðasviðum. Slíkt fyrirkomulag minnkar m.a. álag á nemendur á vormísseri, kemur í veg fyrir gífurlega íþyngjandi aðstæður vegna skilyrða um lágmarks einingafjölda námslána og búsetu á stúdentagörðunum og gerir nemendum sem veikir eru á prófdag kleift að nýta þá undirbúningsvinnu sem þeir hafa þegar staðið að. Þetta er e.t.v. stærsta baráttumál stúdenta á Félagsvísindasviði og heldur Stúdentaráð áfram að furða sig á því að ekki sé tekið tillit til þessa þegar breytingar urðu í ársbyrjun 2020 á reglum skólans og öllum fræðasviðum tryggð heimild til að halda fyrrnefnd próf vegna jólaprófa í janúar. Krefst Stúdentaráðs þess að undanþáguheimildin frá þessum breytingum sem sviðin geta nýtt sér sé felld.

Hið seinna snýr að þaki á gildi prófa, en sem stendur eru hvorki reglur né viðmið í gildi við Háskólann hvað það varðar. Stúdentaráð lítur svo á að 100% lokapróf séu dæmi um kennsluhætti sem eiga ei lengur jafn vel við. Sé sett þak á gildi prófa myndi það færa Háskóla Íslands nær nútímalegra námsmati, eins og t.d. símati með auknum verkefnaskilum og/eða hlutaprófum, vendikennslu og aukningu á óformlegu námi innan eða utan kennslustundar, sem jafnframt tengist nýsköpuninni. Það getur ekki talist gerlegt lengur að meta heilan áfanga út frá dagsformi á degi lokaprófsins, og mikilvægt að stúdentar fái tækifæri til að láta reyna á þekkingu sína yfir önnina. Það gefur nemendum betri yfirsýn yfir stöðu þeirra í námi sínu og tilsettum kröfum til að ná lágmarkseinkunn í námskeiðinu. Formlegt nám eða staðpróf eru ekki eina leiðin til að tryggja gæði náms. Hér þarf að endurskoða, það er hægt að leggja af 80%-100% lokapróf og brjóta upp námið fyrir stúdenta til að þeir læri með það að markmiði að þekkja en ekki til að muna.

Háskólasamfélag fyrir öll

Háskólinn verður að leita leiða til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp og ber hér að nefna sérstaklega erlenda nemendur, foreldra í námi, kynsegin nemendur og fatlað fólk. Háskólinn getur og verður að vera leiðandi á landsvísu og alþjóðavettvangi hvað varðar inngildandi (e. inclusive) háskólasamfélag.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs er mikilvægur liður í því að auka tengsl og þjónustu við alþjóðlega nemendur auk þess sem hann tekur fyrir málefni nemenda af erlendum uppruna. Á þeim tveimur árum sem alþjóðafulltrúi hefur verið starfandi á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs hefur verið ljóst að þau ýmis hagsmunamál sem hann hefur beitt sér fyrir staldra helst vegna skorts á viðhorfsbreytingu; stúdentum er neitað um orðabók í prófi á þeim forsendum að gæta þurfi jafnræðis meðal allra þegar raunin er sú að verið er að svipta þeim jöfnu aðgengi að námi. Því jafnræði snýst ekki um að allir fái það sama heldur um að allir komi jafnir að borðinu. Viðmóti sem þessu þarf að breyta því á sama tíma og við viljum halda í okkar gildi og hefðir þá er Háskóli Íslands þýðingarmikil menntastofnun sem ber að þróast í takt við samtímann. Stúdentaráð má til að lýsa að nýju yfir stuðningi við verkefnið Sprett, sem er að fara í sitt annað ár á komandi starfsári, og benda á að það sé dæmi um verkefni sem þarfnast og á skilið enn meiri viðurkenningu. Samhliða því ítrekar ráðið að það þurfi að leggjast í betri greiningu á stúdentahópnum við skólann með það að markmiði að þjónusta öll og gera úrbætur á þeim sviðum sem þörf er á.

Stúdentaráð vill ítreka athugasemdir sínar frá samráðsfundinum um að starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun eigi að vera raunhæfur möguleiki á fleiri fræðasviðum en einungis Menntavísindasviði. Diplómanámið byrjaði sem sjálfstætt tilraunaverkefni fyrir nær sjö árum og gengið vel enda er aðsóknin mikil og biðlistar fremur langir. Það er ótækt að skólinn veiti ekki fleirum frekari tækifæri til náms. Hér bendir Stúdentaráð á að samkvæmt 24. gr. samningar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland hefur undirgengist, skuli aðildarríkin „tryggja að fötlugu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu í þessu skyni tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar“. Nemendur Háskólans eru fjölbreyttur þverskurður af samfélaginu og þar á meðal er fatlað fólk sem verður að geta valið sér nám eftir áhugasviði frekar en eftir aðgengi. Það er ekkert einsdæmi að stúdentar hafa ekki getað stundað nám í tiltekinni námsleið því kennsla fer að mestu fram í byggingum þar sem aðgengi er mjög ábótavant, og hafa stúdentar t.a.m. lent í því að komast hvorki inn í kennslustofu eða út úr byggingunni, má þar nefna Árnagarð og Veröld - sem er nýleg bygging vel að merkja. Hér er tilvist ráðs um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands lykilatriði og aðkoma stúdenta sömuleiðis, sem nú eru tveir. Úrbætur eru þarfar og beinlínis réttindamál og skylda Háskólans að koma í veg fyrir að fólk standi ekki fyrir hindrunum sökum fötlunar og útilokist frá almenningsrýmum, þjónustu, upplýsingum o.s.frv.



Ljóst er að Háskóli Íslands verður að fylgja reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, er heyrir undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. þeirra reglna skulu salerni og snyrting vera aðgreind þar sem starfa fleiri en 5 karla og 5 konur á vinnustaðnum að staðaldri. Umræðan um kynlaus klósett hefur til lengri tíma átt sér stað innan Háskólans, milli stúdenta og stjórnsýslunnar. Stúdentaráð vill hér nýta tækifærið og hvetja til þess að Háskólinn beiti sér fyrir því að snúa blaðinu við og stuðla að breytingum á reglum sem þessum sem eru barn síns tíma. Krefst það þess að Háskólinn taki afgerandi og rökstudda afstöðu, þar sem skýrt er að framfylgi vinnustaðir ekki ákvæðinu gæti komið til þvingunaraðgerða af hálfu Vinnueftirliti ríkisins sem reglugerðin heyrir undir. Þetta er hindrar stofnanir í að að koma til móts við ákall um bætt aðgengi að salernisaðstöðu. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða með því að fylgjast með að á vinnustað sé stuðlað að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi. Það að öllum stúdentum líði vel á háskólasvæðinu í gegnum háskólagöngu sína er öryggisatriði, ekki í skilgreiningu þessa lagaákvæðis en það verður að teljast athugasvert að reglur sem þessar, sem ýta undir frekari aðgreiningu og kynjatvíhyggju á vinnustöðum og stofnunum með fjöldann allan af fólki, séu löngum úreltar. Það hlýtur einnig að teljast vera okkar hjartans mál að stúdentar upplifi sig velkomin í byggingar skólans sem þau stíga fæti inn í daglega. Því ættum við sem háskólasamfélag að leggja okkar af mörkum til að knýja fram breytingar en þess má geta að Stúdentaráð hefur áður beitt sér í málinu og t.a.m. sent inn formlegt erindi til Vinnueftirlitsins. Aðrar nauðsynlegar aðgerðir eru að sjá til þess að hinsegin fræðsla innan Háskóla Íslands að standa til boða fyrir bæði starfsfólk og nemendur skólans, ganga þarf úr skugga um að námsefnið einkennist ekki af kynjatvíhyggju, nemendaskráning uppfærð oftari o.s.frv.

Geðheilbrigðismál

Við Háskóla Íslands hafa orðið framfarir í geðheilbrigðismálum, m.a. með stofnun sérstakt geðheilbrigðishóps sem sér um skipulag og útfærslu sálfræðipjónustunnar og annarra úrræða sem fara sívaxandi. Þriðji sálfræðingur skólans var ráðinn í ársbyrjun 2020 auk þess að Sálfræðiráðgjöf háskólanema heldur úti fullu starfi og býður upp á Sálrækt hópmeðferðir. Tímabundið hafa einnig verið fengnir til starfa verktakar til að sjá um að halda námskeið um hugræna atferlismeðferð við kvíða og þunglyndi annars vegar og sjálfstyrkingarnámskeið hins vegar. Hins vegar hefur stúdentum fjölgað talsvert á aðeins einu ári og eru biðlistarnir eftir viðtalsmeðferðum í sálfræðipjónustu orðnir töluvert



lengri samanborið við önnur ár, og sama má segja um biðlistana í hópmeðferðirnar. Í einstaklingsviðtöl bárust rúmlega 220 beiðnir og af þeim þurfti að vísa 80 einstaklingum frá, og á þessu vormisseri hafa borist 144 beiðnir. Yfirleitt hefur verið 4 vikna bið milli viðtala og hafa stúdentar kost á að fá 5 til 6 viðtöl á hverju misseri, kjósi þeir svo og ef þess er talið þörf. Á þessu misseri var fjöldi viðtala hins vegar takmarkaður við 3 til þess að geta yfir höfuð boðið stúdentum upp á fullnægjandi þjónustu. Eftirspurnin hefur verið gríðarleg allt skólaárið og umfram getu til að koma til móts við hana. Slíkar aðstæður hafa aldrei orðið áður í rúmlega 30 ára sögu sálfræðiþjónustu Háskóla Íslands.

Þrátt fyrir að Háskóli Íslands sé ágætlega í stakk búinn, hafi sýnt mikið útsjónarsemi og aukið úrræðin þá stendur hann ekki undir eftirspurninni og þá sérstaklega þegar stúdentum við skólann hefur fjölgað með þessum hætti. Stúdentaráð og skólastjórnendur hafa verið mjög samstíga í að tala fyrir auknum stuðning í geðheilbrigðismál stúdenta, núna síðast með því að vinna saman að því að gera stjórnvöldum grein fyrir stöðunni og óska eftir því að frekara fjármagn sé eyrnamerkt málaflokknum. Það hefur skilað árangri en stjórnvöld hafa ráðstafað 100 milljónum í málaflokkinn fyrir háskólastigið

Fjármál og rekstur

Stúdentaráð hefur lýst yfir vonbrigðum vegna innheimtu skrásetningargjalda við Háskóla Íslands enda fer það á mis við áherslur um jafnan aðgang að námi. Hefur ráðið t.a.m. bent á að við það tíðkast almennt ekki að innheimta skrásetningar- eða skólagjöld af stúdentum við opinbera háskóla á Norðurlöndunum. Helsta undantekningin er Noregur þar sem nemendur greiða á bilinu 4.100 - 22.000 krónur, samkvæmt landssamtökum stúdenta í Noregi. Þá tíðkast almennt í Svíþjóð stakt umsóknargjald þannig að þegar sótt er um í háskóla í fyrsta skipti er greitt gjald fyrir að umsóknin sé móttækin og hún sé komin í kerfið, svo þarf ekki að greiða neitt frekar út háskólagönguna. Hérlendis eru stúdentar því að greiða um fimmfalt meira, eða 473% meira, til að stunda nám.

Svörin sem Stúdentaráð hefur fengið, og einnig fulltrúar stúdenta í háskólaráði, hafa í meginatriðum snúist um að það sé ekki Háskóla Íslands að fella niður skrásetningargjaldið þar sem því er ætlað að standa undir tiltekinni þjónustu í rekstri háskólans. Stúdentaráð ætlar ekki mörgum orðum um afstöðu sína hér, sem er þegar kunnug, en áréttar þrennt:

- Skrásetningargjaldið á ekki að þurfa að standa straum af öllum þeim kostnaði sem undir það fellur. Lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla kveða á um að gjaldið skuli að hámarki vera



75.000 kr., en ekki að það þurfi að innheimta hámarkið og þar með má gjaldið vera lægra. Gerir Stúdentaráð sér grein fyrir því að kjarni málsins sé ófullnægjandi fjármögnun af hálfu stjórnvalda. Stúdentaráð fer hins vegar fram á það að Háskólinn sé fordæmisgefandi í stuðningi við stúdenta og taki afstöðu með þeim í að krefjast bættrar fjárfestingar fyrir háskólastigið.

- Innheimta þjónustugjalda í formi skrásetningargjalds fyrir opinbera háskóla er þannig bundin tveimur skilyrðum. Annars vegar að gjöldin skuli ekki skila háskóla hærrí tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum vegna nemendaskráningar og ákveðinnar þjónustu. Hins vegar að þjónustan sem rukkað er fyrir megi ekki teljast til kostnaðar við kennslu og rannsóknarstarfsemi.
 - Í viðauka B við reglur nr. um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur, innheimtu og ráðstöfum skrásetningargjalds er tekinn til kostnaður vegna skrásetningargjaldsins, sem fer í bága við þetta ákvæði laganna. Stúdentaráð efast um að umræddir kostnaðarliðir feli í sér þjónustu umfram nemendaskráningu, svo sem próf sem hluti námsmats og rekstur kennsluviðs, bókasafns og tölvuvers. Þetta eru allt eðlilegir þættir kennslu, sem og rannsóknarstarfsemi, sem er lögmælt þjónusta. Það falli því undir kostnað við kennslu og rannsóknarstarfsemi sem skrásetningsgjald má ekki standa undir sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla. Stúdentaráð efast um að ströng lagaáskilnaðarregla um innheimtu gjalda, heimili svo víðtæka túlkun á því sem teljist til kostnaðar umfram lögbundið hlutverk skólans við kennslu og rannsóknarstarfsemi.

Að lokum bendir Stúdentaráð á bókun fulltrúa stúdenta í háskólaráði frá 4. mars 2021 sem færir yfirgrípsmeiri rök með kröfu stúdenta.

Niðurlag

Að nýju þakkar Stúdentaráð fyrir þarft og gott samráð rektors og stýrihópsins við ráðið og stúdenta, þá sérstaklega þegar um er að ræða stefnumótun háskólans til næstu fimm ára. Sé óskað eftir frekari upplýsingum vegna ofangreinda athugasemda getur ráðið að sjálfsögðu orðið við þeirri beiðni.



9 SJÓÐIR STÚDENTARÁÐS

9.1 HRAFNKELSSJÓÐUR

Hrafnelssjóður var stofnaður 1930 af hjónunum Ólafíu Guðfinnu Jónsdóttur og Einari Þorkelssyni til minningar um son þeirra, Hrafnel Einarsson. Við stofnun sjóðsins 1930 var ákveðið að Hrafnelssjóður yrði virkur þegar öld væri liðin frá fæðingu Hrafnkels. Fyrsta úthlutun úr sjóðinum var því á afmælisdegi Hrafnkels 13. ágúst árið 2005. Hlutverk sjóðsins hefur verið að veita íslenskum stúdentum styrk til þess að sækja nám við erlenda háskóla. Forseti Stúdentaráðs hefur setið sem formaður sjóðsstjórnar Hrafnelssjóðs.

Hefð er fyrir því að efna til afhendingu þar sem styrkþega og fulltrúum styrktarhóps Hrafnelssjóðs er boðið, en vegna aðstæðna fór hún fram á skrifstofu Stúdentaráðs þar sem forseti afhenti. Styrkurinn í ár hljóðaði upp á 1.500.000 krónur. Auglýst var eftir umsækjendum í gegnum almennan háskólapóst, í Stúdentablaðinu, á heimasíðu Stúdentaráðs og á samfélagsmiðlum. Umsóknirnar voru alls 31 og fjölmargir afburðanámsmenn sóttu um.

Stjórn Hrafnelssjóðs ákvað á fundi þann 10. ágúst 2020 að veita Sigfúsi Helga Kristinssyni styrk úr sjóðnum. Námsferill Sigfúsar er glæstur en hann hefur lokið BA-prófi í íslensku og MS-prófi í talmeinafræði frá Háskóla Íslands. Hann á einnig að baki veglegan feril í fræðaskrifum sem og rannsóknarstörfum. Styrkurinn kom til með að nýtast Sigfúsi í doktorsnámi sínu í talmeina- og taugafræði við Háskólann í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum.

Í kjölfar úthlutunarinnar var framtíð sjóðsins rædd vegna fyrrum áforma um að leggja sjóðinn niður. Að lokum var farið eftir óskum ættmenna Hrafnkels um verja fénu sem eftir stóð í gjöf handa Menntaskólanum í Reykjavík.

9.2 STÚDENTASJÓÐUR

Stjórn Stúdentasjóðs 2020-2021



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Haukur Friðriksson, forseti
- Sigurhjörtur Pálmason
- Rósa Halldórsdóttir
- Daníel Pálsson
- Gunnþís Eva Baldursdóttir
- María Sól Antonsdóttir
- Ingveldur Anna Sigurðardóttir

Á árinu var áfram notast við rafrænar umsóknir og lagt til að umsækjendur notuðust við Google Drive og Dropbox til að gera nauðsynleg fylgiskjöl aðgengileg. Ef vandkvæði komu upp fyrir úthlutanir í tengslum við skýringar á lögum og reglum sjóðsins tók stjórn afstöðu í sameiningu áður en úthlutun hófst. Ef vandkvæði komu upp meðan á úthlutun stóð tók stjórn einnig afstöðu í sameiningu um þau vandkvæði.

Dagsetningar á úthlutunarfundum stjórnar stúdentnasjóðs 2018-2019

- 7. október 2020
- 9. október 2020
- 13. október 2020
- 25. október 2020
- 25. nóvember 2020
- 27. nóvember 2020
- 3. desember 2020
- 26. desember 2020
- 3. mars 2021
- 20. apríl 2021

Nánari skýrslu um störf stjórnar er að finna á skrifstofu Stúdentaráðs.



10 SAMSTARFSADILAR STÚDENTARÁÐS

10.1 REKTORSSKRIFSTOFA

Á starfsárinu hefur forseti Stúdentaráðs átt reglulega fundi með Jóni Atla Benediktssyni, rektor Háskóla Íslands. Samstarfið við rektor hefur verið ánægjulegt á starfsárinu enda byggði það á opnum og hreinskilnum samskiptum, þar sem báðir aðilar mjög viljugir til samstarfs. Fundirnir hafa átt sér stað með u.þ.b. tveggja vikna millibili sem hefur komið sér einstaklega vel vegna mikilla hreyfinga í málum sem hafa snert báða aðila. Fyrrum og núverandi framkvæmdastýra sóttu báðar fund með forseta, í tengslum við fjármögnun heimildapátta Stúdentaráðs, auk þess að varaforseti var viðstödd einn fund.

Fundir og umræðuefni þessa starfsárs var oftast en ekki í tengslum við faraldurinn og áhrif hans á starfsemi Háskólans. Það var t.a.m. skrifstofunni mikilvægt að Háskólinn sæi sér fært um að koma til móts við stúdenta varðandi skrásetningargjaldið, þegar ljóst var að stjórnvöld ætluðu ekki að verða við beiðni ráðsins um afnám þeirra. Það fór þannig að til boða stóð að dreifa gjaldið yfir á fjóra gjalddaga og var greiðslufresturinn einnig framlengdur til 11. ágúst. Í júní var einnig ákveðið að ráðstafa 10 milljónum í sérstakan sjóð til að koma til móts við stúdenta á stúdentagörðunum sem voru í fjárhagserfiðleikum vegna samfélagsástandsins. Stúdentaráð var mjög þakklátt fyrir að veitta aðstoð rektors í því máli. Aðkoma rektorsskrifstofu var einnig vel þegin í áframhaldandi viðræðum við World Class, til að tryggja stúdentum og starfsfólki sanngjörn kjör í nýju World Class heilsuræktarstöðina í Vatnsmýrinni. Þá er skrifstofa Stúdentaráðs einstaklega þakklát fyrir veittan stuðning vegna aldarafmælishátíðarinnar og heimildapáttaröðar Stúdentaráðs. Afmælishátíðina fengum við að halda í hátíðarsalnum í Aðalbyggingunni og var henni streymt á heimasíðu Háskólans og Vísi, streymi sem starfsfólk skólans sá um með glæsibrag að vanda. Háskóli Íslands var að auki okkar helsti stuðnings- og samstarfsaðili við gerð heimildapáttaraðanna.

Þessu til viðbótar átti forseti Stúdentaráðs ófa samtöl við rektor vegna lokaprófa á haustmiseri 2020 en þá fundi sat sviðsstjóri kennsluviðs einnig, þannig að allir væru með á



Stúdentaráð Háskóla Íslands

nótunum. Þar lagði forseti einna helst áherslu á aukið samræmi varðandi fyrirkomulag kennslu og náms, nauðsynlegar breytingar á sjúkra- og endurtektarprófum, staðið á einkunna úrræðið og heimaprófsúrræði til að gæta heilsu og öryggi stúdenta. Vegna þessa afhenti forseti rektor niðurstöður könnunar á líðan og stöðu nemenda í námi við Háskólann á haustmisseri og tillögu frá Stúdentaráði um staðið á einkunna. Þá nálgadist forseti rektor vegna aðkomu Háskóla Íslands að rekstri spilakassa í gegnum Happraetti Háskóla Íslands (HHÍ) og var það til tals yfir nokkra fundi, í þeirri von um að málið yrði skoðað nánar. Rektor skipaði starfshóp um álitaefni í tengslum við tekjuöflun HHÍ sem forseti Stúdentaráðs fékk sæti í. Hópurinn á að greina málefnið og skila inn sameiginlegri umsögn til rektors að vinnu lokinni. Þá var fjárhagsstaða stúdenta, geðheilbrigðismál, starfsemi Stúdentaráðs á tímum faraldurs einnig til umræðu, svo dæmi séu tekin.

10.2 STJÓRNSÝSLA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Skrifstofa Stúdentaráðs hefur átt í góðum samskiptum við starfsfólk Háskóla Íslands á árinu. Í byrjun starfsársins vann skrifstofan að tveimur stórum myndböndum með markaðs- og samskiptasviði sem komu í staðinn fyrir nýnemadaga, sem ekki var hægt að halda vegna aðstæðna, og var markmiðið að bjóða nýja stúdenta velkomna og kynna fyrir þeim starfsemi skólans. Háskóladagurinn var haldinn með breyttu sniði og fékk Stúdentaráð að vera með eins og hefð er fyrir, og var í samskiptum við áður nefnt starfssvið vegna þessa.

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs átti í reglulegum fundum með skrifstofu Alþjóðasamskipta og var samstarfið mjög farsælt. Alþjóðafulltrúi og forseti áttu fund með verkefnastjóra Sprettis í upphafi starfsársins, en verkefnið Sprettur snýst um að styðja og undirbúa nemendur af erlendum uppruna til náms á háskólastigi og er byggt á þýskri fyrirmynd. Forseti og hagsmunafulltrúi funduðu einnig með jafnréttisfulltrúum Háskóla Íslands og upplýsingatækisviði ásamt varaforseta. Skrifstofan öll heimsótti svo kennslusvið í Setbergi og fékk kynningu á Canvas og þeirri viðamiklu starfsemi sem fer fram í húsinu. Stúdentaráð



Stúdentaráð Háskóla Íslands

hefur fengið að nýta aðstöðuna í Setbergi og tók t.a.m. upp myndböndin fyrir herferðina í stúdíóinu þar.

Þá hefur skrifstofan átt í miklum samskiptum við m.a. kennslusvið, fjármálasvið, framkvæmda- og tæknisvið, mannauðssvið, náms- og starfsráðgjöf, deildarforseta, sviðsforseta, og kennslustjóra og kennsluþróunarstjóra fræðasviðanna. Stúdentaráð er mjög þakklát fyrir gefandi og skemmtilega samvinnu.

10.3 LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

Stúdentaráð á tvo fulltrúa í fulltrúaráði Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS). Jóna Þórey Pétursdóttir fyrrverandi forseti og Isabel Alejandra Díaz sitjandi forseti Stúdentaráðs, áttu sæti í fulltrúaráðinu starfsárið 2020-2021. Í fulltrúaráðinu mætast fulltrúar frá öllum aðildarfélögum LÍs og huga saman að hagsmunamálum stúdenta.

Stúdentaráð og LÍs hafa haldið góðu samstarfi á árinu líkt og fyrri ár. Forseti Stúdentaráðs og forseti LÍs hafa átt sæti saman í m.a. samhæfingarhópi stjórnvalda og starfshópi með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins vegna vinnu- og menntamála stúdenta. Fyrir ráðið til að starfa með besta móti er lykilatriði fyrir félögin að þekkja til og skilja hvort annað en það hefur sýnt sig á liðnu ári að þau verða að geta treyst á hvort annað.

10.4 LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA

Stúdentaráð á einn fulltrúa innan fulltrúaráðs Landssambands ungmennafélaga (LUF) sem er valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs og situr til eins árs. Á þessu starfsári var það Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir varaforseti sem sat í fulltrúaráðinu fyrir hönd Stúdentaráðs. Fulltrúaráð miðar við að funda hið minnsta kosti fjórum sinnum yfir árið.

LUF býður öllum aðildarfélögum sínum að taka þátt í Leiðtogaskóla Íslands (LSÍ) sem er árlegt verkefni þeirra. Leiðtogaskólinn er vettvangur aðildarfélaganna til að þjálfa persónulega



Stúdentaráð Háskóla Íslands

hæfni, efla tengslanet, deila reynslu, auka getu og valdefla sig á sviði leiðtogahæfni. Þá hefur aðildarfélagunum boðist að tilnefna félagsmeðlimi til ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, hingað til á sviði umhverfismála, sjálfbærni, kynjajafnréttis og mannréttinda.

10.5 FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

Skrifstofa Stúdentaráðs hefur átt í áframhaldandi nánum og einstaklega góðum samskiptum við Félagstofnun stúdenta (FS). FS er óhagnaðardrífín sjálfseignarstofnun sett á fót af stúdentum fyrir stúdenta og háskólann. FS leggur þar af leiðandi mikið upp úr því að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er og er samráð og samvinna við fulltrúa stúdenta mjög mikilvægt.

Forseti Stúdentaráðs situr sem áheyrnarfulltrúi í stjórn FS og getur þannig komið sjónarmiðum stúdenta á framfæri og farið með mál frá stjórn til Stúdentaráðs. Forseti hefur einnig haft greiðan aðgang að skrifstofu FS og átt fundi með bæði framkvæmdastjóra og upplýsingafulltrúa varðandi hagsmunamál stúdenta á stúdentagörðunum og frekari uppbyggingu stúdentaíbúða. Í ár hafa fulltrúar beggja skrifstofa unnið vel saman í stjórn sérstaks sjóðs fyrir stúdenta á stúdentagörðunum ásamt fulltrúa Háskóla Íslands. Þá hefur forseti verið í reglulegum samskiptum vegna Hámu, Stúdentakjallarans og Bóksölu stúdenta í tengslum við samkomutakmarkanir og þjónustu við stúdenta, en starfsemin hefur skiljanlega raskast en vel hefur tekist miðað við aðstæður. Undir lok starfsársins hófust viðræður Háskóla Íslands við Bændasamtökin um Hótel Sögu, þar sem fyrirhugað er að verði einnig stúdentaíbúðir, og hafa Stúdentaráð og FS verið samstíga í því að tala fyrir aðkomu FS að verkefninu. Til mikillar ánægju gengur uppbygging stúdentaíbúða við Gamla garð afskaplega vel og að önnur verkefni í vinnslu eða skoðun, svo sem í Skerjafirðinum, sé stúdentum til bóta en langtímamarkmið FS er að geta útvegað 15% stúdenta húsnæði á stúdentagörðum

10.5 NEMENDA- OG HAGSMUNAFÉLÖG INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Samstarf Stúdentaráðs við nemenda- og hagsmunafélög á árinu einkenndist fremur að tölvupóstsamskiptum auk þess að skrifstofan nýtti sér sameiginlegan vettvang á Facebook sem er fyrir forystu allra nemendafélaga ásamt skrifstofu Stúdentaráðs og sviðsráðsforsetum, til að miðla upplýsingum hratt. Skrifstofan tók ákvörðun um að seinka fundi með félögum vegna samfélagsástandsins, þar sem ákjósanlegast þótti að geta haldið hann í raunheimum.

Það tókst hins vegar ekki og var fundur haldinn 18. febrúar 2021. Öll nemendafélög innan Háskólans voru boðuð í gegnum tölvupóst og á sameiginlega facebook hópnum, og var fundurinn vel sóttur. Forseti og varaforseti héldu stutta kynningu á Stúdentaráði og háskólaráði, stúdentaráðskosningunum dagsettar 24. og 25. mars 2021 og fóru yfir helstu hagsmunamálin í vinnslu og framundan. Það var sérstaklega greint frá stöðunni á skólastarfseminni, bæði á haustmisseri og vormisseri, og opnað á umræður sem fulltrúar nemendafélagana tóku vel í. Forseti upplýsti félögin einnig um stefnumótun nýrrar heildarstefnu Háskóla Íslands og hvernig þau og þeirra félagsmeðlimir gætu haft áhrif. Auk þess óskaði forset eftir því að formenn nokkurra félaga kæmu inn á kynningarfund Stúdentaráðs á Háskóladeginum til að segja frá starfinu sínu, sem formaður Faró nemendafélags í félagsráðgjöf þáði. Mikil ánægja var á fundinum meðal viðstaddra og gátu nemendafélög komið sínum áherslumálum að og skipst á hugmyndum. Undir öðrum kringumstæðum hefði verið heppilegast að hittast oftast en þess má geta að ekki gafst tækifæri til að halda vísindaferð í Stúdentaráð eða Októberfest, sem hvoru tveggja hefði verið til umræðu og efni í fleiri fundi.

10.6 HUGRÚN GEÐFRÆÐSLUFÉLAG

Stúdentaráð og Hugrún geðfræðslufélag efndu til átaks vikuna 22. - 26. febrúar með það að markmiði að miðla fræðsluefni og bjargráðum til stúdenta. Skrifstofa Stúdentaráðs setti sig í samband við stjórn félagsins undir lok haustmisseris, eftir að könnun ráðsins í október sýndi fram á erfiða líðan stúdenta, og hófst þá fljótlega undirbúningur fyrir átakið. Samstarfið var



Stúdentaráð Háskóla Íslands

leið fyrir Stúdentaráð og Hugrúnu til að taka höndum saman, styðja við stúdenta og vera tilbúin til að hlusta og aðstoða eftir bestu getu.

Hugrún var stofnað vorið 2016 og hefur það að markmiði að auka samfélagslega vitund með því að m.a. fræða ungt fólk um geðheilbrigði, geðraskanir og úrræði. Hugrún hefur t.a.m. staðið fyrir opnum fræðslukvöldum sem geðheilbrigðishópur Háskóla Íslands hefur stutt við. Þykir Stúdentaráði nauðsynlegt að stúdentar séu meðvitaðir um þá fræðslu sem Hugrún stendur fyrir og sömuleiðis að þátttaka í félaginu sé möguleg.

10.7 FYRIRTÆKI

Í ár voru gerðir samningar við Símann, Landsbankann og Orkusöluna. Skrifstofa Stúdentaráðs stóð líka í því að endursemjja við Háskóla Íslands um fjárveitingar skólans til Stúdentaráðs sem gerir ráðinu kleift að halda uppi starfsemi og standa fyrir vandaðri hagsmunabaráttu, án þess að þurfa að reiða sig á fyrirtæki. Má þess þó geta að það var þannig sem skrifstofunni tókst að snúa við rekstri ráðsins sem var í töluverðum halla þegar Röskva tók við meirihluta í Stúdentaráði árið 2017. Skilmálar samstarfssamninganna eru að jafnaði bundnir trúnaði og verða þeir þar af leiðandi ekki til umfjöllunar. Stúdentaráðsliðar og aðrir hlutaðeigandi geta hins vegar fengið að skoða samningana á skrifstofu Stúdentaráðs sé þess óskað.



11 KJÖRSTJÓRN OG KOSNINGAR 2021

Kosið var um kjörstjórn á Stúdentaráðsfundi þann 25. nóvember 2020 og skipuðu hana Lejla Cardaklija, Eiríkur Búi Halldórsson, Alexandra Ýr van Erven og Jónas Már Torfason sem jafnframt var kjörin forseti hennar. Lejla og Eiríkur Búi voru tilnefningar Vöku og Alexandra og Jónas Már voru tilnefningar Röskvu.

11.1 SKÝRSLA KJÖRSTJÓRNAR

1. Á Stúdentaráðsfundi þann 25. nóvember 2020 kaus Stúdentaráð fulltrúa í kjörstjórn í samræmi við lög ráðsins. Voru eftirfarandi skipuð í kjörstjórn:

- a. Röskva: Alexandra Ýr van Erven (AÝE) og Jónas M. Torfason (JMT) (*forsæti*)

Vaka: Eiríkur Búi Halldórsson (EBH) og Lejla Cardaklija (LC)

2. Þann 13. janúar 2021 hittist kjörstjórn á fyrsta fundi á skrifstofu Stúdentaráðs kl. 17.15.

Kjörstjórn ákveður að kosningar til Stúdentaráðs skuli haldnar dagana 24. og 25. mars. Kosningakerfi skuli opið frá 9 til 18 báða dagana.

Kjörstjórn ákveður, einkum sökum sóttvarnarráðstafanna, að heimila framboðunum að safna tilskyldum undirskriftum rafrænt og skila slíkum gögnum til kjörstjórnar rafrænt.

Kjörstjórn ákveður að auglýsa eftir framboðum þann 3. mars. Hverskyns kosningagögn, svo sem kjörskrá, skuli þó ekki afhend fyrir en framboðsfrestur sé runninn út, þ.e.a.s. þann 10. mars. Að öðru leyti verða lögbundnum frestum fylgt.

Kjörstjórn hefur fengið upplýsingar um heildarfjölda allra nemenda á hverju fræðasviði, en ekki kemur til breytingar á fjölda fulltrúa í framboði, sbr. 8. gr. laga Stúdentaráðs.

JMT mun halda gerðarbók og mun leita eftir fulltrúum í kæruneftnd.

Kjörstjórn mun kalla eftir tengiliði frá hvorri fylkingu Stúdentaráðs til að sinna óformlegum samskiptum þar til framboði hefur verið skilað.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Kjörstjórn óskar eftir því að framkvæmdastjóri Stúdentaráðs sinni samskiptum við Nemendaskrá um aðgengi að kjörskrá. Kjörstjórn hefur samband við UTS vegna framkvæmd kosninga í byrjun mars.

3. Þann 16. febrúar 2021 voru eftirfarandi skipuð í kærunefnd til samræmis við e-lið 33. gr. laga SHÍ:

Bjarni Rósar

Guðjón Andri Jónsson

Arna Eir Gunnarsdóttir

4. Þann 17. febrúar 2021 hitti JMT Hjördísi Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra SHÍ, til að ræða fyrirkomulag við afhendingu á kjörskrá til framboða í samræmi við verklag SHÍ og Nemendaskrár Háskóla Íslands. Ákveðið var að gera engar breytingar á fyrra verklagi og að Hjördís skyldi sjá um umsýslu og afhendingu gagnanna, sbr. ákvörðun kjörstjórnar á fyrsta fundi.

5. Þann 4. mars 2021 var eftirfarandi texti sendir með tölvupósti á nemendur Háskóla Íslands:

ENGLISH VERSION BELOW -

Kæru nemendur,

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) lýsir hér með eftir framboðum til Stúdentaráðs árið 2021. Þar munu nemendur hvers fræðasviðs kjósa sér fulltrúa í Stúdentaráð með því að velja á milli frambjóðenda af sínu sviði.

Kosningarnar verða haldnar miðvikudaginn 24. og fimmtudaginn 25. mars n.k. Þær eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, Ugluna (www.ugla.hi.is), frá kl. 09:00-18:00.

Framboð til Stúdentaráðs skulu uppfylla reglur Kafla IX. laga SHÍ um Kosningar og kjörstjórn.

Skilafrestur framboða er til kl 18:00, 12. mars 2021.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Kjörstjórn mun taka á móti framboðum rafrænt í gegnum netfangið kjor@hi.is til 18:00, 12. mars og verður ekki tekið við framboðum eftir þann tíma. Komi upp vandkvæði skal hafa samband við formann kjörstjórnar, Jónas Mát Torfason, í gegnum netfangið kjor@hi.is.

Kjörskrá mun liggja frammi á skrifstofu Stúdentaráðs þann 10. mars og skulu kærur vegna kjörskrár hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl 12:00 þann 11. mars. Á kjörskrá eru þeir nemendur sem skráðir eru í nám við Háskóla Íslands skólaárið 2020-2021. Gesta- og skiptinemar, sem og nemar sem skráðir eru á námsleiðir með stökum námskeiðum, líkt og í Símennt, hafa ekki atkvæðisrétt.

Framboð til Stúdentaráðs munu fá afhenda skrá yfir nemendur, í þeim tilgangi að hafa samband við stúdenta vegna kosninganna. Á skránni verða þau sem eru á kjörskrá og hafa ekki afskráð sig af úthringilista eða skráð sig með bannmerkingu í þjóðskrá eða símaskrá, sbr. tölvupóst til nemenda þriðjudaginn 2. mars sl.

Vakin er athygli á því að eftir almennar kosningar til kosningar til Stúdentaráðs er haldinn skiptafundur Stúdentaráðs þar sem fram fer kosning á forseta, varaforseta, hagnunafulltrúa og lánasjóðsfulltrúa SHÍ. skv. Kafli VI laga SHÍ

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands árið 2021 skipa Alexandra Ýr van Erven, Eiríkur Búi Halldórsson, Lejla Cardaklija og Jónas Mát Torfason (formaður).

F.h. Kjörstjórnar SHÍ,

Jónas Mát Torfason

kjor@hi.is

-- ENGLISH VERSION --

Elections to the Student and University Council 2021.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

The elections for the Student Council will be held on 24th and 25th of March. Candidacy for the elections shall be handed in electronically to the Election Board through email at kjor@hi.is before 6 pm on the 12th of March.

If any difficulties arise, please contact the Election Board. See information below.

The elections will be online and students vote through Ugla (ugla.hi.is), the intra web of the University. The election days will be on the 24th and 25th of March and will be open online between 9am to 6pm. If, for some reason, you are unable to vote on the election days, the Election Board can be contacted, for further help and advice at kjor@hi.is.

The list of those eligible to vote is available at the Student Council office, there you can make sure you are on the list or make requests to be added to it. Such requests shall be made before noon on the 12th of March. Everyone who has been registered at the University of Iceland in the school year of 2020-2021 is eligible to vote. Neither exchange students nor students in programs consisting of singular courses (such as Símennt) are eligible to vote Further requirements and conditions for the candidacy are to be found in chapter IX. in the Statute of the Student Council.

Factions running for election will be provided a registry of students, for the purpose of contacting them regarding the elections. The registry will consist of the eligible voters which have no opted-out or registered themselves with the national registry or in the phonebooks as not interested in marketing communications, cf. email from the Student Council 2 March 2021.

After the election for the Student Council here will be a Student Council meeting where the new Student Council members will vote for a chairman, vice-chairman, student rights and student loan officers.

On behalf of the Election Board,

Jónas Már Torfason, chairman of the election board



Stúdentaráð Háskóla Íslands

6. Tvö framboð bárust kjörstjórn og fengu þau sömu upplýsingar um skil á gögnum. Nánar tiltekið buðu Röskva, samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands („Röskva“), og Vaka – félag lýðræðissinnaðra stúdenta („Vaka“), fram og fengu eftirfarandi orðsendingu frá kjörstjórn:

Það sem framboðið þarf að standa í skilum á við kjörstjórn áður en framboðsfrestur rennur út er tvennt:

1) Fullnægjandi fjöldi undirskrifa, í samræmi við lög Stúdentaráðs. Framboðum verður heimilt að skila slíkum undirskriftum rafrænt og er það á ábyrgð viðkomandi framboðs að safna þeim. T.a.m. er hægt að safna í gegnum Google Forms.

Þær upplýsingar sem þurfa að koma fram um hvern undirskrifanda eru eftirfarandi:

a) Nafn

b) Kennitala

c) Fræðasvið

d) Símanúmer

2) Framboðstilkynningu, sbr. meðfylgjandi skjal. Þar þarf að safna undirskrift hvers frambjóðenda í persónu, en ykkur er heimilt að skanna framboðstilkynninguna inn og senda okkur. Við viljum að það sé sérstaklega fyllt út fyrir framboð á hverju sviði.

Við viljum helst að þið skiljið þessum tveim gögnum saman. Við miðum hins vegar ekki við neina tiltekna tímasetningu þar sem þetta verður gert upp, og því er ykkur heimilt að skila gögnunum um leið og þau eru tilbúin, enda sé það innan framboðsfrests.

Líkt og fram kemur í tilkynningu kjörstjórnar þann 4. mars sl. þurfa gögn að vera skilað til kjörstjórnar í fullnægjandi ástandi fyrir kl. 18.00 þann 12. mars næstkomandi.

Ef þú ert með einhverjar frekari spurningar máttu heyra í mér í síma [...].

Bestu kveðjur,

Jónas Már

formaður kjörstjórnar



7. Óskaði Röskva eftir því að fá kjörskrárgögn til úthringinga. Í samræmi við verklag Stúdentaráðs og HÍ gerði kjörstjórn kröfu um að framboð uppfylltu tilskilin formsatriði áður en kjörskrá væri afhend. Þar með talið var áskilið að framboð stæði í skilum við SHÍ vegna útlags kostnaðar við vinnslu skrárinnar í samræmi við verklag. Sendi kjörstjórn eftirfarandi tölvubréfi að því tilefni:

[F]orsendan fyrir því að þið fáið gögnin afhend er að gengið hafi verið frá formsatriðum í kringum afhendinguna, þ.m.t. að greiða Stúdentaráði fyrir milligöngu um að gera þessi gögn lögleg til meðhöndlunar. Ef þið óskið eftir greiðslufresti, og framkvæmdastjóri ráðsins fellst á það, er það fullnægjandi fyrir mitt leyti.

Hið sama gildir vitaskuld um Vöku.

Félt framkvæmdastjóri SHÍ á að veita framboðunum greiðslufrest.

8. Þann 13. mars sendi kjörstjórn eftirfarandi orðsendingu á framboðin:

Nú er komið að afhendingu úthringigagna. Meðfylgjandi er yfirferð á kröfum þeim sem gerðar eru til framboðanna hvað varðar meðferð upplýsinganna. Í sumum tilvikum er gengið lengra en lög kveða á um, og ber fylkingunum að fylja þeim fyrirmælum.

Sömuleiðis er meðfylgjandi drengskaparheit, sem einhver í forsvari framboðsins ber að undirrita. Í leiðinni er viðkomandi tilgreindur sem tengiliður kjörstjórnar og SHÍ við framboðið vegna notkunar á þessum persónuupplýsingum.

Mér skilst að Hjördís hafi veitt framboðunum greiðslufrest, sem ég tek gilda hvað varðar þessa afhendingu. Ég ítreka það samt hér að með undirritun á drengskaparheitinu og móttöku gagnanna er framboðið að ábyrgjast greiðslu á kostnaði Stúdentaráðs af þeirri vinnslu sem gerir afhendinguna mögulega.

Vinsamlegast farðu vel yfir þessi skjöl. Framboðið fær gögnin afhent þegar ég fæ staðfestingu ykkar um að hafa farið yfir þetta, og skannað eða ljósmyndað eintak af drengskaparheitinu undirritað af þar til bærum einstaklingi á vegum framboðsins.

Ég vil ítreka að það er á ykkar ábyrgð að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til framboðsins, og miðla þeim upplýsingum sem krafist er til framkvæmdastjóra Stúdentaráðs og



Stúdentaráð Háskóla Íslands

kjörstjórnar. Það leysir ykkur ekki undan ábyrgð að ekki sé gengið sérstaklega eftir þessum upplýsingum.

Vinsamlegast staðfestu móttöku.

Röskva skilaði tilskildum gögnum þann 13. mars 2021 og fékk gögn afhend í samræmi við orðsendingu kjörstjórnar. Vaka skilaði tilskildum gögnum þann 15. mars og fékk gögn afhend samdægurs. Oddviti Vöku kom eftirfarandi kvörtun á framfæri við kjörstjórn:

Heil og sæl,

Við í Vöku höfum áreiðanlegar heimildir um að Röskva hafi fengið kjörskrá sína afhenta á undan okkur. Er það ekki annars rétt að samkvæmt venju er það afhent kjörskrá báðum fylkingum á sama tíma - það væri þægilegra að hafa samræmi milli aðila er kemur að afhendingu gagna og ekki viðunandi að SHÍ og kjörstjórn sendi frá sér mismunandi upplýsingar á mismunandi aðila.

F.h. Vöku,

Lenya Rún

Var erindinu svarað af hálfu kjörstjórnar með eftirfarandi tölvubréfi:

Sæl Lenya og takk fyrir þolinmæðina,

Líkt og kom fram í pósti til framboðanna beggja var undirritun drengskaparheita skilyrði fyrir afhendingu kjörskráar og fengu framboðin gögnin afhend eins fljótt og auðið var eftir að sú staðfesting barst. Drengskaparheitin voru send á laugardegi, Röskva svaraði samdægurs og fengu þau því kjörskrána við skil en eins og þú veist skilaði Vaka tilskildum gögnum á mánudaginn og fékk þau afhend skömmu seinna.

Kjörstjórn getur því ekki tekið undir að framboðin hafi fengið mismunandi upplýsingar, en þau sátu bæði við sama borð hvað varðar skil á tilskildum gögnum. Kjörstjórn mun hins vegar bóka það hjá sér og skila áfram til næstu kjörstjórnar að taka það enn skýrar fram að skráin sé afhend við skil á tilskildum gögnum og að skil einstaka framboða á gögnum hafi ekki áhrif á afhendingu skránnar til annarra.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Kjörstjórn biðst einnig velvirðingar á að hafa ekki svarað ykkur um hæl þegar gögnin frá Vöku bárust. Á þeim tíma hafði forseti kjörstjórnar einn aðgang að kjörskráarnetfanginu en hann var vant við látinn á mánudagskvöldinu síðastliðnu.

Vonandi svarar þetta vangaveitum ykkar en annars hvetjum við þig til að heyra aftur í okkur.

Ítrekar kjörstjórn það hér að næsta kjörstjórn taki það enn skýrar fram við framboð að afhending á kjörskrá miðar við skil á gögnum hvers framboðs fyrir sig, að loknum framboðsfresti, en ekki við sameiginleg skil allra framboða.

9. Þann 22. mars 2021 barst kjörstjórn ábendingu um að Vaka væri að hagnýta sér gögn frá félagi hagfræðinema. Var eftirfarandi póstur sendur á oddvita framboðsins kl. 19.19 sama dag:

Sæl Lenya,

Kjörstjórn hefur borist ábendingu þess efnis að Vaka hafi beðið um félagatal, og mögulega önnur gögn með persónuupplýsingum nemenda, frá nemendafélagi hagfræðinema (Ökonomía) til notkunar í markaðssetningartilgangi fyrir kosningar.

Að sögn hafi [nafn fjarlægt hér] frá Vöku samband við þau síðustu daga.

Fylgir sögunni að hringt hafi verið í bannmerkta (í Þjóðskrá, símaskrá eða á kjörskrá) í leyfisleysi. Ítrekar kjörstjórn að þeir nemendur sem heimilt er að hafa samband við símleiðis eru tæmandi taldir í þeirri skrá sem framboðin fengið afhend frá kjörskrá.

Jafnframt er rétt að minna á að sú kjörskrá er afleiðing samráðs við Nemendaskrá og lögfræðinga háskólans, en ferlið við afhendingu hennar er til að tryggja eftirfylgni við persónuverndar- og fjarskiptalög. Önnur notkun kann að stangast á við umrædd lög.

Kjörstjórn óskar eftir afstöðu Vöku til framangreinds og svara við því hvort óskað hafi verið eftir umræddum gögnum frá Ökonomíu, hvort þau séu í vörslu framboðsins og hvort þau hafi verið hagnýtt vegna kosninganna.

Líkt og gefur að skilja krefst kjörstjórn þess að slíkum gögnum verði fargað þegar í stað og upplýsingar sem í þeim er að finna verði ekki hagnýttar frekar, ef framangreint reynist satt.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Kveðja,

Kjörstjórn

Klukkan 20.04 var erindinu svarað af hálfu Vöku með eftirfarandi hætti:

Heil og sæl,

Vaka þvertækur fyrir ásakanir kjörstjórnar um að í okkar vörslu séu gögn um félagatal Ökonomiu. Við könnumst ekki við einstakling með nafnið [nafn fjarlægt hér], en á okkar vegum er aðili með nafnið [nafn fjarlægt hér] og harmar stjórn Vöku að kjörstjórn gefi sér ekki tíma til að kynna sér framboðslista fylkingarinnar almennilega og þá nafngreina einstaklinga á okkar vegum rétt. [Nafn fjarlægt hér], sú sem er á okkar vegum, neitar allri sök og er ekki neinn sannleikur til í þessum ásökunum. Ef aðilinn [nafn fjarlægt hér] er hins vegar rétti aðilinn þá viljum við fá ítarlegri lýsingu á því sem á að hafa átt sér stað varðandi þetta mál og óskum við eftir meiri áherslu á smáatriði hjá kjörstjórn.

Ég vil einnig minna á að við skiljum mikilvægi þess að fara eftir lögum og drengskaparheitin sem ég, á 3. ári mínu í lögfræði, skrifaði undir og ákvað að taka ábyrgð á, hafa verið uppfyllt í alla staði og finnst mér þetta vera vanvirðing gagnvart fylkingunni.

F.h. Vöku,

Lenya Rún og Björgvin Viktor

Seinna skeyti kjörstjórnar, kl. 11.37 þann 23. mars 2021:

Sæl Lenya og Björgvin Viktor,

Við þökkum skjót svör við erindi okkar og munum láta vita ef við höfum frekar spurningar, eða ef til stendur að taka ákvörðun vegna málsins.

Hins vegar er ljóst, af svári ykkar að dæma, að einhver samskiptamisbrestur hefur átt sér stað sem rétt er að skýra.

Í fyrsta lagi er ekki rétt að skilja erindi okkar frá því fyrr í kvöld sem ásakanir í garð ykkar eða Vöku. Líkt og kom fram í fyrra erindi kjörstjórnar barst stjórninni ábendingu, og er kjörstjórn bæði rétt og skylt að bregðast við slíkum ábendingum með því að kanna málið



Stúdentaráð Háskóla Íslands

nánar. Það er hlutverk hennar. Fyrri erindi kjörstjórnar var fyrsti þáttur í slíkri könnun, þar sem afstöðu framboðsins er óskað og efni ábendingarinnar borið undir það.

Í öðru lagi var ekkert í ábendingunni sem barst kjörstjórn þess efnis að ástæða væri til að ætla að umrædd [nafn fjarlægt hér], hvort sem viðkomandi er rétt nafngreindur eða ekki (eða sé yfirhöfuð til), væri á framboðslista fylkingarinnar. Eðlilega fer kjörstjórn ekki að bera saman það nafn sem fram kom í ábendingunni við framboðslistann án ástæðu, enda er okkur líkt og ykkur vel kunnugt um að umtalsvert fleiri koma að kosningabaráttu til Stúdentaráðs en eingöngu frambjóðendur. Svo það fari ekki á milli mála beinist athugun kjörstjórnar ekki sérstaklega að [nafn fjarlægt hér] og því er ekki rétt að hún hafi verið ranglega nafngreind í fyrri erindi kjörstjórnar.

Í þriðja lagi var tæpt á bakgrunni þess að framboðin fái afhenda gögn til úthringinga og skylda framboðsins ítrekuð. Var það gert svo ekki fari milli mála að það sé fyrir fram gefin afstaða kjörstjórnar að notkun annarra gagna til úthringinga sé óheimil og vítaverð. Þótt þú, Lenya, sért viðtakandi tölvupóstins og tilgreindur ábyrgðarmaður er erindinu engu að síður beint til Vöku. Kjörstjórn er vitaskuld ekki stætt að gefa sér við miðlun upplýsinga til framboðsins að þar sé fyrir hendi ítarleg þekking á ákvæðum persónuverndar- og fjarskiptalaga, þótt ágætir laganemar starfi eflaust á vegum Vöku.

Kveðja,

Kjörstjórn

Engin frekari samskipti áttu sér stað vegna ábendingarinnar og taldi kjörstjórn ekki ástæða til að aðhafast frekar.

10. Kjörstaðir opna kl. 09.00 þann 24. mars, í samræmi við ákvörðun kjörstjórnar.

11. Þann 24. mars 2021, kl. 11.35, barst kjörstjórn ábending um starfshætti Röskvu í kosningabaráttu. Annars vegar sneri ábendingin að óhóflegum hringingum í nemendur háskólans og hins vegar að Röskva væri að bjóða áfengar veitingar á framboðskvöldi sínu gegn atkvæði í kosningunum. Var eftirfarandi erindi sent á Röskvu kl. 12.24:

Góðan dag,



Stúdentaráð Háskóla Íslands

kjörstjórn hefur borist ábendingar er varða framboð Röskvu. Annars vegar snúa þær að fjölda símtala sem framboðið hefur hringt í einstaka kjósendur. Vill kjörstjórn í þessum efnum minna á alla jafna er óheimilt að hringja oftari en þrisvar sinnum í einstaka kjósendur, sbr. fyrirkomulagið sem kynnt var framboðinu áður en gögn til úthringinga voru afhent.

Hins vegar hefur kjörstjórn borist ábending þess efnis að Röskva sé að bjóða kjósendum ókeypis áfengi á kosningakvöldi framboðsins annað kvöld, gegn því að kjósendur ljái framboðinu atkvæði sitt. Vill kjörstjórn leita eftir afstöðu Röskvu til þessarar ábendingar og fer kjörstjórn fram á að framboðið svari því hvort satt sé. Ef svo er krefst kjörstjórn þess að slíkum gylliboðum verði af látið þegar í stað.

Kveðja,

kjörstjórn

Svar Röskvu er eftirfarandi og barst kjörstjórn kl. 12.37:

Sæl,

við tökum þessum ábendingum að sjálfsögðu alvarlega og höfum við ítrekað leyfilegan fjölda símtala við okkar fólk. Sú ábending að Röskvuliðar séu að bjóða frítt áfengi stenst ekki og þykir okkur miður að slík ábending hafi borist.

Með kærri kveðju,

f.h. Röskvu

Gréta Dögg Þórisdóttir

Engin frekari samskipti áttu sér stað vegna ábendingarinnar og taldi kjörstjórn ekki ástæða til að aðhafast frekar.

12. Þann 24. mars, kl. 13.51, barst kjörstjórn ábendingu þess efnis að Vöku hefði ljáðst að fjarlægja kosningaefni fyrir kjördag, líkt og skylt er skv. lögum Stúdentaráðs. Var tilmælum komið áleiðis til framboðsins og brugðust þau vel og snögglega við.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

13. Þann 24. mars, kl. 16.44, barst kjörstjórn ábendingu þess efnis að Röskvu hefði ljáðst að fjarlægja kosningaefni fyrir kjördag, líkt og skylt er skv. lögum Stúdentaráðs. Var tilmælum komið áleiðis til framboðsins og brugðust þau vel og snögglega við.
14. Hlé er gert á kosningum kl. 18.00 þann 24. mars, samkvæmt ákvörðun kjörstjórnar. Kl. 09.00 þann 25. mars hefjast kosningar að nýju.
15. Nokkuð var af nemendum sem hefðu útskrifast í febrúar og voru ekki á kjörskrá. Var þeim bætt við handvirkt af hálfu kjörstjórnar. Alls var 8 manns bætt á kjörskrá með þessum hætti á Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið og Félagsvísindasvið. Hefur ábendingu verið komið áleiðis til Nemendaskrár og ítrekar kjörstjórn það við næstu kjörstjórn að gæta að þessu þegar kjörskrá er tekin út.
16. Kosningum lokið þann 25. mars kl. 18.00. Endanleg kjörsókn var 26.46% og greiddu 3995 nemendur, af 15.086 á kjörskrá, atkvæði. Úrslit eru hjálögð ásamt öðrum skjölum kjörstjórnar. Þar með er störfum kjörstjórnar lokið.

Kjörstjórn mælir með að lögum SHÍ verði breytt svo þær heimili rafræna söfnun undirskrifta vegna framboða. Telur kjörstjórn að slík breyting sé til framdráttar og hægðarauka, bæði fyrir framtíðarkjörstjórnir en einnig framboðin sjálf.

Kjörstjórn

Alexandra Ýr van Ervan (R) (AÝE)

Eiríkur Búi Halldórsson (V) (EBH)

Jónas Már Torfason formaður (R) (JMT)

Lejla Cerdaklija (V) (LC)

Skýrslur um hverja kosningu, teknar út úr kosningakerfi, ásamt öðrum skjölum kjörstjórnar er að finna á skrifstofu Stúdentaráðs.



VIÐAUKI A - ÁRSSKÝRSLUR SVIÐSRÁÐA

SVIÐSRÁÐ FÉLAGSVÍSINDASVIÐS 2020-2021

Meðlimir sviðsráðs starfsárið 2020-2021 voru:

- Arnaldur Starri Stefánsson
- Hólmfríður María Böðvarsdóttir Howard
- Lenya Rún Taha Karim
- Sigurhjörtur Pálmason
- Una Magnea Stefánsdóttir

I. Hlutverk ráðsins

Hlutverk sviðsráðs er að gæta hagsmuna stúdenta innan sviðsins og vera málsvari stúdenta í stjórn sviðsins sem og nefndum þess. Fundir sviðsráðsins fóru að mestu fram í persónu, en í ljósi aðstæðna þurfti hluti funda að fara fram rafrænt. Á milli funda notuðu meðlimir ráðsins samfélagsmiðla til þess að ræða sín á milli.

II. Fjármál ráðsins

Útgjöld og tekjur sviðsráðs félagsvísindasviðs voru engar starfsárið 2020-2021.

III. Verklagsreglur ráðsins

Ráðið uppfærði og samþykkti verklagsreglur á fyrsta fundi sínum þann 11. júní 2020. Breytingar voru nokkuð minniháttar, hugtakanotkun var samræmd og úrehtar greinar felldar út. Verklagsreglurnar má nálgast hér. Rétt er að vekja athygli á því að næsta sviðsráð mun þurfa að uppfæra reglurnar, m.a. vegna breytinga á fjölda nemendafulltrúa í stjórn sviðsins. Fráfarandi sviðsráð mun miðla frekari upplýsingum til nýs sviðsráðs um önnur atriði sem kunna að gefa tilefni til breytinga.



IV. Fulltrúar í nefndum, ráðum o.fl.

Á félagsvísindasviði eru starfandi tvær nefndir sem stúdentar eiga sæti í ásamt því að eiga sæti í stjórn sviðsins og fulltrúa í stúdentasjóð. Á vordögum 2021 féllst stjórn sviðsins hins vegar á að fjölga sætum nemenda í stjórn um einn, og mun sviðsráð því eiga 2 fulltrúa í stjórn sviðsins frá og með næsta starfsári.

- a. Fulltrúi sviðsráðs í stjórn sviðsins var Arnaldur Starri Stefánsson.
- b. Fulltrúi sviðsráðs í kennslunefnd sviðsins var Lenya Rún Taha Karim og varafulltrúi var Una Magnea Stefánssdóttir.
- c. Fulltrúi sviðsráðs í jafnréttisnefnd sviðsins var Ingveldur Anna Sigurðardóttir.
- d. Fulltrúi sviðsráðs í Stúdentasjóði var Sigurhjörtur Pálmason.
- e. Fulltrúi í fulltrúanefnd sviðsráðs var Lenya Rún Taha Karim.
- f. Umsjónaraðili samfélagsmiðla var Hólmfríður María Böðvarsdóttir Howard
- g. Fulltrúar í skemmtinefnd sviðsráðs voru Lenya Rún Taha Karim og Sigurhjörtur Pálmason.

V. Helstu verkefni ráðsins á liðnu starfsári

Verkefni sviðsráðs voru fjölbreytt á árinu sem leið. Ráðið vann að hinum ýmsu málum, en Covid-19 faraldurinn setti eðlilega töluvert strik í reikninginn. Verður nú vikið að helstu verkefnum ráðsins og stöðu þeirra.

a. Covid-19

Strax í upphafi starfsársins lá fyrir að fyrir að Covid-19 faraldurinn myndi hafa í för með sér fjölmargar áskoranir. Við gerðum okkur grein fyrir því að störf ráðsins myndu að miklu leyti snúast um bregðast við aðgerðum skólans í tengslum við faraldurinn, aðstoða við ákvarðanatöku og standa vörð um hagsmuni stúdenta í því samhengi – sem varð einmitt raunin. Það má því segja að störf ráðsins hafi að miklu leyti verið „reaktív“ í ár, fremur en „próaktív“. Sem dæmi um þau verkefni sem ráðið sinnti í tengslum við ástandið má nefna aðstoð við nemendafélög, s.s. við að útvega „pro“-aðgang að Zoom, fundi með kennsluþróunarstjóra vegna nýrra áskoranna í kennslu, aðstoð við nemendur vegna tilfallandi fyrirspurna og svo auðvitað tilhögun lokaprófa, sem nánar verður vikið að hér á eftir. Að flestu



leyti gengu þessi verkefni vel, sérstaklega í ljósi þeirrar gríðarlegu óvissu sem þessar nýju aðstæður höfðu í för með sér.

b. *Staðpróf*

Ein stærsta áskorun starfsársins varðaði tilhögun lokapróf á haustmisseri 2020. Á tímabili stefndi í að deildir háskólans myndu að töluverðu leyti notast við staðpróf í stað heimaprófa, þrátt fyrir Covid-19 og þá staðreynd að kennsla á haustönn hafði að langmestu leyti verið rafræn. Vilji nemenda í þessum efnum var skýr, enda fylgdi því bæði smithætta sem og töluvert aukið álag að þurfa mæta í húsakynni skólans til þess að þreyta lokaprófin. Fulltrúi sviðsráðs í stjórn félagsvísindasviðs talaði máli nemenda á fundum stjórnar sviðsins og þann 19. október 2020 sendi ráðið formlegt erindi á deildarforseta á sviðinu og hvatti deildir til þess að notast við heimapróf eftir fremsta megni. Að endingu voru aðeins 5 staðpróf haldin á sviðinu á umræddu prófamisseri, en auk þess voru haldin sérstök sjúkrapróf í janúar vegna prófanna til þess að koma til móts við nemendur.

Í ljósi ofangreinds koma það ráðinu töluvert á óvart hver mörg staðpróf voru haldin á vormisseri 2021. Samskipti við stjórn sviðsins í upphafi vorannar bentu til þess að svipaðar áherslur yrðu lagðar til grundvallar hvað tilhögun prófa þá önnina varðaði, en raunin varð önnur. Þrátt fyrir athugasemdir sviðsráðs, þ.m.t. erindi sent deildarforsetum þann 30. mars 2021, voru staðpróf á sviðinu um 20 talsins á umræddu misseri, sem verður að telja ákveðin vonbrigði með hliðsjón ef þeim árangri sem náðist á haustönn.

c. *Sjúkra- og endurtektarpróf*

Undanfarin ár hefur tímasetning sjúkra- og endurtektarprófa vegna haustmisserisprófa verið eitt helsta þrætueplið á sviðinu, sem var sömuleiðis raunin í ár. Óformlegar umræður um tímasetningu prófanna hófust strax í upphafi haustannar, en ákallandi verkefni tengd Covid-19 voru þó sett í forgang. Eftir miklar umræður um tilhögun lokaprófa, sbr. b-lið hér að ofan, gafst loks færi á að tækla sjúkra- og endurtektarprófin af fullum krafti í lok október. Þann 6. nóvember sendi sviðsráð formlegt erindi á forseta sviðsins og deildarforseta þar sem fjallað var um skýran vilja stúdenta og þá staðreynd að vegna Covid-19 væri tilfærsla prófanna sérstaklega aðkallandi í ár. Undir erindið skrifuðu einnig forsetar allra sviðsráða háskólans sem



og fulltrúar nær allra nemendafélaga á sviðinu. Í erindinu lagði sviðsráð m.a. til að sjúkra- og endurtektarprófin yrðu haldin í lok janúar eða byrjun febrúar til þess að koma til móts við kennara og tryggja þeim svigrúm til þess að fara yfir desemberprófin. Fulltrúi sviðsráðs í stjórn sviðsins vann í kjölfarið að nánari útfærslu hugmyndarinnar í samstarfi við forseta félagsvísindasviðs og sem kynnt var á fundi stjórnar sviðsins. Útfærslan fékk góðar undirtektir hjá hluta stjórnar, en þó ekki öllum. Að endingu náðist ekki samhljómur meðal stjórnar sviðsins um breytinguna og var því fallið frá henni, sviðsráði til mikils ama. Þær umræður sem áttu sér stað, sem og sú staðreynd að sjúkrapróf voru haldin í janúar vegna þeirra staðprófa sem fóru fram í desember, bendir hins vegar til þess að tilhögun sjúkra- og endurtektarprófana sé ekki greypt í stein. Í öllu falli er ljóst að nýtt sviðsráðs ætti ekki að láta deigan síga, heldur halda áfram að þrýsta á þessa mikilvægu breytingu.

d. Húsnæði félagsvísindasviðs

Þegar að fráfarandi sviðsráð tók við störfum lágu fyrir óljósar upplýsingar um áætlaða úttekt á húsnæði sviðsins, m.a. með hliðsjón af aðgengismálum. Umræður um endurbætur á húsnæði tóku hins vegar snörpum breytingum í lok janúar þegar þúsundir fermetra af vatni flæddu inn í byggingar háskólans. Afleiðingar lekans voru miklar og lentu sérstaklega illa á félagsvísindasviði. Það er ljóst að það er ærið verkefni framundan í tengslum við tjónið, en þó felast í því ákveðin tækifæri. Sviðsráð kom því til að mynda áleiðis að setja mætti upp frekari hópavinnurými í húsnæði sviðsins, sem forseti sviðsins tók nokkuð vel í. Þær áætlanir eru vissulega á byrjunarreit, en það er þó mikilvægt að tryggja aðkomu nemenda að ákvarðanatöku um hugsanlegar breytingar á rýmum sviðsins í kjölfar tjónsins.

e. Aðgengi að gömlum prófum

Deildir sviðsins standa sig mis vel í því að veita fullnægjandi aðgengi að gömlum prófum, sem verður að teljast nokkuð undarlegt í ljósi þess hve ótvíræður réttur nemenda í þeim efnum er. Ákvæði upplýsingalaga eru skýr hvað þetta atriði varðar, en auk þess hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál fjallað um þetta tiltekna álitamál, sjá nánar hér. Í ákveðnum deildum félagsvísindasviðs virðist samt sem áður tíðkast að heimila nemendum einvörðungu að nálgast eldri próf á skrifstofum kennara, en ekki veita þeim afrit af prófunum. Sviðsráð telur þessa framkvæmd ekki standast upplýsingalög og skoðaði því möguleikann á því að leita til



Stúdentaráð Háskóla Íslands

úrskurðarnefndar upplýsingalaga á nýjan leik til þess að fá úr því skorið. Slíkt hefur þó ekki verið gert að svo stöddu.

f. *Sýnileiki ráðsins*

Til þess að geta sinnt hagsmunagæslu fyrir nemendur sviðsins er algjört lykilatriði að nemendur séu meðvitaðir um tilvist sviðsráðs og geti sett sig í samband við okkur. Sviðsráð hefur í nokkur ár haldið úti nokkuð öflugri síðu á Facebook, sem að fráfarandi sviðsráð gerði einnig. Þar að auki stofnaði sviðsráð Instagram-reikning á árinu og tók sömuleiðis í notkun netfangið studentfvs@hi.is, sem kom að góðum notum. Þessu til viðbótar er sviðsráð að leggja lokahönd á svokallað boðleiðayfirlit sem á að auðvelda nemendum á sviðinu að átta sig á því hvert þeir geti leitað með erindi sín og fyrirspurnir.

g. *Önnur mál*

Sviðsráð sinnti ýmsum tilfallandi málum á árinu, ráðið var til að mynda með kynningu á nýnemadögum í formi myndbands, sem mæltist vel fyrir. Forseti sviðsráðs hélt þar að auki stutta kynningu á sviðsráðinu á Háskóladeginum, sem fór fram á netinu í ár. Ráðið fundaði einnig með stjórnslu félagsvísindasviðs og fulltrúum nemendafélaga til þess að ræða áskoranir tengdar félagslífi og hugsanlegar lausnir í þeim efnum. Að endingu má nefna að fulltrúar sviðsráðs sóttu þing FVS, sem haldið var í byrjun desember. Þingið gekk vel fyrir sig, en tímasetning þess var vægast sagt óheppileg, enda flestir nemendur í lokaprófum á umræddum tíma

VI. *Önnur mál*

Önnin sem nú er að baki var vægast sagt krefjandi. Hún var þó, þrátt fyrir stórar áskoranir í formi heimsfaraldurs og flóða, bæði skemmtileg og lærdómsrík. Í því samhengi færi ég meðlimum sviðsráðs, sem og öðrum meðlimum stúdentahreyfingarinnar, mínar bestu þakkir fyrir samvinnuna. Ég þakka sömuleiðis stjórn og starfsmönnum sviðsins kærlega fyrir samstarfið og óska jafnframt nýju sviðsráði alls hins besta á komandi starfsári.


Fyrir hönd sviðsráðs,
Arnaldur Starri Stefánsson, forseti sviðsráðs félagsvísindasviðs



SVIÐSRÁÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS 2020-2021

1. Störf sviðsráðs

1.1. Hlutverk sviðsráðs

Samkvæmt 17. grein laga Stúdentaráðs skal sérhvert sviðsráð gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Skal sviðsráð vera sjálfstætt í sínum störfum nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Sviðsráð skal setja sér verklagsreglur um störf ráðsins í upphafi hvers starfsárs.

1.2 Fulltrúar í sviðsráði HVS 2020-2021

Brynhildur K Ásgeirsdóttir (R) – Forseti sviðsráðs

Salóme Sirapat Friðriksdóttir (R)

Ingi Pétursson (V) - Ritari

Jökull Sindri Gunnarsson Breiðfjörð (R)

Pórhildur Hlín Oddgeirsdóttir (R)

1.3 Fulltrúar í nefndum HVS:

Jafnréttisnefnd HVS: Jökull Sindri Gunnarsson Breiðfjörð

Kennslumálanefnd HVS: Brynhildur K Ásgeirsdóttir

Stjórn HVS: Brynhildur K Ásgeirsdóttir

1.4 Fundahald

Formlegir fundir sviðsráðs HVS voru fimm á starfsárinu. Þeir voru færri en ella sökum ástandsins í samfélaginu, en umfram fundi var sviðsráð í miklum samskiptum rafrænt. Fundir voru boðaðir með viku fyrirvara og var fundartími ákveðinn í sameiningu með könnun í facebook-hópi ráðsins. Fundardagskrá var send út með fundarboði hverju sinni. Fundargerðir sviðsráðs eru aðgengilegar á google drive aðgangi ráðsins.



1.5 Aðrir fundir

1.5.1 Fundir með sviðsforseta

Gott samstarf var á milli sviðsforseta HVS, Ingu Þórsdóttur og sviðsráðsforseta. Markmið okkar var að halda tvo sameiginlega fundi sviðsráðs, fulltrúaráðs HEILÓ og sviðsforseta. Fundir með sviðsforseta eru stór liður í að efla þátttöku nemendafélaga í hagsmunbaráttu stúdenta. Fundir voru gagnlegir og efldu samstarf milli sviðsráðs og fulltrúaráðs.

1.5.2 Fundur með verkefnastjóra Húss Heilbrigðisvísindasviðs

Sviðsráðsforseti var boðuð á fund með Hákonni Hrafni Sigurðssyni, verkefnastjóra Húss Heilbrigðisvísindasviðs. Þar var spurt um óskir nemenda er varða nýtt hús heilbrigðisvísindasviðs sem reist verður í sambandi við nýjan Landspítala. Fundur gekk vel og í kjölfarið sendi sviðsráð út könnun til nemenda sviðsins varðandi þetta.

2. Viðburðir á vegum sviðsráðs

Vegna COVID-19 voru engir viðburðir á vegum sviðsráðs á starfsárinu.

3. Verkefni sviðsráðs

3.1 Nýnemadagar

Sökum heimsfaraldurs voru nýnemadagar flestra deilda og námsleiða á sviðinu rafrænir. Sviðsráðsforseti lagði sig fram við að mæta á nýnemakynningar sem flestra námsleiða og deilda og fékk það góðar undirtektir frá bæði stjórnendum/kennurum og nemendum. Þar kynnti sviðsráðsforseti störf sviðsráðs og stúdentaráðs og hvatti nemendur til að hafa samband ef eitthvað bjátaði á.

3.2 Haustþing HVS



Sviðsráðsforseti hélt erindi á Haustþingi heilbrigðisvísindasviðs í september. Snerti hún á mikilvægi þess að haft sé samráð við nemendur í öllum þeim ákvörðunum er varða þau og að slíkt sé sérstaklega mikilvægt á tímum heimsfaraldurs.

3.3 Heilbrigðisþing Heilbrigðisráðherra

Sviðsráðsforseti tók þátt í pallborðsumræðu á þingi heilbrigðisráðherra í nóvember. Þar voru rædd vandamál í menntun heilbrigðisstarfsfólks og sköpuðust góðar umræður. Þinginu var streymt rafrænt á vegum ráðuneytisins.

3.4 Sýnileiki sviðsráðs

Aukinn sýnileiki var ákveðin áskorun í heimsfaraldri. Sviðsráð lagði sig fram við að vera virk á facebook, instagram og í tölvupósti. Instagram-aðgangur sviðsráðs HVS var stofnaður á starfsárinu þar sem sviðsráð fór í kynningarátak eftir Háskóladaginn. Þar voru flestar námsleiðir sviðsins kynntar af nemendum og fékk góðar undirtektir. HÍ-netfang var stofnað fyrir sviðsráðið á árinu sem ráðið var duglegt að auglýsa sem skilaði ágætum árangri. Þórhildur Hlín, meðlimur sviðsráðs sá um gerð kynningarefnis á formi mynda fyrir facebook- og instagram-síðu sviðsráðsins.

3.5 Könnun um óskir nemenda varðandi Hús HVS

Í kjölfar fundar með verkefnastjóra sendi sviðsráð könnun til nemenda á sviðinu þar sem þau gátu sagt frá óskum sínum er varða nýtt hús HVS. Könnunin var send út í gegnum fulltrúaráð HEILÓ, þar sem nemendafélög voru beðin um að auglýsa könnunina meðal nemenda. 144 svör bárust þar sem algengustu óskir voru um bætt aðgengi, gæði lesrýma og nútímavæddar kennslustofur. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á stjórnarfundum HVS 12. apríl.

3.6 Tillaga um stuðning við námsbraut í sjúkrapjálfum um að verða sjálfstæð deild

Eftir umræðu á stjórnarfundum HVS og viðræður við sviðsráð lagði sviðsráðsforseti fram tillögu á stúdentaráðsfundi um stuðning við að sjúkrapjálfun yrði sjálfstæð deild innan sviðsins. Þetta hefur lengi verið markmið sviðsráðs, að minni námsleiðum sé gert hærra undir höfði en raun ber vitni. Málinu hefur verið fylgt eftir á stjórnarfundum HVS og verður áfram á borði stjórnar.

3.7 Stjórnarfundir HVS



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Ýmis mál voru tekin upp á stjórnarfundum af fulltrúa nemenda í stjórn HVS. Þar má helst nefna

- Námsmat og próf á tímum COVID-19. Sviðsráðsforseti og ráðið í heild lagði mikla áherslu á að koma á framfæri áhyggjum nemenda um staðpróf á tímum heimsfaraldurs. HVS var iðulega með flest staðpróf allra sviða og setti ráðið ítrekað spurningamerki við það.
- Þak á vægi lokaprófa. Í kjölfar tillögu sem samþykkt var innan Stúdentaráðs á starfsárinu um þak á vægi lokaprófa var málið ítrekað tekið upp á stjórnarfundum HVS. Misgóðar undirtektir fengust en málið er komið í farveg í deildum sviðsins og verður því fylgt eftir af komandi sviðsráði.
- Notkun orðabóka í prófum. Sviðsráðsforseti lagði fram tillögu á stjórnarfundum um að heimila notkun orðabóka í prófum sviðsins. Góðar undirtektir fengust og var tillagan samþykkt. Málið er í farveg innan deilda auk þess sem það fékk stuðning frá kennslustjóra sviðsins.

4 HEILÓ fulltrúaráð

Lítill virkni hefur verið í HEILÓ fulltrúaráði nemendafélaga á heilbrigðisvísindasviði síðustu ár. Stefnir hefur verið að því að endurnýja lög ráðsins, sem ekki hafa verið endurskoðuð síðan 2015, en það hefur ekki náðst. Helsti samráðsvettvangur ráðsins er facebook hópur.

Nýr facebook hópur var stofnaður á starfsárinu þar sem fulltrúar gátu kynnst betur. Hópurinn hefur verið nokkuð virkur þar sem meðlimir hafa skipst á hugmyndum og lausnum á t.d. viðburðum á tímum heimsfaraldurs.

HEILÓ fulltrúaráð fundaði tvisvar á starfsárinu, í bæði skipti með forseta sviðsins og fulltrúa úr kennslunefnd sviðsins. Þar sköpuðust miklar umræður sem voru gagnlegar bæði fyrir sviðsráð og stjórn HVS.

5 Fylgiskjöl

5.1 Fylgiskjal 1 – Verklagsreglur sviðsráðs 2020-2021

1. Sviðsráð skal stefna að því að funda einu sinni í mánuði (að undantöldum frímánuðum).



2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hefur meðlimur áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Ef meðlimur í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföll sem allra fyrst til sviðsráðsforseta.
5. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
 - i. Á þeim fundi skal fráfarandi forseti sviðsráðs tilnefna nýjan forseta.
 - ii. Fulltrúar nýja sviðsráðs kjósa um forseta.
 - iii. Kosið skal um ritara.
 - iv. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráði.
 - v. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins
 - vi. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 - vii. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
6. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
7. Forseti boðar fundi með viku fyrirvara, neyðarfund má boða með tveggja sólarhringa fyrirvara
8. Þrír meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
9. Fundir eru opnir öllum og haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
10. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins.
 - i. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki.
 - ii. Sviðsráð skal veita öllum þeim sem óska þess, aðgang að fundargerðum og gögnum.
11. Verklagsreglur sviðsráðs eru aðgengilegar öllum stúdentum á student.is.
12. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínum á faglegum nótum.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

13. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.

5.2 Fylgiskjal 2 – Stefna sviðsráðs 2020-2021

Jafnréttismál

Geðheilbrigðismál:

- Fjölga þarf stöðugildum sálfræðinga og meðferðarúrræðum innan HÍ og stórefla geðheilbrigðisþjónustu við stúdenta. Þó að sálfræðiþjónusta klínískra sálfræðinema sé framúrskarandi eiga sálfræðinemar ekki að taka þungann af þessum skorti.
- Geðheilbrigðisfræðsla fyrir bæði starfsfólks og stúdenta í HÍ má bæta. Fræðsla um geðheilbrigðismál getur t.d. verið hluti af endurmenntun kennara, einnig má líta í meiri mæli til Hugrúnar - geðfræðslufélags.

Kynjajafnrétti:

- Jafnréttisfræðsla á að vera skylda fyrir bæði stjórnslu og stúdenta HÍ.
- Sviðsráð HVS telur þörf á því að stofna femínistafélag innan sviðsins. Kvenfyrirlitningu, kynbundinni áreitni og karllægum viðhorfum þarf að útrýma í kennslu á sviðinu. Einnig er nauðsynlegt að kvenkyns vísindamönnum sé gert hærra undir höfði.
- Halda þarf áfram að kynna þau úrræði sem eru í boði fyrir nemendur sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni, t.d. með því að gera Fagráð Háskólans enn sýnilegra. T.d. með því að hvetja nemendafélög sviðsins til að hafa úrræði aðgengileg á heimasíðum sínum.

Hinseginmál:

- Sviðsráð HVS telur mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn framtíðarinnar séu tilbúnir til þess að þjónusta alla skjólstæðinga sína af virðingu og án fordóma. Til að ýta undir það er mikilvægt að nemendum á sviðinu sé kennt kynlaust fagmál sem gengur ekki



Stúdentaráð Háskóla Íslands

út frá gagnkynhneigðu regluverki, kynjatvíhyggju eða forræðishyggju gagnvart þeim sem eru fötluð, hinsegin, með geðræn vandamál eða eru af erlendu bergi brotin.

- Við krefjumst þess að allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs viðurkenni mikilvægi hinseginfræðslu. Hún sé aðgengileg nemendum og verði hluti af námskrá.
- Hinseginfræðsla á að vera hluti af endurmenntun kennara.

Jafnrétti fólks af erlendum uppruna:

- Sviðsráð HVS telur nauðsynlegt að stúdentar á sviðinu fái fræðslu um stöðu erlendra einstaklinga í heilbrigðiskerfinu og þær hindranir sem þeir mæta. Þetta er mikilvægt til þess að auka jafnrétti þeirra sem ekki hafa fullt tak á íslensku máli og/eða hafa annan menningarlegan bakgrunn.
- Sviðsráð telur mikilvægt að spurningar í prófum séu bæði á íslensku og ensku, en það myndi vera mikil bót fyrir stúdenta sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Sviðsráð HVS telur brýna þörf til þess að auka aðgang erlendra nema að félagsstarfi nemendafélaga og samtaka. Sviðsráð vill hvetja öll nemendafélög og samtök nemenda á sviðinu til þess að hafa efni sitt líka á ensku til þess að auka aðgengi erlendra nema að viðburðum.

Málefni fatlaðra:

- Sviðsráð telur nauðsynlegt að gerð sé aðgengisúttekt á byggingum sviðsins og aðgangur fatlaðra sé tryggður að námi og kennslustofum. Staðan í dag er óásættanleg og hafa tafir á uppsetningu lyftu í Eirberg dregist úr öllu hófi.
- Sviðsráð HVS telur einnig nauðsynlegt að allar deildir, kennarar, stjórnslá og nemendur fái fræðslu um fötlunarfordóma og ableisma. Heilbrigðisstarfsfólk þarf að vera meðvitað um stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu og þær hindranir og fordóma sem það verður fyrir. Við þurfum aukna fræðslu til þess að geta mætt fötluðum af fagmennsku og án forræðishyggju.
- Nauðsynlegt að aðgengi að námi á sviðinu verði bætt svo allir geti stundað nám óháð aðstæðum.

Fjölskyldumál:



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Á Heilbrigðisvísindasviði eru of margir tímar kenndir eftir klukkan 16.00. Sviðsráð vill afnema skyldumætingu eftir klukkan 16.00 á daginn þar sem hún kemur sér afar illa fyrir foreldra í námi.
- Upptökur á fyrirlestrum og skýr námsmarkmið í kennsluáætlun eru gríðarlega mikilvæg fyrir foreldra í námi.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir foreldra í námi á sviðinu til þess að sinna börnum sínum, t.d. með því að tryggja að skiptiborð og barnastóla í hverri byggingu.

Kennslumál

Verklegt/klínískt nám:

- Sviðsráð krefst þess að veikindaréttur í klínísku námi sé í samræmi við það sem er á Norðurlöndunum.
- Álag á nemendur í klínísku námi er of mikið og betur þarf að halda utan um það. Sviðsráð vill tryggja að hvíldartími nema í klínísku námi sé virtur, þak sé sett hversu margar klst megi vinna á viku og svigrúm sé aukið, t.d. fyrir foreldra í námi.
- Sviðsráð vill að nemendur í klínísku námi fái tækifæri til að fylgja leiðbeinendum úr öðrum starfsstéttum innan spítalans, sem gæfi þeim innsýn inn í störf annarra stétta sem getur nýst þeim í starfi.

Nútímalegri kennsluhættir:

- Sviðsráð vill að fyrirlestrar séu teknir upp í öllum deildum sviðsins. Markvissar upptökur á fyrirlestrum eru mikilvægt jafnréttismál. Nú þegar er byrjað að taka upp í læknisfræði, hjúkrunarfræði, lyfjafræði og tannlæknisfræði.
- Nemendum á sviðinu á að vera leyft að vera með tölvur í öllum kennslustundum.
- Stefnt er að því að innleiða rafræn próf í HÍ og vill sviðsráð þrýsta á að HVS sé leiðandi í innleiðingu tæknivæddari kennsluhátta.
- Krafa sviðsráðs er að almennt gildi lokapróf ekki meira en 80% af lokaekunn. Sviðsráð vill beita sér fyrir meira símati og vendikennslu á sviðinu.
- Sviðsráð vill að hætt sé að draga niður fyrir röng svör í krossaprófum en fjölmargar kennslufræðilegar rannsóknir mæla gegn því.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Sviðráð vill beita sér fyrir því að kennslufni sé uppfært ár hvert. Óásættanlegt er að notast sé við gamalt kennslufni sem ekki er í takt við tímann.

Sjúkra- og endurtektarpróf:

- Sviðráð HVS ætlar að beita sér fyrir því að sjúkra- og endurtektarpróf verði í boði í öllum deildum sviðsins
- Sviðsráð HVS vill að endurtektarpróf séu tvisvar á ári í öllum deildum sviðsins, í janúar og í júní. Sviðsráð FVS framkvæmdi könnun árið 2019 sem sýndi skýran vilja stúdenta til þess, og einnig hefur tilraunaverkefni skólans á VON gengið vel.

Reynsla metin til eininga:

- Sviðsráð vill fara á fund forseta hjúkrunarfræðideildar og ræða möguleikann á því að sjúkraliðar fái metna grunnáfangi í hjúkrun á grundvelli náms síns og starfsreynslu.

Réttindi nemenda:

- Sviðsráð vill að prófasýningar séu haldnar í öllum námskeiðum og að kennarar auglýsi þær fyrir fram, í stað þess að nemendur þurfi að fara fram á þær. Umsjónarkennarar námskeiðsins skulu vera viðstaddir.
- Sviðsráð vill kanna afhverju skólaárið í læknisfræði er ekki í samræmi við aðrar deildir. Sérstaklega þarf að kanna hvaða áhrif þetta hefur á þá læknanema sem taka námslán hjá LÍN.

Nemendanúmer:

- Nemendanúmer hafa verið tekin upp alfarið í nokkrum deildum Heilbrigðisvísindasviðs. Einungis á að styðjast við þau við próftöku og verkefnaskil í öllum deildum sviðsins til þess að tryggja sanngirni og hlutleysi gagnvart öllum nemendum og virða rétt þeirra til persónuverndar.
- Nemendanúmer skulu vera notuð í þeim tilgangi sem þau eru hugsuð, til að gæta nafnleyndar nemenda, og skulu þau ekki vera birt öðrum nemendum ásamt einkunnum

Gæðamál:

- Fjöldi stundakennara á sviðinu á ekki að koma niður á gæðum náms.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Sviðsráð krefst þess að ekki sé ósamræmi milli vinnuálags og einingafjölda í námskeiðum. Þetta á sérstaklega við í verklegum áföngum.
- Sviðsráð fer fram á að stundartöflur á vef HÍ, Uglu og í kennsluskram séu samræmdar en vandamál hafa verið í deildum sviðsins vegna þess og árekstrar myndast.

Aðstaða nemenda

Nýtt hús Heilbrigðisvísindasviðs:

- Sviðsráð mun beita stjórnvöld þrýstingi um að fjármagn verði sett til byggingar nýs húss Heilbrigðisvísindasviðs, sem á að vera tilbúið árið 2024.

Húsnæði:

- Sviðsráð vill tryggja það að flakk milli bygginga sé sem allra minnst. Þetta hefur lengi verið eitt helsta hagsmunamál minna deilda sviðsins. Enn er til mikils að vinna til þess að tryggja sem besta námsaðstöðu stúdenta í minni deildum.
- Sviðsráð vill að allar deildir sviðsins hafi heimabyggingu þar sem þeir geti fengið lykil að byggingunni.

Lesstofur:

- Sviðsráð vill að borðum í lesstofum Læknagarðs sé aftur fjölgað, en þeim fækkaði umtalsvert eftir breytingar.
- Sviðsráð vill að tekið sé tillit til þess gífurlega fjölda sem stundað nám á sviðinu og að fjöldi lesrýma sé í samræmi við það.

Kennslustofur:

- Sviðsráð vill að stúdentar hafi óheftan aðgang að kennslustofum utan kennslustunda, líkt og tíðkast í öðrum skólum og geti pantað stofur og fundarherbergi án endurgjalds.
- Sviðsráð telur nauðsynlegt að kennslustofur sviðsins uppfylli ákveðnar gæðakröfur. Snagar til þess að hengja yfirhafnir, innstungur fyrir tölvur og þess háttar. Einnig er mikilvægt að borð og stólar séu í góðu lagi og nóg af þeim fyrir nemendur. Töflur þurfa einnig að vera í góðu ásigkomulagi.

Nemendarymi:



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Meðlimir sviðsráðs vinna nú að því að fá sjálfsala í Eirberg og Stapa.
- Sviðsráð telur nauðsynlegt að stúdentum og nemendafélögum séu útbúin rými í byggingum sviðsins. Stuðlar þetta að aukinni vellíðan og virkni í háskólasamfélaginu.

Fjármála- og atvinnulífsmál

Launað verknám:

- Sviðsráð HVS vill berjast fyrir því klínískt verknám stúdenta á sviðinu sé metið til launa sem og eininga. Mennta- og menningarmálaráðherra stefnir á að verknám kennaranema verði launað til þess að auka aðsókn í námið, og liggur því í augum upp að gera slíkt hið sama til þess að auka aðsókn í hjúkrunarfræði og aðrar greinar.
- Það er krafa sviðsráðs að stúdentar í skyldugu starfsnámi á meistaranámi fái greitt fyrir störf sín. Nú fá ljóðmóðurnemar greitt fyrir sín störf, og því við hæfi að aðrir nemar á meistaranámi fái það líka. Ólíðandi er að stúdentar á sviðinu séu nýttir sem ólaunað vinnafli á heilbrigðisstofnunum, heldur á menntun þeirra að vera metin til verðleika.

Umhverfis- og samgöngumál

Samgöngur:

- Nauðsynlegt er að tryggja að nemendur og starfsfólk geti nýtt sér strætó og hjóla- og gönguleiðir til þess að komast á milli háskólabygginga á meðan framkvæmdir við LSH og Gömlu Hringbraut standa yfir.

Umhverfisvernd:

- Sviðsráð vill að kennsla á sviðinu miði að því að stúdentar, sem framtíðarheilbrigðisstarfsmenn, leitist við að starfa á sem umhverfisvænastan hátt.
- Nauðsynlegt er að tryggja að tunnur fyrir lífrænan úrgang séu aðgengilegar og fjölgi.

Grænkerakostir í Hámu:

- Auka þarf úrval af grænmetis- og vegankostum í Hámu sviðinu öllu. Sviðsráð vill athuga möguleikann á því að fá salatbar í Eirberg.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

SVIÐSRÁÐ HUGVÍSINDASVIÐS 2020-2021

Meðlimir sviðsráðs starfsárið 2020-2021 voru:

Katla Ársælsdóttir (forseti) (Röskva)

Erlingur Sigvaldason (ritari) (Röskva)

Ingibjörg Iða Auðunardóttir (samfélagsmiðlastjóri) (Röskva)

Jórunn Rögnvaldsdóttir (Röskva)

Gunndís Eva Baldursdóttir (Vaka)

Nytsamlegar upplýsingar:

Listinn hér að neðan er ekki tæmandi en fráfarandi sviðsráðsforseti telur að þetta séu upplýsingar sem gott er að hafa í farteskinu á komandi starfsári. Þá vill fráfarandi sviðsráðsforseti einnig taka það fram að verðandi sviðsráðsforseta er velkomið að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.

- Sviðsráðið hefur haldið utanum öll sín gögn. Þ.e.a.s. fundargerðir, fundardagskrár o.fl. á Google Drive sem allir meðlimir ráðsins hafa aðgang að.
- Flest öll samskipti sviðsráðsmeðlimar hafa farið fram í gegnum Facebook-spjall og Facebook hóp. Á Facebook hópnum var jafnframt ákveðið fundartíma og fundargerðir voru einnig birtar þar sem og á Google Drive-inu sjálfu. Á spjallinu fór fram almennari umræða um málefni sviðsins og þau verkefni sem sviðsráðið var að vinna að.
- Ef sviðsráð vill halda fundi innan skólans skal forseti sjá um að panta stofu í gegnum kennslustofur@hi.is. Best er að hafa samband með nokkra daga fyrirvara og þarf pöntunin að fara í gegnum HÍ netfang og kennitala skal jafnframt fylgja með.
- Mikilvægt er að kjósa varafulltrúa fyrir stúdentaráð sem fyrst og fannst okkur heppilegast að hafa samband við varafulltrúa úr nýafstöðnum kosningum og athuga hvort þeir hefðu áhuga. Þá er einnig gott að athuga með þá sviðsráðsmeðlimi sem sitja ekki í Stúdentaráði enda er mjög gott að þeir séu meðvitaðir um það sem á sér stað innan stúdentaráðsfunda. Af sama skapi skal forseti sviðsráðs skipa varafulltrúa fyrir stjórnarfundi Stúdentaráðs sem og fundi



Stúdentaráð Háskóla Íslands

með stjórn sviðsins. Ingibjörg Iða Auðunardóttir var varafulltrúi á fundi með stjórn sviðsins en Erlingur Sigvaldason var varafulltrúi í stjórn SHÍ.

Hlutverk sviðsráðs

Hlutverk sviðsráðs Hugvísindasviðs er að gæta, bæta og halda utanum hagsmuni stúdenta sviðsins og er tengiliður nemenda við stjórn Hugvísindasviðs. Ráðið fundaði um það bil einu sinni í mánuði en forseti þess sat fundi með stjórn Hugvísindasviðs tvisvar í mánuði sem og mánaðarlega fundi með stjórn Stúdentaráðs.

Innan sviðsráðsins skipuðum við í þrjú embætti, forseta, ritara og samfélagsmiðlastjóra. Hér að ofan eru upplýsingar um þá sem sinntu hverju og einu hlutverki.

Forseti hafði yfirumsjón yfir verkefnum ráðsins, útteildi verkefnum á milli meðlima ráðsins sem og hjálpaði til við framkvæmd á verkefnum þegar þess þurfti. Forseti boðaði einnig sviðsráðsfundi sem voru að jafnaði einu sinni í mánuði og undirbjó fundardagskrá. Forseti skal passa að boða fundi með í það minnsta tveggja daga fyrirvara. Forseti ber þá einnig ábyrgð á að finna fundarstað en þetta skólaárið fóu fundirnir að jafnaði fram í fjarfundarbúnaði. Sömmuleiðis sat forseti í stjórn SHÍ fyrir hönd sviðsráðsins og einnig á stjórnarfundum Hugvísindasviðs sem annar fulltrúi nemenda.

Ritari sá um að rita niður fundargerðir hvers fundar og birta hana eftir hvern fund fyrir öðrum meðlimum ráðsins.

Samfélagsmiðlastjóri var með yfirumsjón á samfélagsmiðlum ráðsins, passaði að setja allar upplýsingar sem ráðið taldi mikilvægt að hinn almenni stúdent fengi að vita sem og annað efni sem sviðsráðið vildi birta á samfélagsmiðlum sínum.

Sviðsráðsmeðlimir bera ábyrgð á að framkvæma verkefni sem þeim er gefið og fylgja þeim eftir.

Aðrar nefndir og hlutverk innan Hugvísindasviðs

Kennslunefnd Hugvísindasviðs: Einn fulltrúi nemenda situr í kennslunefnd Hugvísindasviðs. Hefð er fyrir því að meðlimur sviðsráðsins taki að sér það hlutverk en það hefur verið breytilegt í gegnum tíðina. Ingibjörg Iða Auðunardóttir, ritari sviðsráðsins tók að sér að vera fulltrúi í kennslunefnd á þessu



Stúdentaráð Háskóla Íslands

skólaári. Þá er vert að taka fram að með tillögu frá kennslunefnd SHÍ sem samþykkt var á liðnu starfsári kann að vera að breytingar verði á hvernig skipað sé í nefndina.

Deildarráð og deildarfundir Íslensku- og menningardeildar: Torfi Túlinius, deildarforseti Íslensku- og menningardeildar óskaði eftir hjálp forseta sviðsráðs um að finna fulltrúa stúdenta til að sitja bæði deildarráðs og deildarfundi þetta skólaárið. Fulltrúarnir þurfu að vera tólf samtals og fór töluverð vinna í að finna þessa fulltrúa og þess vegna er gott að hafa það bakvið eyrað ef svipaðar aðstæður koma upp á næsta starfsári.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Samskipti við stjórn sviðsins gekk almennt vel og var gott upplýsingaflæði á milli. Það sama má segja um samskiptin við Stúdentaráð en stjórn SHÍ er frábær samstarfsvettvangur sem ég tel mikilvægt að nýta að fullu. Á liðnu skólaári skipti það einkum miklu máli og er mikilvægt að sviðin sýni samheldni og séu á sömu blaðsíðu.

Það sem ég tel að hefði mátt gera betur er að það hefði verið gaman að halda sviðsþing líkt og hefð hefur skapast undanfarin ár en það var ekki hægt þetta árið vegna ástandsins í samfélaginu. Sviðsráðið sjálft hélt mánaðarlega fundi sem var temmilegt en vorum þess á milli í góðum samskiptum í gegnum samfélagsmiðla. Ráðið lagði ríkari áherslu á samfélagsmiðlanotkun sem ég tel að hafi gengið vel og var mjög þægilegt að skipa samfélagsmiðlastjóra innan sviðsráðsins sem sá um allt sem fór þar fram.

Í byrjun hvers misseris fór ráðið yfir þau verkefni sem þau vildu framkvæma á misserinu, ákveðið var ábyrgðarmaður verkefnisins og áætlaður tími til framkvæmdar var einnig skráður. Þá voru verkefnin flokkuð eftir því hvort væru langtíma eða skammtímamarkmið. Þetta hjálpaði gífurlega mikið og gerði verkefnaskiptingu töluvert einfalda sem og ég tel mikilvægt að hafa góða yfirsýn yfir þau verkefni sem verið er að sinna sem og þau verkefni sem meðlimum ráðsins langar að hrinda í framkvæmd. Sömuleiðis höfðu allir meðlimir ráðsins aðgang að skjalinu þar sem þessar upplýsingar voru skráðar og þar með gætu þeir fyllt inn nauðsynlegar upplýsingar og bætt við hugmyndum að verkefnum ef þeir vildu. Sviðsráð Hugvísindasvið eyddi engum fjármunum þetta skólaárið og hlaut enga styrki til verkefna.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Niðurlag

Ég hvet verðandi sviðsráð að skoða verkefnalistann sem fráfarandi sviðsráð geymdi inn á Google Drive aðgangi sínum en verðandi sviðsráðsforseti getur óskað eftir aðgangi að skjalinu. Það eru mörg verkefni sem enn væri gott að vinna að þar sem nokkur framtíðarmarkmið er að finna. Einnig er listi yfir verkefni sem sviðsráðið hefði viljað framkvæma en gátu það ekki sökum heimsfaraldurs. Líkt og gefur að skilja var þetta ekki hefðbundið starfsár hjá sviðsráðinu og því var mikið af vinnu þessa skólaárs frábrugðin hefðbundnu starfsári ráðsins.

Það hefði verið óskandi að geta haldið málþing á starfsárinu en sviðsráðinu langaði að halda tvö, eitt á sitthvoru misserinu. Það var því miður ekki hægt en gaman væri ef verðand sviðsráð myndi halda málþing að minnsta kost einu sinni á starfsárinu ef hægt er.

Samskipti við stjórn Hugvísindasviðs, kennara og annað starfsfólk var töluvert og voru þau samskipti einna helst í gegnum tölvupóst. Þessi samskipti voru þá helst vegna óánægju nemenda á prófum eða verkefnum þó það hafi verið breytilegt. Ráðið fékk margar fyrirspurnir og kvartanir þetta árið sem við náðum að leysa úr eða setja í réttan farveg að mestu leyti.

Það væri gaman að sjá frekari áherslu á samfélagsmiðla sviðsráðsins og reyna að ná til enn fleiri stúdenta sviðsins gegnum þá. Síðustu tvö ár höfum við verið með samfélagsmiðlaáttak til að efla hugvísindi og gaman væri ef það yrði haldið áfram með einhverju móti. Af sama skapi tel ég að mikilvægt sé að halda áfram að upplýsa nemendur sviðsins með almennum reglum og viðmiðum skólans, til dæmis hvað varðar próf og verkefnaskil. Við höfum einnig viljað efla þátttöku hins almenna nemanda í eigin hagsmunabaráttu en það væri hægt að leggja enn frekari áherslu á það.

Það eru fjölmörg verkefni á ofangreindum lista sem væri gaman að sjá fara í framkvæmd ef tækifæri gefst. Þá nefni ég einna helst úttekt á Árnagarði en fráfarandi sviðsráð ræddi það mikið á milli sín eftir að Háma hætti starfseminni þar. Einnig væri gott að fylgjast vel með gangi mála í Húsi íslenskra fræða, til að mynda þrýsta á opnun Hámu svo eitthvað sé nefnt.

Katla Ársælsdóttir, sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs skólaárið 2020-2021



Stúdentaráð Háskóla Íslands

SVIÐSRÁÐ MENNTAVÍSINDASVIÐS 2020-2021

Í sviðsráði Menntavísindasviðs SHÍ skólaárið 2020-2021 sátu:

- Magdalena Katrín Sveinsdóttir, nemi í þroskaþjálfrafræði, forseti
- Gabriela Sól Magnúsdóttir, nemi í grunnskólakennarafræði, sviðsráðsfulltrúi
- Gréta Sóley Arngrímsdóttir, nemi í tómstunda- og félagsmálafræði, sviðsráðsfulltrúi
- Sóley Arna Friðriksdóttir, nemi í leikskólakennarafræði, sviðsráðsfulltrúi
- Regína Ösp Guðmundsdóttir, nemi í íþróttá- og heilsufræði, sviðsráðsfulltrúi
- Eva Baldursdóttir, nemi í uppeldis- og menntunarfræði

Fulltrúaskipti

Eva Baldursdóttir tók við sem sviðsráðsfulltrúi í stað Reginu Aspar Guðmundsdóttir í febrúar 2021.

Hlutverk sviðsráðs

Samkvæmt 17. grein laga Stúdentaráðs skal sérhvert sviðsráð gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Skal sviðsráð vera sjálfstætt í sínum störfum nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Sviðsráð skal setja sér verklagsreglur um störf ráðsins í upphafi hvers starfsárs.

Covid-19 hafði mikil áhrif á starfsemi sviðsráðs MVS þetta starfsárið og beindist athyglin að öðrum verkefnum en sviðsráðið lagði upp með í byrjun starfsársins. Sviðsráðið tók í notkun nýtt netfang studentmvs@hi.is og tók sviðsráðið á hverju máli sem barst þeim eða beindi þeim í rétta átt. Einnig sátu fulltrúar sviðsráðsins í ýmsum nefndum innan sviðsins en erfiðlega hefur gengið að fá aðra fulltrúa stúdenta í þær nefndir.

Nýnemadagar og kynningar

Haft var samband við sviðsráðið haustið 2020 í sambandi við að halda stutta kynningu á starfsemi Stúdentaráðs Háskóla Íslands og sviðsráð MVS, á nýnemadögum sem voru haldnir með öðruvísi sniði þetta árið vegna Covid-19. Sviðsráðsforseti tók það verkefni að sér og gengu kynningarnar vel, tækifærið var nýtt til þess að vekja athygli á hlutverki og starfsemi sviðsráðsins sem og SHÍ. Sviðsráðinu barst svo nokkur erindi í byrjun skólaárs þar sem nýnemar lýstu yfir óöryggi sínu varðandi húsakynni



Stúdentaráð Háskóla Íslands

MVS, þar sem húsnæðiskynningar MVS voru af skornum skammti vegna Covid-19. Sviðsráð hafði þá samband við stjórnendur MVS og spurst fyrir hvort eitthvað væri hægt að gera til að koma til móts við þá nemendur sem voru óöryggir. Sviðsráðið lagði til að bjóða mætti upp á sérstakar húsnæðiskynningar sem nemendur gætu skráð sig í, þar myndi vera fjöldatakmörkun og ef margir nýnema myndu skrá sig, væri hægt að fjölga húsnæðiskynningunum. Stjórnendur tóku vel í þessa hugmynd og fékk sviðsráðið nemendafélög MVS með sér í lið og héldu húsnæðiskynningar fyrir nýnema. Á þeim kynningum voru fulltrúar nemendafélaga og sviðsráðs að ganga með hóp nýnema og kynna fyrir þeim byggingar MVS ásamt þjónustu sem er í boði í þessum byggingum. Kynningarnar gengu vel og var ágætlega sótt í þær.

Sviðsþing Menntavísindasviðs 15. október 2020

Forseti Menntavísindasviðs hafði samband við sviðsráðið og óskaði eftir ávarpi nemenda á þinginu, þar sem beðið var sérstaklega um málefni nemenda við MVS hvað varðar nýja kennsluhætti sökum Covid-19. Sviðsráðsforseti tók þetta verkefni að sér og nýtti tækifærið til að benda kennurum og stjórnendum á hvað hefur gengið vel með þessum nýju kennsluháttum, hvað hefur ekki gengið vel og hvað mætti betur fara.

Samráðsfundir með stjórnendum MVS

Mikil óvissa ríkti í háskólasamfélaginu þegar sóttvarnaraðgerðir voru hertar vegna Covid-19 hausið 2020 og snérust áhyggjur nemenda að lokaprófshaldi og námsmati haustannar. Sviðsráðsforseti setti sig í samband við forseta Menntavísindasviðs og óskaði eftir samráðsfundi þar sem stjórnendur, sviðsráð og fulltrúar nemendafélaga MVS gætu hist á jafningagrundvelli og rætt saman. Áhyggjur nemenda snérust að miklu leyti um óvissuna varðandi lokaprófshald en lítið hafði komið frá stjórn hvernig lokapröfunum yrði háttað, enn var mikil óvissa hvaða próf yrðu staðpróf og lýstu nemendur óánægju sinni vegna fjölda staðprófa miðað við ástandið í samfélaginu. Þessi eini samráðsfundur varð að þremur samráðsfundum og voru þeir haldnir milli október og nóvember. Þessir fundir reyndust mjög mikilvægir og voru stjórnendur tilbúnir til að hlusta á áhyggjur nemenda varðandi staðpróf og fækkuðu staðprófum á haustmisseri umtalsvert.

Samráðsfundur með stjórnendum MVS og fjarnemum



Í kjölfar Covid-19 hafa miklar breytingar átt sér stað er varðar kennsluhætti Háskóla Íslands. Covid-19 leiddi í ljós að allt er mögulegt þegar kemur að fjarnámi við háskólann. Sviðsráðið óskaði eftir fundi með stjórnendum Menntavísindasviðs til að ræða um kennslumál og gæði fjarnáms á Menntavísindasviði og tóku stjórnendur vel í þá hugmynd. Þar sem allir sviðsráðsfulltrúar eru í staðnámi auglýsti sviðsráðið eftir fjarnemum til að taka þátt á fundinum og segja frá þeirra upplifun af fjarnámi fyrir og eftir Covid-19. Fundurinn reyndist mjög mikilvægur og gagnlegur og voru fjarnemar beðnir um að segja frá reynslu sinni af fjarnámi fyrir Covid, hvað mætti bæta og hvaða nýjungar eða kennsluhætti mætti nýta til fjarnáms sem kom út frá Covid-19. Einnig var rætt um framtíð fjarnáms á MVS og hvaða úrbætur þyrftu til þess að fjarnám gæti þróast en ekki staðnað í náinni framtíð. Sviðsráðsforseti vann svo samantekt frá fundinum og sendi til stjórnenda sviðsins. Einnig hvatti sviðsráðið stjórnendur til að taka upp reglulega samráðsfundi með fjarnemum í öllum deildum sviðsins, þar sem það kom fram á fundinum að fjarnemar hafa mismunandi upplifun og reynslu út frá því í hvaða deild fjarnemi er í námi.

Mál sem eru í farvegi

- Halda þarf áfram að vinna með málefni fjarnema á MVS.
 - Halda áfram að ræða um skipulagningu staðlota á MVS.
 - Nýta þá kennsluhætti sem notaðir voru í Covid-19 til að bæta fjarnám á MVS.
 - Þrýsta á fleiri samráðsfundi milli stjórnenda og nemenda
- Fjölbreytileiki í námsefni á MVS
- Finna leiðir með stjórnendum MVS til að fá fulltrúa nemenda í nefndir eða ráð er varða hagsmuni stúdenta
- Áhugasvið þroskahamlaðra nemenda í Háskóla Íslands
- Aðgengismál
- Fulltrúi nemenda sé í samráðshóp er varðar framtíðarhúsnæði MVS
- Opna á samskiptaleiðir milli nemendafélaga og sviðsráðs MVS
 - T.d. með því að halda samráðsfundi milli hagsmunafulltrúa nemendafélaga og sviðsráðs. Mörg mál sem koma inn á borð hagsmunafulltrúa nemendafélaga sem sviðsráð getur aðstoðað við.
 - Einnig gæti það nýst sviðsráði vel til að vera með á nótunum hvað sé að gerast í öllum deildum sviðsins.

Magdalena Katrín Sveinsdóttir, forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs 2020-2021



Stúdentaráð Háskóla Íslands

SVIÐSRÁÐ VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS 2020-2021

Gagnlegar upplýsingar

Hér er búið að taka saman helstu upplýsingar til að finna svör við hugsanlegum spurningum sem koma upp. Listinn er ekki í neinni ákveðinni röð og er ekki tæmandi.

1. Sviðsráð heldur úti google drive síðu þar sem hægt er að nálgast öll gögn eins og fundargerðir, ályktanir, verklagsreglur o.fl. gögn. Reynt var að halda úti Slack aðgangi en það reyndist ekki virka en gagnavinna var mikið unnið í gegnum Teams sem hentaði vel. Þægilegt að færa allt síðan yfir á drive möppuna upp á að hafa starfsemi fyrri ára á sama stað.
2. Til að panta fundarstað er haft samband við kennslustofur@hi.is eða þeir bókaðir í gegnum fundarboð og „room list“ í Outlook. Mælum frekar með að bóka stofur í gegnum outlook eða á Teams. Það á þá helst við um Langholt fundarherbergið í VR2 sem var mest notað.
3. Almennar fyrirspurnir á sviðið má senda á nemvon@hi.is eða hafa beint samband við einstaklinga sem eiga í hlut.
4. Sameiginlegur vettvangur sviðsráðs hefur verið haldið úti sem hópi á Facebook. Nýtt sviðsráð gerir sinn eigin hóp.
5. Fulltrúaráðið NáttVerk heldur einnig úti hópi á Facebook. Best er að fulltrúi sviðsráðs í NáttVerk búi til nýja síðu fyrir 2020-2021. Einnig er gott að vera með spjall á Facebook með öllum fulltrúum Náttverks ef starfsmenn sviðsins eru í hópnum sjálfum.
6. Sviðsráð heldur úti Facebook síðu. Þar komum við gagnlegum upplýsingum á framfæri til nemenda og segjum frá áföngum sem við náum í gegnum árið. Einnig var stofnaður Instagram aðgangur fyrir sviðsráð sem heitir svidsradvon. Það var mikið lagt upp úr sýnileika þetta árið og hvetjum við til þess að því sé haldið áfram.
7. Sviðsráð fékk afhent HÍ netfang seinasta haust sem forseti hefur einn aðgang að. Tölvupóstfangið er studentvon@hi.is og er mikilvægt að vekja betur athygli á því. UTS hjálpar við að skipta um eiganda.
8. Sviðsráð tekur við nafnlausum ábendingum í gegnum Google Forms. Er í description á facebook síðunni en engin fyrirspurn barst á starfsárinu. Það væri hægt að auglýsa vettvanginn betur.
9. Ítarefni skjal. Linkar að stefnum og ýmsum áhugaverðum greinum má finna á drifinu.
10. Málefnamappa sviðsráðs er á drifinu. Mælt er til þess að sviðsráð 2021-2022 búi til sína eigin málefnamöppu/hugmyndabanka og geta þá notast við sama skjal til þess að skilgreina



Stúdentaráð Háskóla Íslands

hugmyndirnar. Góð leið til þess að koma hugmyndum á framfarir við sviðsforseta og stjórn sviðsins er að fylla út þetta skjal.

11. Það er mismundandi eftir árum hvort sviðsráð hafi fjármagn til ráðstafa en hægt er að leita styrkja til SHÍ eða sviðsins fyrir útgjöld í kringum t.d. viðburði.
12. Endurnýta má kynningar ár frá ári en hægt er að nálgast þær á drifi sviðsráðs.

Um sviðsráð

Hlutverk sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs er að sinna hagsmunagæslu fyrir nemendur á sviðinu. Sviðsráð starfar í umboði nemenda og talar þeirra rödd þegar kemur að hinum ýmsu málum. Sviðsráð sér um bein samskipti við stjórn sviðsins og upplýsir nemendur um þau mál sem eru í brennidepli hverju sinni.

Sviðsráð 2020-2021 tók við þann 21. maí 2019. Sviðsráðsfundir voru haldnir á tveggja vikna fresti út allt starfsárið nema ef eitthvað sérstakt kom upp eins og kosningar, frí eða aukið álag. Í upphafi hvekkar annar var valinn fastur fundartími á Doodle. Það reyndist vel. Fundir voru haldnir í VR2 þegar aðstæður leyfðu en flest allt starfsárið fóru fundir fram á Teams.

Fulltrúar sviðsráðs 2020-2021

- Herdís Hanna Yngvadóttir, forseti (Röskva)
- Kristín Helga Jónsdóttir, ritari (Vaka)
- Alec Elías Sigurðarson, samfélagsmiðlastjóri (Röskva)
- Mars M. Proppé (Röskva)
- Haukur Friðriksson (Röskva)

Ábyrgðarhlutverk innan sviðsráðs

Forseti sviðsráðs sér um að boða til funda sviðsráðs með tveggja daga fyrirvara. Fundir eiga að vera haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði og forseti finnur einnig fundarstað. Samkvæmt tillögu sem lögð var fyrir á Stúdentaráðsfundi var miðað við að fundir væru viku fyrir Stúdentaráðsfundi til að tryggja samráð og samvinnu þegar kemur að dagskrá SHÍ funda. Forseti sér um að útdeila verkefnum á sviðsráðsmeðlimi og ganga á eftir þessum verkefnum. Ábyrgðarhlutverk einstaklinga verður að vera skýrt.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Ritari sviðsráðs sér um og ber ábyrgð á að fundargerðir séu ritaðar á fundum og haldið til haga á drifi sviðsráðs. Fundargerðir skulu vera tilbúnar og aðgengilegar þremur dögum eftir fund.

Samfélagsmiðlastjóri sviðsráðs sér um að halda Facebook-síðu og öðrum miðlum uppfærðum með reglulegu millibili. Þetta er mikilvægt hlutverk fyrir ásýnd sviðsráðs VoN og svo að nemendur viti hvert hægt sé að leita ef upp koma mál

Sviðsráðsmeðlimir sjá um sín verkefni og að ganga á eftir þeim. Sviðsráð er samsett af sviðsráðsmeðlimum og hægt er að koma mörgu í framkvæmd ef að allir hjálpast við að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að hver og einn sviðsráðsmeðlimur sýni gott frumkvæði.

Fulltrúar í nefndum VoN

Stjórn VoN: Herdís Hanna Yngvadóttir og Alec Elías Sigurðarson

Kennslumálanefnd: Haukur Friðriksson

Náttverk: Alec Elías Sigurðarson

Jafnréttisnefnd: Mars M. Proppé

Fulltrúar í nefndum innan SHÍ

Stjórn SHÍ: Herdís Hanna Yngvadóttir

Úthlutunarnefnd stúdentasjóðs SHÍ: Haukur Friðriksson

Fulltrúar í alþjóðlegum samstörfum

Nordtek: Haukur Friðriksson

Helstu áfangar og hagsmunamál ársins

Í byrjun starfsársins fór sviðsráðið í málefnavinnu og stefnumótun en allt með það til hliðsjónar að áhrif COVID-19 á skólahald myndi vera í forgrunni allt árið sem svo gerðist. Það voru því ekki sett sér nein langtíamarkmið heldur var ákveðið að vera tilbúin að bregðast hratt við öllum breytingum sem krafðist góðra samskipta meðal sviðsráðsins. Í byrjun árs 2021 var farið í frekari málefnavinnu og horft til framtíðar. Útkoma þessa fundar markaði skýra sýn á það hvernig sviðið getur þjónað nemendum



Stúdentaráð Háskóla Íslands

betur. Lítið sem ekkert svigrúm var til að koma þeim hlutum í gang og er því vonast til þess að nýtt sviðsráð taki upp boltann að nýju.

Verkefni vetrarins

Ryðjum veginn

Vegna aðstæðna í samfélaginu var ekki í boði að halda viðburð eins og seinustu tvö árin en í staðinn héldum við vikulegar kynningar 11. febrúar - 11. mars og var markmiðið að auka sýnileika kvenfyrirmynda í verkfræði og vísindum. Við fengum því að heyra frá fimm flottum konum sem eru á mismunandi stað í sínum starfsferli, allt frá mastersnema til framkvæmdastjóra Krónunnar. Kynningarnar voru birtar á bæði Facebook síðu og Instagram aðgang sviðsráðsins og það voru margir sem fylgdust með í hverri viku.

Nýnemadagar

Sviðsráðið fékk að kynna starfsemi sína á breyttum nýnemadögum. Þar sem hver námsleið hélt eigin kynningu þá skiptum við okkur upp og fengum að fylgja nemendapjónustunni á allar kynningarnar þrettán. Þetta þótti heppnast vel og var mikilvægt til að gera nýnemum grein fyrir því hvert þeir gætu leitað með hvers kyns hagsmunamál stúdenta.

Rafrænir kennsluhættir

Sviðsráðið talaði mikið fyrir því hvernig góðir kennsluhættir væru og var lögð mikil áhersla á að jafnræði væri til staðar á meðal nemenda og að allir kennarar myndu kenna út frá stöðluðum grunni. Mikil áhersla var lögð á að lokapróf færu fram á netinu svo nemendur væru ekki að stofna sér í hættu að óþörfu enda sýndu niðurstöður könnunar SHÍ að mikil hræðsla var hjá nemendum. Þó svo að einungis 54% prófa enduðu á því að vera fjarpróf þá myndaðist mikil umræða um framtíð rafrænna kennsluhátta. Aukin notkun á Inspira kerfinu sem og upptaka Canvas gerði það að verkum að kennsluhættir hafa breyst mikið á stuttum tíma og því skiptir það máli að fulltrúar nemenda fylgist með stöðu mála og grípi inn í þar sem það á við.

Jafnréttisfræðsla starfsmanna



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Í janúarmánuði var lögð fram tillaga innan stjórnar sviðsins sem sneri að jafnréttisfræðslu fyrir starfsmenn sviðsins. Mikil umræða átti sér stað sem endaði á þann hátt að tillögunni var vísað til nýstofnaðrar jafnréttisnefndar sviðsins sem myndi vinna áfram með málefnið.

Sýnileiki sviðsráðs

Sviðsráðsmeðlimir skelltu sér í myndatöku í byrjun starfsárs sem var nýtt til kynningar á meðlimum ráðsins á Instagram aðganginum. Sviðsráðið nýtti sér öll tækifæri sem gáfust til að vekja meiri athygli á starfseminni og málefnum sem voru í gangi. Við fengum einnig að kynna sviðið og félagslífið í samstarfi við nemendajónustuna fyrir nokkrum bekkjum í framhaldsskólum. Með því að auka virkni ráðsins á samfélagsmiðlum þá jók það athygli að öllu starfinu okkar sem skilaði sér í auknum samskiptum við nemendur og þeir leituðu meira til okkar.

Varðandi leyfi við birtingu myndefnis

Tíðkast hefur að nýta nemendur í kynningarefni fyrir sviðið og komu upp mál þar sem þetta efni var ekki birt með leyfi nemenda. Nú liggur fyrir að þegar nemendur taka þátt í efni sem slíku þá þarf að fá skriflegt leyfi þeirra fyrir notkun og allri birtingu þar sem þeim eru gerð skýr skil hvar efnið muni birtast og við hvaða aðstæður.

Þing sviðsins

Á starfsárinu voru haldin tvö þing innan sviðsins. Hið fyrra var Sviðsþing VoN á haustmisseri og var þema þess fjarkennsla og mastersnám. Þar fékk sviðsráðið í fyrsta sinn að halda erindi undir yfirheitinu: Fjarkennsla - áskoranir og tækifæri. Þar fór sviðsráðsforseti yfir stöðu mála og lagði áherslu á að upplýsa kennara og aðra starfsmenn um líðan nemenda á sviðinu. Kallað var eftir frekara samtali þar sem hlutirnir væru unnir meira í samstarfi við nemendur sem skilaði sér í kennsluþingi sem var haldið í apríl 2021. Það var virkilega áhugaverður vettvangur þar sem fulltrúar nemenda fengu tækifæri til að ræða við kennara og starfsfólk sviðsins og verður spennandi að sjá hvað niðurstöður þingsins munu leiða af sér. Sviðsráðið hélt utan um skipan nemenda á sviðsþingið og reyndist það best að senda út Google Forms til nemendafélaga og fá fulltrúa þaðan.

Áhugakönnun



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Sviðsráðið framkvæmdi áhugakönnun fyrir Náttverk svo stjórnir nemendafélaga fengju að vita hvernig nemendur vildu að félagslífi væri háttað í samkomubanni.

Kaffivél í Verkval

Meðlimir sviðsráðs fengu á vormisseri aðgang að aðstöðu í Verkvali þar sem hún hafði legið niðri allt skólaárið. Vilji var fyrir því að bjóða aftur upp á kaffi en vélin þar var hætt að virka. Eftir samræður við verkefnisstjóra VR2 fengum við það samþykkt að sviðið myndi leigja nýja kaffivél fyrir nemendur sem er nú staðsett í Verkvali og mun nýtast næstu Verkvalsnefndum.

Starfsemi innan nefnda og ráða

Stjórn VoN

Tveir fulltrúar sviðsráðs sátu fundi stjórnar sviðsins en þeir voru Herdís Hanna Yngvadóttir og ýmist Mars M. Proppé, Haukur Friðriksson eða Alec Elías Sigurðarson eftir hentugleika. Stjórn VoN samanstendur af forseta sviðsins (1), deildarforsetum (6) og fulltrúum nemenda (2), en saman hafa fulltrúar nemenda 1 atkvæði.

Á stjórnarfundum eru helstu málefni sviðsins rædd og ákvarðanir teknar. Oft koma einstaklingar úr stoðþjónustu VoN, starfsmenn af öðrum sviðum og víðar úr háskólasamfélaginu til þess að taka þátt í samtalinu. Það er því mjög mikilvægt að hafa fulltrúa á þessum vettvangi til að gæta vel að þeim málum er varða hagsmuni stúdenta. Fundirnir eru haldnir á tveggja vikna fresti, á miðvikudögum kl. 10-12. Fulltrúar fá fundargögn send í pósti frá verkefnastjóra stjórnar sem annast samskipti við nemendur að miklu leyti. Fundir vetrarins fjölluðu að miklu leyti um COVID og hvernig ætti að hátta starfsemi sviðsins svo gæði kennslunnar væri viðhaldið. Fleiri málefni sem voru tekin fyrir voru t.d. inntökuskilyrði deilda, fjárhagsstaða deilda, tækjakaup og jafnréttismál.

NáttVerk

NáttVerk er fulltrúaráð allra nemendafélaga innan Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs. Meðal markmiða NáttVerk er að hafa sameiginlegan samskipta vettvang og bæta samstarf nemendafélaga við sviðsráð VoN. Meðal hlutverka NáttVerk er að taka þátt í skipulagningu á Nýnemadögum, halda NáttVerk-leika, skipuleggja útilegu og skipa fulltrúa úr sínum deildum til þess að kynna námið á



Stúdentaráð Háskóla Íslands

háskóladögum. Skrifstofa sviðsins er í góðu samstarfi við NáttVerk og fara samskipti mikið fram á Facebook-hóp. Lög NáttVerk má finna á google-drifi sviðsráðs VoN.

Félagið er skipað einum fulltrúa hvers aðildafélags en Sviðsráð VoN er eitt þeirra. Fulltrúi Sviðsráðs í NáttVerk ber ábyrgð á því, skv. 7. grein laga NáttVerks, að skipa aðalfund eigi síðar en 31. maí ár hvert. Að auki sér fulltrúi um að upplýsa meðlimi NáttVerk um þau mál sem SHÍ vinnur að og leita eftir álitum og stuðningi NáttVerk í þeim málum sem við koma nemendum á sviðinu.

Á þessu ári var Náttverk ekki formlega starfandi. Eins og undanfarin ár var Facebook hópur með fulltrúum nemendafélaga stofnaður í aðdraganda nýnemadaga þar sem upplýsingaflæði var milli sviðsins og nemendafélaga. Þessi vettvangur var nýttur í skipulagningu nýnemadaga, umræðu um námshópa og almennar tilkynningar. Facebook spjall og Teams hópur voru einnig sköpuð með fulltrúum sviðsráðs og nemendafélaga fyrir umræður sem áttu sér einungis stað milli nemendafélaga og sviðsráðs.

Nokkrir fundir voru haldnir í byrjun haustanna til þess að ræða um stöðu nemenda, þ.á m. sérstaklega nýnema, vegna áhrifa Covid-19 faraldursins. Sviðsráð gerði könnun um stofnun áhugahópa fyrir nemendum á VoN (hjólhreiðahópar, skáklúbbar o.fl.), en fallið var frá áframhaldandi vinnu vegna hertra sóttvarnartakmarkanna. Tveir fundir voru haldnir milli sviðsráðs og nemendafélaga í nóvember til þess að ræða um lokapróf haustið 2020.

Í heild tókst að hafa meiri samskipti milli sviðsráðs og nemendafélaga heldur en árið áður. Einnig var töluvert um það að nemendafélög nýttu sér vettvanga sem voru skapaðir til þess að hafa samskipti sín á milli.

Kennslunefnd

Kennslunefnd VoN hittist einu sinni í mánuði og tekur fyrir málefni sem tengjast kennslu á sviðinu. Eitt af verkefnum nefndarinnar er að veita kennslu viðurkenningu til tveggja kennara á sviðinu, en annars eru teknar fyrir umræður um sérstök kennslu málefni eins og:

- Enska í kennslu, sérstaklega enska þýðingu á prófum fyrir þau sem óska þess, þar sem stefna sviðsins er að kennsla fari fram á íslensku og kennarar hafa ekki allir góð tök á bæði íslensku og ensku.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Hluteinkunn í áföngum milli ára: kennslunefnd ræddi mögulegar útfærslur á aðstæðum sem nemendur mega taka með sér hluteinkunn í áföngum sem þau taka aftur.

Kennslunefnd tekur afstöðu gagnvart þessum málum og kemur þeim áfram í vinnuferli, ýmist innan skrifstofu VoN eða ber þau undir stjórn sviðsins.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd VoN tók aftur til starfa eftir nokkur ár í dvala en sviðsráð hefur einn fulltrúa þar inni. Fyrsti fulltrúi nemenda er Mars M. Proppé og mun starfa þar til lok maí 2022 en þá mun nýtt sviðsráð kjósa um nýjan aðila á skiptafundi þess árs og mun sá aðili sitja í eitt ár. Mörg áhugaverð málefni eru á dagskrá nefndarinnar og verður spennandi að fylgjast með þessari mikilvægu nefnd takast á við stór málefni.

Nordtek

Vegna samfélagsaðstæðna var ekkert starf á vegum Nordtek þetta starfsár en Nordtek er nokkurs konar tengslanet (rektora) tækniháskóla á Norður- og Eystrasaltslöndunum. Tengslanetið á að þjóna þeim tilgangi að, meðal annars, vera staður fyrir skóla að kynnst

nýjum kennsluháttum og bera saman hvað mismunandi skólar eru að gera varðandi menntun o.fl., ýta undir nýsköpun, að vera þrýstihópur innan landanna og jafnvel alþjóðlegur, ýta undir áhuga ungmenna á verkfræðimenntun á hærra stigi. Samkvæmt upplýsingum sviðsráðs vildi fyrrum forseti Nordtek jafnframt beita sér meira sem þrýstihóp.

Nordtek hefur verið með alls kyns pælingar, eins og kom t.d. hugmynd sem virðist vera í

framkvæmd um svokallað "ventura cup" sem væri þá nokkurs konar ráðstefna sem frumkvöðlar gætu sótt á og fengið styrki.

Það er árleg ráðstefna þar sem mæta rektorar, stúdentafulltrúar og fleiri. Nemendafulltrúar veita innsýn nemenda á alls kyns hluti á ráðstefnunni. Á ráðstefnunni verður kosið í Nordtek Student Board. Nordtek student board hefur verið svolítið óviss um hlutverkið sitt en það nýjasta sem hefur komið fram þar var að það gæti verið mögulegt tengslanet fyrir nemendur og nemendafélög skólanna.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Árlega hafa tveir fulltrúar nemenda VoN farið ásamt sviðsforseta á árlega ráðstefnu Nordtek. En skólinn hefur séð um mest allan kostnað og upphald nemenda á þessari ráðstefnu. Fulltrúar nemenda hafa almennt verið fráfarandi fulltrúi sviðsráðs í Nordtek og hinn þá sá sem hefur verið valinn til að taka við af honum.

Verkefni á dagskrá

- Aukin aðstoð grunnema í lokaritgerðarsmíðum
- Starfsþjálfun í grunnnámi í öllum deildum
- Aðstöðumál í byggingum sviðsins

Verklagsreglur

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
3. Forseti ábyrgist fundaraðstöðu.
4. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
5. Ritari ábyrgist fundargerðir og skilar þeim innan við viku frá fundi.
6. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
7. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin með sólarhrings fyrirvara
8. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
 - a. Aðalfulltrúar fráfarandi og nýkjörins sviðsráðs skulu mæta á skiptafund.
 - b. Fulltrúar nýs sviðsráðs kjósa um forseta og ritara.
 - c. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráð (NáttVerk). Hann hefur áheyrnar- málfrelsis- og atkvæðisrétt á fundum Náttverk. Aðrir sviðsráðsmeðlimir hafa áheyrnar- málfrelsis- og tillögurétt á fundum NáttVerk.
 - d. Kosið skal um markaðsfulltrúa sviðsráðsins.
 - e. Kosið skal um tvo fulltrúa í stjórn VoN. Æskilegt er að fulltrúarnir komi úr ólíkum deildum og að kynjasjónarmið séu höfð í huga.



- f. Kosið skal um fulltrúa og varafulltrúa í Kennslunefnd VoN sem hefur jafnframt sæti í Kennslumálanefnd SHÍ.
 - g. Kosið skal um fulltrúa í Nemendafélagsnefnd SHÍ.
 - h. Verklagsreglur skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins.
 - i. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, ásamt almennri lýsingu á starfi og skipulagi fráfaramandi sviðsráðs.
 - j. Fráfaramandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málstöðu sviðsráðs.
9. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörrið sviðsráð situr fundi með fráfaramandi sviðsráði.
 10. Sviðsráð kys um fulltrúa í Nortek samtökin.
 11. Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
 12. Fundur telst löglegur ef meirihluti atkvæðabærra fulltrúa er mættur.
 13. Fundir eru opnar öllum og haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
 14. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins.
 - a. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki sviðsráðsmeðlima.
 15. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum.
 16. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagrað Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.
 17. Sviðsráð sér til þess að VoN hafi aðgang að stjórnskiptingu og ábyrgðardreifingu Sviðsráðs og NáttVerk. (Hver skiptir í hvaða nefnd o.s.frv.)
 18. Forseti sviðsráðs býr til vettvang fyrir nýskipað Náttverk.
 19. Forseti sviðsráðs passar upp á að góður andi sé við lýði í sviðsráði.
 20. Á sviðsráðsfundum ríkir skoðanafrelsi og skulu allir fulltrúar sviðsráðs sýna hvort öðru virðingu á fundum sem og á öðrum vettvöngum.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

VIÐAUKI B - TILLÖGUR SAMÞYKKTAR AF STÚDENTARÁÐI

Stúdentaráðsfundur
24. júní 2020

TILLAGA

um stuðningsyfirlýsingu við umsögn Rauða Krossins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs gefi út yfirlýsingu til stuðnings umsagnar Rauða Kross Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga

Rökstuðningur

Þann 26. maí skilaði Rauði Kross Íslands umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi (sjá stjórnarfrumvarp). Umfram umsögn Rauða Kross Íslands hefur frumvarpið um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 fengið alvarlegar athugasemdir frá umsagnaraðilum, eins og Flóttamannastofnun Sameinuðu Þjóðanna árið 2019. Umrætt frumvarp, ef samþykkt, mun hafa áhrif á núverandi og framtíðar námsfólks Háskóla Íslands, þar sem nemenda- og starfshópur er einkum fjölbreyttur hópur og eru í skólanum einstaklingar af ólíkum uppruna og við mismunandi aðstæður. Færa má rök fyrir því að hætta sé á að með aukinni skilvirkni í málaferli einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd, flóttafólks og barna (sjá t.d. 2.gr. frumvarpsins) sé á sama tíma grafið undan mannréttindum þeirra. Það er mikilvægt að Stúdentaráð standi með námsfólki og öllum af erlendum uppruna og sýni samstöðu gegn frumvarpi sem mun hafa áhrif á réttindi þeirra og öryggi.

Tillaga þessi miðar að því að sýna samstöðu Stúdentaráðs með réttindum nemenda og fólks alls af erlendum uppruna með því að styðja með yfirlýsingu umsögn Rauða Kross Íslands.

Vífill Harðarson, oddviti Rösquu í Stúdentaráði



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

24. júní 2020

TILLAGA

um aukin úrræði stúdenta með íslensku sem annað mál

Lagt er til að SHÍ í samráði við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands og fræðasvið innan háskólans ýti undir aukin úrræði fyrir stúdenta með íslensku sem annað mál í prófum og kennslutímum. Úrræði sem boðin ættu að vera upp á eru leyfi til þess að vera með orðabók í prófum og gjaldfrjálst námskeið til að undirbúa sig fyrir skilning á fræðilegum skrifum og undirbúning til að geta skrifað fræðileg og málefnaleg rit.

Flutningsaðilar: Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku

Skýring

Oftar en ekki gleymast stúdentar innan háskólans sem hafa ekki alist upp við að tala íslensku eða hafa búið erlendis og koma til Íslands fyrir háskólagöngu sína. Þessi tiltekinn hópur af nemendum fellur ekki undir hóp erlendra nema, heldur eru þeir taldir sem íslenskir nemendur og eru þau afar mörg sem stunda nám við Háskóla Íslands. Eins eða tveggja daga námskeið sem býður upp á undirbúning og skilning á fræðilegum ritum eða textum tæki ekki mikinn tíma og gæti hjálpað heilmörgum fyrir komandi ár í háskóla. Eins gætu orðabók í prófum átt mikinn þátt í auknum árangri þegar kæmi að prófum og slíku. Tungumálakunnátta spilar mikið inn í háskólagöngu stúdenta og er því ekki uppfyllt skilyrði jafnrétti allra til náms ef tiltekinn hópur stúdenta fellur inn í eitthvað tómarúm sem ekki er hægt að fylla upp í með auknum stuðning.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

27. júlí 2020

T I L L A G A

um þátttöku Stúdentaráðs í Gleðigöngunni

Lagt er til að Stúdentaráð og fylkingar þess gangi saman undir merkjum SHÍ í Gleðigöngunni þann 8. ágúst 2020, samhliða því að gefa út rafræna stuðningsyfirlýsingu til stuðnings hinsegin samfélagsins, og að þátttakan verði skipulögð af Jafnréttisnefnd SHÍ og Q-félagi hinsegin stúdenta.

Rökstuðningur

Gleðigangan er enn mikilvægur liður í sýnileika, baráttu og gleði hinsegin fólks. Því er einnig mikilvægt að Stúdentaráð, sem hefur beitt sér fyrir málefnum hinsegin stúdenta, taki þátt og sýni áframhaldandi stuðning við fjölbreytileika og jafnrétti. Í ár skipuleggja þátttakendur eigin gönguleiðir með tillit til smitgátar. Undirritað leggur til að Jafnréttisnefnd SHÍ í samstarfi við Q-félag hinsegin stúdenta fái það hlutverk að skrá og skipuleggja þátttöku Stúdentaráðs í komandi Gleðigöngu.

Vífill Harðarson, oddviti Röskvu í Stúdentaráði



Stúdentaráð Háskóla Íslands

27. júlí 2020

Bókfærð mál

T I L L A G A

um myndatöka SHÍ

Í samræmi við d-lið 11. gr. laga Stúdentaráðs um bókfærð mál er hér með lögð til afgreiðsla án umræðu að skrifstofa Stúdentaráðs skipuleggi myndatöku fyrir fulltrúa Stúdentaráðs í ágúst mánuði, líkt og gert var á síðasta starfsári.

Rökstuðningur

Sýnileiki Stúdentaráðs er alltaf í umræðunni og því er ráð að mynda alla fulltrúa ráðsins með það að markmiði að vera sýnileg stúdentum öllum, einkum nýnemum, þegar kennsla hefst að nýju í ágúst. Skrifstofa SHÍ myndi þá taka að sér að skipuleggja myndatöku í samráði við fulltrúa ráðsins og í kjölfarið skipuleggja myndaskipti meðal allra, á Facebook og Instagram. Jafnframt er skrifstofu falið að semja stuttan texta sem skal fylgja myndunum, sem dæmi: *Ég er aðalfulltrúi í Stúdentaráði Háskóla Íslands 2020-2021 á Félagsvísindasviði.*

Teknar yrðu myndir af aðal- og varafulltrúum í Stúdentaráði, fulltrúm í sviðsráðum og nefndarmeðlimum.

Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

*Stúdentaráðsfundur
27. júlí 2020
Rafræn atkvæðagreiðsla
30. júlí 2020*

TILLAGA

um atvinnuleysisbótakröfu Stúdentaráðs

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands haldi áfram að beita sér fyrir því að stúdentum sé tryggður réttur til atvinnuleysisbóta, eins og þeir áttu í námshléum til ársins 2010, og geri svo óháð tímabili þannig að krafan einskorðist ei lengur við sumarið 2020.

Ein helsta krafa Stúdentaráðs hefur frá því í mars verið að stúdentum eigi að tryggja atvinnuleysisbætur yfir sumartímamann, vegna aukins samdráttar á vinnumarkaði vegna samkomubanns sökum Covid-19. Sumarið er nú hálfnað og þrátt fyrir úrræði stjórnvalda til að koma til móts við stúdenta er enn ekki komin langtímalausn við atvinnuleysi meðal stúdenta, verði sem dæmi bakslag í samfélaginu. Stúdentaráð á fulltrúa í samhæfingarhóp stjórnvalda og er það ráð að halda áfram að nota þann vettvang til að leita lausna á erfiðri stöðu stúdenta þannig að þeir lendi ekki aftur í sömu aðstæðum og í vor.

Rökstuðningur

I. Inngangur

Stúdent er ekki heimilt að vera í meira en 10 einingum, samhliða vinnu, til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum missi hann vinnuna. Rökin fyrir því séu að námsmenn eigi rétt á námslánum. Á sama tíma verður stúdent að standast 22 einingar til að geta fengið greidd námslán, nú hjá Menntasjóði námsmanna. Hér skiptir engu máli hvort stúdent sé í námi og hlutastarfi eða í 100% vinnu og námi með. Stúdent sem missir vinnuna hefur engan rétt á bótum einfaldlega vegna þess að hann er námsmaður. Allt annað vinnandi fólk hefur rétt á atvinnuleysisbótum, að því marki sem það hefur unnið og af launum þeirra verið greitt gjald í atvinnuleysistryggingasjóð. Ef við myndum snúa aftur til kerfisins sem var við lýði árið 2010 myndu vinnandi námsmenn einfaldlega geta sótt sér í þann rétt sem þeir hafa áunnið sér með greiðslu atvinnutryggingagjalds af laudnum þeirra. Atvinnuleysisbæturnar sjálfar væru því í samræmi við hve mikið einstaklingur hefur unnið síðastliðna 36 mánuði rétt eins og hjá öðrum sem missa vinnuna.

II. Stutt samantekt á málinu frá mars 2020:



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Hlutabótaleiðin svokallaða, var lögð fram á þingi 17. mars. Í henni fólst m.a. að einstaklingur yrði að halda 50% starfshlutfalli og lækka um a.m.k 20% til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda útaf samkomubanninu og faraldrinum. Stúdentaráð sendi frá sér umsögn og sagði að 50% viðmiðunar starfshlutfallið væri of hátt fyrir stúdenta, sem eru margir í hlutastarfi með námi og ná augljóslega ekki upp í það starfshlutfall. Stúdentum til mikillar ánægju var hlutfallið lækkað úr 50% í 25% og sérstakri málsgrein var bætt við frumvarpið sem tók mið af stúdentum. Þetta var samþykkt á þingi 19. mars og átti að vera í gildi til 1. júní. Þarna átti sér stað breyting á atvinnuleysisbótakerfinu þar sem stúdentar eiga almennt ekki rétt á bótum vegna þess að þeir eru í námi. Það að stúdentum hafi verið tryggt aðgengi að hlutabótaleiðinni er gott dæmi um að það sé hægt að fara í kerfisbreytingar, það þarf aðeins vilja og frumkvæði til, og að atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs sé réttmæt.

Strax í mars 2020 var ljóst að meginþorri stúdenta væri að upplifa mikla vanlíðan vegna óvissuástandsins sem blasti við þeim. Í apríl var ljóst að stúdentar væru komnir í erfiða fjárhagsstöðu og margir yrðu atvinnulausir yfir sumarið. Atvinnuleysisbætur voru það úrræði sem myndi grípa allt námsfólk sem ekki kæmist að í vinnu og þótti það sjálfsgætur réttur þar sem af launum stúdenta er greitt atvinnuþryggingagjald í atvinnuleysistryggingasjóð, sem nemur 1.35% af launinum þeirra, eins og hjá öllum vinnandi landsmönnum samkvæmt 3. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990. Það ætti að vera næg ástæða fyrir því að hafa aðgang að fjárhagslegu öryggisneti atvinnuleysistryggingakerfisins.

III. Afnáam réttinda stúdenta 2010 og atvinnuþryggingagjald og atvinnuleysistryggingakerfið:

Þegar stúdentar voru útilokaðir frá rétti til atvinnuleysisbóta í námshléum 1. janúar 2010 hefði verið ráð að breyta fyrirkomulaginu í heild sinni þannig að téð gjald væri ekki að renna í sjóð sem stúdentar mega ekki sækja í. Tæp 70% stúdenta vinna þó með námi enn þann dag í dag, sbr. Eurostudent og könnun SHÍ og greiða því gjald í sjóðinn. Í könnun SHÍ frá apríl 2020 spurðum við þann hóp sem vinnur með námi, hvort þeir kæmust af fjárhagslega án hlutastarfsins en 47% sögðust ekki geta það. 38% sögðust geta komist af en eiga erfitt með það. Aðeins 16% segjast komast auðveldlega af án hlutastarfsins. Eurostudent hefur sýnt að 71% námsmanna á Íslandi telji að án launaðs starfs hefðu þeir ekki efni á að vera í námi. Það er því augljóst að námsmenn á Íslandi vinna með námi og á sumrin, og það meir en nágrannaþjóðir okkar.



Ef miðað er við að 70% námsfólks HÍ vinna samhliða námi, í 50% starfi og fullu starfi að sumri á lágmarkslaunum, skv. kjarasamningi SGS og SA frá 2010, nema atvinnuþryggingagjöld þess hóps yfir 3,5 milljarða króna frá 2010. Samkvæmt Eurostudent vinna stúdentar þó að meðaltali 26 klst. á viku með námi sem er nær 70% starfshlutfalli og því er talan að í raun töluvert hærra en 3,5 milljarðar sem stúdentar hafa greitt í sjóðinn. Það gæti a.m.k. ekki verið skýrara að atvinnuþryggingagjöld vinnandi námsfólks skapa milljarða af tekjum atvinnuleysistryggingasjóði og því fráleitt að þeir hafi verið án réttinda úr sjóðnum í áratug.

Ítrekað hefur verið talað um að stúdentar verði að vera virkir. Orðræðan um að virkja stúdenta er erfið. Staða stúdenta á Íslandi í íslensku menntakerfi er þannig að yfirgnæfandi meirihluti stúdenta vinnur með námi nú þegar. Stúdentar eru bæði námsmenn og vinnuafli þessa lands. Að tala um að virkja stúdenta gefur í skyn að það að vera í 100% námi og hlutastarfi samhliða til að halda sér á floti er ekki nóg virkni. Að vinna allan ársins hring til að eiga fyrir sér og sína sé ekki nóg virkni. Það er staðreynd að stúdentar leggja atvinnuleysistryggingasjóði lið með þeirra vinnuframlagi. Stúdentar eru virkir þátttakendur í samfélaginu okkar, þeir vinna með skóla til þess eins að geta framfleytt sér og stunda nám sitt af alúð. Þeir eru ef til vill í öðrum verkefnum og hafa ýmsar aðrar skyldur að gegna til viðbótar; sinna félagslífi, vinum, fjölskyldu sinni o.fl. Nám er eins og við vitum öll 100% vinna og ættu stúdentar að geta stundað það óáreitt og áhyggjulaus.

Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs hefur ekki undir neinum kringumstæðum snúist um að stúdent sem ekki hefur þörf á að sækja sér fjárhagsaðstoðar geti gert svo frjálsglega. Fyrir utan þau rök sem áður hafa komið fram, sem útskýra ástæður að baki kröfunni, þá skal skýrt vera að til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum þarf einstaklingur að geta uppfyllt sett skilyrði Vinnumálastofnunar. Skilyrðin eru eftirfarandi:

- Einstaklingur þarf að vera í virkri atvinnuleit og þarf að uppfylla m.a. eftirfarandi kröfur:
 - er fær til flestra almennra starfa
 - er 18-70 ára
 - er búsettur og staðsettur á Íslandi
 - hefur frumkvæði að starfsleit og er reiðubúinn að taka hvert það starf sem greitt er fyrir, hvort sem það er hlutastarf eða fullt starf
 - hefur vilja, heilsu og getu til að taka starfi án sérstaks fyrirvara



- á ekki rétt á launum eða öðrum greiðslum í tengslum við störf á vinnumarkaði þann tíma sem hann telst vera í virkri atvinnuleit nema um minnkað starfshlutfall sé að ræða
- er reiðubúinn að veita Vinnumálastofnun nauðsynlegar upplýsingar til að auka líkur á að fá starf við hæfi
- er reiðubúinn til að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum
- þarf að hafa vera *launamaður* (þegið laun) á *ávinnslutímabili* (sl. 36 mánuðir) enda hafi af því verið greitt atvinnuþryggingagjald
- þarf að vera í virkri atvinnuleit í a.m.k. þrjú virka daga frá því umsókn um atvinnuleysisbætur barst Vinnumálastofnun
 - *ATH: einstaklingur sem skráður er í nám án þess að hafa lokið náminu og heldur áfram á næstu námsönn telst ekki vera í virkri atvinnuleit í námsleyfi í skóla*
 - Þetta skilyrði er það skilyrði sem kemur í veg fyrir að námsmenn eigi rétt á atvinnuleysisbótum að sumri verði þeir án atvinnu þá. Undanþágan um að námsmenn teljist ekki geta verið í virkri atvinnuleit er sú breyting sem var gerð 1. jan 2010
- Einstaklingur hefur upplýsingaskyldu gagnvart Vinnumálastofnun um alla framvindu sem kann að hafa áhrif á rétt hans til bóta. Dæmi um slíkar breytingar eru eftirfarandi:
 - þátttaka í námi, tilfallandi vinnu, hlutastarf, fullt starf, aðrar tekjur sem umsækjandi fær samhliða atvinnuleysisbótum
- Einstaklingur þarf að staðfesta að hann sé ennþá án atvinnu og í virkri atvinnuleit 20. - 25. dags hvers mánaðar

Af þessu má komast að þeirri niðurstöðu að það sé nánast ógerlegt að ætla sér að fara á bætur í stað þess að vinna einfaldlega vegna þess að einstaklingur vilji ekki vinna en vilji þiggja bætur. Það er jafnframt gott sem ógerlegt að ætla sér að taka sumarfrí frá vinnu og fara á bætur í því skyni að verða ekki fyrir tekjutapi. Atvinnuleysisbætur eru ætlaðar þeim sem missa vinnuna sökum samdráttar á vinnumarkaði eða uppsagna eða annarra sambærilega ástæðna og neyðast þar með til að leita sér fjárhagsaðstoðar. Það raungerðist í mars þegar hundruðir urðu atvinnulausir sökum samdráttar á vinnumarkaði vegna kórónuveirufaraldursins, og höfðu námsmenn ekkert öryggi að sækja í.



IV. Nánar um kröfu Stúdentaráðs hingað til

Stúdentaráð hefur fundið mikinn meðbyr með kröfu sinni hingað til. Landssamtök íslenskra stúdenta stóðu fyrir undirskriftasöfnun þar sem þau kölluðu eftir stuðningi við kröfu stúdenta til atvinnuleysisbóta sem 2.814 manns skrifuðu undir. Samstarfsnefnd háskólastigsins, sem samanstendur af öllum rektorum háskóla á Íslandi, studdi kröfu stúdenta um rétt okkar til atvinnuleysisbóta. Var það rektor Háskóla Íslands, Jón Atli Benediktsson sem skrifaði undir yfirlýsinguna fyrir hönd nefndarinnar. Í samtölum við rektor hefur hann einnig hvatt okkur eindregið til dáða. Í pontu Alþingis hefur verið vitnað í okkur og við studd, jafnvel vitnað í okkur af forsætisráðherra. Á þingi var lögð fram ályktunartillaga um aðgerðir í þágu námsmanna vegna Covid-19 og var ein þeirra um að tryggja námsmönnum rétt til atvinnuleysisbóta sumarið 2020. Alþýðusamband Íslands tók undir kröfu stúdenta á blaðamannafundi í maí og 84.2% stúdenta sagði sig styðja atvinnuleysisbótakröfu stúdenta yfir sumartímann.

Stuðningurinn sem SHÍ hefur fengið á síðustu mánuðum færir stoðir undir málflutning stúdenta og staðfestir réttmæti atvinnuleysisbótakröfunnar. Mótrökin hafa verið þau að námlánakerfið eigi að grípa námsfólkið og að ekki sé hægt að samtvinna það með atvinnuleysisbótakerfinu. Vegna þessa var settur á fót samhæfingarhópur stjórnvalda en undir honum eru ólíkir hópar sem hver og einn fjallar um sérstakt mál. Undirrituð situr í þeim undirhóp sem er að taka fyrir skörun atvinnuleysistryggingakerfisins og lánasjóðskerfisins. Þegar Menntasjóður námsmanna var samþykktur flækti það vinnuna óhjákvæmilega þar sem sjónir urðu að beinast frá því að breyta lánasjóðskerfinu í að huga að annars konar lausnum, t.d. í atvinnuleysistryggingakerfinu.

Um aðskilin kerfi er að ræða sem ekki hefur tekist að breyta þannig að þau gangi upp saman. Menntasjóðurinn á að sjá námsmönnum fyrir framfærslu á skólaárinu, en ekkert kerfi er til staðar sem grípur fólk á sumrin. Réttast er vegna þessa að rifja upp þróun lánasjóðsmála nýlega:

Staðreyndin er sú að í fjölda ára hafa stúdentar barist fyrir bættum lánasjóði, meira að segja barist af krafti gegn því að viðmiðunar einingafjöldinn, sem er þess valdandi að stúdentar falla milli kerfa, yrði ekki hækkaður án umræðu. Fyrir tveimur árum var gríðarleg framvinda í þeim efnum er verkefnastjórn um endurskoðun á lögum Lánasjóð íslenskra námsmanna var skipuð af Mennta- og menningarmálaráðherra. Ragnar Auðun Árnason þáverandi lánasjóðsfulltrúi SHÍ fékk sæti í verkefnastjórninni og vann að því að koma sjónarmiðum stúdenta á framfæri, ásamt þáverandi



Stúdentaráð Háskóla Íslands

formanni Landssamtaka íslenskra stúdenta. Var þetta í fyrsta sinn sem stúdentar komu að borðinum með eins beinum hætti og raun bar vitni. Það var krafa SHÍ að tveir stúdentar hið minnsta kæmu að vinnunni og skilaði sú krafa sér.

Þar á undan hafði SHÍ beitt sér töluvert fyrir m.a. hækkun frítekjumarks sem og hækkun grunnframfærslu. Nýtt lánasjóðsfrumvarp leit dagsins ljós í byrjun júlí 2019 og SHÍ hélt áfram að krefjast breytinga en Menntasjóður námsmanna varð að lögum 9. júní 2020. SHÍ hefur haldið því til haga að það fagni því að kerfið sé styrkjakerfi að norrænni fyrirmynd en lagði fram athugasemdir varðandi sjálfbærnis hugsjón nýja kerfisins, að engar breytingar voru gerðar á tilhögun framfærslulána sem og þá staðreynd að markmið og hlutverk sjóðsins er óbreytt. Úthlutunarreglur Menntasjóðsins voru samþykktar 24. júlí sl. og var þar ekki að finna hækkun grunnframfærslu. Það stefnir því í áframhaldandi baráttu fyrir sanngjörnum sjóði, sem virkar sem jöfnunartæki, þegar úthlutunarreglur verða endurnýjaðar að ári og svo við endurskoðun kerfisins í heild sinni að þremur árum liðnum. Ítreka ber að eitt útilokar ekki annað. Samhliða atvinnuskapandi úrræðum og bættu lánasjóðskerfi þurfa stúdentar fjárhagslegt öryggisnet eins og hver annar vinnandi einstaklingur, komi upp sú pattstaða að stúdent verði að leita sér fjárhagslegar aðstoðar sökum tekjumissis.

Falli Stúdentaráð frá atvinnuleysisbótakröfu sinni missum við sætið okkar í samhæfingarhópi stjórnvalda því undirrituð mun ekki hafa umboð til þess að halda vinnunni áfram. Það yrði mikill miður þar sem við höfum núna beinan aðgang að vinnu sem er síðan skilað til viðeigandi ráðuneytis til skoðunnar og umfjöllunar. Stúdentaráð hefur ef til vill aldrei verið í jafn góðri stöðu til þess að beita sér fyrir hagsmunum stúdenta sinna, sem nema um 13.000 nemendur, sem og stúdenta á landsvísu.

V. Mannréttindi, félagsleg réttindi og niðurlag

Það er einmitt vegna þess að ekki allir stúdentar búa við fjárhagsöryggi að Háskóli Íslands svaraði kalli SHÍ um aukinn fjárhagsstuðning með því að ráðstafa fjármagni í sjóð, fyrir stúdenta á stúdentagörðunum en þeir stúdentar höfðu ekkert annað bakland. Stúdentar eru eins ólíkir og þeir eru margir; t.d. erlendir nemendur sem hafa takmarkaða aðstoð að sækja í, fjölskyldufólk sem sér ekki fram á að halda áfram í námi því það þarf að sjá fyrir fjölskyldu sinni, stúdentar af landsbyggðinni sem hafa ekki bakland á höfuðborgarsvæðinu og stúdentar sem geta ekki leitað til foreldra sinna eftir fjárhagsaðstoð. Stúdentaráð situr í umboði sem stúdentar veita því til að standa vörð um hagsmuni þeirra og sem slíkur ábyrgaraðili ber ráðinu að berjast fyrir þau öll óháð því hvort okkar félagsleg eða



fjárhagsleg staða samræmist þeirra eður ei.

Þá má réttilega bæta því við að samkvæmt 76. gr. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skal öllum, sem þess þurfa, tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna atvinnuleysis. Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar í 65. gr. segir að allir skulu vera jafnir fyrir lögum. Vinnandi einstaklingur í námi nýtur ekki jafns réttar og vinnandi einstaklingur sem er ekki skráður í nám. Það er staðreynd, enda hafa vinnandi námsmenn eingöngu rétt á lánum (sem þeim ber að greiða til baka að námi loknu) í 9 mánuði ársins og engan rétt á fjárhagsaðstoð frá ríkinu hina 3 mánuði ársins. Meðan vinnandi fólk sem ekki er skráð í nám hefur sama öryggisnet sem grípur þá allan ársins hring, atvinnuleysisbætur.

Alþjóðasamningar sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða kveða einnig á um réttindi allra til atvinnuleysistryggingakerfis og réttar til fjárhagsaðstoðar ef einstaklingur er án atvinnu. Námsmenn eru þó án úrræða um tímabundin fjárhagslegan stuðning þrátt fyrir atvinnuleysi í 3 mánuði ársins. Til að tryggja viðunandi lífsafkomu líkt og 11. gr. ESCR (Economic, Social and Cultural rights) og 25. gr. MRYSGP (mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna), 11. gr. EFMR (samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg og félagsleg mannréttindi) kveða á um, þarf að breyta þessu. Samkvæmt 16 málsgrein general comment no 19 efnahags og félagslega ráðs Sameinuðu þjóðanna: *The right to social security; “The social security system should also cover other workers, including part-time workers, casual workers, seasonal workers, and the self-employed, and those working in atypical forms of work in the informal economy”*. Námsmenn eru án efa „seasonal workers“ enda flykkjast þúsundir þeirra á vinnumarkaðinn á sumrin.

Gögn frá skiptafundi upplýsti Stúdentaráð um ferlið hingað til. Þá eru ótal viðtöl aðgengileg, t.d. Silfrið, mbl frétt, grein á Kjarnanum og útarpsviðtal. Málið hefur í tilbót verið á forsíðu Fréttablaðsins og vonast ég til að allir kjörnir fulltrúar hafi upplýst sig af kappi um þetta mikilvæga mál sem hefur fengið stórt pláss í almenningsumræðu.

Að öllu framangreindu virtu leggur undirrituð til að Stúdentaráð haldi áfram að beita sér fyrir því að stúdentar séu ekki undanskildir atvinnuleysistryggingakerfinu.

Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

24. ágúst 2020

TILLAGA

varðandi niðurstöður fjórðu COVID könnunar

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs óski eftir því að niðurstöður fjórðu könnunar við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem lögð var fram 4. júní, 2020, verði opinberlega birtar á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012.

Rökstuðningur

Vorið 2020 lág fyrir heimsfaraldur sem hafði í för með sér víðtæk áhrif á félags- og fjárhagslíf stúdenta. Vegna þessa framkvæmdi Stúdentaráð tvær kannanir á meðal stúdenta við Háskóla Íslands, til að kanna stöðu stúdenta á vinnumarkaði og andlega líðan, og seinna könnun í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Landsamtök íslenskra stúdenta. Niðurstöður þeirrar könnunar sýndu enn mikið atvinnuleysi og fjárhagsáhyggjur meðal stúdenta og í kjölfarið ákvað Mennta- og menningarmálaráðuneytið að leggja fram fjórðu könnunina til þess að afla frekari gagna um fjárhags- og atvinnulífsstöðu stúdenta, áfram í samstarfi við SHÍ og LÍS. Könnunin var send á stúdenta þvert á háskóla á landinu af Maskínu rannsóknum þann 4. júní, 2020, og voru sömu spurningar lagðar fyrir og í fyrri könnunum. Könnunin átti að kortleggja betur stöðu stúdenta á tímum COVID-19 í lok maí og byrjun júní, og gefa vísbendingu um stöðu stúdenta yfir sumartímann. Meira en tveimur mánuðum seinna hafa niðurstöður umræddrar könnunar enn ekki verið opinberlega birtar. Ítrekað hefur verið beðið um um gögn þessi enda eru niðurstöðurnar mikilvægur þáttur í því að kortleggja fjárhagsstöðu stúdenta á sumrinu sem nú er að líða, líkt og fram kom í markmiði könnunarinnar. Er það því mat undirritaða að réttast sé að skrifstofa Stúdentaráðs óski eftir því að niðurstöður könnunarinnar verði gerðar opinberar í heild sinni á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012.

Arnaldur Starri Stefánsson, forseti Sviðsráðs Félagsvísindasviðs

Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, forseti Sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs

Herdís Hanna Yngvadóttir, forseti Sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

Katla Ársælsdóttir, forseti Sviðsráðs Hugvísindasviðs

Magdalena Katrín Sveinsdóttir, forseti Sviðsráðs Menntavísindasviðs



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

24. ágúst 2020

TILLAGA

um að hafa „staðið án einkunna“ úrræðið í boði fyrir stúdenta á haustönn 2020-2021

Lagt er til að SHÍ beiti sér fyrir því að Háskóli Íslands bjóði upp á að nota „staðið án einkunna“ úrræðið fyrir alla áfanga sem eru yfir 5 einingar á haustönn 2020, líkt og fyrrum forseti SHÍ náði í gegn á neyðarstjórnarfundi í vor.

Flutningsaðili: Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku

Skýring

Vegna COVID-faraldursins hefur óvissustigið innan háskólans og meðal háskólanema verið mikið undanfarna mánuði og þá sérstaklega núna í haust. Vitað er að meirihluti af kennslunni í haust verður rafræn og má reikna með því að sum próf verði rafræn líka en vissulega er ástandið breytilegt og fer algjörlega eftir því í hvaða átt hlutir þróast. Margir stúdentar hafa lýst yfir áhyggjum yfir meðaleinkunninni sinni í auknum mæli og þ.a.l. væri sanngjarnt og eðlilegt í þessari stöðu að bjóða upp á „staðið án einkunna“ fyrir stúdenta aftur. Þetta úrræði var vinsælt í vor 2020 og lýstu mörg okkar yfir mikilli ánægju þegar vitað var að fordæmalausir tímar hefðu lítilsháttar áhrif á lokaeinkunn skólaársins 2019-2020. Vísa má í könnun Stúdentaráðs sem send var út 22. mars um andlegu líðan stúdenta, þar kom í ljós að 53.1% af þeim sem svöruðu þeirri könnun upplifðu streitu og/eða álag sem hafi áhrif á námsframvindu sína. Þetta eru sláandi tölur og því er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir sambærilegt andlegt ástand á háskólanemum áður en að annasamasti tími misserisins hefst.

Lokaeinkunn á skólamisseri hefur mikil áhrif á nemendur en þá sérstaklega mikil áhrif á háskólanema sem eru á síðasta ári sínu í háskóla – nefna má dæmi um það að mörg okkar vilja fara beint í mastersnám og hefur lokaeinkunn okkar áhrif á hvaða háskólar samþykki umsókn okkar og hvort umsókn verði almennt samþykkt.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Eins og við öll vitum þá var notað slagorðið „fordæmalausir tímar“ oft og mörgum sinnum í vor – en í haust er hægt að segja að það hafa verið fordæmi fyrir þessu áður ef vísað er í aðgerðir háskólans í vor, og má segja að það hafi virkað vel fyrir flest öll sem stunda nám við háskólann.

Lagt er til að það verði 5 eininga lágmark á áföngum til þess að tækifæri bjóðist til að nota „staðið án einkunna“ úrræðið vegna þess að flestir stúdentar eru í allaveganna tveimur áföngum á önn sem eru yfir 5 einingar – og þ.a.l. hefur það meiri áhrif á lokaeinkunn heldur en áfangar sem eru einungis t.d. 2 eða 3 einingar. Erfitt er fyrir stúdenta að skipta frá staðkennslu yfir í fjarkennslu á einu misseri og búast má við því að það bitni á einkunnum þeirra og því er mikilvægt að bregðast við því sem fyrst.

Hugsað er að framkvæmdin á þessu úrræði yrði sú sama og framkvæmdin í vor þar sem hún var til fyrirmyndar. Það skal fela skrifstofu Stúdentaráðs að beita sér fyrir þessu innan neyðarstjórnar háskólans, líkt og fyrrum forseti Stúdentaráðs gerði er úrræðið náðist síðasta vor.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

24. ágúst 2020

Bókfærð mál

TILLAGA

um vísindaferð í Stúdentaráð

Í samræmi við d-lið 11. gr. laga Stúdentaráðs um bókfærð mál er hér með lögð til afgreiðsla án umræðu að SHÍ haldi í þriðja sinn vísindaferð í Stúdentaráð, líkt og samþykkt var á síðasta starfsári. Vísindaferð er haldin í þeim tilgangi að auka sýnileika ráðsins og kynna störf þess fyrir stúdentum HÍ.

Skrifstofu Stúdentaráðs og Félagslífs- og menningarnefnd er falið að halda utan um skipulag, mætingu og auglýsingu á viðburðinn. Þá er lagt til að skrifstofu Stúdentaráðs verði veitt heimild til kaupa veitingar og annað tilheyrandi sem fylgir hefðbundnum vísindaferðum nemendafélaga. Gerð yrði fjárhagsáætlun sem yrði lögð fyrir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar áður en útgjöld yrðu staðfest.

Rökstuðningur

Ætlunin er eins og fyrr segir að fá sem flesta til þess að sækja viðburðinn. Fjöldi þeirra sem mun fara eftir samtali við FS vegna afnota af Stúdentakjallaranum og samtölum við rekstrarsvið skólans ef til þess kemur vegna annarra atriða. Viðburðurinn yrði með svipuðu sniði og á síðasta starfsári, má þar nefna kynning á Stúdentaráði, pubquiz, happdrætti í samráði við samstarfsfyrirtækin okkar o.s.frv.

Vegna aðstæðna verður þó að gæta hófs og fylgja fyrirmælum yfirvalda og heilbrigðisyfirvalda til hins ítrasta. Skyldu aðstæður í samfélaginu breytast enn frekar og hertar aðgerðir boðaðar af yfirvöldum skal endurskoða hvort vísindaferðin geti verið haldin. Öryggi stúdenta sem og starfsfólks er höfð í fyrirrúmi.

Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Erna Lea Bergsteinsdóttir, forseti félagslífs- og menningarnefndar Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

*Stúdentaráðsfundur
16. september 2020*

TILLAGA

um upptöku Stúdentaráðsfunda

Lagt er til að fundir Stúdentaráðs Háskóla Íslands séu teknir upp, samhliða því að vera ritaðir niður af fundarritara, í þeim tilgangi að auka gagnsæi og skilvirkni í starfi ráðsins. Upptökur þessar yrðu gerðar aðgengilegar samhliða fundargerðum.

Rökstuðningur

Það hefur áður umræða átt sér stað um að taka upp Stúdentaráðsfundi. Mun það auka aðgengi að starfi ráðsins því það ætti að gera einstaklinum kleift að sækja fundi rafrænt. Oft er staðreyndin líka sú að ekki næst ekki að rita allt í fundargerðina sökum skorts á tíma eða umfang umræðna sem eiga sér stað. Fundargerðir sem eiga að taka til allar umræður eru oft á tíðum óskýrar og fólk upplifir að það sé ekki rétt haft eftir sér. Það kann því að auka gagnsæið og heiðarleika í störfum með því að eiga fundina einnig á upptöku. Markmiðið er þó ekki að hverfa alfarið frá fundarritun, heldur að til staðar sé ítarlegri framvinda fundar.

Tillaga þessi er unnin í samvinnu við Helgu Lind Mar framkvæmdastýru Stúdentaráðs sem samkvæmt lögum ráðsins ritar fundargerðir þess.

Isabel Alejandra Díaz forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

16. september 2020

TILLAGA

um stuðning við stofnun á sjúkraþjálfunardeild

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsi yfir stuðningi við stjórnendur námsbrautar í sjúkraþjálfunarfræði, varðandi ósk þeirra um að verða sjálfstæð deild innan Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Einnig er lagt til að óskað verði eftir því að fulltrúar nemenda innan Háskólaráðs Háskóla Íslands fylgi málinu eftir innan ráðsins.

Rökstuðningur

Námsbraut í sjúkraþjálfunarfræði heyrir undir Læknadeild, eina af sex deildum Heilbrigðisvísindasviðs (HVS). Í september 2019 óskaði stjórn námsbrautarinnar eftir því að verða sjálfstæð deild innan sviðsins, þar sem ljóst var að jafnræði milli greina innan deildarinnar var ábótavant og sýnileiki námsbrautarinnar skertur. Fyrirspurnin var studd af stjórn HVS, sem sendi erindi til Háskólaráðs varðandi þetta. Námsbraut í sjúkraþjálfun býr yfir öflugum rannsóknarstarfi, greinin er ört vaxandi og heldur uppi faglegri þjálfun sem er meðal þeirra bestu í Evrópu. Hljómgrunnur meðal nemenda er mikill, en nemendur hafa lýst því yfir að sýnileiki námsbrautarinnar sé lítill og að aðaláhersla Læknadeildar virðist ávallt vera á læknisfræði en ekki á minni námsbrautir innan deildarinnar. Í maí 2020 hafnaði starfshópur Háskólaráðs fyrirspurninni, en höfnunin byggðist aðallega á þeirri hefð innan Háskólans um að aldrei séu fleiri en sex deildir á hverju sviði. Höfnunin virðist einungis byggð á þeirri gömlu hefð sem ekki hefur verið endurskoðuð síðan fræðasviðin voru stofnuð innan Háskólans árið 2008. Þrátt fyrir greinargóða röksemdarfærslu stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun og stjórnar HVS varðandi fjárhagslegt og faglegt sjálfstæði námsbrautarinnar auk samfélagslegra áhrifa hennar, var fyrirspurninni hafnað án almennilegra raka.

Undirrituð leggur því til að Stúdentaráð gagnrýni þessa ákvörðun Háskólaráðs og lýsi yfir stuðningi við stjórnendur námsbrautar í sjúkraþjálfun. Einnig er lagt til að fulltrúar nemenda í Háskólaráði nýti áhrifamátt sinn innan ráðsins og fylgi málinu eftir, til dæmis með því að benda á að nemendur taki heilshugar undir ósk stjórnenda námsbrautarinnar.

Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur
21. október 2020

TILLAGA

varðandi gangbraut yfir Sæmundargötu

Lagt er til að Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ sendi eftirfarandi tillögu ásamt rökstuðningi á formann Skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur:

“Lagt er til að Umhverfis- og skipulagssvið vinni tillögu að aðgengilegum og öruggum gönguþverunum yfir Sæmundargötu á kaflanum frá Sturlugötu að Hringbraut. Einnig er lagt til að Umhverfis- og skipulagssvið vinni tillögu að öruggum gönguleiðum meðfram Sturlugötu frá byggingunum Öskju og Grósku í átt að Sæmundargötu.”

Herdís Hanna Yngvadóttir, forseti Sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

Rökstuðningur

Tillagan gengur út á það að Umhverfis- og skipulagsráð vinni tillögu að tveimur eða fleiri gönguþverunum yfir Sæmundargötu fyrir framan svæði sem hefur verið kallað „Háskóla-skeifan“ (sjá mynd 2 og 3). Einnig þarf að koma upp betri göngu- og hjólaleiðum meðfram Sturlugötu að Grósku og Öskju. Neðri þverunin yrði staðsett þar sem ein helsta gönguleið úr austri inn á háskólasvæðið fer yfir Sæmundargötu. Í núverandi ástandi myndast daglega hættur þegar stúdentar leggja leið sína yfir göturnar þar sem bílar eru að koma af Miklubrautinni. Eina leið fólks til að fara um skólasvæðið er að stökkva yfir götuna á sem heppilegustum stað og vona að enginn bíll komi á hraðferð úr annarri hvorri átt. Þetta skapar áhættu sem getur leitt til slysa ef ekki er séð til þess að gönguþverunum sé komið fyrir.

Mikill uppvöxtur er á svæðinu austan við Sæmundargötu en t.d. með opnun líkamsræktarstöðvar í Grósku, aukinna umsvifa Vísindagarða og fjölgun Stúdentagarða þá er umferð fólks, hvort sem það sé gangandi eða keyrandi, óumflýjanlega að fara að aukast á næstu árum. Því þarf að tryggja öruggar hjóla- og gönguleiðir að svæðinu með fram Sturlugötu (sjá mynd 4). Með sjálfbærra háskólasamfélag í huga þá gæti þetta verið lítið skref sem myndi stuðla að auknu öryggi stúdenta og sjá til þess að svæðið sé gert fyrir þá en ekki einungis bílana.

Með tillögunni fylgdu loftmyndir



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Rafræn atkvæðagreiðsla

30. október 2020

TILLAGA

um tilnefningu SHÍ til ungmennafulltrúa SP á vegum LUF

Stúdentaráð hefur þegar í þriggja tilnefnt til ungmennafulltrúa SP á sviði umhverfismála, sjálfbærnis og mannréttindamála. Nú er komið að því að tilnefna fulltrúa á sviði kynjajafnréttis á vegum Landsambands Ungmennafélaga (LUF).

Undirrituð leggur til að skipuð verði þriggja manna nefnd til meðferð umsókna á grundvelli hæfnisramma LUF. Nefndin skal samanstanda af tveimur fulltrúum úr Stúdentaráði, einum úr minnihluta og öðrum úr meirihluta, og einum af skrifstofu Stúdentaráðs, sem ætla sér ekki að sækjast eftir tilnefningu ráðsins. Nefndin skal leggja niðurstöður fyrir stjórn Stúdentaráðs og stjórn staðfestir niðurstöðu nefndar þar sem hæfniskröfur LUF eru umboð frá stjórn.

Skýring

Stúdentaráð Háskóla Íslands er eitt aðildarfélag LUF og sem slíkt getur það boðið fram einn fulltrúa til LUF í umboði stjórnar Stúdentaráðs. Það er engin framkvæmd til um skipun í stöðuna þar sem þetta verkefni er tiltölulega nýtt af nálinni. Hér lagt til að þriggja manna nefnd verði skipuð til þess að gæta hlutleysis sem og jafnræðis fyrir þá Stúdentaráðsliða, sviðsráðsliða eða nefndarmeðlimi sem sækja um. Skrifstofa Stúdentaráðs skipar sinn fulltrúa í nefndina sem sinnir hlutverki forseta nefndarinnar og skal sá starfsmaður skipa hina tvo fulltrúana í samráði við oddvita beggja fylkinga. Aðstoð er hægt að sækja til starfsmannasviðs HÍ ef þörf krefur. Er þetta að fyrirmynd ráðningarferlis starfsfólks á skrifstofu SHÍ skv. b-liði 26. gr. laga Stúdentaráðs.

Isabel Alejandra Diaz forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur
25. nóvember 2020

TILLAGA

að herferð SHÍ 2020

Hefð er fyrir því að Stúdentaráð fari í herferð á hverju starfsári og eru dæmi um slíkar herferðir t.d. „fjárfestum í menntun“ frá haustmisseri 2019. Herferðin snýst um áherslur ráðsins hverju sinni og í stefnumótunarferð Stúdentaráðs á þessu starfsári voru skrásetningargjöldin og atvinnuleysisbótakrafan þær hugmyndir sem komu oftast fram, sbr. kynning á niðurstöðum ferðarinnar kynntar á Stúdentaráðsfundi 24. ágúst 2020. Undirrituð leggja hér til að herferð Stúdentaráðs verði að þessu sinni um fjárhagslega stöðu stúdenta á tímum COVID-19, í takt við áherslur ráðsins á árinu. Meginefni herferðarinnar yrði því erfið fjárhagsstaða stúdenta og ákall eftir langtímalausnum.

Rökstuðningur

Ljóst er að staða stúdenta á vinnumarkaði hefur farið versnandi á árinu sökum kórónuveirufaraldursins. Fyrstu tölur úr alþjóðlegu EUROSTUDENT VII könnuninni sýna að 72% íslenskra stúdenta vinna til að sjá fyrir sér, sem er 3% aukning frá því að könnunin var lögð fyrir síðast 2016-2018. Þá sýnir hún einnig að 31% íslenskra stúdenta eiga í fjárhagslegum erfiðleikum. Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands sýnir einnig tæp 18% atvinnuleysi meðal námsfólks á öðrum ársfjórðungi en svona há tala hefur ekki sést síðan eftir hrun. Þá er ungt fólk nær helmingur atvinnulausra, eða 46%, samkvæmt nýjustu atvinnuleysisstölum Vinnumálastofnunnar en þess má geta að stúdentar eru ekki meðtaldir þar, því þeir eru ekki á atvinnuleysisrá.

Hér er lagt til að erfið fjárhagsstaða stúdenta sé efni herferðarinnar og skuli því fjalla m.a. um atvinnuleysisbótakröfa Stúdentaráðs, skörun atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins og ófullnægjandi kjör Menntasjóðs námsmanna. Útfærsluatriði yrðu í höndum skrifstofu Stúdentaráðs ásamt einum fulltrúa úr hvorri fylkingu, sem eins og stendur sér fyrir sér herferð í formi nokkurra myndbanda þar sem farið er yfir ofangreind mál skref fyrir skref. Það er mikilvægt að Stúdentaráð og rödd stúdenta sé leiðandi í umræðunni og viljum við geta hafið herferðina sem fyrst, eða um leið og það á við sökum aðstæðna í samfélaginu.

Isabel Alejandra Díaz forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Sara Þöll Finnbogadóttir lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

20. janúar 2021

T I L L A G A

um þak á gildi prófa

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að sett verði á þak á gildi prófa, svo að hvert próf megi ekki gilda meira en 80% af lokaeinkunn.

Rökstuðningur

Nú sem stendur eru hvorki reglur né viðmið í gildi hvað þak á gildi prófa í Háskóla Íslands varðar. Lagt er til að SHÍ beiti sér fyrir fjölbreyttu námsmati; þar á meðal að hvert próf í hverju námskeiði megi ekki gilda meira en 80% af lokaeinkunn. Undirritaðar telja að 100% lokapróf einkenni úrelta kennsluhætti og sé sett þak á gildi prófa myndi það færa Háskóla Íslands nær nútímalegra námsmati, eins og t.d. símati með auknum verkefnaskilum og/eða hlutaprófum. Við teljum ótækt að meta heilan áfanga út frá dagsformi á degi lokaprófsins, sér í lagi þegar um veigamikla áfanga er að ræða. Því er mikilvægt að stúdentar fái tækifæri til að láta reyna á þekkingu sína yfir önnina og fá jafnt og þétt endurgjöf frá kennara. Við teljum að það gefi nemendum betri yfirsýn yfir stöðu þeirra í námskeiðinu og hvort að þeir nái tilsettum kröfum til að ná lágmarkseinkunn í námskeiðinu.

Málefni þetta hefur verið mörgum nemendum mikilvægt síðustu ár og þá sérstaklega nemendum á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, þar sem gjarnan eru 100% lokapróf. Í þessari tillögu er miðað við 80% þak á gildi prófa þar sem við teljum það vera gott fyrsta skref. Þegar fram líða stundir viljum við að þetta þak sé lækkað enn frekar og lögð sé enn meiri áhersla á símat.

Fyrir hönd stúdentahreyfingarinnar Röskvu:

*Ingibjörg Iðna Auðunardóttir, meðlimur í Stúdentaráði, Sviðsráðs Hugvísindasviðs og
Kennslumálanefnd Hugvísindasviðs.*

Rebekka Karlsdóttir, forseti Kennslumálanefndar SHÍ.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur
17. febrúar 2021

TILLAGA

um skipan þingfulltrúa á landsþing LÍS

Stúdentaráð (SHÍ) fær 13 fulltrúa á landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS), eins og fyrri ár. Lagt er til að þingfulltrúum SHÍ á landsþingi LÍS verði skipt á eftirfarandi máta:

- Skrifstofa Stúdentaráðs: 3 fulltrúar.
- Stúdentaráðsliðar: 10 þingfulltrúar í hlutfalli við niðurstöðu kosninga

Aðalfulltrúar í Stúdentaráði munu hafa forgang í skráningu en varafulltrúar geta einnig sótt um. Þá mun reglan um að fjöldi stúdentaráðsliða séu í hlutfalli við niðurstöðu kosninga einnig vera forgangsregla, ef ekki næst skráning hjá annarri fylkingu uppí 10 fulltrúa mun SHÍ samt þurfa að manna þau sæti.

Rökstuðningur

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) verður haldið 5. - 7. mars. Þar koma aðildafélög LÍS saman og eiga öll sína þingfulltrúa, en þingfulltrúar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðarétt á þinginu. Þingfulltrúum er skipt eftir fjölda stúdenta í hverju aðildafélagi og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær 13 þingfulltrúa.

Hugmyndin um að hafa forgangsreglu til staðar um að þingfulltrúar séu í hlutfalli við kosningu er einfaldlega til að tryggja aðkomu beggja fylkinga að landsþinginu. Fyrirkomulagið tókst vel í fyrra, en fyrir tveimur árum var ekkert slíkt sett fram og voru aðeins 3 fulltrúar sem mættu á landsþingið sjálft frá minnihlutafylkingu.

Verði tillagan samþykkt mun valið á þingfulltrúum fara þannig fram að skráningarskjal fer í loftið strax í kjölfarið, 17. febrúar að kvöldi (LÍS miðar við að skráningafrestur sé til 19. febrúar), og reglan *fyrstur kemur, fyrstur fær* verður við gildi.

Skrifstofa Stúdentaráðs



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

17. febrúar 2021

TILLAGA

um aðkomu Stúdentaráðs að innri vef Háskóla Íslands

Lagt er til að SHÍ beiti sér fyrir því að bæta við skilaboðahnapp inn á Canvas sem beint er til Stúdentaráðs. Með hnappinum ætti að vera aðgengilegra fyrir hinn almenna stúdent til að beina fyrirspurnum og tillögum til Stúdentaráðs sem og að afla sér upplýsinga um starfsemi ráðsins.

Rökstuðningur

Eins og við vitum er alltaf nóg að gera hjá öflugri skrifstofu Stúdentaráðs sem og Stúdentaráðinu sjálfu og hefur sú starfsemi alls ekki minnkað við tímabundna tilfærslu námsins yfir á rafrænan máta. Á þessu skólaári var Canvas, nýr innri vefur sem hefur upp á mörg tækifæri að bjóða tekinn í notkun. Með þessari breytingu telur undirritaður kjörið tækifæri að slá járníð á meðan það er ennþá heitt og innleiða Stúdentaráðshnapp, eða flipa, á Canvas sem myndi gera stúdentum kleift að hafa samband við Stúdentaráð og koma hugmyndum sínum eða áhyggjum á framfæri undir nafni, eða á nafnlausan hátt, sé þess óskað.

Undirritaður telur þetta einnig vera mikilvægt skref í að auka kjörsókn í kosningum til Stúdentaráðs sem hefur farið minnkandi, með auknum áhuga og vitund stúdenta á ráðinu.

Þar sem stúdentar nota Canvas á hverjum degi myndi Stúdentaráð, með þessu, vera enn aðgengilegra og sýnilegra hinum almenna stúdent, hvort sem sá sé meðvitaður um starfsemi og vinnu ráðsins í þágu stúdenta eða ekki. Auk þess telur undirritaður það vera jákvæða þróun að Stúdentaráð sé áberandi hluti af innri vef Háskóla Íslands, þar sem það á sannarlega heima.

Ingi Pétursson, stúdentaráðsliði Vöku



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur
17. febrúar 2021
Bókfærð mál

TILLAGA

um tilnefningu SHÍ til ungmennafulltrúa SP á vegum LUF

Stúdentaráð hefur áður tilnefnt til ungmennafulltrúa Sameinuðu þjóðanna á sviði umhverfismála, sjálfbærnis og mannréttindamála. Nú er komið að því að tilnefna að nýju fulltrúa á sviði mannréttinda á vegum Landssambands ungmennafélaga (LUF).

Undirrituð leggur til að skipuð verði þriggja manna nefnd til meðferð umsókna á grundvelli hæfnisramma LUF. Nefndin skal samanstanda af tveimur fulltrúum úr Stúdentaráði, einum úr minnihluta og öðrum úr meirihluta, og einum af skrifstofu Stúdentaráðs, sem ætla sér ekki að sækjast eftir tilnefningu ráðsins. Nefndin skal leggja niðurstöður fyrir stjórn Stúdentaráðs og stjórn staðfestir niðurstöðu nefndar þar sem hæfniskröfur LUF eru umboð frá stjórn.

Skýring

Stúdentaráð Háskóla Íslands er eitt aðildarfélag LUF og sem slíkt getur það boðið fram einn fulltrúa til LUF í umboði stjórnar Stúdentaráðs. Hér lagt til að þriggja manna nefnd verði skipuð til þess að gæta hlutleysis sem og jafnræðis fyrir þá Stúdentaráðsliða, sviðsráðsliða eða nefndarmeðlimi sem sækja um. Skrifstofa Stúdentaráðs skipar sinn fulltrúa í nefndina sem sinnir hlutverki forseta nefndarinnar og skal sá einstaklingur skipa hina tvo fulltrúana í samráði við oddvita beggja fylkinga. Aðstoð er hægt að sækja til starfsmannasviðs HÍ ef þörf krefur. Um er að ræða ferli að fyrirmynd ráðningarferlis starfsfólks á skrifstofu SHÍ skv. b-liði 26. gr. laga Stúdentaráðs.

Þessi tillaga byggir á þeirri framkvæmd sem Stúdentaráð samþykkti vegna tilnefningar til ungmennafulltrúa SP á sviði kynjajafnréttis.

Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

17. febrúar 2021

TILLAGA

um rekstur spilakassa af hálfu Háskóla Íslands

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands álykti um aðkomu Háskóla Íslands að rekstri spilakassa í gegnum Hapdrætti Háskóla Íslands, á grundvelli þeirra upplýsinga sem ráðið hefur aflað sér fyrirfram og á upplýsingafundi þessum. Þannig skuli ráðið halda áfram að beita sér fyrir því að háskólinn taki við sér í málinu og finni aðrar leiðir til fjármögnunar.

Rökstuðningur

Til að setja þetta saman í samhengi er Hapdrætti Háskóla Íslands eigandi 500 spilakassa sem skilar 700 milljón krónum í hagnað á hverju ári. Þetta eru 700 milljón krónur sem fara vissulega í byggingar háskólans og tækjabúnað, en til að gera háskólanum kleift að fjármagna þessar byggingar þarf hann að ýta undir fíkn er kemur að spilakössum.

Spilakassar eru ekki nauðsynjavara í samfélaginu okkar og eru langstærsti hópur notenda þess spilafíklar. Í könnun Gallups sem gerð var fyrir SÁS kemur fram að 93,6% svarenda hafi aldrei notað spilakassa síðustu tólf mánuði. Einnig sýnir könnun Gallups sem gerð var í maí 2020 að 86% íslensku þjóðarinnar vill að spilakössum verði lokað til frambúðar. Þetta sýnir að lítill hópur fólks, sem gera má ráð fyrir að hluti af þessum hóps séu spilafíklar, haldi uppi starfsemi á spilakössum.

Mótrök HHÍ og stjórnenda háskólans við lokun spilakassa er að mestu leyti sú að það var ákvörðun Alþingis að fjármagna skuli byggingar háskólans, viðhald og tækjakaup með hapdrættisfé og þar með er kastað sök á stjórnvöld. Fyrsta skrefið í lokun spilakassa væri að sýna að það er vilji meðal stúdenta til að finna aðra leið til að fjármagna byggingar háskólans sem ýtir ekki undir fíkn og í kjölfarið yrði umræðan tekin lengra.

Önnur mótrök sem HHÍ hefur notað gegn lokun spilakassa er að spilafíkn verður ekki leyst með því að loka spilakössum HHÍ, en þó bendir ekkert til að spilafíklar muni leita annað ef skyldi koma til lokunar spilakassa. Stúdentaráð beitir sér að mestu leyti að starfsemi innan háskólans og það sem snertir háskólann snertir okkur. Beiðni okkar er einfaldlega sú að Háskóli Íslands taki ekki þátt í rekstri spilakassa og fjármagni ekki byggingar sínar með þessum hætti.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Ingi Pétursson, stúdentaráðsliði

Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku

Tinna Alicia Kemp, varafulltrúi og forseti Vöku

Stuðningsaðilar:

Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir

Ingibjörg Iðá Auðunardóttir

Salóme Sirapat Friðriksdóttir

Herdís Hanna Yngvadóttir

Erna Lea Bergsteindóttir

Gabríela Sól Magnúsdóttir

Sóley Arna Friðriksdóttir

Haukur Friðriksson

Katla Ársælsdóttir

Ástráður Stefánsson

Vífill Harðarson

Isabel Alejandra Díaz

Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir

Sara Þöll Finnbogadóttir

Hjördís Sveinsdóttir

VIÐAUKI C - LAGABREYTINGARTILLÖGUR

25. nóvember 2021

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Vegna a.liðar, 32. gr

Flutningsaðilar: Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs

Núverandi grein	Breytingartillaga
32. gr.	A liður
<p>A. Stúdentaráð kys fyrir 1. desember ár hver kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs. Óheimilt er að skipa Stúdentaráðsliða, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn. Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega. Nú falla atkvæði jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum.</p> <p>B. Kjörstjórn annast aðalkosningar og aukakosningar, undirbýr kosningar, ákveður kjörfund og hverja aðra framkvæmd sem við kemur kosningum. Kjörstjórn er heimilt að skipa sér aðstoðarmanneskju við framkvæmd kosninga og halda</p>	<p>A. Stúdentaráð kys fyrir 1. desember ár hvert kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs.</p> <p>B. <u>Kjörstjórn er skipuð fjórum einstaklingum, tveir fulltrúar frá hvorri fylkingu. Óheimilt er að skipa Stúdentaráðsliða, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn. Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega. Nú falla atkvæði jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum.</u></p> <p>C. Kjörstjórn annast aðalkosningar og aukakosningar, undirbýr kosningar, ákveður kjörfund og hverja aðra framkvæmd sem við kemur kosningum. Kjörstjórn er heimilt að</p>

atkvæðagreiðslu utan kjörfundar ef ástæða þykir til.

- C. Kjörstjórn útbýr kjörskrá fyrir hvert fræðasvið og skal hún liggja fyrir minnst tveimur vikum áður en kosning utan kjörfundar hefst. Kærur vegna kjörskrár skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi einni viku áður en kosning utan kjörfundar eða almennur kjörfundur hefst. Úrskurðum kjörstjórnar má skjóta til Stúdentaráðs. Ákveði kjörstjórn að kosning utan kjörfundar skuli ekki fara fram, miðast ofangreindir frestir við kjördag.
- D. Kjörstjórn lýsir eftir framboðum og skal framboðsfrestur vera minnst ein vika og rennur út 10 dögum fyrir kjörfund. Kjörstjórn skal auglýsa aðsetur sitt með almennum stúdentapósti, þar sem framboðum er veitt viðtaka og þar sem unnt er að ná sambandi við hana.
- E. Kjörstjórn skal skila skriflegri skýrslu um störf sín og framkvæmd kosninganna til Stúdentaráðs og háskólaráðs eigi síðar en 2 mánuðum eftir kosningarnar.
- F. Berist ekki framboð til tiltekins sviðs skal framlengja framboðsfrest á því sviði um 3 sólarhringa og fresta kosningum jafn lengi. Skal slík framlenging auglýst rækilega af

skipa sér aðstoðarmanneskju við framkvæmd kosninga og halda atkvæðagreiðslu utan kjörfundar ef ástæða þykir til.

- D. Kjörstjórn útbýr kjörskrá fyrir hvert fræðasvið og skal hún liggja fyrir minnst tveimur vikum áður en kosning utan kjörfundar hefst. Kærur vegna kjörskrár skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi einni viku áður en kosning utan kjörfundar eða almennur kjörfundur hefst. Úrskurðum kjörstjórnar má skjóta til Stúdentaráðs. Ákveði kjörstjórn að kosning utan kjörfundar skuli ekki fara fram, miðast ofangreindir frestir við kjördag.
- E. Kjörstjórn lýsir eftir framboðum og skal framboðsfrestur vera minnst ein vika og rennur út 10 dögum fyrir kjörfund. Kjörstjórn skal auglýsa aðsetur sitt með almennum stúdentapósti, þar sem framboðum er veitt viðtaka og þar sem unnt er að ná sambandi við hana.
- F. Kjörstjórn skal skila skriflegri skýrslu um störf sín og framkvæmd kosninganna til Stúdentaráðs og háskólaráðs eigi síðar en 2 mánuðum eftir kosningarnar.
- G. Berist ekki framboð til tiltekins sviðs skal framlengja framboðsfrest á því sviði um 3

kjörstjórn. Berist ekki nægilega mörg framboð til sviðsins eftir þann frest skulu framkomnir frambjóðendur, ef einhverjir eru, teljast sjálfkjörnir og nýkjörið Stúdentaráð skipar aðra fulltrúa á viðkomandi sviðs þar til það er fullmannað skv. 13. gr. Lýsi fleiri yfir áhuga á setu í Stúdentaráði á viðkomandi sviði við svo búið skal Stúdentaráð kjósa milli þeirra hlutfallskosningu.

- G. Séu frambjóðendur til Stúdentaráðs á viðkomandi sviði ekki fleiri en fulltrúar þess sviðs skoðast þeir frambjóðendur sjálfkjörnir.
- H. Berist færri en fjögur framboð til háskólaráðs skal nýkjörið Stúdentaráð skipa aðalfulltrúa og/eða varafulltrúa í háskólaráð þar til ráðið er fullskipað og réttum fjölda varafulltrúa náð.
- I. Kjörstjórn skal auglýsa rækilega framkomin framboð og alla kosningatilhögun, svo sem atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og hvenær kjörfundur fer fram. Kjörstjórn annast gerð kjörseðla, rafrænna jafnt sem skriflegra. Á honum skulu koma fram allir frambjóðendur og framboðslistar sem eru í framboði á því sviði sem kjósandinn kýs.

sólarhringa og fresta kosningum jafn lengi.

Skal slík framlenging auglýst rækilega af kjörstjórn. Berist ekki nægilega mörg framboð til sviðsins eftir þann frest skulu framkomnir frambjóðendur, ef einhverjir eru, teljast sjálfkjörnir og nýkjörið Stúdentaráð skipar aðra fulltrúa á viðkomandi sviðs þar til það er fullmannað skv. 13. gr. Lýsi fleiri yfir áhuga á setu í Stúdentaráði á viðkomandi sviði við svo búið skal Stúdentaráð kjósa milli þeirra hlutfallskosningu.

- H. Séu frambjóðendur til Stúdentaráðs á viðkomandi sviði ekki fleiri en fulltrúar þess sviðs skoðast þeir frambjóðendur sjálfkjörnir.
- I. Berist færri en fjögur framboð til háskólaráðs skal nýkjörið Stúdentaráð skipa aðalfulltrúa og/eða varafulltrúa í háskólaráð þar til ráðið er fullskipað og réttum fjölda varafulltrúa náð.
- J. Kjörstjórn skal auglýsa rækilega framkomin framboð og alla kosningatilhögun, svo sem atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og hvenær kjörfundur fer fram. Kjörstjórn annast gerð kjörseðla, rafrænna jafnt sem skriflegra. Á honum skulu koma fram allir frambjóðendur og framboðslistar sem eru í framboði á því sviði sem kjósandinn kýs.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

RÖKSTUÐNINGUR

Hér er verið að bæta inn í lögina hvernig kjörstjórn er skipuð, samkvæmt fyrri skipunum. Það virðist vera sem svo að þetta ákvæði hafi dottið út, e.t.v. óvart í kjölfar heildarendurskoðunar laganna.

10. mars 2021

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Vegna 7. greinar, liða g., og m. ásamt því að bæta við nýjum lið, h.

Flutningsaðilar: Rebekka Karlsdóttir, forseti kennslumálanefndar SHÍ

Núverandi grein	Breytingartillaga
7. grein, g-liður og m-liður	
Upprunarlegi texti g. Í fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, kennslumálanefnd og lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi.	Nýr texti með lagfæringum g. Í fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd og lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi. <u>Nýr liður, h</u>



Stúdentaráð Háskóla Íslands

<p>m. Forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í kennslumálanefnd Háskólaráðs</p>	<p>h. Í kennslumálanefnd skulu kjörnir fimm einstaklingar á kjörfundi, einn af hverju fræðasviði skólans. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í kennslunefnd sviðanna.</p> <p>m. Forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs gegnir embætti kennslumálafulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í kennslumálanefnd Háskólaráðs</p>
--	--

RÖKSTUÐNINGUR

Breytingin sem hér er lögð fram miðar að því að styrkja kennslumálanefnd sem miðlægan vettvang kennslumála stúdenta. Með þessu skapast samráðsvettvangur milli fulltrúa stúdenta í kennslumálanefnd hvers fræðasviðs sem hefur verið vöntun á.

10. mars 2021

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Kjör lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs og breytingu á heiti Lánasjóðs íslenskra námsmanna

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

<p>Núverandi grein <i>e-liður 7. greinar</i></p>	<p><i>Breytingartillaga</i></p>
--	---------------------------------



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. Hann situr í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Hann tekur þó ekki við af fyrri fulltrúa fyrr en samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Varafulltrúi Stúdentaráðs í stjórn LÍN skal kjörinn á kjörfundi Stúdentaráðs.	Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. Hann situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna. Hann tekur þó ekki við af fyrri fulltrúa fyrr en samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Skrifstofa Stúdentaráðs skipar varafulltrúa úr hópi starfsfólks í stjórn Menntasjóðsins. Varafulltrúi Stúdentaráðs í stjórn LÍN skal kjörinn á kjörfundi Stúdentaráðs.
--	--

RÖKSTUÐNINGUR

Hér er annars vegar um breytingu á heiti námslánakerfisins að ræða, þar sem Menntasjóður námsmanna hefur tekið við af Lánasjóði íslenskra námsmanna. Hins vegar er skerpt á því að varafulltrúi lánasjóðsfulltrúa sé skipaður af skrifstofunni úr hópi starfsfólks, þar sem varafulltrúi skal ekki vera af sama kyni samkvæmt lögum Menntasjóðs námsmanna, líkt og var raunin samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

10. mars 2021

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Fjármála- og atvinnulífsnefndar og breytingu á heiti Lánasjóðs íslenskra námsmanna

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs



Núverandi grein <i>e-liður 19. greinar</i>	<i>Breytingartillaga</i>
Fjármála- og atvinnulífsnefnd: Nefndin tekur til meðferðar málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna, önnur fjárhagsleg hagsmunamál stúdenta, skattamál og önnur skyld mál. Einnig atvinnumál stúdenta auk tengsla Háskólans, atvinnulífsins og stúdenta.	Fjármála- og atvinnulífsnefnd: Nefndin tekur til meðferðar málefni er varða fjárhagsleg hagsmunamál stúdenta, skattamál og önnur skyld mál. Einnig atvinnumál stúdenta auk tengsla Háskólans, atvinnulífsins og stúdenta.

RÖKSTUÐNINGUR

Breytingartillagan sem hér er lögð fram miðar að því að skerpa betur á hlutverki fjármála- og atvinnulífsnefndar. Það er ekki á þeirra ábyrgð að annast lánasjóðsmál heldur er það á ábyrgð lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs, sem er í starfi við það á réttindaskrifstofu ráðsins. Vilji nefndin á einhverjum tímapunkti taka fyrir lánasjóðsmál er réttast að hún geri svo í fullu samráði við lánasjóðsfulltrúa. Hins vegar dugar það að fela henni hlutverkið um að taka til meðferðar mál sem varða fjárhagslega hagsmuni stúdenta.

10. mars 2021

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Skipan stjórnar Stúdentaráðs og hlutverk gjaldkera

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein	<i>Breytingartillaga</i>
-----------------	--------------------------



<i>d-liður og e-liður 19. greinar</i>	
<p>d. Gjaldkeri undirbýr fjárhagsáætlun Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann í samráði við framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs og leggur hana fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir.</p> <p>e. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdarstjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti. Forseti og framkvæmdarstjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs.</p>	<p>d. Gjaldkeri hefur aðgang að fjárhagsáætlun Stúdentaráðs sem er undirbúin af framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann og lögð fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur.</p> <p>e. Gjaldkeri og framkvæmdarstjóri gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins í upphafi starfsárs og vormisseris. Forseti og framkvæmdarstjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs.</p>

RÖKSTUÐNINGUR

Hér er lagt til að framkvæmdarstjóri hafi umsjón með fjárhagsáætlun Stúdentaráðs, í samræmi við v-lið 25. greinar laganna, sem kveður á um að framkvæmdarstjóri hafi yfirumsjón með rekstri skrifstofu ráðsins, bókhaldi og reikningum Stúdentaráðs auk þess að bera ábyrgð á gerð ársreikninga Stúdentaráðs, í samráði við skrifstofu og forseta. Gjaldkeri skuli þannig hafa ennþá óheftan aðgang að fjármálum Stúdentaráðs og geri grein fyrri fjárhagsstöðunni í fullri samvinnu með framkvæmdarstjóra.

10. mars 2021

LAGABREYTINGARTILLAGA



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Vegna: Skipan lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs og breytingu á heiti Lánasjóðs íslenskra námsmanna

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein	Breytingartillaga
<i>iii töluliður 25. greinar</i>	
iii. Lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs og er fulltrúi ráðsins á fundum og í stefnumótun um Lánasjóðinn.	iii. Lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs og er fulltrúi ráðsins á fundum og í stefnumótun um Menntasjóðinn.

RÖKSTUÐNINGUR

Breytingartillagan sem hér er lögð fram miðar að nafnabreytingu á Lánasjóði íslenskra námsmanna sem heitir nú Menntasjóður námsmanna.

10. mars 2021

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Skipan ritstjóra Stúdentaráðs og hlutverk hans

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Núverandi grein	Breytingartillaga
<i>vii. töluliður 25. greinar</i>	
vii. Ritstjóra Stúdentablaðsins og Akademiunnar, ráðinn skv. 26 gr. Ritstjóri skal aldrei ráðinn til lengri tíma en eins árs. Hann hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akademiunnar og ákveður efni ritanna í samráði við ritnefnd og ber ábyrgð á þeim að lögum. Ritstjóri skal leggja fjárhagsáætlun hvers tölublaðs fyrir framkvæmdarstjóra.	vii. Ritstjóra Stúdentablaðsins og Akademiunnar, ráðinn skv. 26 gr. Ritstjóri skal aldrei ráðinn til lengri tíma en eins árs. Hann hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akademiunnar og ákveður efni ritanna í samráði við ritstjórn og ber ábyrgð á þeim að lögum. Ritstjóri skal leggja fjárhagsáætlun hvers tölublaðs fyrir framkvæmdarstjóra.

RÖKSTUÐNINGUR

Breytingartillagan sem hér er lögð fram miðar að nafnabreytingu á ritnefnd Stúdentablaðsins, sem skal heita ritstjórn í stað ritnefndar.

10. mars 2021

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Útgáfu Stúdentaráðs

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>b-liður og c-liður 27. greinar</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>b. Stúdentaráð gefur út Akademíuna í upphafi haustannar. Blaðið skal miða að því að kynna Stúdentaráð og Háskólann fyrir nýnemum.</p> <p>c. Ritstjóri skal auglýsa eftir fulltrúum í ritnefnd Stúdentablaðsins með almennum stúdentapósti. Stúdentaráð skal að auki skipa tvo fulltrúa í ritnefnd Stúdentablaðsins og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu á fyrsta fundi ráðsins eftir skipun ritstjóra. Ritstjóra er einnig heimilt að leita sér aðstoðar við útgáfu Akademíunnar.</p>	<p>b. Stúdentaráð gefur út Akademíuna í upphafi haustmisseris. Blaðið skal miða að því að kynna Stúdentaráð og Háskólann fyrir nýnemum.</p> <p>c. Ritstjóri skal auglýsa eftir fulltrúum í ritstjórn Stúdentablaðsins með almennum stúdentapósti. Stúdentaráð skal að auki skipa tvo fulltrúa í ritstjórn Stúdentablaðsins og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu á fyrsta fundi ráðsins eftir skipun ritstjóra. Ritstjóra er einnig heimilt að leita sér aðstoðar við útgáfu Akademíunnar.</p>

RÖKSTUÐNINGUR

Breytingartillagan sem hér er lögð fram miðar að nafnabreytingu á ritnefnd Stúdentablaðsins, sem skal heita ritstjórn í stað ritnefndar.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

21. apríl 2021

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: h. liðs 7. gr. um kjörin embætti

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein	Breytingartillaga
h. liður 7. gr.	
h. Í kennslumálanefnd skulu kjörnir fimm einstaklingar á kjörfundi, einn af hverju fræðasviði skólans. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í kennslunefnd sviðanna..	h. Í kennslumálanefnd skulu skipaðir fimm einstaklingar, einn af hverju fræðasviði, af sviðsráðum í kjölfar kjörfundar og fyrir skiptafund ár hvert. Skulu þeir einstaklingar vera kjörnir af sviðsráðum og vera úr röðum sviðsráðsmeðlima hvers sviðs. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í kennslunefndir fræðasviðanna.

RÖKSTUÐNINGUR

Hér er lögð fram breyting á h. liði 7.gr. sem miðar að því að sviðsráðin skipi í kennslumálanefnd Stúdentaráðs, eftir kjörfund en fyrir skiptafund árlega, í stað þess að fulltrúarnir séu kjörnir á kjörfundi Stúdentaráðs.

Á síðasta Stúdentaráðsfundi, þann 10. mars, var lagabreytingartillaga samþykkt að bæta við h. liði í lög, sem kveður sérstaklega á um kjör í kennslumálanefnd ráðsins. Á fundinum var ljóst að útfærsla lagabreytingarinnar væri nokkuð opin og var skrifstofu ráðsins falið að finna flöt á henni. Eftir að hafa farið yfir lög og mögulegar útfærslur varð okkur ljóst að útfærsla samkvæmt núverandi lögum, sem



Stúdentaráð Háskóla Íslands

kveða á um að í nefndina skuli kosið á kjörfundi, yrði að fela í sér viðameiri kortlagningu, þar sem lagabreytingin miðar að samþættingu milli og innan fræðasviða sem verður að geta gengið smurt fyrir sig.

Hugmyndin um að kjörnir skulu 5 einstaklingar í kennslumálanefnd af hverju fræðasviði sem jafnframt myndu taka sæti sem fulltrúar stúdenta í kennslunefndir sviðanna, á fullan rétt á sér. Hún snýst um að styrkja kennslumálanefndina sem miðlægan vettvang kennslumála stúdenta og að með því móti skapist samráðsvettvangur milli fulltrúa stúdenta í kennslumálanefnd hvers fræðasviðs, sem hefur verið gríðarleg vöntun á.

Vegna þessa teljum við fýsilegustu leiðina til að halda í heildarhugmyndina að sviðsráðin sjái um að skipa og kjósa fulltrúa, úr eigin röð sviðsráðsmeðlima, í kennslumálanefnd Stúdentaráðs sem og kennslunefnd fræðasviðanna. Það er að vissu leyti sambærilegt og þegar sviðsráðin skipa í Stúdentasjóð. Það er eins og er raunar allur gangur á því hvernig skipað er í kennslunefndir fræðasviðanna af sviðsráðunum. Algengustu leiðirnar eru þó að annars vegar að sviðsráðin auglýsa eftir fulltrúa meðal stúdenta síns sviðs, og hins vegar að sviðsráðin skipi úr eigin röð. Það væri því ekki stór eða umfangsmikil breyting á ferlinu yrði þessi lagabreyting samþykkt.

Ástæðan fyrir því að skipunin verði að eiga sér stað milli kjörfundar og skiptafundar, en ekki á kjörfundi, er sú að fyrir kjörfund hafa sviðsráðin ekki forsendurnar til að skipa í nein embætti, enda eru sviðsráðin fyrir kjörfund ekki fullskipuð, hafa ekki tekið við fráfarandi ráði og þar með ekki lögleg.

Af öllu framangreindu leggur skrifstofa Stúdentaráðs lagabreytingartillögu þessa til samþykktar en hún tekur tillit til starfsemis fastanefnda ráðsins, samstarfsins með kennslumálanefnd háskólaráðs og samstarf kennslumálanefnda fræðasviðana á sem farsælastan veg.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

VIÐAUKI D - VERKLAGSREGLUR STÚDENTARÁÐS, STJÓRNAR OG SKRIFSTOFU

STÚDENTARÁÐ

1.1 Hlutverk Stúdentaráðs skv. lögum

Á hverju hinna fimm fræðasviða sem mynda Háskóla Íslands eru starfrækt sviðsráð stúdenta. Þessi sviðsráð mynda saman Stúdentaráð Háskóla Íslands sem gætir hagsmuna allra nemenda við skólann. Fulltrúar í Stúdentaráði 2019-2020 eru 17 samtals, 3 frá hverju sviði að undanskildu Félagsvísindasviði sem hefur 5 fulltrúa.

Stúdentaráð er með æðsta ákvörðunarvald af einingum SHÍ. Starfstími ráðsins miðast við skiptafund ár hvert og eru Stúdentaráðsliðar kjörnir árlega í almennum kosningum meðal allra skráðra stúdenta við HÍ.

1.2 Verklagsreglur Stúdentaráðs

1.2.1 Stúdentaráðsliðar

Sérhver Stúdentaráðsliði er ábyrgur fyrir því að kynna sér þau öll þau gögn, lög, verklagsreglur, leiðbeiningar og skýrslur um hagsmuni stúdenta sem liggja fyrir í upphafi starfsárs og í gegnum starfsárið. Stúdentaráðsliðum ber skylda á að mæta á fundi ráðsins, kynna sér gögn og taka virkan þátt í fundarstarfsemi SHÍ sem og á milli funda.

Stúdentaráðsliðar skulu kynna sér [handbók ráðsins](#), [lög ráðsins](#), [stefnu](#) þess, verklagsreglur þessar og [stefnu Háskóla Íslands](#). Umfram það skulu Stúdentaráðsliðar þekkja til [laga](#) og [reglna](#) Landssamtaka íslenskra Stúdenta og [stefnu](#) samtakanna.

Stúdentaráðsliði skal mæta á fundi en skyldi hann forfallast skal boða löggiltan varafulltrúa fyrir fund og greina forseta Stúdentaráðs frá því tímanlega. Ásamt því skal veita varafulltrúanum aðgang að öllum fundargögnum. Stúdentaráðsliðar hafa fullan þátttökurétt við afgreiðslu mála innan ráðsins. Stúdentaráðsliðar sinna vinnu sinni af heilindum og í samræmi við stefnur og lög SHÍ.

Stúdentaráðsliðar ættu að hafa eftirfarandi í huga á fundum ráðsins:



- Að búa sig sem best undir þátttöku á fundinum.
- Að mæta stundvíslega, áður en fundur hefst formlega.
- Að fylgjast með störfum fundarins og forðast óþarfa ráp á meðan fundurinn stendur yfir.
- Að trufla ekki fund með fram í köllum.
- Að virða fundarstjórn og mælendaskrá.
- Að fylgja fundarsköpum Stúdentaráðs skv. lögum ráðsins og 7. kafla þessara reglna.
- Að kynna sér efni þessara reglna og fylgja þeim í hvívetna.

1.2.2 Varafulltrúi

Sérhver aðalfulltrúi í Stúdentaráði tilnefni einn varafulltrúa fyrir sig á kjörfundi. Varafulltrúi verður að vera á sama sviði og aðalfulltrúi og má ekki vera annar aðalfulltrúi í ráðinu.

Varafulltrúar fá alltaf fundarboð og öll fundargögn fyrir alla fundi. Varafulltrúar hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins en fá aðeins atkvæðisrétt þegar þeir mæta í stað aðalfulltrúa.

1.2.3 Ritari Stúdentaráðs

Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs skal vera ritari Stúdentaráðs sbr. lög ráðsins samþykkt 18. janúar 2019. Sá einstaklingur ritar einnig fundargerðir stjórnar Stúdentaráðs.

Fundargerðir Stúdentaráðs eru samþykktar í upphafi hvers fundar. Hægt er að senda inn athugasemdir við fundargerðir fyrir hvern fund og eru þær þá teknar fyrir á fundinum, en einnig er hægt að bera upp athugasemdir á fundinum þegar fundargerðin er tekin fyrir. Samþykktar fundargerðir eru birtar á vef Stúdentaráðs, student.is, og eru opnar öllum.

Fundaraðilar sem bóka eða leggja fram tillögur á fundum ráðsins skulu skila þeim til fundarritara fyrir fundarlok og skulu eftir fundarlok staðfesta staðsetningu þeirra í fundargerð hjá ritara áður en fulltrúinn yfirgefur fund.



2.1 Hlutverk sviðsráða skv. lögum Stúdentaráðs

Sérhvert sviðsráð skal gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Ef upp kemur málefnalegur og persónulegur ágreiningur innan sviðsráðs, þá má bera það undir skrifstofu Stúdentaráðs.

Sviðsráðin kjósa sér forseta og ritara á fyrsta fundi ráðsins. Aðalfulltrúar sviðsráðs hafa málfrelsis-, tillögu og atkvæðisrétt á fundum sviðsráðs og Stúdentaráðs. Við atkvæðagreiðslu á fundum sviðsráðs hefur hver fulltrúi eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

2.2 Verklagsreglur sviðsráða

2.2.1 Fundir sviðsráðs

Sviðsráð skulu setja sér nánari verklagsreglur í upphafi hvers árs og þeim ber skylda til þess að birta þær verklagsreglur á student.is. Verklagsreglur þessar eru aðeins lágmarksreglur fyrir störf hvers sviðsráðs.

Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi ráðsins. Á fundum ráðsins hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.

2.2.2 Skiptafundur

Á milli kjörfundar Stúdentaráðs og skiptafundar Stúdentaráðs skal fráfarandi sviðsráð fara yfir störf ráðsins á liðnu starfsári og kynna nýtt ráð fyrir störfum þess. Starfstími sviðsráðs miðast við skiptafund Stúdentaráðs ár hvert.

Sviðsráð skal í kjölfar skiptafundar Stúdentaráðs halda sérstakan skiptafund þar sem fráfarandi og nýtt sviðsráð koma saman. Á þessum skiptafundi tilnefnir fráfarandi sviðsráð nýjan forseta eða óskar eftir tilnefningum. Nýtt sviðsráð kys forseta og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Kosið skal um ritara sviðsráðs og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu önnur embætti innan ráðsins skal einnig kjósa í þau.

Verklagsreglur skulu kynntar sviðsráðmeðlimum á skiptafundi ráðsins og teknar til endurskoðunar og umræðna af nýju sviðsráði. Fráfarandi forseti afhendir og gerir grein fyrir ársskýrslu sviðsráðs þar sem



koma fram upplýsingar um starf ráðsins og helstu verkefni. Fráfarandi fulltrúar sviðsráðs bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og stöðu mála á vegum sviðsráðs.

2.2.3 Forseti sviðsráðs

Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara. Forseti ber ábyrgð á fundargögnum, sem fylgja með fundarboði. Forseti stýrir fundum ráðsins. Ef forseti forfallast ber ritara sviðsráðs að stýra fundi.

Forseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og ber ábyrgð á því að upplýsa sviðsráð sitt um það sem fer þar fram og skal það gert í upphafi hvers fundar.

Forseti ber ábyrgð á stefnu og/eða aðgerðaráætlun sviðsráðs og að henni sé framfylgt. Hann er ábyrgur fyrir útdelingu verkefna og hefur yfirumsjón með öllum þeim verkefnum sem eru í gangi í hvert sinn. Forseti er ábyrgur fyrir gerð ársskýrslu sviðsráðs sem skal gerð í samráði við forseta Stúdentaráðs og skila í ársskýrslu Stúdentaráðs.

2.2.4 Ritari sviðsráðs

Ritari ritar fundargerðir sviðsráðs og er ábyrgur fyrir því að gera þær aðgengilegar fyrir alla fulltrúa ráðsins.

2.2.5 Annað

Sviðsráð skal halda opinn upplýsingafund fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.

Meðlimir sviðsráðsins skulu eftir fremsta megni halda samskiptum sínum á faglegum nótum og fylgja siðareglum þessara verklagsreglna í hvívetna.

Sviðsráð ber ábyrgð á því að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ og ráðið sjálft fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

Aðrar verklagsreglur hér eftir eiga jafnt um sviðsráðsmeðlimi sem stúdentaráðsliða.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stjórn Stúdentaráðs setur sér verklagsreglur í upphafi hvers árs sem skal birta í verklagsreglum þessum.

Inngangur

Stjórn Stúdentaráðs er skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Forseti stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stýrir stjórnarfundum. Það er á ábyrgð forseta að boða til stjórnarfunda og dreifa fundargögnum til fundarmanna. Oddvitar fylkinga Stúdentaráðs ásamt fulltrúa FEDON hafa áheyrnarrétt á stjórnarfundum.

Stjórn Stúdentaráðs skal setja sér verklagsreglur skv. lögum Stúdentaráðs. Verklagsreglur þessar gilda fyrir stjórn starfandi 2020-2021 og voru samþykktar af stjórn þann 23. júlí 2020.

I. Helstu ábyrgðir og skyldur stjórnar:

1.1 Heimild stjórnar til atkvæðagreiðslna og ákvarðanatöku

Stjórn ber að taka fyrir og annast framkvæmd ályktana eða tillagna sem Stúdentaráð samþykkir. Stjórnin getur tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka sem Stúdentaráð ákveður hverju sinni.

Samkvæmt lögum ráðsins fer stjórn með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. Til þess að dagleg hagsmunabarátta geti farið fram með skilvirkum hætti skal stjórn hafa svigrúm til ákvarðanatöku óháð umræðum eða afgreiðslum Stúdentaráðsfunda í undantekningatilvikum. Við þá vinnu setur stjórn sér eftirfarandi verklag:

- Útgjöld eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar Stúdentaráðs sem munu kosta ráðið fé skulu lagðar fyrir stjórn, nema að gert sé ráð fyrir kostnaðinum í samþykktari fjárhagsáætlun. Séu útgjöld eða kostnaður óvenjulegur miðað við ársreikning fyrri ára eða stjórn telur að öðru leyti þörf á, skal leggja útgjöldin fyrir Stúdentaráð.



- Stjórn getur tekið nauðsynlegar ákvarðanir til að daglegur rekstur og hagsmunabaráttu Stúdentaráðs staðni ekki og skal haga ákvörðunum stjórnar þannig að Stúdentaráð komi að ferli mála með eins ríkum hætti og kostur er.
- Þá skal upplýsa stjórn um smávægilegar hagræðingar á rekstri ráðsins, sparnað á fé eða auknar tekjur ráðsins.

Stjórn Stúdentaráðs skal fara eftir verklagsreglum Stúdentaráðs, sérstaklega skal gæta að því ef þær ganga lengra en verklagsreglur þessar.

Stjórn Stúdentaráðs skal koma að ráðningu starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs eftir lögum og verklagsreglum ráðsins. Stjórn skal gæta trúnaðar um persónuverndarupplýsingar og er bundin trúnaði um einstaka umsækjendur. Þá skal forseti vera eini aðili stjórnar sem svarar spurningum vegna ráðninga í stöður á skrifstofu Stúdentaráðs. Stjórn skal almennt gæta sams konar trúnaðar vegna annarra ráðninga og/eða skipana sem koma fyrir stjórn.

1.2 Hlutverk innan stjórnar

Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnaraðila en ritari skal vera framkvæmdastjóri Stúdentaráðs.

Gjaldkeri skal kjörinn í upphafi starfsárs. Gjaldkeri stjórnar, ásamt framkvæmdastjóra, annast gerð fjárhagsáætlunar Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann. Áætlunin er lögð fyrir Stúdentaráð til samþykktar. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdastjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti í samræmi við lög. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri skulu þess á milli svara fyrirspurnum um stöðu fjárhagsáætlunar innan viku frá því að þær berast þeim.

Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs. Ritara ber að halda fundargerð um öll atriði fundar stjórnar sem skal vera aðgengileg á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir stjórnarmeðlimi. Ritara ber að gera útdrátt fundargerðar aðgengilegan fyrir Stúdentaráðsliða þar sem gætt er að því að trúnaðarmál birtist ekki.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stjórn skal gæta gagnkvæmra upplýsingatengsla á milli Stúdentaráðs og nemendafélaga stúdenta. Á hverju starfsári skal stjórn halda kynningarfund fyrir nemendafélögin um störf Stúdentaráðs.

Þá skulu sviðsráðsforsetar eða viðeigandi fulltrúar innan sviðsráðsins halda samráðsfundi með formönnum nemendafélaga hverja skólaönn. Á samráðsfundum þessum skal leita áhlits nemendafélaga á hinum ýmsu hagsmunamálum stúdenta. Á þessum fundum skal gæta að hagsmunafulltrúi hvers nemendafélags eða, í tilfellum sem það á ekki við, deildarfulltrúi nemenda, sé viðstaddur. Þetta skal hvetja til aukins samstarfs milli sviðsráðanna og nemendafélaganna.

Stjórn skal gæta að því að skýra Stúdentaráði reglulega frá helstu viðfangsefnum stjórnar.

II. Nánari verklagsreglur um störf stjórnar

Stjórn Stúdentaráðs 2020-2021 setur eftirfarandi verklagsreglur til viðmiðunar við störf sín:

- Að funda 1x í mánuði, helst u.þ.b. viku fyrir hvern Stúdentaráðsfund. Möguleiki er á tíðari fundum ef upp koma mál inn á milli funda Stúdentaráðs.
- Fundir teljast lögmætir ef fjórir fulltrúar eru viðstaddir.
- Að upplýsa Stúdentaráð reglulega frá helstu viðfangsefnum stjórnar.
- Að forsetar sviðsráða undirbúi kynningu á störfum sínum fyrir Stúdentaráði í lok annar 2020.

Athugið að þessi listi er ekki tæmandi og einnig eru ýmis tilfallandi verkefni sem stjórn sinnir yfir hvert skólaár í samstarfi við réttindaskrifstofu SHÍ, Stúdentaráð og aðra hagsmunaaðila hverju sinni.

SKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS



Stúdentaráð Háskóla Íslands

4.1 Verklagsreglur vegna ráðninga á skrifstofu SHÍ

Skrifstofa Stúdentaráðs ber ábyrgð á að fara að lögum ráðsins við ráðningu starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs. Gæta skal að faglegu ferli við ráðningu, 10 daga umsóknarfrests og skipun ráðninganefndar við fyrsta tækifæri.

Umfram lög ráðsins skal forseti bjóða oddvitum beggja fylkinga sem eiga sæti í ráðningarnefnd að skipa fyrir sig varafulltrúa í ráðningarnefndinni. Miða skal við að sá varafulltrúi komist í viðtöl allra umsækjenda vegna þess starfs sem hann tekur þátt í við ráðningarferlið.

Sé óeining innan ráðningarnefndar um hæfi umsækjenda eða hver niðurstaða nefndarinnar eigi að vera skal gera stjórn grein fyrir því. Þá skal vera heimilt að skila inn álitum minnihluta til stjórnar.

Stjórn Stúdentaráðs skal hafa aðgang að samantekt um umsækjendur frá ráðningarnefndinni og skal gæta að persónuverndarlögum við þá upplýsingagjöf. Sé það mögulegt skal gera ferilskrár og kynningarbréf aðgengileg stjórnarmeðlimum með læstri aðgangsstýringu.

Starfsráðningar annarra en þeirra er getið er í 25. gr. og 26. gr. laga ráðsins fyrir 2020-2021 skulu fara eftir ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs og tilkynntar Stúdentaráði sbr. 26. gr. laganna.

4.2 Verklagsreglur skrifstofu SHÍ

Skrifstofa Stúdentaráðs setur sér verklagsreglur í upphafi hvers árs sem skal bera undir og samþykkja af stjórn.

I. Verklag við störf starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs:

Stjórn Stúdentaráðs skal samþykkja verklagsreglur skrifstofu í upphafi starfsárs og voru verklagsreglur þessar samþykktar þann 23. júlí 2020.

1. Almenn störf skrifstofu og viðverutímar

Forseti er ábyrgur fyrir störfum skrifstofu Stúdentaráðs og svarar fyrir hana útá við og innan háskólans, rétt eins og fyrir Stúdentaráð í heild sinni. Komi upp vafamál um störf skrifstofu eða annað slíkt skal bera það undir forseta.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Skrifstofa Stúdentaráðs skal starfa eftir samþykktum tillögu, ályktunum og yfirlýsingum Stúdentaráðs hverju sinni sem og birtri og samþykktri stefnu ráðsins að hverju sinni. Starfsfólk skrifstofu skal svara spurningum stúdenta, Stúdentaráðsliða og annarra sem til þeirra leita fljótt og örugglega og gæta að góðu upplýsingaflæði og gagnsæi við störf sín. Hver starfsmaður skal taka stúdentum og Stúdentaráðsliðum opnum örmum með því að m.a. auglýsa opna viðtalstíma og hafa tengiupplýsingar aðgengilegar Stúdentaráðsliðum á netinu.

Skrifstofa Stúdentaráðs skal halda úti Facebook síðu, Instagram og Twitter aðgangi á vegum Stúdentaráðs og auka sýnileika Stúdentaráðs.

Starfsfólk skrifstofunnar skal eftir fremsta megni hafa viðveru á skrifstofunni daglega. Þá skal skrifstofan vera opin alla virka daga frá 09-17 og vera aðgengileg stúdentum HÍ, nema í undantekningartilvikum og skal það þá auglýst ef hún er lokuð.

Starfsfólk skrifstofunnar skal í samráði við forseta láta vita af mætingu á skrifstofuna og skrá inn viðveru sína og skulu í undantekningartilvikum vinna að heiman. Allt starfsfólk er ábyrgt fyrir að halda utan um vaktir sínar. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með vöktum. Mælst er með að starfsfólk skrái viðveru sína jafnóðum í sérstakt viðveruskjal.

2. Dreifing, gögn og birtingar SHÍ

Starfsfólk skrifstofunnar skal vinna eftir skjalastefnu Stúdentaráðs og varðveita gögn í samræmi við stefnuna.

Starfsfólk skrifstofunnar er ábyrgt fyrir hi-nem tölvupóstinum og skal póstlistinn aðeins notaður fyrir fjölpóst ef hann snýr beint að hagsmunum stúdenta, bættum kjörum stúdenta, hefur efnislega hjálplegar upplýsingar fyrir stúdenta eða er frá SHÍ, FS eða háskólanum sjálfum. Bein markaðssetning á póstlistanum er ekki heimil nema í undantekningartilvikum samkvæmt samningi við SHÍ og ef hún samrýmist hag stúdenta.

II. Störf og hlutverk starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs:



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Eftirfarandi byggir á lögum Stúdentaráðs og undirrituðum starfslýsingum starfsfólks skrifstofunnar. Því til viðbótar eru nánari skýringar eða viðmið um verklag sem gengur lengra en lög ráðsins eða verklýsingar starfsfólks taka til.

1. Forseti:

Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, skal vera málsvari ráðsins út á við og gagnvart yfirstjórn Háskólans, eftir því sem við á. Forseti er teymisstjóri skrifstofuhópsins og ber ábyrgð á upplýsingaflæði innan hennar sem og góðum starfsháttum og að störf Stúdentaráðs séu unnin á faglegan og skilvirkan hátt. Forseti er ábyrgur fyrir stefnumótun Stúdentaráðs í heild sinni, að stefnu ráðsins sé framfylgt í störfum ráðsins sem og að stefna sé uppfærð reglulega.

1.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Forseti Stúdentaráðs boðar nýkjörið ráð til kjörfundar eigi síðar en sex vikum eftir kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs. Hann skal boða til fundarins með minnst 10 daga fyrirvara í tryggilegu fundarboði sbr. b. lið 6. gr. Laga Stúdentaráð, samþykkt 30.03.2020

Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans, varaforseti, stjórnar fundum ráðsins eða tilnefni annan í sinn stað. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar með minnst 5 daga fyrirvara og skal boða til funda á tryggilegan hátt með tölvupósti eða annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Forseti skal leita eftir slíku samþykki með atkvæðagreiðslu á Stúdentaráðsfundi svo ekki fari milli mála að Stúdentaráð hafi samþykkt aðferðina.

Við fundarstjórn skal forseti gæta þess að fara að lögum ráðsins og þarf því að kunna góð skil á þeim. Fundarstjóri lýsir dagskrá fundar og gefur fundaraðilum orðið eftir því sem þeir rétta upp nafnspjöld til að komast á mælendaskrá. Fundarstjóri skal gæta hlutleysis og sjá til þess að regla sé á fundum. Þá lýsir fundarstjóri fundarslitum er dagskrá hefur verið tæmd. Ef dagskrárliðir hafa ekki verið tæmdir, þá skal forseti fresta þeim til seinni fundar eða setja þá í atkvæðagreiðslu ef þörf er á, þá með viðeigandi upplýsingum.



Þá skal fundarboðun og fundargögn fylgja lögum Stúdentaráðs. Umfram það skal forseti, í þeim undantekningartilvikum sem það gæti talist nauðsynlegt, boða fyrirvara við dagskrárliði ef það er líklegt að eitthvað breytist eða láta vita af líklegum breytingum á dagskrá, komi þær upp eftir fundarboðun. Forseti skal í hvívetna koma gagnlegum gögnum til Stúdentaráðsliða eftir því sem það getur átt við.

Komi sú staða upp að boðað sé til fundar með skemmri fyrirvara skv. lögum ráðsins skal forseti gæta þess að tilkynna fundarboð með tölvupósti og á öðrum sameiginlegum vettvangi Stúdentaráðsliða því til viðbótar auk þess að óska eftir liðsinni stjórnar Stúdentaráðs við að vekja athygli á fundarboðinu.

Forseti hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins en ekki atkvæðisrétt. Forseti skal vera prókúruhafi að reikningum Stúdentaráðs og ber ábyrgð á að lög ráðsins séu aðgengileg.

Forseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og stjórnar forseti fundum stjórnar. Forseti ber ábyrgð á störfum stjórnar í samræmi við lög SHÍ. Forseti skal gæta að því að starfað sé eftir verklagsreglum stjórnar SHÍ hverju sinni.

Forseti ber ábyrgð á að hagsmunaskrá SHÍ sé fyllt út skv. lögum Stúdentaráðs. Forseti skal gæta þess að hagsmunaskráin sé aðgengileg stúdentum á heimasíðu SHÍ og þá í samræmi við óskir um undantekningar birtingar hverju sinni.

Þá situr forseti í Fulltrúaráði LÍS til tveggja ára.

1.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Forseti ber ábyrgð á að verklagsreglur séu settar fyrir starfseiningar ráðsins og ber ábyrgð á viðhaldi þeirra. Það skal gert í sem breiðustu samráði við þær einingar.

Forseta ber að vinna að stefnumótun til framtíðar fyrir Stúdentaráð í samvinnu við Stúdentaráð og aðra starfsmenn SHÍ. Forseti sér um að ákveða stefnumótunarferð Stúdentaráðs og ákvarðar hvernig henni skal hagað í samráði við stjórn Stúdentaráðs og skrifstofu. Undirbúningsvinna við stefnumótunarferð Stúdentaráðs í samráði við skrifstofu. Eftirfylgni við vinnu sem fer fram í stefnumótunarferð Stúdentaráðs í samráði



Stúdentaráð Háskóla Íslands

við varaforseta og birta niðurstöður stefnumótunarferðar svo fljótt sem auðið er. Forseti er ábyrgur fyrir því að störf Stúdentaráðs og opinberar tilkynningar séu í samræmi við stefnu ráðsins.

Yfirumsjón með innra starfi Stúdentaráðs er á ábyrgð forseta: fundargögn, trygging stofnanaminnis, skipulag gagna og lög ráðsins. Forseti heldur utan um öll gögn og tryggir stofnanaminni. Forseti er ábyrgur fyrir skipulagi á Google Drive Stúdentaráðs eða öðru drifi þar sem gögn skrifstofu Stúdentaráðs eru geymd. Forseti heldur utan um öll fundargögn fyrir fundi og sér um að boða fundi. Þá ber forseti ábyrgð á að lög ráðsins skuli vera aðgengileg.

Ársskýrsla ráðsins skal vera kynnt á skiptafundi ráðsins og er gerð og kynning skýrslunnar á ábyrgð forseta.

Málsvari Stúdentaráðs út á við: Forseti kemur opinberlega fram fyrir hönd ráðsins, hvort sem það eru viðburðir, viðtöl, ræður eða erindi. Forseti skal fara eftir ályktunum, tillögum og þeim sjónarmiðum sem Stúdentaráð hefur látið í ljós í samskiptum sínum útá við fyrir hönd ráðsins.

Málsvari Stúdentaráðs gagnvart stjórnslu Háskólans: Forseti skal halda sjónarmiðum Stúdentaráðs til haga innan stjórnslu skólans og í samskiptum sínum við stjórnvöld skólans. Þá skal forseti leitast við sem bestu samráði við Stúdentaráðsliða um þau atriði sem er leitað til hans.

2. Varaforseti:

Varaforseti er staðgengill forseta í forföllum og sinnir öðrum verkefnum samkvæmt lögum þessum eða eðli máls. Varaforseti gegnir einnig ýmsum störfum sem koma á borð skrifstofunnar og er til staðar ef þarf að aðstoða aðra aðila í skrifstofu stúdentaráðs.

2.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Varaforseti hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins. Honum ber að vera vel upplýstur um málefni ráðsins til að geta stigið inn í störf forseta ef til þess kemur. Hann



Stúdentaráð Háskóla Íslands

skal boða nefndir til fyrsta fundar þar sem þau kjósa sér formann í samræmi við val á kjörfundi SHÍ.

Varaforseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og hefur atkvæðisrétt þar. Hann skal tilnefna varafulltrúa sinn í upphafi starfsárs. Miða skal við að sá aðili sé einnig starfsmaður skrifstofu SHÍ.

Varaforseti skal sjá um hlutverk ritara á fundi stúdentaráðs ef framkvæmdarstjóri forfallast

2.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Varaforseti skal framfylgja stefnu Stúdentaráðs í samráði við forseta SHÍ og nefndir ráðsins.

Varaforseti ber ábyrgð á innra starfi ráðsins. Hann skal starfa sem tengiliður við nefndir Stúdentaráðs og sinna veitingu skírteinisviðauka. Þá gengur hann úr skugga um að nefndir framfylgi stefnu Stúdentaráðs. Hann skal sinna eftirfylgni við vinnu sem fer fram í stefnumótunarferð Stúdentaráðs og gæta að því að hún sé öllum nemendum til framdráttar. Varaforseti gætir að því að nefndir SHÍ haldi kynningu á störfum sínum fyrir Stúdentaráði fyrir starfslok. Varaforseti situr í LUF og tryggir upplýsingaflæði milli ráðsins og LUF.

Varaforseti hefur umsjón með markaðs- og samskiptamálum SHÍ í samstarfi við forseta, þ.á.m. Facebook, Instagram og Twitter. Hann sér um upphald og uppfæringu student.is og heldur utan um skipulag herferða Stúdentaráðs.

Varaforseti skal halda utan um mætingarlista, nafnspjöld og mælendaskrá á Stúdentaráðsfundum.

3. Lánasjóðsfulltrúi:



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs og er fulltrúi ráðsins á fundum og í stefnumótun um Menntasjóðinn. Starfsárið 2020-2021 er lánasjóðsfulltrúi tilnefndur í stjórn af Landssamtökum íslenskra stúdenta.

3.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Lánasjóðsfulltrúi hefur áheyrnarrétt á fundum fjármála- og atvinnulífsnefndar. Þá hefur lánasjóðsfulltrúi málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

3.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Helstu verkefni lánasjóðsfulltrúa snúa að stjórnarfundum Menntasjóðsins, forystu í störfum og undirbúningi SHÍ undir störf hins opinbera sem viðkoma Menntasjóðinn og þjónustu við nemendur er varðar Menntasjóðinn. Þá sinnir lánasjóðsfulltrúi stefnumótun vegna lánasjóðsmála fyrir SHÍ í samráði við forseta og skrifstofu.

Lánasjóðsfulltrúi skal upplýsa Stúdentaráð um þau atriði sem nauðsyn krefst hverju sinni og falla ekki undir trúnaðarupplýsingar sjóðsins. Hann skal tala máli stúdenta og hagsmunum þeirra á fundum stjórnar Menntasjóðsins og svarar fyrir afstöðu stúdenta innan stjórnar Menntasjóðsins.

Lánasjóðsfulltrúi leiðir vinnu við álit og umsögn SHÍ um Menntasjóðinn í samráði við forseta. Lánasjóðsfulltrúi er málsvari ráðsins út að við ásamt því að bera ábyrgð á eftirfylgni við álit SHÍ ásamt forseta. Lánasjóðsfulltrúi skuldbindur sig til að vinna eftir samþykktu álit og umsögn SHÍ við hvers lags frumvörp sem varða sjóðinn.

Starfsárið 2020-2021 þjónustar lánasjóðsfulltrúi námsmenn við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Lánasjóðsfulltrúi hefur það að markmiði að nemendur HÍ og HA fái úrlausn við hvers lags vandamálum er varða Menntasjóðinn og séu meðvituð um tilvist lánasjóðsfulltrúa. Hann ber ábyrgð á að auglýsa fresti vegna umsókna í Menntasjóðinn og afgreiða þau mál sem koma á borð skrifstofunnar er varða lánasjóðinn.

4. Hagsmunafulltrúi



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Hagsmunafulltrúi er umboðsmaður stúdenta gagnvart Háskólanum og leiðbeinir og aðstoðar stúdenta til að gæta réttar síns.

4.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Hagsmunafulltrúi starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við stúdenta við Háskóla Íslands. Hann hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

4.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Helsta verkefni hagsmunafulltrúa er hagsmunagæsla. Í því felst að tryggja að þau sem leiti með hagsmunamál sín til skrifstofu Stúdentaráðs fái aðstoð og leiðbeiningar varðandi úrlausn þeirra eftir bestu getu. Til að sinna hagsmunagæslu stúdenta vel er mikilvægt að tryggja viðveru á skrifstofu Stúdentaráðs á viðtalstíma og aðgengileika, að erindum nemenda vegna kvörtunar- og hagsmunamála þeirra innan skólans sé svarað eins fljótt og auðið er og að nemendur séu aðstoðaðir varðandi réttindi þeirra og málum þeirra komið í réttan farveg.

Önnur verkefni sem eru á ábyrgð hagsmunafulltrúa eru stefnumótunarvinna, sýnileiki stúdentaráðs og önnur tilfallandi verkefni. Hlutverk hagsmunafulltrúa í stefnumótunarvinnu stúdentaráðs er að gæta þess að stefna Stúdentaráðs sé í samræmi við hagsmuni stúdenta og til þess fallin að stuðla að bættum hag stúdenta sem og að sinna þarfagreiningu á hagsmunamálum stúdenta. Þáttur hagsmunafulltrúa í að auka sýnileika Stúdentaráðs og þeirrar þjónustu sem í boði er á skrifstofu Stúdentaráðs felst í því að mæta á opna fundi, kynningardaga o.fl. þar sem starfsemi Stúdentaráðs er kynnt og tryggja að störf hagsmunafulltrúa og réttindaskrifstofunnar séu almennum nemendum Háskóla Íslands kunn. Að auki er það í verkahring hagsmunafulltrúa að sinna öðrum tilfallandi verkefnum í samvinnu við forseta SHÍ, en sá hluti starfsins sem snýr að hagsmunagæslu er mjög álagstengdur og á móti gefst tími til annara verkefna fyrir utan álagstímabil.

5. Framkvæmdastjóri



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með rekstri skrifstofu ráðsins í samráði við stjórn Stúdentaráðs og forseta. Hann hefur yfirumsjón með bókhaldi og reikningum ásamt því að sjá um launagreiðslur til starfsmanna. Einnig ber hann ábyrgð á gerð ársreikninga Stúdentaráðs og skal hún kynna þá fyrir ráðinu eins fljótt og auðið er frá lokum reikningsárs og birta þá á vefsíðu ráðsins eftir samþykkt þeirra.

Framkvæmdastjóri hefur umsjón með allri samningagerð og tryggir því fjármagn til rekstur skrifstofunnar og þá viðburði sem ráðið og nefndir þess halda.

5.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Framkvæmdastjóri skal kynna Stúdentaráðsliðum bæði fjárhagsáætlun og ársreikninga SHÍ. Einnig skal hann rita Stúdentaráðsfundi.

5.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Framkvæmdastjóri tekur þátt í að vinna að skilvirkum og góðum starfsháttum á skrifstofu Stúdentaráðs. Framkvæmdastjóri gætir fjármuna og eigna Stúdentaráðs, vinnur að hagkvæmni í fjárútlátum og miðlar upplýsingum til Stúdentaráðs og skrifstofu. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með fjármálum Stúdentaráðs, hefur umsjón með rekstri skrifstofu Stúdentaráðs, þar með talið tímaskráningum starfsfólks Stúdentaráðs, greiðslu launa, sér um samningsgerðir á vegum Stúdentaráðs og eftirfylgni þeirra, sér um auglýsingasöfnun í útgefið efni Stúdentaráðs og sér um að rita fundargerðir Stúdentaráðs og stjórnar Stúdentaráðs. Auk þess tekur framkvæmdastjóri þátt í daglegum störfum skrifstofunnar í samráði við forseta.

Hæfniskröfur:

- Áhugi á Stúdentaráði og málefnum stúdenta auk virkrar þátttöku í háskólasamfélaginu.
- Þekking og reynsla á fjármálum og bókhaldi.
- Þekking á bókhaldshugbúnaði er kostur.
- Þekking á stjórnslu Háskóla Íslands er kostur.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Vilji og geta til þess að vinna með stúdentaráðsliðum, starfsmönnum skrifstofu Stúdentaráðs og öðrum hagsmunaaðilum ráðsins.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af viðburðarstjórnun er kostur.
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku er skilyrði.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.
- Menntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Önnur þekking og reynsla sem nýtist í starfi.

6. Ritstjóri

Ritstjóri hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akademíunnar.

6.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Ritstjóri Stúdentablaðsins ákveður efni blaðsins í samstarfi við ritnefnd og ber ábyrgð á því. Ritstjóri auglýsir eftir fulltrúum í ritstjórn Stúdentablaðsins með almennum stúdentapósti á HÍ netföng stúdenta. Ritstjóri leggur fjárhagsáætlun hvers tölublaðs fyrir framkvæmdastjóra.

6.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Ritstjóri ritstýrir og hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akademíunnar. Gefin eru út fjögur tölublöð af Stúdentablaðinu, tvö á hvoru misseri. Akademían er gefin út við upphaf haustmisseris 2020. Ritstjóri annast stefnumótun fyrir Stúdentablaðið og Akademíuna og skipar í ritstjórn Stúdentablaðsins. Auglýst er eftir fulltrúum í ritstjórn Stúdentablaðsins með almennum tölvupósti til allra stúdenta en að auki eru tveir fulltrúar skipaðir af Stúdentaráði.

Ritstjóri hefur það að leiðarljósi að setja saman eins fjölbreytta ritstjórn og kostur gefst á. Ritstjóri leiðir ritstjórn Stúdentablaðsins og hefur það hlutverk að útdeila efni til



umfjöllunar til ritstjórnarmeðlima. Ritstjóri boðar fundi með ritstjórnar með ásættanlegum fyrirvara og heldur utan um fundargögn ritstjórnar. Ritstjóri ber ábyrgð á að hlutverk ritstjórnarmeðlima liggi fyrir eins fljótt og hægt er frá því að skipað hefur verið í ritstjórn. Ritstjóri ákveður efni hvers tölublaðs Stúdentablaðsins í samstarfi við ritstjórn.

Ritstjóri vinnur að auglýsingasöfnun fyrir Stúdentablaðið og Akademíuna í samvinnu við framkvæmdastjóra. Þá útbýr ritstjóri fjárhagsáætlun fyrir Akademíuna og hvert tölublað Stúdentablaðsins í samvinnu við framkvæmdastjóra. Ritstjóri annast einnig ráðningu á grafískum hönnuði Stúdentablaðsins og Akademíunnar og skal hann vera faglega ráðinn.

Ritstjóri hefur yfirumsjón með vef og samfélagsmiðlum Stúdentablaðsins og ber ábyrgð á birtingu alls efnis í blaði og á vef Stúdentablaðsins. Ritstjóri tryggir að efni Stúdentablaðsins og Akademíunnar sé prófarkalesið og hefur einnig umsjón með umbroti og prentun blaðanna. Ritstjóri uppfærir vef Stúdentablaðsins og birtir greinar og viðtöl milli hvernar útgáfu eins og við á. Þá ber ritstjóri ábyrgð á að útgáfa hvers tölublaðs Stúdentablaðsins sé auglýst með góðum fyrirvara til að tryggja sýnileika blaðsins í háskólasamfélaginu.

Ritstjóri tekur þátt í að skilvirkni og góðum starfsháttum sé háttað á skrifstofu Stúdentaráðs. Auk ritstjórnar og blaðamanna starfar ritstjóri náið með forseta og framkvæmdastýru Stúdentaráðs. Ritstjóri leggur auk þess áherslu á að eiga í góðum samskiptum við starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs og aðra sem koma á einn eða annan hátt að útgáfu Akademíunnar og Stúdentablaðsins.

7. Alþjóðafulltrúi

Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlendis. Alþjóðafulltrúi er annar af tveimur fulltrúum stúdenta í Aurora samstarfsnetinu og starfar náið með Alþjóðaskrifstofu.

7.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlendis. Alþjóðafulltrúi hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

Stúdentaráð er með tvo fulltrúa í stúdentaráði Aurora, samstarfsneti níu háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ en hinn skal vera alþjóðafulltrúi SHÍ.

Alþjóðafulltrúi SHÍ og aðrir fulltrúar skrifstofunnar þurfa e.t.v. að sækja ráðstefnur og fundi erlendis yfir starfsárið. Þar er mikilvægt að fulltrúar tileinki sér eftirfarandi hluti:

- Panta skal flug og gistingu með góðum fyrirvara til að halda kostnaði í lágmarki og skal gera það um leið og fyrir liggur hverjir fulltrúar eru og hvar viðburðurinn er haldinn.
 - Háskóli Íslands hefur lýst yfir vilja til að niðurgreiða allan ferðakostnað stúdenta sem sækja Aurora ráðstefnur erlendis. Skal því flug og gisting vera bókuð í samráði við skrifstofu Alþjóðasamskipta.
 - Þá skal fulltrúi taka kvittanir fyrir öðrum aukakostnaði sem hlýst af ráðstefnu/fundi en það getur verið til dæmis fæðiskostnaður á ferðadögum eða þegar slíkt er ekki í boði á ráðstefnu/fundi.
- Fulltrúar sem ferðast á vegum ráðsins eru ábyrgir fyrir því að halda utan um kvittanir og skýringar á þeim. Þeim skal skilað til framkvæmdastjóra.
 - ATH. að ráðið greiðir ekki fyrir áfengi og annan óþarfa kostnað.
- Fulltrúar eru beðnir um að halda aukaútgjöldum í lágmarki hverju sinni.
- Þegar ráðstefnu/fundi er lokið skal fulltrúi skila þeirri þekkingu sem hann öðlast á viðkomandi ráðstefnu og/eða fundi til Stúdentaráðs. Fulltrúar skulu skrifa skýrslu



Stúdentaráð Háskóla Íslands

um viðkomandi fund eða ráðstefnu og gera aðgengilega fyrir stúdenta á heimasíðunni student.is

- Á þeim fundum/ráðstefnum sem fulltrúi sækir skal hann ávallt sýna af sér háttvísi og fara eftir siðareglum samtakanna og þeim siðareglum sem fulltrúum eru settar hverju sinni. Þá skal hann hafa í huga að hann er í forsvari fyrir Stúdentaráð og talar máli ráðsins.
- Fulltrúi skal virða fundartíma ráðstefnu eða fundar sem hann sækir, hann skal mæta tímanlega og skila góðu vinnuframlagi.
- Þá skulu fulltrúar SHÍ á ráðstefnum erlendis leggja sitt af mörkum í umræðum, tryggja það að rödd stúdenta Háskóla Íslands heyrir á alþjóðlegum vettvangi og móta tengsl við fulltrúa annarra landa.

7.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

7.2.1. Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands starfar sem trúnaðarmaður allra erlendra nema og skiptinema Háskóla Íslands. Fulltrúinn skal tryggja að þau sem leiti með hagsmunamál sín til skrifstofu Stúdentaráðs fái aðstoð og leiðbeiningar varðandi úrlausn þeirra. Alþjóðafulltrúi skal tryggja aðgengileika á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir alla erlenda nema.

Þá skal alþjóðafulltrúi tryggja að stefna Stúdentaráðs til framtíðar sé erlendum nemendum og skiptinemum við Háskóla Íslands til framdráttar og stuðli að bættum hag þeirra.

Alþjóðafulltrúi skal auka sýnileika Stúdentaráðs fyrir erlendum nemum og skiptinemum og tryggja að þau viti hvaða þjónustu þeim stendur til boða. Þetta gæti falið í sér að mæta á opna fundi, kynningardaga o.fl. fyrir erlenda nema. Einnig fellur það á ábyrgð Alþjóðafulltrúa og alþjóðarnefnd SHÍ að þýða allt útgefið efni SHÍ.



Alþjóðafulltrúi ber ábyrgð á mentor kerfi og og skal tryggja sýnileika og aðgengileika þess. Jafnframt ber alþjóðafulltrúi ábyrgð á að tryggja sýnileika allra viðburða fyrir erlenda nema.

7.2.2. Aurora

Alþjóðafulltrúi er jafnframt aðalfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands í Aurora og skal vinna samkvæmt stefnu Stúdentaráð í tengslum við Aurora samstarfsnetið.

Jafnframt skal hann stuðla að skilvirkum starfsháttum og stuðla að góðu upplýsingaflæði milli Stúdentaráðs, skrifstofu SHÍ, skrifstofu alþjóðasamskipta og Aurora um öll þau málefni sem tengjast Aurora. Þetta getur m.a. falið í sér að kynna verkefni eða mál innan Aurora sem tengjast Stúdentaráði á fundum Stúdentaráðs og skila inn skýrslum eftir hverja ráðstefnu til Stúdentaráðs.

Alþjóðafulltrúi skal stuðla að skilvirku starfi innan Aurora samstarfsnetsins og hafa samráð og samskipti við aðra stúdenta innan netverksins. Fulltrúinn skal vinna að öllum þeim verkefnum innan Aurora sem starfið krefst, í samráði við skrifstofu SHÍ og skrifstofu alþjóðasamskipta.

Önnur tilfallandi verkefni eru unnin í samráði við forseta SHÍ og skal fulltrúinn annast öll þau störf sem tengjast sviðinu og kunna að reynast nauðsynleg hverju sinni.

FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS

5.1 Hlutverk fastanefnda

Forseti og varaforseti bera ábyrgð á að farið sé að lögum ráðsins við skipan og störf nefnda Stúdentaráðs.

Á vegum Stúdentaráðs starfa 9 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra, að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Fulltrúar í nefndum skulu skipaðir skv. lögum ráðsins. Forsæti í nefndum skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fastanefndir ráðsins eru: alþjóðanefnd, fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, kennslumálanefnd, lagabreytinganefnd, nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Hlutverk nefnda skal samrýmast lögum ráðsins.

Kjörgengir til að sita í nefndum eru allir þeir sem hafa verið skráðir til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum á undan sérstökum kjörfundi. Nefndir skulu skipaðar með tilnefningum í fjögur nefndarsæti á kjörfundi Stúdentaráðs, að undanskildri nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Auglýsa skal í laus sæti nefnda í upphafi haustannar.

Fastanefndir skulu á sínum fyrsta fundi kjósa sér forseta. Fyrsti fundur skal tryggilega boðaður af varaforseta Stúdentaráðs og skal miða við að sá fundur sé skiptafundur nefnda sbr. neðangreindur kafli 5.2.2.

Nefndir skulu í upphafi starfs síns setja sér starfs- og fjárhagsáætlun að svo miklu leyti sem hægt er. Nefndir skulu skrifa skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs í lok árs sem forseti skal færa í ársskýrslu ráðsins.

5.2 Verklagsreglur fastanefnda

5.2.1 Fundir

Nefndir skulu funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði, eða eftir samkomulagi, og skulu nefndarmeðlimir mæta tímanlega á fundi ráðsins. Ef nefndarmeðlimur forfallast skal tilkynna forseta nefndar forföllin tímanlega.

Einn nefndarmeðlimur getur krafist forseta um fundarboð og skal halda fund innan viku eftir að krafa um fund kemur fram.

Fundur telst lögmætur ef hann er löglega boðaður af forseta nefndar í samræmi við lög ráðsins. Forseti skal leitast eftir í hvert sinn að velja fundartíma þar sem flestir komast.

Nefndir skulu starfa í umboði Stúdentaráðs og hefur Stúdentaráð úrslitavald í málum sem nefndir taka til afgreiðslu. Nefndir skulu starfa í samræmi við ályktanir, tillögur og stefnu sem Stúdentaráð samþykkir.



5.2.2 Skiptafundur

Á milli kjörfundar Stúdentaráðs og skiptafundar skulu fráfarandi nefndarmeðlimir koma nýjum nefndarmeðlimum inn í störf nefndarinnar og fara yfir vinnu síðasta árs.

Starfstími fastanefnda miðast við skiptafund Stúdentaráðs ár hvert.

Fastanefndir skulu halda sérstakan skiptafund þar sem fráfarandi og nýir nefndarmeðlimir koma saman. Varaforseti Stúdentaráðs boðar slíkan fund innan sex vikna frá kjörfundi skv. 20. grein laga Stúdentaráðs. Á þessum fundi er kosið um forseta nefndar. Verklagsreglur skulu kynntar nefndarmeðlimum á skiptafundi nefnda. Fráfarandi forseti nefndar afhendir og gerir grein fyrir ársskýrslu nefndarinnar þar sem koma fram upplýsingar um starf nefndar og helstu verkefni. Fráfarandi fulltrúar nefndar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti nefndar.

5.2.3 Forseti fastanefndar

Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara og ber ábyrgð á fundargögnum, ef einhver kunnu vera, sem fylgja með fundarboði.

Forseti stýrir fundum nefndarinnar. Forseti ber ábyrgð á stefnu sinnar nefndar og framfylgd. Hann er ábyrgur fyrir útteilingu verkefna og hefur yfirumsjón með öllum þeim verkefnum sem eru í gangi í hvert sinn. Hverslags breytingar á stefnu nefndar þarf Stúdentaráð að samþykkja.

Forseti er ábyrgur fyrir gerð ársskýrslu nefndar.

SÍÐA- OG JAFNRÉTTISREGLUR

Þessi kafli er settur til að tryggja jafnrétti, jafnt aðgengi og gagnkvæma virðingu þátttakenda í allri starfsemi Stúdentaráðs. Tilgangur þeirra er að koma í veg fyrir óæskilega hegðun innan ráðsins og að ákvarða ferla sem fylgja þarf ef tiltekin brot kynnu að koma upp. Þátttakendur í starfi og viðburðum SHÍ skulu þekkja efni þessara reglna og fylgja þeim.

6.1 Siðareglur SHÍ

6.1.1 Almennar reglur



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Koma skal fram við öll af virðingu óháð félagslegum bakgrunni, kyni, aldri, þjóðerni, kynhneigð, kyntjáningu, kyneinkennum, kynvitund, trúarlegum skoðunum, stjórnmalaskoðunum, hreyfihömlunum, fötlun eða öðrum ástæðum.

Sýna skal öðrum virðingu í framkomu, ræðu og riti. Bein eða óbein mismunun innan ráðsins er ekki liðin.

Ekki skal koma með óviðeigandi athugasemdir eða grínast á forsendum sem byggðar eru á mismunun. Þvert á móti skal skapa jákvætt andrúmsloft fyrir alla þátttakendur á bæði formlegum og óformlegum fundum samtakanna.

Ofangreindar reglur eru ekki tæmandi og tekið verður á tilkynntum brotum þó þau hafi ekki verið talin upp hér að ofan.

6.1.2 Viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan SHÍ

Eins og þær voru samþykktar 18. desember 2017

1. gr. Markmið

Kynbundin og kynferðisleg áreitni, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi (hér eftir nefnt brot) er með öllu óheimilt af hálfu fulltrúa í Stúdentaráði Háskóla Íslands (SHÍ), varafulltrúa, nefndarmeðlima, starfsmanna réttindaskrifstofu og annarra sem starfa í umboði ráðsins. Slíkt er hvorki liðið í samskiptum þessara fulltrúa innbyrðis né í samskiptum þeirra við einstaklinga sem teljast ekki til fulltrúa ráðsins enda eigi samskiptin sér stað í tengslum við starfsemi SHÍ.

Markmið þessara verklagsreglna er að tryggja faglega meðferð mála telji aðili sig hafa orðið fyrir broti. Jafnframt er það markmið að stúdentar séu upplýstir um þau úrræði sem standa þeim til boða innan Háskóla Íslands og að þessi hegðun sé ekki liðin innan SHÍ.

2. gr. Hugtök

Með hugtakinu kynbundin áreitni er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa



Stúdentaráð Háskóla Íslands

aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, aukmýkjandi eða móðgandi. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin og/eða táknræn.

Með hugtakinu kynferðisleg áreitni er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Með hugtakinu kynbundið ofbeldi er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Með hugtakinu kynferðislegt ofbeldi er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga.

3. gr. Fagráð og meðferð kvartana

Hver sem vill bera fram kvörtun vegna brots sem viðkomandi telur sig hafa orðið fyrir af hálfu fulltrúa í Stúdentaráði eða annarra sem starfa í umboði ráðsins eða tilkynna um brot sem viðkomandi telur sig hafa rökstuddan grun eða vitneskju um, skal snúa sér til fagráðs Háskóla Íslands um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Fulltrúi í Stúdentaráði eða annar sá sem starfar í umboði ráðsins getur einnig snúið sér til starfsmanna réttindaskrifstofu SHÍ í fullum trúnaði. Hver sá sem tekur við kvörtun eða tilkynningu um brot skal umsvifalaust vísa erindinu til fagráðsins til faglegrar meðferðar, undir nafnleynd ef tilkynnandi óskar þess. Gæta skal þess að hagur og vilji tilkynnanda sé ávallt virtur ásamt trúnaði.

4. gr. Meðferð og úrlausn mála

Á meðan mál er í skoðun hjá fagráðinu skal reynt að ná sáttum um vinnutilhögun aðila máls þar sem við á í samráði við fagráðið og réttindaskrifstofu SHÍ. Óheimilt er að flytja þá/þau/þann sem hefur kvartað eða orðið fyrir broti til í starfi innan SHÍ vegna brots, nema viðkomandi óski þess.

Stúdentaráði er skylt að kynna verklagsreglur þessar og verklagsreglur Háskóla Íslands fyrir nemendafélögum og nemendum Háskóla Íslands. Stúdentaráð og sviðsráð skulu kynna fagráðið fyrir fulltrúum nemendafélaga á samráðsvettvangi nemendafélaga og á öðrum vettvangi. Nefndir SHÍ skulu



Stúdentaráð Háskóla Íslands

einnig kynna sér og eftir tilvikum öðrum nemendum reglur þessar og fagráðið í upphafi starfsárs þeirra og ef nýjir meðlimir eru teknir inn í nefndina.

5. gr. Kynning

Mæli lög ekki á annan veg er þeim sem að málunum koma skylt að gæta þagmælsku um einstök mál.

6. gr. Gildistaka

Verklagsreglur þessar, sem settar eru á grundvelli Verklagsreglna um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands og 2. gr. reglna um Háskóla Íslands nr. 569/2009 og með hliðsjón af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, öðlast gildi við staðfestingu Stúdentaráðs.

6.2 Úrsögn eða brottvikning

Við úrsögn skal fulltrúi senda skriflega tilkynningu til varaforseta stúdentaráðs og fer eftir afgreiðslu hennar skv. 13. gr. samþykktara laga SHÍ frá 30. mars 2020.

Stúdentaráð getur lýst yfir vantrausti á alla fulltrúa sem ráðið hefur kosið til að gegna embætti. Stúdentaráðsliði getur lýst yfir vantrausti á annan Stúdentaráðsliða. Slík tillaga skal berast skriflega til einhvers starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs. Skal þá forseti boða til Stúdentaráðsfundar til afgreiðslu tillögunnar, sé vantraust tillaga gagnvart forseta skal varaforseti boða til fundarins. Stúdentaráð skal greiða atkvæði og sé tillagan samþykkt skal boða til almenns stúdentafundar. Fari fram atkvæðagreiðsla á stúdentafundinum þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að víkja Stúdentaráðsliða úr embætti, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands hið minnsta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.

FUNDIR STÚDENTARÁÐS

7.1 Hlutverk Stúdentaráðsfunda skv. lögum

Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til stúdentaráðsfundar en sjö Stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.



Stúdentaráðsfundir eru opnir öllum háskólastúdentum en meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi þegar slíkt telst nauðsynlegt. Stúdentaráðsfundur hefur úrslitavald í öllum málum sem heyra undir sviðsráð, fastanefndir, starfshópa, stjórn, skrifstofu, starfsfólk og fulltrúa ráðsins.

Fundur telst löglegur ef til hans er löglega boðað. Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram telst fundur löglegur ef meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs að sitja fundinn eða 20 Stúdentaráðsliðar. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála og kjöri. Falli atkvæði jafnt telst tillaga fallin. Nánari fyrirmæli má finna í kafla 7.2.1.3.

Starfsmenn réttindaskrifstofu SHÍ, varafulltrúar Stúdentaráðsliða, fulltrúar stúdenta í háskólaráði og fulltrúar og varafulltrúar stúdenta í LÍS hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins.

7.2 Verklagsreglur Stúdentaráðsfunda

7.2.1 Fundarsköp

Forseti Stúdentaráðs stjórnar fundum ráðsins en getur tilnefnt annan í sinn stað. Í fjarveru forseta stýrir varaforseti fundum.

7.2.1.1 Bókanir, tillögur og mikilvæg atriði á Stúdentaráðsfundum

Stúdentaráðsliðar geta skilað inn skriflegri bókun varðandi málefni sem er til umræðu á Stúdentaráðsfundum. Tilgangur slíkrar bókunar er að færa orðrétt í fundargerð og Stúdentaráðsliði skal skila henni inn til fundarritara á fundi undir þeim dagskrárlið sem hún er borin upp. Miða skal við að bókunum sé varpað upp fyrir fundargestum. Ekki þarf að kjósa um bókanir. Vilji Stúdentaráðsliði bóka um mál sem eru ekki á dagskrá skal óska eftir því að mál verði sett á dagskrá. Gefist ekki tími í það skal bókunin borin upp undir önnur mál og er þá skylt að varpa henni upp fyrir fundargestum svo umræða um slíkt óundirbúið mál verði skýr.

Stúdentaráðsliðar geta komið með tillögur á fundum, og fyrir fundinn, og eru hvattir til þess. Ef Stúdentaráðsliði vill taka upp sérstakan dagskrálið á fundi skal hafa samband við forseta ráðsins, sem skipuleggur og heldur utan um fundardagskrá. Ef tillögur varða eitthvað sem er ekki á fundardagskrá eftir að fundur hefur verið boðaður, er tillagan borin upp undir „Önnur mál“ í lok fundar. Eftir að tillaga



hefur verið borin upp skal strax bera til atkvæðagreiðslu án umræðu hvort greiða eigi atkvæði um tillöguna. Ef það er samþykkt verður tillagan tekin til umræðu og loks greidd atkvæði um tillöguna.

Ef ekki hefur verið boðað til atkvæðagreiðslu vegna tillögu sem berst vegna máls sem var á dagskrá skal strax greiða atkvæði um hvort greiða eigi atkvæði um tillöguna. Ef það er samþykkt skal taka hana til umræðu og loks greiða atkvæði um tillöguna.

Mikilvægt er að þátttakendur á Stúdentaráðsfundum hafi eftirfarandi hluti í huga:

- Forseti fundar sér til þess að fundardagskrá sé fylgt og opnar mælendaskrá þegar við á í hverjum dagskrálið. Þegar mælendaskrá er opin geta þeir sem hafa málfrelsis- og tillögurétt tekið til máls.
- Til þess að vera á mælendaskrá og mega taka til máls dugar að rétta upp nafnskírteini sitt og sá sem heldur utan um mælendaskrá í hvert sinn tekur niður nöfn í réttri röð.
- Fundarstjóri er ábyrgur fyrir mælendaskrá og má deila því hlutverki til einhvers annars.
- Fram í köll eru ekki leyfð og ef einhver annar hefur orðið ber einstaklingum að bíða þar til þeir fá orðið.
- Fundarmeðlimur getur beðið um tæknilega útskýringu með því að rétta upp báðar hendur og mynda T með þeim. Það má ekki styðjast við þetta til þess að koma sinni skoðun að, einungis til þess að biðja um nákvæmari tæknilega útskýringu á framvindu fundarins. Þau sem ekki geta gert þetta merki, geta samið um að nota annað merki við fundarstjóra.
- Þátttakendur skulu koma fram við öll af virðingu. Engin mismunun, óbein eða bein, né nokkurs konar áreitni er liðið á fundum.
- Þátttakendur skulu virða húsnæði sem nýtt er í starfi Stúdentaráðs og þar með þær reglur sem fylgja húsnæðinu sjálfu, auk þess sem þeim ber að virða nærumhverfi þess.

7.2.1.2 Framkvæmd lagabreytinga á Stúdentaráðsfundum

Lögum ráðsins er hægt að breyta á Stúdentaráðsfundum.



Öllum sem hafa tillögurétt innan Stúdentaráðs er frjálst að leggja fram lagabreytingatillögu. Til þess að tillagan sé tekin fyrir á Stúdentaráðsfundi þarf tillagan að berast forseta ráðsins áður en forseti boðar fund svo stúdentaráðsliðar geti kynnt sér tillögurnar vel og mótað sér afstöðu fyrir fund. Tillagan þarf að vera með í fundarboði og fundargögnum og tilgreint ef atkvæðagreiðsla muni eiga sér stað.

Hver tillaga er borin upp til samþykktar skv. fundardagskrá og gerir sem hana bar fram grein fyrir tillögunni og rökstuðningi. Orðið er þá gefið laust og fundinum gefið færi á að tjá skoðun sína á tillögunni. Þegar fundarstjóri hefur lokað mælendaskrá er tillagan borin upp til samþykktar.

Stúdentaráðsliðar sem vilja leggja fram lagabreytingatillögur skulu hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að gefa sér góðan tíma í að setja breytt lög í lagabreytingarform sem forseti útvegar svo breytingartillögur séu skýrar og skiljanlegar.
- Gott er að leita álits hjá t.d. lagabreytinganefnd eða skrifstofu um orðalag og framsetningu.
- Þá er gott að miða við að tillögur séu samdar í breiðri sátt.
- Náist ekki sátt um lagabreytingatillögu á Stúdentaráðsfundi er hægt að vísa málinu til lagabreytinganefndar til endurskoðunar og hún verður þá lögð fyrir Stúdentaráð á ný eftir vinnslu nefndarinnar.

Hægt er að gera breytingartillögu á lagabreytingartillöguna. Við lok umræðna og þegar atkvæðagreiðsla hefst skal bera breytingartillögur upp á undan aðaltillögu. Fyrsta skal bera upp þá sem lengst gengur að mati fundarstjóra. Tillögur sem ósamrýmanlegar eru áður samþykktum tillögum og breytingatillögum skulu ekki koma til atkvæða. Sá sem lagði upphaflega fram breytingatillöguna getur dregið sína tillögu til baka og þá úr atkvæðagreiðslu.

Lög Stúdentaráðs skulu vera uppfærð innan þriggja daga frá Stúdentaráðsfundi af forseta Stúdentaráðs og gerð aðgengileg á vef Stúdentaráðs.

Á vegum Stúdentaráðs starfar lagabreytinganefnd, en hægt er að leggja fyrirspurn og ábendingar til hennar. Tekur hún þá lagabreytingatillögu til umfjöllunar og leggur svo fyrir ráðið. Lög Stúdentaráðs skulu endurskoðuð árlega af lagabreytingarnefnd. Þegar kemur að því að endurskoða lög samtakanna er gott að hafa eftirfarandi í huga:



- Gott er að yfirfara löginn jafnt og þétt yfir starfsárið og skrifa niður hjá sér hvað má betur fara hverju sinni.
- Fyrirkomulagið á endurskoðun laga getur verið þannig að fulltrúar í lagabreytingarnefnd yfirfara löginn hver í sínu og horni og hittast síðan í hóp og fara yfir þær breytingartillögur sem gott væri að gera.
- Öllum sem starfa innan ráðsins er skylt að kynna sér lög ráðsins og starfa samkvæmt þeim.

Ekki þarf samþykki Stúdentaráðs ef laga á númer á köflum og lagagreinum, stafsetningar- og innsláttarvillur.

7.2.1.3 Atkvæðagreiðsla á Stúdentaráðsfundum

Eigi að kjósa um eitthvað á Stúdentaráðsfundum er gert grein fyrir því í fundardagskrá sem send er út með fundargögnum sem forseti ráðsins er ábyrgur fyrir.

Hver og einn Stúdentaráðsliði, og löggiltur varafulltrúi í fjarveru aðalfulltrúa, hefur eitt atkvæði.

Við atkvæðagreiðslu skal atkvæði hvers og eins Stúdentaráðsliða rituð í fundargerð með nafni, nema leynilegrar atkvæðagreiðslu sé óskað. Sé óskað eftir leynilegri atkvæðagreiðslu þarf þriðjungur Stúdentaráðs að samþykkja það með atkvæðagreiðslu um það.

Stúdentaráðsliðar mega biðja fundarstjóra stuttlega um orðið til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu áður en atkvæði eru talin.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, falli atkvæði jafnt er tillaga fallin.

Stúdentaráð getur ályktað um málefni, og hægt er að afgreiða ályktanir rafrænt. Forseti Stúdentaráðs er þá ábyrgur fyrir ályktuninni, að setja umsagnarfrest og fá samþykki meirihlutans fyrir ályktuninni áður en hún er send út.

KJÖRFUNDUR OG SKIPTAFUNDUR

Á kjörfundi skal hver frambjóðandi fá tækifæri til þess að kynna sig og halda framboðsræðu. Framboðsræða skal ekki vera lengri en 3 mínútur. Nýtt Stúdentaráð kys á kjörfundi, ekki fráfarandi Stúdentaráð.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Forseti Stúdentaráðs skal stýra kjörfundi þar til nýr forseti hefur verið kjörinn. Þá skal nýkjörin forseti taka við fundarstjórn og stýra kjöri annarra fulltrúa og nefnda ráðsins. Í kjölfar kjörfundar skulu fráfarandi fulltrúar og nýkjörnir fulltrúar koma á fyrirkomulagi hver fyrir sig um yfirfærslu þekkingu til nýkjörinna aðila.

Á milli kjörfundar og fram að skiptafundi skulu fráfarandi fulltrúar leggja sig fram við að setja nýkjörna fulltrúa inn í fyrirliggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs. Þetta á við fulltrúa réttindaskrifstofu, Stúdentaráðsliðar, sviðsráð, nefndir, háskólaráð og aðra fulltrúa í embættum SHÍ. Nýkjörnir fulltrúar skulu sömuleiðis leggja sig fram við að mæta á þá fundi og viðburði sem haldnir eru á milli kjörfundar og skiptafundar. Miða skal við að aðlögunartímabil hvers kjörins fulltrúa sé lokið á skiptafundi þar sem starfstími hvers kjörins fulltrúa miðast við skiptafund ár hvert.

Fráfarandi forseti sér um að boða skiptafund Stúdentaráðs og gerir fráfarandi forseti þar grein fyrir ársskýrslu SHÍ. Á skiptafundi skal fráfarandi forseti rétta nýjum forseta formlega keflið og þar með er nýtt Stúdentaráð tekið við. Nýr forseti tekur þá við fundarstjórn og sér um að slíta skiptafundi.

STEFNUR STÚDENTARÁÐS

Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar samkvæmt stefnum sem eru mótaðar, samþykktar og endurskoðaðar reglulega af ráðinu.

Stefnumótun skal fara fram í sem víðtækustu samráði við alla stúdentaráðsliða og aðra hagsmunaaðila.

9.1 Endurskoðun

Sérhver stefna ráðsins fellur undir einhverja fastanefnd eða starfsfólk skrifstofu SHÍ. Hver fastanefnd ber meginábyrgð á framfylgni og því sem fram kemur í sinni stefnu og að stefnan sé endurskoðuð á a.m.k. þriggja ára fresti í samráði við forseta.

Forseti fastanefnda skal virkja nefnd sína til starfa þegar kemur að endurskoðun stefnunnar og framfylgd hennar.

Allir innan Stúdentaráðs bera ábyrgð á því að virða stefnur Stúdentaráðs við sína vinnu. Allir fulltrúar innan Stúdentaráðs bera skyldu að taka þátt í stefnumótun ráðsins.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Breytingartillögur á stefnum skulu kynntar á fundi Stúdentaráðs og kosið um þær með atkvæðagreiðslu. Kjósa skal sérstaklega um breytingartillögur sem kunna að koma upp á slíkum fundum.

FJÁRMÁL

10.1 Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár ráðsins skal hefjast 1. júní ár hvert og tekur enda á síðasta degi maímánuðar.

Framkvæmdastjóri skal útbúa ársreikning fyrir hvert reikningsár sem skal samþykktur af endurskoðanda og síðan borinn undir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar. Ársreikningar skulu kynntir á Stúdentaráðsfundi í lok hvers starfsárs.

10.2 Fjármögnun samtakanna og fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri bera ábyrgð á fjármögnun ráðsins. Reikningar skulu ávallt vera aðgengilegir öllum innan Stúdentaráðs.

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stjórnar SHÍ skulu í samstarfi vinna að fjárhagsáætlanagerð fyrir SHÍ sem skal kynnt reglulega í samræmi við lög ráðsins. Þá skal stjórn Stúdentaráðs fá kynningu á hagræðingum eða lítillaga auknum tekjum fyrir ráðið. Stjórn hefur heimild til að samþykkja nauðsynleg ófyrirsjáanleg útgjöld innan hóflegra marka og í samræmi við verklagsreglur stjórnar. Önnur veigamikil útgjöld, s.s. gerð nýrrar heimasíðu eða þess háttar skulu samþykkt af Stúdentaráði.

Allt umframfjármagn sem kann að safnast yfir starfsárið skal renna beint til næsta starfsárs. Stúdentaráð niðurgreiðir aldrei áfengiskostnað nema að fengnu samþykki Stúdentaráðs.

VERKLAG VEGNA RÁÐSTEFNA OG FUNDA ERLENDIS

Fulltrúar SHÍ þurfa e.t.v. að sækja ráðstefnur og fundi erlendis yfir starfsárið. Fulltrúar skrifstofu Stúdentaráðs skulu fara að verklagsreglum skrifstofu við slíkar ferðir. Aðrir fulltrúar Stúdentaráðs skulu tileinka sér eftirfarandi hluti:



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Panta skal flug og gistingu með góðum fyrirvara, í samráði við forseta SHÍ, til að halda kostnaði í lágmarki og skal gera það um leið og fyrir liggur hverjir fulltrúar eru og hvar viðburðurinn er haldinn.
 - Háskóli Íslands hefur lýst yfir vilja til að niðurgreiða allan ferðakostnað stúdenta sem sækja Aurora ráðstefnur erlendis. Skal því flug og gisting vera bókuð í samráði við skrifstofu Alþjóðasamskipta.
 - Þá skal fulltrúi taka kvittanir fyrir öðrum aukakostnaði sem hlýst af ráðstefnu/fundi en það getur verið til dæmis fæðiskostnaður á ferðadögum eða þegar slíkt er ekki í boði á ráðstefnu/fundi.

Fulltrúar sem ferðast á vegum ráðsins eru ábyrgir fyrir því að halda utan um kvittanir og skýringar á þeim. Þeim skal skilað til framkvæmdastjóra:

- ATH að ráðið greiðir aldrei fyrir áfengi.
- Fulltrúar eru beðnir um að halda aukaútgjöldum í lágmarki hverju sinni.
- Þegar ráðstefnu/fundi er lokið skal fulltrúi skila þeirri þekkingu sem hann öðlast á viðkomandi ráðstefnu og/eða fundi til Stúdentaráðs. Fulltrúar skulu skrifa skýrslu um viðkomandi fund eða ráðstefnu og gera aðgengilega fyrir stúdenta á vefsíðunni student.is
- Á þeim fundum/ráðstefnum sem fulltrúi sækir skal hann ávallt gera grein fyrir að því að hann kemur fram fyrir hönd ráðsins og fara eftir siðareglum samtakanna og þeim siðareglum sem fulltrúum eru settar hverju sinni. Þá skal hann hafa í huga að hann er í forsvari fyrir Stúdentaráð og talar máli ráðsins.
- Fulltrúi skal virða fundartíma ráðstefnu eða fundar sem hann sækir, hann skal mæta tímanlega og skila góðu vinnuframlagi.
- Þá skulu fulltrúar SHÍ á ráðstefnum erlendis leggja sitt af mörkum í umræðum, tryggja það að rödd stúdenta Háskóla Íslands heyrst á alþjóðlegum vettvangi og móta tengsl við fulltrúa annarra landa.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

BREYTINGAR Á VERKLAGSREGLUM

Um störf ráðsins gilda verklagsreglur sem samþykktar skulu árlega á fundi Stúdentaráðs. Stúdentaráði og stjórn Stúdentaráðs er heimilt að leggja til breytingar á verklagsreglunum og skal þá kosið um breytingarnar á Stúdentaráðsfundi. Verklagsreglur skulu endurskoðaðar ár hvert af skrifstofu ráðsins og lagðar fyrir Stúdentaráð.

Þegar kemur að því að endurskoða verlag samtakanna er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að yfirfara verklagið jafnt og þétt yfir starfsárið og skrifa niður hjá sér hvað má betur fara hverju sinni.
- Þá er gott að yfirfara verklagið með stjórn Stúdentaráðs sérstaklega svo forsetar sviðsráða geti leitt sviðsráðin í sínum störfum til samræmis við verlag.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

VIÐAUKI E - FRAMKVÆMDAÁÆTLANIR OG STEFNUR STÚDENTARÁÐS

Í kjölfar stefnumótunarferðar Stúdentaráðs dagana 18. og 19. júlí 2020 unnu fastanefndirnar áfram með það efni sem fram kom í málefnavinnunni. Nefndirnar voru með framkvæmdaáætlanirnar frá 2019 - 2020 sér til halds og traust og byggðu ofan á þær.

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN ALÞJÓÐANEFNDAR 2020-2021

International Policy of the Student Council

Employing an International Officer to the Student Council (SHÍ) gives the opportunity to emphasize and develop further the international work of the Student Council. The position will grow and thrive with the many opportunities present. It is important to revise the aim and direction of the International Officer, keeping the interest of international students as a priority. The position of the International Officer is confidential for international students at the University of Iceland.

International students have long been hidden from the Icelandic university community, therefore it is important that they are welcomed in the same way as all other students. Alongside increased accessibility to student associations and social life at the university, the studies themselves have to be equally accessible to international students. International students are as many as they are diverse, hence it is essential to provide them with a safe environment of respect and equality. The International Officer and the International Committee of the Student Council are actively working toward those goals.

Support

Accessible and clear information make a great difference for international, as well as local students. A good flow of information is essential, especially for new students getting to know the university. The University of Iceland offers a wide variety of services, but in order for them to come in use as effectively as possible, we have to ensure its visibility to students. It is important to revise the policies on this regularly and continuously improve and add to the policies of the International Officer of the Student Council.



Goal	Means
<p>Collaboration between the International Officer, International Committee and International Division of the University of Iceland.</p>	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> At the beginning of each semester the International Officer and staff of the International Office decide on regular meetings over the course of the semester and projects to collaborate on.
<p>Accessibility for international students</p>	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> The homepage of the Student Council (SHÍ) should also be in English.<input type="checkbox"/> The International Committee should organise social events for international students during their stay in Iceland.<input type="checkbox"/> The International Officer oversees translations of minutes during meetings of the Student Council. The International Officer is permitted to delegate this task as well. Minutes should be available in both Icelandic and English after they have been approved.<input type="checkbox"/> The International Officer should have regular office hours for international students at the office of the Student Council.<input type="checkbox"/> The International Officer should encourage student associations at the



	<p>University of Iceland to welcome international students as their members and give them the opportunity to participate actively in the social life.</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> The International Officer should encourage the University of Iceland to offer a wide variety of courses and programs in all academic fields/schools taught in English.
--	---

The importance of good mentorship

A good mentor facilitates the integration and participation of international students, and offers support if something should come up, within normal boundaries. The International Officer and Committee are responsible for organising and maintaining the mentor system.

Goal	Means
Improve the registration of international students for mentorship (to become mentees).	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Explain what the mentor system entails and the role of mentors.<input type="checkbox"/> Information sessions and support



	groups for mentors.
Improve group dynamics and engagement of mentees	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Implement mentor-pairs and larger mentor groups.<input type="checkbox"/> Organise first meeting between mentors and their groups on orientation days (Mentor Mingle)<input type="checkbox"/> Encourage mentor groups to attend larger events together (pub crawl etc)
Organise Mentor Mingle	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Initiate first meeting for mentors and mentees during the Orientation Days<input type="checkbox"/> Include a game (set of challenges) that allows mentor groups to explore the campus and city centre
Efficient and accurate pairing of international students (mentees) and mentors	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> The International Committee should have one member who is familiar with basic coding / excel in order to group mentors with mentees based on similar variables in their applications. If none of the appointed committee members have this expertise, the extra member can be recruited from appropriate student associations within the university (e.g. "Nörd").<input type="checkbox"/> Before pairing mentors with mentees,



the International Officer should make sure that all mentor applicants are motivated and willing to put in the work for the upcoming semester.

Teaching

One of the greatest obstacles for international students in Iceland is the language. International students are required to provide a sufficient TOEFL test before commencing their studies at the University of Iceland. There has to be congruence between the course catalogue (syllabus) and actual teaching of said courses in order to fulfill these requirements.

Goals

Ensure that courses that are enlisted as English-taught courses in the course catalogue are actually taught in English.

Means

- The International Officer and Committee should collaborate with the International Division on ensuring that international students are informed of their rights, as well as making sure that teachers are aware of these.
- The International Officer is responsible for handling comments and complaints and solving any problems that may arise on the side of international students, alongside the student interest representative.
- If international students are auditing a course, or if the course is supposed to



Stúdentaráð Háskóla Íslands

	<p>be taught in English, all emails or messages from the teachers should also be in English.</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> make sure teachers and students are informed about the options available in canvas
Translation of exams	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Inform teachers on the rights of international students<input type="checkbox"/> If the rights of international students are violated, the International Officer and Students Rights Officer should guide them in the process of defending their rights.
Option for new Icelandic speakers to use a dictionary in exams (plus extra testing time)	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Ensure there are standardised guidelines / statutes for teachers to follow in the case of students with Icelandic as a second language (this is negotiated with kennslusvið and Rektor)<input type="checkbox"/> Collaborate with SHÍ members in the school councils (sviðsráð) to press on faculty heads to incorporate standard applications for the use of bilingual dictionaries in their online services.<input type="checkbox"/> Ensure these students have extra testing time, the opportunity to use



	<p>dictionaries and/or take exams in English over the full course of their studies</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Work towards the goal of making this an option within the “sérþarfir” that apply for at Náms- og Starfsráðgjöf<input type="checkbox"/> Increase awareness of services for students with Icelandic as a second language at the centre for writing (Ritver).
--	---

Equality

All students should be given the same service, irrespective of their status (be they exchange students, individuals coming on their own, immigrants or refugees).

Goal	Means
Improve and add statistical data on international students	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> The International Officer and Committee, alongside the International Division, should work on the execution of improved data collection (preferably upon enrollment)<input type="checkbox"/> Promote new mentor system for immigrant students attending programmes in Icelandic



Admission requirements and the organization of study programs and courses are not allowed to get in the way for the accessibility of immigrants and international students.

- The International Officer and Committee, alongside the International Division should scrutinize possible obstacles that only occur for international and immigrant students.
- The International Officer takes part in developing the mentor system of *Sprett*, dedicated to the university career of immigrant students.
- The International Officer is also part of work group planning mentor system for immigrant students at the university, focusing more on social support during studies.

Ensure equality among international students

- The International Officer and Committee should ensure the equality of international students, especially in the scope of other differentiating factors.
- work alongside equality committee
- Uplift and incorporate immigrant students into the wider student population, as they are not international students, or exchange



students, who usually leave Iceland after their studies.

Collaboration

The International Committee is part of the Erasmus Student Network (ESN) and should seize those opportunities provided by them. The University of Iceland has participated in the international university community through collaborating with Erasmus and is now following Erasmus+, by the European Union. By taking part in ESN, the International Committee of the Student Council is contributing to the work of students on an international level. The University of Iceland is also an active member of the international university network AURORA, that offers further opportunities for the university, its students and the Student Council.

Goal	Means
Increased collaboration with local associations, such as ESN	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Ensure that ESN Iceland, that was revived in June 2021, becomes a visible student network for both incoming international students, as well as local students seeking international experiences (want to go on exchange).<input type="checkbox"/> Make sure board members of ESN elect new board members before the current ones finish their studies or exchange period.<input type="checkbox"/> explore more collaborations with other student associations within the



Stúdentaráð Háskóla Íslands

	university (eg. AIESEC, AIESTE).
Aurora	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Participate in the AURORA Network and Alliance, and convey information and policies to the Student Council of the University of Iceland.<input type="checkbox"/> increase the visibility and participation of other students in AURORA: promoting student participation in Student Champions Scheme and Student Ambassadors.<input type="checkbox"/> The International Officer is automatically a member of the Aurora Student Council and has to appoint a second student representative from the SHÍ office.<input type="checkbox"/> Ensure that student representation and collaboration is promoted across AURORA member universities, as well as locally.
Increased support for student exchange and create opportunities for students to take part in international work/activities	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Ensure diverse opportunities for students of the University of Iceland to gather multidisciplinary knowledge and skills (also focal point of AURORA to



enhance multidisciplinary studies).

Increase awareness for AURORA courses / summer school, Student Champions Scheme etc.

- Be aware and defend rights of the students of the University of Iceland
- Ensure the internationalization of the university community, so it doesn't recoil on individual students, but rather offers diverse opportunities and study options.
- Work toward better accessibility of international experiences in all faculties, in all formats. Promote initiatives under Erasmus+.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN FÉLAGSLÍFS- OG MENNINGARNEFNDAR 2020-2021

Markmiðasetning Félagslífs- og menningarnefndar SHÍ

Markmið	Aðgerðir
1. Sporna gegn félagslegri einangrun nemenda við Háskóla Íslands	<input type="checkbox"/> Halda viðburði fyrir nemendur <input type="checkbox"/> Hvetja nemendur til þess að mæta á viðburði sem nefndin skipuleggur
2. Halda viðburði sem miða að öllum hópum innan háskólans	<input type="checkbox"/> Huga að fjölbreytni viðburða <input type="checkbox"/> Auglýsa viðburði vel á öllum miðlum

Ábyrgðaraðilar: Erna Lea, Ástráður, Hilmar Adam, Magnús Orri

Þessu á að vera lokið: 24. desember 2019

Markmið	Aðgerðir
1. Halda vísindaferð SHÍ	<input type="checkbox"/> Skipuleggja vísindaferð SHÍ í samvinnu við skrifstofu SHÍ <input type="checkbox"/> Ákveða dagsetningu í samræmi við þau og tilmæli heilbrigðisráðherra
2. Skipuleggja vísindaferðina og undirbúa dagskrá	<input type="checkbox"/> Skipuleggja dagskrá í samstarfi við skrifstofu SHÍ <input type="checkbox"/> Auglýsa vísindaferðina bæði í gegnum



Stúdentaráð Háskóla Íslands

3. Finna staðsetningu	SHÍ og nemendafélög
4. Fá vinninga frá fyrirtækjum	<input type="checkbox"/> Senda póst á FS með að fá Stúdentakjallarann
5. Skipuleggja happdrætti og leiki	<input type="checkbox"/> Gera skjal yfir fyrirtæki sem gætu gefið vinninga og senda tölvupóst á þau
6. Huga að sóttvörnum og fjöldatakmörkunum	<input type="checkbox"/> Passa 1m regluna <input type="checkbox"/> Loka þegar 200 manns eru komin í rýmið <input type="checkbox"/> Hafa handspritt aðgengilegt <input type="checkbox"/> Hvetja fólk til að koma með grímur

Ábyrgðaraðilar: Erna Lea, Ástráður, Hilmar Adam, Magnús Orri

Þessu á að vera lokið: Stefnan að halda í lok október, byrjun nóvember. (Fer eftir Covid)

Markmið	Aðgerðir
1. Partý bingó á Zoom og live stream á miðlum	<input type="checkbox"/> Sækja í vinninga til að hafa í boði <input type="checkbox"/> Hafa samband við kynna, grínista eða popular fólk.
2. Virkja nemendur í gegnum internetið	<input type="checkbox"/> Hafa verðlaun fyrir eh skemmtilegt og # á Insta og svona <input type="checkbox"/> Hafa live stream þar sem fólk getur



Stúdentaráð Háskóla Íslands

	kastað kveðju
3. Finna verðlaun fyrir bingó	<input type="checkbox"/> Senda á sem flest fyrirtæki um að styrkja okkur. <input type="checkbox"/> Bjóða auglýsingapláss í hléi, namedrop osfrv.

Ábyrgðaraðilar: Erna Lea, Ástráður, Hilmar Adam, Magnús Orri

Þessu á að vera lokið: fimmtudagur 8. október

Markmið	Aðgerðir
1. Halda vísindaferð í Þrennu	<input type="checkbox"/> Skipuleggja vísindaferð í Þrennu í samstarfi við Símann <input type="checkbox"/> Ákveða dagsetningu í samræmi við þau og tilmæli heilbrigðisráðherra
2. Halda utan um skráningu	<input type="checkbox"/> Búa til event á Facebook og setja inn skráningarskjal
3. Auglýsa	<input type="checkbox"/> Auglýsa í gegnum nemendafélög <input type="checkbox"/> Auglýsa á okkar miðlum og SHÍ

Ábyrgðaraðilar: Erna Lea, Ástráður, Hilmar Adam, Magnús Orri

Þessu á að vera lokið: Óvíst vegna covid



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Markmið	Aðgerðir
1. Halda myndnasta háskólanemann	<input type="checkbox"/> Bóka Stúdentakjallarann. <input type="checkbox"/> Finna 3 góða kynna og dómara. <input type="checkbox"/> Finna vinninga og spons
4. Auglýsa eftir þátttakendum	<input type="checkbox"/> Búa til event á Facebook og setja inn skráningarskjal <input type="checkbox"/> Virkja nemendafélög til að bjóða fram úr sínum röðum.
5. Auglýsa	<input type="checkbox"/> Auglýsa í gegnum nemendafélög <input type="checkbox"/> Auglýsa á okkar miðlum og SHÍ

Ábyrgðaraðilar: Erna Lea, Ástráður, Hilmar Adam, Magnús Orri

Þessu á að vera lokið: 23. febrúar, 25. febrúar, 4. mars



Stúdentaráð Háskóla Íslands

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN FJÁRMÁLA- OG ATVINNULÍFSNEFNDAR 2020-2021

Stefna SHÍ í fjármálum og atvinnumálum stúdenta

Fræðsla og undirbúningur

Fjármála- og atvinnulífsnefnd SHÍ (F/A) ætlar halda áfram nánú samstarfi með Náms og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (NSHÍ). Nefndin vill leggja áherslu á að undirbúa stúdenta fyrir atvinnumarkaðinn með auknum fræðslum og workshop fyrir nemendur. Nefndin vill halda fræðslukvöld tengda fjármálum og hvernig er best að haga sínum fjármálum eftir nám, t.d. varðandi kaup á fyrstu íbúð, sparnað og jafnvel útskýringu mun á óverðtryggðu og verðtryggðum lánnum, fengið yrði banka til að halda þessar fræðslur. Einnig hafa finna leið til að aðstoða erlenda nemendur með skattframtalið sitt. Gaman yrði að fá fræðslu líkt og í fyrra varðandi atvinnumál. Atvinnudagar skulu vera í eina viku þetta skólaárið.

Markmið	Aðgerðir
Fræðsla og ráðgjöf NSHÍ	<input type="checkbox"/> Workshop – ferilskrá, tengslanet. ofl.
Fræðsla F/A um fjármál	<input type="checkbox"/> Örmyndbönd, fyrirlestrar í samstarfi við fjármálafyrirtæki.
Fræðsla F/A um atvinnumál	<input type="checkbox"/> Örmyndbönd, pistlar/greinar, fyrirlestrar í samstarfi við fyrirtæki. Vekja athygli á viðburðum NSHÍ.
Tengslatorg	<input type="checkbox"/> Hafa samband við fyrirtæki og óska eftir því að þau auglýsi á tengslatorgi
Atvinnudagar	<input type="checkbox"/> Dagsetning kemur síðar

Gagnasöfnun um atvinnumál stúdenta



Þegar kemur að starfsnámi eru margar mismunandi skoðanir á því hvernig á að háttta því, á að fá borgað fyrir starfsnám, á það að gilda til eininga? Viljum við því gera könnun og leitast eftir álitum stúdenta á hvernig þeir myndu vilja hafa starfsnámið og hvað þeim finnst um núverandi starfsnám. Þegar kemur að vinnumarkaðinum viljum við öðlast meiri skilning á því hvað eru vinnuveitendur að leitast eftir þegar þeir ráða inn fólk, ætlum við því að senda út spurningalista á stjórnendur ýmsra fyrirtækja sem ná yfir vítt svið til að fá ákveðna mynd á það hvað er verið að leitast eftir.

Markmið	Aðgerðir
Gagnasöfnun Háskóla Íslands	<input type="checkbox"/> Viðhorf stúdenta á starfsnám.
Gagnasöfnun F/A	<input type="checkbox"/> Samkeppnisforskot stúdenta á atvinnulífið

Tengsl Háskólans við atvinnulífið

Vonast er eftir að geta farið heimsóknir í fyrirtæki sem ráða inn vítt svið nemenda þannig að flestir geti tengt eitthvað við sitt nám. Eru þarna fyrirtæki í stærri kanntinum líkt og Marel, Alvotech, Össur o.fl fyrirtæki. Erum við með þessu að huga að fleiri en einu sviði innan Háskólans og getur því vítt svið nemenda mætt í þessum heimsóknum. Litið er á þessar heimsóknir sem tengslamyndun við fyrirtækin. Stefnt er að hafa þessar ferðir eftir áramót eða þegar ástandið er farið að skána. Nota Tengslatorg meira sem síðu fyrir starfsnám. Hvetja því fyrirtæki til að auglýsa eftir starfsnámi í gegnum Tengslatorg.

Markmið	Aðgerðir
Tengslakvöld	<input type="checkbox"/> Heimsóknir með skráningu.
Starfsnám	<input type="checkbox"/> Hvetja fyrirtæki um að auglýsa starfsnám og eftir sumarstarfsfólki á Tengslatorgi.



FRAMKVÆMDAÁÆTLUN FJÖLSKYLDUNEFNDAR 2020-2021

Menntasjóður námsmanna.

Fæðingarstyrkur	<ul style="list-style-type: none">Fara yfir hvernig MSN mun útfæra fæðingarstyrkinnEf útfærslan er óbreytt frá því sem LÍN bauð upp á þá leggja áherslu á breytingu í þeim málum
Aukinn sveigjanleiki á fæðingastyrk Ef hann er óbreyttur frá því sem LÍN bauð upp á	<ul style="list-style-type: none">Breyttar áherslur á að skerðing fæðingarstyrks við töku fæðingarorlofs væri ekki jafn afdráttarlaus og hún er núKanna möguleika á að fæðingastyrkur sé sveigjanlegur líkt og fæðingaorlof, þ.a.s. Að hægt sé að skipta greiðslum, vinna hlutastarf meðfram fæðingastyrk og taka pásuFæðingarstyrkur sé í takt við einingar en helmingist ekki strax og foreldri er undir 30 einingum.
Auka mánuður í framfærslu fyrir foreldra	<ul style="list-style-type: none">Þeir foreldrar sem eru einstæðir eða þar sem báðir foreldrar eru námi, eigi möguleika á að fá framfærslulán hjá Lín fyrir 10 mánuðum á ári í stað 9, líkt og er núna, vegna þess að foreldrar



	neyðast til að vera frá vinnu á meðan börn þeirra taka sumarfrí frá leik- eða grunnskóla.
Frítekjumark	<ul style="list-style-type: none">• Foreldrar fái hærra frítekjumark en barnlausir, en það mætti hækka með hverju barna sem nemur útgjöldum.

Leikskóla og gæslumál.

SHÍ leggur áherslu á jafnan aðgang allra barna stúdenta Háskóla Íslands að leikskólum FS, sem eru þrjú: Mánagarður, Leikgarður og Sólgarður.

Mótframlag sveitarfélaga	<ul style="list-style-type: none">• Taka saman hvaða sveitafélög hafa bestu mótframlögin fyrir stúdenta og skoða hvar áætla mætti vera best fyrir stúdenta að búa.
Skipulagsmál leikskóla	<ul style="list-style-type: none">• Kanna möguleika að leikskólar FS geti boðið foreldrum að velja hvenær barnið tekur sumarfrí á tímabilinu 1. maí til 31. Ágúst. Reykjavíkurborg og Garðabær eru sveitarfélög sem bjóða upp á slíkt.

	<ul style="list-style-type: none"> • Auglýsa að leikskólar FS bjóða upp á að hafa opið um helgar á próftíð gegn gjaldi ef aðsókn er næg!
<p>Barnapössun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Íþróttahús HÍ: Áhersla á að líkamsrækt sé aðgengileg öllum - líka foreldrum - hafa barnapössun frá 16-18/19 (allt eftir hvernig opnir tímar samkvæmt stundatöflu eru að hverju sinni). • Barnagæsla í próftíma - Leikskólastjóri FS talaði um að þeir bjóða upp á að hafa opið um helgar á próftíð ef nógu margir myndu sækjast eftir því. • Athuga hvort áhugi sé á meðal foreldra HÍ og leyfi fáist frá FS að passa börn á meðan álagstímar eru í skólanum, notast yrði við húsakynni FS í söllum, leiksvæðum og öðrum rýmum sem finna má á stúdentagörðum, hvert barn fengi vistun í 2-3 kl, þó þeim skilyrðum háð að þeir foreldrar sem nýta sér pössunina taki einnig að sér pössun.

Húsnæðismál

SHÍ leggur áherslu á að Háskóli Íslands tryggi góða aðstöðu fyrir foreldra, sem þurfa að taka börnin sín með sér í skólann, og að Háskóli Íslands verði fjölskylduvænn vinnustaður.



Skiptiaðstaða	<ul style="list-style-type: none">Fylgja því eftir að skiptiaðstaða sé ásættanleg í öllum helstu byggingum háskólans.
Fjölskylduvæn lesherbergi	<ul style="list-style-type: none">Kanna hvort að möguleiki sé að hafa lesrými fyrir fjölskyldur í prófatíð. Þar væri hægt að hafa smá leikhorn til að tryggja að foreldrar hafi svigrúm til að sinna náminu á meðan börnin eru við leik. Það stendur til að breyta til þjónustuborð Gimli og væri tilvalið að nýta það sem fjölskylduvæn lesherbergi.
Allsherjar herferð fyrir bættri stöðu foreldra	<ul style="list-style-type: none">Stúdentaráð er uggandi yfir stöðu foreldra innan háskólasamfélagsins, og var sú tillaga reglulega lögð fram að Stúdentaráð færi í allsherjarherferð fyrir bættri aðstöðu foreldra. Við erum opin fyrir öllum hugmyndum.FS bjóði upp á daggæslu fyrir foreldra í staðlotum
Stúdentagarðar	<ul style="list-style-type: none">Hurðir innan stúdentagarðar eru margar hverjar of þungar fyrir börn og ekki með hurðapumpu né hægt að læsa þeim opnum. Þetta þarf að laga vegna slyshættu.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

	<ul style="list-style-type: none">• Setja rampa upp í Vetrargörðum þar sem lyftumál eru í hallæri og aðgengi fyrir vagna lélegt.
--	--

Kennslumál

Fjölskyldunefnd vill að það sé skilyrði að kennslustundir séu teknar upp, þetta veitir jafnt aðgengi allra að námi og er í takt við jafnréttisstefnu háskólans.

Fella niður skyldumætingu	<ul style="list-style-type: none">• Fara yfir í hvaða deildum er skyldumæting eftir 15:20 á daginn. Í samstarfi við sviðsráð þeirra sviða að þrýsta á að þessir tímar verði annaðhvort færðir eða eða skyldumæting yrði felld niður.
Upptökur á tímum - hvatakerfi	<ul style="list-style-type: none">• Gera kröfu á að þeir nemendur sem eiga börn geti fengið aðgengi að upptökum. Nemendur eigi þann kost að gera samning við kennara um að þeir hafi aðgang að upptökunni ef nemandi kemst ekki í tíma vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem foreldri. Það ætti að tryggja jafnréttis til náms.

Fjölskylduvænir viðburðir



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Nemendur með fjölskyldur hafa oft minni tök á því að sækja viðburði tengda Háskóla Íslands og því vill SHÍ leggja áherslu á að viðburðir séu í boði fyrir alla. Fjölskyldunefnd vill stefna að því að íþróttaskóli SHÍ sé starfræktur á haust- og vorönn.

Fjölskyldudagur	<ul style="list-style-type: none">• Kanna möguleika að hafa fjölskyldudag SHÍ líkt og gert var 12. nóvember 2016
Íþróttaskóli	<ul style="list-style-type: none">• Koma aftur á fót íþróttaskóla í samstarfi við kennaranema og íþróttافرæðina
Fjölskyldubíó	<ul style="list-style-type: none">• Hafa barnabíó þrisvar á önn fyrir foreldra og börn.
Litlu jól	<ul style="list-style-type: none">• Í samstarfi við starfsmannafélag HÍ
Páskabingó	<ul style="list-style-type: none">• Nefndin er nú þegar farin í að sækjast eftir styrkjum í Bingó, allur ágóði Bingósins verður gefinn til góðgerðamála.
Sýnilegri	<ul style="list-style-type: none">• Gera nefndina sýnilegri• Aukið samstarf við aðrar nefndir



FRAMKVÆMDAÁÆTLUN JAFNRÉTTISNEFNDAR 2020-2021

Stefna Stúdentaráðs Háskóla Íslands í jafnréttismálum

1. Aðgengismál innan Háskólans

Það er grundvallaratriði að þeir sem að sækja nám við Háskólann, geti nýtt sér allar aðstæður sem að stofnunin býður upp á. Því miður hafa aðgengismál verið verulega ábótavön í gegnum tíðina. Við viljum leggja okkar af mörkunum að gera Háskólann að opnum og aðgengilegum stað sem að allir geta notið.

Markmið	Aðgerðir
Vekja athygli á mikilvægi aðgengismála	Athuga hvort að við getum boðið einhverjum úr hagsmunasamtökum fatlaðs fólks til þess að ræða mikilvægi aðgengismála
Vinna að aðgengi þrátt fyrir Covid-19.	Við viljum passa að aðgengismál falli ekki á milli línanna á meðan að faraldrinum stendur og munum taka við að áætlun síðasta árs þá til dæmis með því að stuðla að auknu aðgengi á stúdentakjallaranum og bæta við blindralettri á viðeignadi stöðum, t.d skólastofun, salernum, skápum og flokkunartunnum. Þá munum við einnig vera á varðbergi með aðgengismál og gera okkar besta að tryggja að öllum í Háskólanum sé þjónað ef skyldi kynna að almennt aðgengi að byggingunum skyldi breytast í kjölfar faraldursins.

2. Andleg veikindi og réttindi nemenda



Það er nauðsynlegt að nemendur í Háskólanum geti leitað sér aðstoðar þegar þörf er á. Þá á Háskólinn einnig að geta mætt nemendum á viðeigandi máta. Því miður hefur andlegri heilsu nemenda oft verið vanmetin. Við teljum það nauðsynlegt að nemendur við Háskólann geti leitað sér viðeigandi aðstoðar en í kjölfar þess mun reynsla sem og niðurstöður nemenda tvímælalaust fara batnandi.

Markmið	Aðgerðir
Aukin Sálfræðiþjónusta fyrir nemendur	Þrýsta á fleiri fleiri sálfræðinga innan Háskólans. Bjóða fulltrá Hugrúnar í Instagram viðtal til þess að ræða hvernig mætti bæta málin?
Kennarar fræðist um andlega heilsu	Standa fyrir fræðslu um andleg veikindi og viðbrögð þeim tengdum Tryggja að kennarar séu allir á sömu línu varðandi réttindi nemenda með andleg veikindi

3. Málafni hinsegin fólks

Háskólasamfélagið er jafn fjölmennt og það er fjölbreytt. Við viljum leggja okkur að mörkum til þess að skapa uppbyggjandi rými og með því, fagna öllum sem að hafa sótt sér nám við Háskólann.

Markmið

Aðgerðir



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stuðla að Aukinni
fræðslu

Koma því svo fyrir að allir starfsmenn skólans og þá sérstaklega þeir í leiðtogastöðu fái reglulega faglegakennslu í hinseginmálum, t.d. Frá fræðslustýru samtakanna '78.

Minna kennarana á það að það er líka hinsegin fólk í sínum röðum, ekki bara meðal nemenda.

Hvetja nemendafélög til þess að fara í vísó til Q félagsins eða samtakanna.

Þrýsta á að heilbrigðis- og menntavísindasviðsnemar fái fræðslu í hinsegin málum.



Fá inn þriðja kynvalmöguleikann	Benda á að það ólöglegt að bjóða ekki upp á þriðja kynvalmöguleika eftir áramót Bóka fund með rektor til þess að ræða innleiðslu valmöguleikans.
Gera Háskólann aðgengilegri fyrir kynsegin/transfólk	Þrýsta á kynlaus klósett
Stuðla að ókynjaðari orðræðu innan Háskólans	Bjóða upp á að fá að velja skrá fornöfn á innri vefum Háskólans ----- Þrýsta á að alla kannanir sem sendar eru út í nafni skólans séu annaðhvort ókynjaðar eða fleiri valmöguleikar en karl/kona Halda fund með markaðs- og samskiptasviði HÍ um kynjaða orðræðu í fréttum og tilkynningum frá Háskólanum.

4. Kynning á Háskólanum og Starfsemi hans

Það er nauðsynlegt að þegar að Háskólinn kynnir sig utan við, að hann gefi raunsæja mynd á hverju það felst í að vera nemandi. Við viljum ýta undir að allir sem að sækja nám við Háskólann upplifi sig velkomin og sýnileg.

Markmið	Aðgerðir
<p>Þrýsta á að kynningarefni á vegum skólans veiti raunhæfa mynd af fjölbreytileikanum sem er til staðar innan Háskólans</p>	<p>Krefjast þess að kynningarefni á skólanum síni hinar ýmsu hliðar skólans; kynning á hinum fjölbreyttu hópum sem stunda nám. Kynna aðgengismál. Gefa skýra mynd að aðstoðinni sem að alþjóðlegir nemendur gætu nýtt sér og þar sem á við að notast við kynlausa orðræðu.</p> <p>Hér viljum við halda áfram með markmið síðasta árs og ræða við Markaðs- og samskiptasvið HÍ til þess að ræða útfærslur og innleiðingu.</p>

5. Upptökur á fyrirlestrum

Það að tryggja nemendum góða fjarkennslu, hefur opnað Háskólann á ótal marga vegu. Við viljum gæta þess að sú þjónusta fari batnandi og opna námið fyrir sem flestum, óháð staðsetningu.

Markmið	Aðgerðir
<p>Stuðla að því að bæta fjarkennsluhætti.</p> <p>-----</p> <p>Persónuleg samskipti.</p>	<p>Tryggja að fjarkennsluhættir dvíni ekki þó svo að Covid-19 faraldrinum ljúki.</p> <p>Minna á mikilvægi fjarkennslunar og aðgengi að námsefninu sem að nemendur hafa lengi barist fyrir.</p> <hr/> <p>Stuðla að noktun forrita sem bjóða upp á persónulegan bakgrunn. Ekki hægt að gera ráð fyrir því fólk sé tilbúið að sýna samnemendum sínum heimilisaðstæður. Persónulegir bakgrunnir geta verið lausn við þeim vanda</p>

6. Jafnrétti kynja

Í gegnum tíðina hefur baráttan fyrir jafnrétti kynjanna verið streitulaus. Við viljum halda þessari baráttu áfram og tryggja þess að allir njóti sín, njóta réttinda sinna og allir upplifi sem örugga innan Háskólans.

Markmið	Aðgerðir
Tryggja öryggi allra nemenda	<p>Gera grein fyrir lausnum Háskólans á ofbeldi og áreitni. Ýta undir hvar er hægt að tilkynna einelti, kynbundið sem og kynferðisofbeldi.</p> <p>Einnig viljum við hér vera með netkynningu á Instagram um hvernig er hægt að takast á áresksta á milli nemenda og reynsluheim kynjanna.</p>
Fá skoðum um hvað mætti fara betur frá nemendum	Halda netviðburð eða könnum þar sem að við getum fengið fyrstu handar reynslu nemenda og séð hvað þarf að bæta til þess að stuðla að frekari jafnrétti kynjanna

7. Jafnrétti óháð uppruna

Háskóli Íslands er alþjóðlegur skóli og því er mikilvægt að berjast fyrir því að kjör þeirra sem að koma hingað til þess að læra, fái sem allra besta þjónustu. Við vinnum hart að því að gera námið aðgengilegt og eftirsóknarvert.

Markmið	Aðgerðir
Túlkun og orðabækur	Þessi markmið liggja frekar náið saman en eru þó bæði nauðsynleg. Við viljum þrýsta á Háskólann að bjóða upp á orðabækur og túlkanir til stuðnings námsins.
Þrýsta undir að allt námsefni geti verið þýtt	Þrýsta undir að erlendir nemendur fái öll skjöl og þarfar upplýsingar þýddar. Ef þetta gengur ekki vel, væri hægt að skapa vinnuhópa með nemendum þar sem að þeir myndu hjálpast að við að þýða skjöl og skapa tengslanet.

8. Umhverfis femínismi innan Háskólans

Umhverfismál eru okkar mjög mikilvæg. Háskólinn hefur staðið sig vel í því að verða græn stofnun og við tökum því að sjálfsögðu fagnandi. Við viljum leggja okkar fram í þeim málum til þess að styðja við þessa nauðsynlega baráttu.

Markmið	Aðgerðir
Reyna að vekja áherslu á umhverfismálum og umhverfisfeminisma	Búa til stafrænan bækling eða pistill um áhrif umhverfismála sem og viðmót Háskólans til þeirra mála. Vera með Instagram kynningu á Umhverfis femínisma með því í huga að virkja umræðuna enn frekar



Stúdentaráð Háskóla Íslands

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN KENNSLUMÁLANEFNDAR 2020-2021

Markmiðasetning kennslumálanefndar

1. Fullskipuð nefnd

Markmið	Aðgerðir
Fullskipa nefndina sem fyrst.	<input type="checkbox"/> Senda út auglýsingu á HÍ-mailið. <input type="checkbox"/> Deila mynd <input type="checkbox"/> Fara yfir umsóknir <input type="checkbox"/> Hafa samband við viðkomandi aðila

Ábyrgðaraðilar: Rebekka, Jessý

Þessu á að vera lokið: Lokið 10. nóvember :D

2. Betri gagnasöfnun nefndarinnar

Mikilvægt er að upplýsingar og þekking glattist ekki á milli ára.

Markmið	Aðgerðir
Skilja eftir góðar upplýsingar fyrir næstu nefnd.	<input type="checkbox"/> Rita fundargerðir á öllum fundum <input type="checkbox"/> Vista allt inn á drifi nefndarinnar

Ábyrgðaraðilar: Öll nefndin

Þessu á að vera lokið: Viðvarandi yfir árið.

3. Kennslukannanir

Kennslukannanir eru gerðar í þeim tilgangi til þess að bæta kennslu nemenda. Þess vegna er mikilvægt að þær séu gerðar í samráði við nemendur og að fulltrúar nemenda hafi kost á því að líta yfir niðurstöður þeirra.

Markmið	Aðgerðir
Nálgast gögn úr kennslukönnun sem gerð var vorið 2020 og sneri að viðhorfi nemenda til kennsluhátta í samkomubanni.	<input type="checkbox"/> Hafa samband við viðeigandi aðila. <input type="checkbox"/> Lokið 28. janúar 2021
Kennslukannanir verði sendar út eftir lokapróf til að fá réttari mynd af viðhorfi nemenda til áfangans.	<input type="checkbox"/> Hafa samband við viðeigandi aðila. <input type="checkbox"/> Fara með inn á fund kennslumálanefndar háskólaráðs <input type="checkbox"/> Uppfæra í kjölfar viðbragða þeirra.

Ábyrgðaraðilar: Nálgast gögn: Bjarnveig

Kennslunefndarfundur Háskólaráðs: Rebekka

Þessu á að vera lokið: Fyrir lok haustannar 2020.

4. Vinna betur úr punktum úr stefnumótunarferðinni.

Samráðsvettvangur líkt og í stefnumótunarferðinni gefur breiða sýn á kennslumál innan skólans. Vinna skal vel úr þeim upplýsingum til að þær nýtist starfinu sem best.

Markmið	Aðgerðir
---------	----------



Vilji nemenda komi skýrt fram í okkar störfum.

- Setja þá upp skýrt og skilmerkilega með aðgerðum við.
- Koma punktunum áfram til kennslumálanefnda fræðasviðanna.

Ábyrgðaraðilar: Harpa

Þessu á að vera lokið: 31. október 2020.

5. Aukin samvinna á milli kennslumálanefndar SHÍ og hvers fræðasviðs

Búinn verði til samstarfsvettvangur milli fræðasviðanna til að stuðla að samræmingu og upplýsingamiðlun.

Markmið	Aðgerðir
Markmiðið er að auka skilvirkni kennslumálanefnda með því að búa til sameiginlegan vettvang þeirra á milli.	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Hafa samband við sviðsráðin.<input type="checkbox"/> Búa til facebook grúppu eða email hóp.<input type="checkbox"/> Halda fund öll saman.
Styrkja kennslumálanefndina sem miðlægan vettvang	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Leggja fram lagabreytingatillögu um hvernig er skipað í kennslumálanefnd SHÍ

Ábyrgðaraðilar: Jessý

Lagabreytinging: Öll nefndin

Þessu á að vera lokið: 31. október 2020.

Lagabreytingartillaga: Fyrir lagabreytingarfund SHÍ



6. Nútímalegri kennsluhættir

Með heimsfaraldrinum hafa kennsluhættir breyst verulega og mikilvægt er að ekki verði afturför í nútímavæðingu kennsluhátta þegar að ástandinu lýkur.

Markmið	Aðgerðir
Allir tímar sem kenndir eru á fyrirlestraformi verði teknir upp á meðan ástandinu stendur sem og áfram eftir að takmörkunum vegna COVID-19 lýkur.	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Þróa nánar með skrifstofunni og viðeigandi aðilum<input type="checkbox"/> Búa til ályktun og leggja fyrir - mögulega Stúdentaráð og Kennslumálanefnd háskólaráðs<input type="checkbox"/> Hafa samband við fulltrúa stúdenta í kennslumálanefndum sviðanna og vinna með þeim
Tryggja að allir kennarar fái kennslu á Canvas og hafi aðgang að aðstoð við tæknimál.	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Hafa samband við viðeigandi aðila.<input type="checkbox"/> Komið sjónarmiðum nemenda fram á fundi kennslumálanefndar háskólaráðs

Ábyrgðaraðilar: Ályktun: Rebekka

Kennslumálanefndir sviðanna: Jessý

Þessu á að vera lokið: Lok febrúar 2021

7. Aukinn sýnileiki nefndarinnar

Margar nefndir eru á samfélagsmiðlum til að auka sýnileika þeirra.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Markmið	Aðgerðir
Aukinn sýnileiki og aðgengi að nefndinni	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Búa til Twitter aðgang<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Tweeta einhverju á hverjum fundi<input type="checkbox"/> Búa til facebook like síðu<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Pósta einhverju á hverjum fundi<input type="checkbox"/> Gera google form skjal þar sem hægt er að koma ábendingum áfram til okkar.

Ábyrgðaraðilar: Twitter: Jessý Facebook: Rebekka Google form fyrir ábendingar: Harpa

Instagram + Twitter rannsóknarvinna: Hrafnhildur

Þessu á að vera lokið: 6. október 2020



FRAMKVÆMDAÁÆTLUN LAGABREYTINGARNEFNDAR 2020-2021

Þýðingar

Markmið	Aðgerðir
Þýðing á lögum shí	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Halda fund með alþjóðafulltrúa og skipta niður verkum<input type="checkbox"/> Búa til docs skjal<input type="checkbox"/> Þýða<input type="checkbox"/> Skipta niður köflum laganna<input type="checkbox"/> Fagna verklokum

Ábyrgðaraðilar: Öll nefndin

Þessu á að vera lokið: 15.03.2021

Markmið	Aðgerðir
Þýðing á handbók shí	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Halda fund með alþjóðafulltrúa og skipta niður verkum<input type="checkbox"/> Búa til docs skjal<input type="checkbox"/> Þýða<input type="checkbox"/> Ingveldur sér um að láta nefndina vita ef



Stúdentaráð Háskóla Íslands

að hún þarf hjálp og gefur okkur verkefni

Fagna verklokum

Ábyrgðaraðilar: Ingveldur

Þessu á að vera lokið: 15.10.2020

Markmið

Aðgerðir

Þýðing á verklagsreglum shí, stjórnar shí og skrifstofu shí í samstarfi við alþjóðanefnd shí.

- Halda fund með alþjóðafulltrúa og skipta niður verkum
- Búa til docs skjal
- Þýða
- Ragnar sér um að láta nefndina vita ef að hann þarf hjálp við verklagsreglur skrifstofunnar og gefur okkur verkefni
- Egill sér um að láta nefndina vita ef að hann þarf hjálp við verklagsreglur stjórnar shí og gefur okkur verkefni
- Lilja sér um að láta nefndina vita ef að hún þarf hjálp við verklagsreglur stúdentaráðs og gefur okkur verkefni
- Fagna verklokum



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Ábyrgðaraðilar: Egill ber ábyrgð á verklagsreglum stjórnar shí, Lilja ber ábyrgð á verklagsreglum shí og Ragnar ber ábyrgð á verklagsreglum skrifstofu shí.

Þessu á að vera lokið: 15.11.2020

Yfirferð verklagsreglna

Markmið	Aðgerðir
Yfirferð verklagsreglna shí, stjórnar shí og skrifstofu shí.	
Verkefninu er lokið	

Ábyrgðaraðilar: Lilja Hrönn

Þessu á að vera lokið: fyrir lok sumars

Auglýsa eftir nýjum einstakling í nefndina

Markmið	Aðgerðir
Auglýsa eftir nýjum einstakling í nefndina	<input type="checkbox"/> Búa til auglýsingu og senda hana
Verkefninu er lokið	

Ábyrgðaraðilar: Lilja Hrönn

Þessu á að vera lokið: fyrir lok fyrstu vikunnar í september



FRAMKVÆMDAÁÆTLUN NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLANEFNDAR 2020-2021

Stefna Nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar 2020-2021

Fræðsla og kynningar

Á haustmisseri 2020 mun Vísinda- og nýsköpunarsvið koma á laggirnar Sprota- og frumkvöðlarsetri í hugmyndahúsinu Grósku sem nú rís á Vísindagörðum. Nefndin fagnar stofnun frumkvöðlasetursins en sambærilegt nýsköpunarsetur, SERES, hefur verið verið starfrækt í HR og er ánægjulegt að nemendum og starfsfólki HÍ muni núna einnig standa til boða aðstaða þar sem þau geta unnið að hugmyndum sínum í umhverfi þar sem lögð er áhersla á nýsköpun. Það er spennandi verkefni fyrir nefndina að fá að kynna Sprota- og frumkvöðlasetrið í fyrsta sinn fyrir nemendum HÍ og einnig að kynna Grósku fyrir stúdentum sem verðandi hjarta nýsköpunar á Íslandi. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd einsetur sér einnig að auka sýnileika nefndarinnar innan veggja skólans sem og að kynna Icelandic Startups.

Markmið	Aðgerðir
Kynning á Grósku og nýstofnuðu Sprota- og frumkvöðlasetri HÍ	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Halda vísindaferðir í Grósku á vormisseri 2021 og bjóða nemendafélögum námsdeildanna. Í Vísindaferðunum verður kynning á Grósku og Sprota- og frumkvöðlasetri HÍ í samstarfi við Vísinda- og nýsköpunarsvið. Einnig væri skemmtilegt að fá aðra aðila með okkur sem hafa aðsetur í Grósku eins og Icelandic Startups og sprotafyrirtæki, þá helst sem hafa sterk tengsl við HÍ, og setja þannig saman fjölbreytta og skemmtilega dagskrá.<input type="checkbox"/> Halda sem flesta af viðburðum nefndarinnar í Grósku í samstarfi við Icelandic Startups og Vísinda- og nýsköpunarsvið.<input type="checkbox"/> Kynna Sprota- og frumkvöðlasetur með auglýsingum á samfélagsmiðlum og í öðru birtu efni.

<p>Auka sýnileika Nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar</p>	<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Virkja Facebooksíðu nefndarinnar og nýta til að birta efni frá nefndinni og kynna spennandi verkefni sem nefndin tekur þátt í eins og t.d. Gulleggið. <input type="checkbox"/> Skrifa fjölbreyttar greinar með áherslu á nýsköpun- og frumkvöðlastarfsemi í Stúdentablaðið. <input type="checkbox"/> Kynna Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd á Háskóladeginum ásamt Sprotu- og frumkvöðlasetrinu og aðstöðunni í Grósku til að gera HÍ samkeppnishæfari á sviði nýsköpunar í augum framhaldsskólanema. HR sem skóli hefur verið mun öflugri í að auglýsa sitt nýsköpunarstarf til nýstúdenta og má HÍ ekki vera síðri á því sviði.
--	--

Efling nýsköpunar- og frumkvöðlaandans í HÍ

Við í Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd teljum að ótal nemendur við Háskóla Íslands búi yfir góðum hugmyndum og hæfileikum til að gera þær að veruleika en stranda oft á spurningum á við „Hvar á ég að byrja?“ eða einfaldlega takmarkaðri trú á sjálfum sér og hugmyndinni. Nefndin vill fjölga viðburðum þar sem nemendum gefst kostur á að t.d. hitta mentora, fá hvatningu og praktískar ráðleggingar um ferlið að hrinda hugmynd í framkvæmd og stofna fyrirtæki. Nefndin hefur einnig áhyggjur af þeirri hefðbundnu hugmynd að nýsköpun sé takmörkuð við tækni- og raunvísindi og setur sér það markmið að kynna allar hliðar nýsköpunar á Íslandi.

Markmið

Aðgerðir

Skapa vettvangur fyrir nemendur HÍ til að hitta mentora, byggja upp tengslanetið sitt og fá ráðleggingar varðandi praktísk atriði.

- Skipuleggja vinnustofu í Nýsköpunarvikunni sem mun fara fram 30. september – 7. september með stuttum kynningum frá mentorum sem nemendur geta svo spjallað við í kjölfarið, borið undir þá hugmyndina sína og fengið ráð. Vegna COVID-19 verður viðburðinn einnig aðgengilegur á netinu.
- Auka sýnileika Icelandic Startups innan veggja HÍ og kynna fyrir nemendum þá möguleika sem þau bjóða upp á til að hjálpa hugmyndum að verða að veruleika.

Fjölga viðburðum fyrir nemendur HÍ þar sem áhersla er á nýsköpun- og frumkvölastarfsemi

- Halda STARTUP kvöld á Stúdentakjallaranum um miðjan nóvember (ef aðstæður vegna COVID-19 leyfa) með skemmtilegum og fjölbreyttum ræðum og reynslusögum frá fólki sem hefur stofnað fyrirtæki eða nýskapað með öðrum hætti.
- Hafa samband við fyrirtæki eða stofnanir og kanna möguleikana á að fá þau með okkur í að halda einhverskonar hakaþon fyrir nemendur HÍ þar sem raunveruleg vandamál frá samstarfsaðilunum eru lögð fyrir. Slíkir viðburðir væru sömuleiðis góður vettvangur fyrir nemendur til að auka tengslanetið sitt og öðlast frekari reynslu af teymisvinnu og að vinna að lausn raunverulegs vandamáls.
 - Koma á samstarfi við Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd HR. Rætt hefur verið um að halda sameiginlega viðburði á við vinnustofur, hakaþon og/eða fyrirlestrakvöld í Grósku þar sem Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHÍ fær þá að njóta góðs af reynslunni í HR við skipulagningu slíkra viðburða auk þess sem slíkir viðburðir gætu byggt brýr milli frumkvöðlaþenkjandi einstaklinga í skólunum tveim.
 - Hafa samband við Fjármála- og atvinnulífsnefnd SHÍ og kanna hver reynsla þeirra er af því að halda vísindaferðir í fyrirtæki sem opnar eru öllum nemendum HÍ.

	<p><input type="checkbox"/> Mögulega verður önnur nýsköpunarvika næsta vor þar sem nýsköpunarvikan sem verður núna í haust átti að vera seinasta vor en var frestað. Þá stefnum við á að taka þátt og skipuleggja viðburði með meiri fyrirvara en núna í haust og vera þá með reynsluna af fyrstu nýsköpunarvikunni í farteskinu.</p>
<p>Kynna sjóði og fjármögnunarmöguleika fyrir frumkvöðla og sprotfyrirtæki.</p>	<p><input type="checkbox"/> Margir styrktarsjóðir eru til, bæði innlendir og erlendir, fleiri en mörg gera sér grein fyrir. Viljum við auglýsa frekar þessa sjóði og birta yfirlit mögulega á netinu og/eða í Stúdentablaðinu.</p>
<p>Kynna sjóði og fjármögnunarmöguleika fyrir frumkvöðla og sprotfyrirtæki.</p>	<p><input type="checkbox"/> Margir styrktarsjóðir eru til, bæði innlendir og erlendir, fleiri en mörg gera sér grein fyrir. Viljum við auglýsa frekar þessa sjóði og birta yfirlit mögulega á netinu og/eða í Stúdentablaðinu.</p>
<p>Sýna fjölbreytt andlit nýsköpunar á Íslandi</p>	<p><input type="checkbox"/> Passa upp á að nýsköpun á sviði félags- og hugvísinda sé einnig gert hátt undir höfði á viðburðum og í birtu efni frá Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd.</p>



FRAMKVÆMDAÁÆTLUN UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUNEFNDAR 2020-2021

Samgöngumál

Nemendur Háskóla Íslands þurfa að komast á milli staða á skilvirkan máta, hratt og örugglega án óþarfa kostnaðar fyrir umhverfið og fjárhagslega fyrir þá sjálfa. Spáð er mikilli aukningu ferða um og í kringum háskólasvæðið, en Háskóli Íslands hefur mikla möguleika á því að búa til aðstæður fyrir fjölbreytta samgöngumáta sem hentar öllum og umhverfinu.

Markmið	Aðgerðir
Stuðla að því að nemendur nýti sér umhverfisvænni samgöngumáta t.d. að hjóla, ganga og nýta sér almenningssamgöngur í stað einkabílsins	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Þrýsta á að stúdentar fái betri kjör hjá Strætó BS eða eitthvað í líkingu við U-Pass<input type="checkbox"/> Þrýsta á að bóksala stúdenta selji vörur sem styðja við þá sem nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta, t.d. lása fyrir rafmagnshlaupahjól og aukahluti fyrir reiðhjól
Aðgengilegra háskólasvæði fyrir þau sem nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Fá læstar hjólageymslur á háskólasvæðið<input type="checkbox"/> Fá fleiri hleðslustöðvar fyrir rafbíla á háskólasvæðið

Ábyrgðaraðilar: Öll

Þessu á að vera lokið: Unnið í þessu yfir allt starfsárið

Umhverfisvitund

Háskóli Íslands er einn stærsti vinnustaður landsins. Ríkisstofnanir þurfa að vera ábyrgar í umhverfismálum og eru stúdentar og starfsfólk háskólans ekki þar undanþegin og þurfa að sýna gott fordæmi í þessum málum.



Markmið	Aðgerðir
Auka fræðslu um umhverfismál og vekja athygli á umhverfsvænni lifnaðarháttum	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Skipuleggja fyrirlestra og útbúa plaköt tengd umhverfismálum<input type="checkbox"/> Herferðir varðandi umhverfismál á Instagram og Facebook<input type="checkbox"/> Birta kolefnisfótspor rétta dagsins í Hámu
Halda fleiri viðburði til að stuðla að fræðslu í umhverfis- og samgöngumálum	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Veganvika<input type="checkbox"/> Skiptifatamarkaður<input type="checkbox"/> Samgönguvika<input type="checkbox"/> Umhverfisvika<input type="checkbox"/> Flokkunarvika<input type="checkbox"/> Loftslagsvika<input type="checkbox"/> Umhverfisdagur SHÍ<input type="checkbox"/> Grænir dagar
Vinna í samstarfi með FS og HÍ að umhverfsvænna háskólasvæði	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Viðhalda úrvali vegan valkosta í Hámu<input type="checkbox"/> Viðburðir á vegum HÍ bjóði ekki upp á einnota drykkjarmál<input type="checkbox"/> Hætta sölu plastpoka hjá FS

Ábyrgðaraðilar: Öll

Þessu á að vera lokið: Unnið yfir allt starfsárið

Neysla og úrgangur

Neysla og úrgangur er einn helsti þáttur í umhverfismálum þar sem almenningur getur látið til sín taka og látið gott af sér leiða. Til að lágmarka mengunarspor Háskólans og efla umhverfisvitund nemenda



og starfsfólks vill SHÍ að háskólasamfélagið leggi sitt af mörkum við að minnka ruslframleiðslu.

Markmið	Aðgerðir
Betrumbæta flokkunarkerfi	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Setja blindraletur á allar flokkunartunnur<input type="checkbox"/> Fækka svörtum/almennum tunnnum<input type="checkbox"/> Finna leiðir til að fá fólk til að auka flokkun t.d með því að setja upp plaköt, birta á Instagram og Facebook, og halda kynningar um árangur og stöðu flokkunar innan HÍ<input type="checkbox"/> Kynna fyrir nemendum og starfsfólki áhrif einnota umbúða<input type="checkbox"/> Útbúa flokkunarleiðbeiningar sem hægt væri að setja upp við tunnurnar og á netið
Auka flokkun á stúdentagörðum	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Bæta skilyrði fyrir vinnslu lífræns úrgangs á stúdentagörðum<input type="checkbox"/> Láta einfaldar flokkunartunnur fylgja með öllum stúdentaíbúðum
Stuðla að minni notkun pappírs og einnota umbúða í HÍ	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Funda með rektor til að ræða það að viðhalda rafrænum skilum og rafrænum prófum eftir C-19<input type="checkbox"/> Ýta á aðstöðu til að þrifa fjölnota ílát<input type="checkbox"/> Auka sýnileika grænna kaffikorta með auglýsingum á Instagram og Facebook<input type="checkbox"/> Hvetja Hámu til að sleppa einnota bollum í viku/lengur



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Ábyrgðaraðilar: Öll

Þessu á að vera lokið: Lok starfsárs

Grænfánaverkefnið

Háskóli Íslands flaggaði Grænfánanum í fyrsta skipti árið 2020. Markmið Grænfánans er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur skóla. Verkefnið er mikilvægur liður í því að sýna að HÍ sýni ábyrgð í umhverfismálum. Við viljum halda þessari stefnu og tryggja Háskólanum Grænfánann á ný árið 2021.

Markmið	Aðgerðir
Tryggja Háskóla Íslands Grænfánann	<input type="checkbox"/> Búa til markmið og framkvæmdaáætlun <input type="checkbox"/> Vinna út frá þeim markmiðum

Ábyrgðaraðilar: Öll

Þessu á að vera lokið: Lok starfsárs